– lyfjadreifing – 76/1982, 17. gr. . . . . 1057
– lyfjafræðingar – 35/1978, 12. gr. . . . . 1088
– lyfjalög – 108/1984, 56. gr. . . . . 1051
– læknalög – 53/1988, 15. gr. . . . . 1020
– manntal – 76/1980, 9. gr. . . . . 189
– málefni fatlaðra – 41/1983, 42. gr. . . . . 596
– málflutningsmenn – 61/1942, 1. gr. . . . . 2550
– – – tilskipun 19. júlí 1793 . . . . . 2555
– meinatæknar – 99/1980, 7. gr. . . . . 1090
– námslán og námsstyrkir – 72/1982, 14. gr. . . . 800
– opinberir starfsmenn – 38/1954, 32. gr. . . . . 151
– póstlög – 33/1986, III. k. . . . . 1236
– sjúkraþjálfarar – 58/1976, 9. gr. . . . . 1085
– starfsmenn Seðlabanka – 36/1986, 38. gr. . . . 276
– – sparisjóða – 87/1985, 29. gr. . . . . 295
– – Vinnueftirlits ríkisins – 46/1980, 83. gr. . . . 649
– – viðskiptabanka – 86/1985, 25. gr. . . . . 281
– sveitarstjórnarmenn – 8/1986, 42. gr. . . . . 1386
– tekju- og eignarskattslög – 75/1981, 115. gr. . 378
– tollstarfsmenn – 55/1987, 141. gr. . . . . 461
– umboðsmaður Alþingis – 13/1987, 8. gr. . . . . 85
– útsvarsgreiðsla – 91/1989, 27. gr. . . . . 506
– virðisaukaskattslög – 50/1988, 44. gr. . . . . 496
– þroskaþjálfar – 18/1978, 6. gr. . . . . 1086

Þegnskylduvinna – 63/1941 . . . . . 907
Þingbundin stjórn – 33/1944, 1. gr. . . . . 1
Þingbækur – 85/1936, III. k. . . . . 2511
Þingey, afhending – 62/1961 . . . . . 1432
Þingeyjarsýsla, skipting – 31/1877 . . . . . 1407
Þingfararkaup alþingismanna – 75/1980 . . . . . 79
Þingfesting:
– einkamál – 85/1936, 104. gr. . . . . 2523
– landsdómur – 3/1963, 24. gr. . . . . 29
– opinber mál – 74/1974, 121. gr. . . . . 2737
Þingflokkar, sérfræðileg aðstoð – 56/1971 . . . . . 36
Þingfrestun – 33/1944, 23. gr. . . . . 3
Þinggjöld, álagning og innheimta í staðgreiðslu – 45/1987, VIII. k. . . . . 399
Þinggjöld, kvittanabækur – opið bréf 10. febrúar 1847 . . . . . 414
Þinghöld – 85/1936, III. k. . . . . 2511
Þingkvaðning – 33/1944, 22. gr. . . . . 3
Þinglýsingalög – 39/1978 . . . . . 2347
Þinglýsingar, gjöld – 79/1975, VI. k. . . . . 472
Þinglýsingardómarar (gildir til 1. júlí 1992) – 39/1978, I. k. . . . . 2360
Þinglýsingarstjóri (gildir eftir 1. júlí 1992) – 39/1978, I. k. . . . . 2347
Þingmál á Alþingi – 52/1985, III. k. . . . . 71
Þingrof:
– frávikning forseta – 33/1944, 11. gr. . . . . 1
– stjórnarskrárbreyting – 33/1944, 79. gr. . . . . 8
– þingrofsheimild – 33/1944, 24. gr. . . . . 3
Þingskipun – 52/1985, I. k. . . . . 67
Þingsköp Alþingis:
– almenn lög – 52/1985 . . . . . 67
– stjórnarskrá – 33/1944, 58. gr. . . . . 7
Þingsæti, úthlutun – 80/1987, XIV. k. . . . . 58
Þingvellir, friðun – 59/1928 . . . . . 945
Þingvottar – 85/1936, III. k. . . . . 2511
Þjóðaratkvæði:
– breyting á kirkjuskipun – 33/1944, 79. gr. . . . 8
– forseti synjar staðfestingar laga – 33/1944, 26. gr. . . . . 3
Þjóðarbókhlaða – 83/1989 . . . . . 919
Þjóðfáni – 34/1944 . . . . . 9
– – forsetaúrskurður 44/1944 . . . . . 11
Þjóðhagsstofnun – 54/1974 . . . . . 331
Þjóðkirkjan:
– almannafriður á helgidögum – 45/1926 . . . . . 739
– hlutdeild í tekjuskatti – 91/1987, I. k. . . . . 746
– kirkjuþing og kirkjuráð – 48/1982 . . . . . 705
– samstarfsnefnd hennar og Alþingis – 12/1982 . 708
– starfsmenn – 62/1990 . . . . . 713
– söngmálastjóri og tónskóli – 3/1981 . . . . . 748
– sjá einnig Kirkja og Prestar
Þjóðleikhús – 58/1978 . . . . . 960
Þjóðminjalög – 88/1989 . . . . . 920
Þjóðminjasafn Íslands – 88/1989, II. k. . . . . 921
Þjóðskjalasafn Íslands – 66/1985 . . . . . 916
Þjóðskrá og almannaskráning – 54/1962 . . . . . 190
Þjóðsöngur Íslendinga – 7/1983 . . . . . 11
Þjóðvegir – 6/1977, III. k. . . . . 1133
– – 6/1977, V. k. . . . . 1135
Þjófabálkur, sjá Jónsbók 1281 í skrá um aldursröð laga
Þjófnaður – 19/1940, 244. gr. . . . . 2476
Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra – 18/1984 . . . . . 597
Þjónustudeild Húsnæðisstofnunar – 86/1988, VII. k. . . . . 680
Þroskaþjálfar – 18/1978 . . . . . 1086
Þroskaþjálfaskóli Íslands – 40/1985 . . . . . 1087
Þrotabú, þrotamaður, sjá Gjaldþrotaskipti
Þróunarsamvinnustofnun Íslands – 43/1981 . . . . 138
Þróunarsjóður:
– fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland – 4/1987 . 250
– lagmetisiðnaðarins – 58/1981 . . . . . 1681
– lagmetisiðnaðarins, niðurfelling – 44/1990 . . 1682
– norrænn þróunarsjóður – 14/1989 . . . . . 1972
Þungaskattur – 3/1987, 4. gr. . . . . 1144
Þurrmjólk, innflutningsbann – 88/1949 . . . . . 1736
Þverá, samgöngubætur og fyrirhleðsla – 27/1932 . 2039
Þýðingarsjóður – 35/1981 . . . . . 893

## Æ.

Æðardúnn, gæðamat – 39/1970 . . . . . 1750
Æfingaakstur – 50/1987, 57. gr. . . . . 1165
Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands – 29/1988, X. k. . . . . 810
Æra:
– svipting borgararéttinda – 19/1940, 68. gr. . . 2450
– uppreist – 19/1940, IX. k. . . . . 2453
– ærumeiðingar – 19/1940, XXV. k. . . . . 2474
Æskulýðsmál – 24/1970 . . . . . 905
Æskulýðsráð – 24/1970, II. k. . . . . 905
Ættarnöfn – 54/1925 . . . . . 2105
Ættaróðul – 65/1976, VII. k. . . . . 1493
Ættfræðirannsóknir, mannfræði – 30/1956 . . . . 195
Ættleiðing:
– almenn lög – 15/1978 . . . . . 2157
– alþjóðleg einkamálaréttarákvæði – 29/1931 . 2150
– – – 62/1954 . . . . . 2153
– – – 98/1969 . . . . . 2154
– – – 95/1973 . . . . . 2156
Æviskrárritari – 30/1956 . . . . . 195

## Ö.

Ökuhraði – 50/1987, V. k. . . . . 1159
Ökukennarar – 50/1987, 56. og 57. gr. . . . . 1165
Ökumenn – 50/1987, VII. k. . . . . 1161
– umferðarreglur – 50/1987, IV. k. . . . . 1153
Ökuréttindi:
– afturköllun – 50/1987, 53. gr. . . . . 1164
– endurveiting – 50/1987, 106. gr. . . . . 1174
– erlend – 50/1987, 54. gr. . . . . 1164
– ökupróf og ökuskírteini – 50/1987, 48. – 55. gr. . . . . 1163
Ökutæki – 50/1987, VIII. – X. k. . . . . 1166
Öldrunarmál – 82/1989 . . . . . 582
Ölvaðir menn og drykkjusjúkir – 39/1964 . . . . . 1014
Ölvun:
– áfengislög – 82/1969, VI. k. . . . . 2502
– ökumenn – 50/1987, VII. k. . . . . 1161

Öndunarsýni – 50/1987, 47. gr. . . . . 1162
Örorka:
– bætur – 67/1971, IV. k. B. . . . . 526
– lífeyrir – 67/1971, II. k. . . . . 517
– – sjá einnig Lífeyrissjóðir
– Norðurlandasamningur – 66/1981, II. k. . . . . 563
– styrkur – 67/1971, 12. gr. . . . . 517
Öryggi:
– fangelsa – 48/1988, IV. k. . . . . 1332
– félagslegt, Norðurlandasamningur – 66/1981 . 559
– ríkisins, stöðvun fjarskipta – 73/1984, VII. k. . 1243
– vega – 6/1977, XII. k. . . . . 1141
– við siglingar – 56/1932 . . . . . 1866
– vinnustaða – 46/1980 . . . . . 635
Öryggisbúnaður ökutækja – 50/1987, IX. k. . . . . 1168
Öryggisbelti í bifreiðum – 50/1987, 71. gr. . . . . 1168
Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna – 5/1969 . . . . . 101
Öryggisráðstafanir gagnvart afbrotamönnum – 19/1940, VII. k. . . . . 2449
Öxulþungi ökutækja – 50/1987, 76. gr. . . . . 1169

# III. HÉRAÐSSTJÓRN.

## III. a. Almenn ákvæði. Sveitir og sýslur.

1986 Nr. 8 18. apríl

### Sveitarstjórnarlög.

### I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Byggðin í landinu skiptist í staðbundin sveitarfélög sem stýra sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.

□ Sveitarfélög eru lögaðilar og nefnast hreppar, bæir eða kaupstaðir.

□ Hver maður er í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili.

■ **2. gr.** Félagsmálaráðuneytið fer með málefni sveitarfélaga.

□ Engu málefni, sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags, skal ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar.

■ **3. gr.** Sveitarfélag hefur ákveðin staðarmörk. Óheimilt er að breyta þeim nema með lögum.

□ Þó getur ráðuneytið breytt mörkum sveitarfélaga í sambandi við sameiningu þeirra eða til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarstjórna.[1)]

□ Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker ráðuneytið úr.

[1)] *Augl. 257/1987 og 116/1989.*

■ **4. gr.** Eigi má breyta nafni sveitarfélags nema með staðfestingu ráðuneytisins.

□ Heimilt er sveitarstjórn að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag. Tilkynna skal um þá ákvörðun til ráðuneytisins sem setur almennar reglur um gerð þeirra.

□ Birta skal staðfestingu á nafnbreytingu sveitarfélags og ákvörðun um byggðarmerki í Stjórnartíðindum.[1)]

[1)] *Augl. 486/1987 (skjaldarmerki Akureyrar), 282/1988 (skjaldarmerki Hafnarfjarðar), 591/1989 (skjaldarmerki Stykkishólms).*

■ **5. gr.** Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar.

□ Nú hefur íbúafjöldi sveitarfélags verið lægri en 50 í þrjú ár samfleytt og skal ráðuneytið[1)] þá eiga frumkvæði að því að sameina það nágrannasveitarfélagi. Einnig má þá skipta hinu fámenna sveitarfélagi milli nágrannasveitarfélaga.

□ Undantekningu frá þessu ákvæði skal gera ef sérstakar aðstæður hindra það að mati ráðuneytisins að íbúar hins fámenna sveitarfélags geti myndað félagslega heild með íbúum nágrannasveitarfélags.

[1)] *Augl. 370/1986 (skipting Klofningshrepps í Dalasýslu), 440/1986 (sameining Hrófbergshrepps og Hólmavíkurhrepps í Strandasýslu), 221/1987 (sameining Reykhólahrepps, Geirdalshrepps, Gufudalshrepps, Flateyjarhrepps og Múlahrepps í Austur-Barðastrandarsýslu), 302/1987 (sameining Ketildalahrepps við Suðurfjarðahrepp í Vestur-Barðastrandarsýslu), 595/1987 (sameining Helgustaðahrepps við Eskifjarðarkaupstað í Suður-Múlasýslu), 126/1988 (sameining Haganeshrepps við Holtshrepp í Skagafjarðarsýslu), 353/1988 (sameining Selvogshrepps við Ölfushrepp í Árnessýslu).*

■ **6. gr.** Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.

□ Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

□ Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

□ Verkefni þau, sem sýslunefndum eru nú falin með lögum, skulu falla til sveitarfélaga. Héraðsnefndir skulu myndaðar um lausn þeirra verkefna og annarra verkefna sem sveitarfélögin fela þeim eða þeim eru falin með lögum. Héraðsnefndir taka við eignum og skuldum sýslufélaga við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi, óski að yfirtaka þær. Kaupstaðir geta átt aðild að héraðsnefndum og heimilt er að sameina þær með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna. Um héraðsnefndir gilda ákvæði IX. kafla eftir því sem við getur átt.

□ Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem þau annast.

□ Meðal verkefna sveitarfélaga eru:

1. Félagsmál, þar á meðal framfærslumál, aðstoð við aldraða og fatlaða, barnaverndarmál, varnir gegn notkun vímugjafa, rekstur dagvista fyrir börn, rekstur dvalarheimila aldraðra, rekstur heimilishjálpar, [varnir gegn slysum].[1)]

2. Atvinnumál, þar á meðal atvinnuleysisskráning, vinnumiðlun.

3. Menntamál, þar á meðal bygging og rekstur skóla, fullorðinsfræðsla, tónlistarfræðsla.

4. Húsnæðismál, þar á meðal bygging verkamannabústaða, bygging leiguíbúða sveitarfélaga, útrýming heilsuspillandi húsnæðis.

5. Skipulags- og byggingarmál, þar á meðal gerð aðal- og svæðaskipulags, gerð deiliskipulags, framkvæmd byggingarlaga og byggingareftirlit.

6. Almannavarnir og öryggismál, þar á meðal eldvarnir og eldvarnaeftirlit, staðbundnar almannavarnir.

7. Hreinlætismál, þar á meðal sorphreinsun og sorpeyðing, holræsalagnir og skolpeyðing, heilbrigðiseftirlit, meindýraeyðing.

8. Heilsugæsla, þar á meðal rekstur heilsugæslustöðva, rekstur sjúkrastofnana.

9. Menningarmál, þar á meðal rekstur bókasafna, rekstur annarra safna, rekstur félagsheimila, stuðningur við áhugamannafélög um listir og listsköpun.

10. Íþróttir og útivera, þar á meðal bygging og rekstur íþróttavalla, bygging og rekstur íþróttahúsa, gerð aðstöðu fyrir vetraríþróttir og ýmsar aðrar greinar íþrótta, rekstur fólkvanga og annarra útivistarsvæða.

11. Landbúnaðarmál, þar á meðal umsjón með forðagæslu, eyðing refa, minka og vargfugls, fjallskilamál.

1986 Nr. 8 18. apríl

12. Bygging og viðhald mannvirkja, þar á meðal gatna, vega og torga, veitukerfa, hafna o. s. frv.

13. Ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi og bjargarskort.

[1] *L. 51/1990, 1. gr.*

## II. kafli. Sveitarstjórnir.

■ **7. gr.** Í hverju sveitarfélagi skal vera kjörin sveitarstjórn.

□ Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins skv. ákvæðum laga þessara og annarra laga.

□ Sveitarstjórnir skulu gera sérstaka samþykkt[1] um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Slík samþykkt skal send ráðuneyti til staðfestingar.

[1] *T.d. samþ. 195/1990 (Eskifjörður), 596/1983 (Ísafjörður), 64/1974, sbr. augl. 333/1982 og samþ. 283/1986 og 352/1986 (Hafnarfjarðarkaupstaður), 276/1984, sbr. 334/1986 (Kópavogskaupstaður), 60/1985, sbr. 28/1988 (Reykjavíkurborg), 213/1987 (Stykkishólmsbær), 214/1987 (Egilsstaðabær), 294/1987 (Hveragerðisbær), 306/1987 (Haukadalshreppur), 324/1987 (Presthólahreppur), 333/1987 (Eyrarbakkahreppur), 371/1987 (Mosfellsbær), 468/1987 (Borgarnesbær), 548/1987 (Stöðvarhreppur), 549/1987 (Reykhólahreppur), 550/1987 (Selfoss), 551/1987 (Dalvíkurkaupstaður), 552/1987 (Húsavíkurkaupstaður), 25/1988 (Sandvíkurhreppur), 61/1988 (Seltjarnarneskaupstaður), 65/1988 (Akureyri), 139/1988, sbr. 333/1988 (Vatnsleysustrandarhreppur), 99/1988 (Siglufjarðarkaupstaður), 170/1988 (Hólmavíkurhreppur), 196/1988 (Vestmannaeyjar), 258/1988 (Hvammshreppur), 260/1988 (Ölfushreppur), 277/1988 (Ólafsfjarðarbær), 279/1988 (Akraneskaupstaður), 303/1988 (Blönduóssbær), 364/1988 (Hofsóshreppur), 453/1988 (Seyðisfjarðarkaupstaður), 454/1988 (Höfðahreppur), 465/1988 (Sauðárkrókur), 494/1988 (Skútustaðahreppur), 495/1988 (Garðabær), 537/1988 (Höfn í Hornafirði), 25/1989 (Stokkseyrarhreppur), 55/1989 (Neskaupstaður), 87/1989 (Nesjahreppur), 229/1989 (Ólafsvíkurkaupstaður).*

■ **8. gr.** Sveitarstjórn kýs oddvita úr sínum hópi, kýs nefndir, framkvæmdastjóra og ræður aðra starfsmenn til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins.

■ **9. gr.** Sveitarstjórnir hafa ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna sveitarfélaga og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast, að svo miklu leyti sem ekki eru settar um það reglur í löggjöf.

□ Sveitarstjórn skal sjá um að lögbundin verkefni sveitarfélagsins séu rækt og að fylgt sé þeim reglum um meðferð sveitarstjórnarmála sem ákveðnar eru í samþykktum sveitarfélagsins, lögum og reglugerðum.

□ Sveitarstjórn getur ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði sveitarfélagið.

■ **10. gr.** Í hreppum nefnist sveitarstjórn hreppsnefnd. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins nefnist hann sveitarstjóri og ef sett er á fót byggðarráð sveitarstjórnar nefnist það hreppsráð.

□ [Í kaupstöðum og bæjum nefnist sveitarstjórn bæjarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins bæjarstjóri og byggðarráð sveitarfélagsins bæjarráð. Ákveða má í samþykkt um stjórn sveitarfélags, þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a. m. k. 1000 í þrjú ár samfellt, að sveitarfélag nefnist kaupstaður eða bær þótt annað heiti sé notað í einstökum lögum. Réttarstaða bæja skal vera sú sama og kaupstaða samkvæmt sérlögum.][1]

□ Í Reykjavík nefnist sveitarstjórn borgarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins borgarstjóri og byggðarráð sveitarstjórnar borgarráð.

□ Byggðarráð skal kjörið úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn.

□ Stöðuheiti oddvita sveitarstjórnar má ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

[1] *L. 26/1988, 1. gr.*

■ **11. gr.** Í sveitarstjórn skal fjöldi sveitarstjórnarmanna standa á oddatölu og vera innan þeirra marka sem hér greinir:

þar sem íbúar eru innan við 200, 3 – 5 aðalmenn,
þar sem íbúar eru 200 – 999, 5 – 7 aðalmenn,
þar sem íbúar eru 1000 – 9999, 7 – 11 aðalmenn,
þar sem íbúar eru 10 000 – 50 000, 11 – 15 aðalmenn,
þar sem íbúar eru 50 000 eða fleiri, 15 – 27 aðalmenn.

Þrátt fyrir þessi ákvæði er ekki skylt að fækka eða fjölga sveitarstjórnarfulltrúum fyrr en íbúatala sveitarfélags hefur verið hærri eða lægri en viðmiðunarmörkin í 8 ár samfellt.

□ Um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn skal kveðið á í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

## III. kafli. Kosning sveitarstjórna.

■ **12. gr.** Lög um kosningar til Alþingis gilda um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við á með þeim frávikum sem lög þessi ákveða.

■ **13. gr.** Kjörtímabil sveitarstjórnar er fjögur ár. Almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram síðasta laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu. Heimilt er, að ósk sveitarstjórna, að fresta kosningum í sveitarfélögum, þar sem færri en ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúnum, til annars laugardags í júní. Ósk um frestun kosninga skal hafa borist ráðuneytinu fyrir 1. apríl kosningaársins.

□ Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag.

■ **14. gr.** Fulltrúar í sveitarstjórnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem eru með tvennu móti:

a. Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær.

b. Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.

■ **15. gr.** Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru fleiri en 300, skal kjósa bundinni hlutfallskosningu.

□ Í öðrum sveitarfélögum skulu kosningar vera óbundnar. Þó skal einnig þar kjósa bundinni hlutfallskosningu ef 20 kjósendur eða einn tíundi hluti kjósenda krefjast þess í bréfi stíluðu til oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en sex vikum fyrir kjördag.

□ Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu og skal þá kosning verða óbundin.

□ Nú kemur aðeins fram einn framboðslisti og skal þá yfirkjörstjórn framlengja framboðsfrest um tvo sólarhringa. Komi ekki fram nýr framboðslisti áður en þeim fresti lýkur verður fram kominn framboðslisti sjálfkjörinn.

■ **16. gr.** Þegar kosning er hlutbundin skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

□ Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.

2. Fyrsta fulltrúa fær sá listi kjörinn sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.

3. Nú eru of fá nöfn á lista þegar til úthlutunar kemur skv. 2. tölul. og skal þá ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun.

4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

■ **17. gr.** Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista skal kjörstjórn reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Kjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o. s. frv. Næst tekur kjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Nöfnum frambjóðenda á listanum er nú raðað þannig að sá sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, skv. næstu mgr. hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o. s. frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast fulltrúar hans og hverjir varafulltrúar.

■ **18. gr.** Nú ferst fyrir kosning til sveitarstjórnar á tilskildum tíma vegna óveðurs eða af öðrum ástæðum, kosning fer fram vegna sameiningar sveitarfélaga, kjósa þarf í sveitarstjórn einn eða fleiri fulltrúa vegna varanlegra forfalla kjörinna fulltrúa eða kosning hefur verið úrskurðuð ógild og skal þá kosning fara fram svo fljótt sem við verður komið.

■ **19. gr.** Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir sem:

a. eru 18 ára þegar kosning fer fram,
b. eru íslenskir ríkisborgarar,
c. eiga lögheimili á Íslandi.

☐ Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga, nr. 35/1960, við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarrétti við sveitarstjórnarkosningar þótt hann hafi tilkynnt flutning skv. Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

☐ Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem fullnægja skilyrðum a- og c-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

☐ Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili þegar framboðsfrestur rennur út í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórnarkosningar fara fram í maí.

■ **20. gr.** Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu og hafa ekki verið sviptir lögræði.

☐ Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 35. gr.

☐ Þeim sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára er skylt að taka kjöri í sveitarstjórn. Ekki verður nafn manns þó sett á framboðslista án skriflegs samþykkis hans.

☐ Þeim sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur er ekki skylt að taka kjöri fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfellt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn eigi síðar en fjórum vikum og sex dögum fyrir kjördag að hann skorist undan endurkjöri.

■ **21. gr.** Á kjörskrá skal taka þá sem fullnægja öllum skilyrðum 19. gr. laga þessara.

☐ Kjörskrár skulu byggðar á kjörskrárstofni sem Hagstofan lætur sveitarstjórnum í té.

☐ Tilkynningar um lögheimilisskipti, sem berast sveitarstjórn eftir að kjörskrá er samin, skal fara með eins og kjörskrárkærur.

■ **22. gr.** Nú ber nauðsyn til að sveitarstjórnarkosningar, aðrar en almennar sveitarstjórnarkosningar, fari fram með svo stuttum fyrirvara að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja frammi eða veita þá fresti og fyrirvara sem annars er gert ráð fyrir og má þá sveitarstjórn stytta fresti hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega jafnframt því sem kosningin er auglýst.

☐ Nú fara aukakosningar fram vegna þess að kosningar hafa verið úrskurðaðar ógildar og síðari kosningarnar fara fram innan hálfs árs frá þeim fyrri og skal þá kosið skv. fyrri kjörskrá.

☐ Fari kosning síðar fram skal gerð ný kjörskrá skv. reglum 15. gr.[1)]

[1)] *Hér mun vera átt við 15. gr. l. 52/1959, um kosningar til Alþingis, sbr. nú l. 80/1987.*

■ **23. gr.** Kjörstjórnir skulu kosnar á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn. Í hverri kjörstjórn eiga sæti þrír aðalmenn og þrír varamenn. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi.

☐ Í sveitarfélagi, sem skipt er í kjördeildir, skal kjósa eina yfirkjörstjórn og undirkjörstjórnir jafnmargar og fjöldi kjördeilda er. Heimilt er að kjósa undirkjörstjórnir síðar. Þar sem kosning fer fram í fleiri en einni kjördeild á sama kjörstað er rétt að kjósa hverfiskjörstjórnir til þess að hafa umsjón með kosningastarfi á kjörstaðnum í umboði yfirkjörstjórnar.

☐ Í sveitarfélagi, sem ekki er skipt í kjördeildir, gegnir kjörstjórn störfum yfir- og undirkjörstjórna.

☐ Sveitarstjórn getur falið kjörstjórn, sem kjörin er skv. lögum um kosningar til Alþingis, að stýra einnig kosningum til sveitarstjórnar.

■ **24. gr.** Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru færri en 500, mega frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn ef það sætir ekki ágreiningi í sveitarstjórn.

■ **25. gr.** Sveitarstjórnir skulu láta kjörstjórnum í té gerðabækur sem skulu vera gegnumdregnar og löggiltar af hlutaðeigandi lögbókanda (notario publico).

■ **26. gr.** Yfirkjörstjórn lætur gera kjörseðla sem notaðir verða á kjörfundi. Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn: Kjörseðill við bæjarstjórnar- (hreppsnefndar-) kosningar í ... kaupstað (hreppi), dagsetning og ártal.

☐ Kjörseðlar skulu vera úr haldgóðum pappír sem skrift sést ekki í gegnum.

☐ Ef um óbundnar kosningar er að ræða skal kjörseðill vera tvískiptur. Efri hluti kjörseðils skal ætlaður fyrir

nöfn og heimilisföng aðalmanna en neðri hluti hans fyrir nöfn og heimilisföng varamanna. Á neðri hluta kjörseðils skal vera töluröð miðuð við fjölda þeirra sem kjósa á.

■ **27. gr.** Til þess að framboðslisti teljist réttilega fram borinn þarf tiltekinn fjöldi kjósenda að mæla með listanum.

□ Lágmarksfjöldi meðmælenda skal vera sem hér segir:
í sveitarfélagi með færri en 500 íbúa 10 meðmælendur,
í sveitarfélagi með 501 – 2000 íbúa 20 meðmælendur,
í sveitarfélagi með 2001 – 16 000 íbúa 40 meðmælendur,
í sveitarfélagi með 16 000 og fleiri íbúa 100 meðmælendur.

□ Hámarkstala meðmælenda skal vera tvöföld tilskilin lágmarkstala.

□ Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má skjóta til sveitarstjórnar. Úrskurði sveitarstjórnar má áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 37. gr. ef úrskurður fellur um að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi.

■ **28. gr.** Ef framboðslistar eru ekki bornir fram af stjórnmálaflokkum merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð eftir því sem þeir hafa borist henni eða eftir samkomulagi við umboðsmenn listanna.

□ Þegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað framboðin gerir hún þau kunn almenningi með auglýsingu sem birt er á sama hátt sem á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

□ Greina skal í auglýsingu bókstaf framboðslista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

□ Nú fer bundin hlutfallskosning fram eða framboðsfrestur framlengist skv. ákvæðum 15. gr. eða maður skorast undan endurkjöri skv. 4. mgr. 20. gr. og skal þá yfirkjörstjórn auglýsa það með sama hætti og framboð.

■ **29. gr.** Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, er notuð eru við kosningar til Alþingis, er og heimilt að nota við sveitarstjórnarkosningar.

■ **30. gr.** Atkvæðagreiðsla við óbundnar kosningar fer fram með þeim hætti að kjósandi skrifar í kjörklefa á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang aðalmanna á þann hluta kjörseðilsins sem ætlaður er fyrir kjör aðalmanna.

□ Á þann hluta seðilsins, sem ætlaður er fyrir kjör varamanna, skal hann rita nöfn varamanna og heimilisföng þeirra í þeirri röð sem hann kýs að þeir taki sæti allt að þeirri tölu sem kjósa á.

□ Kjósandi skal brjóta seðilinn saman þannig að það sem á hann var ritað snúi inn og skal kjósandi sjálfur stinga kjörseðli í atkvæðakassann.

□ Ekki skal meta atkvæði ógilt ef greinilegt er hver vilji kjósanda er nema á kjörseðlinum séu áletranir eða annarleg merki sem ætla má að sett séu til að gera seðilinn auðkennilegan eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli sem ætla má að hafi verið sett þar í því skyni.

■ **31. gr.** Þegar kosning er óbundin fer talning atkvæða fram með þeim hætti að formaður yfirkjörstjórnar les upp nöfnin sem á kjörseðlinum standa og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar en þeir skrá atkvæðin jafnóðum.

□ Þeir, sem flest atkvæði fá sem aðalmenn, eru réttkjörnir aðalmenn. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

■ **32. gr.** Þegar kosning er óbundin skal kjósa jafnmarga varamenn sem aðalmenn. Varamenn eru þeir sem ekki hljóta atkvæðamagn sem aðalmenn þannig:

1. varamaður er sá sem flest atkvæði hlýtur samanlagt í 1. sæti á lista yfir varamenn að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns. 2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt uns fyllt er í sæti þau sem kjósa skal í. Nú fá tveir menn jafnmörg atkvæði samanlagt í sæti varamanns og skal þá hlutkesti ráða hvor hlýtur sætið. Sá sem ekki hlýtur sætið tekur sæti næsta varamanns og færast þá þeir varamenn sem á eftir koma um set.

□ Þegar kosið er bundinni hlutfallskosningu og listi fær einn eða fleiri aðalmenn kjörna verða þeir varamenn sem ekki hlutu kosningu á listanum.

■ **33. gr.** Þegar kosning er óbundin er yfirkjörstjórn skylt, að talningu lokinni, að setja alla notaða kjörseðla undir innsigli.

□ Að kærufresti loknum eða að fullnaðarúrskurði upp kveðnum varðandi kosninguna, ef kosning hefur verið kærð, skal yfirkjörstjórn eyða hinum innsigluðu kjörseðlum og skrá yfirlýsingu þar um í gerðabók kjörstjórnar.

■ **34. gr.** Kjörstjórn skal gefa út kjörbréf til aðalfulltrúa í sveitarstjórn og varamanna þeirra.

□ Jafnframt skal kjörstjórn senda nýkjörinni sveitarstjórn greinargerð um úrslit kosninganna.

■ **35. gr.** Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalfulltrúar þess lista, sem þeir eru kosnir af, falla frá, flytjast burtu eða forfallast varanlega á annan hátt frá því að sitja í sveitarstjórn.

□ Nú er framboðslisti borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum og geta þá aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Yfirlýsing um slíkt samkomulag skal lögð fram á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar eftir kosningar.

□ Nú næst ekki samkomulag milli stjórnmálaflokka eða samtaka, sem standa að sameiginlegum lista, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalmaður sá sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var þegar kosning fór fram taka varamenn listans sæti skv. venjulegum reglum.

□ Þegar aðalmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má ákveða að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Tekur þá varamaður hans sæti skv. framangreindum reglum. Nú forfallast aðalmaður um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum og er honum þá rétt að tilnefna þann af varamönnum sínum sem taka skal sæti hans á meðan. Hafi hann engan tilnefnt úr hópi varamanna skal varamaður taka sæti hans skv. ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

■ **36. gr.** Gallar á framboði eða kosningu leiða ekki til ógildis kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

1986 Nr. 8 18. apríl

■ **37. gr.** Sá sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu skal afhenda kæru sína hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga. Í Reykjavík skal afhenda yfirborgardómara slíka kæru.

□ Viðkomandi yfirvald skal skipa þriggja manna nefnd til að úrskurða um kæruefnið þegar er því hefur borist kæra. Skal leita umsagnar yfirkjörstjórnar um kæru og skal hún láta uppi álit sitt innan viku frá því að hún fékk kæruna og kjörnefnd kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.

□ Úrskurði nefndarinnar má skjóta til ráðuneytisins og skal tilkynning um málskotið komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

□ Nú kemur fram kæra innan kærufrests skv. 1. mgr. og nefndin úrskurðar kosningu ógilda og lætur þá fráfarandi sveitarstjórn ekki af störfum fyrr en kosning hefur farið fram að nýju og nefndin úrskurðað kærur sem fram kunna að koma vegna þeirra.

□ Jafnskjótt og fráfarandi sveitarstjórn lætur af störfum tekur nýkjörin sveitarstjórn við, sbr. 2. mgr. 13. gr.

□ Fulltrúi í sveitarstjórn getur krafist frestunar á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar sem teknar eru frá kjördegi og þar til nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum og skal þá leggja mál að nýju fyrir hana á fyrsta fundi hennar. Nú er mál þannig vaxið að framkvæmd ákvörðunar þolir enga bið og verður þessa úrræðis þá ekki neytt, enda sé heimild til afgreiðslu málsins í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.

□ Nú ógildir ráðuneytið kosningar eftir að nýkjörin sveitarstjórn hefur tekið við störfum og skal hún þá sitja þar til nýjar kosningar hafa farið fram og kærur sem fram kunna að koma hafa verið úrskurðaðar.

□ Eftir að kjörtímabili fráfarandi sveitarstjórnar er lokið og þar til löglega kjörin sveitarstjórn tekur við störfum skv. ákvæðum þessarar greinar getur starfandi sveitarstjórn ekki innt af hendi neinar greiðslur eða gengist undir nokkrar skuldbindingar fyrir hönd sveitarfélagsins nema skv. heimild í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.

■ **38. gr.** Sveitarstjórn úrskurðar hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn.

□ Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til ráðuneytisins og úrskurði þess má skjóta til dómstóla.

■ **39. gr.** Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar greiðist úr sveitarsjóði.

**IV. kafli. Skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna.**

■ **40. gr.** Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að sækja alla sveitarstjórnarfundi og fundi í nefndum á vegum sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

□ Sveitarstjórnarmaður er einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála og honum ber að gegna störfum af alúð og samviskusemi.

□ Við nafnakall er sveitarstjórnarmanni skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Vilji sveitarstjórnarmaður eigi una úrskurði oddvita getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

□ Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

■ **41. gr.** Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórna og nefnda eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum. Þeir hafa og tillögurétt, atkvæðisrétt, kjörgengi í nefndir og aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og óhindraðan aðgang að stofnunum þess og starfsemi.

□ Þeir sem rétt eiga til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn og nefndum hennar eiga rétt á að fá bókaðar stuttar athugasemdir sínar um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.

■ **42. gr.** Sveitarstjórnarmenn skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara skv. lögum, eðli máls eða skv. sérstakri ákvörðun sem samþykkt er með a. m. k. ⅔ hlutum atkvæða í sveitarstjórn eða nefnd.

■ **43. gr.** Kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og varamönnum þeirra er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins.

□ Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum.

□ Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils.

■ **44. gr.** Skylt er sveitarstjórn að ákveða hæfilega þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra. Sé um langan veg að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórn auk þess ákveðið honum hæfilega greiðslu ferðakostnaðar.

□ Nú tekst sveitarstjórnarmaður ferð á hendur í þágu sveitarfélagsins skv. ákvörðun sveitarstjórnar og á hann þá rétt til greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

□ Sveitarstjórnarmenn eiga rétt á að störfum sveitarstjórnar sé þannig hagað að þeir geti tekið sér hæfilegt orlof árlega.

■ **45. gr.** Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Sveitarstjórnarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Sveitarstjórnarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli á því.

□ Sveitarstjórnarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við afgreiðslu þess.

**V. kafli. Sveitarstjórnarfundir.**

■ **46. gr.** Aldursforseti nýkjörinnar sveitarstjórnar kveður hana til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar og stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn.

1986 Nr. 8 18. apríl

□ Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar kýs sveitarstjórn oddvita og einn eða fleiri varaoddvita. Kjörtímabil oddvita og varaoddvita er eitt ár, en heimilt er þó sveitarstjórn að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kjörtímabilið skuli vera hið sama og sveitarstjórnar. Sá er rétt kjörinn oddviti eða varaoddviti sem hefur fengið atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn.

□ Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo er flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

□ Hinn nýkjörni oddviti skal þegar í stað tilkynna kjör sitt og varaoddvita til ráðuneytisins.

■ **47. gr.** Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá sveitarstjórnarstörfum áður en kjörtími hans er á enda skal kjósa oddvita í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins.

■ **48. gr.** Sveitarstjórnir skulu halda reglulega fundi eftir því sem sveitarstjórn ákveður fyrir fram eða fyrir er mælt um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Fundi skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og sveitarstjórnir, þar sem byggðarráð er kjörið, skulu halda fundi eigi sjaldnar en mánaðarlega. Heimilt er þó sveitarstjórn að fella niður fundi í allt að tvo mánuði á hverju sumri. Aukafundi skal halda eftir þörfum.

□ Skylt er að kveðja sveitarstjórn saman til fundar þegar a. m. k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess.

□ Sveitarstjórnarfundir skulu haldnir fyrir opnum dyrum en sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum.

■ **49. gr.** Sveitarstjórnir skulu setja sér fundarsköp. Ráðuneytið skal láta semja fyrirmynd að fundarsköpum fyrir sveitarstjórnir og birta hana í Stjórnartíðindum. Gilda þau fyrir sveitarstjórn þar til staðfest hafa verið sérstök fundarsköp fyrir hana.[1)]

[1)] *Augl. 106/1987 (um stjórn sveitarfélaga og fundarsköp fyrir sveitarstjórnir.) Sjá og tilvísanir við 7. gr.*

■ **50. gr.** Oddviti sveitarstjórnar, borgarstjóri, bæjarstjóri eða sveitarstjóri boðar sveitarstjórnarfundi á þann hátt sem sveitarstjórn ákveður. Hann ákveður og fundarstað og fundartíma hafi sveitarstjórn eigi gert það.

□ Kunngert skal íbúum sveitarfélags með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórn heldur fundi.

□ Greina skal dagskrá í fundarboði.

■ **51. gr.** Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

□ Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

□ Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

□ Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa eða starfsmannaráðningar sveitarfélags, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

■ **52. gr.** Sveitarstjórnir skulu hafa tvær umræður með a. m. k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

a. Hina árlegu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.
b. Ársreikninga sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.
c. Reglugerðir sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
d. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
e. Beiðni um aðstoð skv. 90. gr. laga þessara.

1986 Nr. 8 18. apríl

■ **53. gr.** Oddviti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

□ Rétt er sveitarstjórn að ráða sér fundarritara.

□ Allir fulltrúar, sem mættir eru, skulu undirrita fundargerðir sveitarstjórnar nema sveitarstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

■ **54. gr.** Heimilt er sveitarstjórn að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og að boða til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins.

□ Í sveitarfélagi með færri en 500 íbúa er skylt að halda almennan sveitarfund ef ¼ hluti atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess.

□ Til almenns borgarafundar eða sveitarfundar skal boðað með opinberri auglýsingu og skal þar taka fram hverjir hafi atkvæðisrétt á fundinum ef ætlunin er að atkvæðagreiðsla fari þar fram.

□ Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

□ Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélagi eða hluta þess til þess að kanna vilja kosningabærra íbúa um tiltekið málefni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi um afgreiðslu málsins fyrir sveitarstjórn nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera.

## VI. kafli. Nefndir, ráð og stjórnir.

■ **55. gr.** [Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð. Í bæjum og kaupstöðum nefnist byggðarráðið bæjarráð, í hreppum hreppsráð og í Reykjavík nefnist það borgarráð.][1)]

□ Byggðarráð skal kjörið til eins árs í senn nema annað sé ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

□ Í sveitarstjórnum, sem skipaðar eru þremur eða fimm aðalfulltrúum, verður þó eigi kosið sérstakt byggðarráð.

□ [Í sveitarstjórnum, sem skipaðar eru sjö eða níu fulltrúum, skal byggðarráð skipað þremur aðalmönnum úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn, en fimm eða sjö aðalmönnum þar sem ellefu eða fleiri fulltrúar eru í sveitarstjórn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður, verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.][2)]

□ Sveitarstjórn, sem kjörin er bundinni hlutfallskosningu, getur heimilað framboðsaðila, sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi nær kjöri í byggðarráð, að tilnefna fulltrúa til að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Skal heimila framboðsaðila, sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi í byggðarráði, slíkan rétt þann tíma sem sveitarstjórn fellir niður fundi sína vegna sumarleyfa.

□ Framkvæmdastjóri sveitarfélags situr fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétti en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn og kosinn í byggðarráðið.

[1)] *L. 49/1990, 1. gr.* [2)] *L. 49/1990, 2. gr.*

■ **56. gr.** Byggðarráð fer ásamt framkvæmdastjóra sveitarfélags með framkvæmdastjórn þess og fjármálastjórn, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Það hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins almennt og fjárstjórn þess sérstaklega, undirbýr fjárhagsáætlanir og sér um að reikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt.

□ Heimilt er að láta byggðarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

□ Byggðarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina.

□ Um byggðarráð gilda að öðru leyti ákvæði þessa kafla.

■ **57. gr.** Sveitarstjórn kýs menn í nefndir, ráð og stjórnir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum. Kjörtímabil slíkra nefnda skal vera hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar nema annað sé ákveðið í lögum eða af sveitarstjórn.

□ Kosningar í byggðarráð, nefndir, ráð og stjórnir skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað.

□ Sveitarstjórn kýs nefndir til að fara með einstaka málaflokka á kjörtímabilinu.

□ Þá kýs sveitarstjórn menn í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að skv. samþykktum eða lögum um viðkomandi stjórnvald.

□ Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda getur sveitarstjórn afturkallað hvenær sem er og fellur það sjálfkrafa niður þegar liðin eru 4 ár frá því að nefndin var kosin.

■ **58. gr.** Heimilt er sveitarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þótt svo sé kveðið á í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til þess að fara með tiltekin verkefni.

□ Í sveitarfélögum þar sem íbúar eru færri en 500 er sveitarstjórn heimilt að fara sjálf með verkefni lögskipaðrar nefndar nema verkefni nefndarinnar sé ósamrýmanlegt störfum sveitarstjórnar að mati ráðuneytisins.

□ Sveitarstjórn getur kosið nefnd til að fara með afmörkuð málefni í hluta sveitarfélags. Ákveða má í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að slíka nefnd skuli kjósa í almennum kosningum í sveitarhlutanum.

■ **59. gr.** Forstöðumenn og aðrir stjórnendur fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana er þeir starfa hjá.

■ **60. gr.** Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, flyst burt eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður sæti hans sbr. fyrri málsl., nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

□ Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar hafa haft samstarf um nefndarkosningar skal þó sá aðili, sem tilnefndi viðkomandi mann til setu í nefnd, einnig tilnefna eftirmann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu, sbr. 35. gr.

■ **61. gr.** Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kýs nema slíkt sé ákveðið í lögum.

□ Sveitarstjórn getur falið nefnd, ráði eða stjórn fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

■ **62. gr.** Oddviti sveitarstjórnar boðar nefndir, ráð og stjórnir saman til fyrsta fundar eftir að þær hafa verið kjörnar eða ákveður hver annist fundarboðun nema sveitarstjórn hafi kjörið formann sérstaklega. Ákveður þá formaðurinn um fundarboðun til fyrsta fundar.

□ Oddviti getur kallað saman tvær eða fleiri nefndir til að ræða mál er varða starfssvið fleiri nefnda en einnar.

■ **63. gr.** Á fyrsta fundi nýkjörinnar nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara sé ekki annað ákveðið í lögum eða af sveitarstjórn.

□ Formaður nefndar boðar nefndarfundi eða lætur boða með hæfilegum fyrirvara.

□ Nefndarformaður stjórnar fundi. Fundir skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund starfsmenn sveitarfélags ef hún telur þess þörf. Hún getur einnig boðið öðrum aðilum að koma á fund nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

□ Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

□ Ákvæði IV. og V. kafla laga þessara gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags, eftir því sem við á.

■ **64. gr.** Nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélags skulu halda gerðabók sem fundargerðir eru færðar í.

□ Þar skal greina inntak mála, málsaðila og hverja afgreiðslu mál fær.

□ Sé um ráðgefandi nefnd að ræða teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar.

■ **65. gr.** Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir byggðarráð og fullskipaða sveitarstjórn eftir því hver háttur er hafður á fullnaðarafgreiðslu í viðkomandi málaflokki.

□ Fundargerðir skulu fylgja dagskrá reglulegra sveitarstjórnarfunda.

□ Ályktun nefndar, sem hefur fjárútlát í för með sér, skal lögð fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð hennar eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

■ **66. gr.** Fulltrúar í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags eiga rétt á þóknun fyrir þau störf skv. almennum reglum er sveitarstjórn setur, svo og greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar í samræmi við 44. gr. laga þessara.

**VII. kafli. Framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélaga.**

■ **67. gr.** Sé eigi ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélags hefur oddviti með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar og byggðarráðs, ef kosið er, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

■ **68. gr.** Laun oddvita, þar sem eigi er starfandi framkvæmdastjóri eða annar starfsmaður við stjórn sveitarfélagsins, skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórn, og skal þá ýmist miðað við fast hlutfall af tekjum sveitarfélagsins og stofnana þess, sem oddviti hefur umsjón með, eða við áætlaðan vinnutíma oddvita við stjórnsýslustörf. Launin skulu endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

□ Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tíma-

bundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélags sem oddviti sér um skal hann eiga rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

□ Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundarhalda í þágu sveitarfélags á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

■ **69. gr.** Í þéttbýlissveitarfélögum, sem hafa fleiri íbúa en 500, er rétt að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags. Í öðrum sveitarfélögum er sveitarstjórn heimilt að ráða slíkan starfsmann.

□ Heimilt er tveimur sveitarfélögum eða fleiri að ráða sameiginlega framkvæmdastjóra.

□ Í hreppum nefnist framkvæmdastjóri sveitarstjóri, í bæjum og kaupstöðum nefnist hann bæjarstjóri og í Reykjavík nefnist framkvæmdastjóri borgarstjóri.

■ **70. gr.** Ráðningartími framkvæmdastjóra sveitarfélags skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtími sveitarstjórnar.

□ Heimilt er að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags til óákveðins tíma en uppsagnarfrestur skal þá vera þrír mánuðir af beggja hálfu miðað við mánaðamót.

□ Taka skal sérstaklega fram við ráðningu framkvæmdastjóra hvort ráðningin miðist við kjörtíma sveitarstjórnar eða gildi um óákveðinn tíma.

■ **71. gr.** Framkvæmdastjóri sveitarfélags skal sitja fundi sveitarstjórnar og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélags með sömu réttindum.

□ Framkvæmdastjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar og byggðarráðs og hefur á hendi framkvæmd þeirra ákvarðana sem sveitarstjórn tekur.

□ Framkvæmdastjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs og hann er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins.

□ Framkvæmdastjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

□ Í samþykkt um stjórn sveitarfélags skal setja nánari ákvæði um verksvið framkvæmdastjóra og mörk milli þess og ákvörðunarvalds sveitarstjórnar og byggðarráðs hennar.

□ Starfskjör framkvæmdastjóra skal ákveða í ráðningarsamningi.

■ **72. gr.** Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og stofnunum þess og veitir þeim lausn frá starfi.

□ Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Séu þar eigi sérstök ákvæði þessa efnis gefur sveitarstjórn eða byggðarráð almenn fyrirmæli til stjórnenda sveitarfélagsins og stofnana þess um hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna.

■ **73. gr.** Starfsmenn við stjórnsýslu sveitarfélags hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Um starfskjör annarra starfsmanna sveitarfélags fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

□ Uppsagnarfrestur fastráðinna starfsmanna sveitarfélags er þrír mánuðir sé ekki annað ákveðið í kjarasamningum eða í ráðningarsamningi.

**VIII. kafli. Fjármál sveitarfélaga.**

■ **74. gr.** Reikningsár sveitarfélaga skal vera almanaksárið.

■ **75. gr.** Fyrir lok janúarmánaðar skal sveitarstjórn gera fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár. Ráðuneyti getur veitt sveitarstjórnum lengri frest þegar brýnar ástæður eru fyrir hendi.

□ Fjárhagsáætlun skal rædd á tveimur fundum með a. m. k. einnar viku millibili. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, enn fremur áætlaðar fjármagnshreyfingar. Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga.

□ Fjárhagsáætlun skv. þessari grein skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á reikningsárinu.

■ **76. gr.** Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins.

□ Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins og skal endurskoða hana hverju sinni í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

■ **77. gr.** Hyggist sveitarstjórn ráðast í eða taka þátt í framkvæmd og áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í honum nemur hærri fjárhæð en sveitarsjóðsgjöld yfirstandandi reikningsárs er skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á fyrirhuguðum verktíma, áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð, sé um hann að ræða, og jafnframt skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmdin samræmist þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.

■ **78. gr.** Við gerð fjárhagsáætlunar skal hafa hliðsjón af veltufjárstöðu sveitarfélagsins í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegt er talið að gera á henni.

■ **79. gr.** Heimilt er að endurskoða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og gera á henni nauðsynlegar breytingar ef í ljós koma breytingar á forsendum fjárhagsáætlunarinnar. Sveitarstjórn afgreiðir slíkar breytingar á árlegri fjárhagsáætlun við eina umræðu, enda séu breytingartillögur sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn a. m. k. fimm sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

■ **80. gr.** Til útgjalda, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt sveitarstjórnar, má ekki stofna nema til komi samþykki sveitarstjórnar. Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt kveða á um hvernig útgjöldunum skuli mætt.

■ **81. gr.** Sveitarfélög og fyrirtæki þeirra eru bókhaldsskyld.

□ Um bókhald sveitarfélaga gilda lög um bókhald, eftir því sem við á.

□ Ráðuneytið setur með reglugerð[1)] nánari ákvæði um bókhald sveitarfélaga og ársreikning þeirra að höfðu samráði við Hagstofu Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Þar skal m. a. kveðið á um reglur varðandi gjaldfærslu fjárfestinga sveitarfélaga.

[1)] *Rg. 280/1989.*

■ **82. gr.** Semja skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal semja samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald.

1986 Nr. 8 18. apríl

□ Ársreikningur skal sýna yfirlit um rekstur og framkvæmdir á reikningsárinu og efnahagsreikning í lok reikningsárs ásamt skýringum. Yfirlit yfir allar fjárhagsábyrgðir sveitarfélagsins skal vera hluti ársreikningsins og í honum skal sýna fjárhagsáætlun reikningsársins til samanburðar.

□ Ársreikningurinn skal gerður samkvæmt lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju.

■ **83. gr.** Ársreikningur sveitarfélags skal fullgerður fyrir lok aprílmánaðar.

■ **84. gr.** Endurskoðun hjá sveitarfélagi, stofnunum þess og fyrirtækjum skal unnin af tveimur skoðunarmönnum. Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru 500 eða fleiri, skal sveitarstjórn jafnframt fela löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu að annast endurskoðun.

□ Á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar skal hún kjósa tvo skoðunarmenn til eins árs í senn og jafnmarga til vara. Fulltrúar í sveitarstjórn og starfsmenn sveitarfélagsins eru eigi kjörgengir sem skoðunarmenn hjá sveitarfélaginu, stofnunum þess eða fyrirtækjum.

□ Sveitarstjórn er heimilt að starfrækja endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi sveitarfélags og þáttur í eftirlitskerfi þess.

■ **85. gr.** Skoðunarmenn skulu haga endurskoðun í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur eins og þær eru hjá sveitarfélögum á hverjum tíma. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika ársreikningsins og skulu ganga úr skugga um að hann sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta um meðferð fjármuna og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

■ **86. gr.** Skylt er að veita skoðunarmönnum aðstöðu til að gera þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar. Þeir skulu fá aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum sveitarfélagsins og skulu sveitarstjórn og starfsmenn sveitarfélagsins veita þeim allar þær upplýsingar sem þeir æskja og unnt er að láta í té.

□ Endurskoðun skal lokið eigi síðar en 30. júní ár hvert.

■ **87. gr.** Skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Þeir skulu láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar að öðru leyti.

□ Telji skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skulu þeir geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti geta skoðunarmenn greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem þeir telja eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

□ Ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við sveitarstjórn, framkvæmdastjóra eða forstöðumenn, skal bera fram skriflega og skal aðilum veittur hæfilegur frestur til svara.

□ Ef skoðunarmönnum þykir ástæða til skulu þeir gera tillögur til sveitarstjórnar um endurbætur varðandi meðferð fjármuna hjá sveitarsjóði, stofnunum hans eða fyrirtækjum, um breytingar á innra eftirliti, stjórnsýslu og öðru því sem þeir telja að geti verið til bóta í rekstri sveitarfélagsins.

□ Sveitarstjórn skal varðveita á öruggan hátt öll gögn um endurskoðunina og samskiptin við skoðunarmenn.

□ Skoðunarmanni er ekki heimilt að gefa óviðkomandi upplýsingar um hag sveitarfélags eða annað það er hann kemst að í starfi sínu.

□ Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um endurskoðun hjá sveitarfélögum og verksvið skoðunarmanna.

■ **88. gr.** Sveitarstjórnir skulu hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júlímánuði. Eintak af ársreikningum skal senda ráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 31. júlí ár hvert.

□ Vanræki sveitarstjórn að afgreiða eða skila ársreikningum sínum innan tilskilins frests getur ráðuneytið stöðvað greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til viðkomandi sveitarfélags og með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim aðila sem ábyrgð ber á vanrækslunni.

■ **89. gr.** [Sveitarfélag getur veitt Lánasjóði sveitarfélaga tryggingar í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum. Eigi má sveitarfélag veðsetja öðrum tekjur sínar né heldur fasteignir sem nauðsynlegar eru til þess að sveitarfélagið geti rækt lögskyld verkefni sín. Aðrar eignir getur sveitarfélag veðsett og heildareignir sveitarfélags standa til tryggingar skuldbindingum þess. Félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um tryggingar sjóðsins í tekjum sveitarfélaga.][1)]

□ Eigi má framkvæma aðför í þeim eignum sveitarfélaga sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögskyldum verkefnum þeirra og sveitarfélög verða eigi tekin til gjaldþrotaskipta.

□ Kröfur á hendur sveitarsjóði má eigi nota til skuldajafnaðar við kröfu sveitarfélags um lögboðin gjöld til sveitarsjóðs eða stofnana sveitarfélagsins.

□ Eigi má binda sveitarsjóð við sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins.

□ Sveitarstjórn getur veitt einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum sem hún metur gildar.

[1)] *L. 42/1990, 1. gr.*

■ **90. gr.** Komist sveitarfélag í fjárþröng, þannig að sveitarstjórn telur sér eigi unnt að standa í skilum, skal hún tilkynna það til ráðuneytisins.

□ Ákvörðun um slíka tilkynningu skal tekin eftir tvær umræður í sveitarstjórn.

□ Ráðuneytið skal þá tafarlaust láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélagsins og leggja síðan fyrir sveitarstjórn að bæta það sem áfátt kann að reynast innan hæfilegs frests.

□ Komi í ljós að fjárhagur sveitarfélags er slíkur að það getur ekki með eðlilegum rekstri staðið straum af lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum er ráðuneytinu heimilt að veita sveitarfélaginu styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að

1986 Nr. 8 18. apríl

koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl með þeim skilyrðum sem ráðuneytið setur.

☐ Ráðuneytið getur heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn í því tilviki sem hér um ræðir að leggja álag á útsvör, aðstöðugjöld og fasteignaskatta sem nemi allt að 25%.

■ **91. gr.** Nú er greiðslubyrði sveitarfélags umfram greiðslugetu svo mikil að ljóst er að eigi mun úr rætast í bráð og getur ráðuneytið þá svipt sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipað því fjárhaldsstjórn, enda hafi fjármálastjórn sveitarfélagsins verið í ólestri, ráðstafanir skv. 90. gr. muni fyrirsjáanlega eigi duga til úrbóta eða sveitarstjórn hafi vanrækt svo skyldur sínar skv. lögum þessum að vandræði hafi af hlotist.

☐ Áður en sveitarstjórn verður svipt fjárforráðum sveitarfélags skv. þessari grein skal ráðuneytið þó skora á sveitarstjórn að koma fjármálum sveitarfélagsins á réttan kjöl og er ráðuneytinu heimilt að veita sveitarstjórn allt að 6 mánaða frest í því skyni. Ráðuneytið getur þá jafnframt snúið sér til skiptaráðanda og óskað eftir greiðslustöðvun sveitarsjóðs í allt að þrjá mánuði í samræmi við II. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, eftir því sem við á.

☐ Fjárhaldsstjórn skal skipuð til tiltekins tíma og eigi lengur en til eins árs í senn.

☐ Heimilt er sveitarstjórn að höfða mál fyrir dómi til ógildingar úrskurði ráðherra um sviptingu fjárforræðis.

■ **92. gr.** Fjárhaldsstjórn sveitarfélags skal skipuð þremur mönnum, þar af einum skv. tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Formaður skal skipaður af ráðherra.

☐ Þóknun til fjárhaldsmanna skal ákveðin af ráðuneytinu og greiðist úr ríkissjóði.

☐ Birta skal ákvörðun um sviptingu fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar í Lögbirtingablaði og í B-deild Stjórnartíðinda.[1)]

[1)] *Augl. 180/1989 (um fjárhaldsstjórn Hofsóshrepps), sbr. 487/1989.*

■ **93. gr.** Fjárhaldsstjórn tekur við stjórn fjármála sveitarfélags og má enga greiðslu inna af hendi úr sveitarsjóði nema með samþykki hennar. Ályktanir sveitarstjórnar og ákvarðanir lægra settra stjórnvalda hennar, sem hafa útgjöld í för með sér, eru ógildar nema til komi samþykki fjárhaldsstjórnar.

☐ Að öðru leyti fer sveitarstjórn áfram með málefni sveitarfélagsins.

☐ Fjárhaldsstjórn skal rannsaka fjárreiður sveitarfélagsins og allan rekstur þess og gera nýja áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins fyrir næstu tvö fjárhagsár.

☐ Áætlun þessa skal senda ráðuneytinu til staðfestingar ásamt umsögn sveitarstjórnar. Að lokinni staðfestingu ráðuneytis gildir áætlunin sem fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, a. m. k. meðan sveitarfélagið er undir fjárhaldsstjórn.

■ **94. gr.** Fjárhaldsstjórn getur með samþykki ráðuneytisins selt eigur sveitarfélagsins til lúkningar skuldum, þó eigi þær eigur sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögskyldum verkefnum, sbr. 89. gr.

☐ Með sama móti getur fjárhaldsstjórn ákveðið að færa tiltekna starfsemi, sem rekin hefur verið á vegum sveitarfélagsins, í hendur einkaaðila.

■ **95. gr.** Nú duga eigi framangreindar ráðstafanir til þess að koma fjárhag sveitarsjóðs og stofnana hans á réttan kjöl og getur þá ráðuneytið einnig ákveðið að leita samninga við nágrannasveitarfélög um sameiningu við það sveitarfélag, sem undir fjárhaldsstjórn er, eða hluta þess gegn yfirtöku eigna og skulda.

■ **96. gr.** Svipting fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar fellur niður eftir ákvörðun ráðuneytisins þegar telja má að fjárhagur sveitarfélagsins sé kominn í viðunandi horf. Auglýsing þar að lútandi skal birt á sama hátt og auglýsing um sviptingu fjárforræðis.

**IX. kafli. Samvinna sveitarfélaga.**

■ **97. gr.** Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna, á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga eða í landshlutasamtökum.

■ **98. gr.** Sé um að ræða varanlegt samvinnuverkefni sveitarfélaga, svo sem rekstur skóla og heilbrigðisstofnana eða brunavarnir, geta sveitarfélög myndað byggðasamlag sem tekur að sér framkvæmd verkefnisins.

☐ Í samningi, sem gera skal um byggðasamlag, skulu vera ákvæði m. a. um stjórn samlagsins og kjör fulltrúa til hennar, fjölda þeirra, kjörtímabil, um varafulltrúa og annað sem máli skiptir í því sambandi.

☐ Í samningnum skulu vera ákvæði um hvenær stjórnarfundur er ályktunarhæfur og um umboð stjórnar til að skuldbinda sveitarsjóði. Þá skulu vera ákvæði um í hvaða tilvikum þörf er staðfestingar sveitarstjórna á samþykktum sem gerðar eru í stjórn byggðasamlags.

☐ Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í samþykktum byggðasamlags gilda eftir því sem við eiga meginreglur laga þessara um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, meðferð fjármála og endurskoðun reikninga.

☐ Sveitarsjóðir bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þeir eru aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu.

■ **99. gr.** Sé sveitarfélögum ætluð í lögum verkefni sem þeim er um megn að leysa hverju fyrir sig skulu mynduð byggðasamlög um framkvæmd þeirra, sbr. þó 4. mgr. 6. gr.

☐ Ákvæði þessa kafla gilda um byggðasamlög skv. fyrri mgr. þessarar greinar með þeim frávikum sem kunna að felast í öðrum lögum.

■ **100. gr.** Sé um að ræða samvinnu sveitarfélaga um áhættusaman atvinnurekstur án hlutdeildar annarra aðila skal stofna félag í samræmi við ákvæði laga nr. 24/1972, um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

■ **101. gr.** Samþykktir byggðasamlaga skulu teknar til endurskoðunar í síðasta lagi þegar liðin eru 10 ár frá stofnun þeirra og síðan á a. m. k. 10 ára fresti. Við slíka endurskoðun skal meta reynslu af starfsemi viðkomandi byggðasamlags og stjórnskipulagi þess og skal við fulltrúatölu í stjórn samlagsins taka tillit til breytinga sem leiðir af breyttum aðstæðum, þar á meðal af breytingum á fólksfjölda aðildarsveitarfélaga og af breytingum á skipan þeirra eða starfsemi héraðsnefndar.

☐ Til þess að breyting á samþykktum fyrir byggðasamlag nái fram að ganga þurfa ⅔ hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta hana eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins, en ⅔ hlutar stjórnarmanna geta krafist þess að slík atkvæðagreiðsla fari fram um tillögu til breytinga á samþykktunum.

■ **102. gr.** Nú óskar sveitarstjórn að ganga úr byggðasamlagi og er henni það þá heimilt enda fari þá jafnframt fram endurskoðun á samþykktum fyrir byggðasamlagið, sbr. 101. gr.

□ Óski sveitarstjórnin eftir því að fá nettóeignarhluta sinn í byggðasamlagi innleystan er eigi skylt að greiða hann á skemmri tíma en 20 árum. Náist eigi samkomulag um verðmæti eignarhlutans eða greiðslukjör skal það úrskurðað af þremur dómkvöddum, hæfum og óvilhöllum mönnum sem m. a. skulu taka tillit til áframhaldandi hagræðis íbúa viðkomandi sveitarfélags af starfsemi byggðasamlagsins og greiðslugetu byggðasamlagsins eða þeirra sveitarfélaga sem halda rekstri þess áfram.

■ **103. gr.** Tillaga um að hætta starfsemi byggðasamlags nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest í samræmi við ákvæði 101. gr.

□ Nú er ákveðið að hætta starfsemi byggðasamlags eða svo er fyrir mælt í lögum og skal þá skipa því sérstaka skiptastjórn er gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda jafnað á viðkomandi sveitarsjóði í hlutfalli við íbúatölu.

□ Skiptastjórn skal kjörin af stjórn byggðasamlags.

■ **104. gr.** Sveitarfélög geta stofnað til staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að hagsmunamálum íbúa í hverjum landshluta. Starfssvæði slíkra samtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu.[1)]

□ Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á ársfund landshlutasamtaka eftir þeim reglum sem ákveðnar eru í lögum samtakanna.

[1)] *Augl. 26/1987 og 89/1989.*

■ **105. gr.** Ríkisvaldið viðurkennir Samband íslenskra sveitarfélaga sem sameiginlegan málsvara sveitarfélaga í landinu.

## X. kafli. Stækkun sveitarfélaga.

■ **106. gr.** Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna fámennra sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.

■ **107. gr.** Þegar skylt er að sameina sveitarfélag öðru sveitarfélagi, sbr. 2. mgr. 5. gr., skal ráðuneytið skipa nefnd er í sitji tveir menn skv. tilnefningu sveitarstjórnar í því sveitarfélagi sem um ræðir og tvo menn skv. tilnefningu viðkomandi héraðsnefndar. Þá skipar ráðuneytið formann nefndarinnar án tilnefningar.

□ Nefndin skal gera tillögu um hverra kosta skuli leita varðandi sameiningu sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

□ Þegar tillaga nefndarinnar liggur fyrir skal ráðuneytið fara þess á leit við viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög að þau tilnefni til viðbótar fulltrúa í nefndina þannig að hvort eða hvert sveitarfélag eigi þar tvo fulltrúa.

□ Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

□ Nú berst ráðuneytinu eigi tilnefning í nefndina innan tilskilins frests og skal þá ráðuneytið skipa fulltrúa í nefndina án tilnefningar.

□ Nefndin skal síðan gera tillögu til viðkomandi sveitarstjórna um það hvernig að sameiningu sveitarfélaganna skuli staðið.

□ Sé um fleiri en eina tillögu að ræða getur ráðuneytið ákveðið að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa viðkomandi sveitarfélaga um tillögurnar.

□ Ráðuneytið skal óska eftir umsögn viðkomandi sveitarstjórna um sameiningarmálið en síðan ákveður ráðuneytið hvernig að sameiningu sveitarfélaganna skuli staðið.

□ Heimilt er ráðuneytinu að fresta sameiningu sveitarfélaga þar sem svo stendur á sem segir í 2. mgr. 5. gr.

■ **108. gr.** Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast athugun málsins.

□ Skal hvor eða hver sveitarstjórn kjósa tvo fulltrúa eða fleiri í nefndina eftir samkomulagi. Nefndin kýs formann úr sínum hópi.

□ Samstarfsnefnd skal starfa í samráði við ráðuneytið og skal það láta henni í té þá aðstoð er það telur nauðsynlega og úrskurða um vafaatriði er upp kunna að koma.

□ Þegar samstarfsnefnd hefur skilað áliti sínu um sameiningu skulu viðkomandi sveitarstjórnir taka málið á dagskrá. Skal hafa tvær umræður um málið án atkvæðagreiðslu.

□ Að lokinni umræðu sveitarstjórna skal síðan fara fram atkvæðagreiðsla innan sveitarfélaganna um sameininguna. Viðkomandi sveitarstjórnir ákveða sameiginlega hvenær atkvæðagreiðsla fer fram og skal kosið sama dag í sveitarfélögunum.

□ Sveitarstjórn lætur gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna í samráði við ráðuneytið. Um atkvæðagreiðslur skv. þessari mgr. fer eftir ákvæðum III. kafla laga þessara, eftir því sem við getur átt.

■ **109. gr.** Ef meiri hluti atkvæðisbærra íbúa sveitarfélags hefur synjað sameiningu við atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. verður það sveitarfélag eigi sameinað öðrum sveitarfélögum að svo stöddu.

□ Hafi sameiningin hlotið samþykki skulu sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni sveitarfélaganna, fjölda fulltrúa í nýrri sveitarstjórn, nafn hins sameinaða sveitarfélags og önnur atriði. Ákvarðanir þessar skulu sendar ráðuneytinu sem ákveður hvenær sameining skuli fara fram.

□ Séu sveitarfélög þau, sem sameinuð eru, sitt í hvoru lögsagnarumdæmi skal ráðuneytið leita umsagnar dómsmálaráðuneytisins áður en ákvörðun um sameiningu er tekin.

■ **110. gr.** Sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma verður ekki ákveðin nema með lögum.

■ **111. gr.** Ráðuneytið skal hlutast til um að samþykktir og reglugerðir, sem gilda í þeim sveitarfélögum sem sameina skal, verði endurskoðaðar og samræmdar og síðan lagðar fyrir sveitarstjórn í hinu sameinaða sveitarfélagi.

■ **112. gr.** Þegar ráðuneytið hefur staðfest sameiningu sveitarfélaga skv. framanskráðu skal það gefa út tilkynningu[1)] um sameininguna sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Þar skal greint frá nafni hins nýja sveitarfélags, hvaða sveitarfélög hafi verið sameinuð, frá hvaða tíma sameiningin taki gildi, tölu sveitarstjórnarmanna, svo og hvort kosning skv. 113. gr. skuli fram fara og hvenær.

[1)] *Sjá neðanmálsgrein við 5. gr. þ. l.*

1986 Nr. 8 18. apríl

■ **113. gr.** Ráðuneyti getur ákveðið að kosningar skuli fara fram til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags þegar við sameiningu, svo og kjördag slíkra aukakosninga.

■ **114. gr.** Ráðuneytið getur, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sett almennar reglur þess efnis að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Slíka aðstoð má veita í allt að fimm ár eftir sameiningu.

■ **115. gr.** Þegar sveitarfélag í dreifbýli og sveitarfélag í þéttbýli sameinast er sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags heimilt að ákveða að um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 10 ár frá sameiningu, megi veita tiltekinn afslátt af fasteignaskatti af eignum í dreifbýli vegna mismunandi þjónustu við fasteignaeigendur í dreifbýli og þéttbýli.

**XI. kafli. Samskipti ríkis og sveitarfélaga.**

■ **116. gr.** Ríkisstjórninni er rétt að koma á formlegu samstarfi við samtök sveitarfélaga með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og með öðrum hætti. Ríkisstjórnin skal hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila.

■ **117. gr.** Ráðuneytið getur falið umboðsmönnum ríkisins í héraði að annast verkefni sem því eru falin með lögum þessum.

□ Umboðsmenn ríkisins skulu vera sveitarfélögum og samtökum þeirra til ráðuneytis við störf þeirra, eftir því sem óskað er og við verður komið. Skulu þeir veita ráðgjöf, að því leyti sem það samrýmist öðrum embættisskyldum þeirra, og aðstoða við samvinnu og stækkun sveitarfélaga.

□ Óski héraðsnefnd eftir er umboðsmaður ríkisins skyldur að annast framkvæmdastjórn fyrir nefndina enda sé kostnaður greiddur af héraðsnefnd.

□ Setja skal nánari ákvæði um þessi atriði í reglugerð.

■ **118. gr.** Ráðuneytið skal hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum skv. lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum.

□ Vanræki sveitarstjórn skyldur sínar skal ráðuneytið veita henni áminningu og skora á hana að bæta úr vanrækslunni.

□ Verði sveitarstjórn eigi við áskorun ráðuneytisins innan frests sem ráðuneytið tiltekur er því heimilt að stöðva greiðslur til sveitarsjóðs úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar til bætt hefur verið úr vanrækslunni. Jafnframt getur ráðuneytið með lögsókn krafist dagsekta af þeim sem ábyrgð bera á vanrækslunni og mega dagsektir nema allt að fimmföldum daglaunum viðkomandi manns.

■ **119. gr.** Ráðuneytið skal úrskurða um ýmis vafaatriði sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna en það skerðir þó eigi rétt aðila til þess að höfða mál fyrir dómstólum.

□ Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að því berst mál til úrskurðar. Ráðuneytið skal árlega gefa út úrskurði sína í sveitarstjórnarmálefnum.

■ **120. gr.** Ráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga semja fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga[1)] og senda hana öllum sveitarstjórnum.

□ Sveitarstjórnir skulu setja nýjar samþykktir um stjórn sveitarfélaga eða endurskoða eldri samþykktir innan eins árs frá gildistöku laga þessara.

[1)] *Augl. 106/1987.*

**XII. kafli. Gildistökuákvæði.**

■ **121. gr.** I. kafli og III. kafli laga þessara öðlast þegar gildi. VIII. kafli laganna tekur gildi 1. janúar 1987. Aðrir kaflar laganna taka gildi þegar að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum árið 1986.

□ Jafnframt falla úr gildi sveitarstjórnarlög, nr. 58 frá 29. mars 1961, svo og lög nr. 28/1968, 52/1972, 41/1976, 19/1978, 9/1982 og 12/1983, um breytingar á þeim lögum, lög nr. 5 frá 7. mars 1962, um sveitarstjórnarkosningar, og lög nr. 5/1966, 7/1978, 8/1982, 10/1982 og 64/1984, um breytingar á þeim lögum, og lög nr. 70 frá 12. maí 1970, um sameiningu sveitarfélaga.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** Kosning sýslunefnda vorið 1986 fer fram skv. ákvæðum IV. kafla laga nr. 58 29. mars 1961, með síðari breytingum, og skulu þær fara með umboð þar til sveitarfélög eða byggðasamlög geta tekið við verkefnum þeirra, en þó ekki lengur en til 31. desember 1988.

□ Oddvitar sýslunefnda skulu hafa forgöngu um flutning verkefna og önnur skil af hálfu sýslufélaga til sveitarfélaga og héraðsnefnda. Ráðuneytið skal setja nánari reglur[1)] um þessi efni.

[1)] *Rg. 268/1988.*

■ **II.** Kosningar sveitarstjórna vorið 1986 skulu fara fram laugardaginn 31. maí nema í þeim sveitarfélögum þar sem færri en ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúnum. Þar skulu kosningarnar fara fram laugardaginn 14. júní. Að öðru leyti gilda ákvæði þessara laga um þær kosningar.



## Lög um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp.



■ **1. gr.** Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu skulu vera einn hreppur, sem heitir Borgarfjarðarhreppur.

■ **2. gr.** Kostnaður við fjallskil á eyðilöndum í Loðmundarfirði skiptist þannig, að eigendur eyðijarða bera ¼, sveitarfélög þau, er fjárvon eiga í löndum þessum, sameiginlega ½ og ríkið ¼. Kostnaður eyðijarðaeigenda skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við landverð eyðijarðanna samkvæmt gildandi fasteignamati. Sá hluti fjallskilakostnaðarins, sem kemur í hlut sveitarfélaganna samkvæmt grein þessari, skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þess fjár, sem kemur af fjalli og tilheyrir íbúum hvors þeirra fyrir sig.

□ Verði ágreiningur um fjallskilakostnað, skal Búnaðarfélag Íslands úrskurða kostnaðarreikningana.

□ Sýslumaður Norður-Múlasýslu annast innheimtu á framlögum til greiðslu fjallskilakostnaðarins.

■ **3. gr.** Kostnaður við eyðingu refa og minka í Loðmundarfirði samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957 endurgreiðist Borgarfjarðarhreppi næstu fimm árin úr ríkissjóði, enda verði framkvæmd við eyðingu refa og minka hagað í samráði við veiðistjóra ríkisins.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

1966 Nr. 35 29. apríl

## Lög um Lánasjóð sveitarfélaga.

■ **1. gr.** Stofna skal Lánasjóð sveitarfélaga. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun, sameign allra sveitarfélaga á Íslandi, en þau bera þó ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram hin árlegu tillög sín til sjóðsins. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, sbr. 3. gr. laga þessara, og starfar undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar.

■ **2. gr.** Hlutverk[1] Lánasjóðs sveitarfélaga er:

1. Að veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestinga, sem eru svo kostnaðarsamar, að fjár til þeirra verði ekki aflað af tekjum sveitarfélagsins, nema á löngum tíma. Enn fremur að aðstoða sveitarfélög við öflun stofnlána og hafa milligöngu um töku þeirra.

2. Að annast samninga við lánastofnanir um bætt lánakjör sveitarfélaga, sem búa við óhagstæð lánakjör og óska aðstoðar sjóðsins í þessu skyni, eða veita þeim, eftir því sem fært er, lán til greiðslu óhagstæðra lána, ef samningar takast ekki um bætt lánakjör við hlutaðeigandi lánastofnanir.

3. Að aðstoða sveitarfélög við útvegun nauðsynlegra rekstrarlána hjá bönkum og sparisjóðum.

4. Að stuðla að því að sveitarfélögin verði traustir og skilvísir lántakendur, sem þurfi ekki að setja tryggingar fyrir lánum, sem þeim eru veitt, nema sérstaklega standi á.

[1] *Sjá l. 16/1987.*

■ **3. gr.** Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga skipa fimm menn valdir eins og hér segir: Fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga kýs fjóra menn í stjórnina, en ráðherra skipar einn mann og er hann formaður stjórnarinnar. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir með sama hætti.

□ Kjörtímabil stjórnarinnar er fjögur ár.

■ **4. gr.** Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um allar lánveitingar úr sjóðnum og önnur verkefni sjóðsins, samkvæmt 2. gr. laga þessara.

□ Hún ræður sjóðnum framkvæmdastjóra, sem annast bókhald fyrir sjóðinn og daglega afgreiðslu á vegum hans eftir nánari fyrirmælum stjórnarinnar. Samþykki stjórnarinnar þarf fyrir ráðningu aðstoðarfólks. Hún ákveður laun starfsfólks í samræmi við launagreiðslur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við getur átt.

□ Stjórninni er heimilt að semja við stjórn Bjargráðasjóðs Íslands um sameiginlega framkvæmdastjórn og afgreiðslu fyrir Lánasjóð sveitarfélaga og Bjargráðasjóð Íslands.

□ Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarnefndarmanna fyrir störf þeirra.

□ Allur kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist úr sjóðnum.

■ **5. gr.** [Ráðstöfunarfé Lánasjóðs sveitarfélaga er sem hér segir:

a. Árlegt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, er nema skal 5% af vergum tekjum sjóðsins.

b. Árlegt framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga. Skal framlagið nema eigi lægri upphæð en 2 ½% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á viðkomandi ári.

c. Árlegt lán úr Framkvæmdasjóði Íslands.

d. Aðrar lántökur.

e. Afborganir og rekstrartekjur.

□ Framlag Jöfnunarsjóðs greiðist þannig: Þriðjungur fyrir 1. maí, þriðjungur fyrir 1. september og eftirstöðvarnar fyrir 1. desember.][1]

[1] *L. 99/1974, 1. gr.*

■ **6. gr.** Til þess að afla sjóðnum lánsfjár, samkvæmt c- og d-lið 5. gr., er stjórn hans heimilt að gefa út skuldabréf fyrir hönd sjóðsins. Samanlagðar skuldbindingar sjóðsins vegna útgáfu verðbréfa svo og ábyrgða samkv. 10. gr., mega ekki nema hærri fjárhæð en þrefaldri hreinni eign hans á hverjum tíma. Ráðherra ákveður afborganir og vaxtakjör og gerð verðbréfa þessara í samráði við stjórn Seðlabanka Íslands, að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar.

■ **7. gr.** Nú hyggst sveitarfélag sækja um lán úr sjóðnum, samkvæmt 2. gr. 1. – 2. tl., og skal það þá senda bráðabirgðaáætlun um lánsfjárþörf sína á næsta ári til sjóðsstjórnar fyrir 30. september, en endanleg umsókn ásamt gögnum þeim, sem um ræðir í 8. gr., skal send fyrir 31. janúar ár hvert.

□ Nú hrekkur ráðstöfunarfé sjóðsins, sbr. 5. – 6. gr., ekki til þess að greiða úr lánaþörfinni samkvæmt áætlun sjóðsstjórnar, og skal stjórnin þá beita sér fyrir útvegun þess fjármagns, sem á vantar, í samráði við ráðherra og stjórn Seðlabanka Íslands.

■ **8. gr.** Sjóðsstjórnin lætur gera eyðublöð undir umsóknir um lán og aðra þá aðstoð, sem um ræðir í 2. gr. laga þessara.

□ Umsókn til sjóðsstjórnar skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Ársreikningar sveitarfélagsins fyrir síðasta reikningsár, ef fullgerðir eru, annars reikningar næstsíðasta reikningsárs.

2. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár.

3. Kostnaðaráætlun vegna þeirra framkvæmda eða fjárfestinga, sem um ræðir í 2. gr. 1. tl., eða greinargerð um óhagstæð lán, sbr. 2. gr. 2. tl., eða greinargerð um rekstrarlánaþörf, sbr. 2. gr. 3. tl., allt eftir því sem við á.

4. Aðrar þær upplýsingar, sem sveitarstjórn telur skipta máli í sambandi við umsóknina.

■ **9. gr.** Skilyrði fyrir því, að lán verði veitt úr Lánasjóði sveitarfélaga, eru þessi:

1. Að ársreikningar sveitarfélagsins hafi verið gerðir samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961.

2. Að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hafi verið gerð samkvæmt sömu lögum.

3. Að umsækjandi sé ekki í vanskilum við sjóðinn vegna eldri lána, sem veitt hafa verið.

4. Að fjárhagur sveitarfélagsins sé, að dómi sjóðsstjórnar, svo traustur, að telja megi vísa greiðslu afborgana og vaxta á umsömdum tíma, ella verði sett trygging fyrir láninu, sem sjóðsstjórn metur gilda.

5. Að sveitarfélaginu sé að dómi sjóðsstjórnar nauðsyn á umbeðnu láni að nokkru eða öllu leyti vegna framkvæmda, sem gera þarf í sambandi við þau verkefni, sem sveitarfélagið annast samkv. 10. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961,[1] stafliðum A og B a, ef um er að ræða lán samkv. 2. gr. 1. tl. þessara laga.

6. Önnur þau skilyrði, sem sjóðsstjórn kann að setja fyrir lánveitingunni.

[1] *Nú l. 8/1986, sbr. 6. gr. þeirra laga.*

■ **10. gr.** Lánasjóði sveitarfélaga er heimilt að takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á rekstrarlánum sveitar-

1966 Nr. 35 29. apríl

**1966** Nr. 35 29. apríl

félaga, sbr. 2. gr. 3. tl., og á lánum sveitarfélaga til þess að greiða fyrir bættum lánskjörum, sbr. 2. gr. 2. tl., enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag þá ætíð sett tryggingu vegna ábyrgðarinnar, sem sjóðsstjórnin metur gilda, sbr. 9. gr. 4. tl.

□ Fjárhæð þeirra ábyrgða, sem sjóðsstjórnin tekst á hendur vegna rekstrarlána sveitarfélaga, skal háð því, hve mikið sjóðurinn á í handbæru fé. Nánari ákvæði um hlutfallið á milli handbærs fjár og samanlagðra rekstrarlánaábyrgða setur ráðherra.

■ **11. gr.** Ríkisstjórnin ákveður vexti af lánum sjóðsins í samráði við Seðlabanka Íslands.

□ Fjárhæð stofnlána má vera allt að 75% af áætluðu kostnaðarverði hlutaðeigandi framkvæmda, sem sveitarsjóði er ætlað að leggja fram.

□ Sjóðsstjórnin ákveður lánstíma í hverju einstöku tilfelli, en lánstími má þó aldrei vera lengri en 20 ár.

■ **12. gr.** Til þess að standast kostnað af rekstri sjóðsins ber sveitarfélögunum að greiða til sjóðsins eftirtalin gjöld:

1. Lántökugjald, er vera skal 1% af lánsfjárhæð þeirra lána, sem sjóðurinn veitir.
2. Gjald vegna ábyrgða þeirra, sem sjóðurinn tekst á hendur samkvæmt 10. gr. og vera skal ½% af hverri ábyrgðarfjárhæð.

□ Gjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd um leið og lán er afgreitt eða ábyrgð veitt.

□ [Skuldabréf fyrir lánum, sem sjóðurinn tekur og veitir, skulu undanþegin stimpilgjöldum.][1)]

[1)] *L. 99/1974, 2. gr.*

■ **13. gr.** Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu afborgana og vaxta af lánum úr sjóðnum á réttum gjalddaga, og getur ráðherra þá greitt vanskilin af framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eftir því, sem til vinnst. Sama gildir um greiðslur, sem Lánasjóður sveitarfélaga kann að hafa innt af hendi vegna ábyrgða, sem hann hefur tekizt á hendur samkvæmt 10. gr.

■ **14. gr.** Heimilt skal sveitarstjórnum að koma til geymslu og varðveizlu í Lánasjóði sveitarfélaga sjóðum, sem eru í eign eða umsjá sveitarfélaga, og fela honum að ávaxta þá og hafa á hendi reikningshald þeirra og afgreiðslu, ef um getur samizt.

■ **15. gr.** Reikningsár Lánasjóðs sveitarfélaga er almanaksárið.

□ Ársreikningar sjóðsins skulu gerðir fyrir janúarlok ár hvert.

□ Fjármálaráðherra skipar tvo endurskoðendur til þess að endurskoða reikninga sjóðsins, annan án tilnefningar, og skal hann vera löggiltur, en hinn eftir tilnefningu stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Skulu þeir hafa lokið endurskoðun reikninga sjóðsins fyrir marzlok ár hvert.

□ Að endurskoðun lokinni afgreiðir stjórn sjóðsins reikningana til félagsmálaráðherra, sem úrskurðar þá.

□ Reikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

■ **16. gr.** Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

## Lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga.[1)]

**1971** Nr. 54 6. apríl

[1)] *Sjá einnig l. 93/1962, um Norðurlandasamning um innheimtu meðlaga, sbr. augl. C 1/1963.*

■ **1. gr.** Setja skal á stofn Innheimtustofnun sveitarfélaga. Stofnunin skal vera sameign allra sveitarfélaga landsins. Lögheimili Innheimtustofnunarinnar er í Reykjavík.

■ **2. gr.** Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga skal skipuð þremur mönnum. Skal einn skipaður af félagsmálaráðherra, en tveir kosnir af fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga. Kjörtímabil stjórnarinnar er fjögur ár. Varamenn skulu skipaðir og kosnir með sama hætti og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Tryggingastofnun ríkisins skal tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum stjórnarinnar.

□ Stjórn stofnunarinnar ræður forstjóra hennar, svo og annað fast starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.

□ Launakjör starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna.

■ **3. gr.** [Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra, sbr. 73. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum. Skal Innheimtustofnunin skila Tryggingastofnun ríkisins innheimtufé mánaðarlega eftir því sem það innheimtist og skal það ganga upp í meðlagsgreiðslur Tryggingastofnunarinnar. Það sem á vantar að Tryggingastofnunin hafi fengið meðlög að fullu endurgreidd með slíkum skilum skal Innheimtustofnun sveitarfélaga greiða, sbr. 1. mgr. 4. gr., innan tveggja mánaða frá því að meðlag var greitt.][1)]

□ [Innheimtustofnunin getur tekið að sér, gegn greiðslu, hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðaskuldum manna, sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi. Stofnunin getur enn fremur, að beiðni ráðuneyta, með sama hætti tekið að sér innheimtu meðlagsskulda erlendra ríkisborgara búsettra hér á landi og meðlög, sem greidd eru erlendis vegna íslenskra ríkisborgara.][2)]

□ Einnig er Innheimtustofnuninni heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnsmeðlags, sem hærri er en lögmæltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyrir hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum.

[1)] *L. 43/1984, 4. gr.* [2)] *L. 27/1982, 1. gr.*

■ **4. gr.** [Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir Innheimtustofnuninni það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunarinnar, sbr. 3. gr., og greiðslu rekstrarkostnaðar hennar. Skulu greiðslur Jöfnunarsjóðs inntar af hendi það tímanlega að Innheimtustofnun geti staðið í skilum við Tryggingastofnunina á réttum gjalddögum skv. 3. gr.

□ Skal Innheimtustofnunin láta Jöfnunarsjóði í té fyrir 30. apríl hvert ár reikninga stofnunarinnar fyrir næstliðið ár.

□ Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal hafa gert fullnaðarskil til Innheimtustofnunarinnar, sbr. 1. mgr., fyrir 1. júní ár hvert miðað við reikningsskil í lok undanfarandi árs.][1)]

[1)] *L. 43/1984, 5. gr.*

1971 Nr. 54 6. apríl

■ **5. gr.** Innheimtustofnun sveitarfélaga annast meðlagainnheimtu hjá barnsfeðrum, hvar sem er á landinu.

□ Barnsföður er skylt að endurgreiða Innheimtustofnuninni meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, þegar og með þeim hætti, sem stofnunin krefst.

□ [Nú greiðir barnsfaðir (meðlagsskyldur) ekki meðlag innan eins mánaðar frá því meðlagskrafa féll í gjalddaga samkvæmt ákvæðum yfirvaldsúrskurðar eða skilnaðarbréfs og skal hann þá greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.[1)][2)] [Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að víkja frá þessari dráttarvaxtatöku ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara. Nánari ákvæði um þetta atriði skulu sett í reglugerð.][3)]

□ Vanræki barnsfaðir að einhverju eða öllu leyti að verða við innheimtukröfu, getur Innheimtustofnunin:

1. Krafið kaupgreiðanda um að halda eftir hluta af kaupi eða aflahlut til lúkningar meðlögum. Skulu slíkar kröfur ganga fyrir öðrum kröfum, þ. á m. kröfum sveitarsjóða og innheimtumanna ríkissjóðs. Kaupgreiðendur skulu halda slíku innheimtufé aðgreindu frá eigin fé eða fé fyrirtækis. Vanræki kaupgreiðandi að verða við slíkri kröfu, ber hann ábyrgð gagnvart Innheimtustofnuninni allt að þeirri fjárhæð, sem hann hefur greitt barnsföður, eftir að krafa Innheimtustofnunarinnar barst honum. Sama gildir, ef kaupgreiðandi tekur ekki tilskilda fjárhæð af kaupi eða aflahlut eða ef hann skilar ekki innheimtu meðlagsfé til Innheimtustofnunarinnar innan hálfs mánaðar. Gera má lögtak hjá kaupgreiðanda vegna vanrækslu hans í þessu sambandi með sama hætti og hjá meðlagsskuldara sjálfum. Lögtaksrétturinn fyrnist ekki.

2. Krafizt lögtaks í eignum barnsföður. Um framkvæmd lögtaks skal fara samkvæmt lögum nr. 29 16. desember 1885. Lögtaksrétturinn fyrnist ekki.

3. Krafizt þess, að lögreglan aðstoði við að hafa upp á barnsföður og færi hann á skrifstofu Innheimtustofnunarinnar, ef með þarf, til viðtals og upplýsingagjafar, hafi hann ekki sinnt kvaðningum.

4. Krafizt úrskurðar héraðsdómara (í Reykjavík sakadómara) um vistun barnsföður á vinnuhæli til að vinna af sér meðlagsskuld. Í fyrsta sinni má eigi úrskurða barnsföður til vistar á slíku hæli lengur en 3 mánuði.

5. Krafizt þess, að meðlagsskuldari verði kyrrsettur, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi í hyggju að hverfa af landi brott. Héraðsdómari (í Reykjavík sakadómari) úrskurðar um kyrrsetningu. Kyrrsetningarúrskurði má skjóta til Hæstaréttar með sama hætti og kæru samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Skal útlendingaeftirliti, lögreglustjórum og fyrirtækjum, sem annast fólksflutninga til útlanda, tilkynnt um kyrrsetninguna.[4)]

□ [Meðlög, sem falla á þann tíma, reiknaðan í heilum mánuðum, sem maður afplánar refsingu, vinnur af sér meðlag eða barnalífeyri, skulu ekki innheimt hjá honum fyrir þann tíma sem afplánun stendur fyrr en tveimur árum eftir að afplánun lýkur og skal þá greiðslum jafnað á eitt til þrjú ár. Dráttarvextir skulu ekki innheimtir af slíkum skuldum fyrir þann tíma sem innheimta skal liggja niðri samkvæmt þessu. Eigi að síður skal Innheimtustofnun sveitarfélaga standa skil á meðlagsgreiðslum fyrir slíkan tíma til Tryggingastofnunar ríkisins.][5)]

□ Innheimtustofnunin skal hafa sama rétt og einstakar sveitarstjórnir samkvæmt 45. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, til að krefja skattayfirvöld um upplýsingar um tekjur og eignir barnsfeðra, svo og til að krefja vinnumiðlunarskrifstofur og kaupgreiðendur um að láta þeim í té vinnuskýrslur.

[1)] *Sjá nú l. 25/1987.* [2)] *L. 41/1986, 1. gr.* [3)] *L. 39/1987, 1. gr.* [4)] *5. tölul. 4. mgr. 5. gr. fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 31/1990, 44. gr.* [5)] *L. 49/1988, 1. gr.*

1971 Nr. 54 6. apríl

■ **6. gr.** Reikningsár Innheimtustofnunarinnar er almanaksárið.

□ Reikningar skulu fullgerðir fyrir 31. marz ár hvert, og skal endurskoðun þeirra lokið eigi síðar en 30. júní.

□ Fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga kýs tvo endurskoðendur og tvo til vara til fjögurra ára, og skulu þeir láta sérstaka endurskoðunarskýrslu fylgja áritun sinni á reikninga stofnunarinnar.

□ Endurskoðaða reikninga skal senda stjórn og fulltrúaráði Sambands íslenzkra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytinu.

□ Ársreikningarnir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

■ **7. gr.** Setja skal með reglugerð[1)] nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Einnig skal setja sérstaka reglugerð um rekstur vinnuhælis og vistun á það, sbr. 6. gr. 4. tl.[2)]

[1)] *Rg. 214/1973, sbr. 549/1980, 210/1987 og 136/1988.* [2)] *Svo í Stjtíð. en á væntanlega að vera 5. gr., 4. tl.*

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972 og ná til allra meðlagsgreiðslna, sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi frá og með þeim degi.

## Lög um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

1972 Nr. 24 20. maí

■ **1. gr.** Sveitarfélögum skal heimilt að stofna til atvinnufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, sem þau reka ein sem einkaeigendur án hlutdeildar annarra. Skal ábyrgðin þá takmörkuð við stofnfé það, sem lagt er fram til fyrirtækisins, og önnur framlög og ábyrgðir, sem sveitarstjórn kann að ákveða.

■ **2. gr.** Fyrirtækjum sveitarfélaga með takmarkaðri ábyrgð er rétt og skylt að hafa orðin: „Sveitarfélagarekstur með takmarkaðri ábyrgð“ í heiti sínu, eða skammstöfunina: „STÁ“.

■ **3. gr.** Nú er fyrirtæki stofnað skv. lögum þessum, og skal stofnandi þess þá setja því samþykktir,[1)] er staðfestar séu af félagsmálaráðherra. Í samþykktum þessum skal greina heiti fyrirtækis og heimilisfang, tilgang þess og upphæð stofnfjár. Þar skulu vera skýr ákvæði um stjórn fyrirtækis og framkvæmdastjóra, valdsvið þeirra og verksvið og hverjir skuldbindi fyrirtækið. Enn fremur skulu vera þar ákvæði um reikningsskil og endurskoðun. Skal hafa hliðsjón af reglum hlutafélagalaga um þessi efni, eftir því sem við á. Ef ráðherra telur, að gallar séu á samþykktum fyrirtækis, skal hann veita stofnanda tækifæri til að bæta úr þeim, en synjar um staðfestingu ella.

[1)] *Samþ. 226 og 316/1973.*

**1972** Nr. 24 20. maí

■ **4. gr.** Lágmarksstofnfé fyrirtækja þeirra, sem hér um ræðir, skal vera kr. 100 000,00.

■ **5. gr.** Lögreglustjóri skal halda skrá um fyrirtæki þau, sem stofnuð eru skv. lögum þessum. Skal senda honum tilkynningu um stofnun fyrirtækis, er ráðherra hefur staðfest samþykktir þess. Tilkynningin skal síðan birt í Lögbirtingablaði eins og aðrar tilkynningar til félagaskrár. Ráðherra skal setja nánari reglur um, hvað greina skuli í tilkynningum, og láta gera eyðublöð fyrir þær. Breytingar á samþykktum, stjórn og prókúru skal tilkynna og birta eftir sömu reglum og gilda um tilkynningu um stofnun.

■ **6. gr.** Fyrirtæki stofnuð og rekin samkvæmt lögum þessum skulu hlíta skattskyldu eins og félög þau, sem um ræðir í fyrri málslið a-liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 68/1971,[1] um tekjuskatt og eignarskatt.

[1] *Nú l. 75/1981.*

■ **7. gr.** Ákvæði VIII. kafla laga um hlutafélög, nr. 77 frá 27. júní 1921,[1] um refsingar o. fl. skulu gilda um brot gegn lögum þessum, eftir því sem við á.

[1] *Nú l. 32/1978, XIX. kafli.*

■ **8. gr.** Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

**1877** Nr. 31 14. des.

**Lög um að skipta Þingeyjarsýslu og Skaftafellssýslu, hvorri um sig, í tvö sýslufélög.**[1)2)]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1965, d. 1331.* [2] *Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 92/1989, 20. gr.*

**1887** Nr. 27 2. des.

**Lög um að skipta Barðastrandarsýslu í tvö sýslufélög.**[1)2)]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1965, d. 1331 – 1332.* [2] *Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 92/1989, 20. gr.*

**1896** Nr. 3 6. marz

**Lög um að skipta Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufélög.**[1)2)]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1965, d. 1331.* [2] *Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 92/1989, 20. gr.*

**1973** Nr. 43 24. apríl

**Lög um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.**

■ **1. gr.** Í lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu eru þessir hreppar: Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurhreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.

□ Í lögsagnarumdæmi Kjósarsýslu eru þessir hreppar: Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Seltjarnarneshreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.[1]

[1] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 20. gr.*

■ **2. gr.** Bæjarfógetinn í Hafnarfirði er jafnframt sýslumaður í Kjósarsýslu. Bæjarfógetinn í Keflavík er jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu.[1]

[1] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 20. gr.*

■ **3. gr.** Afnotaréttur sveitarfélaga þeirra, sem um ræðir í lögum þessum, til beitilanda og afrétta helzt óbreyttur eins og verið hefur þrátt fyrir ákvæði laga þessara.

■ **4. gr.** Lög þessi taka gildi 1. janúar 1974. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 22 3. október 1903, um að skipta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög, og síðasta málsgr. 1. greinar laga nr. 46 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** 1. Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Gullbringusýslu, sem ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringusýslu og sýslumannsins í Kjósarsýslu.

2. Eignaskipti og skuldaskil, sem leiðir af tilfærslu hreppa á milli sýslnanna, skulu fara fram hið fyrsta. Rísi ágreiningur, sker félagsmálaráðherra úr.

**1907** Nr. 77 22. nóv.

**Lög um að skipta Húnavatnssýslu í tvö sýslufélög.**[1)2)]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1965, d. 1331.* [2] *Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 92/1989, 20. gr.*

**1985** Nr. 28 4. júní

**Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.**

■ **1. gr.** Vinna skal að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

□ Samheitið ofanflóð er hér eftir notað um snjóflóð og skriðuföll.

■ **2. gr.** Meta skal hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku.

□ Hættumat skal ná til byggðra svæða, svo og annarra svæða sem skipuleggja skal.

□ Taka skal fullt tillit til hættumats við skipulagningu nýrra svæða og skal matið lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu.

■ **3. gr.** Almannavarnir ríkisins skulu annast hættumat, setja reglur[1] um forsendur og aðferðir við gerð þess, um flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra, svo og gerð varnarvirkja.

□ Reglur þessar skulu staðfestar af félagsmálaráðherra.

□ Almannavarnir ríkisins skulu einnig annast gerð neyðaráætlana og sjá um leiðbeiningar og almenningsfræðslu um hættu af ofanflóðum.

[1] *Rg. 347/1988.*

■ **4. gr.** Sérstök nefnd, ofanflóðanefnd, skal vera Almannavörnum ríkisins til ráðuneytis um þessi mál.

□ Almannavarnir ríkisins, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Skipulagsstjórn ríkisins, Veðurstofa Íslands og Viðlagatrygging Íslands tilnefna sinn manninn hver í nefndina. Fulltrúi Almannavarna ríkisins skal vera formaður.

□ Verkefni ofanflóðanefndar er að fjalla um tillögur sem berast og gera endanlegar tillögur til Almannavarna ríkisins um allt sem varðar varnir gegn ofanflóðum.

■ **5. gr.** Veðurstofa Íslands skal annast öflun gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og úrvinnslu úr þeim. Hún skal annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu og gefa út viðvaranir um hana.

■ **6. gr.** Í sveitarfélagi, þar sem hætta er talin á snjóflóðum, sbr. 2. gr., skal sveitarstjórn fela sérstökum starfsmanni að fylgjast með snjóalögum. Skal sá starfsmaður starfa að fyrirmælum Veðurstofu Íslands sem greiðir helming launa hans fyrir þessi störf samkvæmt samkomulagi þar um.

■ **7. gr.** Sveitarstjórn lætur gera tillögu að varnarvirkj-

**1985** Nr. 28 4. júní

um fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi.

□ Ekki má hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum né þétta þá byggð, sem fyrir er á hættusvæðum, fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp.

■ **8. gr.** Tillögur sveitarstjórnar ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun skulu lagðar fyrir Almannavarnir ríkisins og öðlast gildi að fengnu samþykki þeirra og staðfestingu félagsmálaráðherra.

■ **9. gr.** Sveitarstjórnir skulu annast framkvæmdir hver í sínu umdæmi í samræmi við samþykktar áætlanir. Framkvæmdir skulu unnar á grundvelli útboða þar sem því verður við komið. Áður en framkvæmdir hefjast skal liggja fyrir staðfesting ráðherra, sbr. 8. gr.

■ **10. gr.** Stofna skal sérstakan sjóð, ofanflóðasjóð, er sé í vörslu Viðlagatryggingar Íslands. Tekjur sjóðsins skulu vera:

1. 5% af árlegum heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands.
2. Árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni.
3. Aðrar tekjur.

■ **11. gr.** Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 10. gr., skal notað til að greiða kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir:

1. Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats.
2. Greiða má allt að ⅘ hlutum af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki. Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og fasteignum vegna varna telst með framkvæmdakostnaði.
3. Greiða má allt að ⅕ hlutum kostnaðar við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu.

□ Félagsmálaráðherra ákveður úthlutun úr sjóðnum að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins.

■ **12. gr.** Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni og tækjum sem flutt eru sérstaklega til landsins til varna gegn ofanflóðum.

■ **13. gr.** Kostnaður vegna ofanflóðanefndar, sbr. 4. gr., greiðist úr ríkissjóði.

■ **14. gr.** Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

■ **15. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

**1989** Nr. 87 31. maí

## Lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

...[1]

[1] *Greinar 1 – 74 breyta eða fella á brott ýmis lög.*

### XIV. kafli. Um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga.

■ **75. gr.** Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila miðað við stöðu framkvæmda í árslok 1989. Við mat á þessum skuldbindingum ríkissjóðs skal miða við núgildandi lagaákvæði um hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði fyrrgreindra mannvirkja svo og sérsamninga sem gerðir hafa verið við einstök sveitarfélög um skólamannvirki.

□ Þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum, sem unnar eru á árinu 1989, skal þó miðuð við þau framlög sem eru á fjárlögum 1989.

**1989** Nr. 87 31. maí

□ Náist ekki samkomulag milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga eða félagasamtaka hins vegar um kostnaðaruppgjör skv. 1. og 2. mgr. geta aðilar fyrir 1. janúar 1992 lagt málið til endanlegs úrskurðar nefndar sem starfa skal meðan unnið er að kostnaðaruppgjöri samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Nefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af menntamálaráðherra, einum tilnefndum af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og oddamanni tilnefndum af Hæstarétti Íslands. Meiri hluti ræður úrslitum mála, en fáist ekki meiri hluti skal oddamaður skera úr.

□ Um skiptingu fjár samkvæmt þessari grein skal fara eins og mælt verður fyrir um í fjárlögum fyrir árin 1990 – 1993, enda verði greiðslu lokið að fullu á því árabili.

□ Menntamálaráðherra setur reglugerð í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd þessarar greinar.

### XV. kafli. Gildistaka.

■ **76. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt falla úr gildi önnur þau lagaákvæði en að framan eru talin sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

□ Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt.

# III. b. Kaupstaðir og kauptún.

**1964** Nr. 19 21. maí

## Skipulagslög.[1]

[1] *Augl. um fyrirmynd að byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur, 23/1967. Skipulagsreglugerð 318/1985.*

### I. kafli. Um stjórn skipulagsmála.

■ **1. gr.** [Umhverfisráðuneytið][1] fer með stjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum.

□ Ráðuneytinu til aðstoðar eru skipulagsstjórn ríkisins og skipulagsstjóri. Í skipulagsstjórn ríkisins eiga sæti 5 menn: Húsameistari ríkisins, vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri, svo og tveir menn skipaðir af ráðherra til fjögurra ára eftir almennar sveitarstjórnarkosningar, annar eftir tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, en hinn án tilnefningar. Varamenn hinna tveggja síðasttöldu skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin kýs sér sjálf formann, varaformann og ritara til fjögurra ára í senn.

□ Verkefni skipulagsstjórnar er að ganga frá skipulagsuppdráttum, er berast til staðfestingar, eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu, þar sem hún telur þess þörf, vera opinberum aðilum til ráðuneytis um allt, sem skipulagsmál varðar, og fara að öðru leyti með stjórn skipulagsmála eftir því, sem segir í lögum þessum. Ef ágreiningur verður milli aðila, sem fara með stjórn skipulagsmála, þ. e. skipulagsstjórnar ríkisins og sveitarstjórnar, sker ráðherra úr, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í lögum þessum.

□ Ráðherra ákveður skipulagsstjórn laun, sem greiðast ásamt öllum kostnaði við störf hennar, úr ríkissjóði.

[1] *L. 47/1990, 14. gr. Öðlast gildi 1. jan. 1991.*

■ **2. gr.** Ráðherra skipar skipulagsstjóra ríkisins að

fengnum tillögum skipulagsstjórnar. Hann fer í umboði ráðuneytisins og skipulagsstjórnar með framkvæmdir í skipulagsmálum eftir því, sem lög þessi ákveða.

☐ Skipulagsstjóri sér um mælingar, gerð skipulagsuppdrátta og endurskoðun þeirra í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Hann getur þó leyft, að slíkar mælingar og gerð skipulagsuppdrátta séu falin sérmenntuðum mönnum, er starfi í samráði við hann. Hann ákveður í samráði við skipulagsstjórn, að hvaða skipulagsverkefnum skuli unnið hverju sinni.

☐ Skipulagsstjóri hefur umsjón með því, að hvarvetna sé farið eftir gildandi skipulagi. Hann skal fylgjast með störfum byggingarnefnda. Skipulagsstjóri skal sitja fundi skipulagsstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Honum er heimilt með sama hætti að sitja fundi byggingarnefnda.

☐ Nú telur skipulagsstjóri, að byggingarleyfi brjóti í bága við samþykkt eða fyrirhugað skipulag, og skal hann þá leita úrskurðar ráðherra um, hvort það skuli fellt úr gildi. Ef skipulagsstjóri leitar úrskurðar samkvæmt framansögðu, er óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum samkvæmt nefndu byggingarleyfi, unz úrskurður ráðherra liggur fyrir, en leita skal ráðherra áður umsagnar skipulagsstjórnar og viðkomandi sveitarstjórnar, sem skulu senda umsagnir sínar innan hæfilegs frests, sem ráðherra tiltekur.

☐ Skipulagsstjórn og skipulagsstjóri skulu árlega gefa ráðuneytinu skýrslu um störf sín.

☐ Laun skipulagsstjóra, svo og annar kostnaður við störf hans, svo sem laun starfsmanna hans, skrifstofu- og ferðakostnaður, greiðist úr ríkissjóði.

■ **3. gr.** Nú hagar svo til, að skipulag í einu sveitarfélagi er, að dómi skipulagsstjórnar, svo háð skipulagi í nærliggjandi sveitarfélagi, eða í fleiri nærliggjandi sveitarfélögum, að nauðsyn beri til þess að gera að einhverju leyti sameiginlegt skipulag fyrir þessi sveitarfélög, og getur ráðherra þá ákveðið, að samvinnunefnd verði skipuð til þess að gera tillögur um skipulag, sem að þessu leyti er sameiginlegt fyrir sveitarfélögin.

☐ Sveitarstjórnir þær, er hlut eiga að máli, skipa hvor eða hver um sig tvo menn í samvinnunefnd, en skipulagsstjórn skipar einn mann í nefndina, og skal hann vera formaður hennar.

☐ Skipulagsstjórn skal aðstoða nefndina við störf sín eftir þörfum.

☐ Samvinnunefnd getur með samþykki skipulagsstjórnar leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar, sem þörf krefur.

☐ Ráðherra setur nefndinni starfsreglur[1] og ákveður kjörtíma hennar, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

[1] *Reglur 144/1965 (Reykjavík og nágrenni), 109/1978 (Keflavík, Njarðvík og Keflavíkurflugvöllur), 223/1984 (Eyjafjarðarsvæði), 202/1985 (Suðurnes), 49/1989 (Þingvalla-, Grafnings- og Grímsneshreppur), 399/1989 (Akranes og sveitarfélög sunnan Skarðsheiðar).*

## II. kafli. Um skipulagsskyldu og eftirlit með framkvæmd hennar.

■ **4. gr.** [Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, aðrar en byggingar á lögbýlum, skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

☐ Gera skal skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar, að þéttbýli rísi.

☐ Þegar sótt er um leyfi til byggingar á lögbýlum, skal fylgja leyfisumsókn til byggingarnefndar auk byggingaruppdrátta afstöðuuppdráttur, þar sem sýndar eru byggingar, sem fyrir eru, og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Á afstöðuuppdrætti skal ennfremur sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg. Þá skulu ennfremur sýndar vatnslagnir og holræsalagnir að og frá býli.

☐ Ráðherra getur að fengnum tillögum skipulagsstjórnar látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.][1]

[1] *L. 31/1978, 1. gr.*

■ **5. gr.** Á skipulagsskyldu svæði skulu allar byggingar og önnur mannvirki gerð í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt. Þess skal og gætt, að öllum lögnum rafmagnsveitna, síma, vatnsveitna o. s. frv. sé hagað í samræmi við hann. Sveitarstjórn (byggingarnefnd) ber að sjá um, að svo sé gert.

☐ [Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi af sveitarfélagi eða af hluta þess, sbr. 4. gr., eða af skipulagsskyldum stað og getur þá sveitarstjórn (byggingarnefnd), að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt. Leyfi fyrir slíkum byggingum getur sveitarstjórn bundið tilteknum skilyrðum, sbr. 2. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 4. gr.][1]

[1] *L. 31/1978, 2. gr.*

■ **6. gr.** Nú er bygging eða gerð mannvirkis hafin á skipulagsskyldu svæði, án þess að tilskilin leyfi séu fengin, eða á annan hátt byggt en leyfi stendur til og skipulag gerir ráð fyrir, og skal sveitarstjórn (byggingarnefnd) þá hlutast til um, að framkvæmdir verði þegar stöðvaðar og fjarlægt það, sem byggt kann að hafa verið án leyfis. Gerist þess þörf, skal leitað til hlutaðeigandi yfirvalds, og skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

☐ Sveitarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd yfirvalds, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn. Sveitarsjóður á forgangsveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í því efni, sem komið er í hina ólöglegu byggingu.

☐ Nú kemur í ljós, að skipulagsákvæði eru brotin, og sveitarstjórn beitir ekki valdi sínu til að leiðrétta það, og skal þá ráðuneytið, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, hlutast til um, að mannvirki, sem tvímælalaust brjóta í bág við gildandi skipulag, verði fjarlægð á kostnað sveitarsjóðs.

## III. kafli. Um mælingar skipulagsskyldra staða.

■ **7. gr.** Á öllum skipulagsskyldum stöðum skal mæla svæði það, sem byggð nær yfir, og eigi minna land umhverfis en ætla má, að fullnægi eðlilegum vexti byggðarinnar næstu 25 ár.

☐ Skipulagsstjóri ákveður í samráði við skipulagsstjórn, hvar mælingar og endurskoðun eldri mælinga skuli fram fara hverju sinni.

■ **8. gr.** Eigendum (umráðamönnum) lands og lóða er skylt að leyfa mælingamönnum umferð um lönd og lóðir eftir því, sem þörf krefur, vegna mælinga og leyfa þeim að setja föst merki (hæðarmerki á hús og merki á jörðu), þar sem slíkt er nauðsynlegt, enda sé það ekki til lýta eða tjóns.

1964 Nr. 19 21. maí

■ **9. gr.** Um gerð og frágang uppdrátta samkvæmt þessum kafla fer eftir reglugerð,[1] sem ráðherra setur.

[1] *Rg. 18/1922.*

**IV. kafli. Um gerð skipulagsuppdrátta.**

■ **10. gr.** Á skipulagsuppdrætti, samkvæmt 4. gr., skal sýna aðalumferðaræðar, skiptingu fyrirhugaðrar byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, hafnarhverfi og opin svæði, svo og staðsetningu nauðsynlegra bygginga til almenningsþarfa o. s. frv. Þar skal einnig gera grein fyrir nýtingarhlutfalli, sbr. 13. gr.

☐ Heimilt er skipulagsstjórn með samþykki sveitarstjórnar að fresta ákvörðun um skipulagningu hluta af landssvæði skipulagsskylds staðar, og skal þá auðkenna slíkt svæði sérstaklega. Slík ákvörðun getur gilt allt að 10 ár í senn, en að loknum þeim tíma skal tekið til nýrrar athugunar, hvort ráðizt skuli í skipulagningu þessa svæðis að nokkru eða öllu leyti.

☐ Ef ekki næst samkomulag milli skipulagsstjórnar og sveitarstjórnar um það, hvort nota skuli heimild til frestunar, samkvæmt 2. mgr., sker ráðherra úr, en leita skal hann áður umsagnar beggja aðila.

☐ Sveitarstjórn skal láta þinglýsa slíkum ákvörðunum sem kvöðum á þær eignir, sem ákvarðanirnar taka til. Slík skjöl skulu undanþegin gjöldum í ríkissjóð og sveitarsjóð.

■ **11. gr.** Þar sem gerður hefur verið skipulagsuppdráttur, skv. 10. gr., skal, þar sem þörf krefur, einnig gera séruppdrætti að skipulagi einstakra bæjarhverfa.

☐ Á séruppdrætti skal gerð nánari grein fyrir skipulaginu í einstökum atriðum, svo sem legu og breidd gatna, breidd akbrauta og gangstétta, lóðamörkum, staðsetningu bygginga, stærð þeirra og hæð. Þar má og kveða nánar á um gerð húsa og útlit eftir því, sem ástæða þykir til.

☐ Á séruppdrætti er heimilt að víkja nokkuð frá meginreglum skipulagsuppdráttar, samkvæmt 10. gr., að því er varðar einstök atriði skipulags, þó því aðeins, að með því verði ekki raskað að verulegu leyti nýtingarhlutfalli því, sem ákveðið hefur verið í hverfinu samkvæmt 13. gr.

■ **12. gr.** Nú er ákveðið að beita ákvæðum 3. gr. um svæðaskipulagningu, og skal þá gera uppdrátt af því svæði, sem um er að ræða, svo sem fyrir er mælt í 10. gr., eftir því sem þörf krefur.

☐ Ef talið er æskilegt að fresta um tiltekið árabil, þó ekki lengur en 10 ár í senn, ákvörðun um skipulagningu hluta af svæðinu, skal auðkenna það sérstaklega á uppdrætti. Er þá óheimilt að reisa á svæðinu nokkur varanleg mannvirki, nema sérstök heimild skipulagsstjórnar komi til. Heimilt er þó sveitarstjórn í samráði við skipulagsstjóra að leyfa byggingar á svæðinu, ef hún telur slíkt nauðsynlegt vegna atvinnurekstrar, sem þar er fyrir. Binda má leyfi því skilyrði, að umrætt mannvirki verði fjarlægt sveitarsjóði að kostnaðarlausu, þegar þess verður krafizt.

☐ Þinglýsa má slíkum ákvörðunum sem kvöðum á þeim eignum, sem ákvarðanir taka til. Skulu slík skjöl undanþegin gjöldum í ríkissjóð og sveitarsjóð.

☐ Samvinnunefndin skal sérstaklega auðkenna þau svæði, sem hún telur heppilegast að skipulögð verði endanlega og gerð byggingarhæf á næstu 10 árum frá því að uppdrátturinn tekur gildi.

☐ Í reglugerð má kveða nánar á um gerð slíkra uppdrátta, sbr. og 13. gr.

■ **13. gr.** Ráðherra skal, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, setja reglugerð[1] um gerð skipulagsuppdrátta, samkv. 10. og 11. gr.

☐ Þar skal m. a. ákveðið um mælikvarða og frágang uppdrátta, og hver greinargerð fylgja skuli uppdrætti. Einnig skal þar ákveðið, hvaða lágmarkskröfur gera skuli um fjölda opinna bifreiðastæða, er fylgja hverju húsi eða byggingarreit, og skal í því efni miða við notkun þess, svo og um stærð leiksvæða fyrir börn á lóðum íbúðarhúsa og athafnasvæði fyrir íbúa að öðru leyti. Enn fremur skal þar kveðið á um lágmarksfjarlægð milli húsa, og skal í því efni við það miðað, að í íbúðarhverfum njóti fullnægjandi birtu á aðalsólarhlið húss. Þá skal og kveða þar á um nýtingarhlutfall í hinum ýmsu hverfum, en nýtingarhlutfall er hlutfallið milli samanlagðs gólffletar húss og lóðarstærðar. Ákveða má, að auðkenndir skuli sérstaklega á uppdrætti þeir staðir, sem eru áberandi, t. d. við torg og aðalgötur, og sé leyfi til byggingar þar bundið samþykki skipulagsstjórnar.

☐ [Þá skal kveða á um, að hið skipulagða svæði geri fötluðu og öldruðu fólki auðvelt að komast leiðar sinnar og að tekið skuli að öðru leyti tillit til sérþarfa þess, svo sem varðandi götur, gangstéttir, bifreiðastæði og staðsetningu íbúðarhúsa, sem sérstaklega eru ætluð þessu fólki.][2]

[1] *Rg. 318/1985 (skipulagsrg.).* [2] *L. 31/1978, 3. gr.*

■ **14. gr.** Skipulagsstjórn getur með samþykki ráðherra látið fram fara opinbera samkeppni um skipulag ákveðins sveitarfélags, hluta þess eða svæðis, sem nær að nokkru leyti eða öllu yfir tvö sveitarfélög eða fleiri. Áður en slík samkeppni er ákveðin, skal skipulagsstjórn leita umsagnar þeirra sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli.

☐ Um samkeppnina skal fara eftir þeim samkeppnisreglum, er skipulagsstjórn samþykkir, en að öðru leyti sker ráðherra úr vafaatriðum, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

■ **15. gr.** Þegar skipulagsstjórn hefur samþykkt tillögu að skipulagsuppdrætti, samkvæmt 10. gr. (svo og 11. gr. að því leyti sem slíkt er nauðsynlegt), skal tillagan send viðkomandi sveitarstjórn (sveitarstjórnum) til umsagnar. Sveitarstjórn skal láta í té umsögn sína innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé settur. Ef umsögn berst ekki innan tiltekins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.

■ **16. gr.** Þegar samvinnunefnd hefur lokið tillögu um skipulag ásamt rökstuddri greinargerð fyrir henni, skal hún senda málið til meðferðar skipulagsstjórnar.

☐ Nú fellst skipulagsstjórn á skipulagstillöguna og skal tillagan þá send til umsagnar þeirra sveitarfélaga, sem hún tekur til. Sveitarstjórn skal láta í té umsögn innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé veittur. Ef umsögn berst ekki innan tilskilins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.

☐ Ef sveitarstjórn gerir breytingartillögur og samvinnunefnd getur ekki á þær fallizt, þá skal skipulagsstjóri boða til fundar samvinnunefndar og fulltrúa þeirra sveitarstjórna, sem um málið hafa fjallað að því leyti, sem málið geti varðað viðkomandi sveitarstjórn. Náist ekki samkomulag þar, ákveður skipulagsstjórn, hvort tillagan skuli lögð fram.

☐ Nú hefur verið gerður skipulagsuppdráttur og ákveður skipulagsstjórn þá, hvort taka skuli athugasemdir sveitarstjórna til greina að einhverju eða öllu leyti.

1964 Nr. 19 21. maí

## V. kafli. Um framlagningu skipulagstillagna, samþykkt þeirra og staðfestingu.

■ **17. gr.** Nú ákveður skipulagsstjórn að leggja skipulagstillögu, samkvæmt 15. og 16. gr., fram opinberlega, og skal hún þá auglýsa slíkt á þann hátt, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á umræddum stað. Skal þar tilgreint yfir hvaða svæði tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hve lengi, en það má eigi vera skemur en 6 vikur, hvert skila skuli athugasemdum við tillöguna og innan hvers frests, en hann má eigi vera skemmri en 8 vikur frá birtingu auglýsingar, og jafnframt skal tekið fram, að þeir, sem eigi geri athugasemdir innan tilskilins frests, teljist samþykkja tillöguna.

□ Skipulagsstjórn getur falið sveitarstjórn að annast framlagningu tillagna og auglýsinga, samkvæmt 1. mgr.

■ **18. gr.** Athugasemdum við skipulagstillögu skal skilað til sveitarstjórnar.

□ Sveitarstjórn skal innan 8 vikna, nema skipulagsstjórn ákveði lengri frest, senda skipulagsstjórn athugasemdir þær, er borizt hafa, ásamt umsögn sinni um hverja athugasemd og endanlega umsögn um uppdráttinn.

□ Hafi samvinnunefnd fjallað um skipulagstillöguna, skal leitað umsagnar hennar um athugasemdirnar.

□ Skipulagsstjórn gengur síðan endanlega frá uppdrættinum og sendir hann ráðherra til staðfestingar.

□ Þegar ráðherra hefur staðfest uppdrátt, skal það birt í Stjórnartíðindum ásamt greinargerð skipulagsstjórnar um mörk hins skipulagða svæðis og annað, er hún telur máli skipta.[1)]

[1)] *T. d. augl. 432/1988 (Selfoss), 252/1982 (Dalvík), 425/1982 (Hveragerði), 794/1982 (Hafnarfjörður).*

■ **19. gr.** Nú telur skipulagsstjórn eða sveitarstjórn, að endurskoða eða breyta þurfi staðfestum skipulagsuppdrætti, og fer þá um málsmeðferð, skv. 15. – 18. gr., eftir því, sem við á hverju sinni.

□ Byggingarframkvæmdir á þeim svæðum, sem óskað er breytingar skipulags á, eru þá háðar ákvæðum 2. mgr. 5. gr., sbr. 6. gr., unz endurskoðun eða breytingu skipulagsins er lokið.

□ Nú óskar sveitarstjórn, að gerðar verði breytingar á staðfestum skipulagsuppdrætti, er séu það óverulegar, að ekki sé talin ástæða til meðferðar, samkvæmt 1. mgr., og skal þá gera tillögu til skipulagsstjórnar um breytingarnar.

□ Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um það, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Ef skipulagsstjórn fellst á breytinguna, staðfestir hún hana, tilkynnir hana ráðuneytinu, sem sér um, að frá henni verði skýrt í Stjórnartíðindum.

■ **20. gr.** Heimilt er sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar að fresta um ákveðið árabil, þó ekki lengur en 10 ár í senn, staðfestingu skipulagsuppdráttar ákveðins svæðis, samkvæmt 10. (og 11. gr.), enda sé land það, sem uppdrátturinn tekur til, að öllu leyti í eigu sveitarfélagsins eða aðila, sem samþykkja þá tilhögun.

□ Þá er sveitarstjórn með sama hætti heimilt að fresta staðfestingu, ef sérstök óvissa ríkir um þýðingarmikil atriði, sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

□ Þegar svo stendur á, sem í 1. mgr. segir, er heimilt að falla frá þeirri opinberu auglýsingu og birtingu skipulagstillagna, sem um ræðir í þessum kafla.

□ Pótt uppdráttur hljóti ekki staðfestingu, samkvæmt 1. mgr., er sveitarstjórn (byggingarnefnd) skylt að fara eftir honum, og verður honum ekki breytt, nema gætt sé reglna 19. gr., eftir því sem við á.

■ **21. gr.** Nú hefur skipulag hlotið staðfestingu, en lóðaskipting á tilteknum byggingarreit eða hluta hans er að dómi skipulagsstjórnar svo óhentug, að miklum erfiðleikum er bundið eða ekki unnt að byggja samkvæmt því, nema breyting á lóðamörkum komi til, og skal hún þá gera tillögu um nýja lóðaskiptingu. Ef sveitarstjórn samþykkir lóðaskiptinguna, skal hún leita samkomulags við lóðaeigendur um nauðsynlegar breytingar.

□ Ef ekki næst samkomulag, getur sveitarstjórn látið fram fara eignarnám í samræmi við ákvörðun sína.

■ **22. gr.** Nú er lóð á skipulögðum reit að dómi skipulagsstjórnar svo óheppilega löguð eða svo lítil, að ekki megi nýta til bygginga samkvæmt skipulagi, og má þá ákveða, að hún verði lögð við aðra lóð eða lóðir.

□ Ef eigendur verða ekki ásáttir um eignarhlutdeild í hinni nýju lóð, skal úr þeim ágreiningi skorið með mati dómkvaddra manna.

## VI. kafli. Um framkvæmd skipulags eldri hverfa.

■ **23. gr.** Nú telur sveitarstjórn rétt að beita sér fyrir því, að hafizt verði handa um endurbyggingu byggingarreits eða hluta af honum í samræmi við staðfest skipulag, og skal þá gerð um það sérstök ályktun.

□ Ályktun þessi skal tilkynnt skriflega eigendum (umráðamönnum) fasteigna á umræddu svæði. Nú telur sveitarstjórn vafa leika á því, hverjum tilkynna skuli, og skal þá jafnframt birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði einu sinni. Skulu aðilar innan frests, sem sveitarstjórn ákveður og eigi má vera skemmri en fjórar vikur, tilkynna skriflega, hvort þeir óski að taka að sínu leyti þátt í endurbyggingunni og hefjast handa innan þess tíma, sem sveitarstjórn tiltekur.

□ Þegar sveitarstjórn hefur kynnt sér, hverjar undirtektir ályktunin hefur fengið, ákveður hún, hvort málinu skuli haldið áfram að sinni.

□ Ef ákveðið verður að halda áfram, skal tilkynna aðilum þá ákvörðun og jafnframt boða til sameiginlegs fundar þeirra. Skal í þeirri tilkynningu tekið fram, að verði af félagsstofnun um málið, megi þeir, sem ekki gerast þátttakendur, vænta þess, að fasteign (fasteignir) þeirra á svæðinu verði tekin eignarnámi af sveitarstjórn.

□ Heimilt er sveitarstjórn að binda eignarnám því skilyrði, að þeir, sem eru aðilar, skuldbindi sig til að kaupa viðkomandi eignir fyrir það verð, er sveitarsjóður verður að hlíta, þannig að hann verði skaðlaus.

□ Skylt er sveitarstjórn að bjóða aðilum, sem tjáð hafa sig fylgjandi félagsstofnun, forkaupsrétt. Ef fleiri en einn óska að neyta forkaupsréttar, sker sveitarstjórn úr, hverjum selja skuli. Ef forkaupsréttur er ekki notaður, getur sveitarsjóður selt hverjum þeim, sem gengst undir skuldbindingar um þátttöku í endurbyggingu með þeim skilmálum, sem sveitarstjórn setur.

■ **24. gr.** Þegar þannig hefur verið gengið frá, að allir eigendur fasteigna á viðkomandi byggingarreit eða hluta byggingarreits hafa lýst sig reiðubúna að hefja byggingarframkvæmdir, skal fara fram mat, framkvæmt af dómkvöddum matsmönnum, ef eigendur verða ekki sammála um verð eignanna.

□ Kostnaður við matið skal greiddur úr sveitarsjóði, en heimilt er að endurkrefja eigendur viðkomandi fasteigna um helming kostnaðarins miðað við eignarhluta hvers um sig. Um framkvæmd mats fer eftir reglum laga nr. 61/1917.[1)]

[1)] *Nú l. 11/1973.*

■ **25. gr.** Ef aðilar verða ekki ásáttir um annað félagsform, skal stofnað hlutafélag, og hefur sveitarstjórn forgöngu um þá stofnun.

□ Hlutdeild hvers um sig í hlutafélaginu skal miða við það lóðarandvirði (matsverð), sem hann leggur fram. Andvirði mannvirkja, sem á reitnum eru, og nauðsynlegt verður að fjarlægja, svo og niðurrifskostnað, skal telja til byggingarkostnaðar, nema öðruvísi semjist milli aðila.

**VII. kafli. Um forkaupsrétt, eignarnám og skaðabætur.**

■ **26. gr.** Sveitarstjórn getur með sérstakri samþykkt[1)] áskilið sveitarfélagi forkaupsrétt að lóðum og öðrum fasteignum innan sveitarfélagsins, ef hún telur slíkt nauðsynlegt af skipulagsástæðum. Um meðferð slíkra mála fer eftir ákvæðum laga nr. 22/1932.

[1)] *T. d. samþ. 385/1985 (Neskaupstaður), 397/1989 (Stykkishólmur), 156/1985 (Hveragerði), 314/1985 (Suðureyrarhreppur), 438/1986 (Súðavíkurhreppur), 344/1986 (Svalbarðsstrandarhreppur), 499/1986 (Akranesskaupstaður), 488/1988 (Keflavíkurkaupstaður), 398/1989 (Ísafjarðarkaupstaður), 46/1989 (Hafnarfjörður), 72/1989 (Kópavogskaupstaður).*

■ **27. gr.** Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki ráðherra, að taka eignarnámi landsvæði (fasteignir) innan sveitarfélagsins, ef skipulagsstjórn telur það nauðsynlegt vegna fyrirsjáanlegrar og eðlilegrar þróunar sveitarfélagsins.

■ **28. gr.** Heimilt er sveitarstjórn að taka einstakar fasteignir eða hluta fasteignar eignarnámi, ef þess gerist nauðsyn vegna framkvæmda á staðfestu skipulagi.

■ **29. gr.** Skaðabætur vegna framkvæmda á skipulagi skulu því aðeins greiddar, að um eignarnám sé að ræða, samkvæmt lögum þessum, eða svo sé ástatt, sem segir í grein þessari.

□ Nú gerir staðfest skipulag ráð fyrir því, að lóð rýrni svo mjög, að hún verði illa nothæf til byggingar, að dómi dómkvaddra manna, og skal þá greiða bætur, ef eigandi (umráðamaður) getur sýnt fram á, að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum. Bætur mega nema heildarandvirði eignarinnar, ef krafizt verður, að sveitarfélag taki við henni allri, en slíkt er þó því aðeins skylt, að sá hluti lóðar, sem eftir verður, sé að dómi dómkvaddra manna ónothæfur til byggingar.

□ Nú er ákveðin á staðfestum skipulagsuppdrætti tiltekin lega götu eða vegar eða að tiltekið svæði skuli tekið til almenningsnota, og slíkt veldur því, að dómi dómkvaddra manna, að eigandi fasteignar getur ekki nýtt hana eins og eðlilegt er miðað við allar aðstæður, m. a. hagnýtingu fasteigna í næsta nágrenni, og á hann þá rétt á bótum. Ef eigandi krefst, er sveitarstjórn skylt að kaupa eignina fullu verði.

□ Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skal taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem þær hafa í för með sér á viðkomandi eign. Ef talið er, að verðhækkunin sé jafnmikil eða meiri en bótaskylt tjón, skal engar bætur greiða. Enn fremur ber að miða við eftirtalin atriði í sambandi við ákvörðun bóta: Hvort nýtt skipulag hefur áhrif nú þegar eða síðar á verðmæti eignarinnar, hverjar kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsahæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna, opin svæði o. s. frv., að því er snertir sambærilegar eignir, enn fremur hvort skipulagið gerir viðhorf fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðara eða óhagstæðara en áður var o. s. frv. Þá ber og að miða við þann arð, sem telja má, að eðlileg notkun eignarinnar gefi af sér.

□ Sá, sem telur sig eiga rétt á bótum, samkvæmt þessari grein, skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar innan tilskilins frests, sem sveitarstjórn ber að auglýsa með þeim hætti, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á hverjum stað. Fresturinn má ekki vera skemmri en 8 vikur.

□ Sveitarstjórn annast um, að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur samkvæmt þessari grein. Allar bætur samkvæmt lögum þessum skulu greiddar úr sveitarsjóði. Um framkvæmd mats fer samkvæmt lögum nr. 61/1917.[1)]

[1)] *Nú l. 11/1973.*

■ **30. gr.** Nú er land í einkaeign og eigandi óskar, að því eða hluta þess verði breytt í byggingarlóðir, samkvæmt gildandi skipulagi, og skal sveitarstjórn slíkt heimilt, enda láti landeigandi endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið til almenningsþarfa, t. d. gatna, leikvalla o. s. frv., sem svarar ⅓ af heildarflatarmáli þeirra byggingarlóða, sem heimild sveitarstjórnar nær til. Ef landeigandi ræður ekki yfir nægu landi umfram lóð eða lóðir, getur sveitarstjórn heimilað, að hann leysi sig undan kvöð þessari með því að greiða andvirði þess, sem á vantar, samkvæmt mati dómkvaddra manna.

□ Sveitarstjórn getur frestað því að nota heimild, samkvæmt 1. mgr., þar til gerðar hafa verið fullnægjandi götur og holræsi, þannig að lóðir séu byggingarhæfar. Hún getur bundið slíka heimild því skilyrði, að greitt verði tiltekið gjald í sveitarsjóð, og fer um upphæð gjaldsins eftir gjaldskrá, er sveitarstjórn semur og ráðherra staðfestir. Skal upphæðin við það miðuð, að landeigandi greiði allt að ⅘ áætlaðs kostnaðar við gerð gatna og holræsa. Þegar þeir, sem hlut eiga að máli, hafa greitt gjaldið, er sveitarstjórn skylt að hefja framkvæmdir og ljúka þeim innan hæfilegs tíma. Greiðslur samkvæmt þessari gjaldskrá má innheimta með lögtaki, ef þörf krefur.

**VIII. kafli. Um lóðaskrá o. fl.**

■ **31. gr.** Óheimilt er á skipulagsskyldum stöðum að skipta löndum og lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum, nema samþykki sveitarstjórnar komi til, og getur hún krafizt þess, að gerður sé fullnægjandi uppdráttur af landi, er skipta skal.

□ [Innan skipulagsskyldra staða getur sveitarstjórn, að fengnu samþykki skipulagsstjórnar, bannað efnistöku, grjótnám eða annan verulegan tilflutning eða brottnám jarðarefna, ef líklegt má telja, að það valdi röskun lands, sem leitt getur af sér uppblástur eða valdið verulegum erfiðleikum við framkvæmd skipulags, sem þegar hefur verið ákveðið, eða við væntanlega gerð skipulagsuppdrátta af svæðinu og framkvæmd síðar. Sömuleiðis getur sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar sett það skilyrði fyrir því að falla frá slíku banni, að landsvæði það, sem efni er tekið úr, verði að framkvæmdum loknum lagfært eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og krafizt hæfilegra trygginga fyrir efndum.][1)]

[1)] *L. 25/1972, 1. gr.*

1964 Nr. 19 21. maí

1964 Nr. 19 21. maí

■ **32. gr.** Ráðuneytið getur ákveðið, að sveitarstjórn á skipulagsskyldum stað láti á kostnað sveitarsjóðs gera lóðaskrá, þar sem tilgreind skulu öll lönd og lóðir innan sveitarfélagsins eða tiltekins hluta þess. Í reglugerð skal kveða nánar á um gerð lóðaskrár.

**IX. kafli. Um greiðslu kostnaðar o. fl.**

■ **33. gr.** Kostnaður við mælingar, sem skipulagsstjóri framkvæmir, skal greiddur úr ríkissjóði. Skylt er sveitarfélagi að endurgreiða helming slíks kostnaðar vegna mælinga, sem framkvæmdar eru í þess þágu.

□ Ef sveitarfélag annast mælingar, skal kostnaður við þær mælingar greiddur úr sveitarsjóði, en skylt er ríkissjóði að endurgreiða helming slíks kostnaðar, enda hafi skipulagsstjórn samþykkt, að sveitarfélagið annaðist mælingarnar. Ef ágreiningur verður um skiptingu kostnaðar, samkvæmt þessari grein, sker ráðherra úr.

■ **34. gr.** Kostnaður við skipulagningu, sem skipulagsstjórn annast, skal greiddur úr ríkissjóði. Skylt er sveitarfélagi að endurgreiða helming slíks kostnaðar vegna skipulagningar, sem framkvæmd er í þess þágu. Sama gildir um kostnað samvinnunefndar, samkvæmt 3. gr. Verði ágreiningur á milli sveitarfélaga um skiptingu kostnaðar, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

□ Nú hefur sveitarstjórn annazt fyrir eigin reikning undirbúning og gerð skipulagsuppdrátta í sínu sveitarfélagi með samþykki skipulagsstjórnar og undir yfirstjórn hennar, og er þá ráðherra heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði helming kostnaðar sveitarstjórnar við slíkar framkvæmdir, þó eigi hærri fjárhæð en nemur helmingi þeirra gjalda, sem greiðast af gjaldskyldum eignum í sveitarfélaginu, samkvæmt 35. gr. laga þessara.

□ [Þá getur skipulagsstjórn heimilað sveitarstjórn að annast á eigin kostnað tiltekið skipulagsverkefni undir yfirstjórn skipulagsstjórnar. Ráðherra er þá heimilt að láta greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar sveitarstjórnar við það verkefni, enda hafi skipulagsstjórn staðfest samning sveitarstjórnar við þann aðila, sem verkefnið tekur að sér, þ. á m. kveðið á um hámarksframlag ríkissjóðs.][1)]

[1)] *L. 41/1972, 1. gr.*

■ **35. gr.** Til þess að standast straum af kostnaði ríkissjóðs af framkvæmd skipulagsmála, samkvæmt lögum þessum, er ráðherra heimilt að ákveða með sérstakri reglugerð,[1)] að innheimt skuli í ríkissjóð sérstakt gjald, skipulagsgjald, sem nema má allt að 3‰ af brunabótaverði hverrar nýbyggingar, sem reist verður á skipulagsskyldum stað, og fellur það í gjalddaga, þegar brunabótavirðing hefur farið fram. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með lögtaki.

□ [Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs.][2)]

[1)] *Rg. 167/1980.* [2)] *L. 42/1974, 1. gr.*

**X. kafli. Refsiákvæði o. fl.**

■ **36. gr.** Brot gegn lögum þessum skulu varða sektum ...[1)] sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála.

□ Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem honum er skylt að vinna samkvæmt lögum þessum, eða það er unnið á annan hátt en fyrir er mælt, getur skipulagsstjórn lagt fyrir hann að vinna það á tilskilinn hátt að viðlögðum allt að [5000][1)] króna dagsektum, er renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með lögtaki.

[1)] *L. 75/1982, 21. gr.*

1964 Nr. 19 21. maí

**Lög um niðurfellingu laga nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.**

1987 Nr. 16 19. mars

■ **1. gr.** Lög nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna, falla úr gildi. Jafnframt skal Lánasjóður sveitarfélaga skv. lögum nr. 35 frá 29. apríl 1966 yfirtaka eignir og skuldir Landkaupasjóðs og það hlutverk sem sá sjóður hafði samkvæmt lögum nr. 54/1981.

■ **2. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar árið 1988.

**Byggingarlög.**

1978 Nr. 54 16. maí

**I. kafli. Gildissvið laganna.**

■ **1. gr.** Lög þessi taka til hvers konar bygginga ofanjarðar og neðan og annarra mannvirkja, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins. Undanþegin ákvæðum þessara laga eru þó götur og vegir, framræsluskurðir, girðingar á lögbýlum, flugbrautir, holræsi, dreifikerfi rafmagns, síma, hitaveitna og vatns, svo og hafnarmannvirki og virkjunarmannvirki að undanskildum húsbyggingum tilheyrandi þessum mannvirkjum.

□ Mannvirki undanþegin ákvæðum þessara laga skulu byggð í samræmi við ákvæði skipulagslaga og laga um náttúruvernd.

□ Leiki vafi á því, hvort mannvirki er háð ákvæðum laga þessara, skal [umhverfisráðuneytið][1)] úrskurða um það.

[1)] *L. 47/1990, 15. gr. Öðlast gildi 1. jan. 1991.*

■ **2. gr.** Þar sem sérstaklega stendur á, getur ráðuneytið, að fenginni umsókn hlutaðeigandi sveitarstjórnar og umsögn skipulagsstjórnar, heimilað sveitarfélagi tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum laganna.

**II. kafli. Yfirstjórn byggingarmála, almenn byggingarreglugerð og byggingarsamþykktir.**

■ **3. gr.** [Umhverfisráðuneytið][1)] fer með yfirstjórn byggingarmála. Ráðuneytinu til aðstoðar eru Skipulagsstjórn ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins og aðrar stofnanir, sem fara með málefni, sem snerta framkvæmd laga þessara.

[1)] *L. 47/1990, 15. gr. Öðlast gildi 1. jan. 1991.*

■ **4. gr.** [Umhverfisráðuneytið][1)] setur almenna byggingarreglugerð[2)] svo og sérreglugerðir með ákvæðum um staðla á ýmsum sviðum byggingariðnaðarins.

□ Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um, hvernig háttað skuli undirbúningi, gerð, tæknilegum frágangi og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja, sem lög þessi taka til. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um þær kröfur, sem gerðar eru varðandi m. a. undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftræstingu, lagnir, birtu, svo og aðra hollustuhætti og eldvarnir, að því leyti sem ekki er kveðið á um slíkt annars staðar. Þá skulu í byggingarreglugerð vera ákvæði um þær lágmarkskröfur, sem gerðar eru varðandi einstaka hluta byggingar og mismunandi tegundir bygginga, umgengni á vinnustöðvum og frágang lóða. Enn fremur skal í byggingarreglugerð kveðið á um réttindi og skyldur byggingarstjóra, starfssvið hönnuða

og iðnmeistara, hversu háttað skuli byggingareftirliti, verksviði byggingarfulltrúa, gjöldum fyrir byggingarleyfi, mælingar, úttektir og vottorð, sem byggingarfulltrúi lætur í té, og hvernig þau skuli innheimt.

☐ Í byggingarreglugerð skal setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar.

☐ Í byggingarreglugerð skal skýra orð og hugtök, sem þar er fjallað um og orkað geta tvímælis, s. s. varðandi stærðir og byggingarstig mannvirkja.

☐ Birta skal hina almennu byggingarreglugerð og sérreglugerðir í B-deild Stjórnartíðinda.

[1] *L. 47/1990, 15. gr. Öðlast gildi 1. jan. 1991.* [2] *Byggingarrg. 292/1979, sbr. 298/1979, 447/1979, 164/1982, 19/1983, 152/1984, 490/1986, 177/1987 og 384/1989.*

■ **5. gr.** Sveitarstjórnum er heimilt að setja í sérstaka byggingarsamþykkt fyllri ákvæði m. a. um stjórn og meðferð byggingarmála, um réttindi og skyldur iðnmeistara og byggingarfulltrúa og starfsreynslu. Til þess að byggingarsamþykkt öðlist gildi, þarf [umhverfisráðuneytið][1] að staðfesta hana að fenginni umsögn skipulagsstjórnar ríkisins. Byggingarsamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

[1] *L. 47/1990, 15. gr. Öðlast gildi 1. jan. 1991.*

## III. kafli. Byggingarnefndir.

■ **6. gr.** Í hverju sveitarfélagi skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd, sbr. þó 2. mgr. Byggingarnefnd skal skipuð 3, 5 eða 7 mönnum eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kýs menn í byggingarnefnd, aðalmenn og varamenn, samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Nefndin skiptir með sér verkum.

☐ Heimilt er sveitarfélagi að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða -félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa, sbr. 24. gr. Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu þá gera með sér samning um stofnun svæðisbyggingarnefndar. Skal þar m. a. kveðið á um tölu nefndarmanna og kosningu þeirra, svo og hvernig skipta skuli kostnaði af störfum nefndarinnar og störfum byggingarfulltrúa. [Umhverfisráðuneytið][1] skal staðfesta slíka samninga og úrskurðar jafnframt ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma.

☐ Starfsmenn sveitarfélaga eru kjörgengir í byggingarnefnd.

☐ Byggingarfulltrúi eða staðgengill hans skal sitja alla fundi byggingarnefndar.

☐ Sveitarstjórn og svæðisbyggingarnefnd geta ákveðið, að starfsmenn sveitarfélags og aðrir opinberir starfsmenn, sem fjalla um byggingar- og skipulagsmál, sitji fundi byggingarnefndar með málfrelsi og tillögurétti.

☐ Skipulagsstjóri ríkisins eða staðgengill hans hefur rétt til setu á fundum byggingarnefnda með málfrelsi og tillögurétti.

[1] *L. 47/1990, 15. gr. Öðlast gildi 1. jan. 1991.*

■ **7. gr.** Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni sveitarfélags undir yfirstjórn sveitarstjórnar og ráðuneytis, sbr. þó 7. mgr. 8. gr.

☐ Byggingarnefnd fjallar um byggingarleyfisumsóknir og hefur umsjón með því, að byggt sé í samræmi við skipulag og að lög og reglur um byggingarmálefni séu haldin.

☐ Byggingarnefnd annast þau störf, sem greinir í lögum þessum og öðrum lögum og reglum um byggingarmálefni.

☐ Enn fremur er sveitarstjórn heimilt að fela byggingarnefnd önnur störf á sviði byggingarmála, s. s. að fjalla um og gera tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál, nöfn gatna, torga og bæjarhluta.



■ **8. gr.** Byggingarnefnd skal halda reglulega fundi a. m. k. mánaðarlega, svo framarlega sem erindi liggja til afgreiðslu. Nefndin ákveður nánar fundardaga, fundartíma og fundarstað. Byggingarnefnd skal halda gerðabók, og skulu viðstaddir fundarmenn undirrita fundargerð hverju sinni.

☐ Byggingarnefnd er ályktunarfær, ef meiri hluti nefndarmanna er mættur á fundi og hefur tekið þátt í afgreiðslu máls. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn með máli og móti, er málið fallið.

☐ Þegar byggingarnefnd fjallar um mál, sem varðar persónulega hagsmuni einhvers nefndarmanns eða manns, sem situr fundi nefndarinnar, skal hann víkja af fundi, meðan það mál er til umræðu og afgreiðslu.

☐ Synji byggingarnefnd byggingarleyfisumsókn, skal nefndin rökstyðja synjunina, sé þess sérstaklega óskað.

☐ Ályktanir byggingarnefndar skal bera undir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef sveitarstjórn samþykkir ályktun byggingarnefndar, öðlast ályktunin gildi, enda sé skilyrðum IV. kafla laga þessara fullnægt.

☐ Hafi sveitarstjórn ekki tekið ályktun byggingarnefndar til afgreiðslu innan 2ja mánaða, frá því að hún var gerð, öðlast ályktunin gildi, enda hafi ákvæðum IV. kafla laganna verið fullnægt.

☐ Rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og byggingarnefndar um afgreiðslu máls, sker [umhverfisráðherra][1] úr, en leita skal hann áður umsagnar skipulagsstjórnar.

☐ Telji einhver rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar eða sveitarstjórnar, er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðar [umhverfisráðherra][1] innan þriggja mánaða, frá því honum varð kunnugt um ályktunina. [Umhverfisráðherra][1] skal kveða upp úrskurð sinn um ágreininginn innan þriggja mánaða frá áfrýjun, og skal hann áður hafa leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar (byggingarnefndar) og skipulagsstjórnar.

[1] *L. 47/1990, 15. gr. Öðlast gildi 1. jan. 1991.*

## IV. kafli. Byggingarleyfisumsóknir og byggingarleyfi.

■ **9. gr.** Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarnefndar.

☐ Framkvæmdir samkvæmt 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deildarskipulag, sbr. 4. gr. 1. mgr. skipulagslaga.

☐ Í sambandi við niðurrif og breytingar á húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða IV. kafla laga nr. 52/1969,[1] um friðun húsa og annarra mannvirkja.

☐ Byggingarleyfi skal vera skriflegt og öðlast gildi, þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi áritað aðaluppdrátt.

2. Þeir, sem ábyrgð bera á byggingarframkvæmdum, hafa undirritað yfirlýsingu, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr.

3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd.

□ Staðfesting á samþykkt byggingarnefndar, skv. 1. tölulið, fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða frá samþykki sveitarstjórnar.

[1] *Nú l. 88/1989, V. k.*

■ **10. gr.** Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli, er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi, eftir því sem þörf er á, nema sérstakur fyrirvari hafi verið gerður á.

■ **11. gr.** Sá, sem óskar leyfis til framkvæmda samkvæmt 9. gr., skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum uppdráttum og skilríkjum, þar með talið samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um, hvaða önnur gögn skuli fylgja byggingarleyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið. Í byggingarreglugerð skal enn fremur kveðið á um, hvaða séruppdrætti skuli gera af mannvirkjum og hvenær þeir skuli hafa borist byggingarfulltrúa.

■ **12. gr.** Rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum hafa arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar, hver á sínu sviði, svo og búfræðikandidatar úr tæknideildum búnaðarháskóla, að því er landbúnaðarbyggingar varðar, enda hafi viðkomandi tveggja ára starfsreynslu að baki. Þeir, sem hlotið hafa til þess rétt, áður en lög þessi gengu í gildi, halda þeim rétti.

□ Réttur samkvæmt 1. mgr. til að gera uppdrætti er háður löggildingu, sem [umhverfisráðherra][1] veitir að fenginni umsögn hlutaðeigandi stéttarfélags og Skipulagsstjórnar ríkisins. Þeir, sem gert hafa uppdrætti í einstökum byggingarnefndarumdæmum fyrir gildistöku laga þessara, halda þeim staðbundnu réttindum. Enn fremur getur ráðherra veitt öðrum en 1. mgr. tekur til slík staðbundin réttindi að fengnum meðmælum viðkomandi byggingarnefndar.

□ Heimilt er að sameina tvö eða fleiri starfssvið varðandi séruppdrætti fyrir einföld mannvirki.

□ Uppdrættir skulu bera með sér, hverjir hafa gert þá. Sá, sem gerir aðaluppdrátt, skal að öðru jöfnu sjá um, að aðrir uppdrættir séu samræmdir.

□ Þeir, sem aðaluppdrætti gera samkvæmt þessari grein, svo og þeir, sem gera séruppdrætti, hver á sínu sviði, skulu árita uppdrættina með eigin hendi og bera á þeim ábyrgð.

□ Byggingarfulltrúum og starfsmönnum þeirra er óheimilt að gera uppdrætti að byggingum í hlutaðeigandi byggingarnefndarumdæmi, nema sérstaklega standi á, enda hafi byggingarnefnd fyrir fram veitt til þess samþykki sitt.

□ Varðveita skal a. m. k. eitt eintak af öllum samþykktum uppdráttum af samþykktum byggingarmannvirkjum (aðaluppdráttum og séruppdráttum) í skjalasafni byggingarfulltrúa. Enn fremur skulu áritaðir uppdrættir jafnan vera aðgengilegir á byggingarstað.

□ Í reglugerð skal nánar kveðið á um þau atriði, sem um ræðir í þessari grein.

[1] *L. 47/1990, 15. gr. Öðlast gildi 1. jan. 1991.*

■ **13. gr.** Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að reisa vinnuskúra, vinnuskúrasamstæður og verksmiðjuframleidd hús, enda fullnægi þau ákvæðum gildandi laga. Ákvæði V. kafla laga þessara gilda um slík mannvirki, eftir því sem við á.

□ Seljandi ber ábyrgð á göllum á verksmiðjuframleiddum húsum eftir almennum reglum.

1978 Nr. 54 16. maí

■ **14. gr.** Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda, sem brjóta í bága við skipulag og ákvæði laga og reglugerða eða rétt annarra.

■ **15. gr.** Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef byggingarframkvæmdir eru ekki hafnar innan 12 mánaða, frá því leyfið var gefið út. Byggingarframkvæmdir teljast hafnar í þessu sambandi, þegar undirstöður hafa verið steyptar. Nú stöðvast byggingarframkvæmdir eitt ár eða lengur og getur byggingarnefnd þá fellt úr gildi þann hluta leyfisins, sem ekki er farið að nota.

□ Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta, getur sveitarstjórn, að fengnum tillögum byggingarnefndar, með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. 36. gr., eða tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Sveitarstjórn er heimilt að setja strangari ákvæði um byggingarhraða.

**V. kafli. Umsjón með byggingarframkvæmdum.**

■ **16. gr.** Heimilt er við gerð hvers mannvirkis að hafa einn ábyrgan aðila, sem nefnist byggingarstjóri. Byggingarnefnd veitir byggingarstjórum viðurkenningu.

■ **17. gr.** Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks í samráði við eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Sama gildir um uppsögn iðnmeistara. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir lögum og samningi þeirra.

■ **18. gr.** Byggingarstjóri ber ábyrgð gagnvart byggingarnefnd og öðrum aðilum á því, að framkvæmdir séu í samræmi við samþykkta uppdrætti og að öðru leyti í samræmi við lög.

□ Byggingarstjóri skal, áður en byggingarframkvæmdir hefjast, undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

□ Nánari ákvæði um réttindi og skyldur byggingarstjóra skulu sett í reglugerð.

■ **19. gr.** Ákvæði 16. – 18. gr. hagga í engu réttindum og skyldum byggingariðnaðarmanna, sveina og meistara, samkvæmt lögum um iðju og iðnað og öðrum lögum.

□ Iðnmeistarar skulu undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

**VI. kafli. Byggingarfulltrúar o. fl.**

■ **20. gr.** Sveitarstjórn skal, að fengnum tillögum byggingarnefndar, ráða sér byggingarfulltrúa. Skal byggingarfulltrúa sett erindisbréf í samráði við byggingarnefnd.

□ Svæðisbyggingarnefndir skv. 2. mgr. 6. gr. skulu, að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna, ráða byggingarfulltrúa og setja honum erindisbréf.

■ **21. gr.** Byggingarfulltrúi skal vera arkitekt, byggingarfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur. Í dreifbýli er heimilt að ráða búfræðikandidata úr tæknideild búnaðarháskóla í stöðu byggingarfulltrúa.

□ Fáist ekki maður í stöðu byggingarfulltrúa, sem fullnægi skilyrðum 1. mgr., getur sveitarstjórn að fengnum tillögum byggingarnefndar ráðið húsasmíða- eða múrarameistara til starfans.

□ Framangreindir aðilar skulu a. m. k. hafa 2ja ára starfsreynslu, sem byggingarnefnd metur gilda.

☐ Þeir, sem gegna störfum byggingarfulltrúa við gildistöku laga þessara, skulu hafa rétt til að gegna starfi sínu áfram, þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum 1. mgr.

■ **22. gr.** Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar. Hann undirbýr fundi byggingarnefndar og mál, sem þar verða lögð fram. Hann gengur úr skugga um, að byggingaruppdrættir séu í samræmi við lög og reglur, áritar uppdrætti og gefur út byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi annast daglegt eftirlit með því, að hús og önnur mannvirki séu byggð í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglur. Hann annast úttektir einstakra þátta byggingarframkvæmda svo og lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis, þegar þess er óskað, og gefur út vottorð þar um, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

☐ Þá annast byggingarfulltrúi önnur þau störf, sem honum eru falin samkvæmt lögum og reglum, og störf, sem byggingarnefnd eða sveitarstjórn hefur falið honum, svo og útmælingu lóða, staðsetningu húsa svo og upplýsingagjöf til Fasteignamats ríkisins, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 94/1976.

■ **23. gr.** Nánari ákvæði um verksvið byggingarfulltrúa, skyldur hans og réttarstöðu gagnvart byggingaryfirvöldum og byggingaraðilum skulu sett í reglugerð.

■ **24. gr.** Sveitarstjórn (svæðisbyggingarnefnd) skipar aðstoðarmenn byggingarfulltrúa eftir því sem þörf krefur, að fenginni umsögn hans, og starfa þeir í umboði hans. Aðstoðarmenn byggingarfulltrúa skulu vera sérfróðir um byggingarmálefni.

☐ Sveitarstjórn skipar einnig annað starfslið byggingarfulltrúa.

■ **25. gr.** Byggingarfulltrúa og starfsliði hans skal heimill aðgangur að byggingarmannvirki til eftirlits á vinnutíma.

■ **26. gr.** Nú er viðhald eða frágangi húss eða annars mannvirkis ábótavant að dómi byggingarfulltrúa, og skal hann þá gera eiganda (umráðamanni) þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því, sem áfátt er, innan tiltekins frests.

☐ Sinni eigandi (umráðamaður) ekki áskorun byggingarfulltrúa um úrbætur, skal með slík mál fara samkvæmt 36. gr.

■ **27. gr.** Sé ásigkomulag húss eða annars mannvirkis þannig, að hætta geti stafað af og eigandi (umráðamaður) hefur ekki sinnt áskorunum byggingarfulltrúa um úrbætur, getur byggingarnefnd, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, látið fjarlægja eða rífa mannvirkið á kostnað eiganda (umráðamanns), en gera skal honum aðvart áður.

**VII. kafli. Leyfisgjöld.**

■ **28. gr.** Í byggingarreglugerð skal kveðið á um hámarksmælingagjöld og byggingarleyfisgjöld, þ. e. gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirkjum. Enn fremur skal þar kveðið á um gjöld fyrir eftirlit, úttektir og vottorð, sem byggingarfulltrúi lætur í té.

■ **29. gr.** Gjöld samkvæmt 28. gr. skulu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert og renna í sveitarsjóð.

■ **30. gr.** Í byggingarreglugerð skal kveðið á um innheimtu byggingarleyfisgjalda. Verði vanskil á greiðslu byggingarleyfisgjalda, getur byggingarfulltrúi neitað að gefa vottorð um viðkomandi mannvirki. Gjaldfallin byggingarleyfisgjöld má innheimta með lögtaki.



**VIII. kafli. Viðurlög.**

■ **31. gr.** Ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ef byggt er á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en byggingarnefnd hefur heimilað, varðar það sektum. Enn fremur getur byggingarfulltrúi fyrirskipað stöðvun slíkrar framkvæmdar tafarlaust og fyrirskipað brottnám byggingar eða byggingarhluta. Er lögreglunni skylt að veita byggingarfulltrúa aðstoð við slíkar aðgerðir, ef þörf krefur. Byggingarfulltrúi skal, svo fljótt sem við verður komið, gera byggingarnefnd grein fyrir slíku máli.

☐ Hlíti byggingaraðili ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa og lögreglu um stöðvun eða brottnám framkvæmda, skal fara með málið að hætti opinberra mála.

☐ Sveitarsjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði, sem hann hefur haft af ólöglegri byggingarframkvæmd, og á sveitarsjóður lögveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í öllu efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingarframkvæmd.

■ **32. gr.** Ef hönnuður skv. 12. gr. leggur fyrir byggingarnefnd uppdrátt, þar sem brotið er í bága við ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um byggingarmálefni, eða brýtur slíkt ákvæði á annan hátt, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Hafi byggingarnefnd veitt hönnuði áminningu, skal hún tilkynna [umhverfisráðherra][1] það. Sama gildir, ef um ítrekað brot er að ræða og ef nefndin telur hönnuð óhæfan til að gera uppdrætti.

☐ Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann löggildingu skv. 12. gr. um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur slíkar ákvarðanir skal hann leita umsagnar viðkomandi aðila, sem mælt er fyrir um í 12. gr.

[1] *L. 47/1990, 15. gr. Öðlast gildi 1. jan. 1991.*

■ **33. gr.** Ef sá, sem ber ábyrgð á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um byggingarmálefni, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu.

☐ Ef brot er ítrekað eða alvarlegt getur byggingarnefnd svipt hann viðurkenningu skv. 16. gr.

☐ Með brot á ákvæðum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **34. gr.** Ef hönnuður skv. 12. gr., iðnmeistari eða byggingarstjóri gerist alvarlega brotlegur í starfi, má dæma hann til greiðslu sekta.

■ **35. gr.** Brot á lögum þessum, reglugerðum og samþykktum settum samkvæmt þeim varða sektum, sem renna í sveitarsjóð. Í refsimáli skal gefa sveitarstjórn kost á að koma með endurgjaldskröfu vegna kostnaðar, sem sveitarsjóður hefur haft vegna brotsins.

■ **36. gr.** Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur, getur hún ákveðið dagsektir, þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta skal ákveðið í byggingarreglugerð. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Skjóta má slíkum málum til dómstóla.

☐ Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess, sem vanrækt hefur að vinna verkið.

☐ Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með lögtaki.

**1978** Nr. 54 16. maí

## IX. kafli. Gildistökuákvæði o. fl.

■ **37. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979, sbr. þó 2. gr. Ákvæði 1. mgr. 20. gr. skulu að fullu komin til framkvæmda í árslok 1985, en jafnframt falla þá úr gildi ákvæði 5. gr. laga nr. 108/1945 (sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 26/1948) um byggingarfulltrúa í sveitum.

□ Við gildistöku laga þessara 1. janúar 1979 falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir.

Lög nr. 84 16. desember 1943 um breyting á lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir.

Lög nr. 108 31. desember 1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, að undantekinni 5. gr., sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 26/1948.

Lög nr. 26 1. apríl 1948 um breyting á lögum nr. 108 frá 1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, að undanteknum a-lið 3. gr.

Lög nr. 61 31. október 1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur.

Opið bréf 6. janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á verslunarstaðnum Akureyri.

Lög nr. 55 10. nóvember 1905 um breyting á opnu bréfi 6. janúar 1857.

Opið bréf 26. janúar 1866 um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði.

Lög nr. 23 20. október 1905 um breyting á opnu bréfi 26. janúar 1866.

Lög nr. 14 6. nóvember 1897 um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.

□ Enn fremur falla úr gildi önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Almenn byggingarreglugerð skv. 4. gr. skal sett innan 3ja mánaða frá gildistöku laga þessara.

**1917** Nr. 75 14. nóv.

## Lög um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o. fl.

■ **1. gr.** Rétt er hverjum þeim, sem heimilt er að lögum að verzla hér á landi, að fá sér útmældar óbyggðar lóðir í kaupstöðum eða löggiltum kauptúnum til verzlunar. Sama rétt eiga sjávarútvegsmenn, búsettir hér á landi, til að fá sér útmældar lóðir í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum og veiðistöðum til útvegs. Bæði þeim, er lóðina eiga í löggiltu kauptúni eða veiðistöð eða stórar óbyggðar lóðir í kaupstöðum, og öðrum, sem önnur lögmæt réttindi eiga yfir landinu eða lóðunum, er skylt að láta af hendi svo mikla óbyggða lóð, sem þörf er á til fyrirhugaðrar verzlunar eða sjávarútvegs, enda sé lóðin eigi nauðsynleg til verzlunar, sjávarútvegs eða iðnaðar, sem þar er fyrir.

■ **2. gr.** Útmæling lóða samkvæmt 1. gr. má aldrei fara fram, nema hreppsnefnd eða bæjarstjórn, þar sem útmælingar er beiðzt, veiti meðmæli sín. Þegar þau meðmæli eru fengin, skal sá, er útmælingar æskir, beiða lögreglustjóra hennar skriflega. Skal þá dómkveðja 2 þar til hæfa menn, og ákveður lögreglustjóri með þeim lóð þá, sem þörf er á og taka má til atvinnurekstrar samkv. 1. gr. Að því loknu skulu hinir dómkvöddu menn meta lóðina til sölu, ef sá, sem lóð er tekin frá, æskir þess, að hún verði til eignar tekin, en til leigu, ef hann æskir þess, að hún verði tekin til leigu, enda ákveður lögreglustjóri með hinum dómkvöddu mönnum leigutímann. Um mat og framkvæmd eignarnáms fer að öðru leyti að lögum.[1)]

□ ...[2)]

[1)] *Sbr. l. 11/1973.* [2)] *L. 11/1986, 9. gr.*

**1917** Nr. 75 14. nóv.

■ **3. gr.** Það skal með öllu bannað að leggja þá kvöð á lóðir eða húseignir í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum eða veiðistöðum, að eigi megi nota þær til verzlunar eða annarrar tiltekinnar atvinnu.

■ **4. gr.** Þótt einstakir menn kunni að eiga höfn þá, sem löggilt kauptún er við, mega þeir eigi bægja neinum frá að leggja skipum sínum þar við akkeri, né frá aðgöngu að höfninni til þess að ferma eða afferma skip, að svo miklu leyti, sem það kemur ekki í bága við bryggjuafnot sjálfra þeirra, og eigi má landeigandi heldur varna stjórnarvöldum eða einstökum mönnum að gera hringa, landfestar eða önnur skipsfestaráhöld þar á höfninni, þar á, sem svo hagar til, að þess konar áhöld eru nauðsynleg. Ef einstakir menn eiga höfn, skipalægi eða uppsátur í veiðistöð, mega þeir eigi heldur meina öðrum mönnum að leggja þar fiskiskipum sínum eða nota uppsátur eða önnur lendingargögn, nema í bága komi við afnot sjálfra þeirra, né heldur banna öðrum að gera þar lendingarbætur eða aðrar umbætur, sem nauðsynlegar eru sjávarútvegi þar. Hafnabætur og lendinga má þó aðeins gera eftir tilvísun lögreglustjóra, og kveður hann með sér 2 þar til hæfa menn, sem kunnugir eru hafnarlegu og lendingarstað. Endurgjald til handa landeiganda fyrir nám hafnar hans eða uppsáturs til eignar eða afnota og afnot hafnargagna og lendinga fer eftir lögum um eignarnám.

□ Nú notar einhver hringa, landfestar eða önnur skipsfestaráhöld eða lendingartæki, sem hann hvorki á né hefur umráð yfir, og ber honum þá tafarlaust að láta áhöldin laus við eiganda eða umráðamann, þegar skip þeirra þurfa á þeim að halda, að viðlögðum [allt að 5000 kr.][1)] sektum fyrir hvern dag, er hann lætur fyrir farast að sleppa áhöldunum, og bæti þar að auki allt það tjón, er af því kann að leiða, að hann lét þau ekki laus þegar í stað.

□ Skip það, er notar heimildarlaust hafnartæki eða lendingartæki annars manns, og farmur þess er að veði fyrir sektum og skaðabótum.

[1)] *L. 10/1983, 31. gr.*

■ **5. gr.** Fyrir útmælingar eftir 1. og 4. gr. skal beiðandi greiða lögreglustjóra, auk ferðakostnaðar, 6 krónur á dag. Um kaup matsmanna fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

■ **6. gr.** Lög þessi ná ekki til Reykjavíkur.

**1974** Nr. 51 16. maí

## Lög um gatnagerðargjöld.

■ **1. gr.** Heimilt er sveitarstjórn að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimt skuli gatnagerðargjald[1)] af hverri lóð, áður en þar er veitt byggingarleyfi. Heimilt er að krefja gatnagerðargjald, ef reist er nýtt hús á lóð, sem áður var byggð. Sama gildir, ef hús er stækkað, að því er stækkunina varðar.

[1)] *Sjá t. d. rg. 598/1989, Ísafjarðarkaupstaður. Rg. 309/1975, Vopnafjarðarkauptún. Rg. 384/1975 og 273/1984, Skútustaðahreppur. Rg. 446/1975, sbr. 468/1981, Hafnarfjörður. Rg. 332/1976, sbr. 518/1988, Hólmavíkurhreppur. Rg. 374/1976, sbr. 577/1976, Hella. Rg. 383/1980, Kirkjubæjarklaustur. Rg. 483/1981, Hvammstangi. Samþ. 420/1982, Stykkishólmur. Samþ. 561/1983, sbr 429/1988, Súðavík. Rg. 41/1984, Dalvík. Rg. 183/*

**1974** Nr. 51 16. maí

*1984, Þórshafnarhreppur. Rg. 206/1984, sbr. 313/1985, 410/1985 og 511/1988, Reykjavík. Rg. 214/1984, Mosfellsbær. Rg. 155/1986, Borgarnes. Rg. 285/1986, Andakílshreppur. Rg. 286/1986, sbr. 482/1986, Grenivík. Rg. 358/1986, Egilsstaðir. Rg. 521/1986, Hrísey. Rg. 274/1984, Garðabær. Rg. 300/1984, Breiðdalshreppur. Rg. 390/1984, Árskógshreppur. Rg. 402/1984, Búðahreppur. Rg. 582/1981, sbr. 456/1984, Blönduós. Rg. 460/1984, Stöðvarhreppur. Rg. 201/1985, Akranes. Rg. 68/1988, Eskifjarðarkaupstaður. Rg. 283/1985, Flateyrarhreppur. Rg. 284/1985, sbr. 465/1989, Vatnsleysustrandarhreppur. Rg. 391/1987, Tálknafjörður. Rg. 97/1987, Keflavík. Rg. 173/1988 og samþ. 172/1988, Þorlákshöfn. Rg. 187/1988, Njarðvík. Samþ. 275/1988, Kópasker. Rg. 336/1988, Skeggjastaðahreppur. Rg. 319/1981, sbr. 398/1988, Siglufjörður. Rg. 404/1989, Búlandshreppur. Rg. 517/1989, Akureyri.*

■ **2. gr.** Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðarframkvæmda í sveitarfélaginu, og má það nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi.

■ **3. gr.** Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta.

□ Heimild til að leggja á slík gjöld er bundin við það, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hefur verið a. m. k. að hluta til bundins slitlags.

■ **4. gr.** [Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.][1)]

[1)] *L. 31/1975, 1. gr.*

■ **5. gr.** Við ákvörðun gjalda skv. 1. og 3. gr. laga þessara skal miða við lóðarstærð og/eða rúmmál bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt. Gjöld mega vera mismunandi eftir notkun húss, t. d. eftir því, hvort um er að ræða hús til íbúðar, verslunar, iðnaðar o. s. frv. Þá mega gjöld af íbúðarhúsum vera mismunandi eftir því, hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o. s. frv.

■ **6. gr.** Gatnagerðargjald skv. 1. gr. skal vera gjaldkræft, þegar sveitarstjórn krefst, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt.

□ Sérstakt gatnagerðargjald skv. 3. gr. skal gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Þó skal sveitarstjórn heimilt að ákveða í samþykkt, að greiðslu slíks gjalds sé dreift á tiltekið árabil, eftir því sem nánar er tiltekið í samþykkt.

■ **7. gr.** Gatnagerðargjaldi skv. 1. og 3. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign.

**1920** Nr. 18 18. maí

## Lög um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

■ **1. gr.** ...[1)]

□ Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin öðlast á hendur húseigendum og lóðareigendum samkvæmt lögum þessum, hefur bæjarstjórnin lögveð í húsinu eða lóðinni og gengur sá veðréttur fyrir öllum veðskuldum samkvæmt samningi.

[1)] *L. 15/1923, 155. gr.*

■ **2. gr.** Kostnaður ...[1)] er leiðir af því, að gerðar eru steinlímdar, hellulagðar eða aðrar jafnvandaðar gangstéttir, greiðist úr bæjarsjóði. En bæjarstjórninni er heimilt að leggja ...[1)] gangstéttaskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem ...[1)] gangstéttir verða lagðar.

[1)] *L. 15/1923, 155. gr.*

■ **3. gr.** Lögtaksréttur fylgir öllum kröfum og gjöldum samkvæmt lögum þessum.

**1920** Nr. 18 18. maí

**1946** Nr. 42 7. maí

## Lög um nýbyggingar í Höfðakaupstað.[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1417 – 1418.*

**1946** Nr. 52 7. maí

## Lög um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1965, d. 1347 – 1348.*

**1947** Nr. 58 24. maí

## Lög um Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu.

■ **1. gr.** Jarðirnar Egilsstaðir, Kollsstaðir og Kollsstaðagerði í Vallahreppi og jarðirnar Eyvindará, Miðhús og Dalhús ásamt eyðibýlinu Þuríðarstöðum í Eiðahreppi í Suður-Múlasýslu skulu framvegis vera sérstakt sveitarfélag í Suður-Múlasýslu og nefnast Egilsstaðahreppur.

■ **2. gr.** ...[1)]

[1)] *Sjá Lagasafn 1965, d. 1349.*

■ **3. gr.** Ríkisstjórnin gengst fyrir stofnun kauptúns í Egilsstaðahreppi, og er henni heimilt að verja fé úr ríkissjóði, ef það er fyrir hendi, en taka það að láni að öðrum kosti, til þeirra framkvæmda, sem í lögum þessum greinir.

■ **4. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jarðir þær, sem um getur í 1. gr., eða spildur úr þeim eins og með þarf til að tryggja hinu nýja kauptúni nægilegt land. Náist ekki samningar um kaup á nægilegu eða hentugu landi til hinna fyrirhuguðu framkvæmda, getur ríkisstjórnin látið taka eignarnámi í því skyni hvert það landssvæði innan hreppsins, sem hún telur nauðsynlegt að ná eignarhaldi á vegna kauptúnsins.

□ Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum nr. 61 1917.

■ **5. gr.** Ríkisstjórnin lætur gera skipulagsuppdrátt af hinu fyrirhugaða kauptúni og aðliggjandi ræktunarlandi, og fyrr en hann hefur verið staðfestur má ekki gera nein mannvirki innan takmarka hreppsins nema meðmæli skipulagsstjóra og samþykki ríkisstjórnarinnar komi til.

■ **6. gr.** Ríkisstjórnin sér um, að komið verði upp nauðsynlegu gatnakerfi jafnóðum og þörf krefur á svæði því, sem kauptúninu er ætlað að standa á. Hún lætur leiða vatn til kauptúnsins og leggur höfuðvatnsæðar og aðalskolpleiðslur um kauptúnið, allt samkvæmt því, sem sýnt er á skipulagsuppdrætti, að vera eigi. Hún lætur og reisa rafstöð í kauptúninu og leggja um kauptúnið aðalleiðslur og heimtaugar, eins og venja er um rafveitur sveitarfélaga.

■ **7. gr.** Þegar ríkissjóður hefur eignazt land það, sem kauptúninu er ætlað að standa á, og hæfilegt land annað til ræktunar er tryggt íbúum kauptúnsins, getur ríkisstjórnin falið hreppsnefnd Egilsstaðahrepps að hafa á hendi framkvæmdir allar, er lúta að meðferð og hagnýtingu lóða og landa samkvæmt staðfestum skipulagsuppdrætti og byggingarsamþykkt kauptúnsins, sem ráðherra hlutast til um, að sett verði. Lóðagjöld skulu

**1947** Nr. 58 24. maí

ákveðin í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum hreppsnefndar.

■ **8. gr.** Þegar ríkissjóður hefur komið upp vatnsveitu, skolpveitu og rafveitu í Egilsstaðakauptúni, skal afhenda þau fyrirtæki öll með sérstökum samningi hreppsnefnd Egilsstaðahrepps, er þá tekur við rekstri þeirra og viðhaldi á eigin ábyrgð með sama hætti og tíðkast um rekstur sveitarfélaga á slíkum fyrirtækjum.

□ Viðhald gatna hvílir og að öllu leyti á hreppssjóði.

■ **9. gr.** Egilsstaðahreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er öðlazt hafa eða öðlast kunna framfærslurétt á því svæði, sem hreppurinn tekur yfir.

■ **10. – 11. gr.** ...[1]

[1] *Sjá Lagasafn 1965, d. 1350.*

**1966** Nr. 49 6. maí

**Lög um breyting á hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps.**

■ **1. gr.** Frá og með gildistöku laga þessara verður sú breyting á mörkum Hafnarhrepps og Nesjahrepps sem hér greinir: Að vestan verða mörkin bein lína úr Akurey í vestasta tanga Óslands og þaðan bein lína í nyrzta odda Stapakletts, þaðan bein lína úr nyrzta odda Stapakletts í miðjan Mikleyjarál, með stefnu í Mikleyjarsker, þannig að Ósland í Nesjahreppi er lagt undir Hafnarhrepp.

■ **2. gr.** Nú verður ekki innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli hreppsnefnda Hafnarhrepps og Nesjahrepps um bætur fyrir tekju- og aðstöðumissi Nesjahrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu bætur þá ákveðnar af gerðardómi skipuðum 3 mönnum, þar sem aðilar skipa hvor sinn mann í dóminn, en Hæstiréttur tilnefnir oddamann. Vanræki aðilar að tilnefna í dóminn, tilnefnir Hæstiréttur, þannig að dómur verði fullskipaður. Kostnað við dóminn greiðir Hafnarhreppur.

**1968** Nr. 56 25. apríl

**Lög um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja ríkisjörðina Hólma.**

■ **1. gr.** Mörk Eskifjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu skulu vera sem hér segir: Frá Hólmanestá eftir línu dreginni í beina stefnu á stað 3 metra í hánorður frá svonefndu Völvuleiði á Hólmahálsi og þaðan beina stefnu á austurkamb Hólmatinds. Síðan inn eggjar á vatnaskilum um Miðaftanstind og Kambafell í hæsta leiti Eskihnjúks. Eftir það gildir eldri hreppamarkalína um Tungufell og Fönn, út eggjar í Svartafell og þaðan til sjávar.

■ **2. gr.** Nú verður eigi innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli hreppsnefnda Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps um bætur vegna tjóns sem Reyðarfjarðarhreppur kann að verða fyrir vegna ákvæðis 1. gr., og skal þá gerðardómur fjalla um það mál og skera úr um bótakröfur. Skal gerðardómurinn skipaður þremur mönnum. Skipa aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann. Vanræki aðilar að skipa mann í dóminn, tilnefnir hæstiréttur, þannig að dómur verði fullskipaður. Kostnað við dóminn greiðir Eskifjarðarhreppur.

■ **3. gr.** Nú gefur Reyðarfjarðarhreppur Eskifjarðarhreppi kost á að kaupa eignarjörð sína, Borgir, sem yrði í Eskifjarðarhreppi eftir breytingu hreppamarka samkvæmt 1. gr., og fer þá um verð og greiðsluskilmála eftir því, sem um semst milli hreppanna, en náist ekki samkomulag milli þeirra innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara, skal Eskifjarðarhreppi skylt að kaupa jörðina eftir mati dómkvaddra manna. Um framkvæmd þess mats fer eftir lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

**1968** Nr. 56 25. apríl

■ **4. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja ríkisjörðina Hólma Reyðarfjarðarhreppi og Eskifjarðarhreppi, þannig að hvor þessara hreppa um sig eigi þess kost að fá keyptan þann hluta jarðarinnar, sem er innan marka hvors sveitarfélags.

□ Verð jarðarinnar fer eftir því sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.** **1971** Nr. 44 16. apríl

■ **1. gr.** ...[1]

[1] *Um 1. gr. sjá Hafnarfjörð.*

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna, en óheimilt er Dalvíkurhreppi að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

**Lög um eignarnámsheimild fyrir Dalvíkurhrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi Dalvíkurhrepps.** **1954** Nr. 30 8. apríl

■ **1. gr.** Hreppsnefnd Dalvíkurhrepps er heimilt að taka eignarnámi öll erfðafesturéttindi í eignarlandi Dalvíkurhrepps.

■ **2. gr.** Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

**Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Stokkseyrarhreppi land jarðanna Stokkseyri I – III ásamt með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.** **1961** Nr. 16 25. febr.

■ **1. gr.** ...[1]

[1] *Um texta greinarinnar, sjá Lagasafn 1965, d. 1351.*

■ **2. gr.** Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

**Lög um afhendingu Þingeyjar í Skjálfandafljóti.** **1961** Nr. 62 29. marz

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Suður-Þingeyjarsýslu ókeypis til eignar og umráða eignarhluta ríkisins í Þingey í Skjálfandafljóti, sem er ¾ hlutar eyjarinnar. Afhendingin fari fram með því skilyrði, að landið verði friðað fyrir ágangi búfjár og sýslan taki að sér verndun þeirra minja, sem eru á eynni, um hið forna þinghald þar. Skal sú verndun framkvæmd í samráði við þjóðminjavörð ríkisins.

■ **2. gr.** Óheimilt skal Suður-Þingeyjarsýslu að selja þessa eign eða láta hana af hendi nema til ríkisins. Hætti sýslan að annast eignina á þann hátt, sem 1. gr. mælir

**1961** Nr. 62 29. marz

fyrir um, fellur þessi hluti eyjarinnar aftur undir ríkið endurgjaldslaust.

**1958** Nr. 34 17. maí

**Lög um eignarnámsheimild fyrir Hvammstangahrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi hans.**

■ **1. gr.** Hreppsnefnd Hvammstangahrepps er heimilt að taka eignarnámi öll erfðafesturéttindi í eignarlandi Hvammstangahrepps, ef nauðsyn krefur vegna skipulags.

■ **2. gr.** Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

**1964** Nr. 44 23. maí

**Lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.**

■ **1. gr.** Sveitarstjórn í kaupstað, eða kauptúni með 1000 íbúa eða fleiri, er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjárhald í kaupstaðnum eða kauptúninu.[1] Með slíkum reglum má þó ekki skerða rétt tilraunastöðvarinnar að Keldum eða annarrar hliðstæðrar tilraunastöðvar til búfjárhalds.

□ [Nú telur sveitarstjórn í kauptúni með færri en 1000 íbúa nauðsyn bera til að setja reglugerð um búfjárhald í kauptúninu og skal henni það þá heimilt með samþykki ráðherra.][2]

□ Með búfjárhaldi er átt við nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt.

□ Þó er reiðhestahald undanþegið ákvæðum laga þessara, ef það er á vegum hestamannafélaga og þau hafa sett um það reglur, sem hlutaðeigandi sveitarstjórn staðfestir.

[1] *Sjá t. d. samþ. 461/1986 Reykjavík; 210/1967 Neskaupstaður; 310/1975 Hverageröi; 258/1979 Stykkishólmur; 349/1984 Ísafjarðarkaupstaður; 473/1984 Akranes; 405/1985 Eskifjarðarkaupstaður; 148/1985 Siglufjörður; 406/1985 Hofsóshreppur; 425/1985 Eyrarbakki; 35/1988 Þorlákshöfn; 276/1988 Mosfellsbær; 6/1989 Húsavík; 217/1989 Neshreppur utan Ennis; 129/1990 Akureyri.* [2] *L. 38/1980, 1. gr.*

■ **2. gr.** Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjárhald sé algerlega bannað í kaupstað (borg) eða kauptúni, takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar eða bundið við tiltekin svæði innan bæjarlandsins (borgarlandsins) eða kauptúnsins. Algert bann við tilteknu búfjárhaldi skal tilkynnt búfjáreigendum með a. m. k. eins árs fyrirvara miðað við 1. október.

■ **3. gr.** Ákveða má í reglugerð, að hver sá, sem búfjárhald vill stunda innan kaupstaðarins (borgarinnar) eða kauptúnsins, skuli sækja um leyfi til slíks og sé búfjárhald óheimilt án slíks leyfis. Skylt skal umsækjanda að gera grein fyrir því, hvernig geymslu búfjárins skuli hagað, og láta í té aðrar þær upplýsingar, sem sveitarstjórn telur nauðsynlegar. Leyfi skal bundið við tiltekinn hámarksfjölda. Einnig má binda það við ákveðinn tíma eða ákveða, að það sé afturkallanlegt með tilteknum fyrirvara.

■ **4. gr.** Ef maður heldur búfé án leyfis, skal heimilt að taka það búfé og selja á uppboði eða slátra því.

□ Ef leyfishafi fylgir ekki settum reglum, er sveitarstjórn heimilt að svipta hann leyfi til búfjárhalds og fara svo með búfé hans sem um ræðir í 1. mgr.

■ **5. gr.** Nú verður aðili fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig, að bótum varði, og skal þá greiða bætur úr sveitarsjóði.

■ **6. gr.** Í reglugerð má ákveða gjald fyrir leyfi til búfjárhalds, allt að kr. 1000,00 á ári, og rennur það í sveitarsjóð.

■ **7. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, varða sektum, ...[1] Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála. **1964** Nr. 44 23. maí

[1] *L. 10/1983, 32. gr.*

# III. c. Reykjavík.[1]

[1] *Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi með konungsúrsk. 18. ágúst 1786. Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar 60/1985, sbr. 28/1988. Augl. um merki og innsigli 138/1957. Samþ. 286/1970 (heilbrigðismálaráð). Rg. 96/1970 (félagsmálaráð – barnaverndarnefnd). Rg. 121/1971 (félagsmálaráð – áfengisvarnanefnd). Samþ. 136/1971 (afgr. tími rakarastofa). Samþ. 480/1987, sbr. 559/1987 (afgr. tími verzlana).*

**Lög um að leggja jarðirnar Laugarnes og Klepp í Seltjarnarneshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur.** **1894** Nr. 5 23. febr.

■ **1. gr.** Jarðirnar Laugarnes og Kleppur í Seltjarnarneshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur frá fardögum 1894. ...

**Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.** **1923** Nr. 46 20. júní

■ **1. gr.** Jarðirnar Breiðholt, Bústaðir og Eiði í Seltjarnarneshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur frá fardögum 1923 að telja. Frá sama tíma skal og rafmagnsstöðin við Elliðaár ásamt íbúðarhúsi og lóð, svo og Elliðaárnar með árhólmanum, árfarvegunum og landi á austurbökkum ánna, er þarf til byggingar þeirra mannvirkja, er þurfa þykir framvegis til hagnýtingar vatnsorkunnar að fullu og vegna laxveiðinnar og starfrækslu hennar, úr landi jarðanna Ártúns og Árbæjar í Mosfellshreppi, lögð undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur.

■ **2. gr.** Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Seltjarnarneshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á einhverjum af jörðunum Breiðholti, Bústöðum eða Eiði. ...

■ **3. gr.** Íbúum Seltjarnarneshrepps skal heimilt vatn og rafmagn frá vatnsveitu og rafmagnsveitu Reykjavíkurkaupstaðar til heimilis- og búsþarfa, enda hlíti þeir þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um notkun vatns og rafmagns og meðferð veitutækja. Svo skulu þeir og greiða sjálfir allan aukakostnað, er veitan heim til þeirra hefur í för með sér, og endurgjald fyrir vatnsnotin og rafmagnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði.

**Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.** **1929** Nr. 49 14. júní

■ **1. gr.** Jarðirnar Ártún og Árbær í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur frá 1. janúar 1929 að telja.

■ **2. gr.** Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Mosfellshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á jörðum þeim, sem um ræðir í lögum þessum.

■ **3. gr.** Reykjavíkurkaupstaður greiðir Mosfellshreppi í eitt skipti fyrir öll fimmtán þúsund krónur.

**1931** Nr. 69 8. sept.

## Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

■ **1. gr.** Jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, svo og verzlunarstaðurinn Skildinganes við Skerjafjörð, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1932.

■ **2. gr.** Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, sem um ræðir í 1. gr.

■ **3. gr.** Fyrir árslok 1932 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal væntanleg skaðabótagreiðsla til Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu vegna laga þessara. Reykjavík skal rétt og skylt að kaupa vatnsveitu þá, er vatnsveitufélag Skildinganeskauptúns hefur lagt þangað úr vatnsveitu Reykjavíkur.

□ Allar fjárgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu ákveðnar með gerðardómi, og skal hann einnig skera úr sérhverjum ágreiningi milli málsaðilja út af lögum þessum. Gerðardóm skipa 3 menn, er hæstiréttur nefnir til þess; skal einn þeirra vera dómari í hæstarétti, og er hann formaður gerðardómsins. Kostnað við gerðardóminn greiðir Reykjavíkurkaupstaður eftir ákvörðun gerðardómsins, þar með talin þóknun til fyrirsvarsmanna málsaðilja.

**1943** Nr. 52 14. apríl

## Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

■ **1. gr.** Frá 1. maí 1943 skal leggja undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur jarðirnar Elliðavatn og Hólm í Seltjarnarneshreppi ásamt lóðum og löndum, sem úr þeim hafa verið seldar, svo og spildu þá úr landi jarðarinnar Vatnsenda í sama hreppi, er bæjarstjórn Reykjavíkur kann að taka eignarnámi samkvæmt heimild í lögum nr. 57 4. júlí 1942. Enn fremur skal leggja undir lögsagnarumdæmið frá sama tíma jarðirnar Grafarholt, að svo miklu leyti, sem eignarnámsheimild 3. gr. tekur til, Gufunes, Keldur, Eiði, Knútskot, Korpúlfsstaði, Lambhaga, Reynisvatn og jarðarhlutann Hólmsheiði í Mosfellshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið úr þeim.

□ Frá 1. maí 1953 skal leggja undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur þann hluta Grafarholts, sem samkvæmt 1. mgr. fellur eigi nú þegar undir það.

■ **2. gr.** Frá 1. maí 1943 tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, er um ræðir í 1. gr.

■ **3. gr.** Bæjarstjórn Reykjavíkur er fyrir 1. sept. 1943 heimilt, ef ekki næst samkomulag við eiganda Grafarholts fyrir 1. júní 1943 um kaup á jörðinni, að láta taka eignarnámi jörðina Grafarholt í Mosfellshreppi, ásamt nýbýlinu Engi og þeim lóðum og löndum, er seld hafa verið úr landi jarðarinnar. Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917. Eignarnámsheimild þessi tekur þó ekki til þess hluta Grafarholtslands, sem er neðan við Vesturlandsbraut.

■ **4. gr.** Fyrir árslok 1943 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps annars vegar og Reykjavíkurbæjar og Mosfellshrepps hins vegar, þar á meðal væntanlegar skaðabótagreiðslur til hreppanna.

**1943** Nr. 52 14. apríl

■ **5. gr.** Allar fjárgreiðslur samkvæmt lögum þessum, aðrar en endurgjald fyrir Grafarholt samkvæmt 3. gr., skulu ákveðnar af gerðardómi, og skal hann einnig skera úr öllum ágreiningi milli málsaðila út af lögum þessum. Gerðardóminn skipa 3 menn, er hæstiréttur nefnir til þess. Skal einn þeirra vera dómari í hæstarétti, og er hann formaður gerðardómsins. Kostnað við gerðardóminn greiðir Reykjavíkurbær eftir ákvörðun dómsins.

**1975** Nr. 38 27. maí

## Lög um breyting á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs.

■ **1. gr.** Mörk Reykjavíkur og Kópavogs, sem ákveðin eru í 1. gr. laga nr. 46/1923 um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og 1. gr. laga nr. 30/1955 um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, skulu breytast þannig að þau verði framvegis þessi:

| | Punktur nr: | X-hnit: | Y-hnit: |
|---|---|---|---|
| H | (7) (óbreyttur) . . . . | 17444,17 | 11785,70 |
| | 8 . . . . . | 17861,46 | 12061,14 |
| | 9 . . . . . | 18668,74 | 12717,36 |
| | 36 . . . . . | 18783,596 | 13475,884 |
| | 33 . . . . . | 18649,643 | 13493,396 |
| | 37 . . . . . | 18359,852 | 13563,293 |
| | 38 . . . . . | 18240,244 | 13606,054 |
| | 15 . . . . . | 18128,737 | 13671,225 |
| | 16 . . . . . | 18197,711 | 13711,123 |
| | 17 . . . . . | 17998,943 | 14005,547 |
| | 18 . . . . . | 17979,921 | 14077,254 |
| | 40 (óbreyttur) . . . . | 18111,777 | 14426,875 |
| E | (4) (óbreyttur) . . . . | 17947,99 | 14658,30 |

Mörkin eru beinar línur eða hringbogar milli ofangreindra punkta, þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Milli H (7) og 8 | : | Bein lína. |
| Milli 8 og 9 | : | Bein lína. |
| Milli 9 og 36 | : | Bein lína. |
| Milli 36 og 33 | : | Bein lína. |
| Milli 33 og 37 | : | Hringbogi með radíus R = 1400 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 33 að punkti nr. 37. |
| Milli 37 og 38 | : | Bein lína. |
| Milli 38 og 15 | : | Hringbogi með radíus R = 350 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 38 að punkti nr. 15. |
| Milli 15 og 16 | : | Bein lína. |
| Milli 16 og 17 | : | Hringbogi með radíus R = 679,5 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 16 að punkti nr. 17. |
| Milli 17 og 18 | : | Hringbogi með radíus R = 530 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 17 að punkti nr. 18. |
| Milli 18 og 40 | : | Hringbogi með radíus R = 441,4 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 18 að punkti nr. 40. |
| Milli 40 og E (4) | : | Bein lína. |

**1975** Nr. 38 27. maí

■ **2. gr.** Nú kemur í ljós við nánari hönnun vegakerfis, að ráðlegt þykir að víkja frá þeim mörkum, sem um ræðir í 1. gr., og er þá heimilt að gera það með reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Kópavogs, sbr. samning þeirra, dags. 9. október 1973.

**1978** Nr. 30 12. maí

**Lög um breytingu á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar.**

■ **1. gr.** Vesturmörk lögsagnarumdæmis Reykjavíkur á Seltjarnarnesi skulu ákveðast af eftirtöldum hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951:

1. Bein lína úr punkti 77 í stórstraumsfjöruborði við Eiði í punkt 70.
2. Þaðan bein lína í punkt 73.
3. Þaðan bein lína í punkt 75.
4. Þaðan bein lína í punkt 93.
5. Þaðan bein lína í punkt 78 í stórstraumsfjöruborði við Faxaskjól.

■ **2. gr.** Eyjarnar Viðey, Engey og Akurey skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

■ **3. gr.** Frá gildistöku laga þessara tekur Seltjarnarneskaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða kunna þurfamenn og framfærslurétt eiga eða munu eignast í Reykjavík, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar á landi því, sem til Seltjarnarneskaupstaðar fellur með lögum þessum.

**1942** Nr. 57 4. júlí

**Lög um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi.**

■ **1. gr.** Bæjarstjórn Reykjavíkur, fyrir hönd bæjarsjóðs, skal heimilt að taka eignarnámi spildu af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi, til þess að auka við fyrirhugað friðland Reykjavíkurbæjar, Heiðmörk. Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

**1988** Nr. 22 16. maí

**Lög um heimild fyrir Reykjavíkurborg til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað.**

■ **1. gr.** Borgarstjórn Reykjavíkur, fyrir hönd borgarsjóðs, skal heimilt að taka eignarnámi spildu af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað til almenningsþarfa. Landið afmarkast að norðvestan af landi Reykjavíkurborgar, að norðan af landi Kópavogskaupstaðar (Samúelslandi), þá af landi Reykjavíkurborgar, þ. e. fornum farvegi árinnar Bugðu, þá af miðlínu árinnar Bugðu sem einnig afmarkar landið að austan. Að sunnan afmarkast landið af mörkum lands sem Rafmagnsveita Reykjavíkur á neðan Elliðavatnsstíflu, þá af miðlínu árinnar Dimmu og síðan af línu sem dregin er 60 metrum sunnan miðlínu væntanlegs Arnarnesvegar. Vatnsveita Reykjavíkur á mjóa landspildu sem skiptir hinni umræddu spildu í tvo hluta. Landspildurnar tvær, sem eignarnámsheimild þessi tekur til, eru 46,3 ha. að stærð samkvæmt mælingu mælingadeildar borgarverkfræðingsins í Reykjavík.

■ **2. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík.**[1] **1956** Nr. 10 27. jan.

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1426.*

**Lög um afhendingu Viðeyjar í Kollafirði.** **1986** Nr. 47 5. maí

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Reykjavíkurborg að gjöf til eignar og umráða eignarhluta ríkisins í Viðey í Kollafirði, þar með talin hvers kyns mannvirki. Afhendingin er bundin því skilyrði að Reykjavíkurborg taki að sér og kosti verndun þeirra minja sem eru á eynni og afhentar eru. Skal sú verndun á hverjum tíma vera í samræmi við fyrirmæli þjóðminjalaga eftir því sem við á og fara fram í fullu samráði við þjóðminjavörð.

■ **2. gr.** Reykjavíkurborg er óheimilt að selja þennan eignarhluta eða láta hann af hendi nema til ríkisins. Hætti Reykjavíkurborg að annast eignarhlutann á þann hátt sem 1. gr. mælir fyrir um fellur hann undir ríkið að nýju endurgjaldslaust.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.** **1914** Nr. 35 2. nóv.

■ **1. gr.** Bæjarstjórn Reykjavíkur lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Reykjavíkur og gera nákvæman uppdrátt af þeim.

□ Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni.

■ **2. gr.** Mælikvarði uppdráttarins skal ekki vera minni en 1:500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða, og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

■ **3. gr.** Bæjarstjórnin ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir að láta þeim í té þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa, til þess að geta framkvæmt starf sitt.

□ Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda séu þeir heimilisfastir í Reykjavík eða þar staddir, viðvart, með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hve nær merki verði ákveðin. Er þeim rétt að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún þá og lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóða.

□ Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi réttar síns til að vera þar við, og ákveður mælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðaeigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum.

□ Eigendur eða umboðsmenn lóða, er eigi hafa sótt merkjastefnu, geta, ef þeir vilja eigi hlíta merkjasetningu, gert mælingamanni, innan 4 vikna eftir merkjastefnu, viðvart, og fer um dómsvald á ágreiningi lóðamerkja, þegar svo stendur á, eftir lögum þessum.

■ **4. gr.** Bæjarstjórnin löggildir bók, sem nefnist lóða-

**1914** Nr. 35 2. nóv.

merkjabók. Skal mælingamaður rita í hana lýsingu á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit af aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar, eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, byggðra og óbyggðra. Mælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra, skulu undirskrifa lýsinguna, en rétt er lóðaeigendum að gera fyrirvara um ágreining, ef samkomulag fæst eigi um merkin, og skal þá sýna á eftirritinu af uppdrættinum svo greinilega sem unnt er, hvað milli ber um merkin. Mælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur réttari, eða geti hann á hvoruga fallist, hvar hann telur merki réttast eftir öllum atvikum.

■ **5. – 8. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 28/1981, 44. gr. og l. 65/1943, 12. gr.*

■ **9. gr.** [Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa á kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af ráðherra.][1)]

[1)] *L. 35/1923, 3. gr.*

■ **10. gr.** [Í lóðaskrána og á aðaluppdráttum skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin lóðaskrárritara til þess starfs.

□ Ráðherra setur reglugerð, eftir tillögum bæjarstjórnar, um skyldur og störf lóðaskrárritara.][1)]

[1)] *L. 35/1923, 4. gr.*

■ **11. gr.** [Þá er merkjastefnu er lokið, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um eigendaskipti á lóð eða parti úr lóð, nema mælingamaður eða lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigendaskiptanna sé getið í lóðamerkjabók eða lóðaskrá.][1)]

□ Ef skrásettri lóð er skipt í hluta, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiptinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiptingunni.

[1)] *L. 35/1923, 5. gr.*

■ **12. gr.** [Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í té staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir slík eftirrit og fyrir vottorð samkvæmt 11. gr., svo og fyrir önnur störf, er lóðaskrárritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða gjald í bæjarsjóð Reykjavíkur samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur eftir tillögum bæjarstjórnar.][1)]

[1)] *L. 35/1923, 6. gr.*

■ **13. gr.** Bæjarstjórnin getur á sama hátt látið skrásetja og mæla lóðir og lönd utan kaupstaðarlóðarinnar, en innan lögsagnarumdæmisins, er þá færist á aukaskrá. Um aukaskrána gilda hin sömu ákvæði, sem hér að framan eru sett um aðalskrána, en mælikvarði uppdráttar, sbr. 2. gr., má þó vera minni.

■ **14. gr.** Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 7. gr.

**1943** Nr. 86 16. des.

## Lög um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

■ **1. gr.** Þegar Reykjavíkurkaupstaður lætur lóðir sínar og lönd á leigu, þar á meðal erfðafestuleigu, skal bæjarstjórnin eða bæjarráð í umboði hennar ákveða leiguskilmálana.

□ Á sama hátt ræður hafnarstjórn leigumála um lóðir Reykjavíkurhafnar.

■ **2. gr.** [Ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skal ákveðin samkvæmt reglugerð, er borgarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir. Leiga eftir þessar lóðir skal tryggð með lögveðsrétti í þeim byggingum, sem á lóðinni standa, í tvö ár eftir gjalddaga og með forgangsrétti fyrir öðrum veðskuldum. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af borgarstjórn og hafnarstjórn.][1)]

[1)] *L. 68/1978, 1. gr.*

■ **3. gr.** Ef bæjarstjórn eða hafnarstjórn selja lóðir eða lóðarspildur bæjarsjóðs eða hafnarsjóðs, fer um ákvörðun söluverðs með sama hætti og fyrir er mælt í 1. gr.

■ **4. gr.** Nú er bæjarstjórn (bæjarráð) eða hafnarstjórn ekki á einu máli um ákvörðun ársleigu eða söluverðs lóðar, og skal þá leigan eða söluverðið ákveðið með mati dómkvaddra manna eftir almennum reglum um dómkvaðningu.

■ **5. gr.** Lóðarleigjanda, er ekki vill hlíta ákvörðun bæjarstjórnar (bæjarráðs) eða hafnarstjórnar um ákvörðun lóðarleigu eða mati samkv. 4. gr., er heimilt að krefjast yfirmats um leiguna, er framkvæmd skal af dómkvöddum mönnum. Um greiðslu matskostnaðar fer þá samkv. ákvæðum 6. gr. síðustu mgr. laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 61 14. nóv. 1917.[1)]

[1)] *Nú l. 11/1973.*

■ **6. gr.** Er næsta matstímabili lóðarleigu samkvæmt gildandi leigusamningum lýkur, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal lóðarleigan ákveðin svo sem segir í lögum þessum.

**1954** Nr. 25 13. apríl

## Lög um brunatryggingar í Reykjavík.

■ **1. gr.** Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í lögsagnarumdæminu eða semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um slíkar tryggingar eða um endurtryggingu á áhættu bæjarins að undangengnu almennu útboði.

□ [Tekjur vátryggingarfélaga af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga, en félögin skulu þó gjalda fasteignaskatt og aðstöðugjald samkv. II. og III. kafla laga[1)] um tekjustofna sveitarfélaga.][2)]

□ Tekjur, sem bæjarstjórn kann að hafa af starfsemi samkv. 1. málsgr., skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi og lækkunar á iðgjöldum húseigenda eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

[1)] *Nú l. 91/1989.* [2)] *L. 59/1962, 1. gr.*

■ **2. gr.** Bæjarstjórnin getur því aðeins tekið tryggingarnar í eigin hendur, að fjárhagslegur grundvöllur þeirra sé tryggur og iðgjöldin séu sambærileg iðgjöldum viðurkenndra tryggingarfélaga, sem hagkvæmast tilboð gefa, að viðbættu gjaldi, sem ákveðið er að leggja í sérstakan tryggingarsjóð, sbr. 1. gr.

□ Útboð samkv. 1. málsgr. 1. gr. skulu fara fram eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

■ **3. gr.** Áður en bæjarstjórn gerir samning samkv. 1. málsgr. 1. gr., skal leita álits Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um málið. Enn fremur skal fulltrúa, er stjórn félagsins tilnefnir, heimilt að fylgjast með ráðstöfun sjóðs þess, er um ræðir í 3. málsgr. 1. gr.

■ **4. gr.** Skylt er að hafa öll hús í lögsagnarumdæminu brunatryggð hjá þeim aðila, er tryggingar annast samkv. 1. gr., og með því vátryggingarverði, er dómkvaddir

**1954** Nr. 25 13. apríl

menn meta, og meta þeir jafnframt brunatjón. Ef annar hvor aðili vill ekki una því mati, getur hann óskað yfirmats.

□ [Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun, og er eiganda skylt að sjá um, að slíkt sé tilkynnt vátryggjanda skriflega. Heimilt er þó vátryggjanda að láta mat fara fram, ef eigandi vanrækir tilkynningu.][1)]

□ Bæjarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa til samræmis við breytingar, er verða á byggingarkostnaði húsa í bænum.

[1)] *L. 37/1965, 1. gr.*

■ **[5. gr.** Nú verður brunatjón meira en helmingur brunabótamatsverðs og borgarstjórn telur nauðsynlegt vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum, að hlutaðeigandi hús verði fjarlægt, og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín; greiðir hún þá mismun þann, sem er á brunabótum og heildarmatsverði hússins. Ef borgarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt, getur hvor um sig krafizt endurmats, sem þá fer fram skv. ákvæðum 4. gr., og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið.][1)]

[1)] *L. 37/1965, 2. gr.*

■ **[6. gr.][1)]** Öll iðgjöld og matskostnaður hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem á eignunum hvíla.

□ Ef iðgjöld eru ekki greidd á réttum gjalddaga, má innheimta þau með lögtaki.

[1)] *L. 37/1965, 2. gr.*

■ **[7. gr.][1)]** Bæjarstjórn setur nánari reglur um vátryggingarkjör, iðgjöld og annað það, er máli skiptir í sambandi við framkvæmd laga þessara.

[1)] *L. 37/1965, 2. gr.*

## 1940 Lög um hitaveitu Reykjavíkur.

Nr. 38 12. febr.

■ **1. gr.** Bæjarstjórn Reykjavíkur rekur hitaveitu, sem hefur einkaleyfi til þess að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið, þar sem bæjarstjórn ákveður, og einkarétt til þess að selja heitt vatn til upphitunar á húsum, sem ná til hitaveitunnar. Bæjarstjórn setur reglugerð[1)] um rekstur hitaveitunnar, sem ríkisstjórnin staðfestir.

[1)] *Rg. 208/1961, sbr. 122/1979 (um hitalagnir o. fl. í Reykjavík). Rg. 406/1989 (um Hitaveitu Reykjavíkur).*

■ **2. gr.** Þegar bæjarstjórnin hefur leitt heitt vatn frá jarðhitasvæði jarðanna Reykja og Reykjahvols í Mosfellssveit, getur bæjarstjórnin bannað, að hús, sem ná til hitaveitunnar, verði hituð með öðrum hætti en með vatni frá hitaveitunni.

□ Vatnshitunarkerfi, sem nú eru, eða sett verða í ný hús eða gömul, skulu þannig gerð, eða breytt svo, að þau megi tengja við hitaveituna.

■ **3. gr.** Bæjarstjórn ákveður, hvar vatnsæðar hitaveitunnar skuli lagðar um bæinn. Húseigendur kosta lagningu heimæða eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin setur, en ríkisstjórn staðfestir, og skal ákveða gjaldið með hliðsjón af hitaþörf húseignarinnar. Heimæðarnar verða eign hitaveitunnar, sem sér um viðhald þeirra húseigendum að kostnaðarlausu.

□ Bæjarstjórnin sér um lagningu heimæða og getur samið við húseiganda um, að hann greiði heimæðagjaldið, auk 6% ársvaxta, með jöfnum afborgunum á allt að 5 árum, enda hefur bæjarstjórn þá veðrétt í húseigninni, er gengur fyrir öllum samningsveðskuldum í eitt ár frá gjalddaga, og þarf ekki að þinglýsa þeim veðrétti.

**1940** Nr. 38 12. febr.

■ **4. gr.** Bæjarstjórn hefur rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga sem henni þykir þurfa til þess að leggja vatnsæðar þær, sem húseigendur kosta, og tengja þær við kerfi hitaveitunnar, og skulu þeir fara eftir reglum, er bæjarstjórn setur.

□ Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá hitaveitunni inn í hús í bænum.

■ **5. gr.** Hitaveita Reykjavíkur selur húseigendum heitt vatn til upphitunar húsa og annarra nota eftir því, sem reglugerð ákveður, með verði, sem skal ákveðið í gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ríkisstjórnin staðfestir.

■ **6. gr.** Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem vatnsleiðslur hitaveitunnar verða lagðar, svo og lóðareigendur og lóðarleigjendur í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem með þarf til þess að veita megi vatninu til Reykjavíkur og um bæinn, þar með talið grjóttak, malartekja og rista svo og mannvirki, og að þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hitaveitan kann að hafa í för með sér, gegn bótum fyrir landspjöll eftir fyrirmælum vatnalaganna.

■ **7. gr.** Til tryggingar skuldbindingum, sem bæjarstjórnin tekur á sig, með samþykki ríkisstjórnarinnar, í því skyni að lögð verði hitaveita til bæjarins frá jarðhitasvæðum Reykja og Reykjahvols, sem og til tryggingar lánum, sem bæjarstjórnin kann síðar að taka vegna þessara framkvæmda eða til rekstrar hitaveitunnar, getur bæjarstjórnin sett allt fyrirtækið að veði.

□ Nær slík veðsetning til allra réttinda fyrirtækisins, þ. á m. sérstaklega einkaréttinda samkvæmt 1. gr., svo og allra eigna, sem nauðsynlegar eru til þess að stofna fyrirtækið og starfrækja, sem eru: Vatn, vatnsréttindi og önnur hitaréttindi, land og réttindi til landsafnota, borholur, aðveituæðar til dælistöðva, dælistöð með öllum vélum, aðalleiðsla til Reykjavíkur, vatnsgeymar við Reykjavík, allar leiðslur um bæinn, þar á meðal heimæðar, mælar í húsum, bústaðir vélgæzlumanna við dælistöð og yfirleitt öll mannvirki, sem gerð eru vegna fyrirtækisins, með öllum endurbótum og viðaukum.

□ Veðsetning öðlast fullt gildi við þinglestur í Reykjavík, hvar sem hinar veðsettu eignir fyrirtækisins eru.

□ Vanefni bæjarstjórnin skyldur sínar samkvæmt veðskuldbindingunni, skal veðhafa heimilt að taka fyrirtækið í sínar hendur og reka það fyrir eiginn reikning eða fá öðrum rekstur þess í hendur, með öllum skyldum og réttindum, sem bæjarstjórn rak það, þar til hann hefur fengið kröfur sínar greiddar að skaðlausu, en auk þess er veðhafa heimilt að ganga að veðinu, ef hann kýs það heldur. Ef vanefndir stafa af óviðráðanlegum atvikum (force majeure) eða ófyrirsjáanlegum, afsakanlegum drætti, má bæta úr þeim með greiðslu svo fljótt sem verða má, og í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Er svo stendur á, verður því ekki leitað fullnustu í hitaveitunni, né hún tekin í hendur veðhafa til rekstrar, fyrr en þrír mánuðir eru liðnir frá því vanefndir urðu.

□ Komi til þess, að veðhafi eða nýr eigandi taki fyrirtækið í sínar hendur, geta þeir rekið það með sama rétti, sem bæjarstjórnin hafði, og getur hvorki bæjarstjórnin né önnur stjórnarvöld torveldað reksturinn á nokkurn hátt,

1940 Nr. 38 12. febr.

og má þá ekki heldur leggja á hann nokkurt afgjald eða skatta, hvorki beint né óbeint.

□ Réttur veðhafa til að ganga að fyrirtækinu eða taka það í sínar hendur er þó bundinn því skilyrði, að hvenær sem er getur bæjarstjórnin leyst aftur til sín fyrirtækið með því að greiða veðhafanum eða hinum nýja eiganda veðskuldina að skaðlausu með vöxtum og kostnaði þeirra við yfirtökuna og reksturinn, þar á meðal rekstrartap þeirra.

■ **8. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allar skuldbindingar, sem bæjarstjórn Reykjavíkur tekst á hendur nú eða síðar vegna hitaveitu samkvæmt lögum þessum, allt að 9 milljónum danskra króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í annarri mynt.

■ **9. gr.** Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem verða settar samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

1911 Nr. 42 11. júlí

**Lög um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl.**[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1431 – 1432.*

1901 Nr. 18 13. sept.

**Lög um manntal í Reykjavík.**[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1432.*

1933 Nr. 49 19. júní

**Lög um breyting á lögum um manntal í Reykjavík.**

Störf þau, sem lögreglustjóranum í Reykjavík eru falin í lögum nr. 18 13. sept. 1901, skulu hér eftir falin borgarstjóranum í Reykjavík.

1954 Nr. 94 30. nóv.

**Lög um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík.**[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1433.*

# III. d. Akureyri.[1]

[1] *Akureyri fékk kaupstaðaréttindi með rg. 29. ágúst 1862.*

1895 Nr. 34 13. des.

**Lög um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar.**

■ **1. gr.** Jörðin Eyrarland með hjáleigunum Barði og Hamarkoti, að undanskildum Glerárdal, og jörðin Kotá, báðar í Hrafnagilshreppi, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrarkaupstaðar frá fardögum 1896.

■ **2. gr.** ...[1]

[1] *L. 20/1988, 4. gr.*

1954 Nr. 107 18. des.

**Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Akureyrarkaupstaðar.**

■ **1. gr.** Glerárþorp í Glæsibæjarhreppi ásamt jörðunum Bandagerði, Rangárvöllum, Kollugerði, Hlíðarenda, Glerá, Lögmannshlíð, Hesjuvöllum, Kífsá, Hrappsstöðum, Mýrarlóni, Grænhóli, Syðra-Krossanesi og Ytra-Krossanesi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar frá 1. janúar 1955. Mörk milli Akureyrar og Glæsibæjarhrepps verða þá norðurmörk jarðanna Ytra-Krossaness, Grænhóls, Mýrarlóns og Hrappsstaða.

■ **2. gr.** Frá sama tíma tekur Akureyrarkaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn og framfærslurétt eiga eða munu eignast í Glæsibæjarhreppi, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar á landi því, er um ræðir í 1. gr.

■ **3. gr.** Nú verður ekki, innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara, samkomulag milli bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar og hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps um eigna- og skuldaskipti, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu þau þá ákveðin af gerðardómi, skipuðum 3 mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðila eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

1909 Nr. 28 9. júlí

**Lög um að leggja jörðina Naust í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrarkaupstaðar.**

■ **1. gr.** Jörðin Naust í Hrafnagilshreppi skal lögð undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrarkaupstaðar frá 6. júní 1909. ...

1920 Nr. 17 18. maí

**Lög um að leggja jarðirnar Kjarna og Hamra í Hrafnagilshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrar.**

■ **1. gr.** Jarðirnar Kjarni og Hamrar í Hrafnagilshreppi skulu, að áskildu samþykki sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrar frá 6. júní 1920. ...

1970 Nr. 16 18. marz

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes, Akureyri.**[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1435.*

1951 Nr. 16 9. febr.

**Lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar.**

■ **1. gr.** Bæjarstjórn Akureyrar lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Akureyrar og gera nákvæman uppdrátt af þeim.

□ Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni.

■ **2. gr.** Mælikvarði uppdráttarins skal eigi vera minni en 1:500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

■ **3. gr.** Bæjarstjórnin felur verkfræðingi eða ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna, meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir að láta þeim í té þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa til þess að geta framkvæmt starf sitt.

□ Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda séu þeir heimilisfastir á Akureyri eða þar staddir, viðvart með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hvenær merki verði ákveðin. Er þeim rétt að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir

**1951** Nr. 16 9. febr.

um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún og þá lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóðar.

□ Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi réttar síns til að vera þar við, og ákveður mælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðaeigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum.

□ Eigendur og umboðsmenn lóða, er eigi hafa sótt merkjastefnu, geta, ef þeir vilja eigi hlíta merkjasetningu, gert mælingamanni, innan 4 vikna eftir merkjastefnu, viðvart, og fer um dómsvald á ágreiningi lóðarmerkja, þegar svo stendur á, eftir lögum þessum.

■ **4. gr.** Bæjarstjórnin löggildir bók, sem nefnist lóðamerkjabók. Skal mælingamaður rita í hana lýsingu á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit af aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar, eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, byggðra og óbyggðra. Mælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra skulu undirskrifa lýsinguna, en rétt er lóðaeiganda að gera fyrirvara um ágreining, ef samkomulag fæst ekki um merkin, og skal þá sýna á eftirritinu af uppdrættinum svo greinilega sem unnt er, hvað milli ber um merkin. Mælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur réttari, eða geti hann á hvoruga fallizt, hvar hann telur merki réttast eftir öllum atvikum.

■ **5. gr.** Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa á kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af ráðherra.

■ **6. gr.** Í lóðaskrána og aðaluppdráttinn skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin lóðaskrárritara til þess starfs. Ráðherra setur reglugerð,[1] eftir tillögum bæjarstjórnar, um skyldur og störf lóðaskrárritara.

[1] *Rg. 10/1969.*

■ **7. gr.** Þá er merkjastefnu er lokið, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um eigendaskipti að lóð eða hluta af lóð, nema mælingamaður eða lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigendaskiptanna sé getið í lóðamerkjabók eða lóðaskrá.

□ Ef skrásettri lóð er skipt í hluta, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiptinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiptingunni.

■ **8. gr.** Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í té staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir slík eftirrit og fyrir vottorð samkvæmt 6. gr. svo og fyrir önnur störf, er lóðaskrárritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða gjald í bæjarsjóð Akureyrar samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur eftir tillögum bæjarstjórnar.

■ **9. gr.** Bæjarstjórnin getur á sama hátt látið skrásetja og mæla lóðir og lönd utan kaupstaðarlóðarinnar, en innan lögsagnarumdæmisins, er þá færist í aukaskrá. Um aukaskrána gilda hin sömu ákvæði sem hér að framan eru sett um aðalskrána, en mælikvarði uppdrátt-ar, sbr. 2. gr., má þó vera minni.

■ **10. gr.** Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 13. gr. **1951** Nr. 16 9. febr.

■ **11. – 14. gr.** ...[1]

[1] *Felldar niður með l. 28/1981, 44. gr.*

**Lög um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri.** **1970** Nr. 87 6. ágúst

■ **1. gr.** Þar sem bæjarstjórnin hefur lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji allt skolp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón veganefndar eða þess manns, er hún felur umsjónina, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skolpræsa innan húss og utan. Skal í þeirri reglugerð ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsin. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

□ Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin öðlast á hendur húseigendum og lóðareigendum, samkvæmt framansögðu, hefur bæjarsjóðurinn lögveð í húsinu eða lóðinni, og gengur sá veðréttur fyrir öllum veðskuldum eftir samningi.

■ **2. gr.** Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins, og sömuleiðis kostnaður við steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir og kostnaður við gerð varanlegs slitlags á götu, greiðist úr bæjarsjóði. En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa-, gangstétta- og gatnagerðarskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir.[1] Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða með fram götu, þar sem holræsi eða gangstéttir verða lagðar og/eða varanlegt slitlag.

[1] *Rg. 87/1990.*

■ **3. gr.** Lögtaksréttur fylgir öllum kröfum samkvæmt lögum þessum.

**Lög um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri.**[1] **1927** Nr. 49 31. maí

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1437.*

# III. e. Ísafjörður.[1]

[1] *Ísafjörður fékk kaupstaðarréttindi með tilskipun 26. jan. 1866. Augl. um merki, 249/1969.*

**Lög um bæjarstjórn Ísafjarðar.** **1917** Nr. 67 14. nóv.

■ **1. gr.** Umdæmi Ísafjarðar nær yfir jarðirnar Eyri með Stakkanesi og Seljaland.

■ **2. gr.** ...

**Lög um heimild til lóðarsölu fyrir Ísafjarðarkaupstað.**[1] **1905** Nr. 24 20. okt.

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1437 – 1438.*

**Lög um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á lóð undir skólabygging.** **1909** Nr. 31 9. júlí

■ **1. gr.** Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð undir barnaskólahúsbygging og aðrar nauðsynlegar byggingar og svæði í sambandi við skólann.

**1909** Nr. 31 9. júlí

■ **2. gr.** Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni. Bæjarsjóður Ísafjarðar greiðir allan matskostnaðinn.

**1913** Nr. 49 10. nóv.

**Lög um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.**

■ **1. gr.** [Bæjarstjórn Ísafjarðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbætur, hafnarkví og hafnarbryggjur, og byggingar og svæði, er þörf er á í sambandi við hafnarbæturnar.][1)]

[1)] *L. 44/1917.*

■ **2. gr.** Eignarnámið skal framkvæmt af 2 dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni.

□ Bæjarsjóður Ísafjarðar greiðir allan matskostnaðinn.

**1918** Nr. 32 22. nóv.

**Lög um mjólkursölu á Ísafirði.**[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1438 - 1439.*

# III. f. Seyðisfjörður.[1)]

[1)] *Seyðisfjörður fékk kaupstaðarréttindi með l. 15/1894.*

**1919** Nr. 61 28. nóv.

**Lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði.**

■ **1. gr.** Fjarðaralda með Búðareyri og Vestdalseyri og jarðirnar Vestdalur og Fjörður með Fjarðarseli og Odda er lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum.

□ ...[1)]

[1)] *L. 20/1988, 4. gr.*

■ **2. gr.** Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu er jafnframt bæjarfógeti kaupstaðarins. ...[1)2)]

[1)] *L. 59/1929.* [2)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 20. gr.*

■ **3. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 58/1961, 110. gr.*

# III. g. Hafnarfjörður.[1)]

[1)] *Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi með lögum 22. nóv. 1907.*

**1971** Nr. 46 16. apríl

**Lög um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.**

■ **1. gr.** Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum.

□ Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

[A. Pkt. 1. „Balaklöpp" við vesturenda Skerseyrarmalar.
— 2. Hnit X 24.254,20, Y 10.562,96.
— 3. Hnit X 24.254,20, Y 10.602,04.
— 4. Hnit X 24.243,90, Y 10.602,04.
— 5. Hnit X 24.243,90, Y 10.660,00.
— 6. Hnit X 24.206,30, Y 10.660,00.
— 7. Hnit X 24.206,30, Y 10.650,00.
— 8. Hnit X 24.175,77, Y 10.586,50.
— 9. Hnit X 24.055,00, Y 10.625,00.
— 10. Hnit X 23.955,00, Y 10.965,00.
— 11. Varða við Reykjavíkurveg, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins í Engidal.
— 12. Hnit X 22.208,19, Y 10.852,62 (varða á Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti).
— 13. Hnit X 22.094,89, Y 10.079,01 (steyptur stöpull í hraunjaðrinum milli Kaplakrika og Stórakróks).
— 14. Hnit X 22.110,63, Y 9.534,19 (steyptur stöpull efst á Setbergshamri).
— 15. Hnit X 21.657,44, Y 8.850,84 (steyptur stöpull efst á Fjárhúsholti).
— 16. Hnit X 21.590,11, Y 8.417,44 (steyptur stöpull á Norðlingahálsi, norðan vegar).
— 17. Hnit X 21.903,84, Y 7.972,13 (steyptur stöpull við gömlu landamerkjalínuna í Moshlíð, um 250 m sunnan Elliðavatnsvegar).
— 18. Lækjarbotnar.
— 19. Gráhella.
— 20. Miður Ketshellir, þá eftir Selvogsmannaeða Grindaskarðsvegi í
— 21. Kaplatór (Strandatorfur).
— 22. Hnit X 686.237,81, Y 392.971,53 (Markraki í Dauðadölum).
— 23. Hnit ca. X 692.830, Y 392.030 (Melrakkagil í Undirhlíðum).
— 24. Hnit 696.942,32, Y 392.328,03 (varða á Markhelluhól).
— 25. Hraunkrossstapi.
— 26. Miðkrossstapi.
— 27. Hólbrunnshæð.
— 28. Stóri-Grænhóll.
— 29. Skógarhóll.
— 30. Markaklettur við Hraunsnes.

Hnit eru í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951, nema hnit í pkt. 22 (Markraki), pkt. 23 (Melrakkagil) og pkt. 24 (Markhelluhóll), sem eru samkvæmt hnitakerfi Íslands í keiluvarpi.][1)]

B. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.

□ Allt land innan ofangreindra takmarka telst til lögsagnarumdæmisins. Kaupstaðurinn skal setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

□ ...[2)]

[1)] *L. 34/1978, 1. gr.* [2)] *L. 43/1973, 4. gr.*

**1971** Nr. 46 16. apríl

**1974** Nr. 110 31. des.

**Lög um breyting á lögum nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, og um heimild fyrir Hafnarfjarðarkaupstað að taka eignarnámi landspildu í Hafnarfirði.**

■ **1. gr.** ...[1)]

[1)] *Sjá l. 46/1971, 1. gr.*

■ **2. gr.** Bæjarstjórn Hafnarfjarðar fyrir hönd bæjarsjóðs skal heimilt að taka eignarnámi fyrir fyrirhugaðar byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna erfðafestuland undir fiskverkunarreit, er liggur norðan Garðavegar meðfram takmörkum Hafnarfjarðar og Garðahrepps samkv. lóðarleigusamningi, útg. 12. maí 1927, upphaflega útgefnum til Hellyer Bros Ltd.

**1974** Nr. 110 31. des.

☐ Um framkvæmd eignarnámsins fer samkv. lögum nr. 11 6. apríl 1973.

**1936** Nr. 11 1. febr.

## Lög um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi:

1. Afnotarétt af öllu óræktuðu landi jarðarinnar Ás í Garðahreppi.

2. Þann hlutann af óræktuðu landi jarðarinnar Hvaleyrar í Hafnarfirði, sem ekki er þegar eign Hafnarfjarðarkaupstaðar.

3. ...[1)]

4. Jarðirnar Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ í Grindavíkurhreppi.[2)]

[1)] *L. 46/1964, 2. gr.* [2)] *Sjá l. 101/1940.*

■ **2. gr.** Þegar eignarnám hefur farið fram eftir 1. – 3. tölulið 1. gr., skal ríkissjóður selja eða leigja Hafnarfjarðarkaupstað þessi lönd jafnóðum, enda greiði kaupstaðurinn skaðabætur til Garðahrepps fyrir þá tekjurýrnun, sem hreppurinn kann að verða fyrir vegna eignarnámsins. Enn fremur greiði kaupstaðurinn til einstakra manna skaðabætur fyrir rétt þeirra til landsins og mannvirkja á því, ef ríkissjóður selur kaupstaðnum landið, ella greiði ríkissjóður þessar skaðabætur, ef landið verður leigt kaupstaðnum. Afnotarétt jarðanna, sem í 4. tölul. 1. gr. getur, skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað, þannig að hann fái þörf kaupstaðarins fyrir hita, ræktun og sumarbeit fullnægt, en Gullbringusýslu skal afhent lítt ræktanlegt beitiland jarðanna sem afréttarland fyrir sauðfé, hvorttveggja eftir því, sem staðhættir og landrými leyfa. Gera skal landamerki milli aðilja um leið og þeim er afhent landið.

☐ Skaðabætur samkvæmt upphafi þessarar greinar, svo og bætur fyrir eignarnám jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar skulu metnar af gerðardómi þriggja manna. Búnaðarmálastjóri skal vera einn þeirra, annar skipaður af hæstarétti og hinn þriðji skipaður af atvinnumálaráðherra.

■ **3. gr.** Lönd þau, sem Hafnarfjarðarkaupstaður kann að eignast eða fá á leigu á þennan hátt, er honum skylt að leigja bæjarmönnum, eða ráðstafa á annan hátt til ræktunar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þó er honum óheimilt að selja landið aftur.

■ **4. gr.** Eftir því sem eignarnám þetta er framkvæmt ...[1)] og landið er afhent Hafnarfjarðarkaupstað, skal það lagt undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og kaupstaðarsvæðið stækkað sem því nemur.

[1)] *L. 40/1946, 1. gr.*

**1940** Nr. 101 14. maí

## Lög um breyting á lögum nr. 11 1. febr. 1936 (Eignarnámsheimild á nokkrum löndum o. fl.).

■ **1. gr.** Jarðir þær, sem um getur í 4. tölul. 1. gr., skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað og Gullbringusýslu, þannig, að sýslan fái í sinn hlut lítt ræktanlegt beitiland jarðanna til sumarbeitar fyrir sauðfé, samkvæmt skiptagerð, sem framkvæmd var af hinni þar til kjörnu matsnefnd, sbr. niðurlag þessarar greinar, 1. maí 1939, en Hafnarfjarðarkaupstaður fái jarðirnar að öðru leyti með öllum gögnum og hlunnindum, sem jörðunum fylgja og fylgja ber, að undanteknum námuréttindum.

☐ Báðir aðilar, sýslan og bæjarsjóður, greiði ríkissjóði það, sem hann hefur greitt fyrir jarðirnar, og í þeim hlutföllum, sem matsnefndin hefur ákveðið. Ríkissjóður skal þó hafa rétt til að kaupa síðar þau hitaréttindi, sem hann kann að þurfa í sambandi við námurekstur eða annað og Hafnarfjarðarkaupstaður þarf ekki á að halda til sinna þarfa. Fyrir þessi hitaréttindi skal ríkissjóður greiða hlutfallslega sama verð og hitaréttindin hafa kostað Hafnarfjarðarkaupstað samkvæmt mati á hitaréttindum, þegar kaupstaðurinn fékk þau, að viðbættu því, sem hann hefur sameiginlega til þess kostað með árangri að auka þau. Skylt er Hafnarfjarðarkaupstað að haga ræktun og úthlutun landsins samkvæmt fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands.

**1940** Nr. 101 14. maí

**1964** Nr. 38 16. maí

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Ás í Hafnarfirði.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Ás í Hafnarfirði.

☐ Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

☐ Andvirði landsins skal Hafnarfjarðarkaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

☐ Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Hafnarfjarðarkaupstað var gert að greiða fyrir landið.

**1971** Nr. 44 16. apríl

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.

■ **1. gr.** [Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað ca. 16,5 ha. af landi jarðanna Dysja og Pálshúsa í Garðahreppi, þ. e. þann hluta jarðanna, sem fellur undir skipulag nýs byggðahverfis í Hafnarfirði.][1)]

☐ Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

☐ Þó skal Hafnarfjarðarkaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem kann að hafa orðið vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs í sambandi við skipulagsgerðir kaupstaðarins.

☐ Andvirði landsins skal Hafnarfjarðarkaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

☐ Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Hafnarfjarðarkaupstað var gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er Hafnarfjarðarkaupstað að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

[1)] *L. 34/1973, 1. gr.*

■ **2. gr.** ...[1)]

[1)] *Um 2. gr., sjá Kaupstaðir og kauptún.*

# III. h. Vestmannaeyjar.

**1918 Nr. 26 22. nóv.** **Lög um bæjarstjórn Vestmannaeyja.**[1]

[1] *Samþ. um stjórn bæjarmála, 120/1966.*

■ **1. gr.** Vestmannaeyjar skulu teknar í tölu kaupstaða.

■ **2. gr.** Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum skal vera bæjarfógeti. Hann hefur auk þess öll hin sömu störf á hendi og sýslumaðurinn nú, enda hafi sömu laun úr landssjóði.[1]

[1] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 20. gr.*

■ **3. gr.** ...[1]

[1] *L. 58/1961, 110. gr.*

**1960 Nr. 22 10. maí** **Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins.

□ Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum oddamann. Þó skal Vestmannaeyjakaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

□ Andvirði landsins skal Vestmannaeyjakaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

□ Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við því sama verði hlutfallslega og Vestmannaeyjakaupstað var gert að greiða fyrir landið.

■ **2. gr.** Þeir, sem öðlazt hafa réttindi eða ítök í landi því, sem um getur í 1. gr., annaðhvort með samningi eða á annan löglegan hátt, skulu halda óskertum rétti sínum, þar til samningurinn er útrunninn eða rétturinn með öðru móti niður fallinn. Þó skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar heimilt að taka eignarnámi lóðar- eða erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917.[1]

[1] *Nú l. 11/1973.*

**1931 Nr. 28 8. sept.** **Lög um sjóveitu í Vestmannaeyjum.**[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1444 – 1445.*

**1963 Nr. 57 22. apríl** **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vatnsveituframkvæmda í Vestmannaeyjum.**[1]

[1] *Rg. fyrir vatnsveitu 175/1968.*

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 12 millj. kr. lán, sem endurlánað verði bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar til vatnsveituframkvæmda, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. Lánið skal þó ekki nema meira en 85% – áttatíu og fimm af hundraði – af áætluðum heildarkostnaði við framkvæmd verksins. Endurlán ríkissjóðs verði bundið sömu skilyrðum um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning framkvæmdanna og tíðkast við vatnsveituframkvæmdir, sem fá ríkisábyrgð skv. lögum nr. 93 1947.

**1963 Nr. 57 22. apríl**

**1971 Nr. 15 30. marz** **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni að upphæð allt að 60 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem Bæjarsjóður Vestmannaeyja mun taka til kaupa á nýrri neðansjávarleiðslu frá Landeyjasandi til Vestmannaeyja vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja.

**1973 Nr. 105 27. des.** **Lög um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.**[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1445 – 1446.*

# III. i. Siglufjörður.

**1918 Nr. 30 22. nóv.** **Lög um bæjarstjórn á Siglufirði.**[1]

[1] *Samþ. um stjórn og fundarsköp, 99/1988. Merki 221/1967.*

■ **1. gr.** Siglufjarðarverslunarstaður skal tekinn í tölu kaupstaðanna, og nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Hvanneyrarhrepp.

□ ...[1] Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

[1] *L. 80/1942, 5. gr.*

■ **2. gr.** ...[1]

[1] *L. 58/1919.*

■ **3. gr.** ...[1]

[1] *L. 20/1988, 4. gr.*

**1919 Nr. 58 28. nóv.** **Lög um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.**[1]

[1] *Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 92/1989, 20. gr.*

■ **1. gr.** Lögreglustjórinn í Siglufjarðarkaupstað er bæjarfógeti í kaupstaðnum og er launaður úr ríkissjóði.[1] Hann hefur á hendi öll hin sömu störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á öllum tekjum ríkissjóðs og önnur störf, allt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum, og stjórn málefna kaupstaðarins.

[1] *L. 94/1986.*

■ **2. gr.** ...[1]

[1] *L. 58/1961, 110. gr.*

**1944 Nr. 10 24. marz** **Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað.**

■ **1. – 5. gr.** ...[1]

[1] *L. 29/1946, 17. gr.*

■ **6. gr.** Nú hefur bæjarstjórn samkv. tillögum hafnarnefndar ákveðið endurbyggingu á mannvirkjum einstak-

**1944** Nr. 10 24. marz

linga sunnan Eyrarinnar og undir Hafnarbökkum, í sambandi við dýpkun Siglufjarðarhafnar á tilteknu svæði, og skal þá leitað umsagnar leigutaka lóða þeirra, er til greina koma í hvert sinn. Samþykki meiri hluti leigutaka, að í endurbyggingu á eignum þeirra skuli ráðizt, skal leitað staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, og er samþykkið fyrst bindandi fyrir alla aðila, þegar ráðuneytið hefur staðfest, að framkvæmdirnar skuli gerðar. Þeir leigutakar, er um ræðir, skulu þá skyldir til að byggja á sinn kostnað, að frádregnu framlagi ríkissjóðs til verksins, fyrirstöðuþil fyrir lóð sinni, þegar bæjarstjórn krefst þess, en uppfylling innan við fyrirstöðuþilið annast bæjarfélagið með uppgrefti úr höfninni gegn endurgjaldi lóðaleigutaka, eftir því sem um semst. Þilið skal byggt á þeim stað, er skipulagsteikning vitamálastjóra ákveður, og að styrkleika eftir fyrirmælum hans, enda skipi vitamálastjóri eftirlitsmann með framkvæmd verksins.

☐ Ef lóðaleigutaki tregðast við að framkvæma fyrirmæli bæjarstjórnar, er hún gefur samkvæmt lögum þessum, getur bæjarstjórn látið framkvæma verkið. Kostnaður við það hvílir sem lögveð á leiguréttindum og öllum fasteignum á lóð viðkomanda á eftir þeim skuldbindingum, sem á þeim hvíla og þinglýst hefur verið fyrir 15. sept. 1943. Skal kostnaðurinn endurgreiðast á næstu 10 árum, eftir að verkið var framkvæmt.

☐ Verðhækkun, sem verður á viðkomandi fasteign við þessar aðgerðir og ekki fæst frádregin sem viðhaldskostnaður, er ekki fasteignaskattskyld í bæjarsjóð næstu 10 ár.

☐ Nú hefur leigutaki greitt atkvæði móti framkvæmd verksins, og skal hann þá þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsgr. eiga rétt á, að hafnarsjóður Siglufjarðar kaupi lóðarréttindi hans ásamt mannvirkjum, sem þeim fylgja, og skal verðmæti hvors tveggja ákveðið með mati, svo sem mælt er fyrir í 3. gr., ef ekki næst samkomulag á annan hátt.

☐ Atvinnumálaráðuneytið sker úr ágreiningi, sem verða kann milli bæjarstjórnar og lóðarleigjanda út af framkvæmdum samkvæmt grein þessari.

☐ Jafnóðum og umræddum aðgerðum er lokið, er bæjarstjórn skylt að halda dýpi, er skipulagsuppdráttur sýnir, á þeim hluta hafnarinnar, er skip þurfa að fara um til að komast að bryggju við þá leigulóð, er búið er að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir á, þó ekki nær en að bryggjuhaus miðað við bryggjulengd, er skipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir.

☐ Verðhækkun á lóðum einstaklinga, er á þeim kann að verða fyrir aðgerðir hins opinbera, skal ekki tekin til greina, ef bæjarfélagið síðar meir þarf að kaupa þær lóðir.

☐ Atvinnumálaráðuneytið skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd ákvæða greinar þessarar og þar á meðal gefa fyrirmæli um tilhögun atkvæðagreiðslu þeirrar, er um ræðir í 1. málsgr., að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar.

■ **7. gr.** ...[1]

[1] *L. 29/1946, 17. gr.*

**1942** Nr. 74 4. júlí

**Lög um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.**[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1448.*

**1949** Nr. 37 23. maí

**Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði.**[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1448.*

# III. j. Neskaupstaður.

**1928** Nr. 48 7. maí

**Lög um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.**[1]

[1] *Samþ. um stjórn, 55/1989.*

■ **1. gr.** Nesverslunarstaður í Norðfirði skal tekinn í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Neshrepp og heitir Neskaupstaður.

☐ Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Suður-Múlasýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.[1]

☐ Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

[1] *Sjá nú l. 80/1987.*

■ **2. gr.** ...

■ **3. gr.** ...[1]

[1] *L. 20/1988, 4. gr.*

■ **4. gr.** [Bæjarfógetinn í Neskaupstað hefur að launum 3600 krónur, er greiðast úr ríkissjóði. Hann hefur á hendi öll hin sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, allt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.][1][2]

[1] *L. 23/1936, 1. gr. Sjá nú l. 94/1986.* [2] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 20. gr.*

■ **5. gr.** ...[1]

[1] *L. 58/1961, 110. gr.*

**1943** Nr. 28 18. febr.

**Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar.**

■ **1. gr.** Sá hluti jarðarinnar Ormsstaða í Norðfjarðarhreppi, sem nú er eign bæjarsjóðs Neskaupstaðar, skal lagður undir lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar frá 1. apríl 1943, [svo og landsspilda sú, er liggur milli Naustalækjar að austan og Ormsstaða að vestan].[1]

[1] *L. 38/1949, 1. gr.*

■ **2. gr.** Frá sama tíma tekur Neskaupstaður að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Norðfjarðarhreppi, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á landi því, er um ræðir í 1. gr.

■ **3. gr.** Bætur fyrir tekjurýrnun Norðfjarðarhrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., skulu ákveðnar af gerðardómi, skipuðum 3 mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðila eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

**1975** Nr. 84 24. des.

**Lög um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi.**

■ **1. gr.** Bæjarstjórn Neskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi þann hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi, sem ekki er þegar í eigu kaupstaðarins.

■ **2. gr.** Um framkvæmd eignarnáms skal fara eftir ákvæðum laga nr. 11 6. apríl 1973.

# III. k. Akranes.

**1941** Nr. 45 27. júní

**Lög um bæjarstjórn á Akranesi.**[1]

[1] *Samþ. um stjórn bæjarmálefna, 279/1988.*

■ **1. gr.** Akraneskauptún skal tekið í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Ytri-Akraneshrepp og heitir Akraneskaupstaður.

□ Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Borgarfjarðarsýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.[1]

□ Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

[1] *Nú l. 80/1987.*

■ **2. gr.** Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Ytri-Akraneshreppi, sem ekki eru útkljáð þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akranesi.

■ **3. gr.** ...[1]

[1] *L. 20/1988, 4. gr.*

■ **4. gr.** Bæjarfógetinn á Akranesi hefur sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 11. gr. 3. málsgr. laga nr. 71 28. nóv. 1919,[1] og greiðast launin úr ríkissjóði. Hann hefur á hendi öll hin sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, allt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin í lögum.[2]

[1] *Nú l. 94/1986.* [2] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 20. gr.*

■ **5. gr.** ...[1]

[1] *L. 58/1961, 110. gr.*

**1964** Nr. 45 23. maí

**Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar.**

■ **1. gr.** Mörk lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar skulu vera: Að norðan: landamörk jarðanna Innstavogs og Óss um Blautós og síðan Berjadalsá frá sjó og yfir fyrir land jarðarinnar Garða. Að austan: landamörk jarðarinnar Garða frá Berjadalsá eftir Lönguásum í Tannaberg og þaðan í sjó við Leyni.

■ **2. gr.** Akraneskaupstaður tekur að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Innri-Akraneshreppi, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á landi því, er samkvæmt lögum þessum fellur undir lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar.

■ **3. gr.** Bætur fyrir tekjurýrnun Innri-Akraneshrepps, er leiðir af lögum þessum, skulu ákveðnar af gerðardómi, skipuðum þremur mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðila eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

**1964** Nr. 45 23. maí

# III. l. Ólafsfjörður.

**Lög um bæjarstjórn í Ólafsfirði.**[1]

[1] *Samþ. um stjórn bæjarmála, 277/1988.*

**1944** Nr. 60 31. okt.

■ **1. gr.** Ólafsfjarðarkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Ólafsfjarðarhrepp og heitir Ólafsfjarðarkaupstaður.

□ Umdæmi þetta er hér eftir sem hingað til í alþingiskjördæmi Eyjafjarðarsýslu.[1]

□ Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

[1] *Nú l. 80/1987.*

■ **2. gr.** Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Ólafsfjarðarhreppi, sem eru ekki útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans í Ólafsfirði.

■ **3. gr.** ...[1]

[1] *L. 20/1988, 4. gr.*

■ **4. gr.** Þar til laun bæjarfógetans í Ólafsfirði verða ákveðin í launalögum, hefur hann sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 3. málsgr. 11. gr. laga nr. 71 28. nóv. 1919,[1] og greiðast launin úr ríkissjóði. Hann hefur á hendi sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómarastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.[1]

[1] *Nú l. 94/1986.* [2] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 20. gr.*

■ **5. gr.** ...[1]

[1] *L. 58/1961, 110. gr.*

**1945** Nr. 30 12. febr.

**Lög um heimild fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að taka eignarnámi lóðarréttindi nálægt landamerkjum Brimness og Hornbrekku.**

■ **1. gr.** Ólafsfjarðarkaupstað heimilast að taka eignarnámi leigulóðarréttindi að landspildu, sem er 60 faðmar á lengd í norður og suður, 20 föðmum norðar en landamerki eru milli Brimness og Hornbrekku, og 20 faðma á breidd austur frá sjávarmáli, samkvæmt leigusamningi, dags. 11. júlí 1896, og viðbótarsamningi, dags. 1. júní 1922, við Gudmanns Efterfölgers verzlun á Akureyri, og skal eignarnámið taka til mannvirkja þeirra, sem á lóðinni eru, nema eigendur þeirra kjósi að flytja þau af lóðinni.

■ **2. gr.** Um framkvæmd eignarnáms samkv. heimild í 1. gr. fer eftir lögum nr. 61 1917.

# III. m. Sauðárkrókur.

**1947 Nr. 57 24. maí** **Lög um bæjarstjórn á Sauðárkróki.**[1)]

[1)] *Samþ. um stjórn, 465/1988.*

■ **1. gr.** Sauðárkrókskauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Sauðárkrókshrepp og heitir Sauðárkrókskaupstaður.

□ Umdæmi þetta er hér eftir sem hingað til í alþingiskjördæmi Skagafjarðarsýslu.[1)] Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

[1)] *Nú l. 80/1987.*

■ **2. gr.** Sýslumaður Skagafjarðarsýslu er jafnframt bæjarfógeti Sauðárkrókskaupstaðar.[1)]

[1)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 20. gr.*

■ **3. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 20/1988, 4. gr.*

■ **4. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 58/1961, 110. gr.*

**1947 Nr. 3 31. jan.** **Lög um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.**[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1452.*

**1948 Nr. 39 5. apríl** **Lög um eignarnám á ræktuðum og óræktuðum byggingarlóðum á Sauðárkróki sunnan Sauðár.**

■ **1. gr.** Bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar veitist heimild til að láta taka eignarnámi túnlóðir og óbyggðar lóðir á verzlunarlóð bæjarins sunnan Sauðár (árinnar).

□ Land það eða lóðir, er Sauðárkrókskaupstaður eignast samkvæmt eignarnámi þessu, er honum óheimilt að selja, en heimilt að leigja.

■ **2. gr.** Eignarnámið skal fara fram samkv. lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

# III. n. Keflavík.

**1949 Nr. 17 22. marz** **Lög um bæjarstjórn í Keflavík.**[1)]

[1)] *Samþ. um stjórn bæjarmálefna, 241/1981, sbr. 366/1985.*

■ **1. gr.** Keflavíkurkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Keflavíkurhrepp og heitir Keflavíkurkaupstaður.

□ Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu.[1)] Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við hið nýja umdæmi og íbúa þess.

[1)] *Sjá nú l. 80/1987.*

■ **2. gr.** Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Keflavíkurhreppi, sem ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Keflavík.

■ **3. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 20/1988, 4. gr.*

■ **4. gr.** Bæjarfógetinn í Keflavík tekur laun eftir VI. flokki launalaganna, nr. 60 1945.[1)]

□ Hann hefur á hendi sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómarastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum. Lögsaga á Keflavíkurflugvelli skal þó áfram heyra undir sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, á sama hátt og verið hefur.[2)3)]

[1)] *L. 94/1986.* [2)] *Sbr. nú l. 33/1954.* [3)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 20. gr.*

■ **5. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 58/1961, 110. gr.*

**1949 Nr. 17 22. marz** **Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar.**

■ **1. gr.** Lögsagnarumdæmi Keflavíkurkaupstaðar stækkar til norðurs um landsvæði úr landi Keflavíkur h/f, Keflavík, svo og úr landi Keflavíkurflugvallar í eigu ríkissjóðs, hvort tveggja í Gerðahreppi.

□ Mörkin milli Keflavíkurkaupstaðar og Gerðahrepps breytast því og verða sem hér segir: Að vestan eru mörkin frá hornpunkti, þar sem norðurmörk Njarðvíkurhrepps skera beina línu dregna úr Kölku í Keflavíkurborg, unz sú lína sker núverandi háspennulínu. Síðan fylgja mörkin háspennulínunni til norðurs u. þ. b. 1400 m. Þar beygir háspennulínan til NNA, og fylgja mörkin henni u. þ. b. 560 m, unz hún beygir til NNV. Úr þeim hornpunkti liggja mörkin í ANA í stefnu á vitann á Hólmsbergi til sjávar.

■ **2. gr.** Frá gildistöku laga þessara tekur Keflavíkurkaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn og framfærslurétt eiga eða munu eignast í Gerðahreppi, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar á landi því, sem um ræðir í 1. gr.

■ **3. gr.** Nú verður ekki innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli bæjarstjórnar Keflavíkurkaupstaðar og hreppsnefndar Gerðahrepps um eigna- og skuldaskipti, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu þau þá ákveðin af gerðardómi, skipuðum 3 mönnum. Sami gerðardómur skal ákveða bætur fyrir tekjurýrnun Gerðahrepps, er kann að leiða af lögum þessum. Aðilar tilnefna hvor sinn mann í gerðardóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðila eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

**1966 Nr. 51 13. maí**

**1969 Nr. 76 28. maí** **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem áður tilheyrði samningssvæði varnarliðsins.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem tilheyrt hefur samningssvæði varnarliðsins, en varnarliðið afsalaði 28. marz 1968.

■ **2. gr.** Landssvæði það, sem hér um ræðir, takmarkast af línu, sem dregin er úr Hellunefi í Keflavíkurborg, þaðan í punkt 49 metra í vestur frá eldri vatnstank skv. mælingu Ágústs Böðvarssonar, dags. 29. júlí 1950, unz sú lína sker mörk lands Njarðvíkurbænda, og fylgir henni síðan til norðurs og takmarkast úr því af mörkum lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar, eins og þau eru tilgreind í lögum nr. 51/1966.

■ **3. gr.** Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

**1969** Nr. 76 28. maí

□ Andvirði landsins skal Keflavíkurkaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

□ Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Keflavíkurkaupstað var gert að greiða fyrir landið.

# III. o. Húsavík.

**1949** Nr. 109 30. des.

**Lög um bæjarstjórn í Húsavík.**[1]

[1] *Samþ. um stjórn, 552/1987.*

■ **1. gr.** Húsavíkurkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Húsavíkurhrepp og heitir Húsavíkurkaupstaður.

□ Umdæmi þetta er hér eftir sem hingað til í alþingiskjördæmi Suður-Þingeyjarsýslu.[1] Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

[1] *Nú l. 80/1987.*

■ **2. gr.** Sýslumaður Þingeyjarsýslu er jafnframt bæjarfógeti Húsavíkurkaupstaðar.[1]

[1] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 20. gr.*

■ **3. gr.** ...[1]

[1] *L. 20/1988, 4. gr.*

■ **4. gr.** ...[1]

[1] *L. 58/1961, 110. gr.*

**1954** Nr. 52 12. apríl

**Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.**

■ **1. gr.** Jörðin Kaldbakur í Reykjahreppi, sem er eign Húsavíkurkaupstaðar, skal lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar frá 1. maí 1954.

■ **2. gr.** Frá sama tíma tekur Húsavíkurkaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Reykjahreppi, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar í Kaldbak.

□ Landbúnaðarráðherra setur reglur um viðhald húsa á leigujörðum, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Byggingastofnunar landbúnaðarins.

■ **18. gr.** Skylt er úttektarmönnum, ef landsdrottinn

eða leiguliði krefst, að skoða öll hús á leigujörð, mannvirki og ræktun og gefa um það skýrslu til aðila. Skulu úttektarmenn sérstaklega athuga umgengni og viðhald húsa og hvernig jörðin er setin yfirleitt.

■ **19. gr.** Jarðarhús öll á leigujörðum skulu vátryggð gegn eldsvoða og skal landsdrottinn bera kostnaðinn, nema um annað sé samið. Um tryggingar gegn skaða af náttúruhamförum geta aðilar komið sér saman, enda skal þess getið í byggingarbréfi. Skylt er leiguliða að annast vátryggingar fyrir hönd landsdrottins á eign hans í húsum og sjá um greiðslu iðgjalds gegn endurgreiðslu, beri landsdrottni að greiða iðgjaldið. Af sameign aðila í húsum greiðir ábúandi iðgjald af sínum eignarhluta.

■ **20. gr.** Sjái landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar samkvæmt lögum þessum, getur hann boðið leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjaldfrest á helmingi þess kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir. Skal leiguliði greiða þá fjárhæð með jöfnum árlegum afborgunum á 6 árum, nema öðruvísi semjist, gegn sömu vöxtum og bankar greiða af óbundnu sparifé. Taka skal veð í jörðinni næst á eftir áhvílandi veðskuldum.

□ Neiti leiguliði að kaupa eða hafi hann ekki svarað tilboði innan missiris, hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum.

□ Geti ábúandi ekki keypt ábúðarjörð sína eða vilji hann það ekki, hefur sveitarstjórn rétt til að ganga í kaupin með þeim skilmálum, sem jörðin var boðin ábúanda.

**IV. kafli. Um réttindi og skyldur leiguliða og ábúðarlok.**

■ **21. gr.** Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nytja hana og reka þar bú, nema sveitarstjórn og landsdrottinn samþykki annað.

■ **22. gr.** Þegar leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju, þegar hann vill, en ekki má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru fjórir og hefjast, þegar sex vikur eru af sumri. Fimmtudagur í sjöundu viku sumars er fyrstur þeirra, en sunnudagur seinastur.

□ Leiguliða er skylt hið síðasta að hefja ábúð, þegar sjö vikur eru af sumri, ella fyrirgerir hann ábúðarrétti sínum, en ber að greiða eins árs jarðarafgjald auk bóta eftir almennum reglum, ef tjón sannast.

■ **23. gr.** Fráfaranda ber að hafa hreinsað öll hús og haugstæði, flutt bú sitt, tæki og allt sem er í hans eign á jörðinni, í burtu hinn síðasta fardag, nema um annað semjist. Nú vill fráfarandi selja hey, sem hann á á jörðinni við ábúðarlok, og á þá viðtakandi forkaupsrétt.

■ **24. gr.** Leiguliði skal hafa öll leiguliðaafnot ábúðarjarðar sinnar, sbr. þó 2. mgr. 4. gr., en það eru leiguliðaafnot að hafa full afnotaumráð þeirra nytja, er jörðin sjálf gefur af sér, án þess að hún eða sá hluti hennar, sem afraksturinn gefur, rýrni eða eyðileggist við notkunina. Enn fremur telst til leiguliðaafnota réttur til framkvæmda, er auka framleiðsluhæfni jarðarinnar.

□ Til leiguliðaafnota teljast öll hús, mannvirki, ræktun, svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, sellátur, eggver og annað, sem leiguliðaafnotum hefur fylgt að fornri landsvenju, nema sérstakur samningur sé um annað, sbr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði.

□ Leiguliði skal hafa not slíkra hlunninda það vor, sem hann flytur á jörð, nema um annað sé samið. Heimilt er landsdrottni eða leiguliða, ef samkomulag verður þar um, að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja af jörðinni, enda sé slíkt gert í samráði við jarðanefnd og býlið lífvænlegt til búrekstrar, að dómi jarðanefndar, þó að þau hlunnindi séu undan tekin. Þá má landsdrottinn og leigja lóðir undir hús eða land til uppsáturs og fiskverkunarreita og spildur til ræktunar í óyrktu landi leigujarðar, ef hlutaðeigandi héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telur það ekki valda leiguliða verulegum skaða eða takmarki ekki aðstöðu hans til ræktunar á jörðinni, enda lækki jarðarafgjaldið að réttri tiltölu eftir mati úttektarmanna.

■ **25. gr.** Þegar reki fylgir jörð, er leiguliða skylt að hirða það, er rekur, og draga það úr flæðarmáli, svo að ekki taki út aftur. Hið sama gildir, þar sem sérstakt rekaítak er í ábýlisjörð hans. Skal hann þá marka þann við viðarmerki eiganda ítaksins. Til endurgjalds fyrir björgun og umhirðu rekans ber leiguliða ⅓ hluti hans, nema byggingarbréf taki annað fram. Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum er gilda þar um hverju sinni.

■ **26. gr.** Ekki má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, né leyfa not hlunninda eða landsnytja, nema landsdrottinn leyfi eða ekki verði hjá því komist vegna ákvæða laga.

■ **27. gr.** Skylt er leiguliða að halda við húsum jarðar og öllu, sem þeim fylgir, þannig að þau gangi ekki úr sér umfram eðlilega fyrningu. Honum ber einnig að halda við öðrum mannvirkjum, ræktun og hlunnindum. Hann skal á sinn kostnað annast viðhald heimreiðar, ræktunar, girðinga, framræsluskurða og lokræsa, þannig að þessi mannvirki gangi ekki úr sér umfram eðlilega fyrningu.

■ **28. gr.** Leiguliði skal greiða skatta og skyldur, sem lög ákveða og tengdar eru notum hans af jörðinni, landsdrottni að kostnaðarlausu. Landskuld, leigur og önnur gjöld skal hann greiða fyrir 31. des. ár hvert, nema öðruvísi sé um samið.

■ **29. gr.** Nú er leiguliðaréttur brotinn og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera aðvart, ef leiguliðaréttur hans er brotinn, og láta vita, hvort hann sækir.

■ **30. gr.** Vanefni leiguliði verulega skyldur sínar samkvæmt ábúðarsamningi eða lögum þessum, er landsdrottni heimilt að byggja leiguliða út, enda liggi fyrir skriflegt álit úttektarmanna og jarðanefndar er staðfesti vanefndir leiguliða.

□ Hvarvetna, þar sem landsdrottinn segir leiguliða upp ábúð eða byggir honum út, vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það sannanlega fyrir jól, miðað við næstu fardaga.

■ **31. gr.** Nú vill leiguliði flytja sig af ábúðarjörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörðinni lausri fyrir jól miðað við næstu fardaga. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp, þannig að sannað verði.

**V. kafli. Um erfðaábúð.**

■ **32. gr.** Heimilt er að byggja jarðir í einkaeign, í eigu

ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeign (kristfjárjarðir, jarðir gjafasjóða, sýslusjóða eða hreppssjóða) á erfðaleigu.

■ **33. gr.** Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 32. gr., skal vera 3% af fasteignamatsverði lands og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að fylgja jörð, þegar erfðaábúð hefst.

■ **34. gr.** Erfðaleiguábúanda er skylt að greiða árlega iðgjöld af brunabótavirðingu húsa og fasteignagjöld af ábúðarjörð sinni, án endurgjalds frá landsdrottni. Kostnað við virðingu á eignum greiðir hver eigandi að sínum hluta.

■ **35. gr.** Meðan sama ætt heldur jörð, skal afgjald ekki hækka umfram það, er leiðir af hækkun fasteignamats vegna verðbreytinga og framlaga jarðareiganda. Ef liðin eru þrjú ár eða meira frá síðasta fasteignamati, þegar ákvarða skal eftirgjald, er heimilt að krefjast millimats fasteignamatsnefndar og leggja það til grundvallar ákvörðun um eftirgjald.

■ **36. gr.** Þegar ábúendaskipti verða á milli ættliða á jörð, sem er í erfðaábúð, skulu úttektarmenn tilkvaddir, ásamt jarðareiganda eða umboðsmanni hans, og jörðin tekin út. Úttektargerðin skal bera með sér:

a. Eign jarðeiganda í húsum og öðrum mannvirkjum, sem fráfarandi hefur tekið við, ásamt eign jarðeiganda í húsum og mannvirkjum vegna fjárframlags hans til þeirra í tíð fráfaranda.

b. Eign ættarinnar, sem fráfarandi tók við í húsum og mannvirkjum á jörðinni, og auk þess það, er fráfarandi leggur fram sem eignarauka. Að öðru leyti fer um úttekt þessa eftir almennum reglum.

■ **37. gr.** Réttur til ábúðar á jörðum þeim, sem um ræðir í þessum kafla laganna, þar með talin hús og mannvirki, sem viðkomandi ætt á á jörðinni, erfist sem hér segir:

1. Það hjóna, sem lengur lifir, heldur réttindum, meðan það lifir.

2. Erfðaréttur erfist til barns þess hjóna, sem erfðaábúðarréttinn stofnaði eða erfði, og til barna þeirra og kjörbarna.

3. Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum þeirra skal erfa ábúðarréttinn, og skulu tilkynna það sýslumanni ekki síðar en þegar erfðaábúandi er fullra 60 ára.

4. Verði hjón ekki ásátt um, hvert barna þeirra skuli hljóta réttinn, skulu börnin eða forráðamenn þeirra leita samkomulags að viðstöddum sýslumanni.

5. Náist ekki samkomulag skv. 3. og 4. lið, skal elsta barnið erfa réttinn. Afsali það sér réttinum, hafa börnin hann eftir aldri.

6. Nú hefur erfingi erfðaábúðar ekki náð lögaldri, þegar ábúendaskipti verða, og skal þá sýslumaður byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina sjálfur til ábúðar.

7. Óski ekkert barnanna að nota erfðaréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni.

8. Nú deyr erfingi ábúðarréttar barnlaus innan 10 ára frá því er hann hefur tekið við ábýli sínu, enda hafi hann ekki tekið kjörbarn áður en hann dó, og hefur þá næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina.

9. Ef engar tillögur eða óskir liggja fyrir frá fráfaranda um ráðstöfun jarðarinnar, skal henni ráðstafað að tillögu jarðanefndar sem áður hefur leitað umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar.



**VI. kafli. Um úttektir á leigujörðum.**

■ **38. gr.** Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð.

□ Úttekt á jörð skal fara fram fyrir 20. júní. Úttektarmenn skulu gera viðtakanda og fráfaranda aðvart með nægum fyrirvara, hvenær úttekt fer fram, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo að þeir geti verið viðstaddir og gætt réttar síns.

■ **39. gr.** Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en hinn aðaluttektarmanninn skipar sýslumaður og tvo varamenn að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Nú hefur úttektarmaður forfall eða er svo nákominn aðila, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans, eða getur talist vilhallur, og tekur þá varamaður sæti hans. Ef úttektarmenn greinir á, skal kalla til varamann þann, sem nær er, og er hann þá oddamaður.

■ **40. gr.** Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu skipaðir til 6 ára. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun, fyrr en 6 ár eru liðin frá því hann hætti starfanum.

□ Allir fullveðja búendur hreppsins, yngri en 60 ára, eru skyldir að taka útnefningu.

□ Úttektarmenn skulu, áður en þeir byrja störf sín, undirrita í úttektarbókina drengskaparheit um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir bestu vitund og sannfæringu.

■ **41. gr.** Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, sem hér segir:

1. Fyrir úttekt á jörð skal greiðslan miðast við dagkaup, eins og það er reiknað í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða hverju sinni. Kostnaður þessi greiðist að jöfnu af fráfaranda og viðtakanda.

2. Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir ákveðst greiðslan á sama hátt, og ber þeim að greiða, sem krafist hefur virðingar- eða skoðunargerðar. Þó kosta landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er samkv. 16. gr., að hálfu hvor.

■ **42. gr.** Úttektarmenn skulu hafa gerðarbók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða, skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 18. gr. og allar matsgerðir úttektarmanna samkvæmt lögum þessum. Þegar úttekt, skoðunargerð eða mati er lokið, skulu úttektarmenn og þeir aðilar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar. Ef aðilar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit úr gerðarbók gegn hæfilegu gjaldi.

■ **43. gr.** Úttektarmenn skulu lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa, skemmdum á þeim, ef orðið hafa af völdum ábúanda, hvernig húsunum hefur verið viðhaldið og öðru, eftir því sem þurfa þykir. Enn fremur skulu þeir taka út og lýsa öðrum mannvirkjum landsdrottins og leiguliða á jörðinni. Ef kúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort þau séu fullgild. Þeir skulu og kynna sér nákvæmlega allar jarðarnytjar og meta, hvort jörð hafi verið sæmilega setin.

1976 Nr. 64 31. maí

■ **44. gr.** Ef einhver, sem hlut á að máli, vill ekki hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, eða öðrum mats- og skoðunargerðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, getur hann innan tveggja vikna krafist yfirúttektar eða yfirmats. Í hverri sýslu skal vera sérstök yfirúttektar- og virðingarnefnd. Skal hún þannig skipuð:

[Sýslumaður skipar tvo menn í nefndina til 6 ára og varamenn til sama tíma.][1] Sýslumaður eða fulltrúi hans er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Heimilt er sýslumanni að kveðja, ef ástæða þykir til, að auki í nefndina tvo meðnefndarmenn, jarðræktarráðunaut og byggingafulltrúa viðkomandi sýslu. Skylt er formanni nefndarinnar að tilkynna gagnaðila, að krafist hafi verið yfirmats, og veita honum nægan frest, svo að hann geti gætt réttar síns.

□ Yfirnefndarmenn eiga sömu laun fyrir starfa sinn sem úttektarmenn og auk þess hæfilegan ferðakostnað. Yfirnefnd úrskurðar hvernig kostnaður við yfirmat greiðist.

[1] *L. 108/1988, 36. gr.*

**VII. kafli. Niðurlagsákvæði.**

■ **45. gr.** Vanræki jarðeigandi skyldur sínar samkvæmt 2. – 3. gr., 1. mgr. 4. gr. laga þessara, varðar það brot hans sektum, ...[1] Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

[1] *L. 10/1983, 33. gr.*

■ **46. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi ábúðarlög nr. 1 frá 1884, nr. 87/1933, nr. 8/1951, nr. 36/1961 og VIII. kafli laga nr. 102/1962, ásamt síðari lögum um breytingar á þeim lögum, svo og önnur lagafyrirmæli, að því leyti, sem þau fara í bága við lög þessi.

□ Fara skal eftir ákvæðum laga þessara um réttindi og skyldur leiguliða og landsdrottins varðandi framkvæmdir á leigujörð, sbr. 12. – 16. gr., greiðslu jarðarafgjalds og annarra gjalda af jörð, sbr. 7. – 9. gr., riftun og uppsögn ábúðarsamnings, sbr. 30. og 31. gr., enda þótt ábúðarsamningur hafi verið gerður fyrir gildistöku laganna.

1976 Nr. 65 31. maí

## Jarðalög.

**I. kafli.**

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að tryggja, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda.

■ **2. gr.** Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi taka til.

■ **3. gr.** Lög þessi taka til jarða, jarðarhluta, afréttarlanda, öræfa og landspildna, svo og til ítaka, skóga, vatnsréttinda, veiðiréttinda og hvers konar annarra hlunninda, hvort sem þau eru skilin frá jörð eða ekki. Þéttbýlissvæði, sem skipulögð eru fyrir fasta búsetu manna, sem ekki stunda landbúnað, eru undanskilin ákvæðum laga þessara.

□ Rísi ágreiningur um, hvað teljast skuli landbúnaður skv. lögum þessum eða um starfssvið jarðanefnda að öðru leyti, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

**II. kafli. Um jarðanefndir.**

■ **4. gr.** Í hverri sýslu skal starfa jarðanefnd skipuð þrem mönnum og jafnmörgum til vara, sem kosnir skulu hlutfallskosningu, ef óskað er. Búnaðarsamband viðkomandi sýslu tilnefnir 2 menn í jarðanefnd og [héraðsnefnd][1] 1 mann. Skulu þeir, sem tilnefndir eru, kunna góð skil á byggð og búháttum í sýslunni. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi tilnefndra manna.

□ Allir jarðanefndarmenn skulu vera búsettir á starfssvæði nefndarinnar.

□ Jarðanefnd skal skipuð til fjögurra ára í senn.

[1] *L. 108/1988, 37. gr.*

■ **5. gr.** Jarðanefndir skulu, hver á sínu svæði, vera sveitarstjórnum til aðstoðar við framkvæmd laga þessara, sbr. 1. gr., með því að:

1. Fylgjast með eigendaskiptum og öðrum ráðstöfunum fasteigna skv. nánari fyrirmælum laga þessara.

2. [Gera tillögur um úthlutun landsvæða til félagsræktunar, byggingar sumarbústaða einstaklinga, orlofshúsa stéttarfélaga og til almennrar útivistar ef sóst er eftir landi í því skyni.][1]

3. Fylgjast með því, að sveitarstjórn gæti ákvæða gildandi laga um mannvirkjagerð í sveitum, töku hvers konar jarðefna og stuðla að góðri umgengni lands og mannvirkja.

4. Gæta þess, ásamt sveitarstjórnum, að búseta á jörðum sé í samræmi við ákvæði ábúðarlaga.

5. ...[2]

[1] *L. 37/1982, 1. gr.* [2] *L. 90/1984, 1. gr.*

■ **6. gr.** Nú eru fyrirhuguð aðilaskipti að réttindum yfir fasteign eða stofnun slíkra réttinda, svo sem fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talinni útlagningu til veðhafa, bússkipti, félags- og sameignarslit, fyrirframgreiðslu arfs, lán eða leigu, og er þá jafnan skylt að tilkynna það sveitarstjórn og jarðanefnd og afla samþykkis þeirra til ráðstöfunarinnar. Sama gildir um eigendaskipti að hlutum í félögum, sem eiga fasteignir, sem lög þessi taka til.

□ Nú telja sveitarstjórn og jarðanefnd, að ráðstöfun fasteignar sé andstæð hagsmunum sveitarfélagsins, og er þá rétt að synja um áformaða ráðstöfun eignarinnar.

□ Nú verða sveitarstjórn og jarðanefnd ekki sammála um meðferð máls og getur þá hvor um sig skotið ágreiningsefninu til ráðherra, sem fellir úrskurð, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands ...[1]

□ Samþykkis þarf ekki að afla:

1. Ef eigandi ráðstafar fasteignaréttindum til einhvers þeirra, sem upp eru taldir í 1. tölulið [35. gr.][2] laga þessara.

2. Þegar ríkissjóður kaupir fasteignir eða selur.

3. Þegar banki eða önnur opinber lánastofnun, sem á veð í fasteign, lögveðshafar eða lögtakshafar vegna opinberra gjalda kaupa eða fá útlagða eign á nauðungaruppboði.

4. Þegar veðifélög ráðstafa veiðiréttindum.

5. Þegar leigðar eru slægjur, námur eða vatnsréttindi.

□ Ákvæði greinar þessarar taka ekki til aðilaskipta að eignarréttindum fyrir lögerfðir eða ráðstöfun slíkra réttinda til annars hjóna við bússkipti vegna skilnaðar, en tilkynna skal þó sveitarstjórn og jarðanefnd um breytingar á eignaraðild, sem verða með þessum hætti.

[1] *L. 90/1984, 2. gr.* [2] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **7. gr.** Þegar samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar til ráðstöfunar á fasteign er leitað, ber þeim að afgreiða erindið innan 30 daga frá því að það barst. Hafi svar þá ekki borist, er hin áformaða ráðstöfun heimil næstu 6 mánuði.

■ **8. gr.** Nú neita sveitarstjórn og/eða jarðanefnd að

samþykkja áformaða sölu fasteignar, sbr. 6. gr., og ráðherra staðfestir þá ákvörðun, og getur þá eigandi eða umráðamaður eignarinnar gert kröfu til þess, að sveitarsjóður eða ríkissjóður kaupi eign þá, sem hann vildi láta af hendi. Náist ekki samkomulag um verð, skal kaupverð eignarinnar ákveðið samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

■ **9. gr.** Óheimilt er að þinglýsa skjölum varðandi ráðstöfun fasteignar, sem lög þessi taka til, nema fyrir liggi samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og jarðanefndar, sbr. þó 6. og 7. gr.

■ **10. gr.** [Óheimilt er að reisa sumarbústaði á landi sem lögin taka til skv. 3. gr. og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr., nema jarðanefnd samþykki. Ekki er skylt að afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. vegna lóða fyrir sumarbústaði utan sumarbústaðahverfa.

□ Ef um sumarbústaðahverfi er að ræða skal afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. áður en bygging sumarbústaða hefst.

□ Ekki þarf að afla samþykkis skv. 6. gr. vegna aðilaskipta að réttindum yfir sumarbústöðum í sumarbústaðahverfum eða sumarbústöðum á lóðum (löndum) sem teknar (tekin) hafa verið úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr.

□ Sumarbústaður skv. grein þessari er bygging sem reist er til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs. Ákvæði þessarar greinar taka einnig til veiðihúsa.

□ Það telst vera sumarbústaðahverfi þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir eru byggðir á sömu lóð (landi) eða á samtengdum lóðum.][1]

[1] *L. 90/1984, 3. gr.*

■ **11. gr.** Þar sem jarðanefndir gera tillögur um land til útilífs fyrir almenning, skal eftir því sem aðstæður leyfa nota land í opinberri eigu.

□ Tillögur jarðanefndar skulu lagðar fyrir viðkomandi [héraðsnefnd][1] og ber henni að afla samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar [og umsagnar Búnaðarfélags Íslands],[2] áður en þær koma til framkvæmda.

□ Nú hljóta tillögur jarðanefndar um land, sem ekki er í opinberri eign, staðfestingu til almennra útivistarafnota, og skal þá jarðanefnd hlutast til um, að [héraðsnefnd][1] eða sveitarfélög fái umráða- eða eignarrétt á landinu.

[1] *L. 108/1988, 37. gr.* [2] *L. 90/1984, 4. gr.*

■ **12. gr.** [Land, sem við gildistöku laga þessara er nýtt til landbúnaðar, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum. Að öðrum kosti þarf samþykki ráðherra, enda hafi það áður verið samþykkt af viðkomandi jarðanefnd og sveitarstjórn, og fyrir liggi umsögn Skipulags ríkisins og Búnaðarfélags Íslands. Leyfi samkvæmt þessari grein skal þinglýst.

□ Óski stéttarfélag eftir landi til reksturs orlofshúsa fyrir félagsmenn er jarðanefnd rétt að heimila slík afnot lands ríyri þau ekki til muna kosti jarðarinnar til búskapar.

□ Til að skipta landi jarða og sameiginlegu landi fleiri jarða, til að sameina jarðir og til að leggja lönd eða jarðir til afrétta þarf samþykki jarðanefnda og sveitarstjórna og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Ákvæði þessarar málsgr. taka einnig til landskipta skv. lögum nr. 46 27. júní 1941.

□ Stofnun nýrra býla eða fleirbýlis á jörð er háð samþykki viðkomandi jarðanefndar, sveitarstjórnar og landbúnaðarráðuneytisins, skv. III. kafla laganna.][1]

[1] *L. 90/1984, 5. gr.*

1976 Nr. 65 31. maí

■ **13. gr.** Þar sem skipting jarðar hefur átt sér stað og bú er ekki rekið á úrskiptum jarðarhluta, er ráðherra heimilt, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, að leyfa eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, sem skipt var úr, að fengnum meðmælum jarðanefndar og [stjórnar Búnaðarfélags Íslands],[1] að leysa til sín hinn úrskipta jarðarhluta og leggja hann til hinnar upphaflegu jarðar. Á sama hátt er eiganda og ábúanda nýbýlis heimilt að leysa til býlis síns það, sem eftir stendur af landi hinnar upphaflegu jarðar, sé ekki rekinn þar sjálfstæður búskapur. Séu nýbýlin fleiri en eitt, getur einn eigandi krafist þess lands, sem ónytjað er skv. framansögðu. ...[1] Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

[1] *L. 90/1984, 6. gr.*

■ **14. gr.** Nú er jörð í sameign, en einn sameigenda rekur bú á jörðinni og hefur þar fasta búsetu, og getur ráðherra þá, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, leyft honum að leysa til sín eignarhluta meðeigenda sinna, enda hafi jarðanefnd og [stjórn Búnaðarfélags Íslands][1] mælt með því. Náist ekki samkomulag um verð á hinum innleystu hlutum, skal fara um mat og greiðslu bóta eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

[1] *L. 90/1984, 7. gr.*

■ **15. gr.** Ef meðferð jarða, lands eða landsnytja er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara og ábúðarlaga, og þörf er á landinu til bættrar aðstöðu viðkomandi byggðarlags, getur landbúnaðarráðherra heimilað sveitarstjórn eignarnám á slíkum eignum, enda hafi jarðanefnd og [stjórn Búnaðarfélags Íslands][1] mælt með eignarnámi.

[1] *L. 90/1984, 8. gr.*

■ **16. gr.** Skylt er hreppstjórum, oddvitum, ráðunautum, eigendum og ábúendum jarða, og öðrum, sem til þess hafa aðstöðu, að láta í té upplýsingar um jarðir og ábúð á þeim, eftir því sem þörf kann að verða á samkvæmt lögum þessum.

■ **17. gr.** Ákvörðunum sveitarstjórna eða jarðanefnda er heimilt að skjóta innan eins mánaðar til landbúnaðarráðuneytisins, og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan fjögurra vikna frá því, er kæra barst.

■ **18. gr.** Nú er fasteign ráðstafað andstætt fyrirmælum laga þessara, og varðar sú ráðstöfun refsingu, sbr. [70. gr.][1] Auk þess getur sveitarstjórn þá, með samþykki jarðanefndar og ráðherra, höfðað mál til ógildingar ráðstöfuninni með kröfu um, að sveitarfélagið fái þau umráð og not fasteignar, er ráðstöfunin laut að og með sömu skilmálum. Þó getur sveitarstjórn krafist mats á endurgjaldi í samræmi við ákvæði [34. gr.][1] Málsókn skal hefjast innan þriggja mánaða frá því að jarðanefnd barst vitneskja um ráðstöfunina, og ber að halda málinu áfram með eðlilegum hraða.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **19. gr.** Jarðanefnd skal ákveða aðsetursstað sinn í samráði við viðkomandi [héraðsnefnd][1] og búnaðarsamband.

□ Rétt er, þar sem við verður komið, að jarðanefnd og búnaðarsamband hafi samvinnu um skrifstofuhald.

□ Jarðanefnd er heimilt að kaupa sérfræðilega aðstoð, þegar þörf krefur.

□ Rita skal fundargerðir á öllum fundum jarðanefndar, og halda ber skýrslu yfir allar ráðstafanir fasteigna, sem nefndin fjallar um.

[1] *L. 108/1988, 37. gr.*

■ **20. gr.** [Kostnaður við störf jarðanefndar greiðist að hálfu af viðkomandi sveitarsjóðum og búnaðarsambandi og að hálfu af ríkissjóði.][1]

[1] *L. 108/1988, 38. gr.*

■ [**21. gr.** Þar sem samþykki eða meðmæli jarðanefndar er áskilið í lögum þessum nægir samþykki bæjarstjórnar þegar um er að ræða land eða réttindi skv. 3. gr. sem lögin taka til innan lögsagnarumdæma kaupstaða.][1]

[1] *L. 90/1984, 9. gr.*

**[III. kafli. Um viðurkenningu á nýjum býlum, félagsbú og jarðaskrá.]**[1]

[1] *L. 90/1984, 10. gr.*

■ [**22. gr.** Til þess að stofna nýtt býli til búvöruframleiðslu, þar með talið til ylræktar, garðræktar, fiskræktar og loðdýraræktar eða til smáiðnaðar og þjónustu sem tengd er landbúnaði, þarf heimild landbúnaðarráðuneytisins, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn og jarðanefnd samþykkt stofnun býlisins.

□ Umsókn um stofnun nýs býlis skal senda landbúnaðarráðuneytinu ásamt upplýsingum um hvers konar búskap fyrirhugað er að stunda á býlinu. Þá skulu fylgja umsókn gögn er sýni að umsækjandi hafi tryggt sér umráðarétt yfir landi og annarri búrekstraraðstöðu.

□ Ráðuneytið leitar umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins á hverri umsókn. Búnaðarfélagið lætur gera úttekt á búrekstrarskilyrðum býlisins.][1]

[1] *L. 90/1984, 10. gr.*

■ [**23. gr.** Ef um er að ræða býli þar sem stofna skal til sauðfjárræktar, nautgriparæktar og/eða hrossaræktar skal að jafnaði miða við að ræktanlegt land sé eigi minna en 100 ha. Þó er heimilt að víkja frá þeirri landstærð ef í staðinn koma t. d. beitilönd eða hlunnindi til lands og sjávar.

□ Um landstærð og önnur skilyrði við stofnun nýrra býla af öðru tagi, sbr. 22. gr., skal fara eftir ákvæðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.

□ Við stofnun nýs býlis skal þess gætt að ekki sé raskað búrekstraraðstöðu nálægra jarða.][1]

[1] *L. 90/1984, 10. gr.*

■ [**24. gr.** Jörð, sem ekki hefur verið nytjuð með fastri búsetu þess, sem á lögheimili á jörðinni, í tvö ár eða lengur, telst eyðijörð nema sveitarstjórn hafi veitt samþykki sitt samkvæmt 21. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976.

□ Samþykki landbúnaðarráðuneytisins, sveitarstjórnar og jarðanefndar þarf til þess að endurbyggja eyðijörð. Umsókn um það skal senda ráðuneytinu sem fer með hana eins og um stofnun nýs býlis væri að ræða, sbr. 22. og 23. gr.][1]

[1] *L. 90/1984, 10. gr.*

■ [**25. gr.** Heimild landbúnaðarráðuneytisins þarf til að stofna félagsbú til búvöruframleiðslu á býli, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn og jarðanefnd samþykkt stofnun félagsbúsins. Fara skal eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 22. gr. um umsókn og meðferð hennar.

□ Það telst vera félagsbú þegar tveir eða fleiri einstaklingar gera með sér samning skv. 27. gr. um að standa sameiginlega að búrekstri á einni eða fleiri jörðum, enda hafi aðilar félagsbúsins meiri hluta tekna sinna af landbúnaði og séu allir búsettir á viðkomandi býli (býlum).

□ Hjón ein sér eða með ófjárráða barni (börnum) geta ekki stofnað til félagsbús. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð ef það á sameiginlegt lögheimili og hefur átt eða á von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár.

□ Um stærð á landi félagsbús skal fara eftir 23. gr. þannig að landið sé ekki minna en hver aðili félagsbúsins hefði stofnað nýtt býli.][1]

[1] *L. 90/1984, 10. gr.*

■ [**26. gr.** Séu aðilar félagsbús ekki allir eigendur að jörð sem félagsbúið er stofnað á skal gera sérstakt byggingarbréf skv. ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976, milli aðila félagsbúsins og jarðareiganda og skal því þinglýst. Í slíku byggingarbréfi er heimilt að víkja frá ákvæðum 11. – 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976.][1]

[1] *L. 90/1984, 10. gr.*

■ [**27. gr.** Aðilar félagsbús skulu gera með sér skriflegan félagsbússamning þar sem getið sé stofnframlaga aðilanna til búsins, eignarhluta hvers þeirra, hvernig háttað sé ábyrgð á skuldum búsins, skiptingu tekna þess, ákvarðanatöku um málefni búsins og hvernig slitum félagsbúsins skuli háttað.

□ Heimild til stofnunar félagsbús öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðuneytið hefur áritað félagsbússamning um samþykki sitt.

□ Landbúnaðarráðuneytið skal við hver áramót birta í Lögbirtingablaði skrá yfir samþykkt félagsbú á árinu.][1]

[1] *L. 90/1984, 10. gr.*

■ [**28. gr.** Samþykkt á félagsbúi veitir hverjum aðila félagsbús sama rétt og ábúanda nýs býlis nema annað sé ákveðið í lögum.

□ Félagsbú, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu fyrir 1. janúar 1985 senda landbúnaðarráðuneytinu til samþykktar félagsbússamning skv. 27. gr. Eftir 1. janúar 1985 skulu þau bú ein njóta réttinda sem félagsbú sem landbúnaðarráðuneytið hefur samþykkt félagsbússamning fyrir. Ráðherra getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt aðilum félagsbús, sem stofnað hefur verið fyrir gildistöku þessara laga, frest í tiltekinn tíma til að samræma félagsbússamning sinn ákvæðum 27. gr. og fá hann samþykktan.

□ Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um stofnun félagsbúa.][1]

[1] *L. 90/1984, 10. gr.*

■ [**29. gr.** Landbúnaðarráðuneytið lætur árlega gera jarðaskrá fyrir allt landið. Í jarðaskrá skulu tilgreindar allar jarðir eða lögbýli skv. skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, ásamt eigendum og ábúendum og öðrum þeim upplýsingum sem ráðherra ákveður með reglugerð.

□ Eigendum og ábúendum jarða skv. 1. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, hreppstjórum, sveitarstjórnum, jarðanefndum, bæjarfógetum og sýslumönnum er skylt að láta í té upplýsingar um ábúð, eignarhald og annað er jarðir varðar vegna jarðaskrárinnar. Haft skal samráð við Fasteignamat ríkisins um öflun upplýsinga og gerð jarðaskrár.

1976 Nr. 65 31. maí

☐ Ráðherra úrskurðar um ágreining sem rísa kann um skráningu á jörð í jarðaskrá, að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar og stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

☐ Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um gerð og útgáfu jarðaskrár, öflun gagna til hennar og varðveislu. Þá er ráðherra heimilt með reglugerð að fela öðrum aðila að annast gerð jarðaskrár í umboði ráðuneytisins.

☐ Upplýsingar úr jarðaskrá skulu látnar í té gegn gjaldi sem ráðherra ákveður árlega.][1)]

[1)] *L. 90/1984, 10. gr.*

## [IV. kafli.][1)] Forkaupsréttur.

[1)] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ [**30. gr.**][1)] Eigi að selja fasteignarréttindi, sem lög þessi taka til, sbr. 3. gr., á sveitarstjórn þess sveitarfélags, þar sem eignin er, forkaupsrétt að þeim, nema um ráðstöfun ættaróðals sé að ræða, sbr. og [35. gr.][1)] laga þessara.

☐ Nú hefur leiguliði setið jörð í 10 ár eða lengur og á hann þá forkaupsrétt á undan sveitarstjórn enda taki hann jörðina til ábúðar og fullra nytja.

[1)] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ [**31. gr.**][1)] Ef fasteignarréttindi eru seld á opinberu uppboði eða lögð veðhafa út, getur forkaupsréttarhafi skv. [30. gr.][1)] gengið inn í hæsta boð.

☐ Uppboðshaldara er skylt að tilkynna forkaupsréttarhafa uppboðsþing um leið og það er ákveðið. Skal forkaupsréttarhafi tilkynna uppboðshaldara innan 5 sólarhringa frá slitum uppboðs, að hann neyti forkaupsréttar síns.

[1)] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ [**32. gr.**][1)] Forkaupsréttur skv. [30. gr.][1)] skal jafnan boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn, sem hlut á að máli. Söluverð og aðrir skilmálar skal jafnframt tilgreint á tæmandi hátt. Ef um er að ræða makaskipti á fasteignarréttindum, tilgreini seljandi, hversu hátt hann metur hin framboðnu réttindi til peningaverðs, og hefur þá forkaupsréttarhafi rétt til þess að kaupa þau því verði eða á matsverði skv. [34. gr.][1)] Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því að henni barst tilboð. Vanræki sveitarstjórn að svara innan þess tíma, hefur hún í það sinn glatað rétti sínum til að kaupa.

☐ Yfirlýsing um afsal forkaupsréttar skal miðuð við ákveðinn kaupanda og fellur úr gildi sex mánuðum frá dagsetningu.

[1)] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ [**33. gr.**][1)] Ef eigandi eða annar rétthafi fasteignar ráðstafar fasteignarréttindum andstætt fyrirmælum laga þessara um forkaupsrétt, getur forkaupsréttarhafi, sem órétti var beittur, krafist þess, að salan verði ógilt, enda sé málsókn til þess hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um misfelluna og málinu fram haldið með hæfilegum hraða.

[1)] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ [**34. gr.**][1)] Nú er forkaupsréttarhafa boðið að neyta forkaupsréttar, en tilgreint kaupverð er óeðlilega hátt eða skilmálar ósanngjarnir miðað við almennar viðskiptavenjur, þannig að ætla má að gert sé í því skyni að halda forkaupsréttarhafa frá að neyta réttar síns. Forkaupsréttarhafi getur þá, að fengnu samþykki jarðanefndar, krafist mats dómkvaddra manna á eigninni og gildir það þá sem söluverð.

☐ Ákveði forkaupsréttarhafi að krefjast mats skal það gert innan 15 daga frá því að tilboð barst og matsgerð lokið innan 3ja vikna þar frá.

☐ Forkaupsréttarhafa ber síðan innan einnar viku að ákveða, hvort hann neytir forkaupsréttar skv. matsgerðinni.

☐ Matsmenn ákveða hvernig matskostnaður greiðist.

[1)] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ [**35. gr.**][1)] Ákvæði laga þessara um forkaupsrétt koma ekki til framkvæmda:

1. Þegar jarðeigandi selur eða afhendir jörð maka sínum, barni sínu, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri, enda taki viðtakandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.
2. Þegar ríkissjóður ráðstafar fasteignarréttindum.

☐ Falli fasteignarréttindi við erfðir til annarra en þeirra, er greinir í 1. tölulið, á hreppsnefnd rétt á að fá þau keypt. Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

[1)] *L. 90/1984, 11. gr.*

## [V. kafli.][1)] Um jarðir í opinberri eigu.

[1)] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ [**36. gr.**][1)] Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins fer með málefni jarða í ríkiseign, nema annað sé ákveðið í lögum.

[1)] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ [**37. gr.**][1)] Heimilt er að selja jarðir eða jarðarhluta í ríkiseign þeim sveitarfélögum, sem jarðirnar eru í, enda mæli jarðanefnd með sölu og geri tillögur um söluverð, sem endanlega er ákveðið af ráðherra eða samkvæmt matsgerð dómkvaddra manna.

☐ Ríkisjarðir, sem ekki byggjast samkvæmt ábúðarlögum og ekki eru teknar til sérstakra nota í þágu hins opinbera, er heimilt að leigja lengst til 10 ára í senn. Sé sótt um jörð til fastrar ábúðar, sem er leigð lausri leigu, er heimilt að segja slíkum samningi upp fyrir áramót miðað við næstu fardaga þar eftir. Leigusamninga um lóðir úr ríkislandi er heimilt að gera til allt að 50 ára, enda séu þeir gerðir í samræmi við skipulagsákvæði.

☐ [Heimilt er að veita ábúanda jarðar í ríkiseign, sem byggð er skv. ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976, leyfi til að taka lán með veði í jörðinni til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni.][2)]

[1)] *L. 90/1984, 11. gr.* [2)] *L. 90/1984, 12. gr.*

■ [**38. gr.**][1)] Ábúendur ríkisjarða og jarða í eigu opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, — sem hafa fengið erfða- eða lífstíðarábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa búið á jörðinni minnst 10 ár.
2. Gefa út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggja fram nauðsynleg skilríki þar að lútandi.
3. Leggja fram yfirlýsingu hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að ábúandi hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta.
4. Leggja fram meðmæli jarðanefndar viðkomandi sýslu með kaupum.

☐ Ákvæði greinar þessarar taka þó ekki til jarða, sem

þörf er á til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð, heldur ekki til jarða, sem að dómi Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndar eru líklegar til að verða nýttar til annars en búrekstrar, svo sem fólkvangar, sumarbústaðalönd eða til annarra útilífsnota, og ekki til þeirra jarða, sem að dómi Náttúruverndarráðs hafa sérstök náttúrufyrirbæri innan sinna landamarka.

☐ Námaréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin sölu, sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

☐ Náist ekki samkomulag um verð milli kaupanda og seljanda, skal mat dómkvaddra manna ráða.

☐ Sé áformuð sala jarðar eða jarðarhluta, sem seldur hefur verið af ríkissjóði skv. grein þessari, á ríkissjóður forkaupsrétt fyrir hlutfallslega sama verð og jörðin var seld á að viðbættum verðmætisauka vegna framkvæmda eftir að ríkissjóður seldi jörðina.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

**[VI. kafli.][1] Jarðasjóður.**

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[39. gr.][1]** Við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins skal starfrækja sjóð, er nefnist Jarðasjóður ríkisins.

☐ Hlutverk sjóðsins er, skv. nánari ákvörðun laga þessara, að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti að jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum, að búseta á jörðum og nýting lands verði í sem mestu samræmi við hagsmuni viðkomandi sveitarfélags.

☐ Erindi, sem Jarðasjóði berast varðandi kaup og sölu jarða eða lánveitingar skulu send til umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda áður en þau eru afgreidd.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[40. gr.][1]** Jarðasjóði ríkisins er heimilt að kaupa jarðir, sem svo er ástatt um er hér greinir, enda hafi sveitarstjórn hafnað forkaupsrétti.

1. Jarðir, sem ekki seljast með eðlilegum hætti, en eigandi þeirra verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu.
2. Jarðir, sem hafa óhagstæð búskaparskilyrði.
3. Jarðir, sem ekki njóta framlaga og lána, sem veitt eru til umbóta á lögbýlum, sbr. jarðræktarlög, nr. 79/1972.[2]
4. Jarðir, sem eru afskekktar og liggja illa við samgöngum.
5. Jarðir, sem eigendur hafa ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sitji seljendur jarðirnar áfram.
6. Jarðir, sem hreppsnefndir hafa hafnað forkaupsrétti á, en jarðanefnd viðkomandi sýslu mælir með, að Jarðasjóður kaupi.
7. Jarðir, sem hlunnindi eða önnur sérstök verðmæti fylgja eða eru þýðingarmiklar fyrir sveitarfélög til að koma betra skipulagi á byggð.
8. Jarðir, sem heppilegar teljast til almennra útilífsnota.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.* [2] *Nú l. 56/1987.*

■ **[41. gr.][1]** Nú hefur jörð, sem 2. – 4. töluliður [40. gr.][1] tekur til, undanfarin 5 ár verið í leiguábúð bónda, sem vill halda áfram búrekstri, og er þá Jarðasjóði heimilt að veita bónda þessum lán til að kaupa aðra jörð með góð framtíðarbúskaparskilyrði. Jarðasjóði er heimilt að veita sveitarfélögum lán til jarðakaupa, þá er þau neyta forkaupsréttar, skv. [IV. kafla][1] laga þessara.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[42. gr.][1]** Við ákvörðun kaupverðs, samkv. [40. gr.],[1] skal af hálfu kaupanda höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða, sé þess kostur, og fjármunum þeim, sem eigandi hefur lagt í jörðina. Náist ekki samkomulag um kaupverð, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats á jörðinni, samkvæmt ákvæðum [45. greinar].[1]

☐ Jarðasjóði skal ætlað það fjármagn á fjárlögum, að hann geti sinnt hlutverki sínu skv. lögum þessum, að lágmarki kr. 12 000 000,00 ár hvert, auk þess skal greiða andvirði seldra ríkisjarða í Jarðasjóð.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[43. gr.][1]** Jarðir, sem ríkið eignast, samkvæmt [40. gr.][1] laga þessara, má selja sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til, enn fremur einstaklingum til varanlegrar ábúðar, ef það, að dómi jarðanefndar, verður til að styðja aðra byggð í viðkomandi sveitarfélagi. Setja skal í sölusamninga ákvæði um meðferð jarðarinnar.

☐ Heimilt er og, að fengnum meðmælum jarðanefndar, að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi, til þess að bæta búrekstraraðstöðu þeirra.

☐ Ábúendur jarða, sem selt hafa jarðir sínar skv. 5. tölulið [40. gr.],[1] eiga rétt á að kaupa þær aftur, ef þeir óska þess.

☐ Náist ekki samkomulag um verð milli Jarðasjóðs og kaupanda, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats nefndar þeirrar, er starfar samkvæmt [45. gr.][1]

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[44. gr.][1]** Jarðanefnd og Búnaðarfélagi Íslands er skylt, áður en kaup fara fram, að rannsaka búrekstrarskilyrði þeirra jarða, sem ríkinu eru boðnar til kaups, skv. 1. – 7. tölulið [40. greinar],[1] og gera álitsgjörð um það, hvort réttmætt sé og æskilegt, samkvæmt ákvæðum þessara laga, að ríkið kaupi.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[45. gr.][1]** Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í nefnd til fjögurra ára í senn til að meta kaupverð jarða, sem Jarðasjóður áformar að kaupa og mats er óskað á. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar, annar samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda, en þriðji nefndarmaðurinn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, og er hann formaður nefndarinnar.

☐ Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun nefndarmanna, er greiðist úr Jarðasjóði með öðrum kostnaði.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[46. gr.][1]** Jarðasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum af ónytjuðum jörðum sjóðsins, öðrum en fasteignaskatti og fjallskilum. Öll skjöl, sem gefin eru út af sjóðnum og í hans nafni, skulu undanþegin stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

☐ Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Jarðasjóði og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal landbúnaðarráðuneytinu gert aðvart svo tímanlega, að unnt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

1976 Nr. 65 31. maí

## [VII. kafli.][1] Um óðalsjarðir.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[47. gr.]**[1] Sérhverjum jarðeiganda er heimilt að gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að jörðin sé svo stór eða svo gæðarík, að afrakstur-inn af búi, er jörðin getur borið, með hlunnindum, er henni fylgja, geti framfært að minnsta kosti meðalfjöl-skyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi jarðanefndar.

b. Að fyrir liggi samþykki barna jarðeiganda, 16 ára og eldri, um að jörðin sé gerð að ættaróðali.

c. Að á jörðinni hvíli ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kunna að hafa verið teknar í Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands, Orkusjóði eða Lífeyrissjóði bænda vegna þeirra framkvæmda á jörðinni, sem þessar stofnanir lána til, eða lánastofnanir, sem koma kunna í þeirra stað.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[48. gr.]**[1] Þegar jörð er gerð að ættaróðali, skal skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefur fylgt og jarðeigandi á, enn fremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl. Jarðeigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl, er varða jörðina frá fyrri tíð og eru í hans vörslu, einnig myndir og muni, er hafa minningargildi fyrir þá bændur eða bændaætt, er situr eða setið hefur jörðina.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[49. gr.]**[1] Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi ásamt lýsingu af jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum [47. gr.][1]

□ Þegar sýslumaður hefur sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skal hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn fremur skal hann senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í umdæmi hans, ásamt staðfestu samriti af gerningi þar að lútandi.

□ [Yfirlýsingu um, að jörð sé gerð að ættaróðali, skal þinglýsa. Í yfirlýsingu skal sérstaklega getið fylgifjár, sem jörð er lagt til eftir [48. gr.][1]][2]

□ Búnaðarfélag Íslands skal láta gera fyrirmynd, í samráði við landbúnaðarráðuneytið, að gerningi, þar sem fram sé tekið, auk þess sem áður er tilgreint, þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og ræktanlegs, meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin, hlunnindi og aðra aðstöðu til búrekstrar.

□ Verði misbrestur á, að stjórn Búnaðarfélags Íslands berist þau gögn, er að framan greinir, skal stjórn félagsins krefjast, að úr því verði bætt.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.* [2] *L. 71/1978, 1. gr.*

■ **[50. gr.]**[1] Allar tryggingar, sem stofnað hefur verið til vegna ættaróðalsins eða þess, sem því fylgir, tilheyra óðalinu ásamt skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt þeim.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[51. gr.]**[1] Nú hefur bóndi gert jörð sína að ættaróðali, og eiga þá skylduerfingjar hans kröfu til þess, að viðtakandi (óðalserfingi) greiði fráfaranda eða búi hans fjárhæð sem svarar hálfu fasteignamati jarðarinnar.

□ Frá þessari greiðslu ber að draga áhvílandi veðskuldir, er viðtakandi tekur að sér.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[52. gr.]**[1] Eignir óðalsbónda og konu hans, aðrar en ættaróðalið og fylgifé þess, erfast samkvæmt ákvæðum erfðalaga.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[53. gr.]**[1] Skylt er þeim, sem óðal hlýtur, að lofa fyrrverandi óðalsbónda og konu hans, ef með þarf, að dveljast á óðalsjörðinni meðan þau kjósa, enda sé honum það ekki um megn.

□ Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[54. gr.]**[1] Erfðafjárskattur greiðist ekki af ættaróðali eða fylgifé þess við afhendingu óðalsins til erfingja eða viðtakanda.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[55. gr.]**[1] Jarðeigandi og aðrir geta ánafnað ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, og er það þá fylgifé óðalsins, sem skylt er að halda við og endurnýja. Jarðræktarstyrkur, byggingarstyrkur og aðrir opinberir styrkir, sem veittir eru til umbóta á óðalsjörðum, verða eign óðalsins.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[56. gr.]**[1] Heimilt er eiganda ættaróðalsins, að fengnu samþykki skv. 12. gr. laga þessara að skipta því milli erfingja í tvö eða fleiri býli, enda fullnægi hin nýju býli ákvæðum [47. greinar].[1]

□ Þegar skipti eru ákveðin, skal gera landamerki milli hinna nýju ættaróðala, svo sem þörf krefur. Skjöl og minjagripir, sem til eru, tilheyra gamla óðalinu.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[57. gr.]**[1] Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsbóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni í Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands, í Orkusjóði og Lífeyrissjóði bænda, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[58. gr.]**[1] Þegar eigendaskipti verða á óðalsjörð, skal kveðja til úttektarmenn hreppsins.

□ Úttektarmenn skulu færa í úttektarbók lýsingu á jörðinni, mannvirkjum hennar og fylgifé, svo að auðvelt sé að gera sér grein fyrir ástandi jarðarinnar og öðru, er henni fylgir.

□ Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafist yfirúttektar og fer um það samkvæmt 44. gr. ábúðarlaga.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[59. gr.]**[1] Nú krefst skuldheimtumaður, að gerð sé aðför í ættaróðali vegna áhvílandi veðskulda eða opinberra gjalda af eigninni, og skal sýslumaður þá tilkynna óðalseiganda um kröfuna með símskeyti eða á annan jafntryggan hátt. Geti óðalseigandi ekki innan mánaðar fullnægt skuldheimtumanni, svo að hann taki kröfuna aftur, skal sýslumaður þá þegar kveðja til fundar þá, er vegna frændsemi koma til greina sem erfingjar óðalsins, eða forráðamenn þeirra ásamt óðalseiganda með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Skuldheimtumanni eða umboðsmanni hans ber að koma á slíkan fund. Á fundinum skal sýslumaður hlutast til um, að ákveðið sé, hver taki við óðalinu og taki að sér aðkallandi greiðslur.

☐ Nú vill enginn af hlutaðeigendum taka við jörðinni, og skal þá sýslumaður selja hana með tilheyrandi fylgifé, enda hafi hlutaðeigandi hreppur hafnað kaupum á jörðinni.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[60. gr.]**[1] Eigi má gera aðför í ættaróðali eða selja það til lúkningar skuldum öðrum en áhvílandi veðskuldum eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[61. gr.]**[1] Þegar óðalsbóndi bregður búi eða deyr og hefur ekki ráðstafað óðalsréttindum, skal sýslumaður, sbr. þó [65. gr.],[1] kveðja til fundar þá, er næstir standa til að erfa óðalið, og skal þar tekin ákvörðun um, hver tekur við því, eða ákveða annan fund síðar, ef það telst nauðsynlegt.

☐ Nú treystist enginn, sem rétt hefur til óðalsins, að taka við því, og skal þá sýslumaður ráðstafa jörðinni ásamt fylgifé hennar sem ættaróðali í samráði við fráfarandi óðalseiganda eða maka hans, ef á lífi eru, annars sýslunefnd. Söluverð jarðarinnar má ekki fara yfir fasteignamatsverð hennar, en skal þó ekki vera lægra en áhvílandi veðskuldir og greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[62. gr.]**[1] Nú tekur maður af annarri ætt við ættaróðalinu, og falla þá minjagripir ættarinnar til erfingja fráfarandi óðalsbónda ásamt andvirði jarðarinnar að frádregnum veðskuldum og kostnaði.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[63. gr.]**[1] Ættaróðal og fylgifé þess gengur óskipt til eftirgreindra aðila og í þessari röð, ef óðalseigandi hefur ekki gert aðrar ráðstafanir:

a. Það hjóna, er lengur lifir, heldur réttinum, meðan það lifir.

b. Til barna þess hjónanna, sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði. Á sama hátt fá kjörbörn óðalsrétt.

c. Til barnabarna óðalsbónda, systkina hans og barna þeirra.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[64. gr.]**[1] Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum, að börnum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni ekki síðar en þegar óðalsbóndi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um, að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans.

☐ Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda.

☐ Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. [56. gr.],[1] og sitji það barn eða þau börn fyrir, sem hafa að staðaldri unnið með foreldrum sínum á jörðinni og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[65. gr.]**[1] Þegar svo stendur á, að óðalserfingi hefur ekki náð lögaldri, er skipti fara fram, skal fjárráðamaður hans byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina til ábúðar. Á umráðamanni (eftirlifandi maka, óðalserfingja eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda, meðan hann fer með það. En hafi óðalseigandi ekki tekið jörðina til ábúðar, þegar hann er 26 ára gamall, skal sýslumaður ráðstafa henni til næstu erfingja, sbr. [61. gr.][1]

☐ Óski ekkert barnanna að nota óðalsréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni. Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefur til óðalsins, eða enginn af þeim, sem rétt hefur til óðalsins, treystist til að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og maka hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[66. gr.]**[1] Nú deyr það hjónanna, er óðalsréttinn erfði, barnlaust, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn, og hafa þá næstu erfingjar rétt til að taka við óðali, þó ekki fyrr en að einu ári liðnu frá andláti óðalseiganda.

☐ Slíti óðalseigandi og kona hans samvistum, heldur það hjónanna óðalinu, sem erfði það.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[67. gr.]**[1] Enginn óðalseigandi getur átt nema eitt ættaróðal. Nú erfir maður fleiri en eitt ættaróðal, og er honum þá heimilt að velja milli þeirra, en sá, er næstur stendur til arfs, tekur við hinu.

☐ Við ákvörðun á búshluta maka og erfðahlutum erfingja, skal telja óðal á því verði, sem viðtakanda þess ber að gjalda fyrir það samkvæmt [51. gr.][1]

☐ Ákvæði erfðalaga um skylduarf eru því ekki til fyrirstöðu, að óðalsbóndi ráðstafi óðali til eins erfingja samkvæmt því, sem nánar greinir í þessum kafla, en andvirði óðalsins samkvæmt [51. gr.][1] rennur í búið.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[68. gr.]**[1] Óðalsbóndi fyrirgerir óðalsrétti sínum, ef hann:

a. Greiðir ekki samningsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, sem á ættaróðalinu hvíla, svo að það leiði til kröfu um sölu, sem hann getur ekki afstýrt.

b. Telur sér heimili annars staðar en á ættaróðalinu eða hættir að reka búskap, sbr. þó [65. gr.][1]

c. Ef hann að áliti sýslunefndar, enda skal leitað umsagnar viðkomandi hreppsnefndar og jarðanefndar, situr óðalið svo illa, að það mundi varða útbyggingu eftir ábúðarlögum.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[69. gr.]**[1] Þegar óðalsbóndi verður að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum, sem valda því, að honum er ókleift að halda áfram búskap, er landbúnaðarráðherra heimilt að leysa óðalið frá óðalsákvæðum, ef engir þeirra ættingja, sem rétt hafa til óðalsins, vilja taka við því til ábúðar, enda mæli sýslunefnd, Búnaðarfélag Íslands og jarðanefnd með þeirri ráðstöfun. Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals frá óðalsákvæðum, er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda, er hann kýs, enda hafi þeir, sem forkaupsrétt eiga að lögum, hafnað honum.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[70. gr.]**[1] Brot gegn lögum þessum varða sektum. ...[2] Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.* [2] *L. 10/1983, 34. gr.*

■ **[71. gr.]**[1] Lög þessi öðlast þegar gildi.

**1976** Nr. 65 31. maí

□ Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40/1948, nr. 54/1967 og I. – VII. kafli laga nr. 102/1962.

[1] *L. 90/1984, 11. gr.*

■ **[72. gr.** Landbúnaðarráðuneytið skal við gildistöku þessara laga taka við verkefnum Landnáms ríkisins og landnámsstjórnar nema annað sé ákveðið með lögum.

□ Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.][1]

[1] *L. 90/1984, 13. gr.*

**1986** Nr. 6 21. mars

## Lög um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

### I. kafli. Um stjórn fjallskilamála.

■ **1. gr.** Hver sýsla er fjallskilaumdæmi, er skiptist í fjallskiladeildir eftir hreppum, nema [héraðsnefnd][1] hafi fallist á aðra skiptingu.

□ Kaupstaður telst til fjallskilaumdæmis þeirrar sýslu, sem kaupstaðarlandið hefur áður legið undir, og er sérstök fjallskiladeild innan þess.

[1] *L. 108/1988, 42. gr.*

■ **2. gr.** [Héraðsnefnd][1] hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í sínu umdæmi, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild. Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög eru ein fjallskiladeild, hafa sveitarstjórnir þeirra í sameiningu á hendi stjórn og framkvæmd fjallskilamála í því upprekstrarfélagi, eftir því sem nánar er ákveðið í fjallskilasamþykkt eða af [héraðsnefnd].[1]

[1] *L. 108/1988, 42. gr.*

■ **3. gr.** Í fjallskilasamþykkt,[1] er [héraðsnefnd][2] setur, skal kveðið á um réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitilanda, fjallskil, smalanir heimalanda vor og haust, svo og um öll önnur atriði, er að framkvæmd fjallskila lúta.

□ Fjallskilasamþykkt tekur ekki gildi, fyrr en staðfest hefur verið af ráðuneyti því, sem fer með landbúnaðarmál, enda komi ákvæði hennar eigi í bág við þessi lög.

[1] *Fjallskilareglugerðir: 121/1965, sbr. 304/1988 (Kjósarsýsla, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður); 374/1986, sbr. 396/1988 (Borgarfj.s. og Akraneskaupst.); 377/1975 (Mýras.); 404/1986 (Snæf. og Hnappad.s.); 400/1975 (Dalas.); 466/1981 (A-Barðastr.s.); 239/1982 (V-Barðastr.s.); 705/1983 (V-Ísafj.s.); 427/1987 (N-Ísafj.s.); 32/1946 (Strandas.); 392/1975, sbr. 329/1976 (V-Húnav.s.); 535/1982 (Skagafj.s. og Sauðárkrókskaupst.); 402/1988 (Eyjafj.s.); 77/1959 (S-Þingeyjars. og Húsavík); 208/1974 og 209/1974 (N-Þingeyjars.); 383/1977 (S-Múlas. og Neskaupst.); 34/1951 (A-Skaftaf.s.); 245/1965 (V-Skaftaf.s.); 157/1990 (Rangárv.s.); 380/1975 og 163/1979 (Árness.); 9/1989 (A-Húnav.s.); 366/1989 (N-Múlas. og Seyðisfj.).* [2] *L. 108/1988, 42. gr.*

### II. kafli. Um afrétti og notkun þeirra.

■ **4. gr.** Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afrétti og heimalönd. Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við, tekur og fjallskilaframkvæmd til þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

■ **5. gr.** Það skulu vera afréttir, sem að fornu hafa verið. Þó getur [héraðsnefnd][1] ákveðið nýja afrétti eftir tillögum hreppsnefndar og með samþykki landeiganda. Enn fremur geta hreppsnefndir, með samþykki [héraðsnefndar],[1] breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki [héraðsnefndar][1] komi til. Bæjarstjórn getur tekið upp nýjan afrétt fyrir kaupstað, breytt takmörkum afréttar og lagt til hans heimalönd eða landshluta einstakra jarða innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, er kaupstaðurinn á eða hefur full umráð yfir.

[1] *L. 108/1988, 42. gr.*

■ **6. gr.** [Héraðsnefnd][1] semur, að fengnum upplýsingum sveitar- og bæjarstjórnar, skrá yfir alla afrétti, er héraðsbúar nota. Skal þar lýst merkjum þeirra og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hvern afrétt svo og hverjir séu afréttareigendur, ef um afrétt í einkaeign er að ræða. Skrá þessi gildir sem heimild fyrir upprekstrarrétti hverrar jarðar í sýslunni, og verður henni ekki breytt, nema eftir tillögum sveitarstjórnar og með samþykki jarðeiganda eða umráðamanns jarðar. Breytingar á afréttum eða réttindum yfir þeim skulu þegar færðar í afréttaskrá. Afréttaskrá skal geymd í skjalasafni sýslunnar.

[1] *L. 108/1988, 42. gr.*

■ **7. gr.** Upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags eiga allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði, nema þar frá sé, að fengnu samþykki jarðeiganda, gerð undantekning í fjallskilasamþykkt.

□ Um skyldu til að reka búfé á afrétt fer eftir því, sem fyrir er mælt í fjallskilasamþykkt.

■ **8. gr.** Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, fer eftir fornri venju eða samningum.

□ Í fjallskilasamþykkt má setja ákvæði um, að í slíkt afréttarland megi eigi taka búpening til sumargöngu af utanhreppsmönnum, sem eigi hafa þar upprekstrarrétt, nema með samþykki sveitarstjórnar, þar sem landið liggur.

□ Um afréttargjald til eiganda afréttarlands fer eftir samningi eða, ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi hreppsnefndar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una ákvörðun hreppsnefndar, krafist mats dómkvaddra manna um gjaldhæð. Ákvörðun um hagatoll, hvort heldur ákveðinn er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en 6 ár í senn.

■ **9. gr.** Nú rís ágreiningur um upprekstrarrétt eða notkun afréttar samkvæmt 8. gr., og skal þá, ef hreppsnefnd tekst eigi að miðla málum, vísa ágreiningnum til [sýslumanns],[1] er úrskurðar málið. Úrskurði [sýslumanns][1] má skjóta til dómstóla.

[1] *L. 108/1988, 43. gr.*

■ **10. gr.** Enginn má nota afrétt, sem eigi á þar upprekstrarrétt samkvæmt 7. eða 8. gr. nema viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir leyfi, eða landeigandi, ef um einkaeign á afréttarlandi samkvæmt 8. gr. er að ræða. Um slíkar leyfisveitingar, svo og um gjaldskyldu leyfishafa fyrir afréttarnot, skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykkt.

■ **11. gr.** Enginn má hafa afnot afréttar fyrir sjálfan sig, svo sem grasnyt og hlunnindi, nema hreppsnefnd leyfi. Eigi tekur þó ákvæði þetta til fiskveiði eða annarra hlunninda, sem í einkaeign eru, þótt í afrétti séu.

■ **12. gr.** Nú eru beitilönd einstakra jarða notuð til upprekstrar eða sem sameiginlegur bithagi með líkum hætti og afréttir, og skal þá reglum laga þessara um afrétti beitt um þau eftir því, sem við getur átt og nánar er fyrir mælt í fjallskilasamþykkt.

■ **13. gr.** Eftir að sveitarstjórn hefur ákveðið, að vor-

smölun skuli lokið, og allt til fyrstu gangna, má enginn smala afrétt né gera afréttarbúpeningi ónæði, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

■ **14. gr.** Nú eru tveir hreppar eða fleiri í fjallskiladeild (upprekstrarfélagi) og þykir hreppsnefnd í einum þeirra nauðsyn til bera að ganga úr fjallskiladeildinni og stofna nýja, og boðar þá hreppsnefnd til fundar með búendum í hreppnum, sem upprekstur eiga, og lætur atkvæði ganga um málið. Verði ¾ þeirra, er atkvæðisrétt eiga, því fylgjandi að ganga úr fjallskiladeildinni, tilkynnir hreppsnefnd það sýslunefnd,[1] og getur hún þá breytt fjallskilasamþykkt að því er þetta varðar og ákveðið hreppnum nýja skilarétt, ef þörf krefur. Sýslunefnd[1] kýs þrjá óvilhalla menn í skiptanefnd, til að stýra skiptum á sameiginlegum eignum fjallskiladeildarinnar. Náist ekki samkomulag aðila um þau skipti, að því er varðar lausafé og mannvirki, sker skiptanefnd úr.

☐ Um skiptingu afréttarlanda fer sem hér segir:

a. Þar sem hver hreppur í fjallskiladeild þeirri sem skipta á, hefur frá fornu fari annast um fjallskil á ákveðnum afréttahluta og haft rétt til upprekstrar í hann, skal ákveða landamerki, þar sem leitamót hafa verið frá fornu fari, og færi sýslunefnd[1] þau í afréttaskrá.

b. Þar sem afréttur hefur verið leitaður sameiginlega, skal Landgræðsla Íslands fengin til að meta afréttinn gróðurmati og gera tillögur um skiptingu eftir reglum III. kafla þessara laga. Náist eigi samkomulag aðila um landamerki, sker skiptanefnd úr. Kostnað af störfum skiptanefndar og Landgræðslunnar ber sá aðili, er skipta beiddist. Nú þykist annar hvor aðili vanhaldinn af úrskurði skiptanefndar í einhverju efni, og má þá skjóta honum til landbúnaðarráðherra, sem tilnefnir þrjá menn í yfirskiptanefnd, og úrskurðar hún um ágreiningsatriði. Kostnað af störfum hennar bera aðilar að jöfnu.

[1] *Sýslunefndir hafa verið lagðar niður. Héraðsnefndir hafa tekið við hlutverki þeirra, sbr. l. 8/1986, 6. gr., sbr. einnig l. 108/1988, 42. gr.*

### III. kafli. Um verndun beitilands og um ítölu.

■ **15. gr.** Stjórnum fjallskiladeilda og sveitarstjórnum, þegar um heimalönd er að ræða, er skylt að fylgjast með ástandi afrétta og heimalanda, og skulu þær hafa um það samráð við gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og Landgræðslu ríkisins.

☐ Berist þessum aðilum rökstuddar ábendingar um, að nýtingu afréttar eða heimalanda sé ekki hagað á skynsamlegan hátt, eða að um ofbeit sé að ræða, er þeim skylt að leita álits gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins um málið og um aðgerðir til úrbóta.

■ **16. gr.** Þar sem talin er þörf bættrar meðferðar afréttar og verndar á gróðri, að mati gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins, er stjórnum fjallskiladeilda heimilt að grípa til eftirtalinna aðgerða:

a. Ákveða, að fjallgöngur á hausti skuli færðar fram, eða að smalað sé af tilteknum hlutum afréttar fyrir göngur.

b. Ákveða, hvenær fyrst megi reka hverja búfjártegund á afrétt.

c. Láta girða sérstök svæði á afréttum eða í heimalöndum fyrir hrossabeit.

d. Banna, að stóðhross séu rekin á afrétt, enda séu þau þá undanskilin fjallskilum.

e. Eiga frumkvæði að félagslegum aðgerðum til hagabóta í samráði við gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins.

f. Eiga frumkvæði að ítölu, ákvæði 17. – 25. gr.

1986 Nr. 6 21. mars

■ **17. gr.** Ítölu má gera í afrétti og heimalönd fyrir heilar sýslur, einstök sveitarfélög eða hreppshluta, að fullnægðum skilyrðum laga þessara, enda sé gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

■ **18. gr.** Eftirtaldir aðilar geta farið þess á leit við [héraðsnefndir],[1] að athugun verði gerð á því, hvort þörf sé fyrir ítölu, og krafist ítölu, ef niðurstaða athugunar er á þann veg, að hennar sé talin þörf:

a. Einstakir bændur, búi þeir á viðkomandi svæði eða á nærliggjandi svæði, þar sem um verulegan samgang búfjár er að ræða á milli svæðanna.

b. Sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags og sveitarstjórnir nágrannasveitarfélaga, ef verulegur samgangur búfjár er á milli þeirra.

c. [Héraðsnefndir][1] aðliggjandi sýslna, ef verulegur samgangur búfjár er á milli þeirra.

d. Gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og gróðurverndarnefnd í nágrannasýslu, ef verulegur samgangur búfjár er á milli sýslnanna.

e. Landgræðsla ríkisins.

[1] *L. 108/1988, 42. gr.*

■ **19. gr.** Nú hefur [héraðsnefnd][1] borist ósk um, að gerð verði ítala í ákveðið landsvæði, og er þá skylt að leita álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar, gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins á málinu. Telji einhver þessara aðila þess þörf, skal gera athugun á beitarþoli og notkun landsins og gefa um það álitsgerð.

[1] *L. 108/1988, 42. gr.*

■ **20. gr.** Telji gróðurverndarnefnd og Landgræðsla ríkisins, eða hlutaðeigandi sveitarstjórn, aðgerða þörf, ítölu eða annarrar gróðurverndar, þá skal stjórn fjallskiladeildar, [héraðsnefnd],[1] ef heil fjallskilaumdæmi eiga hlut að máli, eða sveitarstjórn, ef um heimalönd er að ræða, boða til fundar alla bændur innan þess svæðis, sem um ræðir. Ef um heilt fjallskilaumdæmi eða meira er að ræða, er heimilt að boða til fulltrúafundar, þar sem fulltrúar einstakra sveitarfélaga eða fjallskiladeilda eiga fundarsetu, kosnir af bændafundum í hlutfalli við bændafjölda hvers sveitarfélags eða deildar. Fulltrúafundur getur því aðeins ráðið málinu til lykta, að allar deildir séu því samþykkar.

☐ Sá telst bóndi, er hefur lögbýli til ábúðar. Í fundarboði skal geta um fundarefni. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra manna mætir. Hver maður hefur eitt atkvæði, og eigi fleiri, þótt hann nytji eða búi á tveimur eða fleiri lögbýlum. Gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og fulltrúi frá Landgræðslu ríkisins eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er að boða þeim slíka fundi.

☐ Skrá skal í fundargerð, hve margir bændur eru á viðkomandi svæði, svo og hve margir hafa greitt atkvæði um fundarefnið.

☐ Verði samþykkt með meirihluta atkvæða á lögmætum fundi að gera ítölu eða grípa til annarra aðgerða til að létta af afréttum eða heimalöndum, sbr. a – e-lið 16. gr., er sú samþykkt bindandi.

☐ Samþykkt um ítölu í afrétti eða heimalönd skal send viðkomandi [héraðsnefnd],[1] og skal hún annast um, að ítala sé gerð.

☐ Ef aðeins er um að ræða eina fjallskiladeild, eitt sveitarfélag eða hluta sveitarfélags, og fundur samþykkir

ítölu einróma, má fela stjórn fjallskiladeildar eða sveitarstjórn að sjá um framkvæmd ítölu. Skylt er þó ætíð að leita aðstoðar sérfróðra manna við ítölumatið.

☐ Fundarályktanir um aðrar aðgerðir samkvæmt heimildum í a – e-lið 16. gr. skal senda viðkomandi fjallskiladeild.

☐ Nú er tillaga um ítölu eða aðrar aðgerðir felld við atkvæðagreiðslu, og er þeim, sem aðgerða hefur krafist, þá heimilt að vísa málinu til landgræðslustjóra, sem fer með það, samkvæmt 23. gr. landgræðslulaga nr. 17/1965. Skylt er að hlíta þeirri ítölu, sem þannig er ákveðin.

[1] *L. 108/1988, 42. gr.*

■ **21. gr.** Þegar [héraðsnefnd][1] hefur borist fundarályktun um ítölu samkvæmt 20. gr., annast sýslumaður um skipun 3ja manna ítölunefndar. Sýslumaður tilnefnir formann nefndarinnar, en Búnaðarfélag Íslands og Landgræðsla ríkisins sinn manninn hvort. Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

[1] *L. 108/1988, 42. gr.*

■ **22. gr.** Ítala skal svo ákvörðuð, að fullskipað sé í landið en ekki ofskipað miðað við beitarþol. Byggja skal á beitarþolsrannsóknum svo sem við verður komið, jafnframt skal tekið tillit til aðstæðna hverju sinni.

☐ Búfé skal lagt í einingar með hliðsjón af tillögum sérfræðinga í fóðurfræði og beitarþolsrannsóknum. Ítölunefnd er heimilt að ákveða hlutfallstölu einstakra búfjártegunda, sé gróðurfar landsins mjög einhæft.

■ **23. gr.** Ef innan ítöluumdæmis er kaupstaður eða kauptún, sem hefur umráðarétt jarðnæðis, er grasnyt fylgir, hefur kauptúnið sem heild beitarrétt í heimahögum og afrétti í hlutfalli við beitiland jarðarinnar, eftir sömu reglum og um getur í 22. og 24. gr. Um rétt einstaklinga innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns fer eins og um önnur sveitarfélög og einstaklinga innan þeirra sé að ræða. Nú er kauptún í landi jarðar, sem er einkaeign, og skal þá við ítölu úthluta jörðinni í heild, þar með talið kauptúnið, því, sem henni ber í hlutfalli við aðrar jarðir, en íbúar kauptúnsins semji hver fyrir sig við umráðamann jarðarinnar um beitarréttindi í heimalandi og afrétti.

■ **24. gr.** Þegar ítölunefnd hefur ákveðið heildartölu búfjár, sem hafa má á hverju svæði, sendir hún úrskurðinn viðkomandi sýslumanni, sem birtir hann viðkomandi aðilum og Landgræðslu ríkisins. Sveitarstjórn hefur eftirlit með því að eigi sé haft fleira í högum en ítölunefnd hefur ákveðið.

☐ Nú er fleira búfé á ákveðnu ítölusvæði en þar má ganga samkvæmt úrskurði ítölunefndar, og má þá fela ítölunefnd að ákveða hlutdeild hvers býlis af heildarsveitarréttindum.

☐ Nú hefur hreppsnefnd eða stjórn fjallskiladeildar gert tillögur um hlutdeild einstakra býla í ítölu, og getur þá sá, sem ekki vill una þeim, skotið málinu til ítölunefndar, sem sker úr.

☐ Réttur hvers lögbýlis, sem sérmetið var við fasteignamat árið 1932, skal að ⅓ vera jafn, en að ⅔ skal hann vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar. Hafi það ekki verið metið, má leggja til grundvallar landverð jarðarinnar eftir fasteignamati að frádregnum hlunnindum og að frádregnu verðmæti þess hluta af fullræktuðu landi, sem ætla má að nota verði til heyöflunar. Taka má tillit til sérstakra búskaparhátta á jörðinni.

☐ Heimilt er sveitarfélagi, sem ekki fyllir ítölu sína í afrétti, að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi gjald fyrir, sem ítölunefnd ákveður. Hafi ábúandi færra búfé í heimahögum en svarar ítölu hans, má hann taka af öðrum innan sama hrepps, en eigi utan, nema með samþykki sveitarstjórnar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsbúar ekki þörf nytjalandsins, en sveitarstjórn synjar jarðeiganda að taka fénað utan hrepps, getur hann krafist beitarleigu eftir mati ítölunefndar, enda sé það land, ef um heimaland er að ræða, girt fjárheldri girðingu.

☐ Nú hefur ítala verið ákveðin í afréttarland, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna niður fjallskilakostnaði í hlutfalli við ítölu hvers býlis.

■ **25. gr.** Til þess að gera ítölu í land, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í nefnd og er hann formaður, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og landgræðslustjóri hinn þriðja.

■ **26. gr.** Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri sveitarfélaga, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu búpenings síðastliðin fimm ár. Rísi ágreiningur um reikning ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

■ **27. gr.** Sá, er ekki vill una úrskurði ítölunefndar, getur krafist yfirítölumats innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn í yfirítölunefnd, og sé einn þeirra formaður. Starfar nefndin samkvæmt ákvæðum 22. gr.

☐ Kostnaður greiðist á sama hátt og segir í 26. gr., ef nefndin breytir ítölu um 10 af hundraði eða meira, ella af þeim, er krafðist endurskoðunar.

■ **28. gr.** Nú telur einhver, að ítölu sé ekki fylgt, og getur hann þá kært málið til sýslumanns.

☐ Nú verður annað sannað,[1] að einhver bóndi hefur fleira búfé í afrétti eða heimahögum en hann hefur rétt til samkvæmt ítölu, og skal þá sýslumaður gera viðkomanda að greiða sekt til fjallskilasjóðs.

☐ Sektarfé skal verja til gróðurbóta á viðkomandi landi.

☐ Sekt skal vera sem samsvarar 1/10 af meðallambsverði fyrir hverja fjallskilaeiningu, sem er umfram leyfilega tölu, en tvöfalda má sekt fyrir hvert ítrekað brot. Heimilt er að láta sektir niður falla, ef sönnur verða færðar á, að um ásetning hafi ekki verið að ræða.

[1] *Svo í Stjtíð. Á væntanlega að vera: „Nú verður sannað, ...“*

■ **29. gr.** Skylt er að taka ítölu til endurmats, þegar 4 ár eru liðin frá þeim tíma, að ákvörðun um ítölu tók gildi, ef a. m. k. ¼ ábúenda, sem hlut eiga að máli, krefjast þess, eða ef landgræðslustjóri, stjórn fjallskiladeildar eða gróðurverndarnefnd telur þess þörf.

■ **30. gr.** Nánari ákvæði um ítölu má setja í fjallskilasamþykkt.

**IV. kafli. Um ágang afréttarpenings o. fl.**

■ **31. gr.** Nú verða mikil brögð að ágangi búfjár úr afrétti í heimahaga, og getur þá sá, er fyrir verður, gert sveitarstjórn aðvart. Skal hún þá, ef um verulegan eða óeðlilegan ágang virðist að ræða, skipa fyrir um smölun ágangspenings og rekstur til afréttar eða skilaréttar.

Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps eða hreppa, er afrétt þann nota, er ágangspeningur kom frá. Heimilt er þó í fjallskilasamþykkt að ákveða að nokkru aðra skipan á skiptingu þessa kostnaðar. Sama gildir um kostnað við búfé, sem stendur við afréttargirðingar.

■ **32. gr.** Nú verða eigendur eða ábúendur jarða, er að afrétti liggja, fyrir verulegum ágangi afréttarpenings, og geta þeir þá krafist girðingar á milli afréttar og heimalanda sinna skv. 7. gr. laga nr. 10 25. mars 1965 (girðingarlaga).

■ **33. gr.** Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá, er fyrir verður, kært til hreppstjóra. Stafi ágangurinn af búfé, sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar, ber hreppsnefnd að sjá um, að eigendur reki fénaðinn til afréttar. Vanræki þeir það, lætur hún reka á þeirra kostnað. Stafi ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda, nema annað sé ákveðið í fjallskilasamþykkt.

■ **34. gr.** Gangi búpeningur í engi, tún, garðlönd eða önnur afgirt svæði og valdi tjóni, skal eigandi gjalda ábúanda bætur. Sé um endurtekinn ágang sama búpenings að ræða, getur ábúandi sett hann inn og gert eiganda aðvart, enda hafi hann áður skorað á eiganda að afstýra frekari ágangi. Skal eiganda tilkynnt um innsetninguna samdægurs. Vitji eigandi eigi hins innsetta búpenings innan tveggja sólarhringa og greiði uslagjald samkvæmt mati tveggja manna, er hreppstjóri nefnir til, má hreppstjóri (bæjarfógeti) selja féð á opinberu uppboði. Uppboðsandvirðið, að frádregnu uslagjaldi og öðrum kostnaði, greiðir hreppstjóri búfjáreiganda.

■ **35. gr.** Sé búpeningur settur inn, skal þess gætt, að hann sé ekki í svelti. Ef innsettur fénaður ferst eða verður fyrir slysi, greiðir sá, er inn setur, eiganda bætur.

**V. kafli. Um göngur og réttir.**

■ **36. gr.** Í fjallskilasamþykkt skulu vera ákvæði um vorsmölun heimalanda og afrétta.

■ **37. gr.** Á hvern afrétt skal gera tvennar almennar leitir hið fæsta á hverju hausti. Skal í fjallskilasamþykkt kveða nánar á um leitir á hverjum afrétti.

■ **38. gr.** Öllum, sem búfé hafa undir höndum, sem fjallskilaskylt er, ber að taka þátt í göngum og hreinsun heimalanda samkvæmt fyrirmælum þessara laga og eftir því og á þann hátt, er sveitarstjórn mælir fyrir um á hverjum stað. Húsbændur skulu inna af höndum fjallskil fyrir heimamenn sína, nema sveitarstjórn leggi þau á þá sérstaklega.

■ **39. gr.** Hver bóndi er skyldur að smala heimaland sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla, þó að þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum sveitarstjórnar, ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitarstjórnar. Ekki verður umráðamaður lands þó krafinn um þátttöku í smölunarkostnaði, sé honum meinað að nota land sitt til sumarbeitar eða leigja það samkvæmt 8. gr. eða vegna búfjárveikivarna.

□ Í fjallskilasamþykkt skal ákveða nánar, hvað skuli vera aðalleitir, er ákvæði þessi taka til.

■ **40. gr.** Sveitarstjórn eða umboðsmaður hennar (fjallskilastjóri) skipar fyrir um reglulegar afréttargöngur og aðrar leitir samkv. fjallskilasamþykkt, sbr. 33. og 35. gr.[1] Undanþiggja má fjallskilum að einhverju eða öllu leyti fénað, sem gengur í öruggum girðingum eða á eyjum.

□ Í fjallskilasamþykkt má ákveða, að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

[1] *Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera 36. og 38. gr.*

■ **41. gr.** Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til afréttar viðkomandi hrepps með samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um hreinsun heimalands jarðarinnar vor og haust sem og önnur fjallskil, eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá viðkomandi sýslunefnd[1] sjá um, að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptist þannig, að eigendur bera ½, hreppar þeir, er fjárvon eiga í löndunum, ¼ og ríkið ¼. Búnaðarfélag Íslands úrskurðar kostnaðarreikninga.

[1] *Sýslunefndir hafa verið lagðar niður. Héraðsnefndir hafa tekið við hlutverki þeirra, sbr. l. 8/1986, 6. gr., sbr. einnig l. 108/1988, 42. gr.*

■ **42. gr.** Fjallskilum í afréttum og öðrum sumarbeitarhögum skal jafnað niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings. Heimilt er þó að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, enda séu um það ákvæði í fjallskilasamþykkt.

■ **43. gr.** Hver fjallskiladeild ritar gerðabók og færir sérstakt bókhald. Skal fjallskilareikningur endurskoðaður á sama hátt og sveitarsjóðsreikningur.

□ Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og við verður komið, ella goldin í peningum eftir mati sveitarstjórnar.

□ Þeim kostnaði fjallskilasjóðs, sem ekki verður inntur af hendi með skylduvinnu og óvissar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir, er heimilt að jafna niður eftir fyrirmælum 42. gr.

□ Fjallskilagjöld má taka lögtaki.

■ **44. gr.** Nú vanrækir maður án lögmætra ástæðna að inna fjallskil af hendi, og skal hann þá, eftir ákvörðun hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, auk greiðslu fyrir fjallskilin, eins og þau eru metin, gjalda sekt í fjallskilasjóð, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna.

■ **45. gr.** Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, getur hann kært til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er úrskurðar kæruna. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til [sýslumanns].[1] Enginn getur með því að kæra skotið sér undan að inna af hendi þau fjallskil, er honum voru gerð.

[1] *L. 108/1988, 43. gr.*

■ **46. gr.** Sveitarstjórn getur ákveðið, að sérstakir kostnaðarliðir, sem af fjallskilum stafa, greiðist úr sveitarsjóði.

■ **47. gr.** Í fjallskilasamþykkt skulu vera ákvæði, er tryggja eins vel og verða má, að göngur fari fram samtímis í löndum, er saman liggja og ekki eru aðgreind frá öðrum með girðingum, vötnum eða fjallgörðum.

□ Nú verður ágangur fjár frá einu sveitarfélagi í annað eða frá einu fjallskilaumdæmi í annað, og getur þá sá, er fyrir verulegum ágangi verður, krafið hinn aðilann um gjald fyrir, eða að hann sendi menn í göngur, eftir því sem hæfilegt þykir miðað við gangnakostnað og usla í

högum. Rétt er, að um þetta séu nánari ákvæði í fjallskilasamþykkt.

■ **48. gr.** [Héraðsnefnd][1] ákveður í fjallskilasamþykkt, hvar aðalréttir og aukaréttir skuli vera í fjallskilaumdæmi, að fengnum tillögum sveitarstjórna. Þar skal og tiltekið á sama hátt, hvaða leitarsvæði skuli gengin til hverrar réttar og hvaða daga göngur skuli gerðar á hverjum stað. Gangnadögum má þó breyta fyrir eitt haust í senn með samþykki [héraðsnefndar],[1] enda sé þess gætt, ef göngum er flýtt eða frestað, að breytingin nái til þeirra leitarsvæða, er saman liggja.

[1] *L. 108/1988, 42. gr.*

■ **49. gr.** Sveitarstjórn eða fjallskilastjórn ber að sjá um, að til sé á hverjum réttarstað hæfilega stór fjárrétt og nægilegt dilkrými við hverja rétt, svo og að réttinni sé vel við haldið.

■ **50. gr.** Þegar byggja þarf rétt, er landeiganda skylt að leggja til land undir hana, þó ekki tún eða engi.

□ Metnar skulu landeiganda bætur fyrir jarðrask í sambandi við nýbyggingu réttar eða endurbætur, og rétt á ábúandi á árlegu uslagjaldi fyrir átroðning vegna réttarhalds.

■ **51. gr.** Nú er ákveðið að reisa eða endurbyggja almenningsrétt, og skal þá, ef ekki er öðruvísi ákveðið með samkomulagi aðila, kostnaður við bygginguna greiddur úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeildar eða deilda. Heimilt er sveitarstjórn að jafna sérstaklega niður á fjallskilaskylda aðila gjaldi í fjallskilasjóð vegna réttarbyggingar, sbr. 42. gr. og 46. gr. Viðhald réttar greiðist með sama hætti.

□ Nánari ákvæði má setja í fjallskilasamþykkt.

**VI. kafli. Um hreinsun heimalanda eftir réttir.**

■ **52. gr.** Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustum séu öll heimalönd rækilega smöluð samtímis, svo oft sem þurfa þykir, og að afbæjarfé komist til réttra eigenda.

■ **53. gr.** Skyldur er hver bóndi eða landráðandi að hirða fé það, sem finnst í heimalandi hans, eftir að fjallgöngum er lokið. Í fjallskilasamþykkt skal kveðið nánar á um skil afbæjarfjár.

**VII. kafli. Um eftirleitir og öræfaleitir o. fl.**

■ **54. gr.** Eftirleitir skal gera á afrétt, ef líklegt er, að þar leynist fé. Skal í fjallskilasamþykkt kveða nánar á um eftirleitir.

■ **55. gr.** Nú liggja öræfi, þar sem fjárvon kann að vera, að afréttum eða öðrum sumargöngulöndum, og skal þá [héraðsnefnd][1] eða nefndir hlutast til um, að þau séu leituð að minnsta kosti einu sinni á hausti.

[1] *L. 108/1988, 42. gr.*

■ **56. gr.** Í fjallskilasamþykkt má heimila sveitarstjórn að láta lóga fé á hausti, er finnst í öræfaleitum.

■ **57. gr.** Nú verður vart fjár í ógöngum, og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanns eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar hálft verð hennar fyrir björgun, en sveitarsjóður, þar sem eigandi er heimilisfastur, hinn hluta kostnaðar. Náist kind eða kindur hins vegar ekki lifandi, skal sýslusjóður, þar sem björgunartilraun var gerð, bera kostnað vegna tilraunarinnar, enda samþykki sýslumaður reikninga.



**VIII. kafli. Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.**

■ **58. gr.** Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama, svo fljótt sem verða má, ómerkinga, sem vart kann að verða, og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

□ Nú koma ómerkingar eða annað óskilafé til réttar, og skal þá draga það í sérstakan dilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga og sanna eignarrétt sinn á öðru óskilafé.

■ **59. gr.** Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um, að svo sé gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér það eftir.

□ Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt.

□ Allt óskilafé, sem fargað er, skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megi út verð hverrar kindar, ef eigandi finnst.

□ Annan óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal hreppstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti. Nánari ákvæði má setja í fjallskilasamþykkt.

■ **60. gr.** Fyrir árslok skulu hreppstjórar birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, hver í sínum hreppi, eða um sölu, ef um óskilahross eða nautgripi er að ræða. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hverrar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna rétt sinn innan tiltekins tíma.

■ **61. gr.** Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár og andvirði seldra hrossa og nautgripa greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðast eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tiltekins tíma, ella í fjallskilasjóð eða sjóði þeirra fjallskiladeilda, þar sem óskilapeningurinn kom fyrir.

■ **62. gr.** Nánari fyrirmæli um meðferð og förgun ómerkinga og annars óskilapenings má setja í fjallskilasamþykkt.

**IX. kafli. Um mörk og markaskrár.**[1]

[1] *Rg. 579/1989 (um mörk, markaskrár o. fl.).*

■ **63. gr.** Búfjármörk eru: eyrnamörk, brennimörk, frostmerkingar og plötumerki í eyra. Um liti, gerð og notkun plötumerkja eftir varnarhólfum fer eftir reglum sem sauðfjársjúkdómanefnd setur samkv. 12. gr. laga nr. 23 10. mars 1956, en heimilt er að ákveða í reglugerð að á tilteknum svæðum skuli allt fé merkt slíkum plötumerkjum.

□ Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt mark á búfé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð, þau er til næst, fyrir lok 12. viku sumars. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á hyrndu fé eða plötu í eyra. Þá má í fjallskilasamþykkt veita undanþágur frá þessu ákvæði þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afréttar. Sömu reglur gilda um mörk á öðru búfé.

□ Í fjallskilasamþykkt er heimilt að setja sérákvæði um eyrnamörk, plötumerki og frostmerkingar á stórgripum. Í reglugerð skulu sett ákvæði um notkun auðkenna, framkvæmd frostmerkinga og skyldu eigenda til að láta frostmerkja stórgripi er ganga utan afgirtra svæða.

■ **64. gr.** Búfé skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda eignarrétt nema sannist að annar eigi. Enginn má draga sér búpening sem eigi ber hans rétta mark. Við sönnun á eign á búpeningi er frostmerking rétthæst, þar næst brennimark, þá löggilt plötumerki og síðast eyrnamark. Eiganda rétthærra marks er skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum ef eigandi réttlægra marks krefst þess. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

■ **65. gr.** Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark. Við framsal á marki og upptöku gerðarmarks skal þess gætt að gerð marksins sé í samræmi við reglur fjallskilaumdæmisins og reglur um bann við sammerkingum skv. 68. gr. og ekki svo líkt öðru marki á svæðinu að hætt sé við misdrætti að dómi markavarðar.

□ Eigendaskipti að marki milli útgáfu markaskráa skulu tilkynnt markaverði. Sama gildir ef markeigandi flyst á milli fjallskiladeilda eða fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið, að höfðu samráði við hlutaðeigandi markaverði, birtir hann tilkynningu um það í Lögbirtingablaði eða í viðbæti við markaskrá umdæmisins á kostnað hins nýja eiganda. Hreppstjórar og markaverðir á viðkomandi svæðum skulu færa skrá yfir slík mörk og eigendur þeirra.

□ Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að bannað sé að nota tiltekin mörk, en að öðru leyti skal í fjallskilasamþykkt tekið fram hvers konar mörk megi taka upp og nota.

■ **66. gr.** Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um útgáfu á markaskrá fyrir umdæmið. Markaskrár skulu gefnar út samtímis um land allt og eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Skulu markaskrár næst gefnar út 1988. Stjórnum fjallskilaumdæma er heimilt að sameinast um útgáfu markaskrár.

□ Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð og útgáfu markaskrár af sinni hálfu. Skal sem mest samræmi haft í gerð markaskráa um land allt og fylgt í því efni ákvæðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur um mörk og markaskrár.

□ Ráðherra getur með reglugerð falið Búnaðarfélagi Íslands að hafa umsjón með samræmingu á gerð og útgáfu markaskráa og upptöku nýrra marka og ákveðið að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjá þess. Kostnað af starfi Búnaðarfélags Íslands vegna þessa verkefnis greiðir stjórn hvers fjallskilaumdæmis í hlutfalli við markafjölda. Þó er Búnaðarfélaginu heimilt, að fenginni sérstakri fjárveitingu á fjárlögum, að greiða að hluta tölvuvinnslu markaskránna í fyrsta sinn.

□ Stjórn fjallskilaumdæmis getur ákveðið eftirfarandi markagjöld:

a. Gjald fyrir skráningu á marki í markaskrá við útgáfu hverrar nýrrar markaskrár. Skal gjaldið fylgja tilkynningu um mark. Heimilt er að ákveða stighækkandi gjald fyrir skráningu á marki þegar sami markeigandi á þrjú eða fleiri mörk og fyrir mark sem markeigandi hefur sannanlega ekki notað í átta ár eða lengur frá útgáfu síðustu markaskrár.

b. Gjald fyrir skráningu á eigendaskiptum eða upptöku á nýju marki milli útgáfu markaskráa.

c. Jöfnunargjald sem stjórn fjallskilaumdæmis er heimilt að leggja á í umdæminu í hlutfalli við fjölda skráðra marka. Jöfnunargjald skal þó því aðeins lagt á að gjöld samkvæmt a- og b-lið nægi ekki til að mæta kostnaði fjallskilaumdæmisins samkvæmt þessari grein.

□ Markeiganda er skylt að tilkynna markaverði mark sitt til skráningar í markaskrá fjallskilaumdæmisins og skal það gert innan tiltekins frests sem markavörður auglýsir, m. a. í Lögbirtingablaði.

■ **67. gr.** Mark sem hvorki er skráð í gildandi markaskrá né hefur verið auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 65. gr., eftir útgáfu síðustu markaskrár eða í viðbæti við markaskrá umdæmisins, skal talið niður fallið og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, sem áður átti markið, hafa forgangsrétt til þess ef hann tekur það upp innan átta ára frá útgáfu síðustu markaskrár og heldur það þá aldursrétti, sbr. 4. mgr. 68. gr.

□ Markavarsla fjallskilaumdæmis getur geymt mark, sem markeigandi tilkynnir ekki til skráningar í markaskrá, með því að skrá það, og leyft öðrum á svæðinu að taka það upp þegar átta ár eru liðin eða fyrr með samþykki fyrri eiganda. Hafi markavarsla geymt mark lengur en átta ár fellur aldursréttur þess niður.

■ **68. gr.** Sammerking er óheimil innan sama fjallskilaumdæmis.

□ Landbúnaðarráðherra ákveður að öðru leyti í reglugerð, sem sett skal að höfðu samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, á hvaða svæðum á landinu sammerkingar á sauðfé eru óheimilar en stjórnir fjallskilaumdæma ákveða slíkt varðandi annað búfé.

□ Það telst vera sammerking þegar tveir eða fleiri markeigendur eiga sama mark.

□ Markavörðum samliggjandi fjallskilaumdæma er skylt, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð, að vinna saman að útrýmingu óleyfilegra sammerkinga sem nú fyrirfinnast og fyrirbyggja að nýjar sammerkingar myndist við upptöku nýrra marka eða flutning marka milli fjallskilaumdæma og skulu þeir í því starfi fylgja eftirfarandi reglum:

a. Ef tveir eða fleiri fjáreigendur á svæði, þar sem sammerkingar eru ekki leyfilegar, tilkynna sama mark til skráningar í markaskrá á viðkomandi svæði eða tilkynnt er um eigendaskipti að marki, skal erfðamark ganga fyrir gjafamarki, gjafamark fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki. Sama gildir um óleyfilegar sammerkingar sem þegar eru fyrir hendi. Aðfluttur maður eða maður, sem öðlast hefur rétt á marki úr öðru fjallskilaumdæmi fyrir framsal, skal breyta marki sínu hvort sem markið er erfðamark, gjafamark eða kaupamark, ef sammerkt á eða of námerkt á hinu nýja fjársamgöngusvæði að dómi markavarða. Sé um sama flokk marks að ræða sem ágreiningur er um þá á sá réttinn sem á eldra markið, þ. e. það mark sem lengur hefur verið samfellt í markaskrá umdæmisins. Sé ekki unnt að leysa úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli framanskráðra reglna eða markaverðir verða ekki sammála um

**1986** Nr. 6 21. mars

úrlausn máls, skal vísa málinu til úrskurðar hjá markanefnd.

b. Sé ekki unnt að skera úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli reglna a-liðar þessarar mgr. getur sá, er markið á að missa, umboðsmaður hans eða markavörður sama umdæmis, skotið málinu til úrskurðar markanefndar. Skal markanefnd ákveða hver skuli halda hinu umdeilda marki. Við úrskurð sinn skal nefndin m. a. taka tillit til þess hversu auðvelt hlutaðeigandi eigi með að láta af markinu með tilliti til fyrri notkunar þess og annarra marka hans.

c. Sá sem missir mark sitt vegna reglna í lögum þessum eða úrskurða markanefndar á ekki kröfu á bótum og honum er skylt að marka búfé sitt nýju marki.

d. Áður en markaverðir úrskurða hver skuli halda marki skal hlutaðeigendum gefinn kostur á að lýsa viðhorfum sínum skriflega um málið.

■ **69. gr.** Ákvörðunum markavarðar eða fundar markavarða um skráningu á marki, synjun um skráningu og niðurfellingu marks vegna sammerkinga er heimilt að skjóta til markanefndar innan 45 daga frá því að ákvörðun var sannanlega tilkynnt hlutaðeiganda. Ef hann áfrýjar skal hann greiða gjald sem ráðherra ákveður með auglýsingu.

□ Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í markanefnd til átta ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands, annar eftir tilnefningu sauðfjársjúkdómanefndar og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Ráðherra skipar varamenn með sama hætti. Markanefnd skal fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og samþykkta um mörk og markaskrár og vera til ráðuneytis um þau mál. Ráðherra getur með reglugerð falið markanefnd tiltekin verkefni.

**X. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **70. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykkta, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

**1971** Nr. 45 16. apríl

## Lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

**[I. kafli. Um Stofnlánadeild landbúnaðarins.]**[1)]

[1)] *L. 68/1973, 1. gr.*

■ **1. gr.** [Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðarbanka Íslands. Um samband Stofnlánadeildarinnar við aðrar deildir bankans fer eftir lögum um Búnaðarbanka Íslands og ákvæðum þessara laga.

□ Hlutverk Stofnlánadeildar landbúnaðarins er að efla framleiðslu og framleiðni í íslenzkum landbúnaði og treysta byggð í sveitum landsins. Hún veitir fjármagn til framkvæmda á sveitabýlum og til þjónustufyrirtækja landbúnaðarins, svo sem nánar er tilgreint í lögum þessum.

□ Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi taka til.][1)]

[1)] *L. 68/1973, 1. gr.*

■ **2. gr.** [Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Stofnlánadeildar. Þegar bankaráð tekur til meðferðar og ákvörðunar málefni Stofnlánadeildar eða Byggingastofnunar landbúnaðarins, skulu fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda og fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands taka sæti í bankaráði Búnaðarbanka Íslands sem fullgildir bankaráðsmenn. Fulltrúar þessir og varamenn þeirra skulu tilnefndir til fjögurra ára í senn, í fyrsta sinn gildir sú tilnefning til 31. desember 1976.][1)]

[1)] *L. 68/1973, 1. gr.*

**1971** Nr. 45 16. apríl

■ **3. gr.** [Bankaráð skal ráða deildinni forstöðumann og ákveður starfssvið hans með erindisbréfi. Forstöðumaður gerir tillögur til bankastjórnar um lánveitingar deildarinnar samkvæmt reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum.

□ Verði ágreiningur um einstakar lánveitingar milli bankastjórnar og forstöðumanns, getur forstöðumaður skotið þeim ágreiningi til bankaráðs til endanlegrar ákvörðunar.][1)]

[1)] *L. 68/1973, 1. gr.*

■ **4. gr.** [Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs er nemi 250 þúsund krónum.

2. ...[1)]

3. Gjald á óniðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara, er nemi 1%. Gjald á vörur, sem ekki eru verðlagðar af sexmannanefnd, skal miða við áætlað heildsöluverð. Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða endurgreiðslu þessa gjalds eða niðurfellingu þess við útflutning afurða, sem ekki njóta útflutningsbóta úr ríkissjóði eða þegar útflutningsbætur hrökkva ekki lengur til. Sölusamtök framleiðenda og aðrir seljendur á heildsölustigi skulu standa skil á gjöldunum. Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og gjald skv. 2. tl. þessarar greinar.

Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.

4. Jöfnunargjald 1%, er skal reikna og innheimta á sama hátt og segir í 3. tl.

5. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárri fjárhæð og nemur samanlögðum tekjum skv. 2. og 3. lið þessarar greinar.

6. Vaxtatekjur.

□ Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu á gjöldum skv. 2., 3. og 4. tl. þessarar greinar og skal innheimta og álagning gjaldanna fara fram samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.][2)]

[1)] *L. 41/1990, 8. gr.* [2)] *L. 41/1982, 1. gr.*

■ **5. gr.** [Stofnlánadeildin veitir lán til eftirtalinna verkefna:

1. Til jarðakaupa.

2. [Til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestingar í búrekstri á jörðum þeirra, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa, eins og nánar greinir í 12. gr. þessara laga.][1)]

3. Til ræktunar, útihúsa, vatnsveitna og varmaveitna og annarra mannvirkja, er varða landbúnað, þar með talin ylrækt, loðdýrarækt og lax- og silungseldi.

4. Til vinnslustöðva landbúnaðarafurða.

5. Til heykögglaverksmiðja og heyþurrkunarstöðva, viðgerðarverkstæða fyrir landbúnaðarvélar og annarra verkstæða, er veita þjónustu fyrir viðkomandi sveitir; til bústofnskaupa, búvéla og þungavinnuvéla búnaðar- og ræktunarsambanda.][2)]

[1)] *L. 37/1986, 1. gr.* [2)] *L. 68/1973, 1. gr.*

■ **6. gr.** [Stjórn Stofnlánadeildar setur henni útlánareglur, sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þær skulu miða að því, að fjárfestingarlán til landbúnaðarins og

þjónustufyrirtækja hans stuðli að þeirri þróun, sem æskilegust er fyrir atvinnuveginn og þjóðarbúið í heild.

☐ Lánareglur deildarinnar skulu miðaðar við það, að bændur, sem hafa minna en verðlagsgrundvallarbú, en hafa möguleika til að ná aukinni hagkvæmni með stækkun búanna, njóti hagkvæmustu lánakjara til umbóta á jörðum sínum, að því marki, að náð sé bústærð, sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eins og það er á hverjum tíma.

☐ Þegar um viðurkenndan félagsbúskap er að ræða, nýtur hver aðili að búinu lánaréttinda sem sjálfstæður bóndi.

☐ Nú hefur bóndi stærra bú en sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eða sækir um lán til framkvæmda, sem svara til stærra bús, og er þá heimilt að skipta lánum til viðkomandi framkvæmda þannig, að hluti þeirra sé með öðrum kjörum eða lægri hundraðshluti verði veittur út á framkvæmdina.

☐ Upphæð lána má að jafnaði vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og meðalkostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Heimilt er þó, ef sérstaklega stendur á, að veita hærri lán, eða allt að 70%, ef ástæða þykir til að örva ákveðna framleiðslugrein á einstökum landssvæðum eða aðrar ástæður mæla sérstaklega með auknum stuðningi við viðkomandi framkvæmdir.

☐ ...[1]

☐ Njóti framkvæmdir framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu.

☐ Um ákvörðun lána skal stjórn deildarinnar hafa hliðsjón af því, hve mikil önnur veðlán hvíla á eigninni, og skal eigi veita lán, ef ástæða er til að ætla, að búrekstur á jörðinni fái ekki staðið undir auknum lánum, og ekki heldur þegar um er að ræða framkvæmdir á býlum, sem eru innan þéttbýlismarka, ef fyrirsjáanlegt þykir, að ekki verði þar um framtíðarbúrekstur að ræða.

☐ Lán til húsa er heimilt að veita í áföngum, eftir að hús eru fokheld.][2]

[1] *L. 60/1978, 3. gr.* [2] *L. 68/1973, 1. gr.*

■ **7. gr.** [Lán má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Stofnlánadeildarinnar eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim, sem Stofnlánadeildin fær. Ef umbætur þær, sem lán eru veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættrar.

2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðaréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem sláturhús, mjólkurvinnslustöðvar, verkstæði o. þ. h.

3. Gegn veði í þeim vélum, sem keyptar eru.

4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóvember 1887.

☐ [Tryggingar þær, sem taldar eru undir 1. tölul., skulu fullgildar einar saman ef um er að ræða lán til jarðakaupa, ræktunar eða byggingar íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa á lögbýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja, véla, gróðurhúsa og bústofnsauka skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar skv. 2. – 4. tölul., styrkt með fasteignaveði eða einfaldri ábyrgð sveitarfélags ef nauðsynlegt þykir.][1]

☐ Hús og vélar eru því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Stofnlánadeild, að vátryggð séu í vátryggingarstofnun, sem deildin tekur gilda.][2]

[1] *L. 108/1988, 34. gr.* [2] *L. 68/1973, 1. gr.*

1971 Nr. 45 16. apríl

■ **8. gr.** [Lánstími skal vera 5 – 25 ár, eftir því til hvers lánað er.

☐ Lán til nýrra bygginga og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnskaupa og annars þess, sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5 – 12 ár. Skal nánar kveðið á í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hverrar tegundar lána.

☐ Heimilt er, að lán til húsbygginga séu höfð afborgunarlaus fyrstu 2 árin, þegar sérstaklega stendur á.

☐ Lánin skulu endurgreidd með jöfnum ársgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.][1]

[1] *L. 60/1978, 4. gr.*

■ **9. gr.** [Ríkisstjórnin ákveður, að fengnu áliti stjórnar Seðlabanka Íslands og stjórnar Stofnlánadeildarinnar, vexti af lánum deildarinnar, sbr. lög nr. 4/1960, um efnahagsmál. Vextir af lánum til byggingar íbúðarhúsa skulu þó að minnsta kosti vera ½% lægri en af almennum lánum deildarinnar.

☐ Heimilt er að hafa mismunandi háa vexti af lánum til sömu framkvæmdar, sbr. ákvæði 6. gr. Þá er heimilt að ákveða vexti af lánum til vinnslustöðva, verkstæða og annarra slíkra framkvæmda hærri en af almennum lánum.][1]

[1] *L. 68/1973, 1. gr.*

■ **10. gr.** [Heimilt er Búnaðarbanka Íslands vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í samræmi við ákvörðun Alþingis í framkvæmdaáætlun hverju sinni.

☐ Eigi er Stofnlánadeild landbúnaðarins heimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengisákvæði. Sama máli gegnir um verðtryggt innlent lánsfé, enda gangi slík lán til vinnslustöðva, vélakaupa og bygginga, sem reistar eru til sameiginlegra þarfa bændasamtakanna.][1]

[1] *L. 68/1973, 1. gr.*

■ **11. gr.** [Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Stofnlánadeildar landbúnaðarins og greiðir þær, ef eignir og tekjur hennar hrökkva ekki til.][1]

[1] *L. 68/1973, 1. gr.*

■ **12. gr.** [Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt að yfirtaka allar eignir og skuldir og öll réttindi og skyldur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands vegna breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán árin 1962 til 1985. Stofnlánadeildin skal þó ekki yfirtaka hærri skuldir frá veðdeild Búnaðarbanka Íslands en sem svarar verðmæti og greiðslukjörum (vextir, verðtrygging, gjaldmiðlar) þeirra bankavaxtabréfa sem Stofnlánadeildin eignast.

☐ Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt að gefa út bankavaxtabréf sem skulu notuð til að skuldbreyta eldri lánum veðdeildar Búnaðarbankans vegna lausaskulda bænda sem veitt voru skv. lögum nr. 15/1962, 31/1969, 33/1979 og 12/1984 og enn fremur til að veita ný slík lán framvegis ef til kemur.

☐ Ákvæði laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skulu gilda eftir því sem við getur átt um útgáfu bankavaxtabréfa Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. þessari grein auk ákvæða laga nr. 15/1962, 31/1969, 33/1979 og 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, að því breyttu að Stofnlánadeildin komi þar í stað veðdeildar Búnaðarbankans.

□ Ákvæði laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, gilda um allar lánveitingar og lánskjör á lánum vegna lausaskulda bænda.][1]

[1] *L. 37/1986, 2. gr.*

■ **13. gr.** [Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Stofnlánadeild landbúnaðarins fallnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.

2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef deildinni hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskiptin.

3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi deildarinnar.

4. Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, sem veðsettar eru deildinni.][1]

[1] *L. 68/1973, 1. gr.*

■ **14. gr.** [Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Stofnlánadeild landbúnaðarins heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr.,[1] eða láta leggja deildinni það út til eignar, ef þörf krefur.][2]

[1] *Sjá nú l. 68/1984, 39. gr.* [2] *L. 68/1973, 1. gr.*

■ **15. gr.** [Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Stofnlánadeild landbúnaðarins, og skal stjórn hennar gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.][1]

[1] *L. 68/1973, 1. gr.*

■ **16. gr.** [Stofnlánadeild landbúnaðarins er undanþegin öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.][1]

[1] *L. 68/1973, 1. gr.*

■ **17. gr.** [Stofnlánadeild landbúnaðarins greiðir Lífeyrissjóði bænda til ársloka 1985[1] fé til lífeyrisgreiðslna samkv. 17. gr. og 18. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda,[2] er nemur 37,5% árlegra lífeyrisgreiðslna.

□ Einnig greiðir deildin Lífeyrissjóði bænda framlag samkvæmt 6. gr. þeirra laga í eitt ár í senn, ef árlegar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir árlegum útgjöldum hans, enda á Stofnlánadeildin rétt á lánum, er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans.][3]

[1] *Nú 1989, sbr. l. 50/1984, 19. gr., sbr. l. 20/1985, 2. gr.* [2] *Sjá l. 50/1984.* [3] *L. 68/1973, 1. gr.*

■ **18. gr.** [Setja má með reglugerð[1] nánari ákvæði um starfsemi Stofnlánadeildarinnar, m. a. um tilhögun á innheimtu álags á landbúnaðarvörur samkvæmt 4. gr., enda brjóti sú reglugerð ekki í bága við nein ákvæði í lögum.][2]

[1] *Rg. 627/1982 (um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins).* [2] *L. 68/1973, 1. gr.*

**[II. kafli. Um Tryggingasjóð fiskeldislána.][1]**

[1] *L. 3/1989, 1. gr.*

■ **[19. – 23. gr.][1]** ...[2]

[1] *L. 3/1989, 1. gr.* [2] *L. 17/1990, 8. gr.*

**[III. kafli.][1] Um varmaveitu á sveitabýlum, notkun jarðhita til heyþurrkunar, grænfóðurverksmiðjur o. fl.**

[1] *L. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.*

■ **[24. gr.][1]** Landnámsstjórn skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands láta gera áætlun, eins fljótt og við verður komið, um hversu margar grænfóðurverksmiðjur sé eðlilegt að stofna í landinu, og gera tillögur um staðarval.

□ Áætlun þessi skal lögð fyrir landbúnaðarráðherra, sem tekur endanlega ákvörðun um stofnun og staðarval, svo og um skipun stjórnar. Hver verksmiðja, sem stofnuð er á vegum Landnáms ríkisins, skal hafa þriggja manna stjórn. Tveir skulu vera úr heimabyggð, en landnámsstjóri eða fulltrúi hans þriðji maður og sé hann formaður.

[1] *L. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.*

■ **[25. gr.][1]** Eftir að ákveðið er að koma upp grænfóðurverksmiðju samkvæmt 55. gr.,[2] lætur landnámsstjóri gera framkvæmda- og kostnaðaráætlanir og leggur þær fyrir landnámsstjórn.

□ Landnámsstjóri hefur umsjón með framkvæmdum.

[1] *L. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.* [2] *Nú 24. gr., sbr. l. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.*

■ **[26. gr.][1]** Þegar grænfóðurverksmiðja er fullgerð og tilbúin að hefja vinnslu, tekur viðkomandi stjórn við verksmiðjunni, ræður starfsfólk og hefur umsjón með rekstrinum. Skrifstofa Landnáms ríkisins aðstoðar við bókhald og annast uppgjör reikninga.

[1] *L. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.*

■ **[27. gr.][1]** Hver grænfóðurverksmiðja skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki og að því stefnt, að reksturinn standi undir öllum kostnaði, þar á meðal afskriftum og vöxtum af fjármagnskostnaði, og að framleiðslan verði samkeppnisfær um verð og gæði miðað við annað fóður.

[1] *L. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.*

■ **[28. gr.][1]** Heimilt er, eftir nánari ákvörðun landnámsstjórnar og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að greiða stofnframlög til grænfóðurverksmiðja, sem byggðar eru af félagssamtökum bænda, enda falli slíkar verksmiðjur undir ákvæði 1. málsgr. 55. gr.[2]

[1] *L. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.* [2] *Nú 24. gr., sbr. l. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.*

■ **[29. gr.][1]** Grænfóðurverksmiðjur þær, sem nú þegar hafa verið stofnsettar, falla undir lög þessi.

[1] *L. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.*

**[IV. kafli.][1] Um Byggingastofnun landbúnaðarins.**

...[2]

[1] *L. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.* [2] *L. 41/1990, 8. gr.*

**[V. kafli.][1] Um viðhaldsskyldu o. fl.**

[1] *L. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.*

■ **[38. gr.][1]** Skylt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Stofnlánadeild, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Byggingafulltrúar skulu fylgjast með viðhaldi bygginga, eftir því sem við verður komið, og tilkynna stjórn deildarinnar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Getur þá stjórnin gert viðeigandi ráðstafanir.

[1] *L. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.*

**[VI. kafli.][1] Ýmis ákvæði.**

[1] *L. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.*

■ **[39. gr.][1]** Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd þessara laga.[2]

[1] *L. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.* [2] *Rg. 25/1950 (um framkv. laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum).*

1971 Nr. 45 16. apríl

**1971** Nr. 45 16. apríl

■ **[40. gr.]**[1] Um endurskoðun Stofnlánadeildar landbúnaðarins, starfsskýrslur o. fl. fer eins og mælt er fyrir um í lögum nr. 115 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.[2]

[1] *L. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.* [2] *Sjá nú l. 86/1985 og l. 34/1979.*

■ **[41. gr.]**[1] **Ákvæði til bráðabirgða:** Heimilt er Landnámi ríkisins að greiða á árinu 1972 framlög samkvæmt lögum þessum vegna framkvæmda, sem teknar eru út á árinu 1971.

[1] *L. 90/1984, 14. gr., sbr. l. 3/1989, 1. gr.*

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Lög nr. 45 frá 16. apríl 1971 skulu endurskoðuð í heild og skal endurskoðun þeirra lokið fyrir árslok 1984.][1]

[1] *L. 41/1982.*

**1940** Nr. 104 14. maí

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi.

■ **1. gr.** Til að undirbúa stofnun nýbýla eða nýbýlahverfa er ríkisstjórninni heimilt að kaupa:

a. Jarðirnar Hvamm og Kirkjuferju með hjáleigu, eða hluta úr þessum jörðum.

b. Afnotarétt af jörðinni Hvoli í Ölfushreppi eða hluta úr henni.

■ **2. gr.** Ef ekki semst við eigendur um kaupverðið, er ríkisstjórninni heimilt að taka eignarnámi jarðir þær og afnotaréttindi, er um getur í 1. gr. Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.[1]

[1] *Nú l. 11/1973.*

**1990** Nr. 41 15. maí

## Lög um Búnaðarmálasjóð.

■ **1. gr.** Greiða skal gjald af vöru og leigusölu í landbúnaði sem rennur í sérstakan sjóð er nefnist Búnaðarmálasjóður. Gjald þetta, sem nefnt er búnaðarmálasjóðsgjald, skal reikna sem hlutfall af þeirri upphæð sem framleiðendum er greidd á hverjum tíma.

■ **2. gr.** Gjaldskyld vöru- og leigusala skiptist á eftirfarandi hátt:

A. Greiða skal allt að 0,75% gjald af:
  a. alifuglarækt,
  b. svínarækt.

B. Greiða skal allt að 1,5% gjald af:
  a. nautgripaafurðum,
  b. sauðfjárafurðum,
  c. afurðum hrossa,
  d. garð- og gróðurhúsaafurðum hvers konar,
  e. loðdýraafurðum.
  f. Með reglugerð skal ákveða, eftir því sem ástæða þykir til, gjald af sölu útfluttra lífgripa, skógarafurðum, hlunnindum, hestaleigu, annarri leigu, þjónustu eða söluvöru í landbúnaði.

■ **3. gr.** Búnaðarmálasjóðsgjald það, sem um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim sem kaupa eða taka við vörunum frá framleiðendum sem milliliður að smásöludreifingu og dregst við útborgun afurðaverðs frá því sem framleiðandanum er greitt. Þeir framleiðendur, sem selja vöru sína án milliliða til neytenda eða til smásöluaðila, skulu standa skil á gjaldinu. Sá hluti búnaðarmálasjóðsgjalds er rennur til Stéttarsambands bænda og búgreinafélaga skal ekki teljast til framleiðslukostnaðar við opinbera verðákvörðun.

□ Skylt er viðskiptaaðilum og framleiðendum, sem greiðsluskyldir eru hverju sinni fyrir gjaldi þessu, að gefa innheimtuaðila skýrslu um móttekið vörumagn og verð fyrir það til framleiðanda svo sem reglugerð mælir fyrir um.

■ **4. gr.** Tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sem innheimt er skv. 1. gr. og A- og B-liðum 2. gr., skal skipt þannig:

| | Greiðsla af A-flokki skv. 2. gr. | Greiðsla af B-flokki skv. 2. gr. |
|---|---|---|
| Til Stéttarsambands bænda . . . . . | 0,100% | 0,250% |
| Til búnaðarsambanda . . . . . | 0,250% | 0,500% |
| Til búgreinafélaga . . . . . | 0,075% | 0,075% |
| Til Búnaðarfélags Íslands . . . . . | 0,025% | 0,075% |
| Til Stofnlánadeildar landbúnaðarins . . . . . | 0,100% | 0,200% |
| Til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, sbr. lög nr. 32/1979 . . | 0,200% | 0,400% |

□ Landbúnaðarráðherra er heimilt að fenginni beiðni frá Stéttarsambandi bænda fyrir hönd búgreinafélags að fella niður eða endurgreiða gjald til félagsins að hluta eða öllu leyti. Óski búgreinafélag að nýta sér þessa heimild skal um það tekin ákvörðun á aðalfundi þess og skal hún hafa borist landbúnaðarráðherra eigi síðar en 1. september ár hvert.

□ Landbúnaðarráðherra er heimilt að fenginni beiðni frá Stéttarsambandi bænda að fella niður innheimtu á gjaldi til forfalla- og afleysingarþjónustu í sveitum vegna einstakra búgreina enda falli þá niður réttur búgreinarinnar til forfallaþjónustu.

■ **5. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 2. og 4. gr. laganna getur landbúnaðarráðherra heimilað búgreinafélagi annarra greina en sauðfjár- og nautgriparæktar að innheimta allt að 1,0% gjald í stað 0,075% skv. 4. gr., enda liggi fyrir meirihlutasamþykkt viðkomandi búgreinafélags og samþykki Stéttarsambands bænda. Ákvörðun þessi gildi til eins árs í senn.

■ **6. gr.** Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga um Bjargráðasjóð, nr. 51 27. maí 1972, getur stjórn Bjargráðasjóðs undanþegið framleiðsluvörur einstakra búgreina greiðsluskyldu að hluta eða öllu leyti. Komi fram beiðni um slíkt frá Stéttarsambandi bænda er stjórninni skylt að verða við því.

■ **7. gr.** Ráðherra setur í reglugerð[1] nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjaldanna skv. áætlun og annað er lög þessi varðar, að fengnum tillögum Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem annast innheimtu gjaldsins.

□ Gjald þetta má taka lögtaki.

[1] *Rg. 631/1982. Sett skv. eldri lögum.*

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. september 1990. Frá sama tíma falla úr gildi eftirfarandi lög og lagaákvæði:

a. Lög um búnaðarmálasjóð, nr. 40 7. maí 1982.

b. 2. tölul. 4. gr. laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 16. apríl 1971, sbr. breytingu með lögum nr. 41/1982.

c. XII. kafli laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 16. apríl 1971.

**1990**
Nr. 41
15. maí

d. 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32 29. maí 1979, um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** Vegna þeirra breytinga, sem verða á tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins með lögum þessum, skulu verkefni Byggingastofnunar landbúnaðarins, eins og þau eru skilgreind í XII. kafla laga nr. 45/1971, önnur en þau sem um getur í a-lið 67. gr., færast frá Stofnlánadeild landbúnaðarins. Skulu þjónustuverkefni færast til Búnaðarfélags Íslands en rannsóknaverkefni til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, eftir því sem við getur átt.

■ **II.** Þar til fram hefur farið endurskoðun á lögum nr. 32/1979, um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, skal yfirstjórn forfallaþjónustunnar falin þriggja manna stjórn. Skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Stéttarsambandi bænda og einn af búnaðarsamböndunum sameiginlega.

■ **III.** Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal Stofnlánadeild landbúnaðarins halda tekjum eins og orðið hefðu að óbreyttum lögum til 30. nóvember 1990. Skal Búnaðarmálasjóður því greiða Stofnlánadeild þær tekjur sem ella hefðu runnið þangað mánuðina september, október og nóvember 1990.

## 1966 Lög um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Nr. 89
17. des.

■ **1. gr.** Stofna skal sjóð, er nefnist Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Hlutverk sjóðsins skal vera það að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma.

□ Lán og styrki úr sjóðnum má meðal annars veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Við styrkveitingar til einstakra bænda skal að öðru jöfnu taka tillit til efnahags þeirra.

■ **2. gr.** [Stjórn Framleiðnisjóðs skal skipuð 5 mönnum, er landbúnaðarráðherra skipar til 4 ára í senn. Skal einn vera skipaður eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda, einn eftir tilnefningu stjórnar Búnaðarbanka Íslands og einn eftir tilnefningu stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ráðherra skipar formann án tilnefningar.][1)]

[1)] *L. 77/1972, 1. gr.*

■ **3. gr.** Stjórn Framleiðnisjóðs úthlutar lánum og styrkjum úr sjóðnum. ...[1)]

□ Um hver áramót skal stjórn Framleiðnisjóðs láta landbúnaðarráðherra í té skýrslu yfir störf sín og fjárveitingar úr sjóðnum á liðnu ári. Jafnframt skal sjóðsstjórnin senda landbúnaðarráðherra til athugunar fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir komandi ár og greinargerð um þau meginverkefni, er að kalla.

□ Við afgreiðslu þeirra mála, sem falla undir verksvið Framleiðnisjóðs, er stjórninni heimilt að leita aðstoðar opinberra stofnana og hvers þess aðila, sem hefur sérþekkingu til að bera á þeim málum.

[1)] *L. 13/1971, 1. gr.*

■ **4. gr.** Stofnframlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal vera 50 millj. krónur.

□ Af stofnframlaginu greiðast 20 millj. krónur á árinu 1966 og skal stjórn Framleiðnisjóðs ráðstafa þeirri fjárhæð, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna endurbóta, sem gerðar hafa verið á árinu 1966. Eftirstöðvarnar, 30 millj. krónur, skulu greiðast með jöfnum árlegum greiðslum á árunum 1967 – 1969.

□ [Á árunum 1972 – 1976 skulu greiddar úr ríkissjóði til framleiðnisjóðs kr. 50 milljónir, kr. 10 milljónir hvert ár.][1)]

[1)] *L. 13/1971, 2. gr.*

**1966**
Nr. 89
17. des.

■ **5. gr.** Búnaðarbanki Íslands hefur umsjón með Framleiðnisjóði, sér um bókhald hans og rekstur, eftir nánara samkomulagi við sjóðsstjórnina.

□ Framleiðnisjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Allar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, skulu undanþegnar stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

□ Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Framleiðnisjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

□ Stjórn sjóðsins semur um þóknun til Búnaðarbankans fyrir störf hans í þágu sjóðsins.

■ **6. gr.** Um endurskoðun og bókhald Framleiðnisjóðs fer eftir lögum nr. 115 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands,[1)] og reglugerð hans.

□ Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn hans til staðfestingar.

□ Reikningar Framleiðnisjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindunum.

[1)] *Nú l. 86/1985 og 34/1979.*

■ **7. gr.** Stjórn Framleiðnisjóðs ákveður vexti af lánum og önnur lánskjör, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

## Jarðræktarlög.

**1987**
Nr. 56
30. mars

### I. kafli. Um yfirstjórn.

■ **1. gr.** Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn allra ræktunarmála og jarðabóta sem lög þessi taka til.

■ **2. gr.** Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af þriggja manna stjórn og kosin er af búnaðarþingi, hefur á hendi umsjón með framkvæmd ræktunarmála og jarðabóta samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarrétt og kjörgengi til búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

■ **3. gr.** Hver sá, sem stundar búskap á lögbýli og búvöruframleiðslu til sölu á almennum markaði, á rétt til að vera félagsmaður í búnaðarfélagi. Í hverju sveitarfélagi þar sem búvöruframleiðsla er stunduð skal vera starfandi búnaðarfélag og starfssvæði þess að jafnaði miðað við viðkomandi sveitarfélag, enda séu fullgildir félagsmenn ekki færri en sex að tölu.

□ Verði fullgildir félagar í búnaðarfélagi fimm eða færri skal búnaðarfélagið sameinast búnaðarfélagi nærliggjandi sveitar eftir tillögum hlutaðeigandi búnaðarsambands.

☐ Heimilt er þó að einstakir menn séu í búnaðarfélagi annars sveitarfélags ef sérstakar landfræðilegar ástæður eru fyrir hendi og enn fremur að búnaðarfélag nái yfir tvö sveitarfélög eða fleiri þar sem það þykir henta. Fyrir slíkum frávikum og breytingum á starfssvæðum búnaðarfélaga þarf samþykki Búnaðarfélags Íslands.

☐ Heimilt er að halda félagsvæði búnaðarfélags óbreyttu þótt skipan sveitarfélaga breytist.

☐ Búnaðarfélögum er skylt að vera í búnaðarsambandi hlutaðeigandi héraðs. Stjórnum búnaðarfélaga er skylt að halda skýrslur og reikninga eftir því sem stjórnir Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi búnaðarsambands ákveða. Búnaðarsamböndin skulu árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðabætur innan sambandssvæða sinna ásamt afriti af ársreikningum sínum. Um skipan búnaðarfélaga og búnaðarsambanda fer að öðru leyti eins og segir í lögum Búnaðarfélags Íslands.

■ **4. gr.** Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð ráðunauta félagsins, héraðsráðunauta búnaðarsambandanna og sérstakra trúnaðarmanna þessara samtaka.

☐ Ráðunautar Búnaðarfélags Íslands eru stjórn þess og búnaðarmálastjóra til ráðuneytis hver á sínu sviði og veita forustu leiðbeiningarþjónustu í þeim greinum sem lög þessi taka til.

■ **5. gr.** Héraðsráðunautar skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði. Með sama skilorði er tveimur eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að ráða til sín ráðunauta til sameiginlegra starfa.

☐ Héraðsráðunautar hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum og öðrum jarðabótum hver á sínu starfssvæði í þeim greinum sem lög þessi taka til. Þeir skulu árlega skila skýrslu um störf sín til þeirra búnaðarsambanda er þeir starfa fyrir. Heimilt er að fela sama héraðsráðunaut að gegna starfi í fleiri en einni grein leiðbeiningarþjónustunnar. Þá er heimilt að fela héraðsráðunaut framkvæmdastjórn búnaðarsambands.

☐ Þar sem héraðsráðunautar að dómi Búnaðarfélags Íslands komast ekki yfir verkefni sín, svo sem úttekt jarðabóta, er heimilt að ráða sérstaka trúnaðarmenn, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör.

■ **6. gr.** Héraðsráðunautar skulu hafa lokið kandídatsprófi (B.S.-prófi) í búvísindum frá búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri eða hliðstæðu námi við erlenda landbúnaðarháskóla. Ráðunautar Búnaðarfélags Íslands skulu auk þeirrar menntunar hafa lokið sérnámi á starfssviði sínu eða hafa starfsreynslu sem stjórn Búnaðarfélags Íslands metur jafngilda. Trúnaðarmenn skulu hafa lokið búfræðiprófi frá búnaðarskóla, garðyrkjuprófi frá Garðyrkjuskóla ríkisins eða annarri menntun í landbúnaði sem stjórn Búnaðarfélags Íslands metur jafngilda.

■ **7. gr.** [Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi er landbúnaðarráðherra samþykkir.

☐ Skilyrði þess að framkvæmd njóti framlags samkvæmt lögum þessum er að umsókn þar um ásamt framkvæmdaáætlun, sem samþykkt er af héraðsráðunaut, sé lögð inn hjá Búnaðarfélagi Íslands á árinu áður en verkið skal hafið. Búnaðarfélag Íslands áætlar fjárþörf vegna jarðræktarframlaga að þeim umsóknum fengnum og gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um fjárveitingar næsta árs áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi. Þegar fjárlög hafa verið samþykkt skal Búnaðarfélag Íslands tilkynna bændum bréflega hvaða framkvæmdir á jörðum þeirra muni njóta framlags á árinu. Framlög skulu greidd svo fljótt sem við verður komið eftir að úttekt lýkur. Hafi greiðsla vegna samþykktra framkvæmda eigi farið fram fyrir 1. nóvember á úttektarári skal framlag taka hækkunum mánaðarlega frá þeim tíma samkvæmt byggingarvísitölu. Framlög til grænfóðurræktar, kölkunar og endurræktunar, sem jarðræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands metur nauðsynleg vegna kals eða annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda, skulu greidd í byrjun næsta árs eftir framkvæmd þótt ekki hafi verið sótt um þau fyrir fram. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð tímamörk vegna umsókna, tilkynninga um væntanleg framlög og úttekta.

☐ Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndum 65% af launum héraðsráðunauta og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launagreiðslum fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiðir allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta og trúnaðarmanna samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.][1]

[1] *L. 65/1989, 1. gr.*

■ **8. gr.** Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt lögum þessum, skal vera fullgildur félagsmaður í búnaðarfélagi, sbr. 3. gr. Ákvæði þessara laga um ríkisframlög til jarðabóta ná til allra jarðeigna í landinu sem teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, með síðari breytingum, að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum sem liggja innan skipulagssvæða sveitarfélaga og ætluð eru til annars en landbúnaðar.

☐ Þar sem framræsla votlendis getur leitt til þess að land breyti varanlega um svip eða að merkum náttúruminjum verði raskað er skylt að hafa sérstaklega hliðsjón af lögum um náttúruvernd, nr. 47 16. apríl 1971.

☐ Framlög eru ekki veitt til jarðræktar og húsabóta á lögbýlum sem eigi hafa verið setin tvö ár eða lengur næst á undan framkvæmdaári eða nytjuð frá öðrum lögbýlum, nema fyrir liggi heimild til bústofnunar þar samkvæmt jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

■ **9. gr.** Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land til almennra þarfa og skal þá ávallt leitað umsagnar héraðsráðunautar um þá ráðstöfun.

☐ Ræktað land í lögum þessum telst vera: tún, matjurtagarðar, akrar og engi og/eða beitilönd sem verulegar landbætur hafa orðið á við framræslu og/eða áburð og liggja utan skipulags byggingarlóða sveitarfélaga.

☐ Þegar vegir og veitur hvers konar eru lagðar um ræktað land eða ræktanlegt skal þess ávallt gætt að skerða ræktun og ræktunarmöguleika sem minnst. Þess skal gætt að verkið valdi sem minnstum óþægindum við nýtingu landsins. Þeim sem fyrir verkum standa ber að

leita álits héraðsráðunautar um þetta efni áður en í framkvæmd er ráðist og að hafa samráð við hann um framkvæmd verka.

□ Þeir sem standa fyrir mannvirkjagerð, svo sem vegagerð og veitulögnum, skulu enn fremur haga verkum sínum svo að af þeim leiði ekki eyðingarhættu vegna jarðrasks, landbrots eða því um líks. Þeir skulu lagfæra yfirborð landsins og skila því fullgræddu.

**II. kafli. Um ríkisframlag til jarðabóta.**

■ **10. gr.** [Til jarðabóta, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:

**I. Til undirbúnings ræktunar.**

a. Framræsla vegna endurræktunar, þar með talið vélgrafnir skurðir, plógræsi, hreinsun, sprenging berghafta og dýpkun skurða, 60% kostnaðar.

Heildarframlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki svara til 2,0 millj. $m^3$ skurðgraftar og 500 km plógræslu á ári hverju. Búnaðarfélag Íslands gerir áætlun um framræslu vegna endurræktunar samkvæmt könnun héraðsráðunauta á framræsluþörf á einstökum búnaðarsambandssvæðum. Heimilt er að veita framlög til framræslu á óunnu landi þar sem sérstakar ástæður mæla með og Búnaðarfélag Íslands hefur samþykkt. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð ákvæði um undirbúning framkvæmda, útboð þeirra, svo og umsjón og eftirlit með þeim.

b. Lokræsi með pípum í ræktuðu landi, 110 kr. á m.

**II. Til jarðræktar.**

a. Ræktun á mýrlendi, 25 700 kr. á ha.

Ræktun á þurrlendi, 17 600 kr. á ha.

Heimilt er að veita framlag til nýræktar í stað endurræktunar þar sem sérstakar ástæður mæla með og Búnaðarfélag Íslands hefur samþykkt. Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum lið skal að hámarki svara til 2000 ha.

b. Korn- og fræakrar, fyrsta ræktunarár, 10 800 kr. á ha.

Korn- og fræakrar, síðari ræktunarár, 8800 kr. á ha.

Framlag samkvæmt þessum staflið er ekki greitt til kornræktar grænfóðurverksmiðja.

c. Grænfóðurrækt, 8800 kr. á ha.

Framlag samkvæmt þessum staflið er bundið því að um sé að ræða grænfóðurræktun til þess að bæta úr fóðurskorti vegna kals og annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda. Enn fremur er framlagið bundið því að ræktunarþörfin hafi verið metin og viðurkennd af jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands áður en í framkvæmdir er ráðist hverju sinni.

**III. Til áburðargeymslna.**

Áburðarhús og áburðarkjallarar að hámarki, 730 kr. á $m^3$.

Heimilt er að greiða sambærileg framlög til áburðargeymslna eftir öðrum viðmiðunum en rúmmetrafjölda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

**IV. Til hey- og garðávaxtageymslna, svo og annarra geymsluhúsa.**

a. Votheyshlöður, 815 kr. á $m^3$.

b. Heyhlöður með súgþurrkunarkerfi, 1215 kr. á $m^2$.

Ákvæði til bráðabirgða:

Framlag að upphæð 415 kr. á $m^2$ skal greiða vegna súgþurrkunarkerfa sem upp er komið í eldri hlöðum á árinu 1989.

c. Súgþurrkunarblásari með aflvél, kælivél í garðávaxtageymslu, losunarbúnaður í flatgryfju og rafstrengur sem lagður er sérstaklega í þessu skyni, framlag 35% af verði tækja og búnaðar.

d. Garðávaxtageymslur með viðeigandi loftræstibúnaði, 1215 kr. á $m^2$.

e. Geymsluhús (rúllubaggar og verkfæri), 400 kr. á $m^2$.

**V. Til vatnsveitna vegna heimilis- og búsþarfa.**

44% kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Fiskeldisbú skulu njóta fyrrgreinds framlags uppfylli eigendur þeirra skilyrði 8. gr. þessara laga.

**VI. Til kölkunar túna.**

Þar sem rannsóknir hafa, að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, sýnt að kölkunar sé þörf er heimilt að greiða 44% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks eins og það er á hafnarstað, að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til bónda. Skilyrði er að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans og skal við það miðað að hún nægi til a. m. k. fimm ára.

**VII. Til uppeldishúsa á garðyrkjubýlum.**

a. Til byggingar uppeldishúsa með lýsibúnaði: Framlag 2550 kr. á $m^2$, allt að 200 $m^2$ að flatarmáli á býli.

b. Til lýsingar í gróðurhúsum: Framlag 600 kr. á $m^2$, allt að 510 $m^2$ að flatarmáli á býli.

c. Til kolsýrugjafar í gróðurhúsum: 35% af verði tækja og búnaðar.

**VIII. Til loðdýrabygginga.**

Framlag nemi 26% af áætluðu kostnaðarverði þessara bygginga, allt að 600 $m^2$ að flatarmáli á býli.

**IX. Til ræktunar skjólbelta.**

Framlag nemi 66% af framlögðum kostnaði samþykktum af Búnaðarfélagi Íslands og 44% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar.

**X. Til sérstakra verkefna.**

Á árunum 1989 til 1991 skal árlega greiða framlag úr ríkissjóði til þess að meta þörf fyrir jarðabætur á einstökum bújörðum sem framlags geta notið samkvæmt lögum þessum og til áætlanagerðar um slíkar framkvæmdir.

Árleg framlög skulu að upphæð jafngilda 2,5% af heildarframlagi til jarðabóta skv. I. – IX. tölulið þessarar greinar viðkomandi ár. Ráðherra ákveður með reglugerð ráðstöfun þessa fjár að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.][1)]

[1)] *L. 65/1989, 2. gr.*

■ **11. gr.** Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, þau skilyrði sem jarðabætur skv. 10. gr. þurfa að uppfylla til þess að heimilt sé að taka þær út og greiða framlag til þeirra. Þá getur ráðherra, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands, stjórnar Stéttarsambands bænda og stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sett stærðarmörk á framkvæmdir sem framlags geta notið skv. 10. gr.

■ **12. gr.** [Á framlög, sem ákveðin eru í 10. gr. þessara laga, skal greiða verðuppbót samkvæmt vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1988. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll þessarar vísitölu í samráði við Búnaðarfélag Íslands, Byggingarstofnun landbúnaðarins og landbúnaðarráðu-

**1987** Nr. 56 30. mars

neytið. Hagstofa Íslands reiknar vísitöluna miðað við meðalkostnað hvers árs. Fyrirmæli fyrri málsliða þessarar greinar gilda um greiðslu verðlagsuppbóta á framlög til framkvæmda frá og með árinu 1989.

□ Af jarðabótaframlögum þeim, sem talin eru í 10. gr., skulu 4% renna til hlutaðeigandi búnaðarsambands og 2% til búnaðarfélags jarðabótamanns. Af framlögum til loðdýrabygginga skal þó aðeins greiða 4% til búnaðarsambands.][1)]

[1)] *L. 65/1989, 3. gr.*

■ **13. gr.** Búnaðarfélag Íslands skal halda skrá yfir jarðabætur á lögbýlum og framlög til þeirra samkvæmt lögum þessum.

■ **14. gr.** Búnaðarfélagi Íslands er heimilt að taka gjald fyrir sérstök og umfangsmikil þjónustuverkefni sem unnin eru fyrir einstaka bændur eða aðra aðila og flokkast ekki undir almennar leiðbeiningar.

□ Landbúnaðarráðherra ákveður gjaldskrá vegna þessara verkefna, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

■ **15. gr.** Til þess að ná sem næst jöfnunarverði á framræslu með opnum skurðum um land allt skal Búnaðarfélag Íslands halda eftir ákveðnu gjaldi af framlagi til framræslu skv. a- og b-liðum I. liðar 10. gr. Verðjöfnunargjald þetta má að hámarki nema 3% af meðalkostnaði við framræsluna. Verðjöfnunargjaldið skal nota til þess að greiða niður kostnað við framræslu þar sem hann vegna óhagstæðrar aðstöðu er meiri en meðalkostnaður, enda teljist framræslan nauðsynleg jarðabót að mati Búnaðarfélags Íslands. Landbúnaðarráðherra ákveður árlega fyrir 1. maí, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, upphæð verðjöfnunargjalds vegna framræslu það ár, meðferð þess og ráðstöfun.

■ **16. gr.** Hafi jarðabætur, sem framlags geta notið samkvæmt lögum þessum, verið unnar af búnaðar- eða ræktunarsamböndum, er Búnaðarfélagi Íslands heimilt að halda eftir af jarðabótaframlögum upphæð til greiðslu á vinnuskuldum, enda hafi borist um það krafa frá stjórn viðkomandi sambands.

**III. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **17. gr.** Þyki héraðsráðunaut eða trúnaðarmanni að jarðabótaframkvæmd sé ekki í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerðir samkvæmt þeim hefur hann rétt til að neita úttekt og þá um leið framlagi til hennar. Ágreiningi, sem upp kann að koma þessa efnis, skal skotið til Búnaðarfélags Íslands sem sker úr honum. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er rétt að leita úrskurðar landbúnaðarráðherra í þeim málum sem hún telur orka tvímælis.

■ **18. gr.** Sá sem segir héraðsráðunaut, trúnaðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. kafla eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því er verulegu máli skiptir skal sæta sektum frá 10 000 – 100 000 kr., og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni má þyngja refsinguna um helming.

□ Brjóti héraðsráðunautur, trúnaðarmaður eða starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerða samkvæmt þeim skal hann sæta sömu refsingu er að ofan getur nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið að hætti opinberra mála.

■ **19. gr.** Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.[1)]

[1)] *Rg. 344/1985, um jarðrækt.*

■ **20. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi jarðræktarlög, nr. 79 29. maí 1972, með síðari breytingum, og lög nr. 58 3. nóv. 1915, um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

**1987** Nr. 56 30. mars

## Lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

**1945** Nr. 7 12. jan.

**I. Um jarðræktarsamþykktir.**

■ **1. gr.** Búnaðarsamböndum er heimilt að setja sér samþykkt[1)] um, að sambandið taki að sér ákveðnar jarðræktarframkvæmdir á sambandssvæðinu, til þess að greiða fyrir eflingu jarðræktarinnar og koma til leiðar, að öll heyöflun bænda fari fram á véltæku landi. Jarðræktarframkvæmdir þær, sem hér um ræðir eru:

1. Framræsla.
2. Túnasléttun.
3. Nýrækt.
4. Sléttun engja.

[1)] *T. d. samþ. 289/1968.*

■ **2. gr.** Nú ákveður búnaðarsambandsfundur að koma á jarðræktarsamþykkt fyrir sambandssvæðið, og skal þá stjórn sambandsins semja frumvarp að jarðræktarsamþykkt og senda það formönnum allra hreppabúnaðarfélaga innan sambandsins með tilmælum um, að það verði tekið fyrir á almennum fundi í félaginu, — enn fremur tilkynningu um, að frumvarpið verði tekið til fullnaðarafgreiðslu á næsta aðalfundi sambandsins.

□ Þegar frumvarp að samþykkt hefur fengið áðurgreindan undirbúning og hlotið samþykki meiri hluta hreppabúnaðarfélaga á sambandssvæðinu, skal það lagt fyrir aðalfund sambandsins.

□ Samþykki löglegur aðalfundur frumvarp með að minnsta kosti ⅗ atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda samþykktina Búnaðarfélagi Íslands, er leitar á henni staðfestingar landbúnaðarráðherra.

■ **3. gr.** Nú hefur búnaðarsamband neitað að gera jarðræktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum eða það hefur dregizt eitt ár, eftir að tillaga hefur komið fram um það á sambandsfundi, og skal þá stjórn sambandsins skylt að gera tillögur um skiptingu sambandsins í samþykktarsvæði, enda liggi fyrir kröfur um það frá einu eða fleiri hreppabúnaðarfélögum innan sambandsins.

□ Við skiptinguna skal að því stefnt, þegar um búnaðarsambönd er að ræða, er ná yfir tvö eða fleiri sýslufélög, að hvert sýslufélag geti orðið samþykktarsvæði fyrir sig, eftir því sem unnt er og staðhættir leyfa. Jafnframt skal þess gætt, að ekkert byggðarlag á sambandssvæðinu verði útilokað frá þátttöku í ræktunarsamþykkt, sbr. þó 7. lið 5. gr. Lágmarksstærð samþykktarsvæðisins skal miða við, að nægileg verkefni séu fyrir hendi að dómi Búnaðarfélags Íslands fyrir eina vélasamstæðu um langt árabil og tryggt þyki, að vélarnar verði árlega starfræktar að fullu.

□ Nú hefur sambandsstjórn gert tillögur um skiptingu

sambandsins í samþykktarsvæði eða ræktunarfélög, og skal hún þá leita um þær álits og tillagna Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi búnaðarfélaga. Stjórn sambandsins leggur því næst tillögur sínar ásamt umsögn Búnaðarfélags Íslands fyrir aðalfund sambandsins, sem tekur ákvörðun um skiptinguna. Ályktun sambandsfundar skal send Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar.

□ Nú telur Búnaðarfélag Íslands, að skiptin brjóti í bága við ákvæði laga þessara, og skal það þá synja um staðfestingu á þeim, þar til er bót hefur verið á því ráðin.

□ Þegar skiptin hafa hlotið staðfestingu, getur hvert samþykktarsvæði innan þess sambands, er skiptin ná til, sett sér ræktunarsamþykkt að eigin frumkvæði.

□ Öllum undirbúningi undir þessar samþykktir svo og starfsemi þeirri, sem til er stofnað með þeim, skal haga eftir því, sem við getur átt, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum um samþykktir og starfsemi búnaðarsambanda.

□ Ræktunarfélög þau, er hér um ræðir, skulu velja sérstaka framkvæmdastjórn og starfa undir eftirliti hlutaðeigandi sambands og Búnaðarfélags Íslands.

■ **4. gr.** Í samþykktum skal kveða á um:

1. Verkefni, sem sambandið eða ræktunarfélagið tekur að sér.
2. Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.
3. Hvernig framkvæmdum skuli hagað, þar á meðal, að þeir, er minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, sbr. þó 7. lið 5. gr.
4. Að búnaðarsambandið eða ræktunarfélagið taki þær greiðslur fyrir ræktunarstörfin, að allur kostnaður fáist að fullu greiddur.
5. Fjáröflun og tryggingar fyrir fjárreiðum sambandsins eða ræktunarfélagsins.
6. Reikningshald og endurskoðun.
7. Hvernig samþykkt skuli breytt.
8. Hvernig samþykkt verði felld úr gildi.

□ Nú telur Búnaðarfélag Íslands, að samþykkt brjóti í bága við lög eða reglugerð eða hún fari í bága við tilgang laga þessara, og skal það þá endursenda hana með áritaðri athugasemd og fresta að leggja hana fyrir ráðherra, unz leiðrétting er fengin.

□ Þegar ráðherra hefur staðfest samþykktina, gildir hún upp frá því fyrir alla félagsmenn hreppabúnaðarfélaga á samþykktarsvæðinu, sbr. þó 7. lið 5. gr.

□ Ráðherra skipar fyrir um birtingu samþykktarinnar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

■ **5. gr.** Stjórn sambandsins annast með aðstoð Búnaðarfélags Íslands um eftirgreindar mælingar og athuganir á hverju samþykktarsvæði:

1. Stærð túna.
2. Stærð túnþýfis að flatarmáli á hverri jörð, sbr. bráðabirgðaákvæði jarðræktarlaganna frá 4. júlí 1942.[1)]
3. Ræktunarástand túnanna.
4. Skilyrði til nýræktar.
5. Framræslu á landi jarðarinnar og hvernig hún skuli unnin (vegna túnanna, fyrirhugaðrar nýræktar, engjaræktar og til hagabóta, ef þess er sérstaklega óskað).
6. Skilyrði til að gera engi véltæk eða auka þau.
7. Hvort einhverjar jarðir og þá hverjar falli undir ákvæði II. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning.[1)]

□ Kostnaður við athuganir og mælingar þær, er hér um ræðir, ásamt nauðsynlegri kortagerð greiðist að helmingi úr ríkissjóði, en hinn hlutinn greiðist að jöfnu af Búnaðarfélagi Íslands og hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

[1)] *Nú l. 56/1987.*

1945 Nr. 7 12. jan.

■ **6. gr.** Ræktunarframkvæmdir, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, skulu framkvæmdar eftir fyrirsögn trúnaðarmanns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

□ Ef jarðeigandi eða ábúandi, sé jörðin í leiguábúð, vill ekki hlíta ákvörðun trúnaðarmanns, getur hann skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um tilhögun verksins.

■ **7. gr.** Þegar jörð er í leiguábúð, skal stjórn sambandsins gefa leiguliða kost á að gerast þátttakandi í ræktunarstarfinu samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar að jarðeiganda frágengnum, og fer þá um rétt ábúanda gagnvart jarðeiganda samkvæmt ákvæðum ábúðarlaganna.

■ **8. gr.** Nú hefur ræktunarsamþykkt verið sett samkvæmt lögum þessum, og skal þá [vélanefnd][1)] ríkisins vera stjórn sambandsins eða framkvæmdastjórn samþykktarsvæðis til aðstoðar og leiðbeiningar um kaup og val nauðsynlegra jarðvinnsluvéla og verkfæra vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda.

□ [Vélanefnd][1)] ákveður í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, hve margar vélar af hverri tegund njóti styrks úr framkvæmdasjóði ríkisins á hverju sambands- eða samþykktarsvæði, miðað við eðlilega þörf sambandsins, stærð þess, vélakost og vinnuafköst vélanna.

[1)] *L. 62/1950, 1. gr.*

■ **9. gr.** [Verja skal úr ríkissjóði á næstu 6 árum samtals allt að 6 millj. kr. til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er vélanefnd telur þörf á til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum þessum. Þau ræktunarsambönd og félög skulu sitja fyrir um vélakaup, sem enn hafa ekkert fé fengið úr framkvæmdasjóði til kaupa á nauðsynlegum vélum og verkfærum, og enn fremur þau ræktunarsambönd og félög, er hafa keypt vélar, er reyndust lítt nothæfar fyrir íslenzka staðhætti. Styrkurinn veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum vélum og greiðist jafnóðum og vélarnar eru keyptar.][1)]

[1)] *L. 26/1955, 1. gr.*

■ **10. gr.** [Að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar samþykktarsvæðis ákveður vélanefnd árlega fyrir hvert samþykktarsvæði gjald fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkvæmt lögum þessum. Ber að ákveða gjaldið þannig, að það nægi fyrir öllum venjulegum rekstrarkostnaði, og sé þar með talið hæfilegt viðhalds- og fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til að endurnýja vélar og verkfæri, jafnóðum og þau verða ónothæf. Nú reynist gjaldið of lágt til að standa undir rekstrarkostnaði eitthvert ár, og ber vélanefnd þá að ákveða viðbótargjald fyrir vélanot það ár. Vélanefnd ákveður hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði, og enn fremur ákveður hún fyrningargjaldið. Nú er vél ekki notuð einhvern tíma eða minna en meðalnotkun slíkrar vélar nemur, og er vélanefnd þá heimilt að lækka fyrningargjaldið hlutfallslega.

□ Búnaðarfélag Íslands skal innheimta fyrningargjaldið í lok hvers reikningsárs og leggja það í sérstakan fyrningarsjóð, er verði í vörzlu þess.

□ Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins

og ávísar úr honum eftir tillögum vélanefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparisjóðum eða bönkum, er starfandi eru á svæði hlutaðeigandi búnaðarsambands. Hvert ræktunarsamband skal í lok hvers reikningsárs senda Búnaðarfélagi Íslands reikning ræktunarsambandsins og skýrslu um starfsemi þess á árinu, ásamt skilagrein fyrir fyrningargjaldinu.

☐ Óheimilt er Búnaðarfélagi Íslands að greiða jarðræktarframlag einstaklingum eða félögum innan ræktunarsambands, meðan það eða þau hafa ekki gert full reikningsskil að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands (sbr. jarðræktarlög). Nú hafa reikningar og skilagrein ekki borizt stjórn Búnaðarfélags Íslands fyrir byrjun júnímánaðar næst eftir lok reikningsárs ræktunarsambands eða félags, og er stjórn Búnaðarfélags Íslands þá heimilt að kveða svo á, að stjórn eða framkvæmdastjóri hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags greiði dagsektir, sem hún ákveður, allt að 100,00 kr., þar til úr þessu er bætt að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Sektirnar renna í vélasjóð.

☐ Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarfélags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýsluábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru.][1)]

[1)] *L. 26/1955, 2. gr.*

■ **11. gr.** [Vélanefnd ríkisins skal í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með][1)] vélum þeim og verkfærum, sem keypt eru og notuð samkvæmt ákvæðum laga þessara, viðgerð þeirra og viðhaldi svo og, ef þess er óskað, öðrum vélknúnum tækjum, sem notuð eru í sambandi við jarðræktarframkvæmdir í sveitum. Skal hún hafa í þjónustu sinni nægilega marga vélfróða menn til að annast eftirlit þetta. Vanræki búnaðarsamband eða ræktunarfélag viðhald véla þessara, [að dómi vélanefndar ][1)] eða neiti að hlíta fyrirmælum hennar þar að lútandi, skal það varða sektum eða endurgreiðslu styrksins, ef um miklar sakir er að ræða.

[1)] *L. 62/1950, 4. gr.*

■ **12. gr.** [Búnaðarfélag Íslands og vélanefnd ríkisins skulu halda námskeið fyrir þá menn, er eiga að vinna með vélknúnum jarðvinnslutækjum, enda hafa þeir menn einir rétt til að vinna með slíkum tækjum, sem eru viðurkenndir til þess hæfir af vélanefnd ríkisins. Kostnaður samkvæmt 11. og 12. gr. greiðist úr ríkissjóði.][1)]

[1)] *L. 62/1950, 5. gr.*

■ **13. gr.** Heimilt er stjórn sambands eða samþykktarsvæðis, sem hefur sett sér jarðræktarsamþykkt, að láta ræsa fram bithaga, ef eigandi jarðarinnar óskar þess og trúnaðarmaður sá, er framkvæmdi mælingarnar á jörðinni, telur þessa jarðabót nauðsynlega vegna búrekstrar þar.

■ **14. gr.** [Nú hefur jarðræktarsamþykkt verið komið á og starfsemi hafin samkvæmt fyrirmælum hennar, og skal þá stjórn Búnaðarfélags Íslands senda hlutaðeigandi sambandi óskert jarðræktarframlag hvers samþykktarsvæðis, nema það hafi ekki lagt í fyrningarsjóð, svo sem lög og reglugerð mæla fyrir um, en þá er henni skylt að draga þá fjárhæð, sem vangreidd er, frá jarðræktarframlagi því, er greiða ber vegna jarðabóta, sem unnar eru að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum hlutaðeigandi ræktunarsambands og á félagssvæði þess. Ákvæði þetta kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1956 og verður aðeins beitt um fyrningarsjóðsgjald og jarðræktarframlög, er falla í gjalddaga í árslok 1955 og síðar.][1)]

[1)] *L. 26/1955, 3. gr.*

1945 Nr. 7 12. jan.

## II. Um húsagerðarsamþykktir.

■ **15. gr.** Búnaðarsamböndum er heimilt að setja sér samþykkt[1)] um, að þau taki að sér byggingu íbúðar- og útihúsa á sambandssvæðinu á þann hátt, að þau ráði til sín flokka byggingarmanna og leggi þeim til fullkomnar vélar og tæki við vinnuna. Með samþykktinni skal stefnt að því að hraða húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum í sveitum og að bændur fái með þessum hætti svo vönduð, hagkvæm, smekkleg og ódýr hús sem kostur er á. Við framkvæmdir þessar sé þess gætt, að þeir, er hafa mesta þörf fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er.

☐ Byggingarframkvæmdir þær, er hér um ræðir, eru:

1. Íbúðarhús.
2. Peningshús.
3. Hlöður og súrheystóftir.
4. Haughús, þvaggryfjur og safnþrær.
5. Geymsluhús.

☐ Húsin afhendist fokheld, nema öðruvísi sé um samið.

☐ Um sambönd, sem ná yfir tvö eða fleiri sýslufélög, gilda ákvæði 3. gr.

[1)] *T. d. samþ. 272/1976, 265/1977, 275/1977, 276/1977, 464/1977, 191/1978, 104/1979 og 105/1979.*

■ **16. gr.** Nú ákveður sambandsfundur að koma á húsagerðarsamþykkt, og skal þá undirbúningi og framkvæmdum hagað samkvæmt fyrirmælum 2. og 3. gr.

■ **17. gr.** Í húsagerðarsamþykktum skal tekið fram um:

1. Verkefni þau, sem sambandið tekur að sér, sbr. 15. gr.
2. Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.
3. Hvernig framkvæmdum skuli hagað, þar á meðal, að nauðsynlegt byggingarefni sé ávallt fyrir hendi, er vinnan hefst.
4. Að búnaðarsambandið taki þær greiðslur fyrir byggingarstörfin, að allur kostnaður fáist að fullu greiddur.
5. Fjáröflun og tryggingar fyrir fjárreiðum sambandsins.
6. Reikningshald og endurskoðun.
7. Hvernig samþykkt skuli breytt.
8. Hvernig samþykkt verði felld úr gildi.

■ **18. gr.** Nú er samþykkt staðfest og undirbúningur hafinn til framkvæmda, og ber þá teiknistofu landbúnaðarins að láta byggingarfróða menn athuga og gera tillögur um, hvar og hvernig húsum verði bezt fyrir komið á þeim jörðum, þar sem óskað er aðstoðar sambandsins um húsagerð og annað, er að byggingu lýtur. Trúnaðarmenn þessir skulu jafnframt leita álits jarðeiganda eða leiguliða, ef um erfðaábúð er að ræða, og taka í tillögum sínum tillit til óska þeirra, eftir því sem fært þykir.

☐ Kostnaður við þessa athugun greiðist af teiknistofu landbúnaðarins.

■ **19. gr.** Byggingar, sem reistar eru samkv. ákvæðum

1945 Nr. 7 12. jan.

laga þessara, skulu gerðar eftir teikningu og fyrirsögn teiknistofu landbúnaðarins eða trúnaðarmanna hennar. Nú er kostnaðarmaður byggingar óánægður með tillögur þær, er fyrir liggja, og getur hann þá skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, er fellir um þær fullnaðarúrskurð.

■ **20. gr.** Nú hefur húsagerðarsamþykkt verið sett samkvæmt lögum þessum, og skal þá forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins vera stjórn sambandsins til aðstoðar um kaup og val hentugra veggjamóta ásamt vélum og verkfærum, sem nota þarf við hinar fyrirhuguðu byggingar. Forstöðumaður teiknistofunnar ákveður í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, hve mörg veggjamót og vélar skal kaupa, miðað við byggingarþörf hvers sambands og afköst vélanna.

□ Þar, sem rætt er um veggjamót í lögum þessum, er um að ræða mót af varanlegri gerð, sem auðvelt er að flytja milli vinnustaða.

■ **21. gr.** [Ríkissjóður greiðir styrk, ⅔ af kostnaðarverði þeirra veggjamóta, véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins og nýbýlastjórn telja samböndunum þörf á til byggingarstarfsemi þeirra. Styrkur veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum tækjum.][1)]

[1)] *L. 29/1948, 1. gr.*

■ **22. gr.** Reikna skal sérstakt viðhalds- og fyrningargjald af veggjamótum, vélum og verkfærum, sem keypt hafa verið með styrk frá byggingarsjóði og nýbýlasjóði, á sama hátt og segir í 10. gr. Búnaðarfélag Íslands ávísar greiðslum úr fyrningarsjóðnum samkvæmt tillögum forstöðumanns teiknistofu landbúnaðarins. Að öðru leyti skal hlíta um þetta ákvæðum 10. gr., eftir því sem við á.

■ **23. gr.** Verkstjórar vinnuflokka þeirra, sem um ræðir í 15. gr., skulu ráðnir í samráði við forstöðumann teiknistofu landbúnaðarins, sem hefur eftirlit með störfum þeirra.

■ **24. gr.** Styrkir, sem greiddir eru af opinberu fé vegna bygginga í sveitum, skulu, þegar byggingarnar eru reistar samkvæmt samþykktum þeim, sem hér um ræðir, greiðast óskertir – að frádregnu fyrningargjaldi samkvæmt 28. gr. – til hlutaðeigandi sambandsstjórna, nema þær leggi annað fyrir.

■ **25. gr.** Nú hefur nýbýlasjóður heitið styrk til húsagerðar, er búnaðarsamband hefur tekið að sér samkvæmt lögum þessum, og á þá sambandið kröfu til, að sjóðurinn greiði styrkinn, þegar er verkið er hafið af vinnuflokkum þess, þó ekki hærri fjárhæð en svarar vinnulaunum við að gera húsið fokhelt.

**III. Almenn ákvæði.**

■ **26. gr.** Búnaðarsamböndum, sem taka að sér jarðræktar- eða húsagerðarframkvæmdir samkvæmt lögum þessum, ber að tryggja sér fulla greiðslu fyrir framkvæmdir sínar hjá kostnaðarmanni framkvæmdarinnar, áður en vinna hefst.

■ **27. gr.** Skuldir, sem myndast kunna við búnaðarsamband samkvæmt lögum þessum, eru forgangsskuldir, tryggðar með veði í jörð þeirri, er framkvæmdin hefur verið gerð á, næst á eftir þeim lánum, er á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst, og víkja aðeins fyrir opinberum gjöldum – og fylgifjárkröfu, ef um óðalsjarðir er að ræða.

□ Skuldir þessar má taka lögtaki.

■ **28. gr.** Um nánari framkvæmd laga þessara setur Búnaðarfélag Íslands reglugerð, er landbúnaðarráðherra staðfestir.[1)]

[1)] *Rg. 36/1946 (um jarðræktarsamþ.), rg. 88/1947 (um húsagerðarsamþ.).*

■ **29. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerð varðar sektum til ríkissjóðs ...[1)] nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

[1)] *L. 10/1983, 37. gr.*

1945 Nr. 7 12. jan.

## Girðingarlög.

1965 Nr. 10 25. marz

■ **1. gr.** Girðingar í lögum þessum, þegar annars er ekki getið, eru 6 strengja gaddavírsgirðingar, 1,10 metrar á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra stuðla (stólpa) hennar en 4 metrar, eða girðing, er jafngildi henni að vörzlunotum, þar með taldir skurðir með þremur eða fleiri gaddavírsstrengjum á skurðbakka. Gerð ristarhliða skal ákveða í reglugerð, er landbúnaðarráðherra setur.

■ **2. gr.** Þegar lögð er girðing af leiguliða, fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 13. gr. ábúðarlaga.[1)]

□ Girðingar, sem ríkistillag hefur verið greitt vegna eða lán veitt til með veðrétti á jörðu, skulu jafnan fylgja jörðinni og þeim við haldið, meðan lánið er ekki að fullu greitt (eða styrkur ekki endurgreiddur), en heimilt er að fengnu samþykki lánveitanda að flytja girðingar þangað, sem þær koma jörðinni að meira gagni.

[1)] *Sjá nú 16. gr. l. 64/1976.*

■ **3. gr.** Nú fer jörð í eyði, sem ekki á að byggjast aftur, sbr. 4. kafla jarðræktarlaga, og verða eigi lengur nein not af girðingunni fyrir jörðina, skal þá eiganda girðingarinnar skylt að taka hana upp.

□ Nú telja þeir, er dæma jörðina ekki ábúðarhæfa, að nágrannajörð eða jarðir geti haft not af girðingunni eða hluta úr henni, og skal þá viðhaldsskyldan að þeim hluta færast yfir á ábúanda þeirrar jarðar, enda á hann rétt á að kaupa girðinguna eða þann hluta hennar er hann hefur gagn af, eftir mati úttektarmanna.

■ **4. gr.** Vilji eigandi eða notandi ræktunarlanda í þorpum og bæjarfélögum girða land sitt, skal hann með árs fyrirvara tilkynna það öllum þeim, er land eiga á móti því landi, sem hann vill girða. Þeim, sem eiga þannig aðliggjandi útmældar ræktunarlóðir, er skylt að taka þátt í kostnaði við girðinguna til jafns við þann, sem vill girða, ef um vírgirðingu er að ræða, að tiltölu við lengd girðingarinnar fyrir landi hvers eins. Þetta gildir þó ekki um það land, sem liggur að götu í bæ eða kauptúni.

■ **5. gr.** Nú vill ábúandi eða eigandi jarðar, sem er í ábúð, girða land sitt, og hefur hann þá rétt til að krefjast, að sá eða þeir, sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði, greiði hálfan girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins. En annar helmingur girðingarkostnaðar skiptist eftir því, hvert gagn hver um sig hefur af girðingunni. Verði ekki samkomulag um þau skipti, skera matsmenn úr þeim ágreiningi, sbr. 6. gr. Eigi síðar en ári áður en verk er hafið skal sá, er samgirðingar krefst, bera fram kröfu sína. Hver aðili hefur rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku í kostnaðinum. Neiti sá, er samgirðingar er krafinn, þátttöku í undirbún-

ingi eða framkvæmd verksins, getur sá, er girða vill, sett hana upp, og á hann þá kröfurétt á endurgreiðslu á þeim hluta kostnaðar, er hinum ber að greiða.

■ **6. gr.** Nú verða aðilar ekki ásáttir um, hvers konar girðingu skuli setja, eða um aðra framkvæmd verksins, og skulu þá úttektarmenn hreppsins og jarðræktarráðunautur hlutaðeigandi héraðs skera úr um ágreininginn. Liggi girðing í hreppamörkum, skal hvor aðili tilnefna úttektarmann úr sínum hreppi til að jafna ágreininginn ásamt hlutaðeigandi jarðræktarráðunaut. Liggi girðingin í mörkum lögsagnarumdæma, tilnefna hlutaðeigandi lögreglustjórar eða sýslumenn sinn manninn hvor, en stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefnir einn af jarðræktarráðunautum félagsins. Jarðræktarráðunautarnir skulu jafnan vera oddamenn og afl atkvæða ráða úrslitum.

□ Kostnað við matið greiða aðilar eftir sömu hlutföllum og girðingarkostnaðinn, og ákveða matsmenn, hverju hann nemur.

■ **7. gr.** [Vilji meiri hluti ábúenda eða eigenda jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða ⅘ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar, en eigendur eða ábúendur hlutaðeigandi jarða ⅕. Ef ágreiningur verður um framkvæmd verksins, fer um það eins og segir í 5. gr. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður allra girðinga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður nema þeirra girðinga, er vegagerðin setur upp (sbr. 9. gr.[1]), þar bera viðkomandi bændur viðhaldskostnaðinn nema girðingin sé eingöngu í þágu vegarins, sbr. 9. gr.[1]

□ Nú er landamerkjagirðing, sem kostuð hefur verið eftir öðrum hlutföllum en um getur í 5. gr., og skal þá viðhald hennar falla undir fyrirmæli 5. gr., eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, enda brjóti það ekki í bág við gildandi samninga.][2]

[1] *Nú 11. gr.* [2] *L. 45/1967, 1. gr.*

■ [**8. gr.** [Nú vilja sveitarfélög, eitt eða fleiri, girða af sitt afréttarland, en fá ekki samþykki aðliggjandi hreppa, og skal þá sýslumaður, áður en tekur til ákvæða 5., 6. og 7. gr. um þau atriði, fella úrskurð um hvort fyrirhuguð girðing skuli heyra undir ákvæði ofannefndra lagagreina. Skal úrskurður sýslumanns reistur á þrem eftirtöldum atriðum:][1]

1. Hvort ágangur búfjár frá aðliggjandi hreppum réttlæti einhliða ákvörðun kröfuaðilans um lagningu girðingar.

2. Hvort fyrirhugað stæði girðingar er nothæft miðað við hæð lands, landslag og snjóalög.

3. Hvort fleiri sveitarfélög en þau, er lönd eiga að afréttargirðingu, og hver skuli vera þátttakendur í stofn- og viðhaldskostnaði girðingar og eftir hvaða hlutföllum innbyrðis, sbr. næstu grein hér á eftir.

□ Sé um fleiri en eina sýslunefnd að ræða skal úrskurður felldur á sameiginlegum fundi.][2]

[1] *L. 108/1988, 25. gr.* [2] *L. 41/1971, 1. gr.*

■ [**9. gr.** [Nú er afréttargirðing úrskurðuð hæf af sýslumanni samkvæmt næstu grein hér á undan, og skulu þá þau sveitarfélög, sem samliggjandi afréttir eiga þeim megin sem þátttaka var úrskurðuð, vera þátttakendur í úrskurðuðum kostnaði hvort sem afréttarlönd þeirra liggja að hinu afgirta landi eða ekki ef búfé frá þeim hefur síðastliðin fimm ár, áður en girt var, komið fram í fjallskilum að hausti á hinu afgirta landi. Skal tala þessa búfjár vera skiptingargrundvöllur.][1]][2]

[1] *L. 108/1988, 26. gr.* [2] *L. 41/1971, 1. gr.*

■ [**10. gr.**][1] Nú eru lagðar girðingar fyrir ríkisfé til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma, án framlags frá ábúendum eða eigendum viðkomandi jarða, og einstaklingum eða sveitarfélögum er gefinn kostur á þeim girðingum, og gilda þá sömu reglur um greiðslu á andvirði þeirra og viðhald, eftir því sem við á, eins og um aðrar þær girðingar, er lög þessi mæla fyrir um.

□ Nú er ekki þörf á slíkri girðingu til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma og enginn gefur kost á að kaupa hana eða halda henni við, og er þá ríkinu skylt að láta taka hana upp. Hafi þessi skylda verið vanrækt í eitt ár eða lengur, eftir að lög þessi öðlast gildi, er viðkomandi sveitar- eða upprekstrarfélagi heimilt að láta taka girðinguna upp á kostnað ríkisins.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.*

■ [**11. gr.**][1] Nú er vegur lagður gegnum tún, ræktunarland, engjar eða girt beitiland, og skal þá sá, sem veginn leggur, girða báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um. Eigendum vega er heimilt að girða meðfram vegum sínum, þótt ekki sé þess krafizt af landeiganda. Þó skal vegareiganda skylt að setja hlið á slíka girðingu, ef þörf er að dómi matsmanna.

□ Nú er girðing lögð milli afréttar og heimalands, er liggur yfir vegi, eða vegir eru lagðir í gegnum hana, og telja matsmenn girðinguna nauðsynlega, og ber þá þeim er veginn annast, að leggja til hlið, en hlið og ristarhlið á aðalfjallvegi, og annast viðhald þeirra.

□ Nú myndast langar girðingartraðir með vegi, og er þá hlutaðeigandi bændum skylt að gæta þess eftir föngum, að búfénaður þeirra sleppi ekki inn á veginn.

□ Ef reynslan sýnir, að búfénaður, af óviðráðanlegum ástæðum, leggur leið sína um langa vegu eftir slíkum tröðum, er eiganda vegarins skylt, ef þess verður krafizt af hlutaðeigandi sveitarstjórn, að hefta rennsli búfjárins með ristarhliði, enda greiði hreppsfélagið helming kostnaðar. Nú eiga tvö eða fleiri sveitarfélög eða sýslur hlut að máli og ágreiningur rís um greiðslu kostnaðar við að setja ristarhlið á veg, þar sem girðingartraðir hafa myndazt, og skal þá skera úr þeim ágreiningi samkvæmt ákvæðum 6. gr., eftir því sem við á.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.*

■ [**12. gr.**][1] Nú er girðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sé gengið, sem land á að henni. Innlent efni skal, eftir því sem með þarf, taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

□ Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en landeigandi vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja, er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef matsmenn (sbr. 6. gr.) meta, að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna, skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo, að meira sneiðist annað landið, og skal þá meta skaðabætur þeim, er landið missir.

□ Réttur til hvers konar hlunninda, jarðhita eða námu-

1965 Nr. 10 25. marz

verðmæta helzt þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðingin skipti löndum til fullnustu.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.*

■ **[13. gr.]**[1] Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við, að búfé stafi ekki hætta af þeim.

□ Samgirðingu, sem lögð er samkvæmt ákvæðum 5. og 7. gr., er skylt að halda við, þannig að hún sé fjárheld, svo fljótt sem verða má, eftir að snjóa leysir af henni að vorinu og þar til snjó leggur á hana að hausti eða vetri. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta, er hinum heimilt að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar stórfellt hirðuleysi í þessu efni, svo að sameigandi hans í girðingunni eða annar aðili verður af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni, og á hann þá rétt til bóta frá þeim, sem olli.

□ Valdi vanræksla í þessu efni skaða á búfé, varðar það sektum og skaðabótum til fénaðareiganda.

□ Nú er hætt að nota girðingu og jafnframt að halda henni við, og er þá girðingareiganda skylt að taka hana upp, svo að hún valdi ekki tjóni.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.*

■ **[14. gr.]**[1] Um fjarlægð girðinga frá vegum skal fara eftir reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í vegalögum.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.*

■ **[15. gr.]**[1)2)] Enginn má gera girðingu yfir veg með hliði á veginum án leyfis vegamálastjóra, nema um einkaveg sé að ræða, sbr. þó 9. gr.[3] Sama bann gildir þar, sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hefur verið.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.* [2] *L. 17/1965, 10. gr.* [3] *Nú 11. gr.*

■ **[16. gr.]**[1] Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 4 metrar á breidd, þannig gerð, að hún haldist opin af sjálfu sér, meðan ekið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka hliðinu á eftir sér.

□ Vegamálastjóra er heimilt að afturkalla með eins árs fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.*

■ **[17. gr.]**[1] Skylt er að halda við girðingum, svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki þessa ekki gætt, er vegagerðinni heimilt að framkvæma viðgerð á kostnað þess, sem að réttu ber að halda girðingunni við.

□ Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður, ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.*

■ **[18. gr.]**[1] Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með hliði á veginum, en eigi má hann læsa hliðinu, né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema sveitarstjórn leyfi.

□ Ákvörðun sveitarstjórnar, samkv. 1. mgr., má leggja undir úrskurð vegamálastjóra.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.*

■ **[19. gr.]**[1] ...[2]

[1] *L. 41/1971, 1. gr.* [2] *L. 108/1988, 27. gr.*

■ **[20. gr.]**[1] Nú koma fyrir sýslunefnd[2] óskir um að gera samþykkt samkv. 17. gr.[3] Telji hún þær hafa við sterk rök að styðjast, skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþykktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.* [2] *Héraðsnefndir hafa nú tekið við hlutverki sýslunefnda, sbr. l. 8/1986, 6. gr.* [3] *Nú 19. gr.*

■ **[21. gr.]**[1] Á fundi þeim, er um getur í 18. gr.[2] leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefur verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja og samþykktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó að fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþykktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyrr segir.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.* [2] *Nú 20. gr.*

■ **[22. gr.]**[1] Heimilt er hreppsnefnd að gera samþykktir[2] fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 17. gr.[3] Er öll meðferð samþykktar þá hin sama og 18. og 19. gr.[4] skipa fyrir um nema hreppsnefnd kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.* [2] *T. d. samþ. 169/1968 (Stokkseyri).* [3] *Nú 19. gr.* [4] *Nú 20. og 21. gr.*

■ **[23. gr.]**[1] Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

□ Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.*

■ **[24. gr.]**[1] Öllum leiguliðum, er búið hafa á sömu jörð í 5 ár eða lengur, að öðrum kosti jarðareigendum, er skylt að hreinsa burtu af landi sínu er búfénaður gengur um, ónothæfar vírgirðingar og girðingaflækjur, sem vera kunna í landi jarða þeirra. Nú vanrækir landeigandi þessi fyrirmæli í eitt ár, eftir að lög þessi öðlast gildi, og er þá ábúanda skylt að framkvæma verkið á kostnað jarðareiganda.

□ Ef um eyðijörð er að ræða, þar sem þessi skylda er vanrækt, ber hlutaðeigandi sveitarstjórn að láta framkvæma verkið á kostnað jarðareiganda eða þess, er nytjar jörðina. Hið sama gildir, ef ábúandi jarðar vanrækir skyldu sína í þessu efni.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.*

■ **[25. gr.]**[1] Brot gegn lögum þessum svo og girðingarsamþykktum sýslu- og sveitarfélaga (sbr. 17. og 20. gr.[2]) varða sektum. ...[3]

[1] *L. 41/1971, 1. gr.* [2] *Nú 19. og 22. gr.* [3] *L. 10/1983, 38. gr.*

**1965** Nr. 10 25. marz

■ **[26. gr.]**[1] Með brot móti lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

[1] *L. 41/1971, 1. gr.*

**1981** Nr. 51 29. maí

## Lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að tryggja sem best góða og heilbrigða ræktun plantna hér á landi.

□ Í lögum þessum merkir planta heilar jurtir og viðarplöntur svo og hluta þeirra. Mein merkir frávik frá því, sem heilbrigt má teljast, og skaðvaldur merkir þær lífverur og lífræna þætti, er meinum valda á plöntum: veirur (vira), berfrymingar (mycoplasma), bakteríur (bacteria), sveppir (fungi) og meindýr.

■ **2. gr.** Landbúnaðarráðherra getur samkvæmt lögum þessum gert varnarráðstafanir og gefið út reglugerðir,[1] sem stuðla að því:

1. að koma í veg fyrir að hættulegir skaðvaldar berist til landsins og dreifist innanlands, og útrýma skaðvöldum, sem þegar hafa borist til landsins, teljist það framkvæmanlegt,
2. að hindra að skaðvaldar, sem aðrar þjóðir vilja verjast, berist frá Íslandi.

□ Landbúnaðarráðherra ákveður, með hliðsjón af tillögum sérfræðinga í plöntusjúkdómum og meindýrum, hvaða skaðvald beri að telja svo hættulegan að falli undir ráðstafanir, er lög þessi heimila.

[1] *Rg. 189/1990. Rg. 53/1971. Rg. 66/1987.*

■ **3. gr.** Landbúnaðarráðherra getur m. a.:

a. fyrirskipað eftirlit með innflutningi, útflutningi og dreifingu innanlands á öllum tegundum plantna, mold, húsdýraáburði, umbúðum og öðru, sem getur borið sjúkdóma og meindýr á plöntur,

b. sett það skilyrði fyrir innflutningi, útflutningi eða dreifingu innanlands, að plönturnar séu algjörlega lausar við ákveðna skaðvalda, eða sett ákveðið hámark um magn þeirra,

c. bannað ræktun tiltekinna plöntutegunda á ákveðnum svæðum eða takmarkað ræktun við plöntur gæddar ákveðnum eiginleikum,

d. fyrirskipað landeigendum eða ræktendum að gera varnarráðstafanir gegn plöntusjúkdómum og meindýrum á eigin kostnað,

e. fyrirskipað eyðingu eða sérstaka meðhöndlun á plöntum eða á hlutum, sem geta borið og dreift skaðvaldi (t. d. mold, verkfæri, umbúðir, flutningatæki og geymslustaðir),

f. fyrirskipað sóttkví undir eftirliti sem skilyrði fyrir innflutningi.

□ [Til að standa straum af kostnaði við eftirlit með innflutningi plantna samkvæmt lögum þessum er ráðherra heimilt að láta innheimta sérstakt eftirlitsgjald af öllum innfluttum plöntum og má gjaldið vera tiltekin krónutala á hverja þyngdareiningu eða hlutfall af tollverði vörunnar. Þó má eftirlitsgjaldið aldrei vera hærra en nemur 2% af tollverði vörunnar. Eftirlitsgjald þetta má taka lögtaki. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldsins. Þá setur ráðherra í reglugerð ákvæði um eftirlitsgjald á útfluttar plöntur.][1]

[1] *L. 59/1990, 1. gr. Öðlast gildi 1. jan. 1991.*

■ **4. gr.** Öllum sem hafa í fórum sínum plöntur, er ætla má að beri skaðvald, sem reglur skv. lögum þessum taka til, eða verða varir við skaðvaldinn sjálfan, ber tafarlaust að tilkynna það þeim aðila, sem landbúnaðarráðherra hefur falið að annast framkvæmd eða eftirlit með, að settum fyrirmælum sé framfylgt. Plöntur má þá ekki flytja milli staða nema með samþykki þess aðila.

■ **5. gr.** Eigendur plantna, gróðrarstöðva og annarra ræktunarstaða, flutningstækja og bygginga, og þeir, sem umráðarétt hafa yfir slíku, skulu án endurgjalds leyfa aðgang, sýnatöku, rannsóknir og aðgerðir, er fyrirskipaðar kunna að verða og nauðsynlegar mega teljast skv. 2. gr. þessara laga.

■ **6. gr.** Þeim, sem brýtur ákvæði laga þessara, er skylt að hlíta fyrirmælum landbúnaðarráðherra eða umboðsmanna hans um varnaraðgerðir vegna brotsins. Skal hann framkvæma þau fyrirmæli á eigin kostnað og undir eftirliti opinberra aðila, en einnig eru þeim aðilum heimilar slíkar varnaraðgerðir á kostnað þess, sem sök ber. Þegar um er að ræða samræmda herferð gegn ákveðnum skaðvaldi, er heimilt að greiða kostnað við hana úr ríkissjóði.

■ **7. gr.** Brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

■ **8. gr.** Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 17 frá 31. maí 1927.

**1981** Nr. 51 29. maí

## Lög um skógrækt.

**1955** Nr. 3 6. marz

### I. kafli. Um markmið og stjórn Skógræktar ríkisins.

■ **1. gr.** Skógrækt ríkisins skal rekin með því markmiði:

1. að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar, sem eru í landinu;
2. að græða upp nýja skóga, þar sem henta þykir;
3. að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það, sem að skógrækt og skóggræðslu lýtur.

■ **2. gr.** Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála samkvæmt lögum þessum. Forseti Íslands skipar skógræktarstjóra, er annast framkvæmd þessara mála. Skal hann hafa leyst af hendi próf við skógræktarháskóla á Norðurlöndum eða við annan skóla jafnstæðan.

■ **3. gr.** Ráðherra skipar skógarverði, að fengnum tillögum skógræktarstjóra. Skulu þeir eigi vera færri en einn í hverjum landsfjórðungi. Þeir skulu hafa aflað sér verklegrar kunnáttu í skógrækt og hafa staðizt próf, sem stjórn skógræktarmála kveður á um.

■ **4. gr.** Skógarverðir skulu starfa samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra og aðstoða hann í hvívetna við skógrækt og skóggræðslu í landinu. Þeir skulu settir yfir skógarjarðir ríkisins og annast framkvæmdir þar og enn fremur hafa eftirlit um meðferð skóga og kjarrs á þeim svæðum, sem þeim eru falin.

■ **5. gr.** Störf og starfssvið skógræktarstjóra og skógarvarða skal ákveða með reglugerð, sem ráðherra setur.

■ **[5. gr. a.** Aðalstöðvar Skógræktar ríkisins skulu vera á Fljótsdalshéraði.][1]

[1] *L. 58/1989, 1. gr.*

### II. kafli. Um meðferð skóga, kjarrs, lyngs o. fl.

■ **6. gr.** Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr,

þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað, enda sé það gert í samráði við skógarvörð. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára.

■ **7. gr.** Viðarrætur má ekki rífa upp eða skerða á neinn hátt. Ekki má rífa lyng, fjalldrapa, víði, mel eða annan hlífðargróður, heldur klippa eða skera. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er heimilt að banna allt skógarhögg og hrístekju og að banna að skerða hvers konar gróður þar sem ætla má, að slíkt geti valdið uppblæstri eða landspjöllum. Bannað er að stinga upp og flytja á brott tré og hvers konar ungviði án leyfis skógræktarstjóra eða skógarvarða.

■ **8. gr.** Í skógum þeim og kjarrlöndum, sem í afréttum liggja eða fjarri búfjárhögum, er öll beit bönnuð frá 1. nóvember til 1. júní. Nú hagar svo til á einstökum landsvæðum, að skógarkjarr eða annar gróður skóglendis er í sýnilegri hættu sökum óhóflegrar beitar að dómi skógræktarstjóra, og er ráðherra þá heimilt að banna eða takmarka beit á skóginn eða kjarrið um lengri eða skemmri tíma, enda komi bætur fyrir slíka skerðingu á landsnytjum eftir mati dómkvaddra manna. Bætur þessar skal greiða úr ríkissjóði. Ráðherra getur bannað með öllu að beita geitfé á skóg eða kjarr, enda telji skógræktarstjóri, að skóginum stafi bersýnileg hætta af beitinni.

■ **9. gr.** Í þeim skógum og kjarri, sem er sameign fleiri manna eða jarða í óskiptu landi, mega einstaklingar ekki höggva án vitundar skógarvarðar eða eftirlitsmanns, sem segir fyrir um, hvar og hvernig grisja skuli.

■ **10. gr.** Óheimilt er öllum, sem eiga skóg eða kjarr eða hafa umráðarétt yfir slíku, að selja eða gefa óupphöggvinn við án þess að hafa fengið leyfi skógarvarðar til þess. Enn fremur er öllum, sem um skóglendi fara, óheimilt að skerða trjágróður eða skemma hann.

■ **11. gr.** Skógræktarstjóri og skógarverðir skulu fara eins oft og þörf krefur um sveitir þær, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir skipa fyrir um hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar og kjarrs um framkvæmd alla á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi ekki skorazt undan að fylgja þeim í skóginn eða kjarrið.

■ **12. gr.** Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir óska þess, skulu hreppstjórar fylgja þeim á eftirlitsferðum um hreppinn til þess að kynna sér fyrirmæli um meðferð skóga og kjarrs, sem þeim ber að hafa eftirlit með. Á ferðum þessum fá hreppstjórar dagpeninga, sem greiðast af skógræktarfé.

■ **13. gr.** Ráðherra setur nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri, eftir tillögum skógræktarstjóra, og skal þeim útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur eða kjarr er.[1)]

[1)] *Rg. 239/1940.*

### III. kafli. Um friðun og ræktun skóga.

■ **14. gr.** Á land það, sem Skógrækt ríkisins hefur til friðunar og skógræktar, má ekki beita búfé. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður mæla með.

■ **15. gr.** Liggi alfaravegur um friðuð skóglendi, skulu vegfarendur loka þeim hliðum, sem á girðingum eru, svo að öruggt sé, að þau opnist ekki af sjálfsdáðum Týni vegfarendur búfé í skógargirðingum, skulu þeir skyldir til að koma því út úr girðingunni svo fljótt sem unnt er.

□ Komist fé inn í skógargirðingu í afréttum eða fjarri búfjárhögum svo að nokkru nemi, er ráðherra heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með því, að dómi skógræktarstjóra, að fyrirskipa, að þau sveitarfélög, er fjárvon eiga innan skógargirðinga, annist smölun og fjallskil innan þeirra á sinn kostnað, enda hafi ekki þótt rétt að beita ákvæðum 17. greinar laganna.

■ **16. gr.** Til þess að girðing um skógræktarsvæði megi teljast löggirðing, þ. e. að hún veiti örugga vörn gegn ágangi búfjár, skal hún minnst vera 105 sentimetrar á hæð og gerð með 7 strengjum gaddavírs eða úr öðru því efni, sem sé ekki minni vörn, t. d. vírneti eða vírneti ásamt gaddavír og undirhleðslu, þar sem þörf krefur. Bil milli jarðfastra staura má lengst vera 12 metrar og komi þá þrjár styttur þar á milli, eða 10 metrar og komi þá tvær styttur á milli. Hornstaurar skulu standa minnst 1,25 metra í jörðu, nema unnt sé að festa þá í jarðfasta klöpp. Skulu þeir steyptir niður eða púkkaðir og styrktir með stögum. Hliðstaurar skulu festir á svipaðan hátt og hornstaurar.

□ Skógargirðingar, sem komið hefur verið upp fyrir gildistöku laganna, eru að minnsta kosti 1 metri að hæð með 6 strengjum gaddavírs eða jafngildar því, skulu skoðast sem löggirðingar, unz þær verða endurbyggðar.

■ **17. gr.** Komist sauðfé eða geitfé inn á skógræktarsvæði, sem girt er löggirðingu, má umsjónarmaður skógræktarsvæðisins taka féð í gæzlu og láta merkja það. Skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir séu eigendur fjárins og hvernig féð sé merkt. Hreppstjóri skal tilkynna þetta eigendum eða umsjónarmönnum fjárins og gefa þeim kost á að vitja þess innan ákveðins tíma. Sé féð ekki hirt, ákveður hreppstjóri, hvar fénu skuli sleppt.

□ Komist sömu skepnur aftur inn á sama svæði, án þess að snjóalögum verði um kennt, getur umsjónarmaður afhent hreppstjóra fénaðinn og krafizt þess, að hann verði tekinn í örugga vörzlu. Skal þá hreppstjóri láta athuga girðinguna þegar í stað, og fullnægi hún kröfum 16. greinar, eru fjáreigendur skyldir til að taka féð í vörzlu, sem hreppstjóri telur örugga. Sleppi fénaður úr þeirri vörzlu og komist enn inn á sama svæði, getur umsjónarmaður skógarins krafizt þess, að honum verði afhent féð til ráðstöfunar. Hann greiðir eiganda fjárins verð fyrir eftir mati úttektarmanna.

□ Nú verða óvenjuleg snjóalög, svo að hætta er á, að löggirðingu fenni í kaf. Getur þá umsjónarmaður girðingarinnar tilkynnt fjáreigendum í nágrenni hennar, á hvaða svæði girðingin sé ótrygg vörn, og ber þá fjáreigendum að hafa gætur á fé sínu og halda því frá þessum svæðum, unz girðingin telst fjárheld á ný. Á sama hátt ber fjáreigendum að gera skógareiganda eða umboðsmanni hans aðvart, ef þeir verða þess varir, að skógargirðing sé ótrygg vörn.

□ Ef um stutt höft á girðingu er að ræða, sem reynslan sýnir að þráfaldlega fara í kaf vegna aðfennis, getur fjáreigandi krafizt þess, að girðingareigandi láti gera höftin fjárheld, ef þess er kostur án óhæfilegs kostnaðar. Rísi ágreiningur um þetta, hafa úttektarmenn úrskurðarvald í þessum málum.

□ Geti fjáreigandi fært sönnur á, að varzla fjárins hafi valdið honum aukakostnaði, getur hann krafizt þess, að

skógareigandi taki þátt í honum allt að helmingi eftir mati dómkvaddra manna.

□ Sé hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t. d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður eða bæjarfógeti óvilhallan mann eða menn í þeirra stað.

■ **18. gr.** Heimilt er hreppsnefndum og bæjarstjórnum að ákveða, að ákvæði næstu greinar hér á undan skuli gilda um trjáræktarreiti og garðlönd einstakra manna innan umdæmisins, enda séu þau girt löggirðingu samkvæmt 16. grein.

■ **19. gr.** Taka skal fram í byggingarbréfi gagnvart ábúendum jarða þeirra, sem eru eign ríkisins, að þeim sé skylt að hlífa svo skógi og kjarri á jörðum þessum, að hvorugt rýrni eða eyðist af völdum þeirra á meðan ábúðartími þeirra stendur. Enn fremur það, að ráðherra sé heimilt að taka til friðunar einstök skóg- og kjarrlendi á jörðum þessum á meðan ábúð þeirra stendur, enda lækki þá afgjald jarðanna vegna afnotamissis ábúanda af hinu friðaða landi eftir mati dómkvaddra manna.

■ **[20. gr.]**[1] Nú er skóglendi eða kjarr í bersýnilegri hættu af gróðureyðingu, sem ekki verður stöðvuð nema með fullri friðun skóglendisins, en friðunin svo kostnaðarsöm, að eigendur eða notendur landsins vilja eða treystast eigi til þess samkvæmt þeim skilyrðum um framlag, sem sett eru í 20. grein,[2] og er ráðherra þá heimilt, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, að kosta slíka girðingu að öllu leyti, gegn því, að eigendur og nothafar ábyrgist viðhald girðingarinnar og friðun landsins fyrir ágangi. Gera skal um það samning, sbr. 20. grein,[2] enda taki ákvæði síðustu málsgreinar þeirrar greinar einnig til þess skóglendis.

□ Takist ekki samningar um friðun landsins samkvæmt framansögðu, getur Skógrækt ríkisins tekið skóglendið til fullrar umsjár og friðunar í 20 ár eða lengur, ef þörf krefur. Við afhendingu landsins aftur til landeiganda ber að meta til verðs friðunarárangur þann, sem orðið hefur, og ber landeiganda að greiða matsverðið til Skógræktar ríkisins. Skirrist landeigandi við því, er Skógrækt ríkisins heimilt að taka hluta af skóglendinu sem greiðslu, allt eftir mati dómkvaddra manna.

□ Alþingi heimilar fé í þessu skyni með sérstakri fjárveitingu, enda liggi fyrir Alþingi tillögur skógræktarstjóra um þessar girðingar ásamt kostnaðaráætlun.

[1] *L. 76/1984, 4. gr.* [2] *Virðist nú eiga við IV. kafla þessara laga, sbr. l. 76/1984, 3. og 4. gr.*

■ **[21. gr.]**[1] Með samþykki ráðherra er skógræktarstjóra heimilt að leigja einstaklingum, félögum eða stofnunum lönd á erfðafestu innan girðinga Skógræktar ríkisins, gegn því að leigutakar gróðursetji barrskóg í landið samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra og samningi þeim, sem gera skal við sérhvern leigutaka um gróðursetningu, hirðingu og meðferð lands.

□ Sá skógur, sem vex á landinu, verður eign leigutaka, en meðferð hans öll og grisjun skal háð fyrirmælum skógræktarstjóra.

□ Vanefndir á samningi um gróðursetningu og meðferð skógar, sem ekki stafa af ástæðum, sem leigutaka eru óviðráðanlegar, varða missi á erfðafesturéttindum, og fellur þá skógur leigutaka til Skógræktar ríkisins án endurgjalds.

[1] *L. 76/1984, 4. gr.*

■ **[22. gr.** Skógrækt ríkisins er heimilt að styrkja þá sem vilja koma upp trjálundum á landi sínu og ekki eiga kost á stuðningi skv. öðrum greinum laganna, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni. Má slíkur styrkur nema allt að 30 hundraðshlutum af girðingarkostnaði á hvern lengdarmetra girðingar, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. að land innan girðingar sé minnst einn hektari;

2. að fyrir liggi yfirlýsing skógræktarstjóra um að landið sé vel fallið til skógræktar.]**]**[1]

[1] *L. 76/1984, 2. gr.*

■ **[23. gr.]**[1] Hreppstjórar og skógarverðir skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því, hvort farið sé eftir ákvæðum og fyrirmælum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sé gegn friðunarákvæðum samkvæmt lögum þessum og þeim reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt 13. grein laganna. Skulu þeir, jafnskjótt og þeir verða þess varir, senda skýrslu um þetta til skógræktarstjóra, sem ákveður, hvað frekar skuli gert í málinu.

[1] *L. 76/1984, 4. gr.*

**[IV. kafli. Um ræktun nytjaskóga á bújörðum.]**[1]

[1] *L. 76/1984, 3. gr.*

■ **[24. gr.** Í þeim héruðum landsins, þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg, styrkir ríkissjóður ræktun nytjaskóga á bújörðum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og nánar greinir í ákvæðum þessa kafla, enda verði skógræktin þáttur í búskap bænda eða jarðeiganda.]**]**[1]

[1] *L. 76/1984, 3. gr.*

■ **[25. gr.** Styrkur samkvæmt 24. gr. má nema allt að 80 af hundraði stofnkostnaðar við undirbúning skógræktarlandsins, þ. m. t. girðingar og vegagerð, plöntur og gróðursetning.

□ Styrk má því aðeins veita að fullnægt sé eftirtöldum atriðum:

a. Skógrækt ríkisins hafi gert sérfræðilega athugun á skógræktarskilyrðum í viðkomandi sýslu, hluta hennar eða fleiri sýslum saman og skógræktarstjóri staðfest skógræktaráætlun fyrir þau lönd er til greina koma. Áður en skógræktarstjóri staðfestir áætlun skal afla umsagnar viðkomandi búnaðarsambands og samþykkis jarðanefndar, sveitarstjórnar og Skipulags ríkisins á ráðstöfun lands til ræktunar nytjaskóga samkvæmt skógræktaráætlun.

b. Að fyrir liggi samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi bónda og landeiganda, ef hann er annar en ábúandi, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu. Í þeim samningi skal m. a. kveðið á um stærð og mörk skógræktarlandsins, framkvæmdir, skiptingu stofnkostnaðar og meðferð landsins.

□ Samningi samkvæmt b-lið þessarar greinar skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi jörð áður en styrkur er greiddur.]**]**[1]

[1] *L. 76/1984, 3. gr.*

■ **[26. gr.** Um girðingar um nytjaskóga fer eftir ákvæðum girðingarlaga, nr. 10 25. mars 1965. Um meðferð nytjaskóga skal fara eftir ákvæðum II. kafla laga þessara.

□ Vanefni landeigandi eða umráðamaður landsins skyldur sínar samkvæmt samningi, sbr. b-lið 25. gr., er

Skógrækt ríkisins heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað landeiganda. Greiði landeigandi ekki slíkan kostnað má taka hann lögtaki.

□ Komi til vanefnda á samningi skv. b-lið 25. gr. af hálfu Skógræktar ríkisins er landeiganda eða umráðamanni lands heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað Skógræktar ríkisins.][1)]

[1)] *L. 76/1984, 3. gr.*

■ [**27. gr.** Óheimilt er landeiganda eða ábúanda, án samþykkis Skógræktar ríkisins, að leigja eða heimila öðrum afnot af landi sem ráðstafað hefur verið til skógræktar með samningi samkvæmt 25. gr., nema viðkomandi jörð sé leigð til ábúðar samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

□ Um mat á framkvæmdum sem ábúandi á leigujörð gerir vegna ræktunar nytjaskóga skal fara eftir 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, en styrkur skv. þessum kafla skal þó jafnan koma til frádráttar ásamt verðbótum.

□ Telji landeigandi að ræktun nytjaskógar hafi mistekist getur hann óskað eftir að samningur skv. b-lið 25. gr. verði felldur úr gildi. Fallist Skógrækt ríkisins á að ræktunin hafi mistekist er henni heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðuneytisins, að fella samninginn úr gildi, enda endurgreiði landeigandi ⅕ af matsverði girðinga. Aðrar umbætur, sem orðið hafa á landinu, falli jörðinni til. Heimilt er að skjóta synjun Skógræktar ríkisins til landbúnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag um endurkröfuna er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna.][1)]

[1)] *L. 76/1984, 3. gr.*

■ [**28. gr.** Ef um ítrekaðar vanefndir landeiganda eða ábúanda á samningi skv. b-lið 25. gr. er að ræða eða brotið er gegn ákvæðum þessara laga um meðferð skógræktarlandsins er Skógrækt ríkisins heimilt annað tveggja:

a. Að endurkrefja landeiganda um hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum skv. vísitölu byggingarkostnaðar. Skal hinn endurkrafni styrkur greiddur eins og bætur skv. b-lið.

b. Að taka skógræktarlandið í sína vörslu tímabundið, þó ekki lengur en 8 ár, og halda framkvæmdum áfram eftir samningi skv. b-lið 25. gr. Á meðan landið er þannig í vörslu Skógræktar ríkisins fellur allur arður af skóginum til hennar án þess að leiga komi fyrir landið. Endurgreiði landeigandi eða ábúandi áfallinn kostnað vegna vanefndanna og geri full skil á sínum hlut eftir samningi, skv. b-lið 25. gr., tekur hann við landinu með þeim réttindum og skyldum sem kveðið er á um í samningi, skv. b-lið 25. gr. Líði 8 ár frá því að landið var tekið í vörslu Skógræktar ríkisins, án þess að landeigandi eða ábúandi hafi bætt úr vanefndum, er Skógrækt ríkisins heimilt að leysa til sín skógræktarlandið að fengnum meðmælum viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og samþykki landbúnaðarráðherra, enda teljist það nauðsynlegt til að tryggja og viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í ræktun nytjaskóga á landinu. Náist ekki samkomulag um verð á hinu innleysta landi skal um mat fara eftir 2. mgr. 29. gr., en bæturnar skulu greiddar með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 4 árum og skal fyrsta greiðsla innt af hendi innan þriggja mánaða frá því að innlausn er leyfð. Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætur frá innlausnardegi til greiðsludags og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánum til jarðakaupa hverju sinni.][1)]

[1)] *L. 76/1984, 3. gr.*

■ [**29. gr.** Við aðilaskipti að réttindum yfir landi, sem hefur verið ráðstafað til skógræktar með samningi skv. 25. gr., fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talin útlagning til veðhafa, búskipti, félags- og sameignaslit og fyrirframgreiðslu arfs, skal Skógrækt ríkisins eiga forkaupsrétt að landinu eða hluta þess næst á eftir lögboðnum forkaupsréttarhöfum skv. 21. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976. Skógrækt ríkisins öðlast þó ekki forkaupsrétt þegar jarðareigandi ráðstafar jörðinni í heild, enda taki viðkomandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.

□ Neyti Skógrækt ríkisins forkaupsréttar síns skal kaupverðið miðað við verð á sambærilegu landi án skógræktar, að viðbættum verðmætisauka vegna skógræktarinnar, en að frádregnum styrk skv. þessum kafla, ásamt verðbótum miðað við byggingarvísitölu. Náist ekki samkomulag um kaupverðið er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna og gildir það þá sem söluverð.

□ Skógrækt ríkisins er heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að selja skógræktarland, sem hún hefur eignast skv. b-lið 28. gr. og 1. mgr. 29. gr., eiganda viðkomandi jarðar til ræktunar nytjaskóga.][1)]

[1)] *L. 76/1984, 3. gr.*

■ [**30. gr.** Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

□ Nefnd þriggja manna skal vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar skv. a-lið 25. gr. Skal nefndin skipuð fulltrúum Skógræktar ríkisins, viðkomandi búnaðarsambands og skógræktarfélags, enda sé félagið aðili að Skógræktarfélagi Íslands. Fulltrúi Skógræktar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

□ Starfi fleiri en eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands á því svæði sem skógræktaráætlunin tekur til skulu félögin sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina. Sama gildir um búnaðarsamböndin.][1)]

[1)] *L. 76/1984, 3. gr.*

■ [**31. gr.** Skógrækt ríkisins skal, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, gera tillögu til fjárveitingarvaldsins um framlög til skógræktaráætlana (skógarbúskapar) og lætur fylgja þeim tillögum rökstudda greinargerð ásamt framkvæmdaáætlun. Alþingi skiptir því fé, sem veitt er hverju sinni, til verkefna samkvæmt staðfestum áætlunum.][1)]

[1)] *L. 76/1984, 3. gr.*

## [V. kafli.][1)] Um Skógræktarfélag Íslands.

[1)] *L. 76/1984, 4. gr.*

■ [**32. gr.**][1)] Skógræktarfélag Íslands er viðurkennt sem samband skógræktarfélaga í landinu.

[1)] *L. 76/1984, 4. gr.*

■ [**33. gr.**][1)] Styrkur sá, sem veittur er í fjárlögum til skógræktarfélaga, er bundinn því skilyrði, að þau séu deildir í Skógræktarfélagi Íslands.

[1)] *L. 76/1984, 4. gr.*

**1955** Nr. 3 6. marz

■ **[34. gr.]**[1] Ráðherra úthlutar styrknum, að fengnum tillögum skógræktarstjóra og formanns Skógræktarfélags Íslands.

[1] *L. 76/1984, 4. gr.*

**[VI. kafli.]**[1] **Um skógarítök.**[2]

[1] *L. 76/1984, 4. gr.* [2] *Augl. 44/1942.*

■ **[35. gr.]**[1] ...

[1] *L. 76/1984, 4. gr.*

■ **[36. gr.]**[1] Eftir staðfestingu þessara laga er öllum óheimilt að selja, gefa eða láta af hendi ítök í skógum og kjarri, án þess að landið, skógartorfan, fylgi með afsalinu.

[1] *L. 76/1984, 4. gr.*

**[VII. kafli.]**[1] **Um sektir, málsmeðferð o. fl.**

[1] *L. 76/1984, 4. gr.*

■ **[37. gr.]**[1] Brot gegn lögum þessum varða sektum, ...[2] til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála.

[1] *L. 76/1984, 4. gr.* [2] *L. 10/1983, 39. gr.*

**1966** Nr. 22 16. apríl

## Lög um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt.

■ **1. gr.** Ríkissjóður styrkir ræktun skjólbelta eftir því, sem fé er veitt á fjárlögum, og samkvæmt því, sem nánar greinir í lögum þessum.

■ **2. gr.** Skógræktarstjóri hefur yfirumsjón með ræktun skjólbelta. Hann aflar upplýsinga um áætlaðar framkvæmdir í ræktun skjólbelta næsta ár og gerir, að þeim fengnum, tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um fjárveitingu á næsta ári, áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi.

■ **3. gr.** Eftirgreindir aðilar geta notið styrks samkvæmt 1. gr.:

a. Ábúendur lögbýla og garðyrkjubýla.

b. Félagsbundin samtök um ræktun korns eða garðávaxta, enda sé land það, er tekið er til ræktunar, eigi minna en 10 hektarar að flatarmáli.

■ **4. gr.** Styrk má því aðeins veita, að fullnægt sé eftirtöldum skilyrðum:

a. Að skógarvörður og héraðsráðunautur hafi mælt með framkvæmdum.

b. Að fylgt hafi verið fyrirmælum skógarvarðar um legu skjólbelta og gerð þeirra.

c. Að eigandi eða vörzlumaður lands eða jarðar hafi annazt jarðvinnslu og lagt til nægan áburð samkvæmt fyrirmælum skógarvarðar.

d. Að landssvæði það sem vernda skal, hafi verið girt löggirðingu, sbr. 16. gr. laga nr. 3/1955, um skógrækt.

e. Að lokið sé ákveðnum áfanga gróðursetningar, sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

■ **5. gr.** Girðingarstyrk skal aðeins miða við girðingu utan um samfellt ræktunarland. Vilji eigandi eða vörzlumaður nota landið til beitar, er honum skylt að girða reinarnar, svo að öruggt sé, að skjólbeltin bíði ekki tjón af beitinni.

□ Verði tjón á skjólbeltum vegna búfjárbeitar, er veittur styrkur afturkræfur að nokkru eða öllu leyti.

■ **6. gr.** Styrkur samkv. 1. gr. má nema allt að ⅓ af girðingarkostnaði og ½ af andvirði trjáplantna og kostnaði við gróðursetningu.

□ Skógarverðir eða héraðsráðunautar gera úttekt á skjólbeltaframkvæmdum.

■ **7. gr.** Skylt er eiganda skjólbeltis eða vörzlumanni að fara eftir fyrirmælum skógarvarðar um friðun og hirðingu þess. Lendi skjólbelti í vanhirðu, er heimilt að endurheimta styrk þann, sem veittur var.

□ Að fimm árum liðnum frá gróðursetningu skjólbeltis er heimilt að veita eiganda eða vörzlumanni þess verðlaun, er samsvari allt að fjárhæð 2ja ára hirðingarkostnaði, ef ræktun skjólbeltis hefur tekizt vel.

■ **8. gr.** Verði eigenda- eða ábúendaskipti á landssvæði eða jörð, þar sem skjólbeltarækt hefur verið styrkt samkvæmt lögum þessum, ber sá, er við tekur, ábyrgð á því, að skjólbelti sé friðað og hirt. Vanræki hann það, er heimilt að heimta úr hendi hans þann styrk, sem veittur hefur verið.

■ **9. gr.** Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

**1966** Nr. 22 16. apríl

## Lög um landgræðslu.

### I. kafli. Markmið og stjórn.

■ **1. gr.** Tilgangur þessara laga er:

1. Að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs.
2. Að græða upp eydd og vangróin lönd.

**1965** Nr. 17 24. apríl

■ **2. gr.** [Landgræðsla ríkisins fer með landgræðslumál samkvæmt lögum þessum og skal hafa aðsetur í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Starfsemin greinist í eftirtalda þætti:

1. Sandgræðslu, sem er hefting jarð- og sandfoks og græðsla gróðurlausra og gróðurlítilla landsvæða.
2. Gróðurvernd, sem stuðlar að eflingu gróðurs til að auka mótstöðuafl lands gegn eyðingu.
3. Gróðureftirlit sem fylgist með notkun gróðurs, vinnur gegn ofnotkun hans og hvers konar skemmdum á gróðurlendum.][1]

[1] *L. 54/1975, 1. gr.*

■ **3. gr.** [Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála. Hann skipar landgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt hefur umsjón með landgræðslumálum fyrir hönd ráðherra.

□ Landgræðslustjóri skal hafa háskólapróf í búfræði eða hliðstæðum greinum.

□ Ráðherra skipar fulltrúa landgræðslustjóra og skulu þeir fullnægja hliðstæðum menntunarskilyrðum. Heimilt er að fela einstökum fulltrúum meðferð ákveðinna þátta starfsins, svo sem gróðurvernd, gróðureftirlit eða sandgræðslu, undir yfirstjórn landgræðslustjóra.][1]

[1] *L. 54/1975, 2. gr.*

■ **4. gr.** Landgræðslustjóra er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að ráða landgræðsluverði sér til aðstoðar.

### [II. kafli. Landgræðsla.][1]

[1] *L. 54/1975, 3. gr.*

■ **5. gr.** [Landgræðsla ríkisins skal kosta kapps um að stöðva jarðvegseyðingu, hvort sem er af völdum uppblásturs, sandfoks eða vatnsrofs. Hún annast og græðslu eyddra og vangróinna landa. Landgræðslustjóri skal kanna eða láta kanna staðhætti, þar sem hætta stafar af jarðvegs- og sandfoki. Þau verkefni skulu ganga fyrir, sem forða eiga verðmætum gróðurlendum frá yfirvofandi hættu.

□ Landgræðslan hefur eftirlit með þeim löndum, sem þegar hafa verið tekin til græðslu.

□ Gera skal kostnaðaráætlun um hvert verk áður en hafið er.][1]

[1] *L. 54/1975, 4. gr.*

■ **6. gr.** Þar sem henta þykir, skal kosta kapps um að koma upp skógi og kjarri innan landgræðslugirðinga. Skógrækt ríkisins skal veita landgræðslunni leiðbeiningar um þessa ræktun.

■ **7. gr.** Landgræðsla ríkisins skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem hún tekur til heftingar á jarð- og sandfoki eða endurgræðslu, á eftirfarandi hátt:

1. Með samningi til svo langs tíma, sem landgræðslustjóra þykir þurfa. Eigendur eða leigutakar skulu hafa forgangsrétt að landsnytjum gegn hæfilegu gjaldi, þegar uppgræðsla er svo vel á veg komin, að nytja megi landið að dómi landgræðslustjóra.

2. Með eignarnámi, ef umráðaréttur fæst ekki á annan hátt, sbr. lög um eignarnám, nr. 61 frá 14. nóv. 1917.[1] Eignarnám skal þó eigi framkvæma, nema rannsókn samkvæmt 40. gr. sýni, að þess sé þörf, og að fengnu áliti stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

□ Áður en aflað er umráðaréttar yfir landi samkvæmt þessari grein, skal landgræðslustjóri senda landbúnaðarráðuneytinu rökstuddar tillögur um málið. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um framkvæmdina.

[1] *Nú l. 11/1973.*

■ **8. gr.** [Heimilt er Landgræðslu ríkisins að styrkja sveitarfélög, upprekstrarfélög eða einstaklinga til uppgræðslu, jarðvegs- og gróðurverndaraðgerða, svo sem til að koma upp girðingum í kringum uppblástursvæði eða vangróið land, græða það og halda við girðingum. Framlög mega nema allt að ⅔ kostnaðar við þessar framkvæmdir, að meðtöldum þeim framlögum, sem kunna að vera greidd samkvæmt jarðræktarlögum.

□ Landsvæði, sem að dómi Landgræðslunnar eru í hættu eða þar sem þröngt er í högum og þörf hagabóta, ganga fyrir með slíka aðstoð.

□ Aðstoð skal binda skilyrðum um meðferð landsins, og er heimilt að krefjast endurgreiðslu á framlagi, ef út af þeim er brugðið.

□ Landgræðslan skal setja reglur, sem staðfestar eru af landbúnaðarráðherra, um það, með hvaða kjörum og skilyrðum aðstoð er veitt til áburðardreifingar og annarra uppgræðsluaðgerða. Auglýsa skal þessar reglur hverju sinni.][1]

[1] *L. 54/1975, 5. gr.*

■ **9. gr.** Í nágrenni landgræðslusvæða er heimilt að taka efni til afnota við landgræðsluna svo sem vatn, jarðefni, þara og fræ. Þó má ekki taka efni þannig, að landspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Landeigandi á rétt til bóta eftir mati, ef samningar takast ekki.

■ **10. gr.** Nú er sett girðing fast við landgræðslugirðingu eða áfast henni, og skulu þá vera hlið á henni eigi fjær en 50 metra frá landgræðslugirðingunni, svo að vinna megi tálmunarlaust að henni.

■ **11. gr.** [Landgræðslugirðingar skulu vera fjárheldar löggirðingar.

□ Liggi landgræðslugirðing um alfaraleið, skal vera traust hlið á henni, sem auðvelt er að fara um. Vegfarendum er skylt að loka hliðum, enda sé áminning þess efnis við hliðin. Varðar sektum, ef út af er brugðið, og bótaskyldu, ef tjón verður á gróðri af þeim sökum.

□ Hver, sem verður þess var, að girðing skemmist svo, að hætta sé á, að hún haldi ekki sauðfé, skal skýra hreppstjóra eða eftirlitsmanni frá því hið fyrsta.

□ Landgræðslustjóri getur bannað alla umferð um landgræðslusvæði, þar sem honum þykir ástæða til. Skal þá bannið auglýst við girðingarhliðin.][1]

[1] *L. 54/1975, 6. gr.*

1965 Nr. 17 24. apríl

■ **12. gr.** Þegar land, sem Landgræðsla ríkisins hefur tekið til græðslu með samkomulagi, sbr. 7. gr., er svo vel gróið að dómi landgræðslustjóra, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi landgræðslunnar, skal afhenda það aftur eigendum. Landgræðslustjóri setur reglur um meðferð landsins.

■ **13. gr.** Land, sem Landgræðsla ríkisins hefur eignazt skv. 2. tölulið 7. gr. þessara laga, má selja með samþykki landbúnaðarráðherra, þegar það hefur verið endurgrætt. Eigandi þeirrar jarðar, sem landið áður fylgdi, skal hafa forkaupsrétt og leigutaki að eiganda frágengnum. Noti hvorugur rétt sinn, skal fylgt ákvæðum laga nr. 40 frá 5. apríl 1948[1] við söluna. Hafi sveitarfélag eða bæjarfélag átt landið áður, er þeim skylt að taka við landinu, ef landgræðslustjóri krefst þess. Hann setur reglur um meðferð landsins og er kaupendum og síðari eigendum skylt að hlíta þeim. Skal þinglýsa reglunum sem kvöð á jörðinni.

[1] *Sjá nú l. 65/1976.*

■ **14. gr.** Hefjist uppblástur eða landskemmdir að nýju á landi, sem afhent hefur verið eða selt samkvæmt 12. og 13. gr., er landeiganda skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema uppblásturinn og skemmdirnar séu ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

□ Vanræki landeigandi nauðsynlegar aðgerðir eftir aðvörun landgræðslustjóra, má landgræðslan láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, sbr. 7. gr.

■ **15. gr.** Þegar land í eigu Landgræðslu ríkisins er að dómi landgræðslustjóra svo gróið, að nytja megi, skal gefa bændum kost á að nytja það, enda sé þess ekki þörf undir ríkisbú. Skal landgræðslustjóri annaðhvort leita tilboða um afnotaréttinn eða leigja hann samkvæmt mati. Landgræðslustjóri setur reglur um meðferð landsins.

■ **16. gr.** Komist búfé inn á landgræðslusvæði, sem halda skal friðuðu og girt er ógallaðri girðingu, skal landgræðslustjóri eða eftirlitsmaður hans láta merkja það fé og tilkynna hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fjárins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið, og göllum á girðingu verði eigi um kennt, getur landgræðslustjóri krafizt þess, að hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum í verð. Landgræðslan greiðir síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna. Eigi hreppstjóri eða vandamenn hans hlut að máli, kveður sýslumaður óvilhallan mann í hans stað, er gegni skyldum hreppstjóra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

**III. kafli. Gróðurvernd.**

■ **17. gr.** Land skal nytja svo, að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta. Sá, sem landspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau.

■ **18. gr.** Landgræðsla ríkisins skal hafa gát á meðferð á gróðri landsins og vinna gegn því, að hann eyðist fyrir ofnotkun eða aðra óskynsamlega meðferð.

□ Hún skal einnig fylgjast með því, að landspjöll séu eigi unnin að óþörfu, og segja fyrir um, hvernig þau skuli bæta.

☐ Þar sem hætta er á gróðurrýrnun eða eyðingu, ber að leiðbeina búendum um meðferð lands og gróðurs.

☐ Spilli náttúruhamfarir grónu landi, skal landgræðslan gera ráðstafanir til endurgræðslu, ef þess er kostur.

☐ Þar, sem gróðurverndar er þörf, skal að henni unnið svo sem segir í þessum kafla og samkvæmt reglum, sem um það verða settar.

■ **19. gr.** [Í hverri sýslu, kaupstað og bæ skal starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Héraðsnefndir og bæjarstjórnir kjósa nefndirnar til fjögurra ára í senn. Í sýslum skal áður leitað tillagna viðkomandi búnaðarsambands. Nefndin kýs sér formann. Funda- og ferðakostnaður svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslu ríkisins að ⅔ hlutum og viðkomandi héraðssjóði eða bæjarsjóði að ⅓ hluta.][1]

[1] *L. 108/1988, 28. gr.*

■ **20. gr.** [Gróðurverndarnefndir skulu í samvinnu við landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands fylgjast með notkun afrétta og heimalanda í viðkomandi sýslu, vera ráðgefandi fyrir stjórnendur fjallskilamála í umdæminu um notkun og meðferð beitilanda og aðstoða Landgræðslu ríkisins við verndun og eflingu gróðurs.

☐ Gróðurverndarnefndir skulu halda gerðabækur um störf sín og skila árlegum skýrslum til viðkomandi búnaðarsambanda, landnýtingarráðunautar og landgræðslustjóra. Landgræðslustjóri skal setja reglur um störf gróðurverndarnefnda.][1]

[1] *L. 54/1975, 8. gr.*

■ **21. gr.** [Berist gróðurverndarnefnd rökstudd ábending um, að gróðurverndar sé þörf á einstökum jörðum eða stærri landsvæðum, skal nefndin kynna sér málavöxtu og senda landgræðslustjóra greinargerð um málið.

☐ Telji landgræðslustjóri, að um gróðureyðingu og/eða ranga notkun landsins sé að ræða, gerir hann tillögur um, hvernig úr skuli bæta, og leitar samkomulags við landeigendur um framkvæmd úrbóta (sbr. heimildir í 16. gr. laga um afréttarmálefni og fjallskil).[1]

☐ Hafi gróðurverndaraðgerðir verulegan kostnað í för með sér, má veita til þeirra styrk samkvæmt 8. gr. laga þessara.

☐ Þar sem um afréttarlönd er að ræða eða fleiri eigendur eru að landinu, má binda stuðning Landgræðslunnar því skilyrði, að þeir stofni til félagsskapar um framkvæmdirnar. Reglur um stuðning þennan skal setja og birta á sama hátt og kveðið er á um í síðustu mgr. 8. gr.][2]

[1] *L. 6/1986.* [2] *L. 54/1975, 9. gr.*

■ **22. gr.** Náist ekki samkomulag um aðgerðir milli landgræðslustjóra og landeiganda, getur landgræðslustjóri látið fram fara rannsókn á jörð eða landsvæðum samkvæmt 40. gr.

☐ Leiði rannsókn í ljós, að brýn þörf sé gróðurverndar, getur landgræðslustjóri krafizt nauðsynlegra aðgerða af landeiganda. Verði hann ekki við þeirri kröfu, getur landgræðslan á kostnað landeiganda framkvæmt aðgerðirnar, að fengnu samþykki ráðuneytisins. Styrkja má þessar framkvæmdir með allt að ⅓ hluta kostnaðar.

■ **23. gr.** Telji landgræðslustjóri að gróðurverndar sé þörf sakir þess að heimalönd eða afréttir hafi eigi nægilegt beitarþol fyrir þann búpening, sem á þeim gengur, skal hann leita samkomulags við landeigendur til úrbóta.

☐ Náist ekki samkomulag, skal hann láta rannsaka beitarþol viðkomandi landa samkv. 40. gr.

☐ Leiði rannsóknin í ljós, að löndunum sé ofboðið, er landgræðslustjóra skylt að krefjast ítölu í þau.

☐ Ítala skal gerð af ítölunefnd, er skipuð sé af þeim aðilum, sem um getur í 5. gr. laga um ítölu, nr. 39 23. maí 1959,[1] og gilda þá um störf hennar ákvæði nefndra laga.

☐ [Ef gróðri er svo komið að skjótra verndaraðgerða telst þörf, að mati gróðureftirlits Landgræðslu ríkisins, getur landbúnaðarráðuneytið, að höfðu samráði við sveitarstjórn þá, sem hlut á að máli, ákvarðað tímabundna takmörkun á beitarálagi þar til fullnægjandi gróðurverndaraðgerðir, að mati gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins, hafa verið gerðar eða ítala er komin til framkvæmda.][2]

[1] *Nú l. 6/1986, 21. gr.* [2] *L. 42/1982, 2. gr.*

■ **24. gr.** Verði búandi að skerða bústofn sinn verulega vegna ítölu, skulu gróðurverndarnefnd og landgræðslan vera honum til ráðuneytis, hverra úrræða sé helzt að leita til að koma í veg fyrir tekjumissi.

■ **25. gr.** Héraðsráðunautum búnaðarsambandanna er skylt að fylgjast með því, svo sem ástæður leyfa, hvort gróðri hnignar mjög í heimalöndum og afréttum sökum ofbeitar eða hvort land fer í örtröð, og skýra landgræðslustjóra frá því.

**IV. kafli. Félög til landgræðslu.**

■ **26. gr.** Heimilt er bændum, sveitarfélögum eða sýslufélögum[1] að stofna félög til landgræðslu.

[1] *Sjá nú um héraðsnefndir í l. 8/1986, 6. gr.*

■ **27. gr.** Landgræðslustjóri skal semja drög að samþykktum félaga þeirra, sem um getur í 26. gr.

■ **28. gr.** Vilji þeir, sem um getur í 26. gr., stofna slíkt félag, leita þeir álits og tillagna landgræðslustjóra. Að því fengnu, geta þeir boðað til undirbúningsfundar á fyrirhuguðu félagssvæði. Þar skal kjósa nefnd, er vinni að félagsstofnuninni.

☐ Kveðja skal til fundar eigendur allra jarða, sem ætla má að hafi not af félagsskapnum. Séu jarðir í erfðafestu, skal boða erfðafestuhafa í stað landeiganda. Eigi félag land, skal boða formann félagsstjórnar. Verði landeiganda eigi boðaður fundur nægilega snemma vegna fjarvistar, skal boða leigutaka. Kveðja skal og landgræðslustjóra eða fulltrúa hans til fundarins.

☐ Fund skal boða með ábyrgðarbréfi eða símskeyti eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag – og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð, eigi síðar en viku fyrir fundardag.

■ **29. gr.** Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkv. 28. gr., skal ræða stofnun félags og verkefni. Bóka skal fundargerð.

☐ Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Fyrir hvert lögbýli eða afréttarland, sem metið er til verðs í fasteignamati skal koma eitt atkvæði. Þó að sami maður eigi fleiri en eina jörð, hefur hann eitt atkvæði. Ef eigendur lögbýlis eru fleiri en einn, skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt býlisins. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt. Hafi leigutaki verið boðaður vegna fjarvistar landeiganda, er hann fullgildur aðili með tillögu- og atkvæðisrétt samkv. 31. gr.

☐ Komi til fundar ⅓ þeirra manna, sem boðaðir eru samkv. 28. gr. og atkvæðisbærir eru samkv. 2. mgr.

þessarar greinar, má stofna félag, ef ⅔ fundarmanna samþykkja.

□ Nú verður félag eigi stofnað á þessum fundi, og getur þá meiri hluti fundarmanna kosið nefnd, sem búi málið undir annan fund. Nefndin semur frumvarp að nýrri félagssamþykkt samkv. 32. gr., gerir áætlun um kostnað af starfsemi félagsins og leitar álits landgræðslustjóra. Hún skal og afla þeirra gagna, sem fundarmenn æskja eða nauðsynleg þykja.

■ **30. gr.** Þá er nefndin hefur lokið störfum, skal hún kveðja til fundar á ný samkv. 28. gr.

□ Á fundinum skal nefndin leggja fram öll gögn, sem hún hefur aflað. Skal þá enn ræða stofnun félags og taka ákvörðun um hana. Ef meiri hluti atkvæðisbærra fundarmanna samþykkir félagsstofnun, er öllum landeigendum á félagssvæðinu skylt að gerast félagar.

■ **31. gr.** Stofnfundur eða annar lögmætur félagsfundur getur kveðið svo á, að leigutaki skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leigutaki æskir þess og landeigandi mótmælir eigi. Sæki landeigandi eigi fund og nefni eigi til umboðsmann, skal leigutaki fara með umboð eiganda. Boða skal bæði landeiganda og leigutaka á fund.

■ **32. gr.** Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá setja félaginu samþykkt þegar á stofnfundi eða á öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykkt ræður afl atkvæða. Þar sem félagssvæði er stórt, má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir.

□ Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
b. Verkefni félags og félagssvæði.
c. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
d. Reikninga félags og endurskoðun.
e. Greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.
f. Ákvæði um félagsslit.

■ **33. gr.** Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt til staðfestingar ásamt umsögn landgræðslustjóra. Nú telur ráðherra samþykkt eigi svo úr garði gerða, að hana megi staðfesta, og sendir hann þá samþykkt aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Annars kostar staðfestir hann samþykkt, eða þá er lagfært hefur verið það, er athugavert þótti. Líða skulu minnst sex mánuðir frá stofnfundi félags og þar til samþykkt er staðfest. Samþykkt má aldrei brjóta í bága við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

■ **34. gr.** Þegar félag hefur verið stofnað samkv. 26. og 30. eða 31. gr., getur sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt félagsstofnunina fyrir ráðherra, áður en sex mánuðir eru liðnir frá stofnfundi félags. Vefenging, sem síðar berst, skal eigi tekin til greina. Hafi vefenging borizt ráðherra innan lögmæts tíma, en hann eigi tekið hana til greina, má skjóta málinu til dómstóla, áður en sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu samþykktar.

■ **35. gr.** Aðalfund skal halda árlega og aukafundi þegar félagsstjórn telur ástæðu til eða ¼ félagsmanna æskir og tilgreinir fundarefni. Láti félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða fund í tvo mánuði, mega þeir, sem fund vilja halda, boða hann.

□ Fund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en 7 dögum fyrir fundardag. Þó má boða fund í félagi, sem hefur færri en 30 félagsmenn, með símtölum eða á þann hátt, sem tíðkast um boðun funda í því héraði.



□ Á fundi skal liggja frammi skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn.

□ Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Breyting á samþykkt félags þarf þó samþykki meiri hluta félagsmanna.

□ Verði breyting á samþykkt eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, má boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Þess skal getið í fundarboði, ef ráðgert er að breyta samþykkt. Breytingar á samþykkt skulu staðfestar af ráðherra eins og um getur í 33. gr.

■ **36. gr.** Þegar eigendaskipti verða eða ábúendaskipti á jörð í erfðafestu, skal hinn nýi eigandi eða ábúandi gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leigutaki er félagsmaður í stað landeiganda, getur félagsfundur kveðið svo á, að hinn nýi leigutaki gerist félagi á sama hátt og um getur í 31. gr.

■ **37. gr.** Kostnaði af starfsemi félags við aðgerðir á sameignarlandi skal jafna niður á notendur í hlutfalli við landverð jarða skv. fasteignamati að frádregnum hlunnindum.

□ Nú er land það, sem tekið er til græðslu, séreign margra býla, og skal þá skipta kostnaðinum milli býlanna í réttu hlutfalli við stærð þess lands, sem græða skal og heyrir til hverju býli.

□ Gjöld félagsmanna má taka lögtaki. Fylgir þeim lögveð í jörð í eitt ár frá eindaga, og stendur það framar öllu samningsbundnu veði.

■ **38. gr.** Land það, sem félag tekur til meðferðar samkvæmt þessum kafla, skal vera undir eftirliti landgræðslunnar, og ber henni skylda til að fylgjast með framkvæmdum félagsins. Jafnframt er félagsstjórninni skylt að hlíta fyrirmælum landgræðslustjóra, að því er varðar meðferð landsins, meðan á framkvæmdum stendur.

□ Girðingar vegna lands, sem tekið er til græðslu samkvæmt þessum kafla, hlíta sömu ákvæðum og landgræðslugirðingar, sbr. 10. og 11. gr.

■ **39. gr.** Stjórn félags skal í lok hvers árs semja skýrslu um starfsemi félagsins á því ári. Henni skal fylgja:

1. Umsögn hlutaðeigandi héraðsráðunautar um girðingar og græðslu félagsins ásamt mælingum hans á því, sem unnið hefur verið það ár.

2. Sundurliðaður reikningur yfir kostnað við friðun og græðslu lands á árinu.

□ Skýrslu þessa skal félagsstjórn senda Landgræðslu ríkisins.

**V. kafli. Rannsóknir og fleira.**

■ **40. gr.** [Rannsóknastofnun landbúnaðarins ber að annast rannsóknir á beitarþoli og orsökum gróðureyðingar, og skal fela henni að framkvæma þær rannsóknir, sem um er rætt í 7., 22. og 23. gr. þessara laga.

□ Rannsóknastofnun landbúnaðarins ber í samvinnu við Landgræðslu ríkisins að leita eftir nýjum plöntutegundum, sem vænlegar eru til landgræðslu.][1)]

[1)] *L. 54/1975, 10. gr.*

■ **41. gr.** Landgræðslu ríkisins er heimilt að koma á fót gróðrarstöð til að fjölga þeim tegundum plantna, sem nothæfar reynast til landgræðslu.

■ **42. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 54/1975, 11. gr.*

**1965** Nr. 17 24. apríl

## VI. kafli. Önnur ákvæði.

■ **43. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs ...,[1] nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Mál út af þeim skal fara með að hætti opinberra mála.

[1] *L. 10/1983, 40. gr.*

**1894** Nr. 12 13. apríl

## Samþykktarlög um verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu.[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1965, d. 1542 – 3.*

**1917** Nr. 68 14. nóv.

## Lög um áveitu á Flóann.

■ **1. gr.** Landsstjórninni heimilast að láta veita vatni úr Hvítá í Árnessýslu, nálægt Brúnastöðum, á Flóann, og nái sú áveita til þeirra jarða í Hraungerðishreppi, Villingaholtshreppi, Gaulverjabæjarhreppi, Stokkseyrarhreppi, Eyrarbakkahreppi og Sandvíkurhreppi, þar sem landslag leyfir áveitu, en fari þó eigi yfir þau svæði í Gaulverjabæjarhreppi, sem nota áveitu úr Þjórsá. Heimild þessi kemur til framkvæmda, þá er stofnað hefur verið áveitufélag samkv. 3. gr. þessara laga og samþykkt fyrir það náð staðfestingu stjórnarráðsins.

■ **2. gr.** Stofnkostnaður áveitunnar, að flóðgörðum meðtöldum greiðist að ¼ hluta úr landssjóði, en að ¾ hlutum skal áveitan kostuð af eigendum jarða þeirra, sem áveitan nær til, með þeim nánari ákvörðunum, er lög þessi setja.

□ Til stofnkostnaðar skal einnig telja aukningar og umbætur, sem nauðsynlegt þykir að gera á áveitunni, eftir að hún er tekin til notkunar, en eru stærri en svo, að fært þyki að reikna þær til viðhalds áveitunni.

□ Með stofnkostnaði áveitunnar skal og telja vexti og afborganir af áveituláni því, er ræðir um í 7. gr. þessara laga, á meðan framkvæmd verksins stendur yfir, og enn fremur afborganir af láninu 5 fyrstu árin eftir að áveitan er tekin til notkunar, ef afborgana er krafizt af láninu þann tíma.

■ **3. gr.** Jarðeigendur á áveitusvæðinu mynda með sér áveitufélag, og nefnist það Flóaáveitufélagið.

□ Til þess að undirbúa stofnun áveitufélagsins skulu í hverjum hreppi á áveitusvæðinu, samkvæmt 1. gr., kosnir 2 fulltrúar á lögmætum sveitarfundi. Skulu þeir svo í sameiningu kveðja alla jarðeigendur áveitusvæðisins, með nægum fyrirvara, til stofnfundar. Atkvæðisrétt til félagsstofnunar og á félagsfundum hefur sérhver eigandi jarðar eða jarðarparts, sem áveitan nær til. Eigi einhver eða einhverjir þeirra heima utan áveitusvæðisins, geta þeir gefið öðrum umboð til þess að mæta á fundum fyrir sína hönd. Áveitufélagið telst stofnað ef ¾ fundarmanna greiða atkvæði með stofnun þess, en lögmætur er stofnfundur því aðeins að ¾ jarðeigenda sæki fundinn.

□ Sæki ekki nógu margir stofnfund til þess að lögmætur sé, skal samt atkvæða leitað um félagsstofnunina, og verði henni samþykkir ¾ fundarmanna, skal með sama hætti og getið var boðað til nýs stofnfundar innan 2 mánaða, og er félagsstofnunin löglega samþykkt á þeim fundi með atkvæði ¾ fundarmanna, án tillits til þess, hve margir sækja þann fund.

■ **4. gr.** Fyrir stofnfund skulu fundarboðendur leggja frumvarp til áveitusamþykktar. Gildir hún sem lög fyrir áveitufélagið, þá er hún hefur náð samþykki fundarins og öðlazt staðfestingu stjórnarráðsins. Í samþykkt skal kveða á um, að stjórn félagsins skipi 3 menn, er kosnir séu til 1 árs í senn,[1] og 1 til vara fyrir hvern aðalmann. Enn fremur skal greina störf félagsstjórnarinnar, réttindi og skyldur félagsmanna, umsjón og viðhald áveitunnar og greiðslu kostnaðar, er af þessu leiðir. Skal og getið jarða þeirra allra, er veitan nær til.

□ Eigi verður samþykkt gerð, nema ¾ fundarmanna greiði henni atkvæði í heild, en um einstök atriði hennar ræður afl atkvæða. Breytingar á samþykktinni, er síðar kunna að koma til á fundum áveitufélagsins, verða eigi gerðar nema ¾ fundarmanna á lögmætum félagsfundi greiði atkvæði með þeim, og öðlist breytingin staðfestingu stjórnarráðsins.

[1] *Nú l. 10/1926, 5. gr.*

■ **5. gr.** Nú er samþykkt gerð, eins og fyrir er mælt í 4. gr., og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rétt manna, og synjar það þá um staðfestingu, en skýrir stjórn áveitufélagsins frá ástæðum fyrir neituninni. Skal þá stjórn áveitufélagsins kveðja þegar til fundar í áveitufélaginu með nægum fyrirvara, og taka félagsmenn ákvarðanir um athugasemdir stjórnarráðsins og gilda þar um ákvæði 4. gr., þann veg að afl atkvæða ræður um einstakar breytingartillögur.

■ **6. gr.** Ákveða má í samþykkt allt að 400 kr. sekt fyrir brot gegn henni, og renna sektir í sjóð áveitufélagsins.

□ Með brot gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.

■ **7. gr.** Til þess að standast stofnkostnað áveitunnar, án flóðgarða, að þeim ¾ hlutum, sem jarðeigendum ber að greiða, tekur áveitufélagið peningalán, að svo miklu leyti sem með þarf og nýtur til þess tilstyrks landsstjórnarinnar.

□ Landssjóði veitist heimild til þess að ábyrgjast lán þetta, sé það ekki tekið hjá landssjóði sjálfum, en hann skal tryggður með veði í jörðum þeim á áveitusvæðinu, er áveitunnar njóta ásamt mannvirkjum þeim, sem á jörðunum eru í notum ábúðarinnar, og eru eign jarðeigenda, þó svo, að laust sé, til frjálsra afnota jarðeigenda eða veðsetningar, sem svarar ⅗ hlutum virðingarverðs hverrar jarðeignar, samkvæmt mati áður en áveitufyrirtækið var hafið, sem landsstjórnin tekur gilt, en næst þar á eftir komi veðréttur landssjóðs.

□ Með veðrétti þessum skal einnig tryggður viðhalds- og umsjónarkostnaður áveitunnar. Svo stendur hann og sem trygging fyrir því, að gerðir séu flóðgarðar á hinum einstöku jörðum, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

■ **8. gr.** Stjórn áveitufélagsins jafnar niður áveitukostnaðinum (stofnkostnaðinum) á jarðir þær, er hlut eiga að máli – en það eru allar þær jarðir, er áveitan nær til –, og skal við þá niðurjöfnun aðallega farið eftir stærð þess áveitulands, er hverri jörð tilheyrir, er reiknast þó aldrei meira en ¾ hlutar af stærð allrar jarðarinnar, með hæfilegu tilliti til þess, ef einhverjar af jörðunum standa sérstaklega að vígi um not áveitunnar.

□ Sé einhver áveitufélagsmanna óánægður með niðurjöfnun stjórnar áveitufélagsins, getur hann skotið máli sínu til landsstjórnarinnar, er sker úr þrætunni til fullnaðar. Eftir að allur ágreiningur er þann veg útkljáður, staðfestir stjórnarráðið niðurjöfnunina.

■ **9. gr.** Stjórn áveitufélagsins skal fyrir 1. október ár

**1917** Nr. 68 14. nóv.

hvert gera áætlun um viðhalds- og umsjónarkostnað áveitunnar yfirstandandi ár. Með umsjónarkostnaði telst þóknun til félagsstjórnar og endurskoðenda. Kostnaði þessum jafnar áveitufélagsstjórnin síðan niður á jarðir þær, sem áveitan nær til, eftir sama mælikvarða og stofnkostnaðinum samkv. 8. gr.

□ Áveitufélagsstjórnin skal gera skrá yfir gjöld þessi, svo og afborganir þær og vexti af áveituláninu, sem hverri einstakri jörð ber að greiða eftir ítölu hennar í stofnkostnaði áveitunnar samkv. 8. gr. Eftir gjaldskrá þessari skal áveitufélagsstjórnin innheimta árgjöldin í heild sinni hjá jarðeigendum fyrir 1. nóvember. Reikningsár áveitufélagsins er almanaksárið.

■ **10. gr.** Lögtaksréttur fylgir öllum þeim áveitugjöldum, sem greind eru í lögum þessum.

□ Innheimtist áveitugjöldin ekki frjálslega eða með lögtaksgerð hjá skuldunaut, eða vanrækt er að gera flóðgarða á jörð samkvæmt 16. gr., skal gengið að tryggingarveðinu í jörð þeirri eða jörðum, er vanskilin eða vanrækslan stafar frá. Seljist jörð eigi á nauðungaruppboði því verði að þessum veðskuldum sé fullnægt, skal landssjóður láta leggja sér út jörðina, enda ber hann síðan sem jarðeigandi þær skyldur, sem á jörðinni hvíla, vegna áveitunnar.

■ **11. gr.** Leiguliði á jörð, sem áveitan nær til, er skyldur, að viðlögðum ábúðarmissi, að standa jarðeiganda skil á umsjónar- og viðhaldskostnaði áveitunnar samkvæmt hinni árlegu niðurjöfnun, svo og á fullum vöxtum af þeim ¾ hlutum stofnkostnaðarins, sem jarðeiganda ber að greiða samkvæmt 2. gr., og enn fremur vöxtum af þeim hluta andvirðis flóðgarðanna á jörðinni, sem eigandi hefur lagt fram samkvæmt 15. gr.

□ Viðtakanda jarðar í fardögum ber að inna af hendi nefnd leiguliðagjöld yfirstandandi árs.

■ **12. gr.** Stjórn áveitufélagsins annast allar framkvæmdir fyrir félagsins hönd milli funda. Skal hún með samþykki landsstjórnarinnar ráða umsjónarmann áveitunnar, er segir fyrir um notkun vatnsins og sér um framkvæmd viðhaldsins.

□ Nánari ákvarðanir um verksvið umsjónarmannsins skulu greindar í samþykkt.

□ Landsstjórninni er heimilt eftirlit með því, að verkinu sé vel við haldið, eftir því sem hún telur nauðsyn á. Skal áveitufélagsstjórn og umsjónarmanni skylt að hlíta fyrirskipunum hennar hér að lútandi.

■ **13. gr.** Aðalfund áveitufélagsins skal halda fyrir miðjan febrúar ár hvert. Skal stjórn áveitufélagsins boða til hans með 3 vikna fyrirvara í öllum hreppum á áveitusvæðinu, á sama hátt og boðað er til lögmætra sveitafunda.

□ Á aðalfundi skal tekið fyrir:

1. Stjórn áveitufélagsins skýrir frá hag og framkvæmdum félagsins á umliðnu ári.
2. Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar áveitunnar fyrir sama ár.
3. Kosin stjórn áveitufélagsins[1] og 2 endurskoðunarmenn reikninga.
4. Rædd og tekin ályktun um önnur mál, er áveituna varða.

□ Til aukafunda í félaginu skal boða með sama hætti og til aðalfundar.

[1] *Sjá nú l. 10/1926, 5. gr.*

■ **14. gr.** Landsstjórnin annast undirbúning og framkvæmd áveitugerðarinnar, en leita skal hún samþykkis áveitufélagsstjórnarinnar áður en tekið er tilboði um framkvæmd verksins eða ráðinn verkstjóri, ef verkið er framkvæmt á kostnað áveitufélagsins beinlínis. Aðrar ráðstafanir sínar hér að lútandi, svo sem um eftirlit með verkinu o. fl., ber landsstjórnin undir stjórn áveitufélagsins, ef henni þykja ástæður til og atvik leyfa.

■ **15. gr.** Jarðeigendum er skylt að láta gera nægilega flóðgarða á jörðum þeim, er áveitunnar njóta, gegn ¼ tillagi úr landssjóði samkvæmt 2. gr. En mælingar fyrir flóðgarðana og leiðbeiningar um gerð þeirra skulu látnar landeigendum í té á kostnað áveitunnar.

■ **16. gr.** Vanræki jarðeigandi að láta gera flóðgarða á jörð sinni samkvæmt 15. gr., getur leiguliði látið gera þá. Þegar leiguliði fer frá jörðinni, skulu úttektarmenn meta, hversu mikið jörðin megi hækka í verði að varanlegu eftirgjaldi fyrir flóðgarðana, og fær þá leiguliði endurgoldinn kostnað sinn við gerð flóðgarðanna, þó ekki meira en svarar fimmtánföldum eftirgjaldsauka þeim, sem metinn er.

□ Ef hvorki landsdrottinn né leiguliði vill láta gera þá flóðgarða, sem nauðsynlegir þykja til þess, að áveitan komi að haldi, eftir áliti tveggja dómkvaddra, óvilhallra manna, getur áveitufélagsstjórnin með samþykki landsstjórnarinnar gengið að jörðinni samkvæmt 10. gr.

■ **17. gr.** Vilji einhverjir landeigendur á áveitusvæðinu eigi taka þátt í áveitunni eða áveitukostnaði þeim, er af henni leiðir lögum þessum samkvæmt, skal stjórn áveitufélagsins krefjast þess, að jörð sú, er um ræðir, sé tekin eignarnámi handa landssjóði, ef ekki næst samkomulag um, að jarðeigandi láti jörðina af hendi eða selji hana. Verði landssjóður eigandi slíkra jarða, gilda um skyldur þær, sem á þeim hvíla vegna áveitunnar, allar hinar sömu reglur og um jarðir einstakra manna eftir lögum þessum.

□ Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hér segir, dómkveður héraðsdómari, ef hann á eigi hlut í áveitunni, ella næsti héraðsdómari, 3 óvilhalla menn utan áveitusvæðisins.

□ Um mat þetta, og yfirmat, þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir lögum nr. 65 22. nóv. 1913, um vatnsveitingar, 18. og 20. gr.[1]

[1] *Sjá nú vatnalög 15/1923, XV. og XVI. kafla.*

■ **18. gr.** Þegar samþykkt fyrir áveitufélagið hefur náð staðfestingu stjórnarráðsins samkvæmt 4. og 5. gr., eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, skyldir til að leyfa landsafnot til mannvirkja þeirra, er áveituna snerta, svo sem land undir skurðina og að efni sé tekið úr landinu, hvort heldur er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfirleitt að þola þær kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem áveituverkið hefur í för með sér. Fullar bætur fyrir landnám þetta og jarðrask m. m. greiðist eigendum þeirra jarða, sem eigi geta haft not áveitunnar, en eigendum áveitujarða greiðist því aðeins bætur, að landnám og jarðrask á jörðum þeirra sé meira tiltölulega en á öðrum jörðum á áveitusvæðinu.

□ Bætur má ákveða með samkomulagi milli landeigenda og stjórnar áveitufélagsins, en náist ekki samkomulag, skulu bætur metnar af 3 óvilhöllum mönnum, sem

1917 Nr. 68 14. nóv.

**1917** Nr. 68 14. nóv.

dómkvaddir skulu til þess í eitt skipti fyrir öll fyrir allt áveitusvæðið. Um yfirmat fer eftir 20. gr. vatnsveitingalaganna frá 22. nóv. 1913.[1)]

[1)] *Sjá nú vatnalög 15/1923, 146. gr.*

■ **19. gr.** Óski jarðeigandi, er þátt tekur í áveitunni, að greiða áveitukostnað sinn allan, annan en viðhalds- og umsjónarkostnað, eða nokkurn hluta hans fyrirfram í eitt skipti fyrir öll, skal honum það heimilt. Svo skal og leyft hlutaðeigendum, er þess æskja, að láta af hendi land, er áveitunnar nýtur, upp í áveitukostnaðinn, að einhverju eða öllu leyti, er sé svo stórt og þannig lagað, að á því megi reisa nýbýli, og skal fara um mat á því landi eftir ákvæðum 17. gr., en landssjóður eignast landið.

■ **20. gr.** Um skipti á óskiptu landi, sem vatni er veitt á samkv. lögum þessum, fer eftir 6. gr. laga um vatnsveitingar frá 22. nóv. 1913.[1)]

[1)] *Sjá nú vatnalög 15/1923, 48. gr.*

**1926** Nr. 10 15. júní

**Lög um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.**

■ **1. gr.** Landsstjórninni heimilast að láta gera þau mannvirki á Flóaáveitusvæðinu, auk skurða og garða, sem nauðsynleg verða að teljast til þess að áveitan komi að fullum notum, og greiðist kostnaður af framkvæmdum þessum á þann hátt, sem um semst milli landsstjórnarinnar og íbúa áveitusvæðisins, enda nemi tillag ríkissjóðs til vegagerða aldrei meiru en helmingi kostnaðar, og ekki yfir ¼ kostnaðar til annarra framkvæmda.

■ **2. gr.** Áður en ráðizt er í framkvæmdir samkvæmt 1. gr., skal landsstjórnin skipa nefnd manna, er geri tillögur um, hver mannvirki skuli gera og hversu þeim skuli haga. Auk þess er stjórninni heimilt að kveðja sérfræðing til, eftir því sem nauðsynlegt telst. Kostnaður af nefnd og sérfræðingum greiðist úr ríkissjóði.

■ **3. gr.** Þeim hluta kostnaðar af framkvæmdum samkvæmt 1. gr., sem um semst að Flóaáveitufélagið skuli greiða, jafnar stjórn áveitufélagsins niður á áveitujarðirnar, aðallega eftir þeim notum, sem þær, hver um sig, hafa af framkvæmdum þessum. Að öðru leyti ná ákvæði laga nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann, til mannvirkja þeirra, sem lög þessi ræða um, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

■ **4. gr.** Vegum þeim, sem lagðir kunna að verða á áveitusvæðinu samkvæmt lögum þessum, skal skipta í sýsluvegi og hreppavegi eftir tillögum vegamálastjóra.

■ **5. gr.** Stjórn áveitufélagsins skal skipuð þrem mönnum, er kosnir séu til 3 ára. Ganga þeir úr stjórninni sitt árið hver, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti.

**1933** Nr. 56 19. júní

**Lög um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.**

■ **1. gr.** Landsstjórninni heimilast að gefa eftir skuld þá, sem stofnað hefur verið til vegna áveitu á Flóann, að öðru en því, er í lögum þessum segir, og með þeim skilmálum, er þar greinir.

■ **2. gr.** Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta vill ívilnunar laga þessara, skal greiða áveituskatt, er nemi 1 krónu á hektara áveitulands hans í 30 ár. Áveituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum samningsbundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar.

■ **3. gr.** Í stað þess að greiða áveituskatt samkvæmt 2. gr. skal landeiganda heimilt að láta land af hendi upp í áveitukostnað í eitt skipti fyrir öll. Heimild þessi er þó því skilyrði bundin, að nægilega mikið land fáist samfellt frá einni eða fleiri jörðum til stofnunar nýbýlis, að dómi þeirra, er falin er framkvæmd laganna samkvæmt 11. gr.

**1933** Nr. 56 19. júní

■ **4. gr.** Nú er land tekið samkvæmt ósk landeiganda upp í greiðslu á áveitukostnaði, sbr. 3. gr., og skal það þá þannig gert, að af hverjum 8 hekturum áveitulands fær ríkissjóður 2 hektara, en 3 hektara, ef beitiland er tekið í staðinn. Heimilt er þó atvinnumálaráðherra að víkja frá þessu hlutfalli, ef sérstök ástæða þykir til með tilliti til gæða landsins og legu.

■ **5. gr.** Hafi landeigandi gert mannvirki á hinu tekna landi, svo sem flóðgarða o. s. frv., skal meta þau til verðs á móti landi og taka þeim mun minna land, er mannvirkjunum nemur. Mat mannvirkjanna skal fara fram samkv. ákvæðum jarðræktarlaganna um mat á mannvirkjum til landskuldargreiðslu.

■ **6. gr.** Þar, sem svo stendur á, að landi jarðar eða torfu hefur verið skipt milli fleiri ábúenda eða eigenda, en óhentugt þykir að taka land upp í áveitukostnað í réttum hlutföllum við skiptin, skal heimilt að taka land án tillits til skiptanna. En fari svo, að einn landeigandi eða notandi verði harðara úti en annar við landtökuna, skulu ný landskipti þegar fara fram samkvæmt landskiptalögum.

■ **7. gr.** Jafnóðum og lokið er útmælingu þeirra landa, er tekin kunna að verða upp í áveitukostnað, skulu sett upp greinileg landamerki milli þeirra og aðliggjandi jarða, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar mælir fyrir um. Gera skal uppdrátt af þeim löndum, er ríkissjóður fær.

■ **8. gr.** Nú er land látið upp í áveitukostnað af jörð, sem er í leiguábúð, og breytir það í engu umsömdum leigumála jarðarinnar.

■ **9. gr.** Þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, skal landsstjórnin, að svo miklu leyti sem unnt er, leigja út lönd þau, er ríkissjóður fær samkvæmt ákvæðum laga þessara. Ábúendur þeirra jarða, sem löndin eru tekin frá, skulu hafa forleigurétt fyrir það verð, er ríkisstjórnin ákveður.

■ **10. gr.** ...

■ **11. gr.** Búnaðarfélagi Íslands skal falið að annast framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn atvinnumálaráðherra, samkvæmt reglugerð, er hann setur, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

**1943** Nr. 117 30. des.

**Lög um viðauka við lög nr. 56/1933, um viðauka við og breyting á lögum nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja lönd er látin hafa verið af hendi upp í áveitukostnað á Flóaáveitusvæðinu, fyrir það verð, er Búnaðarfélag Íslands metur, þó aldrei lægra en sem svarar afhendingarverði þess til ríkissjóðs.

□ Skilyrði fyrir sölunni eru:

a. Að landið sé ekki til þess fallið að reka á því sjálfstæðan, lífvænlegan búskap, hvorki einu út af fyrir sig né í sameiningu við önnur lönd, sem kostur er á, að dómi nýbýlastjórnar.

b. Að landsins sé ekki þörf til notkunar frá nærliggjandi kauptúnum. Þörf þeirra til landsins kemur þó því

**1943** Nr. 117 30. des.

aðeins til greina, að þau hafi aðstöðu til að notfæra sér það, og skal um hvort tveggja hlíta úrskurði Búnaðarfélags Íslands.

c. Að hlutaðeigandi hreppsnefnd mæli með sölunni.

■ **2. gr.** Nú er land selt, og skal þá sá jarðareigandi hafa forkaupsréttinn, er mesta þörf hefur á, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að leggja það undir býli sitt af þeim, er auðvelt eiga með að hirða um landið og notfæra sér það á allan hátt, enda leggi hann það undir jörðina.

**1930** Nr. 43 19. maí

## Lög um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

■ **1. gr.** Atvinnumálaráðherra er heimilt, með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem til er tekið í lögum þessum, að láta ríkissjóð taka að sér greiðslu lána þeirra úr veðdeild Landsbankans og Viðlagasjóði, sem hvíla á eigendum jarða í Skeiðahreppi í Árnessýslu vegna Skeiðaáveitunnar.

■ **2. gr.** Jarðir þær, sem átt er við í 1. gr., eru þessar: Fjall (tvö býli), Framnes, Birnustaðir, Reykir, Húsatóftir (tvö býli), Hlemmiskeið (tvö býli), Brjánsstaðir, Votamýri, Blesastaðir, Skeiðháholt, Kálfhóll, Kílhraun, Borgarkot, Langamýri, Arakot, Brúnavallakot, Syðri-Brúnavellir, Útverk, Miðbýli, Vorsabær, Efri-Brúnavellir og Árhraun.

■ **3. gr.** Atvinnumálaráðherra má því aðeins nota heimild þá, sem felst í 1. gr., að fullnægt sé eftirfarandi skilyrðum:

1. Að allir eigendur jarðanna, sem nefndar eru í 2. gr., skuldbindi sig til þess að hlíta lögum þessum.

2. Að þeir eigendur jarðanna, sem að áliti þriggja manna nefndar, er atvinnumálaráðherra skipar, þurfa þess, vegna skuldbindinga, er ekki koma áveitunni við, leiti nauðasamninga við lánardrottna sína og nái þeim með kjörum, sem nefndin telur ekki ofvaxið fjárhag þeirra.

3. Að hreppsnefnd Skeiðahrepps, með samþykki lögmæts hreppsfundar, ábyrgist gagnvart ríkissjóði, að eigendur jarða þeirra, sem í 2. gr. getur, greiði á árunum 1930 – 1980, í gjalddaga 20. október ár hvert, 2% af höfuðstóli lánanna, sem tekin hafa verið til áveitunnar og hvíla á eigendum jarðanna, eins og hann verður, þegar lög þessi öðlast gildi.

■ **4. gr.** Til þess að bæta ríkissjóði gjöld, sem hann hefur af lögum þessum, ef heimild 1. gr. verður notuð, er lagður verðhækkunarskattur á jarðirnar, sem taldar eru í 2. gr., og er hann tvenns konar, verðhækkunarskattur eftir fasteignamati og verðhækkunarskattur við sölu.

■ **5. gr.** Til grundvallar verðhækkunarskatti eftir fasteignamati skal leggja landverð jarðanna eins og það er talið í jarðamatsbókinni frá 1921, og kemur hann fyrst til framkvæmda við mat það, sem á fram að fara árið 1940. Skattur þessi nemur 10% af hækkun landverðsins og greiðist með jöfnum afborgunum og 6% ársvöxtum á næstu 10 árum eftir hvert almennt fasteignamat. Heimilt er þó jarðeiganda að greiða hann fyrr, ef hann óskar.

□ Skattur þessi greiðist í síðasta sinni af verðhækkun, sem verða kann við fasteignamatið 1980, og skal því falla burtu í síðasta lagi 1990.

□ Skatturinn telst aðeins af þeirri hækkun landverðsins, sem orðið hefur á síðustu 10 árum, nema í fyrsta skipti telst hann af hækkun þess á síðustu 20 árum.

□ Sýslumaður innheimtir skattinn á manntalsþingum og gerir ríkissjóði skil fyrir honum á sama hátt og öðrum tekjum hans. Fjármálaráðherra ákveður, hvernig reikningshaldi skuli háttað.

**1930** Nr. 43 19. maí

■ **6. gr.** Söluskatturinn miðast við fasteignamat (landverð og húsaverð) eins og það er á þeim tíma, sem sala fer fram. Skatturinn nemur 20% af því, sem söluverðið er hærra en fasteignamatið, og greiðist hann sýslumanni áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því, er fullsamið var um söluna. Bæði kaupandi og seljandi eru ábyrgir fyrir greiðslu skattsins.

□ Nú hefur seljandi gert húsabætur eða túnbætur síðan síðasta jarðamat fór fram, og skal þá sýslumaður, ef þess er óskað, láta fram fara mat á, hversu mikið jörðin muni hafa hækkað í verði við umbæturnar, eftir þeim reglum, sem fasteignamatsnefndir fylgja. Þegar svo stendur á sem hér segir, greiðist skatturinn af mismun söluverðs og samanlögðu fasteignamati og verði umbótanna.

□ Skattur samkvæmt þessari grein greiðist ekki, þegar jörð fellur í arf til maka, afkomenda eða fósturbarna. Annars greiðist hann jafnan, er sala fer fram, frá því er lög þessi öðlast gildi og til ársloka 1980.

□ Sýslumaður gerir árleg skil fyrir skattinum á sama hátt og segir í 5. gr.

■ **7. gr.** Nú greiðir jarðeigandi að fullu hluta jarðar sinnar af stofnkostnaði áveitunnar áður en 10 ár eru liðin frá því lög þessi öðlast gildi, og er þá jörð hans undanþegin öllum skatti samkvæmt lögum þessum.

■ **8. gr.** Jarðirnar, sem taldar eru í 2. gr., eru að lögveði fyrir greiðslum öllum, er ræðir um í 3. – 6. gr. laga þessara, næst á eftir því, sem nú hvílir á þeim. Lögveð þetta hefur uppfærslurétt, þannig, að þegar það er greitt, sem nú hvílir á, kemur lögveðið næst á eftir almennum opinberum sköttum.

■ **9. gr.** Lög þessi ná ekki til þeirra jarða á áveitusvæðinu, sem eru utan Skeiðahrepps.

■ **10. gr.** Ríkissjóður hefur lögtaksrétt fyrir greiðslum samkvæmt lögum þessum.

■ **11. gr.** Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um viðhald og starfrækslu Skeiðaáveitunnar. Þar skal taka til, hvernig áveitumálum skuli stjórnað, skylda ábúendur til að halda áveitunni við, kveða á um framlög til hennar og annað, sem með þarf, til þess að hún komi að sem fyllstum notum. Reglugerð þessi gildir sem lög fyrir áveitufélagið og má ákveða sektir fyrir brot gegn henni. Þegar reglugerðin verður gefin út, fellur úr gildi samþykkt um félagsáveitu í Skeiðahreppi, 24. september 1917.

**1936** Nr. 77 23. júní

## Lög um viðauka við og breyting á lögum nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

■ **1. gr.** Landsstjórninni heimilast að gefa eftir skuld þá, er stofnað hefur verið til vegna áveitu á Skeiðin, að öðru en því, er í lögum þessum segir, og með þeim skilmálum, er þar greinir.

□ Enn fremur er stjórninni heimilt að taka að sér greiðslu á áveituskuldum jarðanna Skálmholts, Skálmholtshrauns og Þjótanda, og fer um endurgreiðslu þeirra skulda til ríkissjóðs eftir ákvæðum þessara laga um greiðslu á áveituskuldum annarra jarða áveitusvæðisins.

■ **2. gr.** Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta

**1936** Nr. 77 23. júní

vill ívilnunar laga þessara, skal greiða áveituskatt, er nemi 1 kr. á hektara áveitulands hans í 30 ár. Áveituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum samningsbundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar.

■ **3. gr.** Í stað þess að greiða áveituskatt samkv. 2. gr. skal landeiganda heimilt að láta land af hendi upp í áveitukostnað í eitt skipti fyrir öll.

□ Heimild þessi er þó því skilyrði bundin, að nægilega mikið land fáist samfellt frá einni eða fleiri jörðum til stofnunar nýbýlis, að dómi þeirra, er falin er framkvæmd laganna samkvæmt 11. gr.

■ **4. gr.** Nú er land tekið samkvæmt ósk landeiganda upp í greiðslu á áveitukostnaði, sbr. 3. gr., og skal það þá þannig gert, að af hverjum 8 hekturum áveitulands fær ríkissjóður 2 hektara, en 3 hektara, ef beitiland er tekið í staðinn. Heimilt er þó landbúnaðarráðherra að víkja frá þessu hlutfalli, ef sérstök ástæða þykir til með tilliti til gæða landsins og legu.

■ **5. gr.** Hafi landeigandi gert mannvirki á hinu tekna landi, svo sem flóðgarða o. s. frv., skal meta þau til verðs á móti landi og taka þeim mun minna land, er mannvirkjunum nemur. Mat mannvirkjanna skal fara fram samkvæmt ákvæðum jarðræktarlaganna um mat á mannvirkjum til landskuldargreiðslu.

■ **6. gr.** Þar, sem svo stendur á, að landi jarðar eða torfu hefur verið skipt milli fleiri ábúenda eða eigenda, en óhentugt þykir að taka land upp í áveitukostnað í réttum hlutföllum við skiptin, skal heimilt að taka land án tillits til skiptanna. En fari svo, að einn landeigandi eða notandi verði harðara úti en annar við landtökuna, skulu ný landskipti þegar fara fram samkvæmt landskiptalögum.

■ **7. gr.** Jafnóðum og lokið er útmælingu þeirra landa, er tekin kunna að verða upp í áveitukostnað, skulu sett upp greinileg landamerki milli þeirra og aðliggjandi jarða, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar mælir fyrir um. Gera skal uppdrátt af þeim löndum, er ríkissjóður fær.

■ **8. gr.** Nú er land látið upp í áveitukostnað af jörð, sem er í leiguábúð og breytir það í engu umsömdum leigumála jarðarinnar.

■ **9. gr.** Lönd þau, er ríkissjóður fær samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal fara með samkvæmt því, er lög nr. 25/1936, um nýbýli og samvinnubyggðir, mæla fyrir um, eftir því sem við verður komið.[1] En þangað til skal landsstjórnin, að svo miklu leyti sem unnt er, leigja út löndin, og skulu ábúendur þeirra jarða, er löndin eru tekin frá, hafa forleigurétt fyrir það verð, er ríkisstjórnin ákveður.

[1] *Sjá nú l. 45/1971.*

■ **10. gr.** ...

■ **11. gr.** Búnaðarfélagi Íslands skal falið að annast framkvæmd laga þessara, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra, samkv. reglugerð, er hann setur, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

**1973** Nr. 31 24. apríl

## Búfjárræktarlög.[1]

[1] *Sjá einnig l. 84/1989, um búfjárrækt.*

### I. kafli. Um stjórn búfjárræktarmála, félagskerfi og ráðunautaþjónustu.

■ **1. – 4. gr.** ...[1]

[1] *L. 84/1989, 19. gr.*

### II. kafli. Um nautgriparækt.

■ **5. – 12. gr.** ...[1]

[1] *L. 84/1989, 19. gr.*

■ **13. gr.** Öll naut, 6 mánaða eða eldri ber að gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu. Nú sleppur naut og tjón hlýzt af, og ber þá sá ábyrgð á, er vörzluna skyldi annast, og er hann skaðabótaskyldur. Taka má slík naut utan öruggrar vörzlu og fara með sem óskilafénað.

### III. kafli. Um sauðfjárrækt.

■ **14. – 18. gr.** ...[1]

[1] *L. 84/1989, 19. gr.*

■ **19. gr.** Eigi má láta hrúta ganga lausa frá 5. nóv. til 20. apríl ár hvert. Finnist gælulaus hrútur á þessu tímabili, er skylt að taka hann í vörzlu. Tilkynna skal eiganda um hrútinn, svo fljótt sem við verður komið. Skal þá eigandi vitja hrútsins eða ráðstafa honum og greiða áfallinn kostnað innan viku frá því, að hann fékk tilkynninguna. Geri hann það ekki, skal fara með hrútinn sem óskilafé.

■ **20. – 26. gr.** ...[1]

[1] *L. 84/1989, 19. gr.*

### IV. kafli. Um hrossarækt.

■ **27. – 30. gr.** ...[1]

[1] *L. 84/1989, 19. gr.*

■ **31. gr.** Óheimilt er að láta stóðhesta, þar með talda hesta, sem ekki hefur verið hægt að vana sökum skapnaðargalla, ganga lausa í heimahögum og afrétti. Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann, ef unnt er, og flytja til hreppstjóra. Takist það ekki, skal það tafarlaust tilkynna hreppstjóra, sem þegar hlutast til um, að hestinum verði náð. Nú er kært yfir því, að stóðhestur gangi laus, en leit, er hreppstjóri fyrirskipar, ber eigi árangur, og greiðist þá kostnaður við hana af löggæzlufé viðkomandi lögsagnarumdæmis.

□ Hreppstjóri tekur í sína vörzlu þá stóðhesta, sem til hans eru færðir eða hann lætur handsama, og stendur skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við töku þeirra. Verði ágreiningur um greiðslu, geta aðilar skotið honum til dómkvaddra manna. Hreppstjóra ber að selja þá stóðhesta, sem þannig eru teknir, á opinberu uppboði, með þeim innlausnarfresti, sem ákveðinn er í viðkomandi fjallskilareglugerð.

■ **32. gr.** Búnaðarfélagi Íslands er heimilt, í samráði við stjórnir hlutaðeigandi búnaðar- og hrossaræktarsambanda, að veita á tilteknum svæðum undanþágu frá ákvæðum um vörzlu stóðhesta, þó aðeins í heimahögum, á tímabilinu frá 1. júní til 30. júní ár hvert, ef hross eru þar svo mörg, að stóðhestahald verður naumast leyst á félagslegum grundvelli, að dómi þessara aðila. Þó verður slík undanþága ekki veitt, nema fyrir liggi umsókn frá hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum og samþykki ⅔ hluta bænda, er hross eiga á svæðinu. Undanþága þessi skal endurskoðuð á þriggja ára fresti. Verði uppvíst um misnotkun hennar, getur Búnaðarfélag Íslands fellt hana niður fyrirvaralaust. Stóðhestar þessir eru réttlausir utan marka þess svæðis, er undanþágan nær til.

□ Eigi skulu veitt framlög vegna stóðhesta, sem notaðir eru á þennan hátt, né hryssna, sem hjá þeim eiga að vera.

■ **33. gr.** Valdi stóðhestur, sem gengur laus eða sleppur úr vörzlu, tjóni á búfé eða öðrum eigum annarra (en

eiganda), er eigandi skaðabótaskyldur, eftir mati dómkvaddra manna, ef ekki næst samkomulag um bætur. Er viðkomandi sveitarsjóður skyldur að inna af hendi bótagreiðslu, ef krafizt er.

■ **34. – 37. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 84/1989, 19. gr.*

■ **38. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 57/1989, 2. gr.*

**V. kafli. Um svína- og alifuglarækt.**

■ **39. – 41. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 84/1989, 19. gr.*

**VI. kafli. Um hundarækt.**

■ **42. – 43. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 84 /1989, 19. gr.*

**VII. kafli. Um loðdýrarækt.**

■ **44. – 45. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 84/1989, 19. gr.*

**VIII. kafli. Um æðarrækt.**

■ **46. – 47. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 84/1989, 19. gr.*

**IX. kafli. Um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við innlent búfé.**[1)]

[1)] *Rg. 226/1969 (um búfjársæðingar).*

■ **48. – 52. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 54/1990, 21. gr.*

**X. kafli. Um forðagæzlu.**

■ **53. gr.** Í hverjum hreppi skal vera forðagæzlumaður, einn eða fleiri, er hafi eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu. Hreppsnefnd kýs eða ræður þá að loknum hreppsnefndarkosningum hverju sinni til næstu fjögurra ára og jafnmarga til vara. Skal þess jafnan gætt að velja til þess menn, sem þekktir eru að gætilegum ásetningi og góðri meðferð búfjár.

■ **54. gr.** Búnaðarsambönd hafa á hendi eftirlit með forðagæzlu og fóðrun, hvert á sínu sambandssvæði, og annast ráðunautar sambandsins það, svo sem við verður komið.

□ Starfi fóðurbirgðafélag í hreppnum, er hreppsnefnd heimilt að fela því framkvæmd forðagæzlumála, enda ráði stjórn þess forðagæzlumann.

□ Bæjarstjórnir geta, í samræmi við ákvæði 1. málsgr., ráðið forðagæzlumann til þess að annast störf forðagæzlumanna samkvæmt þessum lögum, en bæjarstjórn er þetta aðeins skylt, ef Búnaðarfélag Íslands mælir svo fyrir. Bæjarstjórn, sem eigi ræður forðagæzlumann, skal á hverju hausti láta í té skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, í því formi, sem Búnaðarfélag Íslands ákveður. Ákvæði þessarar málsgr. taka einnig til borgarstjórnar Reykjavíkur.

□ Nú annar ekki ráðunautur starfseminni að fullu vegna annarra verkefna, og ræður þá stjórn sambandsins hæfan mann honum til aðstoðar. Stjórnin semur við aðstoðarmenn um þóknun, og greiðist hún að 65 hundraðshlutum úr ríkissjóði og 35 hundraðshlutum af búnaðarsamböndum.

■ **55. gr.** Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt til eftirlits vetur hvern. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. nóvember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann athuga vandlega um tölu búfjár á hverjum stað, húsakost þess, fóðurbirgðir, hirðingu, fóðrun og ganga úr skugga um, að fóðurbirgðir þær séu fyrir hendi, sem búfjáreigandi telur sig hafa.

□ Þegar að lokinni skoðun ber forðagæzlumaður niðurstöður sínar undir trúnaðarmann búnaðarsambandsins. Komi í ljós, að búfjáreiganda skorti hús eða fóður fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhirði, skal forðagæzlumaður tilkynna það sveitarstjórn þegar í stað. Er þá sveitarstjórn skylt að aðvara þegar þann, er hlut á að máli, og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi hann að þeim tíma liðnum ekki gert þær ráðstafanir, sem sveitarstjórn eða trúnaðarmaður búnaðarsambandsins telja fullnægjandi, ber sveitarstjórn að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða lóga, ef ekki er annars úrkosta.

□ Búfjáreigandi sá, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er sýslumanni að veita sveitarstjórn stuðning við þessar framkvæmdir, ef með þarf.

■ **56. gr.** Þegar eftir að forðagæzlumaður hefur lokið skoðun að hausti, gerir hann skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, á eyðublaði, er Búnaðarfélag Íslands lætur í té. Skal eyðublað þetta gert í samráði við Hagstofu Íslands, er séu heimil afnot forðagæzluskýrslna til úrvinnslu. Forðagæzluskýrsla skal gerð í þríriti, og heldur forðagæzlumaður einu eintaki hennar til eigin nota og varðveizlu, eitt eintak gengur til viðkomandi búnaðarsambands og varðveitist þar, en hið þriðja skal sent Búnaðarfélagi Íslands þegar að lokinni haustskoðun með undirskriftum bæði forðagæzlumanns og trúnaðarmanns viðkomandi búnaðarsambands. Hinn síðarnefndi skal hlutast til um, að skýrslur séu rétt gerðar og að þeim sé skilað fullunnum á tilskildum tíma.

□ Þegar forðagæzlumaður fer um umdæmi sitt til skoðunar síðari hluta vetrar, sbr. 1. málsgr. 55. gr., skal hann rita athugasemdir um fóðurbirgðir og ástand búpenings á skýrslu sína frá sl. hausti, og tilkynna Búnaðarfélagi Íslands niðurstöður skoðunarinnar, hvort tveggja samkvæmt nánari fyrirmælum félagsins.

□ Sveitarstjórn semur um þóknun fyrir forðagæzlu, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

■ **57. gr.** Búnaðarfélag Íslands og/eða landbúnaðarráðherra geta krafið sveitarstjórnir, hvenær sem er, um skýrslur varðandi fóðuröflun og fóðurbirgðir.

■ **58. gr.** Vilji búfjáreigandi eigi hlíta ráðstöfunum forðagæzlumanns eða sveitarstjórnar eða hefur þær að engu, en fénaður hans líður eða fellur sakir fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi, að áliti forðagæzlumanns eða trúnaðarmanns búnaðarsambandsins, er þessum aðilum skylt að tilkynna það sýslumanni tafarlaust, ásamt öllum málavöxtum.

■ **59. gr.** Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum, samkvæmt 58. gr., skal sæta sektum frá kr. 10 000,00 til kr. 100 000,00 eða fangelsi[1)] allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlumaður eða sveitarstjórn að gera sýslumanni aðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þessir aðilar verða áskynja um, varðar það sektum.

[1)] *Sjá alm. hgl. 19/1940, 268. gr.*

1973 Nr. 31 24. apríl

**1973** Nr. 31 24. apríl

**XI. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **60. – 62. gr.** ...[1]

[1] *L. 84/1989, 19. gr.*

■ **63. gr.** Landbúnaðarráðherra setur, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, reglugerð, er kveður nánara á um framkvæmd þessara laga.[1]

[1] *Rg. 139/1967 (um búfjárrækt). Rg. 156/1987 (sæðingar loðdýra).*

■ **64. gr.** Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara laga, sker landbúnaðarráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður. Ákvæði laga þessara, varðandi hreppa og hreppsnefndir, taka og til bæjarfélaga og bæjarstjórna að breyttu breytanda.

■ [**64. gr. a.** Sveitarstjórnum er heimilt, til að auka öryggi umferðar á þjóðvegum og að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að eigendum búfjár, þ. e. sauðfjár, geita, nautgripa og hrossa, sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins.

□ Heimild þessi getur jafnt tekið til alls lögsagnarumdæmis viðkomandi sveitarstjórnar eða afmarkaðs hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.][1][2]

[1] *L. 57/1989, 1. gr.* [2] *Rg. 79/1978 (um hross í Blönduósshreppi).*

■ **65. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, ...[1] nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektarfé rennur í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brot var framið.

□ Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

[1] *L. 10/1983, 41. gr.*

■ **66. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 21 frá 24. apríl 1965.

**1989** Nr. 84 30. maí

**Lög um búfjárrækt.**[1]

[1] *Sjá einnig l. 31/1973, búfjárræktarlög.*

**I. kafli. Um tilgang laganna og yfirstjórn.**

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að tryggja framfarir við ræktun búfjár í landinu til hagsbóta fyrir bændur og neytendur búfjárafurða. Ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við ræktunarstarfið svo sem lögin tilgreina.

■ **2. gr.** Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

**Búfjárræktarfélag** er félag bænda á ákveðnu svæði sem stofnað er um ræktun ákveðinnar búfjártegundar.

**Búfjárræktarsamband** er samtök búfjárræktarfélaga á ákveðnu svæði, t. d. sýslu eða kjördæmi.

**Búgreinafélag** er félag bænda á ákveðnu svæði sem allir stunda sömu búgrein.

**Búgreinasamband** er samtök búgreinafélaga á ákveðnu svæði, t. d. sýslu eða kjördæmi.

**Búgreinasamtök** eru landssamtök búgreinafélaga eða búgreinasambanda í ákveðinni búgrein.

**Búnaðarfélag** er félag bænda á ákveðnu svæði, oftast einum hreppi, óháð hvers konar búrekstur þeir stunda.

**Búnaðarsamband** er samband búnaðarfélaga á ákveðnu svæði og eftir atvikum einnig búfjárræktarfélaga eða búgreinafélaga.

■ **3. gr.** Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

**II. kafli. Um skipan búfjárræktar.**

■ **4. gr.** Búnaðarfélag Íslands fer með framkvæmd búfjárræktarmála svo sem segir í lögum þessum. Það hefur yfirumsjón með leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt sem styrkt er af opinberu fé, samræmir hana og mótar heildarstefnu í ræktun hverrar búfjártegundar samkvæmt ákvæðum laganna.

□ Ráðherra getur, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, viðurkennt einstök búgreinasamtök til að fara, að einhverju eða öllu leyti, með þau verkefni sem ákveðin eru í lögum þessum og snerta viðkomandi búgrein.

**1989** Nr. 84 30. maí

■ **5. gr.** Búfjárræktarnefndir skipuleggja ræktunarstarf vegna einstakra búfjártegunda fyrir hönd Búnaðarfélags Íslands. Í búfjárræktarnefnd sitja fimm menn og jafnmargir til vara, kosnir til tveggja ára í senn. Búnaðarþing kýs tvo nefndarmenn úr hópi héraðsráðunauta og aðra tvo úr hópi starfandi bænda í búgreininni. Starfi búgreinasamtök, sem ná til landsins alls, hafa innan vébanda sinna að minnsta kosti ⅔ starfandi bænda í búgreininni og hafa sett sér búfjárræktarsamþykkt, kjósa þau í stað búnaðarþings tvo bændur í búfjárræktarnefnd búgreinarinnar. Fimmti fulltrúinn er landsráðunautur Búnaðarfélags Íslands í búgreininni (héraðsráðunautur ef landsráðunautur er ekki starfandi), tilnefndur af stjórn þess og er hann formaður nefndarinnar.

□ Heimilt er að ákveða að í búfjárræktarnefnd sé tveimur fulltrúum færra en áskilið er í 1. mgr. eða tveimur fulltrúum fleira ef sérstakar ástæður mæla með. Þó skulu hlutföll haldast óbreytt milli héraðsráðunauta og bænda.

□ Sé starfandi fagráð í búgrein sem bæði viðkomandi búgreinasamtök og Búnaðarfélag Íslands eru aðilar að getur Búnaðarfélag Íslands með samþykki ráðherra falið því verkefni búfjárræktarnefndar í þeirri grein.

■ **6. gr.** Hlutverk búfjárræktarnefnda eru m. a. eftirfarandi:

a. að móta ræktunarstarfið, þar með talið rekstur ræktunarstöðva, skýrsluhald, búfjár- og afurðadómar, val kynbótagripa og önnur viðfangsefni er stuðlað geta að framförum í viðkomandi grein,

b. að gera tillögur um innflutning erlendra búfjárkynja,

c. að vera þeim, sem annast leiðbeiningar, rannsóknir, kennslu og búfjárvernd, til ráðuneytis um það sem lýtur að viðkomandi búfjártegund,

d. að undirbúa verk- og kostnaðaráætlanir um búfjárræktarstarfið í viðkomandi grein.

■ **7. gr.** Búnaðarsambönd skulu setja sér samþykkt, búfjárræktarsamþykkt, um tilhögun búfjárræktar á sambandssvæðinu. Þar skal, eftir því sem vænlegast þykir til árangurs, taka fram:

a. að búfjárrækt á sambandssvæðinu lúti stjórn búnaðarsambandsins,

b. að verkefni búnaðarsambands á sviði ræktunar einstakra búfjártegunda séu falin búfjárræktarsamböndum eða búfjárræktarfélögum,

c. að framkvæmd búfjárræktarmála sé falin búgreinafélögum eða búgreinasamböndum enda hafi þau ræktun búfjár á stefnuskrá sinni.

□ Nánar skal kveðið á um búfjárræktarsamþykktir í reglugerð.

■ **8. gr.** Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsambönd annast leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt.

□ Leiðbeiningarþjónusta í búfjárrækt, sem styrks nýtur af opinberu fé, skal vera svo sem hér segir:

a. Landsráðunautar í búfjárrækt skulu vera í öllum búgreinum sem stundaðar eru af bændum í landinu. Enn fremur skal Búnaðarfélag Íslands veita leiðbeiningar í æðarrækt. Heimilt er að störf landsráðunauta séu hlutastörf ef umfang viðkomandi búgreinar krefst ekki heillar stöðu. Landbúnaðarráðherra ákvarðar fjölda landsráðunauta að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

b. Ráðunautar búnaðarsambanda (héraðsráðunautar). Stjórn Búnaðarfélags Íslands gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um skiptingu þeirra á milli búnaðarsambanda eða samtaka þeirra á grundvelli tillagna hinna einstöku búfjárræktarnefnda.

□ Hlutverk ráðunauta er að veita faglegar leiðbeiningar um ræktun og hirðingu búfjár og hvetja til framfara í framleiðslu búfjárafurða, m. a. með kynningu á niðurstöðum rannsókna og annarra nýjunga sem að gagni geta orðið í ræktunarstarfinu.

□ Ráðunautar skulu hafa kandidatspróf í búfræði eða sambærilega menntun.

□ Óheimilt er að fela landsráðunaut framkvæmdastjórn búfjárræktarsambands eða búgreinasamtaka eða önnur störf sem ekki teljast til faglegra leiðbeininga eða ráðgjafar fyrir viðkomandi bændur.

□ Ríkissjóður greiðir kostnað við störf landsráðunauta en 65% af launum og ferðakostnaði héraðsráðunauta.

□ Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um menntun og starfssvið ráðunauta, svo og um launakjör og ferðakostnað héraðsráðunauta, sem þátttaka ríkissjóðs skal miðuð við, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

■ **9. gr.** Ríkissjóður tekur þátt í stofnun og rekstri ræktunarstöðva fyrir búfé svo sem hér segir:

a. Með greiðslu allt að helmingi stofnkostnaðar einnar ræktunarstöðvar fyrir hverja búfjártegund enda þjóni hún öllum bændum í viðkomandi grein.

Með ræktunarstöð er átt við: sæðingarstöð, uppeldisstöð fyrir kynbótagripi eða stofnræktarbú til ræktunar verðmætra búfjárstofna vegna sameiginlegs ræktunarstarfs búgreinar.

Heimilt er að hafa ræktunarstöðvar fleiri en eina fyrir hverja grein, enda liggi fyrir sérstakar ástæður sem landbúnaðarráðherra metur gildar, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Nýta skal aðstöðu á búum ríkisins í þessum tilgangi eftir því sem hún leyfir.

b. Með greiðslu 65% af launum forstöðumanna ræktunarstöðva, jafnháum launum héraðsráðunauta, og 65% af launum fastráðins aðstoðarfólks, jafnháum launum frjótækna.

c. Með greiðslu 65% af launum frjótækna. Landbúnaðarráðherra ákveður fjölda þeirra og viðmiðun um launakjör með sama hætti og segir í 8. gr., að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Sama gildir varðandi greiðslur til afleysingarmanna frjótækna vegna orlofa og veikinda.

□ Til stofnunar ræktunarstöðvar þarf samþykki landbúnaðarráðherra og meðmæli Búnaðarfélags Íslands. Ráðherra setur reglugerð um hverja slíka stöð, að fengnum tillögum viðkomandi búfjárræktarnefndar.[1)]

[1)] *Regl. 447/1985 (um rekstur Stóðhestastöðvar ríkisins í Gunnarsholti). Rg. 336/1989 (hrossaræktarbú að Hólum í Hjaltadal).*

■ **10. gr.** Ríkissjóður greiðir kostnað við stofnun og rekstur sóttvarnarstöðva vegna innflutnings búfjár og erfðaefnis.

□ Landbúnaðarráðherra ákveður fjölda slíkra stöðva, umfang í starfsemi þeirra og gerir áætlun um rekstur stöðvanna í samráði við búfjárræktarnefnd viðkomandi búgreinar.

1989 Nr. 84 30. maí

■ **11. gr.** Vegna sæðinga mjólkurkúa er búnaðarsamböndum eða öðrum, er reka sæðingarstöðvar, heimilt að innheimta hjá mjólkurframleiðendum gjald af allri innveginni mjólk í mjólkurbú. Gjaldið má að hámarki nema 1% af grundvallarverði mjólkur eins og það er á hverjum tíma og ákvarðar aðalfundur búnaðarsambands upphæð gjaldsins hverju sinni. Mjólkurbúum er skylt að halda gjaldi þessu eftir af mjólkurverðinu og standa samböndum skil á því mánaðarlega, enda hafi stjórnir þeirra tilkynnt búunum fyrir 1. desember að hve miklu leyti þær óski að nota þessa heimild á næsta ári.

□ Greiða skal úr ríkissjóði styrk vegna sæðinga mjólkurkúa er nemur 95,00 kr. á sædda kú á verðlagi ársins 1988. Skal styrk þessum varið til að jafna flutningskostnað sæðis og ferðakostnað frjótækna á milli sambandssvæða. Landbúnaðarráðherra ákveður nánar með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, hvernig styrk þessum skuli ráðstafað, svo og hvernig árleg verðlagsuppbót á hann skuli ákveðin.

■ **12. gr.** Ríkissjóður greiðir laun aðstoðarfólks við uppgjör og úrvinnslu ræktunarskýrslna búfjár að hámarki fimm ársverk. Búnaðarfélag Íslands ákveður skiptingu þessara ársverka milli búgreina ef þörf krefur.

□ Ríkissjóður greiði árlega framlag er að lágmarki jafngildir 22,5 milljónum króna á verðlagi 1988 til búfjárræktarstarfa á grundvelli búfjárræktarsamþykkta, sbr. 7. gr. Búnaðarfélag Íslands skilar verk- og kostnaðaráætlun komandi árs til landbúnaðarráðherra fyrir gerð fjárlaga hverju sinni ásamt greinargerð um starfsemi liðins árs. Landbúnaðarráðuneyti skal, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, tilkynna skiptingu framlaga milli búnaðarsambanda og búgreina í síðasta lagi sex vikum eftir samþykkt fjárlaga.

□ Á framlög þau, er ákveðin eru í þessari grein, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1988. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands og reiknar hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs.

■ **13. gr.** Búnaðarfélagi Íslands er skylt að gefa búfjáreigendum kost á dómum á búfé og/eða sérstöku mati á búfjárafurðum eða úrvalsgripum með reglulegu millibili, þó eigi sjaldnar en fjórða hvert ár. Hlutaðeigandi búfjárræktarnefndir setja reglur um fyrirkomulag dóma og mats.

□ Ráðunautar skulu gegna dóms- og matsstörfum. Kostnaður að frátöldum launa- og ferðakostnaði ráðunauta skal greiddur af þeim samböndum eða félögum sem í hlut eiga, sbr. 6. gr. Heimilt er þeim aðilum, sem standa fyrir sýningum, að innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá samþykktri af ráðherra af eigendum þeirra gripa sem dæmdir eru.

□ Sláturleyfishöfum er skylt að láta í té aðstöðu til þess að framkvæma nauðsynlegar athuganir á föllum gripa, enda sé þeim gert viðvart um þær við gerð áætlana um slátrun í viðkomandi húsi.

1989 Nr. 84 30. maí

### III. kafli. Um verndun erfðaeiginleika í íslensku búfé og um útflutning búfjár.

■ **14. gr.** Óheimilt er að flytja úr landi tímgunarhæft búfé, sæði eða fósturvísa án leyfis landbúnaðarráðuneytis. Áður en heimilaður er útflutningur samkvæmt þessari grein skal ráðuneytið leita álits Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknis á fyrirhuguðum útflutningi.

□ Sambönd og félög skv. 7. gr. skulu eiga forkaupsrétt á því verði, sem tilgreint er í umsókn um útflutningsleyfi, að þeim kynbótadýrum sem Búnaðarfélag Íslands telur óæskilegt að flutt verði úr landi.

■ **15. gr.** Mynda skal sérstakan sjóð, stofnverndarsjóð, er veiti styrki og lán til þess að kaupa kynbótagripi sem ella kynnu að verða seldir úr landi. Kaupendur tímgunarhæfs búfjár, sæðis eða fósturvísa til útflutnings skulu greiða í sjóðinn allt að 20% af kaupverði þessa samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

□ Sjóðnum skal skipt í deildir eftir búfjártegundum og fer búfjárræktarnefnd með stjórn hlutaðeigandi deildar.

□ Landbúnaðarráðherra setur reglugerð[1)] um upphæð stofnverndargjalda, innheimtu, vörslu og ráðstöfun fjár stofnverndarsjóðs að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

[1)] *Rg. 248/1975 (um Stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins), sett skv. l. 31/1973.*

■ **16. gr.** Landbúnaðarráðherra skipar erfðanefnd búfjár að fengnum tilnefningum frá Búnaðarfélagi Íslands, búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnun og Veiðimálastofnun. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

□ Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera:

a. að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum, villtum landdýrum og ferskvatnsfiskum,

b. að gera tillögur til landbúnaðarráðherra um sérstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrýmingarhættu að mati nefndarinnar.

□ Kostnaður vegna verndunaraðgerða greiðist úr ríkissjóði.

□ Nánar skal kveðið á um starfsemi erfðanefndar búfjár í reglugerð, að fengnum tillögum þeirra stofnana sem aðild eiga að henni.

### IV. kafli. Almenn ákvæði.

■ **17. gr.** Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, reglugerð er kveður nánar á um framkvæmd þessara laga.[1)]

[1)] *Rg. 156/1987 (sæðingar loðdýra).*

■ **18. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **19. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1. – 12. gr., 14. – 18. gr., 20. – 30. gr., 34. – 37. gr., 39. – 47. gr. og 60. – 62. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31 24. apríl 1973, með síðari breytingum, og lög nr. 50 14. júní 1929, um innflutning og ræktun sauðnauta.

### Lög um innflutning dýra.

1990 Nr. 54 16. maí

■ **1. gr.** Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

*Búfé:* Hvers konar dýr sem haldin eru og alin í þeim tilgangi að hafa af þeim gagn og nytjar.

*Búfjárræktarnefnd:* Nefnd skv. 5. gr. laga um búfjárrækt, nr. 84 30. maí 1989.

*Dýr:* Öll lifandi landdýr, bæði hryggdýr, hryggleysingjar og lagardýr sem lifa að hluta eða öllu leyti í fersku vatni.

*Einangrunarstöð:* Sóttvarnaraðstaða fyrir loðdýr, fugla og fiska.

*Erfðaefni:* Hvers kyns efni sem geymir erfðaeiginleika dýra, svo sem fósturvísir (frjóvgað egg eða fóstur á frumstigi), egg eða sæði.

*Sóttvarnardýralæknir:* Yfirmaður sóttvarnastöðvar þar sem dýr hafa verið flutt inn samkvæmt lögum þessum.

*Sóttvarnastöð:* Staður þar sem dýr og erfðaefni eru geymd meðan rannsakað er hvort þau eru haldin smitsjúkdómi.

*Umsjónardýralæknir:* Hver sá dýralæknir sem hefur verið skipaður til eftirlits vegna innflutnings samkvæmt lögum þessum.

■ **2. gr.** Óheimilt er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefni þeirra.

□ Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá banni því sem um getur í 1. mgr. og leyft innflutning dýra og erfðaefnis, enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum, og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

□ Dýrum, sem flutt eru inn án heimildar, skal tafarlaust lógað og skrokkum eytt svo að eigi stafi hætta af. Eggjum, sæði eða fósturvísum skal á sama hátt eytt, svo og dýrum, sem sædd kunna að hafa verið eða notuð sem fósturmæður, og afkvæmum sem kunna að hafa fæðst eftir slíkan ólöglegan innflutning.

■ **3. gr.** Þegar yfirdýralæknir mælir með innflutningi dýra eða erfðaefnis skal hann skila rökstuddu áliti um heilbrigðisástand í viðkomandi landi eða landsvæði og meðmælum skulu fylgja vottorð frá viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum um að þar hafi ekki orðið vart sjúkdóma í dýrum sem sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

□ Þegar óskað er heimildar til innflutnings á búfé skal ráðherra skipa nefnd þriggja dýralækna yfirdýralækni til ráðuneytis. Skal einn þeirra tilnefndur af Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, annar af yfirdýralækni og sá þriðji skipaður án tilnefningar.

■ **4. gr.** Áður en leyfi til innflutnings á búfé eða erfðaefni þess er veitt skal ráðherra leita álits búfjárræktarnefndar í viðkomandi búgrein og skal hún meta þörf eða hugsanlegan ábata fyrir íslenska búfjárrækt af slíkum innflutningi. Skal nefndin gera tillögur um hvaða kyn og tegund skuli flytja inn, með hvaða hætti og frá hvaða landi.

□ Nefndin getur lagt til annað form á innflutningi en umsækjandi gerir ráð fyrir telji hún það tryggara og forsendur fyrir meðmælum með umsókninni.

■ **5. gr.** Áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal landbúnaðarráðherra afla umsagnar Náttúruverndarráðs.

■ **6. gr.** Landbúnaðarráðuneytið skal annast og bera ábyrgð á innflutningi búfjár sem heimilaður kann að verða samkvæmt lögum þessum. Á sama hátt annast það framræktun kynja sem inn verða flutt, en landbúnaðarráðherra er þó heimilt að fela hana einstökum búgreinasamtökum eða ræktunarfélögum, enda mæli yfirdýralæknir og viðkomandi búfjárræktarnefnd með því. Viðkomandi aðili skal þá sýna fram á að hann geti fullnægt öllum skilyrðum um sóttvarnir og aðbúnað og kostað framræktunina að öllu leyti. Slíkt framsal skal ávallt bundið við eitt innflutningsleyfi með ákveðnum tímamörkum.

■ **7. gr.** Vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögum þessum skal vera til staðar eða byggð sóttvarnastöð á hentugum stað. Öll aðstaða til einangrunar og sóttvarna skal fullnægja þeim kröfum sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar og nánar skal kveðið á um í reglugerð.

■ **8. gr.** Þegar dýr eða erfðaefni er valið til innflutnings skal hvert einstakt dýr, sem flytja skal inn, karldýr, sem eru fyrirhugaðir sæðisgjafar, og foreldrar, sem gefið hafa frjóvguð egg, heilbrigðisskoðuð af embættisdýralækni og skulu vottorð og aðrar nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir áður en innflutningur fer fram. Fósturvísa, egg eða sæði má aðeins flytja frá viðurkenndum kynbótastöðvum þar sem fylgst hefur verið með heilbrigði foreldra eða foreldris nægilega lengi að mati yfirdýralæknis. Landbúnaðarráðherra skal setja reglur samkvæmt tillögum yfirdýralæknis um kröfur til hvers kyns upplýsinga og vottorða sem þurfa að liggja fyrir áður en slíkur innflutningur er leyfður.

■ **9. gr.** Einangra skal öll innflutt dýr og erfðaefni á sóttvarnastöð svo lengi sem yfirdýralæknir telur þörf á undir stöðugu eftirliti sóttvarnardýralæknis stöðvarinnar.

□ Sóttvarnardýralæknir sóttvarnastöðvar skal ráðinn af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, og skal hann fá sérstakt erindisbréf. Sóttvarnardýralæknir skal vera dýralæknir er hafi sérstaka þekkingu og þjálfun í eggjaflutningi og sæðingum búfjár. Sóttvarnardýralækni er óheimilt að stunda lækningar dýra utan sóttvarnastöðvar.

□ Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, reglugerð um allt er veit að rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva og öryggi gagnvart hugsanlegri sýkingarhættu frá þeim, þar á meðal ströng ákvæði um mannaferðir, meðferð áburðar, hvers konar úrgangs og afurða frá stöðvunum. Starfsmenn við slíkar stöðvar skulu fá sérstök erindisbréf og skal sóttvarnardýralæknir ábyrgur fyrir því að öryggisreglum sé fylgt.

■ **10. gr.** Innflutt dýr eða dýr, sem hafa vaxið af innfluttu erfðaefni, má aldrei flytja út af sóttvarnastöð.

□ Þegar tryggt þykir að við innflutning hafi ekki borist neinir erfðagallar eða smitsjúkdómar hættulegir íslenskum dýrum og liðinn er ákveðinn tími, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, frá síðasta innflutningi dýra eða erfðaefnis getur yfirdýralæknir heimilað að dýr eða erfðaefni, annað en getið er í 1. mgr., séu flutt úr sóttvarnastöð.

■ **11. gr.** Hreinræktun innfluttra kynja og blöndun þeirra við innlent búfé skal vera undir stjórn viðkomandi búfjárræktarnefnda sem starfa eftir lögum um búfjárrækt.



■ **12. gr.** Íslensk dýr, sem tekin eru til blöndunar við innflutt búfjárkyn eða til að vera fósturmæður við innflutning á fósturvísum, skulu valin af ráðunautum Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi búgrein og skal yfirdýralæknir eða fulltrúi hans ganga úr skugga um að þau séu eigi grunuð um eða haldin smitsjúkdómum. Ekki má hefja ræktun á íslensku búfjárkyni með innfluttu kyni fyrr en gengið hefur verið úr skugga um hvernig kynin blandast og að einblendingsrækt með íslenska kyninu fylgi ekki alvarlegir burðarerfiðleikar eða skapgerðargallar.

□ Gæta skal þess að verðmætir eiginleikar í íslenskum búfjárkynjum tapist ekki við blöndun við innflutt kyn. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði sem kveða svo á um að aðeins megi nota hið innflutta kyn til einblendingsræktar telji ráðunautur Búnaðarfélags Íslands og/eða viðkomandi búfjárræktarnefnd ástæðu til.

■ **13. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. þessara laga er landbúnaðarráðherra heimilt að leyfa innflutning loðdýra, sem haldin eru í búrum, frjóvgaðra alifuglaeggja frá viðurkenndum kynbótabúum og fiska og erfðaefnis þeirra á einangrunarstöð undir eftirliti umsjónardýralæknis. Slíkt leyfi skal þó aðeins veita ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis. Aðeins skal leyft að flytja dýr úr einangrunarstöð á bú sem fullnægja þeim ákvæðum sem yfirdýralæknir setur til að hindra smithættu frá þeim og fá viðurkenningu búfjárræktarnefndar í greininni. Dýr má ekki flytja úr einangrunarstöð fyrr en þau hafa dvalið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að þau séu ekki haldin neinum smitsjúkdómi.

■ **14. gr.** Landbúnaðarráðherra er heimilt, ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis, að víkja frá ákvæðum 10. gr. þessara laga og veita leyfi til þess að heimilisdýr, sem ekki eru af ætt hóf- og klaufdýra, séu flutt úr sóttvarnastöð. Slíkur flutningur skal ekki fara fram fyrr en dýrin hafa verið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að dýrin séu ekki haldin neinum smitsjúkdómum. Slíku leyfi mega fylgja ákvæði um að dýralæknir fylgist reglulega með heilsufari dýranna á kostnað eigenda svo lengi sem yfirdýralæknir telur slíkt nauðsynlegt.

■ **15. gr.** Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í sóttvarna- eða einangrunarstöð skal gera hverjar þær ráðstafanir sem þurfa þykir til að hefta útbreiðslu hans, m. a. fella dýr, ef nauðsyn krefur, og stöðva dreifingu erfðaefnis þaðan. Rekstraraðili ber allan kostnað af slíkum aðgerðum og er skyldur að hlíta fyrirmælum yfirdýralæknis í einu og öllu.

□ Eigendum er skylt að hlíta fyrirmælum yfirdýralæknis um eyðingu dýra í stöðvunum og eiga þeir ekki rétt á bótum fyrir dýr sem eyða þarf vegna slíkra aðgerða.

■ **16. gr.** Heimilt er að geyma djúpfryst sæði eða fósturvísa utan sóttvarnastöðvar að fengnu leyfi og eftir fyrirsögn yfirdýralæknis. Sóttvarnardýralæknir skal halda nákvæma skrá um alla gripi sem koma í stöðina eða fæðast þar, svo og um sæði og fósturvísa sem þar eru tekin eða þaðan flutt og notkun þeirra. Við mælingar á gripum og skýrsluhald skal sóttvarnardýralækn-

**1990** Nr. 54 16. maí

ir fara eftir fyrirmælum viðkomandi búfjárræktarnefndar.

■ **17. gr.** Nú telur yfirdýralæknir að tryggt sé orðið að með innflutningi Galloway-kyns til Hríseyjar hafi engir hættulegir sjúkdómar borist og getur hann þá heimilað að erfðaefnið verði flutt til lands. Ræktun kynsins í landi skal lúta ákvæðum laga um búfjárrækt.

■ **18. gr.** Nú er ákveðið að leggja niður sóttvarnastöð sem starfrækt hefur verið og ekki þykir rétt að mati viðkomandi búfjárræktarnefndar að nota frekar það erfðaefni sem þar er geymt og skal þá eyða því svo að ekki stafi hætta af eða gera aðrar ráðstafanir sem tryggja að frá því stafi ekki sýkingarhætta. Gripi slíkrar stöðvar skal fella hafi ekki verið heimilað samkvæmt lögum þessum að flytja þá úr einangrun.

■ **19. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs. Berist sjúkdómur í stöðina vegna vanrækslu varðar það þann sem vanrækslu hefur sýnt starfs- og stöðumissi eða fangelsi ef miklar sakir eru.

□ Ef lifandi dýr, fósturvísar, egg eða annað erfðaefni dýra er flutt til landsins án heimildar, sbr. 2. gr., varðar það sektum fyrir eiganda, svo og fyrir skipstjóra eða flugstjóra á farartæki því sem dýrin eða erfðaefnið flutti ef ætla má að það sé flutt með hans vitund.

■ **20. gr.** Landbúnaðarráðherra setur reglugerð[1] um nánari framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands.

□ Um starfsemi sóttvarnastöðvar ríkisins í Hrísey fer samkvæmt lögum þessum.

[1] *Um rg. skv. eldri lögum, sjá t.d. rg. 226/1969 (búfjársæðing), rg. 444/1982 (um loðdýrarækt og innflutning loðdýra), sbr. 393/1984, rg. 27/1970 (um sóttkví og einangrun á innfluttum minkum) og rg. 290/1980 (um varnir gegn hundaæði).*

■ **21. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög um innflutning búfjár, nr. 74 28. apríl 1962, lög nr. 49 11. maí 1989, um breytingu á þeim lögum, 48. – 52. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31 24. apríl 1973, svo og 3. gr. laga um loðdýrarækt, nr. 53 29. maí 1981.

**1981** Nr. 77 1. okt.

## Lög um dýralækna.[1]

[1] *Rg. 21/1983, um veitingu leyfis til dýralækninga.*

■ **1. gr.** Í lögum þessum eru þeir einir taldir dýralæknar, sem lokið hafa prófum við dýralæknaháskóla, sem viðurkenndur er af íslenskum stjórnvöldum, og sem hlotið hafa lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðuneytinu með þeim skilyrðum og skuldbindingum, sem sett kunna að vera í því efni á hverjum tíma og að fengnum meðmælum yfirdýralæknis.

■ **2. gr.** [Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1. Hafnarfjarðarumdæmi: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Gullbringusýsla, Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Bessastaðahreppur.

2. Reykjavíkurumdæmi: Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur.

3. Akranesumdæmi: Akranes, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur.

4. Borgarfjarðarumdæmi: Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur.

5. Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla nema Hvítársíðuhreppur.

6. Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Flateyjarhreppur.

7. Dalaumdæmi: Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla að undanteknum Múlahreppi og Flateyjarhreppi.

8. Barðastrandarumdæmi: Vestur-Barðastrandarsýsla, Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu.

9. Ísafjarðarumdæmi: Ísafjarðarkaupstaður, Bolungarvík, Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslur.

10. Strandaumdæmi: Strandasýsla. Íbúar Bæjarhrepps geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Vestur-Húnaþingsumdæmi, ef þeir óska þess.

11. Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla.

12. Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.

13. Skagafjarðarumdæmi: Sauðárkrókur, Skarðshreppur, Skefilsstaðahreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Rípurhreppur, Akrahreppur.

14. Hofsósumdæmi: Hofsóshreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur, Holtshreppur, Siglufjörður.

15. Dalvíkurumdæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Hríseyjarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur.

16. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur.

17. Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímseyjarhreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Hálshreppur.

18. Þingeyjarumdæmi vestra: Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykdælahreppur vestan Fljótsheiðar.

19. Þingeyjarumdæmi eystra: Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Kelduneshreppur.

20. Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur.

21. Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppum, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Eiðahreppur í Suður-Múlasýslu, Seyðisfjörður.

22. Austurlandsumdæmi syðra: Búðahreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur.

23. Norðfjarðarumdæmi: Norðfjarðarhreppur, Neskaupstaður, Helgustaðahreppur, Eskifjörður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur. Íbúar hreppanna sunnan Oddsskarðs geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Austurlandsumdæmi nyrðra, ef þeir óska þess.

24. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla.

25. Kirkjubæjarklaustursumdæmi: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Skaftártunguhreppur, Álftavershreppur.

26. Skógaumdæmi: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur.

27. Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur austan Eystri-Rangár.

28. Helluumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúpárhreppur, Ásahreppur, Holtahreppur, Landmannahreppur.

29. Hreppaumdæmi: Hrunamannahreppur, Gnúpverjahreppur.

30. Laugarásumdæmi: Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur.

31. Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfoss, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur, Grafningshreppur, Vestmannaeyjar.

☐ Skipting héraðsdýralæknisumdæma skv. þessari grein kemur til framkvæmda á næstu fimm árum eftir því sem landbúnaðarráðherra ákvarðar og fjárveiting segir til um. Fram að þeim tíma gildir skipting í umdæmi eins og lög um dýralækna nr. 77/1981 gera ráð fyrir.][1]

☐ [Þá skal skipaður sérstakur dýralæknir fisksjúkdóma. Dýralæknirinn skal hafa aflað sér sérmenntunar á sviði fisksjúkdóma og hafa réttindi og skyldur héraðsdýralækna. Hann skal, undir stjórn yfirdýralæknis, sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti á sviði fisksjúkdóma og skal honum sköpuð starfsaðstaða í tengslum við fisksjúkdómadeild Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum.

☐ [Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvar héraðsdýralæknar hafa búsetu.][2]

☐ Heimilt er landbúnaðarráðherra að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralæknis eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum.

☐ Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skulu að jafnaði starfa að minnsta kosti tveir dýralæknar sem aflað hafa sér sérþekkingar að loknu dýralæknisprófi.][3]

[1] *L. 69/1982, 1. gr.* [2] *L. 54/1989, 1. gr.* [3] *L. 61/1985, 1. gr.*

■ **3. gr.** [Auk dýralækna þeirra, sem um getur í 2. gr., skal vera einn yfirdýralæknir og skal hann vera ríkisstjórn til ráðuneytis um og hafa yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál búfjár og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.][1]

☐ Hann skal hafa yfirumsjón með aðgerðum gegn smitsjúkdómum búfjár og innflutningi og útflutningi lifandi dýra- og búfjárafurða að því er varðar heilbrigði og hollustuhætti.

☐ Yfirdýralæknir skal hafa með höndum stjórn og eftirlit með starfsemi héraðsdýralækna og annarra þeirra dýralækna sem læknisleyfi hafa.

[1] *L. 54/1989, 2. gr.*

■ **4. gr.** Dýralæknar skulu hver í sínu umdæmi vinna að bættu heilsufari búpenings í landinu og aukinni arðsemi hans. Þeir skulu vera á verði gegn því, að einstaklingar eða þjóðin í heild bíði tjón af völdum búfjársjúkdóma. Með starfi sínu skulu þeir leitast við að girða fyrir hættur, sem stafað geta af sjúkum dýrum og neyslu spilltra búfjárafurða.

☐ Dýralæknar skulu gegna störfum sínum með árvekni, halda þekkingu sinni sem best við og gæta fyllstu samviskusemi í öllum dýralæknisstörfum.

■ **5. gr.** [Forseti skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma. Skipun yfirdýralæknis skal lengst gilda til 6 ára í senn.

☐ Ráðherra skipar þrjá dýralækna í nefnd er metur hæfni umsækjenda í stöðu héraðsdýralæknis og gerir tillögur til ráðherra um röð umsækjenda þegar fleiri en einn sækja. Einn nefndarmanna skal skipa eftir tilnefningu yfirdýralæknis, einn eftir tilnefningu Dýralæknafélags Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

☐ Dýralæknar skulu fá greiðslu fyrir störf sín og ferðir fyrir einstaklinga og hið opinbera samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum stéttarfélags dýralækna og er þeim óheimilt að taka hærri greiðslur fyrir störf sín en þar er kveðið á um.

☐ Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi og þegar nauðsyn krefur er héraðsdýralækni skylt, eftir ákvörðun ráðherra, að gegna dýralæknisstörfum í nágrannaumdæmi gegn hálfum byrjunarlaunum í því umdæmi.][1]

[1] *L. 54/1989, 3. gr.*

■ **6. gr.** Héraðsdýralæknar stunda almennar lækningar hver í sínu héraði og annast sölu lyfja fyrir dýr, samkvæmt gildandi lögum og reglum um sölu lyfja.

☐ Þeir eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum, þegar þess er leitað, nema þeir séu sjálfir sjúkir eða hindraðir af öðrum meira aðkallandi embættisstörfum.

☐ Nú er héraðsdýralæknis vitjað úr öðru dýralæknisumdæmi í mjög brýnni nauðsyn, þegar ekki næst til viðkomandi héraðsdýralæknis, og ber honum þá skylda til að sinna vitjunarbeiðni, ef hann getur komið því við.

☐ Yfirdýralæknir setur héraðsdýralæknum erindisbréf,[1] sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þar skal kveðið á um embættisfærslu og skyldur héraðsdýralækna.

[1] *Erbr. 197/1971, 183/1978 og 127/1986.*

■ **7. gr.** Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í búfé eða grunur um slíkan sjúkdóm í umdæmi héraðsdýralæknis, skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til þess að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins og forða tjóni, er af honum getur leitt. Hann skal tilkynna yfirdýralækni tafarlaust um sjúkdóminn og gera þeir í samráði þær ráðstafanir, sem þurfa þykir.

☐ Læknisaðgerðir á dýrum höldnum smitsjúkdómum skulu eingöngu framkvæmdar af dýralæknum eða í samráði við þá.

☐ Landbúnaðarráðherra setur reglur[1] að fengnum tillögum yfirdýralæknis um meðferð helstu smitsjúkdóma búfjár og varnir gegn þeim.

[1] *Augl. 10/1964 (notkun matarleifa til skepnufóðurs); rg. 209/1966 (hundapest), 35/1967 (hringskyrfi), 226/1969 (búfjársæðing), 290/1980 (um varnir gegn hundaæði), 444/1982 (um loðdýrarækt og innflutning loðdýra), sbr. 340/1986, sbr. einnig rg. 393/1984 (loðkanínurækt), 429/1984 (smitsjúkdómar alifugla). Rg. 156/1987 (sæðingar loðdýra). Rg. 403/1986, sbr. 597/1989 (um varnir gegn fisksjúkdómum o. fl.). Augl. 117/1990 (varúðarráðstafanir vegna innflutnings á rotmassa til svepparæktar).*

■ **8. gr.** Héraðsdýralæknar annast heilbrigðiseftirlit með sláturfé og sláturafurðum hver í sínu umdæmi, eftir því sem aðstæður leyfa. Í Reykjavík hefur yfirdýralæknir eftirlit þetta með höndum.

1981 Nr. 77 1. okt.

**1981** Nr. 77 1. okt.

☐ Þar sem dýralæknar geta ekki sjálfir annað heilbrigðiseftirliti þessu, skulu héraðslæknar eða aðrir, sem lokið hafa sérstöku námskeiði í heilbrigðisskoðun sláturafurða, annast það undir stjórn og eftirliti viðkomandi héraðsdýralæknis. Héraðsdýralæknar safna árlega skýrslum frá þeim, sem heilbrigðisskoðun annast í umdæminu.

☐ Landbúnaðarráðherra setur reglur að fengnum tillögum yfirdýralæknis um framkvæmd heilbrigðiseftirlits með sláturfé og sláturafurðum, meðferð og geymslu sláturafurða, útbúnaði og þrifnaði í sláturhúsum, kjötfrystihúsum, kjötvinnslustöðvum og mjólkurbúum.[1)]

[1)] *Rg. 35/1986, sbr. 654/1989 (um mjólk og mjólkurvörur).*

■ **9. gr.** Héraðsdýralæknar skulu árlega annast eftirlit með heilbrigði og hirðingu nautgripa á búum, þar sem framleidd er sölumjólk. Þeir skulu með leiðbeiningum og á annan hátt leitast við að bæta þrifnað og hollustuhætti hjá framleiðendum sölumjólkur.

☐ Héraðsdýralæknar skulu halda skýrslur um þetta eftirlit samkvæmt nánari fyrirsögn yfirdýralæknis. Afrit af skýrslum þessum skal senda yfirdýralækni. Mjólkurbú skulu eiga greiðan aðgang að skýrslum þessum, sé þess óskað.

☐ Ráðherra setur reglur um framkvæmd eftirlits þessa og nauðsynlegar ráðstafanir til þess að stöðva sölu á mjólk, sem vegna sjúkdóma eða óþrifnaðar gæti talist varasöm fyrir heilbrigði neytenda. Ákvörðun héraðsdýralæknis um sölustöðvun er heimilt að áfrýja þegar í stað til yfirdýralæknis, sem fellir fullnaðarúrskurð.

■ **10. gr.** Dýralæknar skulu halda skýrslur um sjúkdóma og heilsufar búfjár hver í sínu umdæmi. Skýrslu um smitsjúkdóma skal gera mánaðarlega. Yfirlitsskýrslur um heilsufar og sjúkdóma og læknisaðgerðir skal semja og senda til yfirdýralæknis ár hvert fyrir 15. febrúar.

☐ Úr skýrslum héraðsdýralækna skal árlega vinna og birta heildaryfirlit um heilsufar búpenings í landinu samkvæmt nánari fyrirmælum landbúnaðarráðherra.

■ **11. gr.** Ef yfirdýralæknir verður þess var, að dýralæknir, sem læknisleyfi hefur, vanrækir skyldur sínar og störf eða brýtur alvarlega í bág við fyrirmæli, sem dýralæknum ber að starfa eftir, skal yfirdýralæknir áminna hann um að bæta ráð sitt.

☐ Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi, þá ber yfirdýralækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi um tiltekinn tíma.

☐ Nú telur yfirdýralæknir, að dýralæknir, sem læknisleyfi hefur, hafi sýnt, að hann uppfylli ekki lengur þær kröfur, sem gerðar voru, er honum var veitt læknisleyfi, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu, eiturlyfjanotkunar eða drykkjuskaparóreglu, sem geri hann óhæfan eða hættulegan við störf sín, þá skýri hann ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits læknaráðs um málið, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942. Má svipta viðkomandi dýralækni lækningaleyfi ef læknaráð telur það nauðsynlegt, en skjóta má hann máli sínu til dómstólanna.

■ **12. gr.** Dýralækni eru óheimilar hvers konar auglýsingar eða áróður um starf sitt sem dýralæknir. Þó er heimilt að auglýsa í blöðum viðtalstíma, læknavakt, orlof o. þ. h. sem og birta nafn dýralæknis á lyfseðlum og dyraspjöldum.

**1981** Nr. 77 1. okt.

■ **13. gr.** Í þeim umdæmum, þar sem mjólkurkýr eru færri en 1600, miðað við skattaframtal næsta árs á undan, er heimilt að greiða héraðsdýralækni staðaruppbót sem nemur hálfum byrjunarlaunum í umdæminu. Staðaruppbót þessi fellur niður þegar kúm í umdæminu fjölgar yfir áðurnefnda tölu.

☐ Þar sem eigi er embættisbústaður í umdæmi héraðsdýralæknis, er heimilt að greiða dýralækni skrifstofustyrk úr ríkissjóði. Styrkur þessi fellur niður, þegar embættisbústaður hefur verið byggður.

■ **14. gr.** Þegar dýralæknir hefur starf sem héraðsdýralæknir, er heimilt að veita honum hagkvæmt lán til kaupa á bifreið til notkunar við starf sitt, enda skuldbindi hann sig til þess að starfa sem héraðsdýralæknir í þrjú ár að minnsta kosti.

☐ Í þessu skyni er heimilt í fjárlögum að gera ráð fyrir sérstakri upphæð til bifreiðakaupa fyrir nýja héraðsdýralækna. Landbúnaðarráðherra setur reglur um fjárreiður sjóðs þessa.

☐ Heimilt er að sjá hverju dýralæknisumdæmi fyrir sérstökum læknisáhöldum og tækjum samkvæmt tillögum yfirdýralæknis og stéttarfélags dýralækna. Héraðsdýralæknum ber að gæta og varðveita áhaldasafn þetta á óaðfinnanlegan hátt og skila í hendur eftirmanna sinna.

☐ Fyrir hver 10 ár, sem héraðsdýralæknir hefur gegnt þjónustu, á hann rétt á að hljóta 6 mánaða frí frá störfum með fullum launum, til framhaldsnáms í samráði við yfirdýralækni. Greiðir ríkissjóður fargjaldskostnað til þess lands, þar sem hann hyggst dveljast, og heim til Íslands aftur að dvöl lokinni.

■ **15. gr.** Dýralæknisnema, sem ekki hefur lokið námi, má fela að gegna héraðsdýralæknisumdæmi um stundarsakir, ef yfirdýralæknir mælir með því. Einnig má fela honum tiltekin störf önnur, og hefur hann þá lækningaleyfi, meðan hann gegnir þeim.

■ **16. gr.** [Meðan eigi fást dýralæknar í öll hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi er sveitarfélögum heimilt að semja við menn þar búsetta, sem ekki eru dýralæknar að menntun en hlotið hafa tilsögn dýralæknis og reyndir eru að sérstakri hæfni til að hjálpa sjúkum búpeningi, að annast dýralæknastörf innan umdæmisins eftir því sem geta þeirra og kunnátta leyfir, önnur en þau sem um getur í 7., 8. og 9. gr., enda komi til samþykki landbúnaðarráðherra og meðmæli yfirdýralæknis. Sveitarfélög njóta styrks til að greiða mönnum sem ráðnir eru á þennan hátt. Þá skal styrkur sá, sem greiddur er í hvert umdæmi, sem er án dýralæknis, ekki nema hærri upphæð en ⅔ þeirra launa sem héraðsdýralækni væru greidd samkvæmt launalögum. Styrkur þessi fellur niður þegar dýralæknir fæst í embættið.][1)]

[1)] *L. 108/1988, 41. gr.*

## Lög um sauðfjárbaðanir.

**1977** Nr. 22 10. maí

■ **1. gr.** Sérhverjum þeim, er sauðfé eða geitfé hefur undir höndum, hvort heldur er eigin fé eða fóðrafé, er skylt að láta fram fara böðun á því til að útrýma kláða og öðrum óþrifum, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Honum er skylt að eiga eða tryggja sér

afnot af aðstöðu til böðunar, þannig að verkið geti gengið greiðlega, farið fram innanhúss og án þess að fénaður sæti óþörfu hnjaski, enn fremur að leggja til nægilegt vinnuafl til verksins, vatn og nægilegt magn þess baðlyfs, sem yfirvöld mæla fyrir um, að notað sé. Bresti á eitthvað af þessu að dómi baðstjóra, hlutast hann til um úrbætur á kostnað fjáreiganda.

■ **2. gr.** Böðun skal fram fara annan hvorn vetur milli 1. nóv. og 15. mars, þó aldrei fyrr en lokið er haustslátrun og aldrei fyrr en fé er komið á hús, nema sérstakar aðstæður mæli með slíku að dómi eftirlitsmanns og yfirdýralæknir samþykki.

■ **3. gr.** [Heimilt er landbúnaðarráðherra, að fengnum umsóknum sýslumanns, að veita undanþágu frá böðunarskyldu um ótiltekinn tíma í tilteknum fjárskiptahólfum og öðrum einangruðum svæðum þar sem rækilega hefur verið framfylgt lögum og reglum um böðun og óþrifa þá ekki orðið vart, enda mæli yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknar með því að undanþága sé veitt. Umsóknum skulu fylgja vottorð héraðsráðunauta í sauðfjárrækt og garnaveikisbólusetningarmanna, gærumatsmanna og heilbrigðiseftirlitsmanna í sláturhúsum á svæðinu um að þeir hafi ekki í starfi sínu orðið varir við kláða eða önnur óþrif í sauðfé og geitfé í hólfinu síðastliðin fjögur ár eða lengur.][1)]

☐ Verði vart kláða eða annarra óþrifa í fé á svæði, þar sem undanþágan gildir, fellur hún þegar niður. Landbúnaðarráðherra er heimilt, ef þurfa þykir, að fyrirskipa kláðaskoðun á kostnað sauðfjáreigenda til þess að kanna hvort óþrif eða kláði leynist í sauðfé á svæðinu.

☐ Ráðherra getur enn fremur veitt frest eða undanþágu frá böðun á einstökum búum, ef héraðsdýralæknir telur, að heilbrigði fjárins sé svo háttað, að því stafi hætta af böðun um sinn eða böðun geti valdið útbreiðslu smitsjúkdóma.

[1)] *L. 108/1988, 39. gr.*

■ **4. gr.** Fjáreigendum og öðrum, er starfa við smölun, réttun, hirðingu og gæslu sauðfjár, er skylt að hafa vakandi auga á því, hvort sauðfé sé haldið fjárkláða, lús eða öðrum óþrifum.

☐ Allir þeir, sem hafa með höndum heilbrigðisskoðun á sláturhúsum, skulu fylgjast vel með því, hvort óþrif leynast á sláturfé og hvaðan slíkt fé er upprunnið. Skulu þeir halda skýrslur um það efni og tilkynna hlutaðeigandi héraðsdýralækni strax að lokinni sláurtíð.

■ **5. gr.** Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á því, að kind sé kláðasjúk, skal sá, er þess verður var, tilkynna það héraðsdýralækni og hreppstjóra eða lögreglustjóra þegar í stað. Er skylt að halda hinu sýkta eða grunaða fé í einangrun á ábyrgð og kostnað eigenda, uns dýralæknir hefur úrskurðað, hvort um fjárkláða sé að ræða. Reynist svo vera, skipar yfirdýralæknir fyrir um nauðsynlega böðun.

☐ Verði fjárkláða eða annarra óþrifa á sauðfé og geitfé vart æ ofan í æ í einhverju fjárskiptahólfi, þrátt fyrir að böðunarskyldu skv. almennum ákvæðum laga þessara sé fullnægt, er landbúnaðarráðherra rétt að fyrirskipa að ráði yfirdýralæknis og að höfðu samráði við sveitarstjórnir á viðkomandi svæði, sérstaka útrýmingarböðun, þ. e. tvíböðun, í hólfinu eða á svo stóru svæði sem þurfa þykir. Skal þá framkvæmd ítarleg skoðun á fénaði, gengið úr skugga um fjárheimtur og varast samgang fjár með sérstökum ráðstöfunum, eftir því sem þurfa þykir, og hert á allri nákvæmni í vinnubrögðum við böðun hverrar einstakrar skepnu. Þegar útrýmingarböðun sauðfjár er ákveðin skulu hreppsnefndir hlutast til um sérstakar fjárleitir til þess að tryggja sem bestar heimtur ef þess er talin þörf. Yfirdýralæknir getur hlutast til um að ráðherra skipi sérstakan framkvæmdastjóra til að stýra allri framkvæmd slíkrar útrýmingarböðunar og tekur hann laun úr ríkissjóði. Þegar tvíböðun hefur verið ákveðin í tilteknum landshluta, skal strax tilkynna það eftirlitsmönnum og þeir öllum hlutaðeigandi baðstjórum. Auk þess skal ákvörðunin um tvíböðun lesin minnst tvisvar í ríkisútvarpinu og birt í Lögbirtingablaðinu.

■ **6. gr.** Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim umdæmum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti sem þeir geta annast það eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

☐ [Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum, einn í hverri sýslu eða hluta úr sýslu eða bæjarfélagi, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og héraðsnefnda eða bæjarstjórnar.][1)]

☐ Eftirlitsmenn skulu sjá um skipulagningu og undirbúning sauðfjárbaðana, hver í sínu umdæmi. Þar sem um er að ræða tvo eða fleiri eftirlitsmenn í sama fjárskiptahólfi og hætta er á samgangi fjár á milli eftirlitssvæða, skulu eftirlitsmenn hafa samstarf um skipulag baðana. Þeir skulu hlutast til um, að verslanir hafi tiltæk næg baðlyf, annast skýrsluhald varðandi baðanir og setja baðstjórum reglur um framkvæmd sauðfjárbaðana, upplýsa þá um verkanir baðlyfja og annað, er máli skiptir í því sambandi.

☐ Þeir ákveða í samráði við sveitarstjórn og baðstjóra hvenær innan þeirra tímamarka, er kveðið er á um í 2. gr., skuli baðað í hverjum hreppi. Skylt er að skipuleggja böðun þannig í hverjum hreppi, að henni verði alls staðar lokið á sem skemmstum tíma til að forðast hugsanlegan samgang baðaðs fjár og óbaðaðs. Nú heimtist fé eftir að böðun er almennt lokið, og skal þá sá, er finnur, einangra kindurnar og tilkynna hreppstjóra, er hlutast til um í samráði við eftirlitsmann, að féð sé baðað án tafar.

☐ Þóknun fyrir störf eftirlitsmanna greiðist úr [héraðssjóði][1)] eða bæjarsjóði. Kaup baðstjóra greiðist á sama hátt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

[1)] *L. 108/1988, 40. gr.*

■ **7. gr.** Eftirlitsmenn skulu útnefna baðstjóra í samráði við hreppsnefndir. Skal sú útnefning fullbúin og tilkynnt baðstjórum eigi síðar en 20. október það ár, sem baða skal. Skal einn eða fleiri baðstjórar starfa í hverjum hreppi eftir því, sem þörf krefur, svo hægt sé að framkvæma böðun í hreppnum á skömmum tíma. Í bæjum útnefna eftirlitsmenn baðstjóra í samráði við bæjarstjórnir.

☐ Baðstjórar skulu skipuleggja sauðfjárbaðanir hver á sínu svæði, vera viðstaddir böðun, sjá um blöndun á baðlegi og hafa gát á því, að þeir, sem að böðun starfa, fylgi settum reglum, og fylgjast vel með því, hvort óþrifa verði vart í fénu. Baðstjóra skal vegna skyldu-

1977 Nr. 22 10. maí

**1977** Nr. 22 10. maí

starfa sinna frjáls og greiður aðgangur að öllum útihúsum fjáreiganda til eftirlits. Skylt er fjáreiganda eða umráðamanni að framvísa öllu því fé sem hann hefur undir höndum, til böðunar þegar baðstjóri óskar eftir því. Skulu baðstjórar leita fulltingis sýslumanns og hreppstjóra, vilji sauðfjáreigendur ekki fylgja settum reglum um böðun.

■ **8. gr.** Landbúnaðarráðherra fyrirskipar, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða tegund baðlyfja skuli nota við lögboðnar sauðfjárbaðanir.

□ Nú fyrirskipar landbúnaðarráðherra aukaböðun vegna þess að fjárkláða hefur orðið vart, sbr. 5. gr., og greiðir þá ríkissjóður andvirði baðlyfsins, eins og það kostar á næsta verslunarstað, en fjáreigandi eða umráðamaður annan kostnað.

■ **9. gr.** Landbúnaðarráðherra setur reglugerð[1] um framkvæmd sauðfjárbaðana að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands.

□ Í slíkri reglugerð er heimilt að setja ákvæði um dagsektir, ef fjáreigandi hefur eigi án lögmætra forfalla lokið böðun á fé sínu fyrir lögskilinn tíma, og skal þá baða sauðfé á kostnað eiganda þess.

[1] *Rg. 290/1978.*

■ **10. gr.** Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum allt að jafnvirði 300 kg af 1. fl. dilkakjöti í næstliðinni sláturtíð, og renna þær í ríkissjóð.

**1928** Nr. 11 23. apríl

## Lög um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

■ **1. gr.** Bannað er öllum að flytja til landsins lifandi spendýr og fugla. Þó getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá banni þessu, enda setji þá reglur[1] í hvert sinn, í samráði við ráðunaut sinn í þessum efnum, er öruggar séu til varnar því, að alidýrasjúkdómar flytjist hingað með dýrum þeim, er innflutningur verður leyfður á.

[1] *Rg. 444/1982 (um loðdýrarækt og innflutning loðdýra), sbr. 340/1986, sbr. einnig rg. 393/1984 (loðkanínurækt).*

■ **2. gr.** Bannaður er innflutningur á þessum vöruteg undum:

a. Heyi, hálmi, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk, gömlum og notuðum pokum og tuskum alls konar.

b. Ull.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu fyrir ull til verksmiðjuiðju, enda sé hún sótthreinsuð utanlands eða innan, undir öruggu eftirliti.

c. Notuðum fatnaði, fiðri, fjöðrum, dún, stráteppum, körfum úr strái, dýrahári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem: burstavörum, penslum, kústum og hrosshársbörðum.

Á vörum, sem taldar eru í þessum lið, kemur þó innflutningsbann ekki til framkvæmda, ef vörurnar sótthreinsast við tilbúning eða hreinsun, eða ef þær eru sótthreinsaðar áður en þær voru fluttar á skip, enda fylgi farmskránni vottorð um uppruna og vinnslu varanna eða sótthreinsun.

Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að fyrirskipa sótthreinsun á téðum vörum, er þær koma hingað til lands, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

d. Fóðurkökum og rófum.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu frá innflutningsbanni á vörum þessum í einstökum tilfellum og fyrir lönd og landshluta.

**1928** Nr. 11 23. apríl

■ **3. gr.** Atvinnumálaráðherra er heimilt að banna með auglýsingu[1] innflutning á öðrum þeim vörum, sem hætta telst á, að sóttnæmi geti borizt með.

[1] *Augl. 140/1982.*

■ **4. gr.** Hver sá maður, sem kemur hingað til lands frá útlöndum, skal á fyrstu höfn, sem skipið kemur á, áður en hann stígur af skipsfjöl, gefa lögreglustjóra eða sóttvarnalækni yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi á síðustu þrem mánuðum áður en hann lagði af stað frá útlöndum dvalið eða verið á ferð í sveit, þar sem gin- og klaufaveiki eða aðrir hættulegir og næmir alidýrasjúkdómar hafa gengið síðastliðið ár.

□ Hafi farþeginn dvalið eða verið á ferð í slíku héraði á síðustu þrem mánuðum, skal hann tafarlaust einangraður, þar til hann og farangur hans hafa verið tryggilega sótthreinsaðir.

□ Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur atvinnumálaráðherra fyrirskipað sótthreinsun á farþeganum og farangri hans, ef vegabréf hans sannar ekki, að hann hafi dvalið síðustu þrjá mánuði þar, sem engin smitunarhætta var.

■ **5. gr.** Öll þau dýr, sem um getur í 1. gr. og eru með skipum þeim, sem koma til landsins, t. d. eign skipverja eða farþega, skulu tryggilega einangruð eftir fyrirmælum hlutaðeigandi lögreglustjóra eða sóttvarnarlæknis, meðan skipið er hér við land. Enn fremur getur atvinnumálaráðherra bannað með auglýsingu skipum þeim er sigla hingað til lands, að hafa meðferðis nokkur þau dýr, er ræðir um í 1. gr.

■ **6. gr.** Brot gegn 1., 2. og 5. gr., svo og auglýsingum, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út samkvæmt 3. og 5. gr., varða sektum ...[1] fyrir skipstjóra þann, sem dýrin eða bannvörurnar flutti inn, og jafnháum sektum fyrir eigandann, og skulu dýrin eða bannvaran gerð upptæk, dýrunum lógað, en bannvaran ónýtt að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft í skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borga allan kostnað, er af því leiðir. Enn fremur bæti eigandinn allan skaða, er af þeim dýrum eða þeirri vöru hlýzt, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins.

□ [Brot gegn öðrum ákvæðum laganna svo og reglugerðum og öðrum ákvæðum, sem sett verða samkvæmt þeim, varða ...[2] sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sá, sem brotlegur verður, skal auk þess bæta allt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans.][3]

□ Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

□ Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

[1] *L. 75/1982, 24. gr. A.* [2] *L. 75/1982, 24. gr. B.* [3] *L. 16/1952, 1. gr.*

■ **7. gr.** Berist gin- og klaufaveiki til landsins, eða annar hættulegur og næmur alidýrasjúkdómur, hefur atvinnumálaráðuneytið heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, er það telur nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu veikinnar.

□ [Í reglugerð[1] getur ráðherra sett fyrirmæli um niðurskurð gripa og um einangrun heimila og héraða, þar sem

**1928** Nr. 11 23. apríl

gin- og klaufaveiki eða annars hættulegs alidýrasjúkdóms hefur orðið vart eða grunur leikur á, að slíkur sjúkdómur hafi komið upp. Enn fremur ákvæði um bætur úr ríkissjóði fyrir gripi, sem slátrað verður, afurðatjónsbætur, greiðslu sótthreinsunarkostnaðar, svo og önnur þau atriði, er þurfa þykir. Í reglugerð má ákveða, að bætur fyrir slátrun gripa og afurðatjón skuli ákveðnar af þremur mönnum tilnefndum af hæstarétti og verði mati þeirra ekki skotið til yfirmats.][2)]

[1)] *Augl. A 97/1955 (um aðild Íslands að stofnskrá Evrópunefndar til varnar gin- og klaufaveiki). Rg. 429/1984 (kjúklingasótt); rg. 20/1952, augl. 200/1960, 220/1960, 89/1968 (gin- og klaufaveiki); reglur 14/1957 (matarleifar til skepnufóðurs, sjá augl. 10/1964); rg. 209/1966, augl. 213/1966 (hundapest); augl. 16/1967 (kjarnfóðurinnfl.); rg. 35/1967 og augl. 180/1988 (hringskyrfi); rg. 290/1980 (hundaæði); rg. 27/1970 (minkar); augl. 344/1972; rg. 444/1982 (um loðdýrarækt og innfl. loðdýra), sbr. 340/1986, sbr. einnig 393/1984 (loðkanínurækt).* [2)] *L. 16/1952, 2. gr.*

**1956** Nr. 23 10. marz

## Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

### I. kafli. Sjúkdómar, er lög þessi ná til, og markmið framkvæmda.

■ **1. gr.** [Ákvæði laga þessara ná til eftirtalinna sjúkdóma:

1. Þurramæði.
2. Garnaveiki (paratuberculosis í búfé).

□ Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni fjársóttir í lögum þessum.

□ Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

□ Ef riðuveiki (neurotrop virus) eða kýlapest (bact. purifaciens) eða aðrir sjúkdómar valda eða eru líklegir til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessara laga nái einnig til þeirra, eftir því sem við á, svo sem fyrirskipun um hömlur á fjársamgöngum, sérstakar merkingar á fé, bann við búfjárflutningum og sölu fjár til lífs, niðurskurð, sótthreinsun, bætur (uppeldisstyrk), er nánar skal ákveðið með sérstakri reglugerð[1)] að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar og yfirdýralæknis.][2)]

[1)] *Rg. 556/1982 (um riðuveiki o. fl.).* [2)] *L. 12/1967, 1. gr.*

■ **2. gr.** [Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma, sem um ræðir í lögum þessum, og vinna að útrýmingu þeirra.][1)]

[1)] *L. 12/1967, 2. gr.*

### II. kafli. Um framkvæmdastjórn.

■ **3. gr.** Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

■ **4. gr.** Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

□ Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

■ **5. gr.** [Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er: **1956** Nr. 23 10. marz

1. Að stuðla að heilbrigðiseftirliti sauðfjár og auknum rannsóknum á sauðfjársjúkdómum.
2. Að gera viðhlítandi varúðarráðstafanir, ef grunur kemur upp um aukna hættu af völdum sjúkdóms, sem um getur í lögum þessum, og ef brotnar eru eða vanræktar sóttvarnarreglur.
3. Að koma upp varnarlínum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
4. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.][1)]

[1)] *L. 12/1967, 3. gr.*

### III. kafli. [Um sauðfjárvarnarsvæði og varnir.][1)2)]

[1)] *L. 12/1967, 4. gr.* [2)] *Rg. 556/1982 (um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og kýlapestar í sauðfé og geitum).*

■ **6. gr.** [Sauðfjárvarnarsvæði eru tvenns konar: Fjárskiptasvæði, þar sem fjárskipti hafa farið fram, og varnarsvæði, þar sem fjárskipti hafa ekki verið framkvæmd.

□ Sauðfjárvarnarsvæði markast af girðingarlínum, ám, vötnum, sjó eða öræfum, sem ásamt fyrirskipaðri vörzlu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farartálma eða fullkomna hindrun á fjársamgangi. Mörk sauðfjárvarnarsvæða nefnast varnarlínur.

□ Sauðfjárvarnarsvæði og takmörk þeirra skulu vera ákveðin og gerð almenningi kunn, þegar þurfa þykir.

□ Varðmenn skal hafa til eftirlits við varnarlínur til öryggis, þar sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf.

□ Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlínum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlínur skulu settar upp, þar sem nauðsyn krefur og ef unnt er með samkomulagi milli hlutaðeigandi sýslu- eða hreppsfélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

□ Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.][1)]

[1)] *L. 12/1967, 4. gr.*

■ **7. gr.** Girðingastæði skulu valin þar, sem bezt skilyrði eru til varnar frá náttúrunnar hendi. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að löndum sínum, ef nauðsyn krefur. Þegar svo stendur á, skal leitazt við að bæta það með tilsvarandi löndum í skiptum, ef unnt er.

□ Meðan upprekstrarfélög eða einstakar jarðir eru að einhverju leyti svipt aðgangi að beitilöndum sínum, skulu þeim heimil afnot annarra þeirra afréttarlanda, sem þau hafa til þessa haft afnot af, enda þótt lönd þessi liggi innan annars upprekstrar- eða sýslufélags, nema þau afnot komi í bága við nauðsynlegar sauðfjársjúkdómavarnir að dómi sauðfjársjúkdómanefndar. Afnot þessi skulu þó aðeins ná til svipaðrar fjártölu og upprekstrarfélög þessi eða ábúendur einstakra jarða ráku áður í landið.

□ Verði ekki samkomulag um landaskipti eða bætur fyrir misst land, skal ákveða bætur með gerðardómi, þar sem aðilar tilnefna sinn manninn hvor og landbúnaðarráðherra tilnefnir oddamann. Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, er landið fá, og miðast við notagildi landsins. [Nægi það eigi greiðir ríkissjóður og

hlutaðeigandi sveitarsjóður það sem til vantar, að hálfu hvor.][1]

[1] *L. 108/1988, 23. gr.*

■ **8. gr.** Girðingar á aðalvarnarlínum skulu lagðar og viðhaldið á kostnað ríkissjóðs. Í girðingar í aukavarnarlínur leggur ríkissjóður efni, en hlutaðeigendur í héraði annast á sinn kostnað flutning efnisins frá hafnarstað og uppsetningu girðinganna, en viðhald þeirra kostar ríkissjóður.

□ Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur, sker landbúnaðarráðherra úr, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

□ Varzla meðfram varnargirðingum skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd, en framkvæmd af aðliggjandi fjárskiptafélögum á kostnað ríkissjóðs.

□ Reikninga um kostnað ríkissjóðs samkvæmt þessari grein úrskurðar sauðfjársjúkdómanefnd.

■ **9. gr.** [Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínum svo lengi, að fullvíst þyki, að fjársóttir og aðrir búfjársjúkdómar, sem valda stórfelldu tjóni, geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum öðrum megin línunnar, þannig að samgangur milli svæðanna auki á sýkingarhættu fyrir búfé.

□ Því aðeins er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt að leggja niður varnarlínur, að fram hafi farið ítarlegt heilbrigðiseftirlit á búfé á þeim varnarsvæðum, sem að línunni liggja, og eftir að hafa ráðgazt við sérfræðing sinn og yfirdýralækni. Gefa skal aðliggjandi héruðum kost á að eignast girðingarnar endurgjaldslaust gegn skuldbindingu um að halda þeim við minnst í 3 ár og taki jafnframt á sig ábyrgð á að gera þær hættulausar til frambúðar. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlínunum með þessum kvöðum, er heimilt að gefa hreppsfélögum, upprekstrarfélögum eða bændum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að eignast þær með sömu skilyrðum, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

□ Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smágirðinga innan sauðfjárvarnarsvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

□ Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.][1]

[1] *L. 12/1967, 5. gr.*

■ **10. gr.**[1] Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varnarlínur þær, sem um ræðir í 6. – 9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar hefur yfirumsjón og eftirlit með störfum varðmanna.

[1] *Rg. 76/1952.*

■ **11. gr.** Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, varða sektum eða fangelsi, allt að þremur mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

■ **12. gr.** [Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa, á kostnað eigenda, sérstakar merkingar á sauðfé og nautgripum, þar sem henni þykir nauðsyn til bera. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.][1]

[1] *L. 12/1967, 6. gr.*

■ **13. gr.** [Bannað er að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur nema vegna fjárskipta. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd með samþykki yfirdýralæknis leyft flutning á kynbótafé yfir varnarlínur. Gilda þá allar sömu varúðarreglur og við flutning sæðis, sbr. síðustu málsgrein þessarar lagagreinar, og auk þess önnur skilyrði, er tilgreind skulu í reglugerð.

□ Sleppi kindur yfir varnarlínur, skal þeim slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlínur. Líffæri úr kindum þessum skal merkja greinilega og senda til rannsókna án tafar. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta, þannig að eigendur fái a. m. k. fullt niðurlagsverð (haustverð) fyrir þær, enda hafi líffæri úr þeim verið send til rannsókna. Greiða skal þær bætur úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem verð afurðanna hrekkur ekki til.

□ Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, látið bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því sem ástæða er til.[1]

□ Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að bæta að nokkru tjón vegna banns við flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlínur, ef sýnilegt er, að búfjáreigandi verður fyrir varanlegu tjóni vegna bannsins. Skal sauðfjársjúkdómanefnd ákveða upphæð bótanna hverju sinni.

□ Sauðfjársjúkdómanefnd getur, ef hún telur hættulaust, leyft flutning á sæði milli sauðfjárvarnarsvæða í kynbótaskyni, enda sé í hvívetna gætt ýtrustu varúðar og aldrei flutt sæði úr hrútum eða nautum, þar sem garnaveiki, riða, fósturlát eða aðrir næmir sjúkdómar hafa gert vart við sig. Heimild til sæðisflutninga skal háð samþykki yfirdýralæknis.][2]

[1] *Rg. 135/1952.* [2] *L. 12/1967, 7. gr.*

■ **14. gr.** Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétt og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna.

□ Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við varnarlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé slátrað og líffæri send til rannsóknar.

□ [Einnig er nefndinni heimilt að banna búfjárflutninga innan sauðfjárvarnarsvæðis, milli héraða, hreppa og einstakra bæja, þótt ekki séu varnarlínur eða hindranir yfir að fara, ef hún telur slíkt hafa þýðingu til að hindra útbreiðslu búfjársjúkdóma. Um bætur fyrir slík bönn gilda sömu ákvæði og um flutningabönn yfir varnarlínur.

□ Skylt er hreppstjórum að gera sauðfjársjúkdómanefnd aðvart með nægum fyrirvara, ef fara á fram uppboð eða sala á sauðfjár- eða kúabúum. Getur þá nefndin bannað slíka sölu eða sett þau skilyrði, er hún telur nauðsynleg.][1]

[1] *L. 12/1967, 8. gr.*

■ **15. gr.** Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd og sveit-

arstjórnum eða stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki sauðfjársjúkdómanefndar, að fyrirskipa breytingu á upprekstri, fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu fjársótta eða til að tryggja vörzlu og árangur fjárskipta. Slíkar breytingar teljast eigi brot á fjallskilareglugerðum.

☐ [Sauðfjársjúkdómanefnd getur fyrirskipað fjáreigendum og sláturleyfishöfum að láta framkvæma slátrun á öllu fullorðnu fé, sem slátra á af ákveðnu svæði, í lok sláturtíðar eða þegar hentugt þykir, til þess að unnt sé að framkvæma ítarlega líffærasöfnun og líffæraathugun, meðan á slátrun stendur. Sauðfjársjúkdómanefnd getur einnig skyldað sláturleyfishafa, hvar sem er á landinu og á þeirra kostnað, til þess að láta safna líffærum sláturgripa, jafnóðum og slátrun fer fram, merkja þá og koma þeim strax til rannsóknar eða í frystigeymslu og gera um það skriflega skilagrein.][1]

[1] *L. 12/1967, 9. gr.*

■ **16. gr.** Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar og þeim slátrað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varnarlínur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er, þegar kindunum er slátrað. [Líffæri kinda, sem um getur í þessari grein, hvort sem þeim er slátrað heima eða í sláturhúsi, skulu greinilega merkt og send til rannsókna án tafar.][1]

[1] *L. 12/1967, 10. gr.*

■ **17. gr.** Fáist vissa eða sterkur grunur um, að einhver fjársótt hafi borizt yfir varnarlínu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé tafarlaust, og auk þess kindum, [sem líkur eru til að hafi smitazt við hýsingu með veiku fé, við samrekstur og í réttum].[1]

[1] *L. 12/1967, 11. gr.*

■ **18. gr.** Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

■ **19. gr.** Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár eða nautgripa, eftir því, sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

■ **20. gr.** Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust viðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Sama skylda hvílir á eigendum nautgripa, ef grunsamleg veiki kemur upp í gripum þeirra. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhverja fjársótt geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

1956 Nr. 23 10. marz

■ **21. gr.** Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

☐ Ekki má heldur reka fé, sem ætla má að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum [eða hafa saman á farartæki. Sé sýkt eða grunað fé tekið til flutnings, er skylt að hreinsa vandlega og sótthreinsa flutningstækið á eftir og grafa eða brenna saurinn. Sama gildir um hús og aðra geymslustaði, þar sem slíkt fé hefur dvalizt, sem og allar sláturfjárréttir. Frá heimilum, þar sem garnaveiki hefur verið staðfest, má ekki flytja sauðfé eða nautgripi til lífs á ósýkta bæi og ekki fyrr en liðin eru 10 ár frá því veikinnar var síðast vart. Sama gildir um nýfædd ungviði.

☐ Skylt er að senda garnabút aftast úr mjógörn, greinilega merktan, til rannsóknar úr öllum fullorðnum gripum, kúm og kindum, sem slátrað er frá þessum bæjum.

☐ Ef kýr eða kindur frá sýktum heimilum hafa dvalið í girðingarhólfum eða húsum, eða verið á farartækjum eða sýningum með gripum frá ósýktum heimilum, er heimilt að fyrirskipa tafarlaust slátrun og innyflarannsókn á þeim gripum, sem möguleiki er talinn vera á, að smithætta stafi af. Heimilt er og að fyrirskipa einangrun allra gripanna, eða aðrar varúðarráðstafanir, þar til rannsókninni er lokið.][1]

[1] *L. 12/1967, 12. gr.*

■ **22. gr.** [Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt, þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða grunað af garnaveiki, að fyrirskipa reglubundnar rannsóknir.][1] Lyf, tæki, kennslu og leiðbeiningar skal þá leggja til á kostnað ríkissjóðs. Annan framkvæmdakostnað greiði sauðfjársjúkdómanefnd að hálfu, en hlutaðeigandi hreppsfélag að hálfu. Fjáreigendum er skylt að sjá um að kosta smölun og gæzlu fjárins og alla ófaglega aðstoðarvinnu.

☐ Ef eigendur sauðfjár eða nautgripa neita að láta framkvæma á gripum sínum rannsókn eða varnarbólusetningu, sem ákveðin hefur verið, eða hindra á annan hátt framgang ákveðinna varnarráðstafana, skal framkvæmdastjóri leita fulltingis hlutaðeigandi yfirvalda. [Nú hefur bólusetning verið vanrækt í héruðum, þar sem garnaveikibólusetning hefur verið fyrirskipuð, og er þá óheimilt að flytja þaðan fé til lífs, unz bólusetning hefur farið fram, eins og fyrirskipað hefur verið. Búfé, sem komið er í sláturfjárrétt, má eigi flytja þaðan til lífs, heldur skal því slátrað, nema til komi leyfi sauðfjársjúkdómanefndar.][1]

☐ Kostnað, sem leiðir af slíkum töfum, ákveður sauðfjársjúkdómanefnd, og ber að innheimta hann hjá hlutaðeigandi gripaeigendum með frádrætti á bótum eða með aðför að lögum.

[1] *L. 12/1967, 13. gr.*

■ **23. gr.** Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, fyrirskipað að slátra því búfé, er að lokinni rannsókn þeirri, er um ræðir í 22. gr., reynist sjúkt eða grunað.

☐ Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir búfé,

sem er slátrað vegna þess að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Hið sama gildir um fé, sem slátrað er samkv. ákvæðum 17. gr.

**IV. kafli. Um fjárskiptafélög.**

■ **24. gr.** Sauðfjársjúkdómanefnd gerir tillögur um hagfellda skiptingu þeirra landshluta, þar sem sauðfé er sýkt af fjársóttum, í fjárskiptasvæði.

□ Við skiptingu þessa skal tekið tillit til:

1. Öruggra varnarlína, sem fyrir hendi eru, og skilyrða til að setja upp nýjar varnarlínur á sem öruggastan hátt.

2. Takmarka upprekstrarlanda og aðstöðu með tilliti til fénaðarferðar og fjallskila.

3. Aðstöðu til, að sauðfjárslátrun og fjárrekstrum í sambandi við hana verði þannig fyrir komið, að eigi stafi sýkingarhætta af og hagkvæmt sé.

4. Möguleika til að útvega nýjan fjárstofn í stað þess sýkta, jafnóðum og fjárskipti fara fram, sbr. V. kafla þessara laga.

5. Annarra aðstæðna, er fram kunna að koma og að dómi sauðfjársjúkdómanefndar geta valdið nokkru um, hvort fullum árangri verður náð við fjárskipti og aðrar aðgerðir til útrýmingar fjársóttum þeim, sem um er að ræða.

■ **25. gr.** Nú vilja fjáreigendur á ákveðnu fjárskiptasvæði hefjast handa um fjárskipti, og skulu þeir þá, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, snúa sér til sýslumanns eða sýslumanna á svæðinu. Skal þá sýslumaður, eða sýslumenn, skrifa öllum hreppsnefndum á hlutaðeigandi svæði áskorun um, að þær hver í sínum hreppi boði fjáreigendur á fund til að ræða málið og kjósa, með hlutbundnum kosningum, þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir fjárskiptasvæðið. Ef hluti úr hreppi er innan fjárskiptasvæðis, mæta þaðan fulltrúar í hlutfalli við tölu fjáreigenda í hreppshlutunum.

□ Á sama hátt getur sauðfjársjúkdómanefnd haft frumkvæði um málið.

□ Sýslumaður, eða sýslumenn, boða fulltrúafund eigi síðar en mánuði eftir að hreppsnefndum á svæðinu hefur verið skrifað. Á fundinn skal einnig boða framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar og hlutaðeigandi dýralækni.

□ Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru ⅔ hlutar fulltrúa frá þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu. Nú fallast ⅔ mættra fulltrúa á að gera samþykkt um stofnun fjárskiptafélags og fjárskipti, og skal þá fundurinn semja frumvarp til slíkrar samþykktar. Skylt er sauðfjársjúkdómanefnd að láta í té fyrirmyndir að slíkum samþykktum.

■ **26. gr.** Í frumvarpi til samþykktar skal tekið fram:

1. Stærð og takmörk fjárskiptasvæðis, er félagssamtökin ná yfir.

2. Hvenær fjárskipti skulu fara fram.

3. Um skipun fulltrúaráðs og kosningu stjórnar fyrir fjárskiptafélagið, er skipuð sé minnst 3 mönnum.

4. Um verksvið félagsstjórnar, völd og skyldur.

5. Um kvaðir og skyldur, er félagsmenn takast á hendur í sambandi við fjárskipti, vörzlur og aðrar sóttvarnarráðstafanir.

6. Önnur ákvæði varðandi félagssvæðið og afstöðu þess til annarra héraða og fjárskiptasvæða.

■ **27. gr.** Nú samþykkir fundurinn frumvarp með ⅔ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslu á félagssvæðinu og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið, fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerðir skuli komið til kjörstjórnar og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

■ **28. gr.** Nú hefur frumvarp til félagssamþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með ⅔ atkvæða allra mættra fulltrúa, og skal þá kjörstjórn sú, er kosin hefur verið samkvæmt ákvæðum 27. gr., senda það öllum hreppsnefndum í þeim hreppum eða hreppshlutum, er félagssvæðið nær yfir.

□ Hreppsnefnd skal þá skylt að boða fjáreigendur til fundar í hreppnum samkvæmt kjörskrá, er hún hefur samið, með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til stofnunar fjárskiptafélags liggi fyrir til atkvæðagreiðslu. Leiðrétting á kjörskrá má hlutaðeigandi kjörstjórn gera til kjördags.

□ Atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti hafa fjáreigendur, 18 ára eða eldri, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, ef þeir hafa átt 15 kindur eða fleiri samkvæmt síðasta skattaframtali.

□ Afrit af kjörskrá skal fylgja fundarboðinu.

□ Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg. Skal um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar hlíta ákvæðum 26. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar frá 23. júní 1936,[1] eftir því sem við á.

□ Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar oddviti atkvæðaseðla og önnur kjörgögn, þar með kjörskrá, og sendir formanni kjörstjórnar fjárskiptasvæðisins.

[1] *Nú l. 8/1986.*

■ **29. gr.** Kjörstjórn skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið samkvæmt 27. gr., til að rannsaka fundargerðir kjörfunda og telja atkvæði. Formaður kjörstjórnar stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum eða hreppshlutum kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir, og tölu atkvæðaseðla.

□ Tvö samrit skal rita af fundargerðinni, og skal öll kjörstjórn undirrita.

□ Nú hefur atkvæðagreiðsla fallið þannig, að félagssamþykktin hefur hlotið ⅔ greiddra atkvæða, og sé það að minnsta kosti ⅗ fjáreigenda samkvæmt kjörskrá, og telst þá félagsstofnunin samþykkt.

□ Samþykktina skal þá senda sauðfjársjúkdómanefnd í tvíriti, ásamt samriti fundargerðarinnar. Leitar nefndin síðan staðfestingar landbúnaðarráðherra á samþykktinni.

**V. kafli. Um fjárskipti.**

■ **30. gr.** Þegar fjárskiptafélag hefur verið stofnað með staðfestri samþykkt, sbr. 29. gr., skal félagsstjórnin snúa sér til sauðfjársjúkdómanefndar, er ákveður með samþykki ráðherra, hvenær fjárskiptin fara fram.

■ **31. gr.** Sauðfjársjúkdómanefnd hefur ásamt stjórn fjárskiptafélags umsjón með útrýmingu sjúkdóma og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkv. lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau.

□ Sauðfjársjúkdómanefnd ber einkum:

1. Að tryggja það, áður en fjárskipti fara fram, að fjárskiptasvæði sé tryggt með öruggum varnarlínum gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.

2. Að láta rannsaka heilbrigði fjár, ef ástæða þykir til, í þeim héruðum, sem ætlað er að kaupa lifandi lömb úr.

3. Að ákveða í samráði við félagsstjórn, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni sé lokið, og láta hafa eftirlit með eyðingu sóttnæms sláturúrgangs, flutningi og geymslu sláturafurða sjúka fjárins.

4. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en venjulega og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum, eftir að slátrun er lokið, og ekki verr mannaðar en í fyrstu göngum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.

5. Að ákveða, hvaðan líflömb séu tekin, og tilkynna það hlutaðeigandi sýslumönnum með nægum fyrirvara áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá engum gimbrarlömbum slátrað á svæðinu, þar til kaup hafa farið fram.

6. Að sjá um kaup, flutning og merkingu líflamba, í samvinnu við stjórn hlutaðeigandi fjárskiptafélags.

■ **32. gr.** Fjáreigendur, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, og hrútlömb eftir þörfum, til þeirra fjáreigenda, er hafa fjárskipti samkvæmt lögum þessum. Sauðfjársjúkdómanefnd getur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að fjáreigendur, sem lausir hafa verið við fjársóttir, séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb þriðja hvert ár, á meðan fjárskiptum til útrýmingar sjúkdómum er ekki lokið.

■ **33. gr.** Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal ákveða verð líflamba eftir lifandi þunga, miðað við afurðaverð hvers árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 32. gr., skyldir til að selja lömbin fyrir það verð, en jafnan sé tryggt, að það sé eigi lægra en fæst fyrir lömbin til slátrunar. Heimilt er þó, ef ástæða þykir til, að ákveða fast söluverð á lömbunum, miðað við fyrra árs verð og markaðshorfur á sauðfjárafurðum yfirstandandi árs.

■ **34. gr.** Þegar fjárskipti fara fram í héraði, skal verðlagsnefnd landbúnaðarafurða sjá um, að frystihús á svæðinu sitji fyrir um sölu, svo að fjárförgun þurfi eigi að tefjast vegna rúmleysis í frystihúsum.

■ **35. gr.** Þegar líflömb eru flutt inn á fjárskiptasvæði, skal gæta þess við skiptingu þeirra að dreifa sem minnst lömbum frá sama bæ. Skal hver fjáreigandi hafa lömbin í strangri gæzlu fyrsta missirið eftir að þau hafa verið flutt, og getur sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipað algera innistöðu þeirra um lengri eða skemmri tíma, ef hún telur þörf á. Sé þess gætt, að eigi leynist í þeim aðrir sjúkdómar, t. d. fjárkláði. Ef fjárkláða hefur orðið vart í þeim héruðum, sem líflömb eru flutt úr, eða ef hans verður vart í líflömbum, sem flutt hafa verið, skal sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipa og hafa eftirlit með, að útrýmingarböðun fari fram á fjárskiptasvæði því, sem um er að ræða, á sem tryggilegastan hátt.

☐ Fari svo, að líflömb tapist úr vörzlu næturlangt eða lengur fyrsta missirið eða sýkt eða grunuð kind komi saman við líflömb á fjárskiptasvæði, skal eigandi lambanna eða sá, er kindarinnar verður fyrst var, tafarlaust gera hreppstjóra aðvart. Ber honum að tilkynna það samstundis framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvort slátra skuli fénu eða ráðstafa á annan hátt.

☐ Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi eða óþægindi af þessum sökum.

☐ Öllu fjárskiptafé skal halda greinilega merktu, og skylt er fjáreiganda að gera nákvæma skrá yfir allt fjárskiptafé, svo að unnt sé að finna fyrri eigendur. Áður en bætur eru greiddar, skal afrit af slíkri skrá afhent sauðfjársjúkdómanefnd eða fulltrúa hennar.

■ **36. gr.** Veturinn eftir fjárskipti er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt, í samráði við stjórn fjárskiptafélags, að ráða hæfan mann eða menn til að rannsaka sauðfé og leita á heimilum, ef ástæða þykir til, svo að ugglaust sé, að hvergi sé leynt sýktu eða grunuðu fé.

☐ Komi það í ljós, að fé hafi verið haldið á laun, skal það og allt fé, er saman við það hefur getað komið, tekið og slátrað eða ráðstafað á annan hátt, allt á kostnað þess, er leyndi.

☐ Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt 175. gr. hegningarlaganna. Verði brot hans til þess, að drepa þurfi fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta það tjón og óþægindi, er af hlýzt.

**VI. kafli. Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta.**[1)]

[1)] *Rg. 104/1948.*

■ **37. gr.** [Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu samkvæmt síðasta skattaframtali, áður en fjárskipti hefjast. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd lagt til grundvallar bótum fjártölu við næstsíðasta skattaframtal hjá fjáreigendum, sem orðið hafa fyrir verulegu tjóni af völdum sauðfjársjúkdóma árið áður en fjárskipti hefjast.][1)]

☐ Réttur dánarbúa vegna fjárskipta yfirfærist á erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjárrækt á svæðinu.

☐ Réttur manna, sem reisa bú eða eru að byrja fjáreign eftir gildistöku laga þessara án þess að vera erfingjar í dánarbúi á fjárskiptasvæði, byggist á næsta skattaframtali á undan fjárskiptum.

☐ Þeir, sem eru hættir búskap eða sauðfjáreign, þegar niðurskurður fer fram, eða eru fluttir burt af fjárskiptasvæðinu, fá ekki bætur. Öðrum, sem eru að hætta búskap eða sauðfjáreign á þeim tíma, sem fjárskipti standa yfir, eða breyta til um atvinnu, skal ekki greiða fullar bætur, heldur í hlutfalli við það tjón, sem ætla má að þeir hafi orðið fyrir við niðurskurðinn. Skal sauðfjársjúkdómanefnd meta slíkar bætur.

[1)] *L. 12/1967, 14. gr.*

■ **38. gr.** Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum afurðatjónsbætur, sem svarar ¾ lambsverðs á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af meðalvænleik lamba tvö undanfarin ár á hverju fjárskiptasvæði og því verðlagi á landbúnaðarafurðum, sem fjáreigendur fá það haust, sem bætur eru greiddar. Fyrstu bætur skal greiða ári eftir niðurskurð.

☐ Kostnað við flutning líflamba á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

☐ [Kostnað við fjárkaup og innansveitarflutning á fé á fjárskiptasvæðum svo og flutningskostnað innan fjárkaupasvæða greiði fjáreigendur sjálfir.][1)]

☐ Fjáreigendur skulu eiga kost á að fá keypt líflömb, er nemur 80% af bótaskyldri fjártölu. Skal, ef unnt er, útvega þau á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt inn á fjárskiptasvæði. Ef ekki fæst sú lambatala, skal útvega það, sem til vantar, á næsta hausti, ef fjáreigendur óska.

1956 Nr. 23 10. marz

1956 Nr. 23 10. marz

□ Takist ekki á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt, að útvega 80% móti bótaskyldri fjártölu, en bændur óski að fá svo mörg lömb, ber ríkissjóði að greiða afurðatjónsbætur, ¾ lambsverðs á kind, á þá tölu, sem til vantar. Skal greiða þær bætur tveim árum eftir að lömb eru fyrst flutt inn á svæðið.

□ Framlag ríkissjóðs skal á hverjum tíma vera til tryggingar greiðslu á andvirði seldra líflamba.

□ Stjórnum fjárskiptafélaga er heimilt að ráðstafa líffé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt líffé er fáanlegt.

[1] *L. 12/1967, 15. gr.*

■ **39. gr.** Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns ¾ lambsverðs fyrir hverja bótaskylda kind, eða styrkja þá til að breyta til um búskaparhætti, er veiti þeim eigi minni bætur, enda sé það hagkvæmara fyrir ríkissjóð að dómi nefndarinnar. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

■ **40. gr.** Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með 6% ríkisskuldabréfum þannig:

Bætur samkv. 38. gr. er heimilt að greiða að ⅖ í ríkisskuldabréfum.

Bætur samkv. 39. gr. er heimilt að greiða að ⅕ í ríkisskuldabréfum.

□ Ákvæði þessi skulu ná til bóta, sem greiða á á yfirstandandi ári og framvegis.

□ Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu, er 5 ár eru liðin frá útgáfudegi þeirra.

□ Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, þó aðeins lána þeirra aðila, er tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum. Skulu bankarnir taka þau með nafnverði. Gerð bréfanna, vaxtagreiðslu og annað sem lýtur að útgáfu þeirra og greiðslufyrirkomulagi bankanna, skal ákveða nánar með reglugerð.

□ Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir eitt ár (sbr. 39. gr.) og búa við sérstaklega mikla framleiðsluörðugleika og erfiðan fjárhag að dómi nefndarinnar og sauðfjárpestirnar hafa lengi mætt á og valdið miklum skaða, að nokkru undan skyldu til að taka á móti greiðslum í skuldabréfum eftir ákvæðum þessarar greinar.[1]

[1] *Rg. 190/1950.*

■ **41. gr.** Veita skal fjáreigendum uppeldisstyrk vegna vanhalda af fjársóttum, þar sem svo hagar til á sýktu svæði, að fjáreigendur geta ekki samkvæmt áætlun nefndarinnar búizt við fjárskiptum næstu 2 ár og hafa ekki viðunandi aðstöðu til mjólkursölu.

■ **42. gr.** Nú telur sauðfjársjúkdómanefnd nauðsynlegt að útrýma sauðfjársjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, og skal hún þá senda landbúnaðarráðherra rökstuddar tillögur þar um. Getur ráðherra þá fyrirskipað niðurskurð, hvort sem atkvæðagreiðsla hefur farið fram á svæðinu eða ekki. Bætur skal greiða fjáreigendum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Verði krafizt mats vegna niðurskurðarins, eftir gildandi lögum um eignarnám, er matsmönnum skylt að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu.

1956 Nr. 23 10. marz

**VII. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **43. gr.** Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum, eftir því sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp, svo og fénaðarhöld yfirleitt.

□ Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

■ **44. gr.** Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu fjársóttanna, reyna að finna læknisráð við þeim og útrýma þeim, t. d. með varnarbólusetningu,[1] heilbrigðiseftirliti, söfnun og rannsókn líffæra og blóðsýnishorna.

□ Einnig er honum heimilt að láta útbreiða miður næma fjárstofna, innlenda og erlenda, með sæðingu á þeim svæðum, sem fjárskipti eiga ekki að fara fram á næstu tvö árin.

[1] *Rg. 414/1976 (um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki).*

■ **45. gr.** Landbúnaðarráðherra setur reglugerð,[1] er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara, allt eftir því sem þurfa þykir og ástæður eru til á hverjum tíma. Sauðfjársjúkdómanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til um einstök framkvæmdaatriði, er að kalla í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.[2]

[1] *Rg. 4/1942, sbr. 40/1943, 51/1944 og 72/1945. Rg. 579/1989 (um mörk og markaskrár o. fl.). Rg. 96/1987 (um búfjársjúkdóma). Rg. 226/1969 (búfjársæðingar). Rg. 423/1979 (um varnir gegn útbreiðslu smitandi búfjársjúkdóma í Rangárvallasýslu).* [2] *Augl. 384/1984 (varúðarráðstafanir í Vestur-Skaftafellssýslu). Augl. 155/1987 (um varnarlínur sauðfjárvarnarsvæða).*

■ **46. gr.** [Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi og skal mál út af þeim brotum fara að hætti opinberra mála.][1]

□ Sauðfjársjúkdómanefnd hefur heimild til að lækka bótagreiðslur eftir lögum þessum eða fella þær alveg niður, ef réttarrannsókn sannar, að bótaþegi hafi af ásettu ráði eða vítaverðu hirðuleysi brotið fyrirmæli laganna eða fyrirmæli sauðfjársjúkdómanefndar.

[1] *L. 75/1982, 25. gr.*

## Lög um berklaveiki í nautpeningi.

1923 Nr. 25 20. júní

■ **1. gr.** Með lögum þessum er öllum þeim, sem eiga eða hafa undir hendi nautgripi, gert að skyldu að tilkynna dýralækni hið fyrsta að hægt er öll þau sjúkdómstilfelli hjá nautpeningi, sem vekja grun um berklaveiki, samkvæmt leiðarvísi, sem atvinnumálaráðuneytið[1] lætur semja og útbýta, og skal hann þá sjá um, að rannsókn fari fram svo fljótt sem við verður komið.

[1] *Nú landbúnaðarráðuneyti, skv. augl. A 96/1969.*

■ **2. gr.** Kostnað þann, sem af slíkri rannsókn leiðir, hvort sem dýralæknir framkvæmir hana sjálfur eða felur öðrum, skal eftir nánari ákvæðum atvinnumálaráðuneytisins[1] greiða úr ríkissjóði, ef sjúkdómurinn reynist berklaveiki; ella greiðist hann að hálfu af hvorum, eiganda grips og ríkissjóði.

[1] *Sjá aths. við 1. gr.*

**1923** Nr. 25 20. júní

■ **3. gr.** Nú reynist nautgripur berklaveikur, og skal þá dýralæknir strax tilkynna það símleiðis atvinnumálaráðuneytinu.[1)] Er ráðuneytinu þá heimilt, með ráðum dýralæknis, að fyrirskipa niðurskurð á hinum sjúku gripum og sótthreinsun eftir þörfum. Niðurskurð skal að jafnaði fyrirskipa, ef um fáa gripi er að ræða, og ávallt, ef gripirnir teljast hættulegir vegna opinna, smitandi berkla. Séu sjúku gripirnir aftur á móti svo margir, að ekki þyki gerlegt að skera allt niður, enda ekki nauðsynlegt vegna smithættu, heimilast ráðuneytinu að fyrirskipa einangrun nautgripa á litlu eða stóru svæði, svo sem einum bæ eða fleirum saman, heilum hreppi eða sýslu, og mega nautgripir þá ekki fara burt af svæðinu nema til slátrunar, og þá þannig, að ekki komi þeir saman við aðra nautgripi. Skulu yfirvöld hrepps eða sýslu sjá um, að einangrunarfyrirskipuninni sé rækilega fylgt.

[1)] *Sjá aths. við 1. gr.*

■ **4. gr.** Þegar fyrirskipaður er niðurskurður á nautgripum eftir lögum þessum, skal ríkissjóður greiða eiganda gripsins skaðabætur, sem svarar ⅓ af andvirði kjötkroppsins eins og hann mundi seljast ósjúkur og í heilu lagi í næsta kauptúni. Annars eru eiganda frjáls afnot húðarinnar, svo og kjöts og sláturs, ef og að svo miklu leyti sem dýralæknir telur það hæft til manneldis.

□ Sótthreinsunarlyf og umsjá með sótthreinsun annast ríkissjóður á sinn kostnað, en skylt er eiganda að leggja til alla þá hjálp endurgjaldslaust, er með þarf, bæði við rannsókn og niðurskurð gripa, svo og við sótthreinsun.

■ **5. gr.** Setja má með reglugerð ákvæði um útrýming berklaveiki í nautpeningi á einangruðu svæði, svo og um eftirlit með því, að einangruninni sé tryggilega fylgt.

■ **6. gr.** [Brot gegn lögum þessum og reglugerð sem um ræðir í 5. gr. varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.][1)]

[1)] *L. 10/1983, 42. gr.*

**1935** Nr. 123 27. des.

**Lög um gelding húsdýra.**

■ **1. – 5. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 108/1988, 52. gr.*

■ [**Ákvæði til bráðabirgða.** Sérstakir geldingamenn, er skipaðir hafa verið samkvæmt lögum þessum, skulu starfa áfram á grundvelli skipunarbréfa sem sýslunefndir hafa sett þeim.][1)2)]

[1)] *L. 108/1988, 52. gr.* [2)] *Sbr. rg. 28/1959.*

**1944** Nr. 57 31. okt.

**Lög um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.**

■ **1. gr.** Reisa skal og reka tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu samkv. lögum nr. 64 7. maí 1940,[1)] um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. Skal undirbúningur undir rekstur stöðvarinnar hafinn nú þegar.

[1)] *Nú l. 64/1965.*

■ **2. gr.** Tilraunastöðin fær nú þegar til umráða og eignar endurgjaldslaust og kvaðalaust 165 ha. úr austanverðri landareign jarðarinnar Reykhóla, eins og þetta er þegar afmarkað á uppdrætti að landareigninni. Takmarkast land þetta af núverandi vegi með fjallshlíð, að austan af landamerkjum Miðhúsa, að sunnan af sjó og að vestan af Grundará niður móts við Nátthaga og þaðan af beinni línu í Langavatn. Landinu fylgi þau hitaréttindi, sem í því eru, en ef rannsókn leiðir í ljós, að þau séu ófullnægjandi fyrir starfsemina, þá sé þörf stöðvarinnar fyrir hita fullnægt frá einhverjum af heimahverum jarðarinnar. Auk þess fær tilraunastöðin á sama hátt þrjár eyjar að eigin vali úr landareigninni til þess að fullnægja þörf vegna sérstakra tilrauna.

■ **3. gr.** Niðurröðun allra bygginga tilraunastöðvarinnar skal gerð í samráði við skipulagsstjóra ríkisins.

**1944** Nr. 57 31. okt.

**Lög um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti.**

**1981** Nr. 29 26. maí

■ **1. gr.** Landbúnaðarráðherra er heimilt að semja við stjórn Búnaðarsambands Suðurlands um sameiginlegan rekstur tilraunastöðvar að Stóra-Ármóti í Flóa.

■ **2. gr.** Aðalviðfangsefni tilraunastöðvarinnar skal vera alhliða tilraunastarfsemi í nautgriparækt með aðaláherslu á fóðrun og meðferð gripa, en auk þess sinni hún verkefnum á sviði annarra búgreina, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni.

■ **3. gr.** Tilraunastarfsemin verði rekin innan sviðs landbúnaðarrannsókna á Íslandi skv. lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

■ **4. gr.** Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við mannvirkjagerð og rekstur ákvarðast af fjárveitingu hverju sinni.

■ **5. gr.** Við tilraunastöðina starfi sérfræðingur í fóðurfræði og rannsóknamaður, ráðnir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, en launaðir af ríkissjóði. Auk þess skulu sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunautar Búnaðarsambands Suðurlands hafa aðstöðu til rannsókna á tilraunastöðinni, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni samkvæmt mati stjórnar tilraunastöðvarinnar.

■ **6. gr.** Tilraunastöðin starfar undir yfirstjórn þriggja manna, og skal hún skipuð þannig: Einn maður tilnefndur af Búnaðarsambandi Suðurlands, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og starfandi bóndi á svæði Búnaðarsambands Suðurlands, tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

□ Ráðherra skipar stjórn og stjórnarformann til 4ra ára í senn.

**1989** Nr. 63 29. maí

**Lög um Hagþjónustu landbúnaðarins.**

**I. kafli. Um aðsetur og hlutverk.**

■ **1. gr.** Hagþjónusta landbúnaðarins er ríkisstofnun er lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

□ Hagþjónusta landbúnaðarins skal hafa aðsetur á Hvanneyri í Andakílshreppi og skal rekstur hennar vera í nánum tengslum við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

□ Kostnaður af starfi Hagþjónustu landbúnaðarins greiðist úr ríkissjóði og af sértekjum sem henni er heimilt að afla sér, m. a. með því að taka að sér að vinna sérstök verkefni fyrir stofnanir, félagasamtök og einstaklinga.

■ **2. gr.** Hlutverk Hagþjónustu landbúnaðarins er:

1. Að stuðla að því að bændur færi bókhald fyrir bú sín, m. a. með skipulegu fræðslu- og leiðbeiningarstarfi um skattskil, bókhald og notkun þess til hagræðingar í búrekstri.

2. Að hafa umsjón með gerð og þróun bókhaldsfor-

1989 Nr. 63 29. maí

rita fyrir bókhaldsstofur bænda, svo og forrita fyrir áætlunargerð í búrekstri í samvinnu við bændasamtökin.

3. Að hafa frumkvæði að áætlunargerð við búrekstur, útgáfustarfsemi og hagrænum leiðbeiningum til bænda í samvinnu við leiðbeiningarþjónustu landbúnaðarins og aðra þá sem sinna fræðslu um landbúnað.

4. Að safna og vinna úr búreikningum frá bókhaldsstofum bænda, svo og öðrum upplýsingum og gögnum sem nauðsynleg þykja og tiltæk eru. Gagnasöfnunin og úrvinnslan skulu miðast við að nýtast sem best til opinberrar hagskýrslugerðar um framleiðslu, rekstur og efnahag einstakra búgreina.

5. Að annast hagrannsóknir í landbúnaði í samvinnu og samstarfi við stofnanir sem sinna sambærilegri starfsemi.

6. Að hafa samstarf við stjórn búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri um kennslu í landbúnaðarhagfræði.

7. Að vinna að öðrum skyldum verkefnum eftir því sem um semst og við verður komið.

**II. kafli. Um skipan stjórnar og hlutverk.**

■ **3. gr.** Landbúnaðarráðherra skipar fjóra menn í stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri, einn eftir tilnefningu Hagstofu Íslands, einn eftir tilnefningu Þjóðhagsstofnunar og einn eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands. Sömu aðilar tilnefna varamenn.

□ Landbúnaðarráðherra skipar formann úr röðum stjórnarmanna og ákveður stjórnarlaun.

■ **4. gr.** Hlutverk stjórnar er m. a.:

1. Stjórn annast ráðningu forstöðumanns stofnunarinnar.

2. Stjórn leggur árlega, í samvinnu við forstöðumann, fram tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um fjárþörf stofnunarinnar vegna undirbúnings fjárlaga.

3. Stjórn tekur ákvarðanir um mótun á starfsemi stofnunarinnar og hefur eftirlit með að hún þjóni því hlutverki sem henni er ætlað.

■ **5. gr.** Hlutverk forstöðumanns er m. a.:

1. Forstöðumaður annast daglega stjórn stofnunarinnar samkvæmt ákvörðunum stjórnar, svo og það samstarf við aðrar stofnanir sem nauðsynlegt er talið.

2. Forstöðumaður er ábyrgur fyrir að stofnunin starfi í samræmi við gildandi löggjöf og sinni því hlutverki og þeim skyldum sem á hana eru lagðar.

3. Forstöðumaður hefur umsjón með mannahaldi við stofnunina.

**III. kafli. Um bókhaldsstofur bænda.**

■ **6. gr.** Búnaðarsamböndin í landinu skulu hvert fyrir sig, eða í samstarfi sem nær yfir nánar tiltekið svæði, koma á fót bókhaldsstofum sem annast gagnaskráningu og uppgjör búreikninga fyrir bændur. Einnig skulu þær vera færar um að veita bændum leiðbeiningar og aðstoð við skattskil.

□ Bókhaldsstofum er heimilt að taka gjald fyrir veitta þjónustu og skulu þær hafa hliðsjón af viðmiðunargjaldskrá Hagþjónustu landbúnaðarins.

□ Hagþjónusta landbúnaðarins skal hafa umsjón með að form eyðublaða, skráning gagna og uppgjör reikninga fari fram á samræmdan hátt þannig að samanburður á niðurstöðum sé marktækur.

□ Bókhaldsform, sem bókhaldsstofur bænda bjóða upp á, skal við það miðað að bændum sé kleift að halda einkafjárhag sínum utan við bókhald búa sinna.

1989 Nr. 63 29. maí

■ **7. gr.** Heimilt er að greiða fyrir öflun sérstakra upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna verkefna stofnunarinnar og skulu greiðslurnar vera samkvæmt viðmiðunargjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur.

■ **8. gr.** Hagþjónusta landbúnaðarins skal veita þeim bændum, sem ekki eiga kost á bókhaldsþjónustu á vegum bændasamtaka í heimahéraði, aðstoð við útvegun á sambærilegri þjónustu og bókhaldsstofur bænda veita í öðrum héruðum þannig að tryggt sé eftir því sem unnt er að upplýsingar um rekstur og afkomu bænda geti borist til samræmds uppgjörs alls staðar af landinu.

**IV. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **9. gr.** Stjórn og starfsmönnum Hagþjónustu landbúnaðarins, svo og starfsmönnum þeirra bókhaldsstofa sem sjá um uppgjör búreikninga, er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn að skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag, tekjur eða gjöld einstakra manna eða stofnana. Skulu þeir ætíð gæta þess að fara með upplýsingar og gögn frá bændum sem trúnaðarmál.

■ **10. gr.** Skylt er að veita Hagþjónustu landbúnaðarins þær upplýsingar er hún óskar eftir og þarf á að halda vegna starfsemi sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við ef út af er brugðið.

■ **11. gr.** Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um rekstur og tilhögun Hagþjónustu landbúnaðarins þar sem m. a. er kveðið á um samstarf og samvinnu Hagþjónustu landbúnaðarins og búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri.

■ **12. gr.** Brot á ákvæðum laga þessara varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 20 22. apríl 1967, um Búreikningastofu landbúnaðarins.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þar til bókhaldsstofur bænda og Hagþjónusta landbúnaðarins geta sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað samkvæmt lögunum skulu Búreikningastofa landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands gegna þeim verkefnum þeirra sem tök eru á með þeim réttindum og skyldum sem lög þessi ákveða.

## Lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

1985 Nr. 46 27. júní

**I. kafli. Tilgangur laganna og orðaskýringar.**

■ **1. gr.** Tilgangur þessara laga er:

a. að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur,

b. að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu,

c. að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis eftir því sem hagkvæmt er talið,

d. að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta,

e. að innlend aðföng nýtist sem mest við framleiðslu búvara, bæði með hliðsjón af framleiðsluöryggi og atvinnu,

f. að stuðla að jöfnuði á milli framleiðenda í hverri búgrein hvað varðar afurðaverð og markað.

■ **2. gr.** Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

**Afurðastöð** er hver sú atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklings sem tekur við búvörum úr höndum framleiðenda til vinnslu, flokkunar, pökkunar, geymslu, heildsölu og/eða dreifingar.

**Búvörur** teljast í lögum þessum afurðir búfjár, þ. m. t. afurðir nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína, alifugla og loðdýra, afurðir nytjajurta og afurðir hlunninda. Lög þessi taka ekki til afurða alifiska.

**Fóður** merkir í lögum þessum vöru sem notuð er til fóðrunar búfjár við búvöruframleiðslu.

**Framleiðandi** er hver sá, sem á eigin vegum hefur með búvöruframleiðslu að gera, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

**Lögbýli** eða jörð er í lögum þessum skilgreint skv. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976, með síðari breytingum.

**Sláturleyfishafi** er hver sá aðili sem hefur löggildingu eða undanþáguleyfi til slátrunar búfjár skv. lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

**Verðlagsár** er tímabilið frá 1. september til 31. ágúst árið eftir.

□ Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtök þessi sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

**II. kafli. Yfirstjórn og samtök framleiðenda.**

■ **3. gr.** Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

■ **4. gr.** Stéttarsamband bænda fer með fyrirsvar framleiðenda búvara við framkvæmd laga þessara nema öðru vísi sé kveðið á um í lögum þessum.

□ Ráðherra getur, að fengnu samþykki Stéttarsambands bænda, viðurkennt einstök landssamtök framleiðenda búvara til að fara með fyrirsvar vegna framleiðenda í viðkomandi grein við gerð samninga skv. a-lið 30. gr. og aðrar ákvarðanir skv. lögum þessum.

□ Stéttarsamband bænda eða landssamtök skv. 2. mgr. skulu velja sér samninganefnd sem fer með umboð þeirra til samningsgerðar. Samtökin skulu tilkynna landbúnaðarráðherra um nöfn formanns og varaformanns samninganefndar eigi síðar en 1. júní vegna samninga fyrir næstkomandi verðlagsár.

□ Framleiðandi búvöru, sem lög þessi taka til, á rétt til að vera félagsmaður í Stéttarsambandi bænda eða viðurkenndum samtökum búvöruframleiðenda skv. 2. mgr. þessarar greinar eftir nánari reglum í samþykktum Stéttarsambands bænda.

□ Samningar, sem Stéttarsamband bænda eða viðurkennd samtök skv. 2. mgr. gera skv. a-lið 30. gr., skulu vera bindandi fyrir framleiðendur viðkomandi búvara hvort sem þeir eru félagar í Stéttarsambandi bænda, samtökum skv. 2. mgr. eða standa utan þessara félagssamtaka.

**III. kafli. Um skipan og verkefni Framleiðsluráðs.**

■ **5. gr.** Framleiðsluráð landbúnaðarins er samstarfsvettvangur allra búvöruframleiðenda í landinu og samtaka þeirra.

□ Framleiðsluráð skal skipað fimmtán mönnum. Skulu tólf menn kjörnir af Stéttarsambandi bænda á fulltrúafundi þess. Af þeim skulu fimm vera fulltrúar búgreinasambanda. Þá skipar stjórn Stéttarsambands bænda tvo menn í Framleiðsluráð, einn samkvæmt tilnefningu félagsráðs Osta- og smjörsölunnar og einn samkvæmt tilnefningu allra sláturleyfishafa í landinu. Skulu þessir tveir fulltrúar tilnefndir úr hópi starfandi búvöruframleiðenda. Þá tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í Framleiðsluráð. Velja skal jafnmarga varamenn í Framleiðsluráð með sama hætti.

□ Framleiðsluráð skal skipað til tveggja ára í senn. Framleiðsluráð kýs sér formann og varaformann til sama tíma.

□ Þegar rætt er um málefni er varða aðrar búgreinar en fulltrúa eiga í Framleiðsluráði ber að gefa fulltrúum félaga þeirra, einum frá hverju, kost á að sitja fund Framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.

□ Framleiðsluráð kýs úr sínum hópi fimm menn í framkvæmdanefnd og jafnmarga til vara. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál sem ekki þykir fært að fresta til fundar Framleiðsluráðs. Jafnframt getur Framleiðsluráð falið framkvæmdanefnd framkvæmd einstakra mála.

□ Framleiðsluráð ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfslið eftir því sem þörf krefur.

■ **6. gr.** Verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins eru, auk þess sem mælt er fyrir í lögum þessum, eftirfarandi:

1. Að stuðla að því að framleiðsla og vinnsla búvara verði í samræmi við ákvæði 1. gr.
2. Að annast stjórn búvöruframleiðslunnar eftir því sem nánar er mælt fyrir í lögum þessum og fyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra.
3. Að annast verðskráningu búvara og auglýsa verð á þeim.
4. Að gera áætlanir um framleiðslu og sölu búvara.
5. Að vera umsagnaraðili um skipulag vinnslu búvara og hafa eftirlit með því að starfsemi afurðastöðva sé sem hagkvæmust.
6. Að halda skýrslur um framleiðslu og sölu búvara og að gefa út ársrit um þróun og hag landbúnaðarins.
7. Að annast kynningar- og fræðslustarf um landbúnaðinn og framleiðsluvörur hans.
8. Að rækja önnur verkefni sem landbúnaðarráðherra kann að fela því.

**IV. kafli. Um verðskráningu á búvörum.**

■ **7. gr.** Verðlagsnefnd búvara, skipuð sex mönnum tilnefndum af samtökum framleiðenda og neytenda, skal ákveða afurðaverð til búvöruframleiðenda. Af hálfu framleiðenda hefur stjórn Stéttarsambands bænda rétt til þess að tilnefna þrjá fulltrúa í nefndina en af hálfu neytenda hefur stjórn Alþýðusambands Íslands rétt til að tilnefna tvo fulltrúa og stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja einn fulltrúa í nefndina. Tilnefningu fulltrúa í verðlagsnefnd skal lokið 15. júní ár hvert. Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka framleiðenda en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað sam-

taka neytenda. Nefndin skal fullskipuð 1. júlí ár hvert.

□ Hagstofustjóri og forstöðumaður Búreikningastofu landbúnaðarins[1] skulu vera verðlagsnefnd til aðstoðar.

[1] *Sjá nú um Hagþjónustu landbúnaðarins, sbr. l. 63/1989.*

■ **8. gr.** Til ákvörðunar á verði búvöru til framleiðenda skal verðlagsnefnd semja um verðlagsgrundvöll er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld, launakostnað og afurðir bús sem næst meðalbúi að stærð í nautgripa- og sauðfjárrækt og er rekið við eðlilegar framleiðsluaðstæður. Verðlagsnefnd skal semja um sérstakan verðlagsgrundvöll fyrir hvora þessara búgreina verði hún sammála um það eða komi ósk þess efnis frá Stéttarsambandi bænda. Á sama hátt skal verðlagsnefnd semja um verðlagsgrundvöll og ákveða verð á afurðum annarra búgreina enda komi fram um það óskir frá Stéttarsambandi bænda og viðurkenndum samtökum búvöruframleiðenda í viðkomandi grein skv. 2. mgr. 4. gr.

□ Nú er sauðfé slátrað utan tímabilsins 1. september til 30. nóvember og geta Stéttarsamband bænda eða samtök framleiðenda þá óskað eftir því að verðlagsnefnd ákveði sérstakt verð til framleiðenda sauðfjárafurða. Skal nefndin þá ákveða slíkt verð er gildi fram til næstu reglulegrar verðlagningar.

□ Nú næst ekki meiri hluti í verðlagsnefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar og skal þá vísa ágreiningnum til sáttasemjara ríkisins. Heimilt er þó að vísa ágreiningnum beint til yfirnefndar enda séu allir nefndarmenn sammála um þá málsmeðferð. Skal sáttasemjari leitast við að finna málamiðlun í ágreiningsatriðum og leggja fram tillögur þeim til úrlausnar er meiri hluti fæst fyrir í nefndinni. Heimilt er sáttasemjara að leita álits þeirra aðila, er annast tilnefningu í verðlagsnefnd, um ágreiningsatriði varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar eða verðlagningu búvara. Beri sáttaumleitanir ekki árangur innan tíu daga skal skipa þriggja manna nefnd er felli fullnaðarúrskurð. Hvor nefndarhluti verðlagsnefndar hefur rétt til þess að tilnefna mann í þá nefnd, þó ekki úr hópi nefndarmanna, en oddamaður skal tilnefndur af Hæstarétti. Nú notar annar eða báðir nefndarhlutar ekki rétt sinn til tilnefningar og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra af hálfu framleiðenda ef þeir nota ekki rétt sinn en félagsmálaráðherra af hálfu neytenda. Þó er ráðherrum eigi heimilt að tilnefna menn sem eiga sæti í verðlagsnefnd.

□ Nú dregst verðlagning vegna starfa sáttasemjara og yfirnefndar svo að hún getur eigi tekið gildi á réttum degi og gildir þá framreikningur Hagstofunnar skv. 10. gr. þar til samkomulag næst eða úrskurður fellur.

■ **9. gr.** Verð búvöru til framleiðenda skal miðast við það að tekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra stétta. Í verðlagsgrundvelli skal, sbr. ákvæði 8. gr., tilfæra ársvinnu á búi af stærð sem miðað er við hverju sinni og virða vinnutíma til samræmis við kjör þeirra sem vinna sambærileg störf og hafa svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð í starfi á almennum vinnumarkaði. Samhliða skulu ákveðnar reglur um hvernig haga skuli breytingum á launum við búvöruframleiðslu skv. 12. gr.

■ **10. gr.** Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar búvöruverðs til framleiðenda skv. 8. gr. gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagstímabils 1. september og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert nema annað sé ákveðið með samkomulagi í verðlagsnefnd. Þó skal taka inn verðlagsbreytingar vegna fjármagns- og rekstrarkostnaðar svo og launabreytingar skv. ákvæðum 12. gr. Verðlagsgrundvöllur hvers tímabils framlengist sjálfkrafa um tvö ár í senn ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum samningsaðila fyrir 1. júní á því ári sem óskað er breytinga á honum. Þó getur nefndin komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp færir Hagstofa Íslands hann fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir reglum sem ákveðnar hafa verið af verðlagsnefnd.

■ **11. gr.** Hagstofa Íslands skal fyrir 15. júlí ár hvert afla fullnægjandi gagna handa verðlagsnefnd um framleiðslukostnað búvara og afurðamagn, svo og tekjur annarra stétta á undangengnu ári, sbr. ákvæði 9. gr.

□ Búreikningastofa landbúnaðarins[1] skal afla árlega rekstursreikninga frá bændum, nægilega margra að dómi Hagstofu Íslands, er sýni raunverulegan framleiðslukostnað hinna ýmsu búvara. Skulu þeir vera tilbúnir og uppgerðir fyrir 15. júní ár hvert fyrir næsta ár á undan. Reikningar þessir skulu vera til afnota fyrir Hagstofu Íslands og verðlagsnefnd. Stjórn Búreikningastofu landbúnaðarins,[1] ásamt Hagstofu Íslands, skipuleggur þetta starf hennar í samráði við verðlagsnefnd.

□ Verðlagsnefnd getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði er máli skipta fyrir verðlagningu búvara. Skylt er að stofna til slíkra rannsókna ef þrír nefndarmenn eða fleiri krefjast þess. Skal nefndin í því efni leita samstarfs við Hagstofu Íslands, Búreikningastofu landbúnaðarins[1] og aðrar opinberar stofnanir, svo og Framleiðsluráð landbúnaðarins að því leyti sem rannsóknir þessar snerta starfssvið viðkomandi stofnana. Telji umræddar stofnanir sig ekki geta látið í té starfslið til þess að framkvæma þær rannsóknir er verðlagsnefnd hefur ákveðið að fram skuli fara er nefndinni heimilt að ráða til þess nauðsynlegt starfslið enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

□ Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta þeim, er rannsóknir framkvæma, í té nauðsynlegar upplýsingar.

[1] *Nú Hagþjónusta landbúnaðarins, sbr. l. 63/1989.*

■ **12. gr.** Verðlagsnefnd gerir ársfjórðungslega, 1. desember, 1. mars og 1. júní, breytingar á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda þegar breytingar verða á fjármagns- og rekstrarkostnaði við búvöruframleiðslu skv. upplýsingum sem Hagstofa Íslands aflar og launum í samræmi við reglur lokaákvæðis 9. gr.

■ **13. gr.** Heildsöluverð búvara skal ákveðið af nefnd fimm manna er í eiga sæti, undir forsæti verðlagsstjóra eða fulltrúa hans, tveir fulltrúar neytenda og tveir fulltrúar afurðastöðva fyrir búvörur. Fulltrúar neytenda skulu tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna fulltrúa neytenda í Verðlagsráð. Samtök afurðastöðva skulu tilnefna tvo fulltrúa í nefndina. Fulltrúar afurðastöðva skulu tilnefndir af samtökum þeirra þannig að þegar

1985 Nr. 46 27. júní

fjallað er um heildsöluverð og verðmiðlunargjöld taki sæti í nefndinni fulltrúar frá þeirri vinnslugrein sem um er rætt hverju sinni.

☐ Tilnefningu fulltrúa í fimmmannanefnd skal vera lokið fyrir 15. júní ár hvert. Nú notar einhver aðili neytenda eða afurðastöðva ekki rétt sinn til tilnefningar og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka afurðastöðva er ekki nota rétt sinn en viðskiptaráðherra á sama hátt í stað neytenda. Nefndin skal fullskipuð 1. júlí ár hvert.

■ **14. gr.** Fimmmannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um heildsöluverð búvara þar sem gengið er út frá því afurðaverði til framleiðenda sem ákveðið hefur verið skv. 7. – 12. gr. og rökstuddum upplýsingum um kostnað við vinnslu og dreifingu búvara. Nefndin gerir jafnframt tillögu til ráðherra um verðmiðlunargjöld í samráði við Framleiðsluráð landbúnaðarins. Nefndin getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði er máli skipta fyrir ákvörðun heildsöluverðs á búvörum með hliðstæðum hætti og til er tekinn í 11. gr.

☐ Skal það samkomulag um heildsöluverð, sem stutt er meiri hluta fimmmannanefndar, gilda sem heildsöluverð á viðkomandi búvöru frá byrjun viðkomandi verðlagsárs.

■ **15. gr.** Heimilt er fimmmannanefnd að breyta heildsöluverði á búvörum þegar breytingar verða á afurðaverði til búvöruframleiðenda, sbr. 12. gr., svo og rekstrarkostnaði og vinnulaunum við vinnslu búvara samkvæmt upplýsingum sem Hagstofa Íslands aflar.

■ **16. gr.** Fimmmannanefnd getur að fenginni umsögn Framleiðsluráðs ákveðið að undanskilja einstakar vörutegundir verðlagningarákvæðum skv. 13. – 15. gr. þegar samkeppni er að mati nefndarinnar næg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Fimmmannanefnd skal tilkynna verðlagsráði um ákvarðanir skv. þessari grein og geta fimmmannanefnd og Verðlagsstofnun skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna um verðhækkanir viðkomandi búvara.

☐ Sé verð búvara til framleiðenda ekki ákveðið skv. 8. gr. skal fara um verðlagningu þeirra, þ. m. t. í heildsölu, skv. lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum.

■ **17. gr.** Um ákvörðun smásöluverðs þeirra búvara, sem verðlagðar eru í heildsölu skv. lögum þessum, skal fara eftir lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum.

☐ Ákvæði IV. til og með IX. kafla laga nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum, skulu gilda um viðskipti með búvörur, að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Áður en verðlagsráð og Verðlagsstofnun taka ákvarðanir skv. ákvæðum nefndra kafla laganna skal leitað umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins og samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein skv. 47. gr. þeirra laga.

■ **18. gr.** Enginn má kaupa eða selja búvöru innanlands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

☐ Óheimilt er að bæta upp söluverð búvara á erlendum mörkuðum með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

1985 Nr. 46 27. júní

**V. kafli. Um verðmiðlun.**

■ **19. gr.** Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig að afurðastöðvum sé gert kleift að greiða framleiðendum sama verð fyrir sams konar búvörur. Í því skyni skal innheimt verðmiðlunargjald af þeim búvörum sem fimmmannanefnd ákveður heildsöluverð á og skal gjald þetta teljast til heildsölu- og dreifingarkostnaðar. Landbúnaðarráðherra ákveður upphæð gjaldsins hverju sinni en gjaldið má þó aldrei vera hærra en 5½% af heildsöluverði viðkomandi búvöru. Fimmmannanefnd skal um leið og heildsöluverð er ákveðið, að höfðu samráði við Framleiðsluráð, gera tillögu til ráðherra um innheimtu verðmiðlunargjalda, sbr. 14. gr., og skiptingu tekna af þeim milli framleiðsluvara og afurðastöðva. Skylt er að leggja samkomulag eða ákvörðun skv. 48. og 51. gr. til grundvallar ákvörðun verðmiðlunargjalda skv. þessari grein.

☐ Tekjum af verðmiðlunargjaldi skal m. a. varið þannig:

a. til verðmiðlunar á milli afurðastöðva til þess að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöð í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna,

b. til þess að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva,

c. til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað,

d. til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum, sbr. 49. gr.

■ **20. gr.** Framleiðendur mjólkur- og sauðfjárafurða skulu fá sama verð fyrir þann hluta framleiðslunnar sem seldur er á erlendan markað og er umfram verðábyrgð ríkisins skv. 36. gr. enda sé heildsöluverð viðkomandi búvöru ákveðið skv. 13. – 15. gr.

☐ Til verðmiðlunar í þessu skyni er heimilt að innheimta eftirtalin framleiðslugjöld:

a. gjald af því framleiðslumagni sem er umfram það sem framleiðanda er ákveðið fullt verð fyrir skv. b-lið 30. gr.,

b. gjald af viðkomandi búvöru sé heimildinni í b-lið 30. gr. um skiptingu framleiðslumagns ekki beitt.

☐ Framleiðslugjöld skv. þessari grein skulu reiknuð af afurðaverði til framleiðenda. Skulu þau aldrei vera hærri en sem nemur grundvallarverði viðkomandi búvöru.

☐ Landbúnaðarráðherra ákveður innheimtu framleiðslugjalda að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

■ **21. gr.** Til verðmiðlunar vegna uppgjörs viðbótargreiðslu skv. 3. tl. 1. mgr. 29. gr. skal innheimt verðmiðlunargjald hjá heildsöluaðilum sem nema má allt að þeim hluta heildsöluverðs sauðfjárafurða er svarar til hækkunar afurðaverðs til framleiðenda við næst liðna ársfjórðungslega breytingu verðlagsgrundvallar skv. 12. gr.

☐ Landbúnaðarráðherra ákveður upphæð verðmiðlunargjalds skv. þessari grein að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og sláturleyfishafa.

■ **22. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 29. gr. getur landbúnaðarráðherra ákveðið,[1)] að fenginni tillögu Framleiðsluráðs

landbúnaðarins og samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, að útborgunarverð til framleiðenda skuli vera mismunandi hátt eftir árstímum. Sé útborgunarverðið ákveðið lægra en grundvallarverð skv. 8. gr. skal mismunurinn innheimtur sem verðmiðlunargjald. Skal tekjum af gjaldinu varið til að greiða framleiðendum álag á grundvallarverð á öðrum árstíma. Gjald þetta skal ekki hafa áhrif á útsöluverð mjólkurvara til neytenda. Gjaldið má vera allt að 15% af grundvallarverði viðkomandi búvöru á hverjum tíma.

[1] *Rg. 604/1989.*

■ **23. gr.** Verðmiðlunargjöld og framleiðslugjöld skv. kafla þessum mega annaðhvort vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu viðkomandi búvöru eða tiltekið hlutfall af því verði vörunnar sem viðkomandi gjald er reiknað af. Þó mega gjöld aldrei vera hærri en ákveðið er skv. 19. – 22. og 25. gr.

■ **24. gr.** Framleiðsluráð landbúnaðarins annast framkvæmd verðmiðlunar, þar með talið innheimtu, vörslu og reikningshald vegna verðmiðlunar og framleiðslugjalda skv. kafla þessum. Reikningum hvers verðmiðlunargjalds skal haldið sérgreindum. Kostnaður af starfi Framleiðsluráðs landbúnaðarins að þessum verkefnum skal greiddur af innheimtum verðmiðlunar- og framleiðslugjöldum skv. kafla þessum eftir reikningi sem ráðherra staðfestir.

☐ Gögn um innheimtu og álagningu, svo og reikningar þeirra gjalda sem innheimt eru skv. kafla þessum, skulu endurskoðuð af tveim löggiltum endurskoðendum og skal annar tilnefndur af landbúnaðarráðherra en hinn af Framleiðsluráði landbúnaðarins. Ársreikningar vegna þessara gjalda skulu birtir í Stjórnartíðindum.

☐ Afurðastöðvar og heildsöluaðilar, sem versla með gjaldskyldar búvörur, skulu standa Framleiðsluráði skil á verðmiðlunar- og framleiðslugjöldum svo og þeim gjöldum sem á eru lögð skv. 25. gr. Selji framleiðandi búvörur sínar beint til neytanda ber honum að standa skil á gjöldum þessum til Framleiðsluráðs.

■ **25. gr.** Til að standa straum af kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd laga þessara, umfram þann kostnað sem það fær greiddan skv. öðrum ákvæðum þessara laga, er landbúnaðarráðherra[1] heimilt að fenginni tillögu Framleiðsluráðs að ákveða að innheimt skuli gjald af heildsöluverði þeirra búvara sem lög þessi taka til.

☐ Gjald þetta má vera mishátt eftir einstökum tegundum búvara en þó aldrei hærra en 0,25% af heildsöluverði þeirra.

☐ Framleiðsluráði er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að láta hluta af gjaldi, sem innheimt er skv. þessari grein, renna til samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein enda annist þau samtök sambærileg verkefni og Framleiðsluráði eru ætluð í lögum þessum vegna búgreinarinnar.

[1] *Rg. 226/1986.*

■ **26. gr.** Framleiðsluráð landbúnaðarins annast öflun þeirra gagna sem þörf er til framkvæmdar verðmiðlunar skv. kafla þessum og lætur fimmmannanefnd í té slíkar upplýsingar. Fimmmannanefnd getur óskað eftir því að Framleiðsluráð afli tiltekinna gagna vegna þessa og leggi þau fyrir nefndina.

☐ Aðilum, er annast vinnslu og sölu búvara, er skylt að veita Framleiðsluráði upplýsingar er að þessu lúta og þeir geta látið í té. Neiti aðili eða sinni því ekki að láta í té umbeðin gögn er heimilt að fresta greiðslu verðmiðlunargjalda eða framleiðslugjalda skv. kafla þessum til viðkomandi þar til fullnægjandi skil hafa verið gerð auk þess sem heimilt er að beita dagsektum, sbr. 59. gr.

■ **27. gr.** Verðmiðlunargjöld, framleiðslugjöld og gjald til Framleiðsluráðs skv. kafla þessum má taka lögtaki.

☐ Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjaldanna skv. áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna.

☐ Þá setur ráðherra í reglugerð ákvæði um framkvæmd uppgjörs og greiðslu tekna af verðmiðlunar- og framleiðslugjöldum skv. kafla þessum til afurðastöðva og framleiðenda og um uppgjörstímabil.

**VI. kafli. Um greiðslu afurðaverðs.**

■ **28. gr.** Afurðastöð er skylt að haga greiðslum til framleiðanda fyrir innlagðar búvörur í samræmi við ákvæði þessara laga og þeirra samninga og ákvarðana sem teknar eru með heimild í þeim.

■ **29. gr.** Nú er ákveðið það magn búvöru sem hverjum framleiðanda er tryggt fullt verð fyrir skv. heimild í 30. gr. og verð hennar til framleiðenda er ákveðið skv. 8. gr. og er þá afurðastöð skylt að greiða framleiðanda fullt verð skv. gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi, sbr. þó 22. gr., fyrir búvörur, aðrar en þær sauðfjárafurðir sem lagðar eru inn í haustsláturtíð, 1. sept. til 30. nóv. Ber að inna greiðslu af hendi eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar eftir innleggsmánuð. Fyrir sauðfjárafurðir lagðar inn í haustsláturtíð ber að greiða með eftirgreindum hætti:

1. Frumgreiðsla í síðasta lagi 15. október til þeirra sem slátra fyrir þann dag. Þeir, sem slátra síðar, hljóti greiðsluna í síðasta lagi tíu dögum eftir innleggsdag. Framleiðsluráð setur nánari reglur um greiðslurnar.

2. Fullnaðargreiðsla haustgrundvallarverðs (verð ákveðið 1. september) eigi síðar en 15. desember.

3. ...[1]

☐ Heimilt er einstökum framleiðendum að semja um annan hátt á greiðslum en að ofan greinir.

☐ Greiðslur skv. þessari grein skulu miðaðar við framleiðsluheimild hvers framleiðanda skv. 30. gr.

[1] *L. 9/1989, 16. gr.*

**VII. kafli. Um stjórn búvöruframleiðslunnar.**

■ **30. gr.** Til þess að hafa stjórn á framleiðslu búvara þannig að hún verði í samræmi við tilgang laga þessara er landbúnaðarráðherra:

a. rétt að leita eftir samningum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Stéttarsamband bænda um magn mjólkur- og sauðfjárafurða sem framleiðendum verður ábyrgst fullt verð fyrir á samningstímanum skv. 8. gr. Samningarnir skulu gerðir fyrir 1. ágúst ár hvert og gilda næsta verðlagsár. Heimilt er að semja til lengri tíma í einu og að binda samninga við einstakar búvörur.

Ríkissjóður leggur fram fjármagn til að greiða framleiðendum mismun á fullu verði skv. ofangreindum samningum og þess verðs sem fæst fyrir búvörurnar við sölu á innlendum og erlendum mörkuðum í samræmi við ákvæði 36. gr. á meðan ákvæði þeirrar greinar halda gildi sínu en síðan í samræmi við samninga hverju sinni;

b. heimilt að ákveða að framleiðendur búvara skuli fá fullt grundvallarverð skv. 8. gr. fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar en skert verð fyrir það sem umfram er og er heimilt að innheimta sérstakt framleiðslugjald, sbr. 20. gr., til verðjöfnunar í þessu skyni. Á sama hátt má ákveða hvernig verðábyrgð ríkissjóðs skv. 36. gr. skuli skipt milli framleiðenda;

c. heimilt að ákveða skiptingu framleiðslu einstakra búvara, þ. m. t. þeirra sem um er samið skv. a-lið eða ákveðin skv. b-lið, eftir héruðum. Skal sú skipting miðuð við félagssvæði búnaðarsambandanna en ráðherra er þó heimilt að ákveða aðra svæðaskiptingu að fengnu samþykki Framleiðsluráðs landbúnaðarins og viðkomandi búnaðarsambanda.

Heimilt er að skipta framleiðslu innan hvers svæðis eftir reglum sem settar eru samkvæmt b-lið eða fela stjórn viðkomandi búnaðarsambands eða samtaka framleiðenda, sem viðurkennd eru skv. 2. mgr. 4. gr., að skipta framleiðslunni milli einstakra framleiðenda skv. reglugerð er ráðherra setur;

d. heimilt að innheimta eftirtalin fóðurgjöld af innfluttu fóðri og hráefnum í það:

1. Grunngjald sem má nema allt að 50% af tollverði hinnar innfluttu vöru.

2. Sérstakt fóðurgjald sem má nema allt að 150% af tollverði hinnar innfluttu vöru.

[3. Sérstakt grunngjald sem má nema allt að fjórum krónum af hverju kg hinnar innfluttu vöru.][1)]

Fóðurgjöld skv. þessari grein mega vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu fóðurs eða tiltekið hlutfall af tollverði þess. Heimilt er að ákveða fóðurgjöldin mishá eftir fóðurtegundum.

Ráðherra setur í reglugerð[2)] nánari ákvæði um gjaldskyldu og er þar heimilt að undanskilja einstakar tegundir fóðurs gjaldskyldu, þ. m. t. fóður sem nýtt er til fóðrunar gæludýra og loðdýra. Heimilt er að endurgreiða framleiðendum búvara hið sérstaka fóðurgjald eða hluta þess og skal miða endurgreiðslur við framleiðslumagn sem ákveðið er eftir þörf markaðarins fyrir viðkomandi búvöru eða ákveðið skv. b- og c-lið þessarar greinar. Heimilt er að fela Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast endurgreiðslur skv. þessari grein í samræmi við ákvæði reglugerðar þar um og skal ríkisendurskoðun þá endurskoða reikninga yfir endurgreiðsluféð. Kostnaður við framkvæmd endurgreiðslna skal greiddur af tekjum af hinu sérstaka fóðurgjaldi.

Hið sérstaka fóðurgjald, sem kemur til endurgreiðslu skv. þessari grein, skal ekki leiða til hækkunar á búvöruverði.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að innflytjendur fóðurs skuli fá tiltekinn gjaldfrest á þeim hluta hins sérstaka fóðurgjalds sem kann að koma til endurgreiðslu enda sé sett fullnægjandi trygging fyrir gjaldinu;

[e. heimilt að innheimta sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum[3)] og vörum unnum úr þeim. Gjald þetta skal greitt af tollverði hinnar innfluttu vöru og má að hámarki ákveða gjaldið annaðhvort þannig að:

1. samanlagt tollverð og jöfnunargjald hinnar innfluttu vöru miðað við meðaltal innflutningsverðs viðkomandi vöru eða vöruflokks síðasta almanaksmánuð sé ekki hærra en heildsöluverð sömu vöru án álagningar þegar það er ákveðið skv. 13. – 15. gr. á innlendri framleiðslu,

2. eða lagt sé allt að 200% gjald á tollverð hinnar innfluttu vöru sé heildsöluverð viðkomandi framleiðsluvöru hér á landi ekki ákveðið skv. 13. – 15. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu jöfnunargjalds og hvaða vörur skuli gjaldskyldar. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um innheimtu á jöfnunargjaldi skv. þessum staflið. Tekjur af gjaldi þessu skulu renna í ríkissjóð. Ákvæði 2. mgr. 35. gr. gilda ekki um ákvarðanir skv. þessum staflið.][4)]

☐ Heimilt er að beita ofangreindum heimildum samtímis.

☐ [Sérstakt grunngjald skv. 3. tölul. d-liðar 1. mgr. er grunntaxti. Ráðherra er heimilt að hækka hið sérstaka grunngjald allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxtinn er miðaður við vísitölu 1. júlí 1987, þ. e. 100 stig.][5)]

[1)] *L. 6/1988, 1. gr.* [2)] *Rg. 639/1989. Rg. 629/1987, sbr. 41/1989. Rg. 222/1987. Rg. 32/1990.* [3)] *Rg. 223/1987, sbr. 109/1988, 335/1989 og 578/1989.* [4)] *L. 25/1986, 1. gr.* [5)] *L. 6/1988, 2. gr.*

■ **31. gr.** Ráðherra skipar nefnd fimm manna til þess að úrskurða um rétt einstakra framleiðenda samkvæmt ákvæðum b- og c-liðar 30. gr. og reglugerða sem settar eru um framkvæmd þeirra. Nefndin skal skipuð til tveggja ára í senn og skulu þrír fulltrúar tilnefndir af Stéttarsambandi bænda, einn fulltrúi tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og formaður sem ráðherra skipar án tilnefningar. Ákvarðanir nefndarinnar eru bindandi en viðkomandi framleiðandi eða Framleiðsluráð landbúnaðarins geta þó skotið málinu til úrskurðar ráðherra innan 30 daga frá því að nefndin kvað upp úrskurð sinn.

☐ Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starf nefndarinnar.

■ **32. gr.** [Sé ákveðið að lækka fóðurgjöld sem lögð hafa verið á samkvæmt heimild í d-lið 30. gr. eða fella þau niður skal endurgreiða hlutfallslega það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar lækkun eða niðurfelling er ákveðin.

☐ Séu heimildir til álagningar fóðurgjalda samkvæmt d-lið 1. mgr. 30. gr. nýttar skal á sama hátt heimilt að láta hækkun ná til fóðurbirgða sem eru í vörslu innflutnings- og dreifingaraðila er hækkun tekur gildi. Þessir aðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu og skil gjaldanna, sbr. 33. gr.][1)]

[1)] *L. 6/1988, 3. gr.*

■ **33. gr.** Tollstjórar annast innheimtu fóðurgjalda við innflutning og skulu gera reikningsskil fyrir gjöldunum til ríkissjóðs eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

☐ Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum um ákvörðun tollverðs, veruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd gjaldsins, refsingar og aðra framkvæmd varðandi fóðurgjöld skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.,[1)] laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit,[1)] og laga nr. 47/1960, um tollvörugeymslur o. fl.,[1)] með síðari breytingum.

[1)] *Sbr. nú l. 55/1987, tollalög.*

■ **34. gr.** [Tekjur af grunngjaldi og sérstöku grunngjaldi skv. 1. og 3. tölul. d-liðar 30. gr. renna í ríkissjóð.][1)]

□ Tekjur af hinu sérstaka fóðurgjaldi, að frádregnum þeim hluta sem varið er til endurgreiðslna skv. d-lið 30. gr., skulu renna til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal ráðstafa tekjum af gjaldinu, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra, sem lánum eða framlögum til eflingar nýrra viðfangsefna í landbúnaði og til stuðnings við búgreinar og breytingar búskaparhátta á lögbýlum. Tekjum af hinu sérstaka fóðurgjaldi skal haldið sérgreindum í reikningum Framleiðnisjóðs og skal ríkisendurskoðun endurskoða þann hluta reikninga sjóðsins, auk lögboðinna endurskoðenda hans.

[1] *L. 6/1988, 4. gr.*

■ **35. gr.** Ákvarðanir um beitingu heimilda, sem felast í ákvæðum þessa kafla, skulu teknar með reglugerð. Skal réttur framleiðenda þar ákveðinn með tilliti til framleiðslu þeirra á búvöru á tilteknu tímabili. Þá er heimilt í reglugerð að ákveða að réttur framleiðenda skuli vera mismunandi eftir bústærðum, búrekstraraðstöðu, fjármagnskostnaði vegna framkvæmda á ábýlisjörð, búskapartíma vegna frumbýlinga og ættliðaskipta á jörðum og þegar framleiðsla er dregin saman eða búskap hætt. Enn fremur má þar ákveða að réttur framleiðenda skuli skerðast vegna aðstoðar sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitir til nýrra búgreina eða búháttabreytinga.

□ Áður en reglugerðir um beitingu ákvæða þessa kafla eru gefnar út skal leitað tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Stéttarsambands bænda og samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein.

**VIII. kafli. Um aðlögun búvöruframleiðslunnar.**

■ **36. gr.** Á árunum 1986 – 1990 skal dregið úr greiðslum til að bæta þann halla sem bændur verða fyrir af útflutningi búvara með hliðsjón af samningum bænda og ríkisstjórnarinnar um framleiðslumagn mjólkur- og sauðfjárafurða.

□ [Greiðsla útflutningsbóta skal að hámarki nema eftirfarandi hlutföllum af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar:

| | |
|---|---|
| 1987 | 6% |
| 1988 | 5% |
| 1989 | 5% |
| 1990 | 5% |
| 1991 | 5% |
| 1992 | 5% |

og gildir það uns endurskoðun skv. 38. gr. hefur farið fram.][1]

□ Þó skal jafnan tryggt að staðið verði af hálfu ríkissjóðs við samning skv. a-lið 30. gr.

□ Nú næst ekki samningar samkv. a-lið 30. gr. og skulu útflutningsbætur þá greiddar framleiðendum búvara í samræmi við ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.

□ Heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar skal miðað við afurðir nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína og alifugla, svo og garðávexti, gróðurhúsaframleiðslu og afurðir hlunninda á því verði sem framleiðendur fá greitt fyrir þessar búvörur. Hinar árlegu greiðslur skulu miðaðar við heildarverðmæti búvöruframleiðslu þess verðlagsárs er lýkur á hverju hinna tilgreindu ára.

□ Hagstofa Íslands reiknar út heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar skv. ofanskráðu.

[1] *L. 29/1987, 1. gr.*



■ **37. gr.** Ríkissjóður skal leggja fram fjármagn til þess að mæta áhrifum samdráttar í framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða. Fjármagni þessu skal varið til eflingar nýrra búgreina, markaðsöflunar og til fjárhagslegrar endurskipulagningar búreksturs á lögbýlum. Fjármagnið skal renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins sem úthlutar því samkvæmt ákvæðum reglugerðar er landbúnaðarráðherra setur.

□ [Fjármagn til verkefna skv. 1. mgr. skal nema eftirfarandi hlutföllum af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar sem ákveðið er á sama hátt og í 36. gr.:

| | |
|---|---|
| 1987 | 3% |
| 1988 | 4% |
| 1989 | 4% |
| 1990 | 4% |
| 1991 | 4% |
| 1992 | 4%][1] |

[1] *L. 29/1987, 2. gr.*

■ **38. gr.** Ákvæði 36. og 37. gr. skulu tekin til endurskoðunar að liðnum fjórum árum frá gildistöku þessara laga með tilliti til aðstæðna í markaðsmálum og uppbyggingu nýrra búgreina.

**IX. kafli. Um vinnslu og sölu búvara.**

■ **39. gr.** Framleiðsluráð landbúnaðarins skal stuðla að fjölbreyttu framboði búvara á hverjum tíma, svo og framförum og aukinni hagkvæmni búvöruframleiðslunnar, þannig að hún verði í samræmi við þarfir markaðarins.

■ **40. gr.** Byggingu og staðsetningu afurðastöðva skal haga á þann hátt sem hagkvæmastur er fyrir heildarskipulag viðkomandi búgreinar.

□ Áður en opinber lánastofnun tekur ákvörðun um veitingu lána til að reisa eða endurbyggja afurðastöð fyrir búvörur skal stofnunin leita umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins um hina fyrirhuguðu framkvæmd.

□ Við löggildingu sláturhúsa samkv. lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, skal gætt ákvæða 1. mgr. þessarar greinar.

■ **41. gr.** Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

□ Innflutningur landbúnaðarvara skal því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni.

■ **42. gr.** Landbúnaðarráðherra veitir leyfi til að flytja til landsins kartöflur, nýtt grænmeti, sveppi og blóm. Ráðherra getur, að fengnum meðmælum þeirrar nefndar sem starfar skv. 3. mgr., ákveðið að innflutningur tiltekinna vara, sem greinin tekur til, skuli tímabundið vera undanþeginn leyfisveitingu. Innflutingur þeirra vara, sem greinin tekur til, skal því aðeins leyfður að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn.

□ Ákvæði þessarar greinar tekur þó ekki til skipa og flugvéla sem koma í landhelgi og hafa innanborðs þær vörur sem um getur í 1. mgr. ef birgðirnar eru, að áliti hlutaðeigandi tollyfirvalda, eigi meiri en svo að hæfilegur forði sé handa áhöfn og farþegum.

□ Áður en leyfi til innflutnings skv. 1. mgr. eru veitt skal

ráðherra leita álits nefndar sem skipuð er tveimur fulltrúum framleiðenda tilnefndum af samtökum þeirra og tveimur fulltrúum innflytjenda þessara vörutegunda sem viðskiptaráðherra tilnefnir og oddamanni tilnefndum af landbúnaðarráðherra. Skal nefndin láta ráðherra í té rökstutt álit um hvort innflutnings sé þörf og hve mikils.

□ Ákvæði 41. gr. taka ekki til innflutnings á þeim vörum sem grein þessi tekur til.

■ **43. gr.** Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð ákveðið að mjólk og mjólkurvörur, egg, kartöflur, garðávextir og grænmeti, sem selja á innanlands eða flytja skal á erlendan markað, skuli metið, flokkað og merkt eftir tegundum, gæðum og uppruna enda fullnægi varan reglum um heilbrigði og hollustuhætti sem settar eru á grundvelli laga nr. 50 29. maí 1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit,[1] og laga nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

□ Til að standa straum af kostnaði við mat skv. þessari grein er ráðherra heimilt að láta innheimta sérstakt matsgjald af þeirri vöru sem matið tekur til og má gjaldið vera tiltekin krónutala á hverja þyngdareiningu eða hlutfall af verði vörunnar til framleiðanda. Matsgjaldið má þó aldrei vera hærra en sem nemur 1,5% af verði vörunnar til framleiðanda. Framleiðandi þeirrar vöru, sem tekin er til mats, er ábyrgur fyrir greiðslu matsgjalds. Gjald þetta má taka lögtaki. Heimilt er að ákveða að það skuli innheimt með búnaðarmálasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 40 7. maí 1982.[2]

□ Landbúnaðarráðherra ákveður yfirstjórn mats þeirra búvara sem ákveðið er að taka til mats skv. þessari grein.

□ Um löggildingu matsmanna fer eftir ákvæðum í reglugerð og er þar heimilt að ákveða að afurðastöð og söluaðilar skuli á sinn kostnað hafa í þjónustu sinni matsmenn til að framkvæma mat skv. þessari grein. Þá eina má skipa eða löggilda sem matsmenn sem hafa góða þekkingu á viðkomandi búvöru og reynslu í öllu er varðar meðferð varanna og mat á þeim.

□ Í reglugerð[3] skulu sett ákvæði um matsreglur, gæðaflokkun, framkvæmd mats, yfirmat og annað sem lýtur að matinu.

□ Afurðastöðvum og öðrum, sem annast sölumeðferð þeirra búvara sem mat skv. þessari grein tekur til, er skylt að sjá matsmönnum fyrir aðstöðu til að framkvæma matið skv. nánari reglum sem settar skulu í reglugerð.

□ Við verðlagningu búvara skal verð þeirra ákveðið mismunandi eftir tegunda- og gæðaflokkum sem ákveðnir eru samkvæmt þessari grein, l. nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, l. nr. 22 10. maí 1976,[4] um flokkun og mat á gærum, og öðrum lögum og reglum um sama efni.

[1] *Nú l. 81/1988.* [2] *Nú l. 41/1990.* [3] *Rg. 457/1986.* [4] *Nú l. 57/1990.*

■ **44. gr.** Þeir sem versla með búvörur skulu fullnægja skilyrðum laga og annarra ákvarðana yfirvalda um slíka starfsemi og hafa fullnægjandi aðstöðu til meðferðar, flutnings og geymslu þeirrar vöru sem þeir taka til sölumeðferðar samkvæmt reglum heilbrigðisyfirvalda.

□ Nú selur framleiðandi eigin búvöruframleiðslu til smásöluverslunar eða neytenda og er honum þá skylt að fullnægja ákvæðum laga og annarra ákvarðana yfirvalda um flokkun, mat, flutning, geymslu og annað sem lýtur að meðferð vörunnar.

□ Skylt er seljanda og kaupanda að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins allar umbeðnar upplýsingar um söluna, þ. á m. um uppruna vörunnar, svo að ganga megi úr skugga um að ofangreind skilyrði hafi verið uppfyllt.

1985 Nr. 46 27. júní

■ **45. gr.** Landbúnaðarráðherra er heimilt með reglugerð, að fenginni tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins og samtaka afurðastöðva mjólkuriðnaðarins, að skipta landinu í mjólkursölusvæði eftir því sem best hentar framleiðslu- og markaðsaðstæðum.

□ Þegar ákveðin hefur verið skipting landsins í sölusvæði er afurðastöðvum á sölusvæðinu skylt að taka við mjólk frá framleiðendum innan sölusvæðisins enda fullnægi varan reglum um heilbrigði og gæði og sé innan marka heimilaðs framleiðslumagns, sbr. 30. gr.

■ **46. gr.** Nú kemur upp deila á milli framleiðenda og afurðastöðvar innan sölusvæðis um móttöku mjólkur eða önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila og er þá aðilum heimilt að leggja ágreining til úrskurðar þriggja manna nefndar. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Framleiðsluráði, annar tilnefndur af samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði og oddamaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

■ **47. gr.** Nú hefur landbúnaðarráðherra ákveðið skiptingu landsins í sölusvæði fyrir mjólk, sbr. 45. gr., og skulu þá framleiðendur mjólkur á hverju mjólkursölusvæði kjósa sér stjórn er hefur á hendi umsjón mjólkurmálanna á því svæði.

□ Þar sem starfandi eru fleiri en eitt mjólkurbú á sama mjólkursölusvæði sem hafa á hendi daglega sölu á mjólk og mjólkurvörum skulu þau hafa sameiginlega yfirstjórn er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið sem svo kýs stjórn samsölunnar á því svæði.

■ **48. gr.** Framleiðsluráð landbúnaðarins og samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði skulu gera samkomulag um verkaskiptingu á milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara með tilliti til heildarafkomu framleiðslugreinarinnar og hagsmuna mjólkurframleiðenda og neytenda. Heimilt er að gera slíkt samkomulag til tiltekins tíma og skal aðilum heimilt að óska endurskoðunar á því vegna breyttra aðstæðna, eftir því sem nánar er tekið til í samkomulaginu. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

□ Nú næst ekki slíkt samkomulag sem um ræðir í 1. mgr. eða ráðherra neitar að staðfesta það og skal ráðherra þá úrskurða framangreinda verkaskiptingu. Úrskurður þessi skal vera tímabundinn og má gilda í allt að tvö ár. Aðilum er á þessu tímabili frjálst að gera með sér samkomulag skv. 1. mgr. er komi í stað úrskurðar ráðherra.

■ **49. gr.** Þar sem eitt mjólkurbú er starfandi eða samsölustjórn samkvæmt ákvæðum 47. gr. innan sölusvæðis sem ákveðið er skv. 45. gr. skal það eða hún annast alla heildsöludreifingu á nýmjólk, rjóma, súrmjólk og skyri. Heildsöluaðilinn skal sjá um að ætíð sé nóg af þessum vörum á sölusvæði hans sé þess nokkur kostur.

■ **50. gr.** Mjólkursamlögum og verslunum, er selja mjólk og mjólkurvörur, ber að hlíta opinberum verðákvörðunum og má aldrei grípa til sölustöðvunar á mjólk og skyldum vörum þótt ósamkomulag kunni að koma upp út af verðlagningu þessara vara.

■ **51. gr.** Framleiðsluráð landbúnaðarins og sláturleyfishafar skulu gera samkomulag um verkaskiptingu á milli sláturleyfishafa vegna slátrunar og verkunar sauðfjár- og stórgripaafurða til sölu á erlenda markaði með tilliti til mismunandi heimilda þeirra til slátrunar og verkunar á þessum búvörum til útflutnings og þess að sala hvers sláturleyfishafa á innlendum markaði miðist við hlutfall heimilaðrar framleiðslu skv. 30. gr. þeirra framleiðenda sem eru í viðskiptum hjá sláturleyfishafa.

□ Heimilt er að gera slíkt samkomulag til tiltekins tíma og skal aðilum heimilt að óska endurskoðunar á því vegna breyttra aðstæðna, eftir því sem nánar er tekið til í samkomulaginu. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

□ Nú næst ekki slíkt samkomulag sem um ræðir í 1. mgr. eða ráðherra neitar að staðfesta það og skal ráðherra þá úrskurða framangreinda verkaskiptingu. Úrskurður þessi skal vera tímabundinn og má gilda í allt að tvö ár. Aðilum er á þessu tímabili frjálst að gera með sér samkomulag skv. 1. mgr. er komi í stað úrskurðar ráðherra. Í slíkum úrskurði er heimilt að kveða á um magn og verkun þessara búvara og skiptingu þeirra til sölu innan lands og utan.

□ Brjóti sláturleyfishafi gegn samkomulagi eða úrskurði skv. þessari grein er ráðherra heimilt að svipta viðkomandi sláturleyfi skv. lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

■ **52. gr.** Framleiðsluráð landbúnaðarins hættir rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins frá og með 1. júní 1986.

□ Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að ákveða að breyting skv. 1. mgr. verði fyrr enda hafi þá náðst samkomulag við aðila skv. 3. mgr. um yfirtöku á rekstri fyrirtækisins, sölu og leigu á eignum þess og að hið nýja fyrirtæki gefi fastráðnu starfsfólki Grænmetisverslunar landbúnaðarins kost á sambærilegum störfum. Skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þá ekki ná til þeirra starfsmanna Grænmetisverslunar landbúnaðarins sem njóta lögkjara skv. þeim lögum.

□ Heimilt er landbúnaðarráðherra að selja samtökum framleiðenda kartaflna og grænmetis eða hlutafélagi í eigu þessara aðila eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins, aðrar en fasteignir. Þá er ráðherra heimilt að leigja sömu aðilum núverandi fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins til reksturs dreifingar- og sölufyrirtækis með kartöflur og grænmeti.

□ Tekjur, sem fást við sölu og leigu á eignum skv. 3. mgr., ásamt sjóðum Grænmetisverslunar landbúnaðarins við starfslok, skulu lagðar í sérstakan sjóð sem hefur það verkefni að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði. Sjóðurinn skal vera í vörslu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og annast stjórn hans úthlutun úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum reglugerðar er landbúnaðarráðherra setur.

■ **53. gr.** Þar sem afurðastöð búvara er í eigu aðila sem hefur með höndum annan rekstur er skylt að halda bókhaldi og fjárreiðum afurðastöðvarinnar aðgreindum frá öðrum rekstri viðkomandi aðila.

□ Þá getur fimmmannanefnd ákveðið að afurðastöðvar skuli setja reikninga sína upp með samræmdum hætti.



**X. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **54. gr.** Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma.

□ Skylt er öllum þeim, er hafa með höndum vinnslu eða sölu búvara, að láta ráðinu í té allar upplýsingar er því geta að gagni komið við störf þess og þeir geta veitt.

■ **55. gr.** Kostnaður við framkvæmd IV. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna í verðlagsnefnd og fimmmannanefnd.

■ **56. gr.** Slátrun alifugla skal fara fram í löggiltum sláturhúsum, sbr. lög nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

■ **57. gr.** Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp, í því formi sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

□ Framleiðsluráð landbúnaðarins getur ákveðið að seljendur fóðurs skuli ársfjórðungslega senda ráðinu skrá yfir alla sölu. Tilgreina skal hverjir kaupendur eru, heildarmagn hvers kaupanda og einingaverð.

■ **58. gr.** Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð[1)] nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

[1)] *Rg. 406/1986 (um stuðning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins við nýjar búgreinar o. fl.).*

■ **59. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber mál. Varða brot sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ Ef aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té má beita dagsektum frá 100 – 5000 kr., eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

■ **60. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1985. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 95 11. desember 1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., svo og önnur lagaákvæði sem brjóta í bága við lög þessi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** A. Frá gildistöku þessara laga og þar til starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins verður hætt skv. 52. gr. skal fyrirtækið annast verslun með kartöflur og annað grænmeti. Framleiðsluráð landbúnaðarins fer með yfirstjórn og rekstur fyrirtækisins og annast uppgjör á rekstri þess í samræmi við nánari fyrirmæli sem landbúnaðarráðherra setur þar um.

B. Við gildistöku þessara laga skulu reikningar vegna innheimtu á kjarnfóðurgjaldi skv. b-lið 2. gr. a. laga nr. 95/1981, sbr. lög nr. 45/1981, gerðir upp. Skal því fé, sem þá kann að vera í sjóði eða óinnheimt, ráðstafað í samræmi við ákvæði laga nr. 95/1981.

C. Þrátt fyrir ákvæði 60. gr. skulu ákvarðanir sexmannanefndar um verð á landbúnaðarvörum og aðrar

**1985** Nr. 46 27. júní

verðlagsákvarðanir, sem teknar hafa verið skv. lögum nr. 95/1981, gilda þar til hlutaðeigandi aðilar taka nýjar ákvarðanir þar um skv. lögum þessum. Sama gildir um innheimtu verðmiðlunargjalda skv. 40. gr. laga nr. 95/1981.

Tekjum af verðmiðlunargjöldum, sem innheimt eru eftir 1. júlí 1985 og þar til landbúnaðarráðherra hefur ákveðið verðmiðlunargjald skv. V. kafla þessara laga, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði 40. gr. laga nr. 95/1981.

D. Útflutningsbætur skv. 12. gr. laga nr. 95/1981 fyrir verðlagsárið 1984 – 1985 skulu miðast við heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar á tímabilinu 1. september 1984 til 31. ágúst 1985.

E. Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett skv. ákvæðum 2. gr. a. laga nr. 95/1981, sbr. l. nr. 45/1981, um búmark, skulu halda gildi sínu þar til þau hafa sérstaklega verið felld úr gildi eða reglugerð sett um beitingu ákvæða b- og/eða c-liðar 30. gr., sbr. 35. gr. þessara laga.

F. Verðlagsnefnd búvara skal í samræmi við ákvæði IV. kafla laga þessara semja um verðlagsgrundvöll er taki gildi 1. september 1985 þó að núgildandi verðlagsgrundvelli hafi eigi verið sagt upp í samræmi við 7. gr. laga nr. 95/1981.

G. Á árinu 1985 breytast dagsetningar í eftirtöldum greinum sem hér segir:

a. Í 4. gr. breytist „1. júní“ í: 15. júlí.

b. Í 7. gr. breytist „15. júní“ í: 15. júlí og „1. júlí“ í: 1. ágúst.

c. Í 11. gr. breytist „15. júlí“ í: 15. ágúst og „15. júní“ í: 15. júlí.

d. Í 13. gr. breytist „15. júní“ í: 15. júlí og „1. júlí“ í: 1. ágúst.

e. Í a-lið 30. gr. breytist „1. ágúst“ í: 1. september.

H. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skal Framleiðsluráð landbúnaðarins, það sem nú situr skv. lögum nr. 95/1981, fara með verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins skv. lögum þessum þar til fulltrúafundur Stéttarsambands bænda hefur kosið fulltrúa sína í ráðið skv. 5. gr., þó eigi lengur en til 15. september 1985.

[I. Þrátt fyrir ákvæði 10. og 12. gr. laga þessara skal verðlagsnefnd búvöru fella niður, að hluta eða öllu leyti, framreikning verðlagsgrundvallar 1. mars 1990 og 1. júní 1990 og útreikning grundvallarins 1. september 1990 í samræmi við samkomulag Stéttarsambands bænda og aðila vinnumarkaðarins frá 1. febrúar 1990.][1)]

[1)] *L. 7/1990, 7. gr.*

**1988** Nr. 40 20. maí

**Lög um heimild fyrir fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár.**

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár.

■ **2. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

**1978** Nr. 105 28. des.

**Lög um greiðslu verðjöfnunargjalds af sauðfjárafurðum.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði verðjöfnunargjald það sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur ákveðið að taka af framleiðslu sauðfjárafurða haustið 1977.

**1978** Nr. 105 28. des.

**1962** Nr. 15 31. marz

**Lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.**

■ **1. gr.** Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

□ Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1956 – 1960, að báðum árunum meðtöldum.

□ [Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að framselja og afhenda Stofnlánadeild landbúnaðarins allar eignir og skuldir sínar og öll réttindi sín og skyldur skv. þessum lögum vegna breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán.][1)]

[1)] *L. 14/1986, 1. gr.*

■ **2. gr.** Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

□ Lánstími skal vera allt að 20 ár.

□ Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar, að höfðu samráði við ráðherra.

■ **3. gr.** Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 70% af matsverði veðsins.

■ **4. gr.** Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941[1)] tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

[1)] *Nú l. 34/1979.*

■ **5. gr.** Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941[1)] um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

[1)] *Nú l. 34/1979.*

■ **6. gr.** Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

**1969** Nr. 31 2. maí

**Lög um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.**

■ **1. gr.** Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

□ Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestinga, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1961 – 1968, að báðum árunum meðtöldum.

□ [Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að framselja og afhenda Stofnlánadeild landbúnaðarins allar eignir og skuldir sínar og öll réttindi sín og skyldur skv. þessum lögum vegna breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán.][1)]

[1)] *L. 14/1986, 1. gr.*

■ **2. gr.** Lán samkv. lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

□ Lánstími skal vera allt að 20 ár. Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar, að höfðu samráði við ráðherra.

**1969** Nr. 31 2. maí

■ **3. gr.** Heimilt er ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum samkv. lögum þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvílandi lánum.

■ **4. gr.** Lán samkvæmt lögum þessum að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins.

■ **5. gr.** Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941[1] tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

[1] *Nú l. 34/1979.*

■ **6. gr.** Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941[1] um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

[1] *Nú l. 34/1979.*

■ **7. gr.** Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

**1979** Nr. 33 29. maí

**Lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.**

■ **1. gr.** Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestinga, sem þeir hafa ráðist í á jörðum sínum á árunum 1970 til 1979 að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

□ [Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að framselja og afhenda Stofnlánadeild landbúnaðarins allar eignir og skuldir sínar og öll réttindi sín og skyldur skv. þessum lögum vegna breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán.][1]

[1] *L. 14/1986, 1. gr.*

■ **2. gr.** Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

□ Lánskjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

■ **3. gr.** Heimilt er ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum samkvæmt lögum þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvílandi lánum.

■ **4. gr.** Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því, og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

■ **5. gr.** Ákvæði 3. mgr. 16. gr. laga nr. 115 7. nóvember 1941[1] tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

[1] *Nú l. 34/1979.*

■ **6. gr.** Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941 (ef þau falla úr gildi þá laga um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands)[1] um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

[1] *Nú l. 34/1979.*

■ **7. gr.** Ráðherra setur í reglugerð[1] nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir, í samráði við stjórn Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

[1] *Rg. 5/1980 (um 8. flokk Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands).*

**1979** Nr. 33 29. maí

**Lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.**

**1984** Nr. 12 16. apríl

■ **1. gr.** Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankastjórn Búnaðarbanka Íslands undirritar bankavaxtabréf þessi. Bankavaxtabréfin skulu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga til búrekstrar á jörðum þeirra árin 1979 – 1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

□ Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1. Veðskuldabréf þau er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

□ Um ábyrgð ríkissjóðs fer eftir 2. grein laga nr. 28 19. maí 1976,[1] um Búnaðarbanka Íslands. Ef taka þarf til tryggingarinnar skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

□ [Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að framselja og afhenda Stofnlánadeild landbúnaðarins allar eignir og skuldir sínar og öll réttindi sín og skyldur skv. þessum lögum vegna breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán.][2]

[1] *Nú l. 86/1985, 2. gr.* [2] *L. 14/1986, 1. gr.*

■ **2. gr.** Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda á bújörðum. Ákvörðun um lánakjör skal tekin af bankaráði Búnaðarbanka Íslands að höfðu samráði við fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

■ **3. gr.** Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum samkvæmt lögum þessum, enda nægi eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum.

■ **4. gr.** Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum þeim sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

■ **5. gr.** Ákvæði laga nr. 34 29. maí 1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, gilda um lánveitingar skv. lögum þessum, að öðru en því sem hér er á annan veg ákveðið.

■ **6. gr.** Ráðherra setur í reglugerð[1] nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir, í samráði við bankaráð Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda er sæti eiga í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

[1] *Rg. 233/1984.*

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

**1989** Nr. 112 22. des.

## Lög um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem loðdýrabændur taka í stað lausaskulda sem myndast hafa vegna loðdýrabúskapar þeirra á árunum 1986 – 1989, samtals allt að 300 m. kr.

□ Lánin skulu veitt til fimmtán ára, verðtryggð með lánskjaravísitölu og 5% vöxtum. Endurgreiðslutími lánanna skal vera tólf ár.

□ Sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs skal því aðeins veitt að með henni reynist unnt að koma rekstri viðkomandi bús í viðunandi horf eða forsendur séu fyrir hendi fyrir lántakanda að greiða af skuldum sínum með öðrum hætti. Hún má ná til allt að 60% af þeim lausaskuldum hvers bónda sem uppfylla skilyrði 1. mgr., enda breyti viðkomandi lánardrottnar því sem eftir stendur í lán til a. m. k. átta ára gegn þeim tryggingum sem þeir meta gildar.

□ Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal hafa á hendi umsjón með framangreindum skuldbreytingum.

□ Ráðherra setur í reglugerð[1)] nánari ákvæði um lánsupphæðir til hvers loðdýrabónda, svo og önnur þau skilyrði fyrir lánveitingum er þurfa þykir, svo sem veðskilmála.

[1)] *Rg. 84/1990 og 97/1990.*

■ **2. gr.** Þrátt fyrir ákvæði um tryggingar fyrir lánum o. fl. í lögum nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, er Stofnlánadeild heimilt að fella niður verðtryggingu og vexti, og fresta greiðslu afborgana, af lánum til bænda vegna loðdýrabúra á næstu fimm árum. Þá er Stofnlánadeild heimilt, þegar hagsmunum hennar er betur borgið með þeim hætti, að fella niður hluta höfuðstóls annarra veðskulda loðdýrabænda.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

**1984** Nr. 50 1. júní

## Lög um lífeyrissjóð bænda.

### I. kafli.

■ **1. gr.** Lífeyrissjóður bænda starfar með því markmiði og skipulagi sem segir í lögum þessum.

■ **2. gr.** Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra. Bóndi í þessu sambandi, þ. m. t. aðili að félagsbúi, telst sá er stundar búskap á lögbýli þar sem hann á lögheimili, enda hafi hann náð 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksárs á undan. Búi bóndi í óvígðri sambúð eiga bæði rétt á sjóðsaðild ef þau eiga sameiginlegt lögheimili og hafa átt eða eiga von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega.

□ Launþegar, er stunda störf við landbúnað, skulu vera sjóðfélagar, enda hafi þeir náð 16 ára aldri og eigi ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

□ Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum um lögbýli ef um er að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá getur sjóðstjórn heimilað sjóðsaðild mökum, sambúðarkonum eða sambúðarmönnum, sbr. 1. mgr., þeirra aðila er um ræðir í þessari málsgrein.

□ Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

■ **3. gr.** Ráðherra, er fer með málefni lífeyrissjóða, skal skipa stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skal stjórn skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal tilnefndur af ráðherra sem fer með landbúnaðarmál, einn af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einn af stjórn Stéttarsambands bænda en einn skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

**1984** Nr. 50 1. júní

■ **4. gr.** Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda er sjóðstjórn ræður og að auki af tveimur endurskoðendum sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn af ráðherra sem fer með lífeyrismál. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambandi bænda sameiginlega. Verði ekki samkomulag milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um skipun endurskoðanda skal hann tilnefndur af ráðherra sem fer með landbúnaðarmál.

□ Stjórn sjóðsins skal sjá um reikningshald hans og annan rekstur. Heimilt er henni að semja við aðra aðila um reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn gegn umsaminni þóknun.

■ **5. gr.** Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans með það fyrir augum að féð ávaxtist vel og á tryggilegan hátt.

□ Stofnlánadeild landbúnaðarins á rétt á lánum er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn til ársloka 1985. Heimilt er sjóðstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteign.

□ Heimilt er sjóðstjórninni í samráði við Stofnlánadeild landbúnaðarins að lána fé til vinnslustöðva landbúnaðarins, gróðurhúsa og fleiri stofnana er starfa á vegum sjóðfélaga, enda séu skuldabréfin tryggð með ríkisábyrgð, veði í fasteignum eða öðrum tryggilegum hætti.

□ Lausafé sjóðsins skal ávaxtað í Búnaðarbanka Íslands og útibúum hans. Þó er sjóðstjórn heimilt að víkja frá þessu í byggðarlögum sem Búnaðarbankinn hefur ekki útibú í ef sérstakar ástæður mæla með því.

□ Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar sem krafist skal við lánveitingar og verðbréfakaup.

■ **6. gr.** Stjórn sjóðsins skal eigi sjaldnar en fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans. Þyki tryggingafræðingi rannsókn leiða í ljós að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur skal hann gera tillögur til sjóðsstjórnar um aðgerðir til að efla hann.

□ Nú hrökkva árlegar tekjur sjóðsins ekki fyrir ársútgjöldum hans og er þá Stofnlánadeild landbúnaðarins skylt að leggja fram óafturkræft fé fyrir því sem á vantar þar til úr verður bætt samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

■ **7. gr.** Iðgjöld sjóðfélaga vegna búrekstrar skulu innheimt af búvöruverði og vera 1,25% af verði til framleiðanda. Skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga og innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 40/1982. Ekki skal þó greiða hærra iðgjald en sem svarar 4,2% af preföldum viðmiðunarlaunum samkvæmt 8. gr. vegna bænda sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð og maka þeirra, sambúðarkvenna eða sambúðarmanna, sbr. 2. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald allt að hálfum öðrum viðmiðunarlaunum. Mörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

□ Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. mgr. skal leggja gjald á allar búvörur og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti af verði til framleiðenda. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn þannig að heildarfjárhæð mótframlags verði 50% hærri en samanlögð iðgjöld framleiðenda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en svo að það nemi 1,60% af heildarverðmæti búvara á almanaksárinu.

□ Nú hefur sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald samkvæmt 1. mgr., atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði og skal þá greiða iðgjöld af slíkum tekjum til þessa sjóðs. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda.

□ Iðgjöld launþega, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 2. mgr. 2. gr., skulu vera 10% af launum. Teljast 4% vera iðgjald sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda. Reki lögaðili búskap skal þó gjald samkvæmt 2. mgr., meðan til hrekkur, teljast mótframlag vegna forstöðumanns búsins og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns.

□ Aðilar, sem taka búvörur bænda til sölumeðferðar, vinnslu eða endursölu, svo sem mjólkurbú, sláturhús, verslanir og veitingahús, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 2. mgr. eftir fyrirmælum sjóðstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldagreiðslur samkvæmt 1. mgr. Framleiðendur, sem selja búvörur sínar án milliliðar til neytenda, skulu annast innheimtu mótframlags samkvæmt 2. mgr. og standa skil á því til sjóðsins ásamt iðgjöldum samkvæmt 1. mgr. eftir fyrirmælum sjóðstjórnar. Nú innheimtist hærra iðgjald samkvæmt 1. mgr. en greiða ber og skal þá endurgreiða það, sem umfram er, eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Gjalddagar iðgjalda og framlaga skulu ákveðnir í reglugerð, og heimilt er þar að kveða á um dráttarvexti frá gjalddaga ef skil eru ekki gerð innan 30 daga. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um dagsektir á hendur söluaðila ef hann lætur ekki í té sundurliðun á iðgjöldum sjóðfélaga eins og fyrir er mælt. Við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila skulu kröfur samkvæmt þessari málsgrein njóta sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum þrotabúsins.

□ Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs er hann nær 69 ára aldri eða eftir að taka ellilífeyris hefst, sbr. 6. mgr. 8. gr.

□ Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

■ **8. gr.** Iðgjöld bónda og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns vegna búrekstrar, sbr. 1. mgr. 7. gr., skulu skiptast milli þeirra til helminga. Nái iðgjald þessara sjóðfélaga vegna búrekstrar ekki því hámarki er um getur í 1. mgr. 7. gr. og hafi annað hvort þeirra atvinnutekjur af öðru en búrekstri er skapa rétt til lífeyris í þessum sjóði eða öðrum getur sjóðstjórn þá fallist á umsókn aðila um aðra skiptingu iðgjalda. Aldrei getur slík skipting þó leitt til þess að hærra iðgjald sé reiknað sjóðfélaga vegna búrekstrar en nemur hámarki iðgjalds einhleyps bónda samkvæmt 1. mgr. 7. gr. Falli iðgjöld annars niður vegna aldurs, töku ellilífeyris eða fráfalls skal með sömu takmörkunum reikna hinu iðgjöld vegna búrekstrarins. Verði annar sjóðfélaginn öryrki í þeim mæli sem í 10. gr. segir skal skipting ákveðin á ný í samræmi við orkutap, þó aldrei fyrr en frá byrjun þess árs er úrskurður um orkutap er kveðinn upp.

□ Að lokinni skiptingu samkvæmt 1. mgr. skulu samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Nú hefur skilagrein um iðgjöld ekki borist sjóðnum innan 6 mánaða frá lokum almanaksárs og er sjóðstjórn þá heimilt að telja þau iðgjöld með iðgjöldum næsta árs.

□ [Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaksmánuð til ársloka 1984 fast mánaðarkaup miðað við næstlægsta taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og fulla starfsaldurshækkun. Frá 1. janúar 1985 skulu laun þessi vera 14 100 kr. á mánuði miðað við þáverandi kauplag. Stjórn sjóðsins ákveður, að fenginni umsögn Kjararannsóknanefndar, breytingar á viðmiðunarlaunum þessum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur sem mælikvarði á breytingar á almennum launakjörum í landinu skal hann að fengnum tillögum frá sjóðsstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll, svo og tengingu hans við eldri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.][1)]

□ Stig hvers árs reiknast þannig að deilt skal með viðmiðunarlaunum ársins í 24-föld iðgjöld sjóðfélagans fyrir það árið.

□ Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30 skal aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann en að hálfu stig þeirra ára sem afgangs verða.

□ Ekki skal reikna stig lengur en til upphafs þess almanaksárs er taka ellilífeyris hefst.

□ Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

[1)] *L. 20/1985, 1. gr.*

■ **9. gr.** Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði eða lengur, öðlast hefur samanlagt a. m. k. 0,5 stig samkvæmt 8. gr. og orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

□ Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali viðmiðunarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8.

□ Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,4% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

■ **10. gr.** Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins annaðhvort samfleytt undanfarna 18 mánuði eða undanfarin þrjú almanaksár og a. m. k. 6 mánuði á undanförnum 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi til langframa er trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal fyrstu þrjú árin aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur óskertum þeim tekjum er hann hafði áður, og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir samkvæmt 3. mgr.

12. gr. verða hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem hann hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

☐ Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 9. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér til loka þess almanaksárs er hann nær 67 ára aldri miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla, atvinnuleysis eða slæms árferðis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann. Aldrei skal miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld.

☐ Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

☐ Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

☐ Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði á þeim tíma er örorka óx.

☐ Örorkulífeyrir fellur niður við lok þess almanaksárs er sjóðfélagi nær 67 ára aldri. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum til loka þess almanaksárs er hann nær 67 ára aldri. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár nái þeim mörkum sem af 1. mgr. 7. gr. leiðir.

■ **11. gr.** Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans undanfarna 18 mánuði, og á þá maki, sem hann lætur eftir sig, rétt til lífeyris úr sjóðnum í þrjú ár eftir andlátið, enda hafi hjónabandið þá staðið a. m. k. í tvö ár. Láti sjóðfélagi eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal makalífeyrir þó veittur til 18 ára aldurs barnsins án tillits til hjúskapartíma. Kjörbarn þeirra skapar sama rétt, enda hafi ættleiðing átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lést.

☐ Sambúð karls og konu, sem bæði eru ógift, veitir sama rétt og hjúskapur samkvæmt 1. mgr., enda hafi ósk um aðild að sjóðnum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. borist sjóðnum a. m. k. einu ári fyrir andlátið. Nú annast sambúðarmaður eða sambúðarkona eða systkini sjóðfélaga heimili hans án þess að vera sjálft sjóðfélagi og er þá stjórn sjóðsins heimilt að verða við skriflegri ósk sjóðfélagans um sams konar rétt hlutaðeigandi manni til handa.

☐ Heimilt er sjóðstjórn að greiða makalífeyri að hluta eða að fullu að þeim tíma loknum sem tiltekinn er í 1. mgr. ef trúnaðarlæknir sjóðsins telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða makalífeyri eftir 67 ára aldur hins eftirlifandi maka. Aldrei skal makalífeyrir samkvæmt þessari málsgrein þó vera hærri en svo að hann svari til 40 stiga að frádregnum þeim stigum sem hinum eftirlifandi maka hafa sjálfum verið reiknuð. Taka skal á hliðstæðan hátt tillit til réttinda í öðrum lífeyrissjóðum.

1984 Nr. 50 1. júní

☐ Upphæð fulls makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali viðmiðunarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka hans hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér til loka þess almananksárs er hann hefði náð 67 ára aldri, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almananksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur í samræmi við ákvæði síðustu málsgreinar 10. gr., en síðan til loka þess almanaksárs er hann hefði náð 67 ára aldri í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfall hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

☐ Réttur til makalífeyris fellur niður ef makalífeyrisþeginn gengur í hjónaband eða tekur upp óvígða sambúð en gengur aftur í gildi ef hjúskapnum eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

■ **12. gr.** Nú andast sjóðfélagi sem undanfarna 6 mánuði hefur greitt iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginu hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

☐ Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi er sér um framfærslu þess er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og fullur lífeyrir úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er hinn samanlagði lífeyrir tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal fullur lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 4. mgr. 11. gr., eru a. m. k. 0,5. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,1.

☐ Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga er nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og orkutap hans er metið.

☐ Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

■ **13. gr.** Nú hættir bóndi búskap vegna veikinda og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma sé uppfyllt.

Sama gildir ef launagreiðslur til sjóðfélaga, sem er launþegi, falla niður vegna veikinda.

□ Hætti sjóðfélagi búskap eða láti af öðrum ástæðum en veikindum af starfi er veitti honum aðgang að sjóðnum telst hann ekki lengur til sjóðfélaga, og sama gildir ef iðgjaldagreiðslur vegna launþega falla niður í meira en 6 mánuði samfleytt. Skulu þá áunnin stig geymd, og hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði eða lengur og öðlast a. m. k. 0,5 stig fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig.

■ **14. gr.** Endurgreiðsla iðgjalda til sjóðfélaga er óheimil nema þegar svo stendur á sem greinir í 5. mgr. 7. gr., sbr. enn fremur ákvæði 15. gr. um flutning milli lífeyrissjóða.

■ **15. gr.** Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld sem greidd hafa verið hans vegna. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til.

■ **16. gr.** Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi skiptir um starf og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó því aðeins bindandi fyrir sjóðinn að þeir hljóti staðfestingu ráðherra þess sem fer með málefni lífeyrissjóða.

**II. kafli.**

■ **17. gr.** Þeim, sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr, hafa verið bændur á lögbýlum og átt þar lögheimili, skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 18. gr., enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

a. Hafi náð 70 ára aldri.

b. Hafi látið af búskap. Bóndi, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á ellilífeyri án tillits til hvort hann hefur látið af búskap eða ekki.

c. Eigi að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma, sbr. 3. mgr. Vanti mann, sem látið hefur af búskap á árunum 1964 – 1969, brot úr ári til að ná fullum 10 árum veldur það þó ekki réttindamissi ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum 10 árum.

□ Nú andast maður sem öðlast hafði rétt til lífeyris samkvæmt 1. mgr. eða var að ávinna sér slíkan rétt og hefði getað uppfyllt skilyrði c-liðar 1. mgr. með áframhaldandi réttindavinnslu og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris samkvæmt 18. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1964 og áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi, sbr. 3. mgr. Það er enn fremur skilyrði að hjónabandið hafi staðið a. m. k. í 5 ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri. Sambúð, sbr. 2. mgr. 11. gr., veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita systkini bónda, sem annast hefur heimili hans, hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift, sbr. 2. mgr. 11. gr.

□ Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955 sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbýli og átt þar lögheimili. Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð. Réttindatími reiknast í heilum mánuðum, en aldrei skal hann þó reiknast lengri en 20 ár.

□ Við ákvörðun örorkulífeyris manns, sem lífeyrisrétt á samkvæmt 10. gr., fæddur er árið 1914 eða fyrr og verið hefur sjóðfélagi frá stofnun sjóðsins, skal reikna með réttindatíma til ársloka 1970 í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar og áætla stig aftur í tímann í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. Bráðabirgðaákvæði eldri laga um skert iðgjöld til sjóðsins árin 1971 – 1973 skulu ekki skerða lífeyrisréttinn. Þá skal við ákvörðun ellilífeyris samkvæmt þessari grein reikna sem réttindatíma tímabil frá því er slíkur öryrki hefur látið af búskap til 70 ára aldurs.

□ Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum þessarar greinar um lögheimili ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðinu um lögbýli ef um hefur verið að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur haft allar eða nær allar tekjur sínar af. Áður en umsókn frá umsækjanda utan lögbýlis er afgreidd skal leita álits stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands á því hvaða býlum á sambandssvæðinu megi í þessu sambandi jafna til lögbýla.

■ **18. gr.** Fjárhæð elli- og makalífeyris, sem veittur er samkvæmt 17. gr., miðast við réttindatíma, sbr. 3. mgr. 17. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við meðaltal viðmiðunarlauna, sbr. 3. mgr. 8. gr., næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst, og sama gildir um ellilífeyri ef skilyrðum 2. mgr. 17. gr. um hjúskap eða sambúð er fullnægt, en að öðrum kosti skal lífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Fyrir réttindatíma til ársloka 1980 skal ellilífeyrir nema 1,8% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár, en makalífeyrir skal til sama tíma nema 5% að viðbættu 1% fyrir hvert réttindaár. Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum I. kafla einstök réttindaár skal þó miðað við þann rétt þau ár, og fyrir réttindatíma eftir árslok 1980 skal jafnan miðað við áunninn rétt hvert einstakt réttindaár eða meðaltal þriggja bestu áranna ef um er að ræða tíma eftir að gjaldskyldu til sjóðsins er lokið.

□ Hafi bóndi stundað búskap þar til hann lést og verið yngri en 67 ára skal við ákvörðun hundraðshluta makalífeyris auk réttindatíma samkvæmt 3. mgr. 17. gr. taka tillit til þess tíma sem eftir var til 67 ára aldurs bóndans.

□ Lífeyrir samkvæmt 9. – 11. grein kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein og örorkulífeyri samkvæmt 4. mgr. 17. gr. Frestun á töku lífeyris samkvæmt 9. gr. telst lokið um leið og greiðslur samkvæmt þessari grein hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. og 11. gr. en elli- eða makalífeyrir samkvæmt þessari grein telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein að ræða.

□ Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt grein þessari. Hafi hlutaðeigandi gengið úr lífeyrissjóði eftir árslok 1969 og afsalað sér réttindum sínum þar skal sá lífeyrir,

1984 Nr. 50 1. júní

sem hann ella hefði átt rétt á, dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignarskipulagi skuli metin til frádráttar.

☐ Eigi maður auk réttindatíma sem bóndi jafnframt að baki réttindatíma samkvæmt lögum nr. 97/1979,[1] um eftirlaun til aldraðra, skal taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og fjárhæð sem hvor aðili hefði greitt ef réttindatíminn hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma hjá báðum aðilum. Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við umsjónarnefnd eftirlauna um nánari tilhögun við úrskurð og greiðslu lífeyris samkvæmt þessari málsgrein.

☐ Lífeyrir samkvæmt þessari grein skerðist ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu er nema ¼ viðmiðunarlauna eða meira á almanaksári, sbr. 3. mgr. 8. gr., og skal þá skerða lífeyrinn um ½ fyrir hvern ½ hluta viðmiðunarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en ¾ skal hann felldur niður með öllu.

[1] *Nú l. 2/1985.*

■ **19. gr.** Til ársloka [1991][1] skal fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 17. og 18. gr. greitt að 37,5% af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að 62,5% úr ríkissjóði. Frá 1. janúar [1992][1] skal Lífeyrissjóður bænda standa undir lífeyrisgreiðslum þessum.

[1] *L. 126/1989, 1. gr.*

■ **20. gr.** Þeir bændur, sem telja sig eiga rétt til lífeyris samkvæmt 18. gr., skulu senda stjórn sjóðsins umsókn um hann og láta í té allar upplýsingar er sjóðstjórnin telur sig þurfa að fá. Stjórn sjóðsins úrskurðar lífeyri samkvæmt 18. gr.

☐ Skylt er þeim, er nýtur lífeyris samkvæmt 18. gr. sem kvæntur bóndi, að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef maki eða sambúðarmaður eða sambúðarkona fellur frá ellegar hjúskap eða óvígðri sambúð er slitið. Í síðarnefnda tilvikinu skal ellilífeyri skipt að jöfnu.

**III. kafli.**

■ **21. gr.** Skylt er sjóðfélaga að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef hann gengur í hjónaband eða skilur við maka sinn. Getur sjóðstjórn krafist dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 7. gr. ef iðgjöld hafa ekki verið innheimt sökum þess að tilkynning um hjúskap hefur ekki borist henni. Skilnaður að borði og sæng telst samkvæmt lögum þessum jafngilda lögskilnaði.

☐ Upphaf sjóðsaðildar vegna óvígðrar sambúðar og skyldur þær og réttindi samkvæmt I. kafla, er af henni leiða, miðast við þann tíma er skrifleg ósk beggja aðila hefur borist sjóðstjórn. Úrganga úr sjóðnum vegna slita á óvígðri sambúð og brottfall slíkra réttinda og skyldna er af því leiða miðast við þann tíma er skrifleg tilkynning annars sambúðaraðila um sambúðarslitin berst sjóðstjórn.

■ **22. gr.** Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

☐ Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða lífeyri sjaldnar en mánaðarlega, en þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

■ **23. gr.** Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.



■ **24. gr.** [Árin 1984 – [1991][1] skal lífeyrir, bæði samkvæmt I. og II. kafla, hvert ár miðast við viðmiðunarlaun undanfarinna fimm almanaksára.][2]

[1] *L. 126/1989, 2. gr.* [2] *L. 20/1985, 3. gr.*

■ **25. gr.** Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri samkvæmt I. kafla ef sjóðurinn er talinn þess megnugur með hliðsjón annars vegar af kaupgjaldsþróun og hins vegar af ávöxtun og verðtryggingu eigna hans.

☐ Stjórnin skal leita álits tryggingafræðings á því hve miklar uppbætur hann telur sjóðinn megnugan að greiða. Tryggingafræðingurinn skal hafa hliðsjón annars vegar af hækkun viðmiðunarlauna samkvæmt 8. gr. frá því sem þau voru á því tímabili er lífeyrisfjárhæð hvers einstaks lífeyrisþega miðast við en hins vegar af ávöxtun og verðtryggingu eigna og fjárhagsstöðu sjóðsins í heild. Aldrei má hækka lífeyri meira en tryggingafræðingurinn hefur lagt til.

☐ Uppbætur, sem stjórn sjóðsins hefur einu sinni ákveðið, skulu ekki felldar niður né lækkaðar, nema lækkun verði á viðmiðunarlaunum. Lækki viðmiðunarlaun skal endurskoða fjárhæðir uppbóta með hliðsjón af breyttum forsendum, sbr. 2. mgr.

■ **26. gr.** Stig, sem sjóðfélagar hafa áunnið sér til ársloka 1983 og miðuð eru við grundvallarlaun sjóðsins eins og þau hafa verið til þess tíma samkvæmt eldri lögum, skulu umreiknuð í stig samkvæmt 4. mgr. 8. gr. þannig að hvert stig samkvæmt eldri lögum jafngildi 1⅓ stigi samkvæmt lögum þessum. Hundraðshlutar þeir, sem réttindi samkvæmt II. kafla miðast við, sbr. 1. mgr. 18. gr., skulu breytast í sama hlutfalli.

☐ Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar skal áunnum stigum sjóðfélaga, þau ár sem hjónabandið eða sambúðin hefur staðið fram til ársloka 1983, skipt að jöfnu, sbr. þó 5. mgr.

☐ Um lífeyrisgreiðslur samkvæmt I. kafla fram til ársloka 1983 fer eftir eldri lögum. Þeir, sem njóta lífeyris í árslok 1983, skulu frá 1. janúar 1984 taka lífeyri samkvæmt lögum þessum, nema þeir eigi betri rétt samkvæmt eldri lögum.

☐ Falli sjóðfélagi frá eftir árslok 1983 helst réttur til makalífeyris samkvæmt 11. gr. laga nr. 101/1970, sbr. lög nr. 67/1974, vegna stiga sem áunnin hafa verið til ársloka 1983, að því leyti sem hann er betri en réttur samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 5. mgr. Slíkur réttur skal þó einungis miðast við áunnin stig án framreiknings.

☐ Nú óskar bóndi, sem fæddur er árið 1915 eða síðar, eftir skiptingu réttinda sem áunnin eru fyrir árslok 1983, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. og miðað við þann tíma er hjúskapur eða sambúð hefur staðið, sbr. síðasta málslið 1. mgr. 7. gr., og skal þá orðið við slíkri ósk, enda berist hún stjórn sjóðsins ásamt samþykki maka eða sambúðaraðila fyrir árslok 1984. Það er enn fremur skilyrði fyrir slíkri skiptingu að taka lífeyris samkvæmt ákvæðum eldri laga hafi ekki átt sér stað. Við skiptinguna fellur niður réttur sá sem nefndur er í 4. mgr. og skiptingin veitir ekki

**1984** Nr. 50 1. júní

rétt til lífeyris vegna orkutaps eða fráfalls sem átt hefur sér stað fyrir árslok 1983.

■ **27. gr.** Um skipulag sjóðsins og starfsemi má kveða nánar á í reglugerð[1] er ráðherra, sem fer með málefni lífeyrissjóða, setur að fengnum tillögum sjóðstjórnar.

[1] *Rg. 430/1984, sbr. 429/1989.*

■ **28. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 101/1970, um Lífeyrissjóð bænda, svo og lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977, lög nr. 25/1980, lög nr. 84/1980 og lög nr. 100/1982, um breyting á þeim lögum.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Árið 1984 skal sjóðurinn greiða þeim lífeyrisþegum, sem rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, sérstaka uppbót, þannig að í stað þess að reiknast af viðmiðunarlaunum áranna 1979 – 1983, sbr. 1. mgr. 18. gr. og 24. gr., miðist lífeyrir frá 1. janúar 1984 við 80,1% af þágildandi viðmiðunarlaunum. [Hinn 1. júlí 1984 hækki lífeyrir síðan í hlutfalli við hækkun viðmiðunarlauna frá 1. janúar til 1. júlí og eftir það með sama hætti hvern 1. janúar og 1. júlí árin 1985 – [1991].[1])[2] Elli-, örorku- og makalífeyrir þeirra lífeyrisþega, sem ekki eiga rétt samkvæmt II. kafla, skal reiknaður á sama hátt, þó þannig að miðist lífeyrir við fleiri stig en 40 verði einungis sá lífeyrir, er svarar til 40 stiga, reiknaður á þennan hátt, en um afganginn fer eftir ákvæðum 24. og 25. gr. Nú á lífeyrisþegi rétt samkvæmt II. kafla, en mundi engu að síður fá hærri lífeyri ef farið væri eftir þessum síðar nefndu ákvæðum, og skal þá sjóðurinn greiða honum mismuninn.

□ Útgjöld vegna hinnar sérstöku uppbótar [árin 1984 – [1991][1])],[2] sem greidd er lífeyrisþegum er rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, skulu borin í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. [2/1985],[1] um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

[1] *L. 126/1989, 3. gr.* [2] *L. 20/1985, 4. gr.*

## 1979 Nr. 32 29. maí — Lög um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

■ **1. gr.** Tilgangur forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum er að veita aðstoð við nauðsynleg bús- og heimilisstörf þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum.

□ Búnaðarsamböndunum er heimilt að setja á stofn forfalla- og afleysingaþjónustu eftir lögum þessum, hvert á sínu svæði.

■ **2. gr.** Yfirstjórn forfalla- og afleysingaþjónustu skal vera hjá Búnaðarfélagi Íslands í umboði landbúnaðarráðuneytisins. Dagleg umsjón og skipulag starfsins innan hvers svæðis verði undir stjórn viðkomandi búnaðarsambands. Kostnaður búnaðarsambandanna við stjórnun og skipulagningu forfalla- og afleysingaþjónustunnar greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi sem Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

□ Landbúnaðarráðuneytið ákveður tölu afleysingamanna í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Heimilt er að ráða tvo starfsmenn fyrir hver 150 heimili, eða fleiri menn í hluta úr starfi. Enn fremur er heimilt að lausráða viðbótarstarfskraft sé þess þörf í einhverjum tilfellum.

□ Heimilt er búnaðarsamböndum að ráða afleysingamenn að hluta fyrir færri heimili, ef sérstök landfræðileg skilyrði gera það hagkvæmt, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands þá ráðstöfun. Allir bændur eða þeir sem veita búum forstöðu, og makar þeirra, eiga rétt á aðstoð í veikinda- og slysatilfellum, enda hafi þeir meiri hluta tekna sinna af landbúnaði og séu aðilar að Lífeyrissjóði bænda. Þeir bændur, sem hafa meiri hluta tekna sinna af öðru en landbúnaði, eiga rétt á aðstoð í hlutfalli við tekjur þeirra af landbúnaði.

■ **3. gr.** ...[1]

□ Afleysingamenn skulu hafa rétt til aðildar að Lífeyrissjóði bænda. Skulu þeir taka laun eftir sama launaflokki og viðurkenndur er af landbúnaðarráðuneytinu fyrir frjótækna. Föst mánaðarlaun miðist við 40 stunda vinnuviku. Afleysingamenn skulu hafa endurgjaldslaust fæði og húsnæði hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum. Einnig greiðir það ferðakostnað og yfirvinnu sem samið er um. Hámarkstími, sem bóndi getur haft afleysingamann með þeim kjörum, er 24 dagar á ári. Sama gildir um maka hans.

□ Heimilt er þó að framlengja dvöl afleysingamanns um lengri tíma, ef hans er ekki þörf annars staðar, en þá greiðir viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins. Þó skal ávallt leggja áherslu á aðstoð í bráðum veikinda- og slysatilfellum, svo að svigrúm gefist til að gera aðrar ráðstafanir.

[1] *L. 41/1990, 8. gr.*

■ **4. gr.** Veikist bóndi eða maki hans og óskað er aðstoðar, skal tilkynna það formanni viðkomandi búnaðarfélags, sem síðan tilkynnir það búnaðarsambandi. Skal þá liggja fyrir læknisvottorð um að viðkomandi sé óvinnufær.

■ **5. gr.** Afleysingamenn skulu hafa alhliða starfsreynslu við bústörf. Koma skal á námskeiðum við bændaskólana, sem þjálfi fólk til afleysingastarfa.

■ **6. gr.** Nú er ekki þörf fyrir mann, sem ráðinn er í afleysingastörf, til starfa í veikinda- eða slysatilfellum, skal þá yfirstjórn afleysingaþjónustunnar leitast við að ráða manninn til þeirra, sem þurfa að fara frá búi af öðrum orsökum, svo sem við töku orlofs. Skal þá bóndi greiða starfið að fullu. Fé, sem fæst greitt fyrir slík störf, má nota til að greiða fyrir forfallaþjónustu annars staðar á sama ári, ef fastir starfsmenn geta ekki sinnt öllum beiðnum, þegar þær berast. Að öðrum kosti komi fé þetta til frádráttar á heildarkostnaði við starfið.

■ **7. gr.** Landbúnaðarráðuneytið setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, reglugerð[1] um nánari framkvæmd þessara laga.

□ Þar skal nánar skilgreint hverjir hafa rétt til aðstoðar samkvæmt lögum þessum og um réttindi og skyldur aðstoðarfólks og því sett erindisbréf.

[1] *Rg. 422/1979.*

## 1981 Nr. 53 29. maí — Lög um loðdýrarækt.

■ **1. gr.** Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi um, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

■ **2. gr.** Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, eða ef dýr eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýrabú nefnast búr og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörslu.

■ **3. gr.** ...[1]

[1] *L. 54/1990, 21. gr.*

1981 Nr. 53 29. maí

■ **4. gr.** Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýrabúum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum laga þessara.

■ **5. gr.** Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýrabú, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um menntun og reynslu þeirra, sem eiga að sjá um hirðingu og meðferð dýranna. Umsóknum skulu einnig fylgja ítarlegar áætlanir um byggingu loðdýrabúsins, gerð þess, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta á búinu. Enn fremur skal umsókninni fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar, skipulagsnefndar og heilbrigðisnefndar.

□ Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til stofnunar loðdýrabús að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Hvert leyfi má binda ákveðnum stærðarmörkum. Loðdýrarækt má þó ekki hefjast á búinu fyrr en trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands hefur gert úttekt á byggingum, vörslu og allri aðstöðu til staðfestingar því, að gerð búsins fullnægi ákvæðum laga og reglugerða.

□ Óski loðdýrabóndi að stækka bú sitt umfram það, sem tilgreint er í upphaflegu leyfi, skal hann sækja um það til landbúnaðarráðuneytisins.

□ Breytingar á húsum og stækkun þeirra skal taka út með sama hætti og nýbyggingar.

■ **6. gr.** Búnaðarfélag Íslands annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar verða á grundvelli þeirra, sé fylgt.

■ **7. gr.** Loðdýrabú skal minnst hafa tvöfalda vörn, svo dýr, sem þar eru, sleppi ekki úr vörslu.

□ Inngangur í loðdýrabú skal vera nægilega rúmur, með tveimur hurðum, og þannig um búið, að ytri og innri hurð sé ekki hægt að hafa opnar samtímis.

□ Flutningur lífdýra milli loðdýrabúa og flutningur dýra til slátrunar skal fara fram í netbúrum og í lokuðu flutningatæki.

□ Um nánari gerð loðdýrabúa, rekstur svo og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað með reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 27/1970 (um sóttkví og einangrun á innfluttum minkum). Rg. 444/1982, sbr. 340/1986 (um loðdýrarækt og innflutning loðdýra), sbr. einnig rg. 393/1984 (um loðkanínurækt). Rg. 156/1987 (um sæðingu loðdýra).*

■ **8. gr.** Loðdýrabú skulu byggð það fjarri þéttbýli og alfaraleiðum, að ekki hljótist af óþægindi eða ónæði fyrir byggð eða umferð.

□ Óheimilt er að valda ónæði á loðdýrabúum. Tjón eða skemmdir, sem verða af þeim sökum, varða sektum og bótaskyldu.

□ Komi sjúkdómar upp í loðdýrabúi, skal tafarlaust tilkynna það dýralækni. Verði vart við hundapest eða aðra sjúkdóma, sem ætla má að loðdýr geti sýkst af, skal dýralæknir tilkynna eigendum loðdýrabúa um hættuna, jafnframt því sem ráðstafanir séu gerðar til að fyrirbyggja, að sjúkdómar berist til loðdýrabúanna eða frá þeim.

■ **9. gr.** Nú sleppa loðdýr úr vörslu, og skal þá sá, er vörsluna hefur, þegar í stað gera gangskör að því að handsama eða veiða dýrin og tilkynna jafnframt án tafar hvarfið til veiðistjóra og viðkomandi lögreglustjóra, og varðar sektum til ríkissjóðs, ef það er vanrækt.

■ **10. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ Ítrekuð alvarleg brot af ásetningi, vanrækslu eða stórfelldu gáleysi skulu jafnframt valda leyfishafa réttindamissi til að reka loðdýrabú.

1981 Nr. 53 29. maí

# IV. b. Fiskveiðar og sjávarútvegur.

**Lög um rétt til fiskiveiða í landhelgi.** 1922 Nr. 33 19. júní

■ **1. gr.** Fiskiveiðar í landhelgi við Ísland mega íslenzkir ríkisborgarar einir reka, og má aðeins hafa íslenzka báta eða skip til veiðanna.

■ **2. gr.** Það er í lögum þessum kallað íslenzkir bátar og skip, er íslenzkir ríkisborgarar einir eiga.

■ **3. gr.** Erlendir fiskimenn, er reka kynnu fiskiveiðar utan landhelgi, mega leita skjóls við strendurnar til þess að bjarga sér undan stormi og óveðri. Annars er bannað útlendingum að hafast við við land eða í höfn, til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan landhelgi.

□ Það er og bannað erlendum skipum að verka veiði í landhelgi eða á höfnum inni; enn er bannað öllum öðrum en íslenzkum ríkisborgurum að flytja veiði sína í landhelgi eða á land, til þess þar að verka hana.

□ [Sjávarútvegsmálaráðherra er heimilt, þrátt fyrir bann þessarar greinar, að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum veiðiskipum í íslenzkum höfnum. Ráðherra skal binda leyfið við ákveðna staði eða landshluta, eftir því sem hagkvæmt þykir. Svo getur ráðherra og bundið leyfið við ákveðnar tegundir fisks eða annars sjávarafla og sett skilyrði um magn, verð og sérstakar löndunarreglur. Í leyfi ber að taka fram, að það veiti eigi erlendum skipum heimild til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi.][1)]

□ [Þrátt fyrir ákvæði laganna er sjávarútvegsráðherra heimilt að leyfa íslenskum aðilum, sem útgerð stunda hér á landi, að taka á leigu um takmarkaðan tíma erlent skip til fiskveiða í íslenskri landhelgi, ef íslenskt fiskiskip verður fyrir verulegum áföllum vegna bilana eða skip verður dæmt ónýtt og ekki reynist unnt að fá annað íslenskt skip í þess stað, enda verði leiguskipið með íslenskri áhöfn, búið líkum útbúnaði og með sambærilegri veiðigetu. Um heimild til veiða og löndunar fer þá eftir sömu reglum og gilda um íslensk skip, að svo miklu leyti sem ekki er annað ákveðið í sérstökum reglum, sem ráðherra er heimilt að setja við veitingu leyfis um veiði og landanir hins erlenda skips.][2)]

[1)] *L. 30/1969, 1. gr.* [2)] *L. 12/1978, 1. gr.*

■ **4. gr.** Hvenær sem erlent fiskiskip leitar hafnar á Íslandi, skal skipstjóri þegar í stað eða svo fljótt sem unnt er, og í síðasta lagi innan 24 klukkustunda eftir að skipið hefur hafnað sig, gefa viðkomandi lögreglustjóra eða hreppstjóra eða umboðsmanni þeirra það til vitundar, en valdsmaður skal athuga skipsskjölin og hafa nánar gætur á því, að ekki séu brotin lög landsins um fiskiveiðar, verzlun, tolla eða sóttvarnir, eða skipin fari í kringum þau lög, enda hefja rannsókn um þau efni, ef þörf gerist.

□ Fyrir skoðun skipsskjalanna skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra gjald það, er ákveðið er í aukatekjulögunum.[1)] Síðan skal rita á skipshafnarskrá skips-

**1922** Nr. 33 19. júní

ins vottorð um skoðunina og greiðslu lögskipaðs gjalds. ...[2)]

[1)]*Nú l. 79/1975.* [2)]*L. 47/1925, 2. gr.*

■ **5. gr.** Er erlend síldarskip eru í landhelgi, skulu þau hafa bátana á þilfari á venjulegum stað og vörpur eða nætur innanborðs, þó ekki í bátunum.

■ **6. gr.** Atvinnumálaráðherra[1)] getur um eitt ár í senn veitt eiganda íslenzks fiskiskips leyfi til að hafa erlenda veiðimenn við fiskiveiðarnar eða á annan hátt til aðstoðar. Þó þannig, að helmingur skipshafnar að minnsta kosti sé íslenzkur. Er íslenzkur bátur eða skip einungis er notað við síldveiðar, má allt að helmingi áhafnar, án sérstaks leyfis vera útlendingar.

[1)]*Nú sjávarútvegsráðherra.*

■ **7. gr.** Bæði útgerðarmaður og skipstjóri bera ábyrgð á því, að skipshöfn fullnægi skilyrðunum til þess að reka fiskiveiðar samkvæmt 1. gr., sbr. 6. gr.

■ **8. gr.** Sama rétt sem íslenzkir ríkisborgarar og með sömu skilyrðum hafa þeir ríkisborgarar annarra ríkja, sem með vottorði frá valdsmanni færa sönnur á, að þeir hafi haft fast aðsetur hér á landi í 12 mánuði áður en lög þessi komu í gildi. Enn fremur getur atvinnumálaráðherra,[1)] um 3 ára bil frá því er lög þessi komu í gildi, veitt þeim útlendingum, sem eiga fiskverkunarstöðvar hér á landi, leyfi til að verka fisk á stöðvum þessum, þrátt fyrir bannið í síðari málsgrein 3. greinar. Leyfið veitir ekki heimild til fiskiveiða í landhelgi eða til þess að nota erlend skip í bága við lög þessi.

[1)]*Nú sjávarútvegsráðherra.*

■ **9. gr.** Atvinnumálaráðherra[1)] getur veitt leyfi til þess, að eigendur síldarolíu- eða síldarmjölssmiðju, eða slíkra verksmiðja, megi nota erlend skip til þess að fiska fyrir verksmiðjur þessar til eiginna nota, þrátt fyrir bannið í annarri málsgrein 3. greinar. Í leyfinu, sem veita má fyrir 2 ár í senn, ber að taka fram, að það veiti ekki erlendum skipum heimild til fiskiveiða eða fiskverkunar í landhelgi, og enn fremur skal tekið fram, að leyfið falli burtu, ef skilyrði þess séu eigi haldin í öllum greinum.

[1)]*Nú sjávarútvegsráðherra.*

■ **10. gr.** Þegar afli er jafnframt verkaður í skipi, sem rétt hefur til fiskiveiða í landhelgi, skal það fyrirfram setja lögreglustjóra trygging, er hann ákveður, fyrir afgjöldum, sem skipið kann að eiga að greiða. Skipstjóri skal fá vottorð um að tryggingin sé sett, og sýna, ef krafizt er.

■ **11. gr.** Hlutafélög hafa því aðeins rétt til að reka fiskiveiðar og fiskverkun í landhelgi, að allt hlutaféð sé eign íslenzkra ríkisborgara. Þó mega hlutafélög, er ríkisborgarar annarra ríkja eiga hlut í, reka fiskiveiðar í landhelgi, ef meira en helmingur hlutafjárins er eign íslenzkra ríkisborgara, félagið á heimili á Íslandi, stjórn þess skipuð íslenzkum ríkisborgurum og sé helmingur þeirra búsettur þar.[1)]

☐ Áður en hlutafélag byrjar starfsemi sína skulu samþykktir þess sýndar lögreglustjóra á þeim stað, þar er félagið á heima, eða eigi félagið ekki heimilisfang á Íslandi, þá á þeim stað, þar er fiskiveiðarnar byrja. Breyting á samþykktum skal á sama hátt sýna lögreglustjóra. Þessi tilkynning og sýning leysir ekki viðkomanda frá tilkynningarskyldu samkv. hlutafélagslögunum.[2)3)] Samþykktirnar skulu meðal annars hafa inni að halda það ákvæði, að allir hlutir skuli skráðir á nafn, og að engin afhending eða afsal á hlutum sé gild, nema hún sé skriflega tilkynnt félagsstjórn, er jafnóðum skal rita og ávallt hafa skrá yfir alla hluthafa, þar er þess er getið, hve mikið hver eigi af hlutafénu. Lögreglustjóri skal gæta þess, að samþykktirnar séu samkvæmar löggjöfinni.

[1)]*Sjá l. 103/1954.* [2)]*Svo í Stjtíð., en sýnist eiga að vera hlutafélagalögunum.* [3)]*Nú l. 32/1978.*

**1922** Nr. 33 19. júní

■ **12. gr.** Með lögum þessum eru ekki skert á neinn hátt réttindi þau, ... sem samkvæmt ríkjasamningum kynnu að vera veitt öðrum.

■ **13. gr.** [Ólöglegar fiskveiðar eða fiskverkun á íslenzkum höfnum á landi eða í landhelgi varða sektum, 1 þús. til 20 þús. krónum.

☐ Ef fleiri eru útlendir sjómenn á íslenzku fiskiskipi en lög þessi heimila, varðar það sektum frá 200 – 5000 krónum. Brot gegn 4. gr. laganna varða sektum 200 – 2500 krónum.

☐ Brot gegn 5. og 10. gr. laganna varða sektum 500 – 10 000 krónum.

☐ Að öðru leyti varða ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, aðrar en botnvörpuveiðar, 1 þús. til 20 þús. króna sektum. Auk þess skulu upptæk öll veiðarfæri, og afli, sem í skipinu er, svo og umbúðir, ef um síld er að ræða, sem söltuð er í tunnur. Sama gildir um verkaðan og óverkaðan afla í skipum, sem hafa aflavinnslu um borð, hvort sem um er að ræða eigin veiði eða veiði annarra skipa. Skal andvirðið renna í ríkissjóð.

☐ Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

☐ Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Sektir renna í ríkissjóð.][1)]

[1)]*L. 31/1948, 1. gr.*

## Lög um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922 um fiskiveiðar í landhelgi.

**1925** Nr. 4 4. maí

■ **1. gr.** Þeim, sem hafa rétt til fiskiveiða í landhelgi hér við land, er óheimilt að gera út héðan eða nota til veiða umhverfis landið erlend skip, hvort heldur er innan eða utan landhelgi.

☐ Atvinnumálaráðherra[1)] getur þó veitt undanþágu um tiltekið árabil að því er snertir þá leigu á erlendum skipum, sem nú á sér stað.

[1)]*Nú sjávarútvegsráðherra.*

■ **2. gr.** Ákvæði 9. og 12. gr. laga nr. 33 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi haldast óbreytt.

■ **3. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 2000 – 20 000 kr., og fer um meðferð mála út af þeim sem um almenn lögreglumál.

## Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

**1948** Nr. 44 5. apríl

■ **1. gr.** Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal með reglugerð[1)] ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, [eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu,][2)] þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur,[3)] sem nauðsynlegar eru til

**1948** Nr. 44 5. apríl

verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands.[4)]

□ Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til.

[1)]*Rg. 299/1975, sbr. 17/1976 og 318/1979 (um fiskveiðilandhelgi Íslands).* [2)]*L. 45/1974, 1. gr.* [3)]*Rg. 78/1978 (um skelfiskveiðar) og rg. 200/1975 (um takmarkaða heimild til hringnótaveiða).* [4)]*Nú Hafrannsóknastofnunin, sjá l. 64/1965, III. kafla.*

■ **2. gr.** Reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal framfylgt þannig, að þær séu ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

■ **3. gr.** [Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967,[1)] um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, laga nr. 40 9. júní 1960,[2)] um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum ...[3)]][4)]

[1)]*Sjá nú l. 81/1976, 23. gr., sbr. l. 102/1973, 17. gr.* [2)]*L. 40/1960 úr gildi fallin, sbr. l. 102/1973, 17. gr. 2. mgr.* [3)]*L. 75/1982, 27. gr.* [4)]*L. 45/1974, 2. gr.*

■ **4. gr.** Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal, eftir því sem unnt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða.

**1976** Nr. 81 31. maí

## Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmustu nýtingu fiskstofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

■ **2. gr.** Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi.

□ [Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu og flotvörpu í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.][1)]

[1)]*L. 38/1990, 22. gr.*

■ **3. gr.** Íslenskum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum. Þegar rætt er um viðmiðunarlínu er átt við línu, sem dregin er umhverfis landið á milli eftirtalinna staða:

| | N.br.: | V.lgd.: |
|---|---|---|
| 1. Horn (grp. 1) | 66°27'4 | 22°24'3 |
| 2. Selsker (viti) | 66°07'5 | 21°30'0 |
| 3. Ásbúðarrif (grp. 2) | 66°08'1 | 20°11'0 |
| 4. Siglunes (grp. 3) | 66°11'9 | 18°49'9 |
| 5. Flatey (Skjálfanda) (grp. 4) | 66°10'3 | 17°50'3 |
| 6. Mánáreyjar (Lágey) (grp. 5) | 66°17'8 | 17°06'8 |
| 7. Rauðinúpur (grp. 6) | 66°30'7 | 16°32'4 |
| 8. Rifstangi (grp. 7) | 66°32'3 | 16°11'8 |
| 9. Hraunhafnartangi (grp. 8) | 66°32'2 | 16°01'5 |
| 10. Langanes (grp. 9) | 66°22'7 | 14°31'9 |
| 11. Skálatáarsker | 65°59'7 | 14°36'4 |
| 12. Almenningsfles | 65°33'1 | 13°40'5 |
| 13. Glettinganes (grp. 10) | 65°30'5 | 13°36'3 |
| 14. Norðfjarðarhorn (grp. 11) | 65°10'0 | 13°30'8 |
| 15. Gerpir (grp. 12) | 65°04'7 | 13°29'6 |
| 16. Hólmur (Seley) (grp. 13) | 64°58'9 | 13°30'6 |
| 17. Skrúður (Þursi) (grp. 15) | 64°54'1 | 13°36'8 |
| 18. Papey (viti) | 64°35'5 | 14°10'5 |
| 19. Hvítingar (grp. 18) | 64°23'9 | 14°28'0 |
| 20. Stokksnes (grp. 19) | 64°14'1 | 14°58'4 |
| 21. Hrollaugseyjar (grp. 20) | 64°01'7 | 15°58'7 |
| 22. Ingólfshöfði (grp. 22) | 63°47'8 | 16°38'5 |
| 23. Hvalsíki (grp. 23) | 63°44'1 | 17°33'5 |
| 24. Meðallandssandur I (grp. 24) | 63°32'4 | 17°55'6 |
| 25. Meðallandssandur II (grp. 25) | 63°30'6 | 17°59'9 |
| 26. Mýrnatangi (grp. 26) | 63°27'4 | 18°11'8 |
| 27. Kötlutangi (grp. 27) | 63°23'4 | 18°42'8 |
| 28. Lundadrangur (grp. 28) | 63°23'5 | 19°07'5 |
| 29. Bakkafjara (skúr við sæstreng) | 63°32'3 | 20°10'9 |
| 30. Knarrarós (viti) | 63°49'4 | 20°58'6 |
| 31. Hafnarnes | 63°50'6 | 21°23'5 |
| 32. Selvogur (viti) | 63°49'3 | 21°39'1 |
| 33. Krýsuvíkurberg (viti) | 63°49'8 | 22°04'2 |
| 34. Reykjanes (aukaviti) | 63°48'0 | 22°41'9 |
| 35. Önglabrjótsnef | 63°49'0 | 22°44'3 |
| 36. Stafnes (viti) | 63°58'3 | 22°45'5 |
| 37. 1 sjm. r/v V af Garðskagavita | 64°04'9 | 22°43'6 |
| 38. Malarrif (viti) | 64°43'7 | 23°48'2 |
| 39. Dritvíkurtangi | 64°45'0 | 23°55'3 |
| 40. Skálasnagi | 64°51'3 | 24°02'5 |
| 41. Öndverðarnes (viti) | 64°53'1 | 24°02'7 |
| 42. Skor (viti) | 65°24'9 | 23°57'2 |
| 43. Bjargtangar (grp. 33) | 65°30'2 | 24°32'1 |
| 44. Kópanes (grp. 34) | 65°48'4 | 24°06'0 |
| 45. Barði (grp. 35) | 66°03'7 | 23°47'4 |
| 46. Straumnes (grp. 36) | 66°25'7 | 23°08'4 |
| 47. Kögur (grp. 37) | 66°28'3 | 22°55'5 |
| 48. Horn (grp. 38) | 66°27'9 | 22°28'2 |

□ Þar sem í lögum þessum er rætt um lengd skipa, er miðað við mestu lengd samkvæmt mælingum Siglingamálastofnunar ríkisins.

□ Þar sem í lögum þessum er rætt um skip 39 metra að lengd og minni, eru undanskildir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri.

**A. Norðurland.**

A1. Frá línu réttvísandi norður frá Horni (vms 1) að línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) er heimilt allt árið að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

A2. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.

A3. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar (67°08'8 N, 18°40'6 V).

**B. Austurland.**

B1. Frá línu réttvísandi [norðaustur frá Langanesi (vms 10)][1)] að línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19), er heimilt allt árið að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

B2. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 5 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks (64°35'8 N, 13°16'6 V).

B3. [Frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) að línu réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms 13) er skipum, 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.][2]

**C. Suðausturland.**

C1. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C2. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) og réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí – 31. janúar utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C3. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) og réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. september – 31. janúar utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C4. [Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að 18°00′0 V er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins. Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður frá Stokksnesi (viðmiðunarpunktur 20), og að 15°45′ vesturlengdar, innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.][3]

C5. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að 18°00′ v. lg. er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

C6. Frá 18° v. lg. að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C7. Frá 18° v. lg. að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd og minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

C8. [Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að línu réttvísandi suður af Hvalnesi (64°24′1 n. br., 14°32′5 v. lg.) er öllum skipum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.][4]

**D. Suðurland.**

D1. [Utan línu, sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt 63°08′0 N, 19°57′0 V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17′6 N, 20°36′3 V), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.][5]

D2. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður úr Lundadrang (vms 28) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey, eru skipum, sem eru 39 metrar að lengd og minni, heimilar veiðar með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

D3. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17′6 N, 20°36′3 V) í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

D4. Á tímabilinu 1. ágúst – 31. desember er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17′6 N, 20°36′3 V).

D5. Frá línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd og minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 16. maí – 31. desember utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

D6. Frá línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

D7. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Svæði þetta takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Ellíðaey að austan, og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman. Enn fremur er öll veiði bönnuð á svæði, þar sem sæsímastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda, á 200 metra belti báðum megin við strengina.

D8. Skipum, 26 m og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu 15. febrúar til 16. apríl upp að suðurströnd meginlandsins á svæði sem takmarkast að austan af línu sem dregin er til lands úr Faxaskersvita í Vestmannaeyjum um austurbrún Ystakletts og að vestan af línu réttvísandi suðvestur frá Þjórsárósi (63°46′5 n. br., 20°49′0 v. lg.).

D9. Skipum, 26 m og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu frá 1. janúar til 20. júní og 1. ágúst til 15. september upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57′ v. lg. og að vestan af lengdarbaug 22°32′ v. lg.

**E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.**

E1. [Utan línu, sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt 64°43′7 N og 24°12′0 V, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.][6]

E2. Á tímabilinu 1. nóvember – 31. desember er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á svæði, sem að sunnan markast af línu dreginni réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms 34) og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Reykjanesaukavita.

E3. [Frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) að línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 38) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða

1976 Nr. 81 31. maí

minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.][7]

**F. Breiðafjörður.**

[F1. Utan línu, sem dregin er frá punkti 64°43'7 N og 24°12'0 V í punkt 64°43'7 N og 24°26'0 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

F2. Utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu, frá línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) og þaðan í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er skipum 39 metrar að lengd og minni heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu tímabilið 1. júní til 31. desember.

F3. Á tímabilinu 1. júní til 31. desember er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms 41) og Skorarvita (vms 42). Að norðan takmarkast svæði þetta af 65°16'0 N.

F4. Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu, frá línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) og þaðan í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum.][8]

**G. Vestfirðir.**

G1. Frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43) að línu réttvísandi norður frá Horni (vms 48) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

[G2. A. Á tímabilinu frá 1. sept. til 30. nóv. er skipum, sem eru 20 m að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu utan línu sem dregin er 4 mílur utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindu svæði:

Á svæði, sem afmarkast af línum réttvísandi 315° frá 66°23'6 N – 23°24'5 V og réttvísandi 0° (360°) frá 66°31'7 N – 23°01'0 V.

B. Á tímabilinu frá 1. okt. til 30. nóvember er skipum, sem eru 20 m að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu utan línu sem dregin er 4 mílur utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindu svæði:

Á svæði, sem afmarkast af línu réttvísandi 300° frá punkti 65°51'5 N – 24°13'0 V og 66°04'8 N og 23°57'0 V.][9]

[1] *L. 42/1977, 1. gr.* [2] *L. 42/1977, 2. gr.* [3] *L. 42/1977, 3. gr.* [4] *L. 42/1977, 4. gr.* [5] *L. 42/1977, 5. gr.* [6] *L. 42/1977, 6. gr.* [7] *L. 42/1977, 7. gr.* [8] *L. 42/1977, 8. gr.* [9] *L. 67/1979, 1. gr.*

■ **4. gr.** Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum í takmarkaðan tíma á tilgreindum veiðisvæðum, ef hafís lokar venjulegum veiðisvæðum innan fiskveiðilandhelginnar, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.

■ **5. gr.** Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, með því að banna notkun ákveðinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma.

■ **6. gr.** Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Er ráðuneytinu heimilt að tilkynna bann við öllum togveiðum á þessum svæðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsyn þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

■ **7. gr.** Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, þar sem veiðar með botnvörpu og flotvörpu eða fleiri gerðum veiðarfæra eru bannaðar á tilteknum svæðum í íslenskri fiskveiðilandhelgi, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.[1]

[1] *Rg. 394/1989, sbr. 419/1989 (um friðunarsvæði við Ísland).*

■ **8. gr.** Stefnt skal að því, að auk eftirlits Landhelgisgæslunnar skuli sérstök eftirlitsskip, sem gerð verði út af Hafrannsóknastofnuninni, fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni í því skyni að koma í veg fyrir óhóflegt smáfiskadráp eða aðrar skaðlegar veiðar. Skipstjóri hvers eftirlitsskips skal vera sérstakur trúnaðarmaður sjávarútvegsráðherra og skal ráðinn af honum í samráði við Hafrannsóknastofnunina. Skipstjórar þessir hafi reynslu af fiskveiðum, þ. á m. togveiðum.

□ Ráðherra getur sett sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip, eftir því sem þurfa þykir, og er skipstjórum veiðiskipa skylt að veita eftirlitsmönnum þessum þá aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum, sem nánar er ákveðið í erindisbréfum útgefnum af ráðuneytinu til handa eftirlitsmönnum þessum.

□ [Hvenær sem skipstjórar eftirlitsskipa, leiðangursstjórar rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar eða sérstakir trúnaðarmenn, sbr. 2. mgr., verða varir við verulegt magn af smáfiski eða smáhumar í afla, eða þá friðaðar fisktegundir, skulu þeir þegar tilkynna það Hafrannsóknastofnuninni eða einhverjum af tilteknum fiskifræðingum, sem tilnefndir verða sérstaklega af forstjóra í þessu skyni.

□ Hafrannsóknastofnunin getur að fengnum slíkum tilkynningum bannað tilteknar veiðar á ákveðnum svæðum allt að 7 sólarhringum. Slíkar skyndilokanir taka gildi um leið og þær eru tilkynntar í útvarpi eða í fjarskiptatæki af viðkomandi skipstjórum eftirlitsskipa, leiðangursstjórum eða trúnaðarmönnum ráðherra.

□ Landhelgisgæslunni skal tilkynnt um skyndilokanir skv. 4. mgr. þegar er þær hafa verið ákveðnar, og einnig skal sjávarútvegsráðuneytinu þá tilkynnt um slíkar skyndilokanir og forsendur þeirra. Ráðuneytið ákveður þá í samráði við Hafrannsóknastofnunina innan 7 sólarhringa hvort og þá hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til verndunar ungfisks eða friðaðra tegunda á viðkomandi svæði.][1]

[1] *L. 42/1977, 9. gr.*

■ **9. gr.** Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða skulu fylgjast með samsetningu landaðs sjávarafla og gera ráðuneytinu þegar viðvart, er þeir verða varir við ólöglegt magn smáfisks í afla.

□ Skipstjórum veiðiskipa er skylt að veita þær upplýs-

1976 Nr. 81 31. maí

ingar um samsetningu afla í afladagbók, sem Fiskifélag Íslands segir fyrir um á hverjum tíma.

■ **10. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 38/1990, 22. gr.*

■ **11. gr.** Nú er togskip í fiskveiðilandhelgi þar sem því er óheimil veiði og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs, þannig að toghlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp.

■ **12. gr.** Ráðherra setur reglur[1)] um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang veiðarfæra, um lágmarksmöskvastærðir netja og um lágmarksstærðir þeirra fisktegunda, sem landa má. Skulu reglur um þessi atriði aldrei ganga skemmra en alþjóðasamþykktir um sama efni, sem Ísland hefur eða mun staðfesta fyrir sitt leyti.

[1)] *Rg. 262/1977, sbr. 311/1977 (um lágmarksstærðir fisktegunda), rg. 3/1983, sbr. 268/1989 (um þorskfisknet), rg. 125/1979, sbr. 353/1984 (um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu), rg. 6/1984 (um eftirlit með afla og úthaldi á fiskveiðum), rg. 106/1985 (um lágmarksmöskvastærðir loðnunóta), 285/1985 (um loðnuveiðar), 373/1985 (um leyfisbindingu veiða), 113/1988, sbr. 539/1989 (um veitingu veiðileyfa), 128/1988, sbr. 4/1990 (um grásleppuveiðar), rg. 292/1978 (um síldveiðar), rg. 143/1979 (um veiðar á sandsíli), rg. 438/1984 (um dragnótaveiðar).*

■ **13. – 14. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 38/1990, 22. gr.*

■ **15. gr.** Ráðherra getur að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar veitt heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna innan fiskveiðilandhelginnar og þurfa þær heimildir ekki að vera bundnar við íslenska aðila eina. En ætíð skulu slíkar tilraunir og rannsóknir fara fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

■ **16. gr.** Veiðiheimildir samkvæmt 13. – 15. gr. skulu jafnan vera tímabundnar, og skal ávallt leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og að jafnaði Fiskifélags Íslands áður en þær eru veittar. Auk þess skal ráðherra leita umsagnar annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til.

■ **17. gr.** Brot gegn 2. gr., 3. gr. og 5. – 8. gr. laga þessara varða sektum svo sem hér segir:

1. Ef skip er 39 metrar að lengd eða minna, skulu sektir nema 4000 – 20 000 gullkrónum.

2. Ef skip er meira en 39 metrar að lengd, skulu sektir nema 14 000 – 40 000 gullkrónum.

□ Allar sektir samkvæmt þessari grein eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

□ Brot samkvæmt framansögðu skulu og varða upptöku á veiðarfærum, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innanborðs. Nú næst ekki í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki sé höfðað refsimál út af brotum og þótt refsimáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

□ Lagt skal löghald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður hefur verið greitt að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr, ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

□ Til tryggingar greiðslu sektar skv. þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

■ **18. gr.** Brot gegn 11. gr., reglum settum samkvæmt 10. og 12. gr. eða ákvæðum leyfisbréfa settum samkvæmt 13. – 15. gr., varða sektum 2000 – 14 000 gullkr., sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla eftir því sem við á. Ef brot falla ekki undir ákvæði þeirra laga skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 17. gr., ef um ítrekað brot er að ræða.

□ Nú er ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum innan fiskveiðimarka né undirbúningur gerður í því skyni, og má ljúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum 2000 – 14 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

■ **19. gr.** Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við ólöglegar veiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 2000 – 14 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í togveiðiskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að ólöglegum veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þykir, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á veiðiskipinu.

■ **20. gr.** Skipstjóra, er gerir sig sekan um ítrekað brot á lögum þessum, má auk sektarhegninga samkvæmt 17. gr., 18. gr., 1. mgr., og 19. gr. láta sæta fangelsi allt að 6 mánuðum. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta sömu refsingu fyrir fyrsta brot á greinum þessum.

□ Einnig er heimilt að svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum í tiltekinn tíma fyrir ítrekuð brot á lögum þessum, svo og svipta skip rétti til tiltekinna veiða í allt að 30 daga.

■ **21. gr.** Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði upptækra verðmæta rennur í Landhelgissjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi.

■ **22. gr.** Um mál þau, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

■ **23. gr.** Frá gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, og síðari lög um breytingar á þeim lögum, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975. Þó halda gildi sínu lög nr. 73 5. desember 1975. Enn fremur halda gildi sínu reglugerðir þær, sem settar hafa verið samkvæmt ofangreindum lögum.

■ **24. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1976.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Skip, sem áður höfðu notið veiðiheimilda skv. stærðarmælingu 105 brúttórúmlestir og minni og 350 brúttórúmlestir og minni, skulu áfram njóta sömu veiðiheimilda skv. lögum þessum og skip 26 m og minni og 39 m og minni.

1976 Nr. 81 31. maí

**1976** Nr. 81 31. maí

□ Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. skulu skip, sem eru 45 rúmlestir brúttó eða minni og hafa notið heimilda til dragnótaveiði, njóta sömu veiðiheimilda.

**1990** Nr. 38 15. maí

## Lög um stjórn fiskveiða.

### I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

■ **2. gr.** Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

□ Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

■ **3. gr.** Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn.

□ Leyfður heildarafli botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Skal heildarafli fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Ráðherra er heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda, þó er óheimilt að breyta leyfðum heildarafla þorsks eftir 15. apríl. Heildarafli annarra tegunda sjávardýra skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

### II. kafli. Veiðileyfi og aflamark.

■ **4. gr.** Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi skulu gefin út til árs í senn.

□ Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að auk almenns veiðileyfis skuli veiðar á ákveðnum tegundum nytjastofna, veiðar í tiltekin veiðarfæri, veiðar ákveðinna gerða skipa eða veiðar á ákveðnum svæðum háðar sérstöku leyfi ráðherra. Getur ráðherra bundið leyfi og úthlutun þess þeim skilyrðum er þurfa þykir. Ráðherra getur m. a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip er tilteknar veiðar stunda eða hafa áður stundað.

■ **5. gr.** Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma til greina þau skip ein sem veiðileyfi fengu skv. 4. og 10. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða, og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri. Enn fremur bátar undir 6 brl. enda hafi beiðni um skráningu þeirra á skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum borist ásamt fullnægjandi gögnum innan mánaðar frá gildistöku laga þessara. Auk þess skal gefinn kostur á veiðileyfi fyrir nýja báta undir 6 brl. enda hafi smíði þeirra hafist fyrir gildistöku laganna og haffærisskírteini verið gefið út innan þriggja mánaða frá þeim tíma.

□ Hverfi skip, sem á kost á veiðileyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar, varanlega úr rekstri má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað, enda hafi veiðiheimildir þess skips, er úr rekstri hvarf, ekki verið sameinaðar varanlega veiðiheimildum annarra skipa eða horfið til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.

■ **6. gr.** Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari grein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.

■ **7. gr.** Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálsar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri, veiðitíma og reglum settum skv. 2. mgr. 4. gr.

□ Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af, skal úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára, sbr. þó 4. málsl. þessarar málsgreinar. Við ákvörðun hlutdeildar einstakra skipa í botnfiskafla skal árlega áætla þann afla, sem er utan aflamarks, á grundvelli heimilda í 1. málsl. 6. mgr. 10. gr.

□ Aflamark skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., sbr. þó ákvæði 9. gr. Skal sjávarútvegsráðuneytið senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um aflamark þess í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.

■ **8. gr.** Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila.

□ Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Getur hann við þá ákvörðun tekið mið af fyrri veiðum, stærð eða gerð skips. Getur ráðherra bundið úthlutun samkvæmt þessari málsgrein því skilyrði að skip afsali sér heimildum til veiða á öðrum tegundum.

■ **9. gr.** Sé fyrirsjáanlegt að verulegar breytingar verði á aflatekjum milli veiðitímabila af veiðum á öðrum tegundum, sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, en botnfiski og úthafsrækju er ráðherra heimilt að skerða eða auka tímabundið botnfiskaflamark þeirra fiskiskipa sem aflahlutdeild hafa af þeirri tegund sem breytingum sætir. Veruleg telst breyting á aflatekjum af sérveiðum í þessu sambandi ef hún veldur því að heildaraflaverðmæti skipa, sem viðkomandi sérveiðar stunda, hefur að mati ráðherra vikið meira en 20% að meðaltali frá meðalaflaverðmæti síðustu fimm ára miðað við fast verðlag.

□ Tímabundin breyting botnfiskaflamarks skv. 1. mgr. skal koma til hlutfallslegrar hækkunar eða lækkunar á botnfiskveiðiheimildum annarra fiskiskipa. Leiði þetta til breytinga á botnfiskaflamarki á yfirstandandi fisk-

veiðiári skal sjávarútvegsráðuneytið þegar í stað senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um breytingu á botnfiskaflamarki þess, sbr. 3. mgr. 7. gr.

■ **10. gr.** Heimilt er að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni botnfisktegund allt að 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega miðað við verðmæti samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram úthlutað aflamark af þorski.

□ Hafi aflamark verið flutt milli skipa skv. 12. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.

□ Heimilt er að flytja allt að 20% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafsrækju frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Á sama hátt er heimilt að flytja allt að 10% af aflamarki humars og síldar frá einu veiðitímabili til þess næsta.

□ Þá er og heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

□ Beita skal skerðingarákvæðum 1. mgr. áður en heimild 3. mgr. er nýtt. Heimild 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

□ Fiskur, sem veiðist á línu í janúar, febrúar, nóvember og desember, skal aðeins að hálfu talinn með í aflamarki fiskiskips. Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.

□ Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk og ýsu en allt að 15% á aðrar tegundir.

■ **11. gr.** Sé rekstri skips hætt, sbr. 2. mgr. 5. gr., skal úthluta nýju eða nýkeyptu skipi í eigu sama aðila aflahlutdeild hins eldra skips, enda sé um sambærilegt skip að ræða. Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki skipsins í 12 mánuði talið frá upphafi næsta mánaðar eftir að skip fórst enda þótt nýtt eða nýkeypt skip hafi ekki komið í þess stað innan þess tíma.

□ Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

□ Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.

□ Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.

□ Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um söluna. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði. Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.

□ Heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti og sameina hana aflahlutdeild annars skips, enda leiði flutningur aflahlutdeildar ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Þó skal framsalið háð samþykki ráðherra hafi það skip, sem flutt er til, ekki aflahlutdeild af þeirri tegund sem framseld er. Tafarlaust skal leita staðfestingar ráðuneytisins á að flutningur aflaheimildar sé innan heimilaðra marka. Öðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting ráðuneytis liggur fyrir. Ekki er heimilt að framselja þann hluta aflahlutdeildar skips, sem rekja má til uppbóta samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða, fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara, enda hafi skipi, sem framselt er af, verið haldið til veiða allt það tímabil.

■ **12. gr.** Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð eftir því sem hlutaðeigandi aðilar koma sér saman um enda hafi það skip, sem fært er til, aflahlutdeild af þeirri tegund sem millifærð er. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða að mati ráðuneytisins.

□ Tilkynna skal sjávarútvegsráðuneytinu fyrir fram um flutning aflamarks milli skipa og öðlast hann ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim sem hlut eiga að máli.

□ Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema með samþykki ráðuneytisins og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

□ Séu minna en 25% af aflamarki skips ekki nýtt með veiðum skipsins sjálfs tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs.

**III. kafli. Framkvæmd og eftirlit.**

■ **13. gr.** Ráðherra getur sett nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.

■ **14. gr.** Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna, auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, úthlutun aflahlutdeildar og aflamark samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

■ **15. gr.** Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hljóta veiðileyfi í atvinnuskyni skv. 5. gr., skulu halda sérstakar afladagbækur sem ráðuneytið leggur til. Skal með reglugerð kveða nánar á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra og skil til ráðuneytis.

□ Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum og lánastofnunum, er skylt að láta ráðuneytinu eða Fiskifélagi Íslands ókeypis í té og í því formi, sem ráðherra ákveður, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

1990 Nr. 38 15. maí

■ **16. gr.** Afli skal ávallt veginn á löndunarstað. Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa yfirumsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla.

□ Ráðuneytið skal að höfðu samráði við samgönguráðuneytið og Hafnasamband sveitarfélaga kveða nánar á í reglugerð um hvernig afli skuli veginn og upplýsingum um landað aflamagn safnað.

□ Sé afli unninn um borð í veiðiskipi skal skylt að halda sérstaka vinnsludagbók, sem ráðuneytið leggur til, um vinnslu aflans. Skipum, sem vinna afla um borð, er óheimilt að sigla með afurðir til sölu á mörkuðum erlendis án sérstaks leyfis ráðuneytisins. Ráðuneytið getur bundið slík leyfi því skilyrði að útgerð skipsins greiði kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns ráðuneytisins til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis eða skipið komi til hafnar á Íslandi vegna eftirlits.

■ **17. gr.** Sjávarútvegsráðuneytið annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu.

□ Jafnframt því sem þessir eftirlitsmenn sinna verkefnum skv. 8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 og eftirliti með reglum settum samkvæmt heimild í þeim lögum skulu þeir fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla, enn fremur útflutningi afla eða afurða eins og nánar er kveðið á í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og í erindisbréfi.

□ Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að öllum vinnslusölum fiskverkana og birgðageymslum.

■ **18. gr.** Ráðherra skal með reglugerð ákveða sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga þessara eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits ráðuneytisins og skal upphæð þess miðast við að það standi undir rekstri eftirlitsins að hálfu.

□ Gjald vegna tilkynningar um aflamark skal miðast við áætlað verðmæti þess aflamarks sem úthlutað er. Skal ráðherra árlega áætla hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda í þessu skyni. Aldrei skal gjald samkvæmt þessari málsgrein vera hærra en 0,2% af áætluðu verðmæti þess afla sem aflamark skips heimilar veiðar á á komandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark skal þó aldrei vera lægra en 1000 kr. og er sú fjárhæð grunntala er miðast við byggingarvísitölu í janúar 1991 og breytist í hlutfalli við þær breytingar sem síðar kunna að verða á henni.

□ Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni og veiðileyfa, sem veitt verða á grundvelli 2. mgr. 4. gr., skal greiða 5000 kr. Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið er nemur hlutfallslegri hækkun er kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. l. nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í desember 1989, þ. e. 157,9 stig.

□ Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð.

**IV. kafli. Viðurlög o. fl.**

■ **19. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.



□ Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

■ **20. gr.** Ráðuneytið skal beita ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, vegna brota gegn þessum lögum eftir því sem við á.

□ Ráðuneytinu er enn fremur heimilt, vegna brota á ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa, að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma og varða veiðar eftir leyfissviptingu m. a. upptöku skv. 1. mgr. Sama gildir verði vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku.

**V. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **21. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum er ráðherra setur.

■ **22. gr.** Með lögum þessum eru felldar úr gildi 10., 13. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Jafnframt breytist 2. mgr. 2. gr. þeirra laga og orðist svo:

Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu og flotvörpu í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

■ **23. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991. Ákvæði, er lúta að veiðum á öðrum tegundum sjávardýra en botnfiski, koma til framkvæmda við upphaf fyrstu vertíðar eða veiðitímabils eftir 1. janúar 1991.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** Við ákvörðun aflahlutdeildar við gildistöku laga þessara til veiða á botnfiski og úthafsrækju fyrir skip 10 brl. og stærri skal leggja til grundvallar úthlutun aflamarks á árinu 1990 samkvæmt rg. nr. 585 19. desember 1989, um stjórn botnfiskveiða 1990, og rg. nr. 586 19. desember 1989, um veiðar á úthafsrækju 1990.

□ Fyrir hvert fiskiskip 10 brl. og stærra skal reikna aflamark í einstökum botnfisktegundum og úthafsrækju til þorskígilda. Ráðherra skal með reglugerð ákveða verðmætahlutfall við þann útreikning. Fyrir hvern sóknarmarksflokk samkvæmt rg. nr. 585 19. desember 1989 skal síðan reikna meðaltalsaflamark þessara tegunda samanlagt. Fyrir þau skip, sem hafa samanlagt aflamark ofan við meðaltal síns flokks, er aflamark hverrar tegundar á árinu 1990 ráðandi við ákvörðun aflahlutdeildar.

□ Fyrir þau fiskiskip, sem hafa samanlagt aflamark þessara tegunda undir meðaltali síns sóknarmarksflokks, skulu hins vegar reiknaðar uppbætur á eldra aflamark er nema skulu 40% af þeim mun sem er milli meðaltals sóknarmarksflokksins og aflamarks skipsins. Til aflamarks skips í þessu sambandi telst þó ekki sá hluti aflamarks sem sameinaður hefur verið eldra aflamarki á grundvelli 2. málsl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 3/1988. Þannig reiknaðri uppbót skal síðan skipt milli einstakra tegunda í aflamarki skipsins í hlutfalli við verðmæti fyrra aflamarks. Fyrir skip, sem fá reiknaða uppbót samkvæmt þessari málsgrein, verður því sam-

tala aflamarks ársins 1990 og reiknaðrar uppbótar ákvarðandi fyrir aflahlutdeildina.

□ Skip, sem loðnuveiðar stunda og skip sem stunda úthafsrækjuveiðar sem sérhæfð rækjuveiðiskip á árinu 1990 samkvæmt ákvæðum rg. 586 19. desember 1989, um veiðar á úthafsrækju 1990, fá þó ekki reiknaðar uppbætur skv. 3. mgr. þessarar greinar. Þessum skipum gefst kostur á í árslok 1990 að velja milli aflamarks í botnfiski og aflamarks í úthafsrækju í samræmi við ákvæði rg. 586 19. desember 1989, um veiðar á úthafsrækju 1990, og verður aflamark samkvæmt því vali ákvarðandi fyrir aflahlutdeild þeirra.

■ **II.** Við úthlutun aflahlutdeildar við gildistöku þessara laga til veiða á botnfiski fyrir báta minni en 10 brl. skulu eftirfarandi reglur gilda sé óskað eftir leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr.

□ Samanlögð úthlutuð aflahlutdeild allra báta minni en 10 brl. í leyfilegum heildarafla allra botnfisktegunda, sem úthlutað er til einstakra skipa og báta, skal vera jöfn aflahlutdeild þeirra í ársafla sömu botnfisktegunda árið 1989.

□ Fyrir þá báta, sem á árinu 1990 stunda veiðar með aflahámarki sem byggir á eigin veiðireynslu samkvæmt ákvæðum rg. nr. 587 19. desember 1989, um veiðar smábáta 1990, skal miða við forsendur þess aflahámarks við úthlutun aflahlutdeildar.

□ Hjá þeim bátum, sem ekki falla undir ákvæði 3. mgr. þessarar greinar, skal aflahlutdeild byggð á veiðireynslu áranna 1987 – 1989 þannig að byggt sé á meðalafla tveggja bestu áranna.

□ Aflahlutdeild báta, sem veiðileyfi fá í fyrsta sinn eftir 31. desember 1989, án þess að sambærilegir bátar hafi horfið varanlega úr rekstri í þeirra stað, skal þó miðast við meðalaflahlutdeild báta í sama stærðarflokki. Aflahlutdeild þessara báta hefur ekki áhrif á útreikning aflahlutdeildar annarra báta skv. 2. mgr. Ekki er heimilt að framselja aflahlutdeild þessara báta fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara enda hafi þeim verið haldið til veiða allt tímabilið.

□ Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar gefst útgerðum báta undir 6 brl., sem skráðir eru á skipaskrá fyrir 31. desember 1989, og útgerðum báta undir 6 brúttótonnum, sem skráðir eru á skipaskrá eftir þann tíma en fyrir gildistöku laga þessara, kostur á að velja á árunum 1991, 1992 og 1993 leyfi til veiða með línu og handfæri með dagatakmörkunum í stað aflahlutdeildar. Reynist hlutdeild þessara báta af heildarbotnfiskafla hafa vaxið meira en sem nemur 25% að meðaltali á þessum þremur árum miðað við þá aflahlutdeild sem þeir áttu kost á árið 1991 skal þeim ákvörðuð aflahlutdeild frá og með upphafi þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1994. Ræður aflareynsla þeirra á þessum þremur árum þá aflahlutdeild þeirra, sbr. þó 2. mgr. Hafi aflahlutdeild þessara báta hins vegar ekki farið fram úr framangreindum mörkum skulu gilda óbreyttar reglur um veiðar þeirra næstu þrjú fiskveiðiár og koma þær aftur til sams konar endurskoðunar í lok þess tímabils. Þeim bátum, sem þennan kost velja, skulu óheimilar ár hvert veiðar frá og með 1. janúar til og með 31. janúar, í tíu daga um páskahelgi, tíu daga um verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og enn fremur frá og með 1. desember til og með 31. desember.

□ Sérstök samstarfsnefnd, skipuð fulltrúa tilnefndum af Landssambandi smábátaeigenda, fulltrúa tilnefndum af Fiskifélagi Íslands og formanni skipuðum af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla sérstaklega um málefni þeirra aðila sem keypt hafa nýja báta eftir 31. janúar 1988 og hafa því ekki fulla aflareynslu á viðmiðunartímabilinu til að byggja ákvörðun aflahlutdeildar á. Nefndin skal og fjalla um önnur álitaefni sem upp koma og gera tillögur til sjávarútvegsráðherra um aflahlutdeild viðkomandi báta.

□ Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um úthlutun þessa, þar á meðal um stærðarflokkun báta. Úthlutunin skal taka mið af þeim reglum sem giltu um úthlutun aflamarks til skipa 10 brl. og stærri á árinu 1984, sbr. rg. nr. 44/1984, eftir því sem við verður komið. Þó skulu reglur um frátafir frá veiðum og skipstjóraskipti undanskildar.

□ Sjávarútvegsráðuneytið skal til upplýsingar birta bréflega útgerðum allra báta 10 brl. og minni úthlutað aflamark eins og það hefði orðið árið 1990 samkvæmt lögum þessum ásamt forsendum fyrir þeirri úthlutun.

□ Útgerðum skal veittur hæfilegur frestur til athugasemda og skýringa gerist þess þörf. Að því loknu skal samstarfsnefnd skv. 7. mgr. gera endanlega tillögu um aflahlutdeild sérhvers báts í viðkomandi botnfisktegund. Sú aflahlutdeild verður síðan grundvöllur árlegrar úthlutunar aflamarks viðkomandi báta.

■ **III.** Leyfður heildarafli botnfisktegunda skv. 2. mgr. 3. gr. fyrir heilt 12 mánaða tímabil skal í fyrsta skipti ákveðinn fyrir fiskveiðiárið er hefst 1. september 1991. Skal sú ákvörðun tekin fyrir 1. ágúst 1991.

□ Fyrir 1. nóvember 1990 skal ráðherra taka ákvörðun um leyfðan heildarafla botnfisktegunda á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991. Skal þeim heildarafla skipt milli skipa á grundvelli fastrar aflahlutdeildar hvers skips sem ákveðin er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I og II annars vegar og dreifingu afla af hverri tegund innan ársins hjá einstökum flokkum fiskiskipa hins vegar.

□ Reiknað skal hversu hátt hlutfall ársafla af hverri botnfisktegund hefur veiðst að meðaltali á fyrstu átta mánuðum ársins á árunum 1986 til 1988. Jafnframt skal reiknað fyrir hvern útgerðarflokk, sbr. 2. gr. rg. nr. 585 19. desember 1989, um stjórn botnfiskveiða 1990, og fyrir hvern stærðarflokk smábáta, sbr. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II, hversu mikill hluti heildarársafla flokksins af hverri tegund hefur verið veiddur á fyrstu átta mánuðum ársins að meðaltali á sama árabili.

□ Hlutdeild hvers skips í heildarafla hverrar tegundar á framangreindu átta mánaða tímabili á árinu 1991 skal vera föst aflahlutdeild skipsins af viðkomandi tegund deilt með hlutfalli átta mánaða heildarveiða af tegundinni skv. 1. málsl. 3. mgr. en margfaldað með hlutfalli átta mánaða veiða flokksins skv. 2. málsl. 3. mgr.

□ Ráðherra skal með hliðstæðum hætti ákveða heildarafla af úthafsrækju á fyrstu átta mánuðum ársins 1991 og hlutdeild einstakra skipa í honum.

■ **IV.** Aflahlutdeild til veiða á loðnu, síld og humri skal úthlutað á grundvelli hlutdeildar viðkomandi skips í heildarúthlutun á því veiðitímabili eða vertíð sem síðast lauk áður en lög þessi koma til framkvæmda.

□ Aflahlutdeild á svæðisbundnum veiðum á innfjarðarækju og hörpuskelfiski skal úthlutað í samræmi við

1990 Nr. 38 15. maí

**1990** Nr. 38 15. maí

hlutdeild viðkomandi skips í heildarúthlutun á viðkomandi veiðisvæði á því veiðitímabili sem síðast lauk áður en lög þessi koma til framkvæmda.

■ **V.** Óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips skv. 6. mgr. 11. gr. án þess að skip hverfi varanlega úr rekstri og sé afmáð af skipaskrá, nema fyrir liggi samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipinu er lög þessi koma til framkvæmda.

■ **VI.** Sjávarútvegsráðherra skal þegar eftir gildistöku laga þessara skipa nefnd er kanni hvort og þá með hvaða hætti mögulegt sé að koma við vigtun hérlendis á afla sem fluttur er óunninn úr landi. Nefnd þessi skal skipuð fulltrúum útgerðar, sjómanna og fiskvinnslu, auk formanns er ráðherra skipar. Skal hún skila tillögum sínum eigi síðar en hálfu ári eftir gildistöku laga þessara.

■ **VII.** Sjávarútvegsráðherra skal láta fara fram athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða þar sem m. a. skal leitast við að meta hagkvæmustu samsetningu fiskiskipaflotans. Skal athugunin, er m. a. taki mið af reynslu annarra þjóða, beinast að því að meta hagkvæmni einstakra aðferða miðað við íslenskar aðstæður með sérstakri hliðsjón af því hvernig unnt sé að tryggja atvinnuöryggi fiskverkafólks og hagsmuni einstakra byggðarlaga. Þá skal ráðherra fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

■ **VIII.** Sjávarútvegsráðherra skal láta fara fram endurskoðun á lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla, nr. 32 19. maí 1976, og leggja frumvarp að nýrri löggjöf um það efni fyrir Alþingi haustið 1990. Skal sú endurskoðun m. a. beinast að því að aðskilja eftirlit og úrskurðarvald.

**1988** Nr. 3 8. jan.

## Lög um stjórn fiskveiða 1988 – 1990.

■ **1. gr.** Fiskistofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

■ **2. gr.** Fyrir 15. nóvember ár hvert skal sjávarútvegsráðherra, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann afla sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári og skulu heimildir til botnfiskveiða samkvæmt lögum þessum miðast við það magn. Ráðherra er heimilt innan ársins að hækka eða lækka aflamark sem ákveðið er samkvæmt þessari málsgrein enda sé sú ákvörðun tekin fyrir 15. apríl.

□ Ráðherra er og heimilt að ákveða í reglugerð og veiðileyfum þann afla sem veiða má úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra við Ísland á ákveðnu tímabili eða vertíð og skulu veiðileyfi, sem veitt eru skv. 12. gr., miðast við það magn.

■ **3. gr.** Enginn má stunda eftirtaldar veiðar nema að fengnum sérstökum leyfum: botnfiskveiðar, rækjuveiðar, humarveiðar, skelfiskveiðar, síldveiðar og loðnuveiðar. Í reglugerð má ákveða að aðrar veiðar en framangreindar eða veiðar í ákveðin veiðarfæri skuli leyfisbundnar. Binda má úthlutun leyfa og leyfin sjálf skilyrðum m. a. um að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni gerð eða stærð eða skip er hafa áður stundað tilteknar veiðar; enn fremur má setja skilyrði um útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og meðferð afla.

■ **4. gr.** Við veitingu veiðileyfa skv. 3. gr. koma til greina þau skip sem leyfi fengu til botnfiskveiða á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, einnig ný og nýkeypt sambærileg skip sem koma í stað skipa sem leyfi fengu 1985. Enn fremur skip þau sem sérstök veiðileyfi hafa fengið samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986 – 1987.

■ **5. gr.** Leyfi til botnfiskveiða fiskiskipa 10 brl. og stærri eru tvenns konar:

A. Botnfiskleyfi með aflamarki, þ. e. heimild til að veiða tilgreint magn af ákveðnum botnfisktegundum.

B. Botnfiskleyfi með sóknarmarki, þ. e. heimild til að stunda botnfiskveiðar í ákveðinn dagafjölda, þó með takmörkunum á þorskafla. Ráðherra getur ákveðið sérstakar takmarkanir á afla annarra fisktegunda hjá ákveðnum flokkum fiskiskipa.

□ Þeir sem gera út veiðiskip 10 brl. og stærri skulu árlega, fyrir þau tímamörk sem ráðherra auglýsir, velja milli botnfiskleyfis með aflamarki og botnfiskleyfis með sóknarmarki. Hafi útgerðaraðili ekki valið á milli fyrir auglýst tímamörk skal skipi úthlutað botnfiskleyfi með aflamarki. Skip, sem loðnuveiðar stunda, skulu aðeins eiga kost á botnfiskveiðileyfi með aflamarki, sbr. 12. gr.

□ Geti skip, sem fengið hefur leyfi með sóknarmarki, vegna óviðráðanlegra atvika ekki nýtt sóknardaga í fjóra mánuði samfellt eða lengur er heimilt að úthluta því botnfiskleyfi með því aflamarki sem það hefði fengið í upphafi árs hefði það valið þann kost.

□ Ráðherra getur ákveðið að fiskur, sem veiðist á línu, skuli ekki eða aðeins að hluta talinn með í aflamarki eða sóknarmarki fiskiskips, sömuleiðis að fiskur undir tilteknni stærð teljist aðeins að hluta í slíku afla- eða sóknarmarki. Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með allt að 15% álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki eða aflahámarki skips er náð hverju sinni.

□ Missi skip veiðileyfi skv. 12. eða 20. gr. eða fái skip slíkt leyfi má endurskoða afla- eða sóknarmark þess með hliðsjón af væntanlegum tekjumissi eða tekjuauka vegna afla þess af sérveiðunum. Sama gildir séu fyrirsjáanlegar verulegar breytingar í aflatekjum af sérveiðum milli ára.

■ **6. gr.** Við úthlutun aflamarks skv. 5. gr. skal leggja til grundvallar úthlutun fyrir árið 1987 eins og hún var ákveðin samkvæmt reglugerð nr. 518 22. desember 1986, um stjórn botnfiskveiða 1987, þó með hlutfallslegum breytingum sem leiðir af breyttu heildaraflamarki milli ára, sbr. 2. gr., og að teknu tilliti til ákvæða 11. gr.

□ Skip, sem eigendaskipti urðu að á árinu 1986 eða 1987, eiga kost á botnfiskleyfi með aflamarki skv. 1. mgr. með þeirri takmörkun sem leiðir af 2. mgr. 14. gr.

■ **7. gr.** Ráðherra skal með reglugerð setja reglur varðandi sóknardagafjölda, skiptingu þeirra í tímabil, flokka skipa, aflahámark, veiðisvæði o. fl. fyrir skip þau sem hljóta botnfiskleyfi með sóknarmarki.

■ **8. gr.** Við ákvörðun aflamarks og þorskaflahámarks 1988 fyrir fiskiskip þau, sem stunduðu botnfiskveiðar með sóknarmarki 1987, gilda eftirfarandi reglur:

A. Aflamark þeirra af einstökum fisktegundum skal ákveðið sem reiknað aflamark þeirra fyrir árið 1987 með þeim breytingum sem leiða af breyttu heildaraflamarki milli ára og teknu tilliti til 11. gr.

B. Sóknaraflahámark skal ákveðið þannig að það sé annaðhvort meðalaflamark fiskiskipa í hverjum flokki, stærð og veiðisvæði samkvæmt reglugerð settri skv. 7. gr. eða reiknað aflamark viðkomandi skips skv. A-lið með 10% álagi.

☐ Við ákvörðun aflamarks í upphafi árs eftir árið 1988 skal endurmeta aflamark þeirra skipa sem stunduðu botnfiskveiðar samkvæmt sóknarmarki árið á undan. Skal afli þeirra það ár vega helming við ákvörðun aflamarks á móti reiknuðu aflamarki fyrra árs. Endurmat á aflaheimildum sóknarmarksskipa skal þó ekki valda því að heildarhlutdeild þeirra skipa, sem sóknarmark völdu, breytist miðað við heildarhlut þeirra skipa sem aflamark völdu sama ár. Skal endurreiknuðu aflamarki sóknarmarksskipa því breytt til hækkunar eða lækkunar með því hlutfalli sem þarf til að jöfnuður náist milli þessara flokka skipa. Sóknaraflahámark skal ákveðið samkvæmt reglu B-liðar 1. mgr. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

☐ Til afla samkvæmt ofansögðu telst hvorki afli umfram leyfileg aflamörk, afli fluttur milli skipa, sbr. 13. gr., né afli sem ekki telst til aflamarks eða sóknarmarks skv. 4. mgr. 5. gr. Afli, sem fluttur er milli ára skv. 9. gr., telst í þessu sambandi til afla síðara ársins.

■ **9. gr.** Heimilt er að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni fisktegund allt að 5% af heildarverðmæti aflaúthlutunar, enda skerðist aflamark á öðrum tegundum hlutfallslega miðað við verðmæti samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins í upphafi árs. Engin takmörkun er þó á heimild til þess að breyta þorskaflamarki yfir í aðrar tegundir.

☐ Hafi aflamark eða hluti þess verið flutt milli skipa skv. 13. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi, sem flutt er af, til þess skips sem flutt er til.

☐ Heimilt er að flytja allt að 10% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og 10% af aflahámarki frá einu ári yfir á næsta ár á eftir en heimild þessi fellur niður nýtist hún ekki á því ári.

☐ Þá er og heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hverrar fisktegundar og 5% umfram þorskaflahámark miðað við úthlutað botnfiskleyfi það ár, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun afla- og sóknarmarks næsta árs á eftir.

☐ Heimild skv. 3. mgr. tekur ekki til aflamarksskipa fyrr en nýttar eru heimildir skv. 1. mgr.

☐ Heimild skv. 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

☐ Heimild til flutnings milli ára gildir einungis um flutning milli ára innan gildistíma laganna.

■ **10. gr.** Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. skulu háðar eftirgreindum takmörkunum:

A. Allar botnfiskveiðar báta 6 brl. og stærri skulu háðar sérstökum veiðileyfum, enn fremur botnfiskveiðar þeirra báta undir 6 brl. sem heimild fá til netaveiða skv. C-lið þessarar greinar.

B. Bátum, sem eingöngu stunda veiðar með línu- og handfærum, eru ekki heimilar veiðar í tíu daga um páskahelgi og tíu daga um verslunarmannahelgi og í sjö daga í hvorum mánaðanna júní og október samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Enn fremur frá og með 1. janúar til og með 15. janúar og frá og með 10. desember til og með 31. desember.

Heimilt er að veita þessum bátum veiðileyfi með aflahámarki sé þess óskað sérstaklega. Skal aflahámarkið miðast við fyrri veiðireynslu samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Bátar, sem slík veiðileyfi fá, eru undanþegnir veiðibönnum samkvæmt þessum staflið.

1988 Nr. 3 8. jan.

C. Bátum 6 brl. og stærri, sem netaveiðar stunda, skal úthlutað sérstöku veiðileyfi með aflahámarki samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Skulu þeir bátar fylgja almennum reglum um netaveiðar en eru undanþegnir veiðibönnum skv. B-lið. Jafnframt getur ráðherra ákveðið í reglugerð mismunandi aflahámark með hliðsjón af stærðum báta í þessum flokki og fyrri veiðireynslu.

D. Bátum undir 6 brl. eru bannaðar allar þorskfisknetaveiðar. Þó er heimilt að veita þeim, sem þorskfisknetaveiðar hafa stundað á bátum undir 6 brl. á árunum 1986 eða 1987, leyfi til þorskfisknetaveiða og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum skv. B-lið og gilda um botnfiskveiðar þeirra ákvæði C-liðar þessarar greinar samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

E. Aflahámark skv. 2. mgr. B-liðar, svo og skv. C- og D-liðum, er óframseljanlegt.

F. Heimilt er að setja sérstakar reglur um botnfiskveiðar báta undir 10 brl. sem leyfi fá til skel- eða rækjuveiða.

G. Einungis er heimilt að úthluta bátum veiðileyfi, sbr. A-lið, sem skráðir eru á skipaskrá hjá Siglingamálastofnun ríkisins 31. desember 1987. Þó er heimilt að úthluta nýjum og nýkeyptum bátum veiðileyfi, þar á meðal sérstöku veiðileyfi skv. 2. mgr. B-liðar og C- og D-lið þessarar greinar, komi þeir í stað sambærilegra báta sem slík veiðileyfi hafa fengið og horfnir eru varanlega úr rekstri. Bátar sem bindandi samningur hefur verið gerður um smíði á fyrir gildistöku laga þessara eiga kost á veiðileyfi samkvæmt reglum hér að framan enda sé smíði þeirra sannanlega hafin fyrir sömu tímamörk eða a. m. k. þriðjungur umsamins kaupverðs sannanlega greiddur fyrir 31. desember 1987 og afhending fari fram fyrir 1. júlí 1988.

■ **11. gr.** Þegar meta skal, við úthlutun botnfiskveiðileyfa, heildarafla þeirra skipa sem velja sóknarmark skal miða við að þau hefðu fengið veiðileyfi með aflamarki, sbr. 6. og 8. gr., og áætlaðan afla báta skv. 10. gr.

■ **12. gr.** Við úthlutun annarra leyfa en til botnfiskveiða skv. 5. gr., sbr. 3. gr., getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla úr einstökum stofnum sjávardýra milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa, m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum þeirra, stærð eða gerð.

☐ Við úthlutun leyfa til veiða á úthafsrækju samkvæmt skilgreiningu Hafrannsóknastofnunar getur ráðherra flokkað veiðiskip í sérstaka flokka með hliðsjón af öðrum veiðiheimildum þeirra og fyrri veiðum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

☐ Ráðherra getur í reglugerð ákveðið reglur um veiðiheimildir einstakra skipaflokka skv. 2. mgr. Getur hann ákveðið skiptingu aflamarks skipa innan hvers skipaflokks, m. a. með hliðsjón af botnfiskheimildum þeirra og fyrri rækjuveiðum, eða úthlutað þeim veiðiheimildum ákveðið tímabil með aflahámarki á rækju. Jafnframt getur ráðherra gefið kost á vali milli aflamarks í rækju

**1988** Nr. 3 8. jan.

eða sóknarmarks með aflahámarki innan hvers skipaflokks. Heimilt er að veita skipum sérstakar veiðiheimildir til úthafsrækjuveiða, enda afsali þau sér rétti til botnfiskveiða að hluta eða öllu leyti.

■ **13. gr.** Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð, eftir því sem hlutaðeigandi útgerðaraðilar koma sér saman um. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða að mati ráðuneytisins.

□ Tilkynna skal sjávarútvegsráðuneytinu fyrir fram um flutning aflamarks milli skipa og öðlast hann ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim sem hlut eiga að máli.

□ Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema með samþykki ráðuneytisins og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

□ Óheimilt er að flytja aflahámark sóknarmarksskipa milli skipa.

□ Heimilt er að takmarka framsalsheimild þeirra skipa er sérleyfisveiðar stunda. Enn fremur er ráðherra heimilt að setja sérstakar reglur um flutning sérveiðiheimilda milli skipa.

■ **14. gr.** Sé rekstri skips hætt, sbr. 4. gr., er heimilt að úthluta nýju skipi í eigu sama aðila botnfiskleyfi með því afla- eða sóknarmarki sem hið eldra skip hefði fengið, enda sé um sambærileg skip að ræða. Þá er og heimilt með samþykki ráðuneytisins að sameina aflamark skips, sem hætt er rekstri á, aflamarki annarra skipa.

□ Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir því botnfiskveiðileyfi, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað sem ráðuneytið staðfestir. Þó fylgir fiskiskipi aldrei við sölu hærra aflamark en nemur meðalaflamarki skipa í sama flokki, sbr. 7. gr., og á sama svæði að mati samráðsnefndar, sbr. 15. gr., mælt í þorskígildum.

□ Heimilt er að breyta aflamarki einstakra fisktegunda ef sýnt þykir, vegna breytinga í rekstri skips, að það geti ekki nýtt sér ákveðnar fisktegundir, enda breytist ekki heildarverðmæti úthlutaðs aflamarks að mati ráðuneytisins.

■ **15. gr.** Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna, auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

■ **16. gr.** Ráðherra skal setja nánari reglur[1)] varðandi framkvæmd laga þessara.

[1)] *Rg. 249/1988 (um upptöku ólöglegs sjávarafla). Rg. 113/1988, sbr. 539/1989 (um veitingu veiðileyfa). Rg. 567/1989 (um vigtun sjávarafla).*

■ **17. gr.** Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum og útflytjendum, er skylt að láta ráðuneytinu ókeypis í té og í því formi, sem óskað er eftir, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

■ **18. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum að upphæð 2000 – 14 000 gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

□ Reynist afli fara yfir úthlutað aflamark eða þorskaflahámark, sbr. þó 9. gr., skal með slík brot fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976. Stundi skip veiðar fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda skal það auk viðurlaga skv. 1. mgr. varða upptöku afla samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976. Fari veiðiferð að hluta fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda skal ráðuneytið meta að hve miklu leyti afli þeirrar veiðiferðar skuli gerður upptækur.

□ Ráðuneytinu er enn fremur heimilt, vegna brota gegn ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa, að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma og varða veiðar eftir leyfissviptingu viðurlögum skv. 1. mgr. Sama gildir verði um að ræða vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku.

**1988** Nr. 3 8. jan.

■ **19. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum er ráðherra setur.

■ **20. gr.**[1)]

[1)] *Sbr. l. 81/1976, 13. gr. Felld niður með l. 38/1990, 22. gr.*

■ **21. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1990. Jafnframt eru á gildistíma þessara laga felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Við úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum fyrir árið 1988 skal afli frá 1. janúar 1988 til gildistöku laganna koma til frádráttar heildaraflaheimildum á árinu. Við mat á því aflamagni skulu gilda ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Hjá þeim skipum er sóknarmark velja skulu sóknardagar frá 1. janúar 1988 til gildistöku laganna koma til frádráttar heildarsóknardagafjölda á 1. tímabili ársins 1988.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma laga þessara. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um breytingar á lögum þessum á gildistíma þeirra eftir því sem tilefni verður til. Nefndin skal meðal annars kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskistofna. Einnig skal hún athuga tilhögun veiðiheimilda, m. a. heimilda sem ekki séu bundnar við skip. Nefndin skal hefja störf hið allra fyrsta og starfa á gildistíma laganna. Skal hún skila fyrsta áliti eigi síðar en haustið 1989.

■ **II.** Sjávarútvegsráðherra skal í lok hvers árs setja reglugerð um meginþætti stjórnar botnfiskveiða á komandi ári og hafa við það samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

## Lög um veiðieftirlitsgjald.

**1989** Nr. 129 28. des.

■ **1. gr.** Sjávarútvegsráðherra skal með reglugerð[1)] ákveða sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðileyfi sem veitt eru á grundvelli ákvæða laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988 – 1990, eða annarra laga er kveða á um veiðar í íslensku fiskveiðilögsögunni.

□ Gjald þetta rennur til reksturs veiðieftirlits sjávar-

**1989** Nr. 129 28. des.

útvegsráðuneytisins og skal fjárhæð þess miðast við að það standi undir rekstri eftirlitsins að hálfu.

[1] *Rg. 638/1989.*

■ **2. gr.** Fyrir önnur veiðileyfi en þau er um getur í 3. gr. skal gjaldið miðast við áætlað verðmæti þess afla sem leyfið heimilar veiðar á. Fyrir skip, sem velja sóknarmark við botnfiskveiðar, skal gjaldið miðast við aflamarkskost skipsins. Skal ráðherra áætla hlutfallsleg verðmæti einstakra tegunda sjávardýra í þessu sambandi fyrir upphaf vertíðar eða veiðitímabils. Aldrei skal gjald samkvæmt þessari málsgrein vera hærra en 0,2% af áætluðu verðmæti afla sem viðkomandi veiðileyfi heimilar veiðar á.

■ **3. gr.** Fyrir botnfiskveiðileyfi báta undir 10 brl. og leyfi til veiða, sem ekki eru bundnar tilteknu aflamarki, skal greiða fast gjald og getur ráðherra ákveðið það með hliðsjón af mögulegu aflaverðmæti, sbr. 2. gr., og eðli veiðanna.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

**1975** Nr. 73 5. des.

## Lög um viðauka við lög nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975.[1]

[1] *Sjá l. 81/1976, 23. gr.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Meðan í gildi er samkomulag milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um veiðar þýskra togara innan fiskveiðilandhelgi, dags. 28. nóvember 1975, skulu brot gegn ákvæðum samkomulagsins af hálfu þeirra þýsku veiðiskipa, sem tilgreind eru á skrá, sem er fylgiskjal með samkomulaginu, og heimilaðar eru veiðar á umsömdum svæðum í fiskveiðilandhelginni, varða þeim viðurlögum, að veiðiskip, sem brotlegt hefur orðið við ákvæði samkomulagsins, skal fellt niður af fyrrnefndri skrá, og missir þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt ákvæði samkomulagsins.

□ Dómsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um þá framkvæmd samkomulagsins, er það hefur fengið gögn í hendur frá Landhelgisgæslunni.

**1976** Nr. 34 17. maí

## Lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

■ **1. gr.** Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð þær reglur um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, sem nauðsynlegar þykja til þess að framfylgt verði ákvæðum alþjóðasamninga, sem Íslendingar eru að gerast aðilar að, eða þá samninga, sem gerðir eru milli íslenskra og erlendra stjórnvalda.

□ Ráðherra er auk þess heimilt að setja aðrar þær reglur[1] um þessar veiðar, sem honum þykir þurfa, svo sem til samræmingar við reglur þær, er gilda um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

[1] *Rg. 125/1979 (um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu). Rg. 106/1985 (um lágmarksmöskvastærðir loðnunóta).*

■ **2. gr.** Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum varða sektum, 1000 – 15 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Enn fremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.

□ Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

**1976** Nr. 32 19. maí

## Lög um upptöku ólöglegs sjávarafla.

■ **1. gr.** Ólöglegur sjávarafli er sá afli eða hluti afla:

1. sem ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum,
2. sem umfram er ákveðinn hámarksafla, sem bátum er settur,
3. sem aflað er með ólöglegum veiðarfærum,
4. sem aflað er á svæðum þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar eða án þess að tilskilin veiðileyfi séu fyrir hendi.

■ **2. gr.** Ólöglegur sjávarafli skal gerður upptækur og andvirði hans renna í sérstakan sjóð, sem varið skal í þágu fiskirannsókna og vísindalegs eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins. Er upptaka óháð því, hvort um refsiverðan verknað hefur verið að ræða. Ákvæði þessarar greinar skulu víkja fyrir ákvæðum sérlaga um upptöku afla.

■ **3. gr.** Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar hvort um ólöglegan sjávarafla er að ræða samkvæmt lögum þessum og í hve miklu magni. Leiki vafi á um magn ólöglegs sjávarafla er heimilt að áætla það magn eftir framkomnum gögnum.

□ Ráðuneytið úrskurðar enn fremur, hvert skuli vera andvirði hins ólöglega afla, sem gera skal upptækan, og skal þá miðað við heildarsöluverðmæti aflans, eða þess hluta hans, sem við á.

□ Ráðuneytið byggir ákvarðanir sínar samkvæmt þessari grein á upplýsingum sérstakra eftirlitsmanna þess, starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða og öðrum tiltækum sönnunargögnum. Ráðuneytið skal jafnan gefa hlutaðeigandi kaupendum og seljendum meints ólöglegs sjávarafla kost á að gera grein fyrir sínu máli.

■ **4. gr.** Ákvörðun ráðuneytis um upptöku afla skal tekin með skriflegum úrskurði. Málinu má vísa til meðferðar sakadóms, en ekki skal það fresta því, að ráðuneytið geti innheimt andvirði þess ólöglega afla, sem það gerir upptækan, hjá kaupendum eða seljendum þess afla, eftir því sem við á hverju sinni. Úrskurði ráðuneytisins má fullnægja með aðför að viku liðinni frá birtingu hans.

■ **5. gr.** Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð[1] sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

[1] *Rg. 249/1988.*

**1924** Nr. 4 11. apríl

## Lög um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot.

■ **1. gr.** Sektir fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5 18. maí 1920,[1] og lögum um rétt til fiskiveiða í landhelgi nr. 33 19. júní 1922, skal miða við gullkrónur og ákveða í dómnum eða sættinni jafngildi þeirra í íslenzkum krónum, eftir gengi dag þann, er sektin er ákveðin.

[1] *Nú l. 81/1976.*

**1936** Nr. 83 23. júní

## Lög um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar.

■ **1. gr.** Hver sá, sem sendir eða tekur á móti skeyti – hvort heldur er loftskeyti eða talskeyti – til eða frá skipi, sem ætla má, að sé að veiðum hér við land, skal skyldur að leggja fram lykil að hverju dulmáli, sem notað kann að vera við skeytasendinguna. Það er m. a. dulmál samkv. lögum þessum, ef notað er í skeyti mál í óvenjulegri merkingu.

**1936** Nr. 83 23. júní

■ **2. gr.** Hver sá, sem sendir skeyti til eða frá veiðiskipi, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert sé í efni skeytisins, sem stuðlað geti að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, forðað sökunaut við töku eða gefið veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna. Undirrita má slíkt drengskaparvottorð í eitt skipti fyrir öll hjá landssímastjóra.

□ Starfsmenn loftskeytastöðva eða lofttalstöðva mega ekki afgreiða dulmálsskeyti til eða frá veiðiskipi fyrr en fyrir þá hefur verið lagður lykill að skeytunum, og skulu þeir þýða skeytin, eftir því sem kringumstæður leyfa og ástæður þykja til. Þyki loftskeytamanni skeyti eða skeytaviðskipti að einhverju leyti grunsamleg, skal hann stöðva afgreiðslu slíkra skeyta og gera landssímastjóra þegar í stað aðvart, en hann rannsakar málið nánar og tilkynnir dómsmálaráðherra.

□ Undanþegin þessum ákvæðum eru skeyti frá útlöndum og frá erlendum skipum um íslenzkar strandastöðvar til skipa í hafi. Þyki loftskeytamanni skeyti þau eða skeytaviðskipti, er um ræðir í þessari málsgrein, að einhverju leyti grunsamleg, skal hann þegar gera landssímastjóra aðvart, en hann tilkynnir dómsmálaráðherra.

■ **3. gr.** Öll skeyti til og frá veiðiskipum eða milli veiðiskipa – hvort heldur eru loftskeyti, talskeyti eða lofttal – skulu rituð á skeytaeyðublöð og send landssímastjórninni að liðnum hverjum mánuði, en landssíminn geymir það að minnsta kosti í 5 ár.

□ „Orðsendingar" til og frá veiðiskipum eru stranglega bannaðar, nema í lífsháska, aðrar en þær, sem eingöngu snerta loftskeytaþjónustuna, enda skulu afrit af þeim fylgja með skeytunum.

□ Til frekara eftirlits ber starfsmönnum strandastöðva landssímans og loftskeytamönnum á varðskipunum að taka og skrá, eftir því sem þeim er frekast unnt, loftskeyta- og talstöðvaskipti milli veiðiskipa innbyrðis og senda mánaðarlega til landssímastjórnarinnar.

□ Dómsmálaráðuneytið hefur hvenær sem er aðgang að öllum þeim plöggum, er varða greint eftirlit, enda hafi sá eða þeir, sem dómsmálaráðherra útnefnir til þess, undirritað þagnarheiti samkvæmt fyrirmælum alþjóðareglugerðar þar um.

■ **4. gr.** Með reglugerð má ákveða nánar um framkvæmd laga þessara og refsa fyrir brot á reglugerðinni sem eftir lögunum.

■ **5. gr.** Hver sá, sem sannur verður að því, með skeytum, firðtali, ljósmerkjum eða á hvern annan hátt, að hafa ætlað að stuðla að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, forða sökunaut frá töku eða gefa veiðiskipi bendingar um ferðir varðskipanna, skal sæta [sekt eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað].[1)]

□ Önnur brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing sé lögð við að lögum.

[1)] *L. 10/1983, 44. gr.*

■ **6. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem með opinber lögreglumál.

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946 um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbætis við samninginn frá 2. apríl 1953.**[1)]

**1954** Nr. 18 3. marz

[1)] *Samkvæmt 16. gr. samnings frá 24. janúar 1959 (sjá lög 14/1960), er úr gildi numinn hluti af samningi frá 5. apríl 1946, sem birtur var sem fylgiskjal með l. 18/1954. Það sem enn er í gildi af samningnum (5. – 9. gr. og fylgiskjöl I – II) virðist ekki hafa raunhæft gildi, og er því ekki prentað hér með. Um texta laganna og samningsins vísast til Lagasafns 1965, d. 1643 – 1650.*

**Lög um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.**

**1981** Nr. 68 29. maí

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda[1)] fyrir Íslands hönd samning frá 18. nóvember 1980 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

[1)] *Augl. C 15/1981 og augl. C 14/1982.*

■ **2. gr.** Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja reglur[1)] um framkvæmd samningsins.

[1)] *Rg. 263/1970 (alþjóðlegt fiskveiðieftirlit utan landhelgi og fiskveiðilögsögu), augl. 222/1971 (um bann við síldveiði með herpinót á svæði í hafinu suður af Írlandi og vestur af Englandi) og rg. 181/1976 (um takmörkun á síldveiðum íslenskra skipa í Norðursjó, Skagerak og á svæði VI (a) vestan Skotlands). Ofangreindar rg. settar skv. l. 14/1960.*

■ **3. gr.** Brot á reglum sem settar verða samkvæmt 2. gr. laga þessara skulu varða sektum 2000 – 40 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

□ Ennfremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.

□ Auk þess má láta brot varða skipstjóra fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

□ Lagt skal löghald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður greiddur að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

□ Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

□ Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. 1. apríl 1982 falla úr gildi lög nr. 14 30. mars 1960, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti.

**Fylgiskjal.**

**Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.**

**Samningsaðilar sem gera sér ljóst** að strandríki við Norðaustur-Atlantshaf hafa í samræmi við viðeigandi grundvallarreglur í þjóðarétti fært út lögsögu sína yfir hinum lifandi auðlindum aðliggjandi hafsvæða í allt að tvö hundruð sjómílur frá grunnlínum þeim er víðátta landhelgi miðast við, og beita innan þessara svæða

fullveldisrétti í því skyni að rannsaka og hagnýta, vernda og hafa stjórnun á auðlindum þessum, **sem taka tillit til** starfa þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að því er varðar fiskveiðar, **sem óska** þess að stuðla að verndun og bestu nýtingu á fiskveiðiauðlindum í Norðaustur-Atlantshafi á þann hátt er samrýmist útfærslu fiskveiðilögsögu strandríkja, og samkvæmt því hvetja til alþjóðlegrar samvinnu og samráðs að því er auðlindir þessar varðar, **sem líta svo á** að samningurinn um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs frá 24. janúar 1959 ætti því að víkja, **hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:**

■ **1. gr.** 1. Svæði það sem samningur þessi nær til, hér á eftir nefnt „samningssvæðið", er hafsvæði:

a. innan þess hluta Atlantshafsins og Norður-Íshafsins og aðliggjandi hafsvæða sem er norðan 36° n. br. og milli 42° v. l. og 51° a. l., að undanteknu:

i. Eystrasalti og sundunum sunnan og austan lína sem liggja frá Hasenörehöfða til Gnibentanga, frá Korshage til Spodsbjerg og frá Gilbjerghöfða til Kullen, og

ii. Miðjarðarhafi og aðliggjandi hafsvæðum að skurðpunkti 36° n. br. og 5°36′ v. l.

b. á Atlantshafinu fyrir norðan 59° n. br. og milli 44° v. l. og 42° v. l.

2. Samningur þessi tekur til allra fiskiauðlinda á samningssvæðinu að undanteknum sjóspendýrum, botntegundum, þ. e. lífverum sem á þeim tíma er þær má nýta eru annað hvort kyrrstæðar á hafsbotninum eða undir honum eða geta ekki hreyft sig nema í stöðugri snertingu við hafsbotninn eða botnlögin og, að svo miklu leyti sem fjallað er um þær í öðrum alþjóðasamningum, fartegundum og tegundum sem leita aftur upp í ár.

■ **2. gr.** Ekkert í samningi þessum skal talið hafa áhrif á réttindi, kröfur eða skoðanir nokkurs samningsaðila varðandi mörk eða víðáttu fiskveiðilögsögu.

■ **3. gr.** 1. Með samningi þessum samþykkja samningsaðilar að setja á stofn og starfrækja Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefnd, hér á eftir kölluð „nefndin".

2. Nefndin skal vera lögaðili og njóta í samskiptum sínum við aðrar alþjóðastofnanir og á landssvæðum samningsaðila þeirrar réttarstöðu er nauðsynleg kann að vera til að rækja störf sín og ná tilgangi sínum.

3. Sérhver samningsaðili skal tilnefna í nefndina allt að tveimur fulltrúum sem mega hafa með sér á fundum hennar sérfræðinga og ráðunauta.

4. Nefndin kýs sér sjálf forseta og eigi fleiri en tvo varaforseta.

5. Skrifstofa nefndarinnar skal vera í London.

6. Ákveði nefndin ekki annað skal hún koma saman einu sinni á ári í London á þeim tíma sem hún ákveður, að því þó tilskildu að, að ósk samningsaðila og með samþykki þriggja annarra samningsaðila, skuli forsetinn, svo fljótt sem auðið er, kveðja til fundar á þeim stað og tíma sem hann ákveður.

7. Nefndin skipar framkvæmdastjóra og annað starfslið eftir þörfum.

8. Nefndinni er heimilt að stofna nefndir og aðrar undirdeildir eftir því sem hún telur æskilegt til að annast skyldur sínar og störf.

9. Sérhver samningsaðili skal fara með eitt atkvæði í nefndinni. Ákvarðanir nefndarinnar skulu hljóta einfaldan meirihluta eða, áskilji samningur þessi sérstaklega veginn meirihluta, tvo þriðju hluta atkvæða allra samningsaðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða með eða á móti, að því tilskildu að engin atkvæðagreiðsla skal fara fram nema a. m. k. tveir þriðju samningsaðila séu viðstaddir. Nú skiptast atkvæði jafnt um málefni sem hlítir einföldum meirihluta, og skoðast tillagan þá felld.

10. Nefndin setur sér fundarsköp í samræmi við ákvæði þessarar greinar, þar með talin ákvæði um kjör forseta og varaforseta og um kjörtíma þeirra.

11. Fundargerðir nefndarinnar skal senda svo fljótt sem auðið er til samningsaðila á ensku og frönsku.

■ **4. gr.** 1. Nefndin skal rækja störf sín til verndunar og bestu nýtingar á fiskiauðlindum innan samningssvæðisins og taka mið af bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum.

2. Nefndin skal vera vettvangur samráðs og skipta á upplýsingum um ástand fiskiauðlinda innan samningssvæðisins og stjórnunarstefnur, þar með talið könnun á heildaráhrifum þeirra stefna á fiskiauðlindirnar.

■ **5. gr.** 1. Nefndin skal þar sem það á við gera ályktanir um fiskveiðar utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila. Slíkar ályktanir skulu gerðar með vegnum meirihluta.

2. Við framkvæmd starfa sinna samkvæmt 1. mgr. skal nefndin leitast við að tryggja samræmi milli:

a. sérhverrar ályktunar er varðar fiskstofn eða fjölda fiskstofna sem fyrirfinnast bæði innan svæðis er lýtur fiskveiðilögsögu samningsaðila og utan þess, eða sérhverrar ályktunar sem hafa myndi áhrif vegna tengsla tegunda á fiskstofn eða fjölda fiskstofna sem fyrirfinnast að öllu leyti eða að hluta á svæði er lýtur fiskveiðilögsögu samningsaðila, og

b. sérhverra ráðstafana og ákvarðana sem teknar eru af samningsaðila til stjórnunar og verndunar þess fiskstofns eða fjölda fiskstofna hvað snertir fiskveiðar sem fram fara innan svæðis er lýtur fiskveiðilögsögu þess. Samningsaðili sá er í hlut á og nefndin skulu samkvæmt þessu beita sér fyrir samræmingu slíkra ályktana, ráðstafana og ákvarðana.

3. Til þess að 2. mgr. nái tilgangi sínum skal hver samningsaðili jafnan láta nefndinni í té upplýsingar um ráðstafanir og ákvarðanir sínar.

■ **6. gr.** 1. Nefndin má gera ályktanir varðandi fiskveiðar sem fram fara innan svæðis í fiskveiðilögsögu samningsaðila að því tilskildu að hlutaðeigandi samningsaðili óski þess og hann greiði ályktun þar um atkvæði.

2. Nefndin getur verið ráðgefandi um þær fiskveiðar er um getur í 1. mgr. ef hlutaðeigandi samningsaðili óskar þess.

■ **7. gr.** Við framkvæmd starfa sinna samkvæmt 5. og 6. gr. má nefndin íhuga meðal annars ráðstafanir varðandi:

a. reglur um veiðarfæri og útbúnað, þar á meðal möskvastærð fiskneta,

b. reglur um lágmarksstærð fisks sem skip mega hirða, landa, sýna eða bjóða til sölu,

c. ákvörðun um lokun á tilteknum tímum eða um lokuð svæði,

d. eflingu eða aukningu fiskiauðlinda, og getur til þess talist tækniklak og flutningur lífvera og seiða,

e. ákvörðun á hámarksafla og skiptingu hans milli samningsaðila,

f. stjórnun fiskveiðisóknarinnar og skiptingu hennar milli samningsaðila.

■ **8. gr.** 1. Nefndin má gera ályktanir með vegnum meirihluta varðandi ráðstafanir um eftirlit með fiskveiðum sem fram fara utan svæða sem lúta fiskveiðilögsögu samningsaðila til þess að tryggja framkvæmd samnings þessa og sérhverra ályktana sem gerðar eru samkvæmt honum.

2. Nefndin má einnig gera ályktanir varðandi ráðstafanir um eftirlit með fiskveiðum sem fram fara innan svæðis sem lýtur fiskveiðilögsögu samningsaðila að því tilskildu að hlutaðeigandi samningsaðili óski þess og að hann greiði ályktun þar um atkvæði.

3. Ályktanir sem gerðar eru samkvæmt þessari grein mega fela í sér ákvæði um uppsögn önnur en þau sem gert er ráð fyrir í 13. gr.

■ **9. gr.** 1. Nefndin má gera ályktanir með vegnum meirihluta sem kveða á um söfnun tölfræðilegra upplýsinga um fiskveiðar sem fram fara utan svæða sem lúta fiskveiðilögsögu samningsaðila.

2. Nefndin má einnig gera ályktanir sem gera ráð fyrir söfnun tölfræðilegra upplýsinga um fiskveiðar sem fram fara innan svæðis sem lýtur fiskveiðilögsögu samningsaðila að því tilskildu að sá samningsaðili greiði ályktun þar um atkvæði.

■ **10. gr.** Þegar nefndin gerir ályktanir skal hún ákveða hvort og með hvaða skilyrðum þær ályktanir skulu taka til fiskveiða sem fram fara einungis vegna vísindarannsókna sem framkvæmdar eru í samræmi við viðeigandi grundvallarreglur þjóðaréttar.

■ **11. gr.** 1. Nefndin skal án ótilhlýðilegs dráttar tilkynna samningsaðilum um ályktanir sem hún gerir samkvæmt samningi þessum.

2. Nefndin má gefa út eða dreifa á annan hátt skýrslum um starfsemi sína og öðrum upplýsingum varðandi fiskveiðar á samningssvæðinu.

■ **12. gr.** 1. Ályktun verður bindandi fyrir samningsaðila samkvæmt ákvæðum greinar þessarar og tekur gildi þann dag er nefndin ákveður, þó eigi fyrr en 30 dögum eftir lok tímabils eða tímabila til mótmæla sem gert er ráð fyrir í grein þessari.

2. a. Sérhver samningsaðili má mótmæla ályktun sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 8. gr. eða 1. mgr. 9. gr., innan 50 daga frá dagsetningu tilkynningar um hana. Komi slík mótmæli fram má sérhver annar samningsaðili á sama hátt mótmæla innan 40 daga eftir að hafa fengið tilkynningu um þau mótmæli. Komi einhver mótmæli fram innan þessa síðara 40 daga tímabils mega aðrir samningsaðilar bera fram mótmæli innan 40 daga lokatímabils eftir að hafa fengið tilkynningu um þau mótmæli.

b. Ályktun skal ekki binda samningsaðila sem hefur mótmælt henni.

c. Ef þrír eða fleiri samningsaðilar hafa mótmælt ályktun skal hún ekki binda neinn samningsaðila.

d. Samningsaðili sem hefur mótmælt ályktun má hvenær sem er draga mótmæli til baka og skal hann þá vera bundinn af ályktuninni innan 70 daga eða frá þeirri dagsetningu sem nefndin ákveður samkvæmt 1. mgr., hvort sem seinna er, nema þegar ályktunin er ekki bindandi fyrir neinn samningsaðila samkvæmt ákvæðum c-liðar.

e. Sé ályktun ekki bindandi fyrir neinn samningsaðila mega tveir eða fleiri samningsaðilar eigi að síður hvenær sem er samþykkja sín á milli að láta hana koma til framkvæmda, en í slíku tilviki skulu þau[1] þegar í stað tilkynna nefndinni um það.

3. Hafi ályktun verið gerð samkvæmt 1. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr. eða 2. mgr. 9. gr. má, innan 60 daga frá dagsetningu tilkynningar um ályktunina, eingöngu sá samningsaðili sem fer með fiskveiðilögsögu á umræddu svæði mótmæla henni og verður ályktunin þá ekki bindandi fyrir neinn samningsaðila.

4. Nefndin skal tilkynna samningsaðilunum um sérhver mótmæli og sérhverja afturköllun jafnskjótt og hún hefur móttekið slíkt og um gildistöku sérhverrar ályktunar og sérhvers samkomulags sem gert er samkvæmt 2. mgr. e.

[1] *Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera „þeir".*

■ **13. gr.** 1. a. Sérhver samningsaðili getur hvenær sem er að ári liðnu frá gildistöku ályktunar sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 8. gr. eða 1. mgr. 9. gr. tilkynnt nefndinni að hann samþykki ekki lengur ályktunina og, sé tilkynningin ekki afturkölluð, skal ályktunin ekki lengur vera bindandi fyrir þann samningsaðila að ári liðnu frá dagsetningu tilkynningarinnar.

b. Ályktun sem hefur misst gildi sitt gagnvart samningsaðila skal eigi vera bindandi fyrir neinn annan samningsaðila 30 dögum eftir þann dag sem hinn síðarnefndi tilkynnir nefndinni að hann samþykki ekki lengur ályktunina.

2. Hafi ályktanir verið gerðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr. eða 2. mgr. 9. gr. má einungis sá samningsaðili sem fer með fiskveiðilögsögu á umræddu svæði tilkynna nefndinni að hann samþykki ekki lengur ályktunina og skal hún þá ekki lengur vera bindandi fyrir neinn samningsaðila að liðnum 90 dögum frá dagsetningu tilkynningarinnar.

3. Nefndin skal tilkynna samningsaðilunum um sérhverja tilkynningu samkvæmt þessari grein þegar hún hefur móttekið hana.

■ **14. gr.** 1. Til þess að tryggja sem besta framkvæmd þeirrar starfsemi sem um getur í 4., 5. og 6. gr. skal nefndin leita upplýsinga og ráða hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu. Slíkra upplýsinga og ráða skal leita um mál sem varða starfsemi nefndarinnar og falla undir valdsvið ráðsins, þar á meðal upplýsinga og ráða um líffræði og stofnstærðardreifingu þeirra fisktegunda sem um ræðir, ástand fiskstofna, áhrif veiða á þá stofna og ráðstafanir til verndunar þeirra og stjórnunar.

2. Til þess að auðvelda störf Alþjóðahafrannsóknaráðsins við að láta nefndinni í té upplýsingar og ráð skal nefndin leitast við að gera í samráði við ráðið ráðstafanir til þess að tryggja að hvatt sé til rannsókna í þessum tilgangi, þar með talinna sameiginlegra rannsókna, og að þær séu framkvæmdar eftir bestu getu og án ótilhlýðilegs dráttar.

3. Nefndin má stofna til vinnusamstarfs við hverja aðra alþjóðastofnun sem hefur svipað markmið.

■ **15. gr.** 1. Án þess að það hafi áhrif á rétt samningsaðilanna varðandi hafsvæði sem lúta fiskveiðilögsögu þeirra, skulu samningsaðilar gera þær ráðstafanir, þar á meðal setja hæfileg viðurlög við brotum, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að láta ákvæði samnings

þessa ná fram að ganga og að sérhver ályktun sem verður bindandi samkvæmt 12. gr. komist í framkvæmd.

2. Sérhver samningsaðili skal senda nefndinni árlega skýrslu um ráðstafanir þær sem hann hefur gert samkvæmt 1. mgr.

■ **16. gr.** 1. Sérhver samningsaðili skal tilkynna nefndinni um löggjöf sína og samninga sem hann kann að hafa gert að svo miklu leyti sem þessi löggjöf og samningar varða verndun og nýtingu á fiskiauðlindum á samningssvæðinu.

2. Sérhver samningsaðili skal að beiðni nefndarinnar láta í té allar tiltækar vísindalegar og tölfræðilegar upplýsingar sem þörf er á til þess að samningur þessi nái tilgangi sínum og aðrar þær upplýsingar sem þurfa þykir samkvæmt 9. gr.

■ **17. gr.** 1. Sérhver samningsaðili skal greiða kostnað vegna eigin sendinefndar á fundum sem haldnir eru samkvæmt samningi þessum.

2. Á fyrsta fundi sínum skal nefndin samþykkja fjárhagsáætlun fyrir fyrsta fjárhagsár sitt. Á þessum fundi má nefndin líka, ef það þykir henta, samþykkja fjárhagsáætlun fyrir annað fjárhagsárið.

3. Á hverjum ársfundi skal nefndin samþykkja fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár og spá um fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár þar á eftir. Uppkast að fjárhagsáætlun og uppkast að spá um fjárhagsáætlun skal forseti nefndarinnar leggja fyrir samningsaðilana eigi síðar en 40 dögum fyrir þann fund nefndarinnar þar sem taka skal þau til athugunar.

4. Nefndin ákveður framlög sem hverjum samningsaðila ber að greiða samkvæmt hinni árlegu fjárhagsáætlun samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. Einn þriðji af heildarupphæð fjárhagsáætlunar skiptist jafnt milli samningsaðila.

b. Tveir þriðju af heildarupphæð fjárhagsáætlunar skiptast milli samningsaðila í hlutfalli við afla þeirra á samningssvæðinu upp úr sjó á grundvelli endanlegra aflatalna Alþjóðahafrannsóknaráðsins á almanaksárinu sem lýkur eigi síðar en 24 og eigi fyrr en 18 mánuðum fyrir upphaf fjárhagsársins.

c. Árlegt framlag samningsaðila sem hefur færri en 300.000 íbúa skal þó takmarkað við 5% heildarupphæðar fjárhagsáætlunarinnar. Þegar framlag er þannig takmarkað skiptast eftirstöðvar fjárhagsáætlunarinnar milli hinna samningsaðilanna í samræmi við a- og b-lið. Regla þessi skal gilda fyrstu fimm fjárhagsár nefndarinnar og síðan skal nefndin endurskoða hana árlega og má hún breyta henni með ákvörðun sem tekin er með þremur fjórðu meirihluta allra samningsaðilanna.

5. Nefndin skal tilkynna hverjum samningsaðila upphæð framlags sem honum ber að greiða samkvæmt 4. mgr. og innan hvaða dags nefndin hefur ákveðið að greiðslu þessa skuli inna af hendi.

6. Framlag samningsaðila sem gerst hefur aðili að samningi þessum fyrir lok fjárhagsárs skal fyrir það ár greiða hluta í hlutfalli við fjölda heilla mánaða ársins sem óliðnir eru miðað við ársframlag sem reiknað er samkvæmt 4. mgr.

7. Framlög skulu greiðast í mynt þess ríkis þar sem skrifstofa nefndarinnar er staðsett.

8. Hafi samningsaðili ekki staðið skil á framlögum sínum fyrir þann dag sem nefndin hefur ákveðið í tvö ár skal hann ekki eiga rétt á að greiða atkvæði og koma á framfæri mótmælum samkvæmt samningi þessum fyrr en hann hefur fullnægt skyldum sínum, nema nefndin ákveði öðruvísi að ósk þess samningsaðila sem í hlut á.



9. Nefndin skal samþykkja reglur um fundarsköp varðandi fjármál sín.

■ **18. gr.** Nefndin má með vegnum meirihluta skipta samningssvæðinu niður í svæði og má breyta mörkum og fjölda svæðanna að því tilskildu að sérhver samningsaðili sem hefur fiskveiðilögsögu í einhverjum hluta umrædds svæðis greiði ákvörðuninni atkvæði.

■ **19. gr.** 1. Sérhver samningsaðili getur komið fram með tillögu um breytingu á samningi þessum. Sérhver slík tillaga um breytingu skal send framkvæmdastjóranum a. m. k. 90 dögum fyrir fund þann sem samningsaðilinn leggur til að tillagan verði afgreidd á. Framkvæmdastjórinn skal tafarlaust senda tillöguna til samningsaðilanna.

2. Til þess að tillaga um breytingu hljóti samþykki þarf þrjá fjórðu meirihluta allra samningsaðila. Texta samþykktrar breytingar skal nefndin senda vörsluríkinu sem skal tafarlaust senda hana samningsaðilunum.

3. Breyting skal taka gildi fyrir samningsaðilana 120 dögum eftir dagsetningu tilkynningar vörsluríkisins um móttöku skriflegs samþykkis þriggja fjórðu hluta allra samningsaðila, nema einhver hinna samningsaðilanna tilkynni vörsluríkinu innan 90 daga frá dagsetningu tilkynningar vörsluríkisins um slíka móttöku að það mótmæli breytingunni, og skal þá breytingin ekki taka gildi fyrir neinn samningsaðila. Samningsaðili sem hefur mótmælt breytingu getur hvenær sem er afturkallað mótmæli sín. Séu öll mótmæli við breytingu afturkölluð skal breytingin taka gildi gagnvart öllum samningsaðilum 120 dögum eftir dagsetningu tilkynningar vörsluríkisins um móttöku síðustu afturköllunar.

4. Aðili sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að samningi þessum eftir að breyting hefur verið samþykkt í samræmi við 2. mgr. skal talinn hafa samþykkt breytinguna.

5. Vörsluríkið skal tafarlaust tilkynna samningsaðilunum móttöku tilkynninga um samþykki á breytingum, móttöku tilkynninga um mótmæli eða afturköllun mótmæla og gildistöku breytinga.

■ **20. gr.** 1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar frá 18. nóvember 1980 til 28. febrúar 1981 fyrir eftirtalda aðila: Búlgaríu, Danmörku vegna Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Finnland, Ísland, Kúbu, Noreg, Pólland, Portúgal, Sovétríkin, Spán, Svíþjóð og Þýska alþýðulýðveldið. Hann skal fullgiltur, staðfestur eða samþykktur svo fljótt sem auðið er og skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki komið í vörslu ríkisstjórnar Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands sem nefnt er í samningi þessum „vörsluríkið".

2. Samningur þessi öðlast gildi eftir að ekki færri en sjö þeirra sem hafa undirritað hann hafa lagt fram skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, að því tilskildu að meðal þeirra hafi a. m. k. þrír fiskveiðilögsögu á samningssvæðinu. Hafi samningur þessi hins vegar ekki öðlast gildi innan árs frá þeim degi er hann var lagður fram til undirritunar, en ekki færri en fimm þeirra sem hafa undirritað hann hafa lagt fram skjöl um fullgild-

**1981** Nr. 68 29. maí

ingu, staðfestingu eða samþykki, þar á meðal þrír sem hafa fiskveiðilögsögu á samningssvæðinu, geta þessir aðilar samþykkt sín á milli með sérstakri bókun dagsetningu þá er samningur þessi öðlast gildi; með tilliti til hvers þess aðila sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir síðar öðlast samningur þessi gildi þann dag er hann leggur fram skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

3. Sérhver þeirra aðila sem nefndur er í 1. mgr. og ekki hefur undirritað samning þennan getur gerst aðili að honum hvenær sem er eftir að hann hefur öðlast gildi samkvæmt 2. mgr.

4. Sérhvert ríki sem ekki er nefnt í 1. mgr. að framan, nema aðildarríki Efnahagsbandalags Evrópu, getur gerst aðili að samningi þessum hvenær sem er eftir að hann hefur öðlast gildi samkvæmt 2. mgr., að því tilskildu að umsókn um aðild þess ríkis hljóti samþykki þriggja fjórðu hluta allra samningsaðila.

Umsókn um aðild skal senda skriflega til vörsluríkisins sem skal tilkynna öllum samningsaðilunum um hana. Umsóknin er samþykkt ef, innan 90 daga frá dagsetningu slíkrar tilkynningar, þrír fjórðu allra aðila þeirra, sem samningur þessi hefur þá öðlast gildi gagnvart, hafa tilkynnt vörsluríkinu um samþykki sitt á umsókninni.

Vörsluríkið skal tilkynna ríki því sem sækir um aðild og öllum samningsaðilunum um afgreiðslu umsóknarinnar.

5. Aðild skal ná fram með því að koma skjölum um aðild til vörsluríkisins og skal öðlast gildi á móttökudegi. Frá þeim degi skal hver sá aðili sem gerist aðili að samningi þessum vera bundinn af ályktunum sem eru, þegar hann gerist aðili, bindandi fyrir alla aðra samningsaðila svo og ályktunum sem eru þá bindandi fyrir einn eða fleiri samningsaðila og ekki eru sérstaklega undanskildir af hálfu þess sem gerist aðili í aðildarskjali hans.

6. Vörsluríkið skal tilkynna öllum þeim er undirritað hafa samninginn og öllum sem gerst hafa aðilar að honum um öll skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki og aðild sem komið hefur verið í vörslu, og skal tilkynna þeim er undirritað hafa um dagsetningu og þá aðila sem samningur þessi öðlast gildi gagnvart.

7. Vörsluríkið skal boða til fyrsta fundar nefndarinnar svo fljótt sem henta þykir eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi og skal senda bráðabirgðadagskrá til allra samningsaðilanna.

■ **21. gr.** Hvenær sem er eftir að tvö ár eru liðin frá því að samningur þessi hefur öðlast gildi gagnvart samningsaðila getur sá aðili sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluríkisins. Sérhver slík uppsögn skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að hún hefur verið móttekin, og skal vörsluríkið tilkynna samningsaðilum um hana.

■ **22. gr.** Samningi þessum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og eru textarnir á ensku og frönsku jafngildir. Vörsluríkið skal senda rétt staðfest endurrit til þeirra er hafa undirritað hann og gerst aðilar að honum og skal skrásetja samninginn í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í London hinn 18. nóvember 1980.

## Lög um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

**1979** Nr. 48 30. maí

■ **1. gr.** Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja reglur[1] um framkvæmd samnings frá 24. október 1978 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.[2] Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

[1] *Rg. 161/1975 (um takmörkun á loðnuveiðum íslenskra skipa í Norðvestur-Atlantshafi). Sett skv. l. 56/1970.* [2] *Augl. C 17/1978.*

■ **2. gr.** Brot á reglum sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara skulu varða sektum 2000 – 40 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

☐ Enn fremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.

☐ Auk þess má láta brot varða skipstjóra fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

☐ Lagt skal löghald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður greiddur að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

☐ Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

☐ Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. 1. janúar 1980 falla úr gildi lög nr. 56 12. maí 1970, um framkvæmd alþjóðasamnings um fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi.

**Fylgiskjal.**

**Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.**[1]

[1] *Um texta fylgiskjals, sjá Stjtíð. A 1979, bls. 161 – 188.*

## Lög um bátfiski á fjörðum.

**1888** Nr. 6 19. júní

■ **1. gr.** Rétt er að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, nema síldveiðar sé, á fjörðum eða tilteknum fjarðasvæðum, sökum fiskiveiða fjarðarbúa, og skal það gjört með samþykkt á þann hátt, er segir í lögum 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og skulu að öðru leyti ákvæði téðra laga og laga nr. 23 4. des. 1886 gilda um slíkar samþykktir.

■ **2. gr.** ...[1] Að öðru leyti eru og slíkir aðkomumenn háðir landslögum um fiskiveiðar og útflutningstoll af sjávarafla.

[1] *L. 46/1926, 8. – 9. gr.*

## Lög um einkenning fiskiskipa.

**1925** Nr. 31 27. júní

■ **1. gr.** Öll skip, íslenzk sem erlend, sem ætluð eru til fiskiveiða, skulu bera á sér glöggt heiti sitt og heimilisfang, er þau koma í íslenzka landhelgi eða hafast þar við.[1]

☐ Botnvörpuskip og önnur fiskiskip, sem knúin eru eimorku, skulu bera nafn sitt og heimilisfang á afturstafni, enda skal setja nafn skips og önnur einkennismerki beggja megin á framstafn. Sleppa má nafni skips-

**1925** Nr. 31 27. júní

ins á framstafni, ef einkennismerki skipsins eru sett þar sams konar og þau, er segir í samningum þeim, er um getur í næstu málsgrein hér á eftir.

□ Nú er skip svo merkt, sem segir í samningi 6. maí 1882 um fiskiveiðar í Englandshafi, eða eins og mælt er í samningi 24. júní 1901 um fiskiveiðagæzlu utan landhelgi við Ísland og Færeyjar, og skal þá sú merking talin nægileg.

[1] *Reglur 493/1986 (um merkingu skipa). Settar skv. l. 115/1985.*

■ **2. gr.** Bannað er að afmá einkenni þau, er í 1. gr. segir, eða afbaka þau, gera þau óþekkjanleg, hylja þau eða dylja, meðan skip er í íslenzkri landhelgi.

■ **3. gr.** Það varðar sektum, frá 50 – 2000 kr., ef fiskiskip kemur í íslenzka landhelgi, eða hefst þar við, án þess að hafa á sér merki þau, er í 1. gr. segir, eða ef brotið er af ásettu ráði bann það, er í 2. gr. getur. Nú á botnvörpuskip hlut að máli, og skal þá svo með fara, sem slíkt skip hefði verið í landhelgi og hefði komið veiðarfærum sínum ólöglega fyrir.[1]

□ Nú verða fyrirmæli laga þessara um merkingu skipa brotin, án þess að ásetningsbrot verði talið, og liggur þá allt að 400 kr. sekt við því.

□ Nú veiðir skip heimildarlaust í íslenzkri landhelgi með vísvitandi duldum, afmáðum eða afbökuðum merkjum (sbr. 1. gr.), og skal þá ákveða refsingu fyrir brot þessi í einu lagi, en hækka skal sekt fyrir heimildarlausa veiði um allt að helmingi, og ekki má sekt lægri vera en sem svarar hæstu sekt fyrir fiskiveiðabrotið, ef gufuskip á hlut að máli.

[1] *Sjá nú l. 81/1976.*

■ **4. gr.** Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

□ Sektir samkvæmt lögum þessum renna í landhelgissjóð. Til tryggingar greiðslu sekta og málskostnaðar má kyrrsetja skip og síðan selja, að undangenginni aðför, til lúkningar hvors tveggja.

**1901** Nr. 20 13. sept.

**Lög fyrir Ísland um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum.**[1]

[1] *Lög þessi hafa ekki lengur raunhæft gildi og vísast til Lagasafns 1983, d. 1660 – 1661.*

**1758** 28. febr.

**Konungsbréf (til stiftamtm. og amtm.) um fiskiútveg á Íslandi.**

■ **1)** Allir formenn og hásetar, sem hafa látið sig leigja eður festa til að róa nokkrum fiskibát um vertíðina, skulu án forsómunar koma í þann áskilda vissa tíma á þann stað, hvar þeir ætla að róa, og það allir í einu, undir það straff, að bæta fyrir þann tíma, sem þeir koma eigi, nefnilega hver formaður fyrir viku 2 mörk, fyrir hálfan mánuð 4 mörk, og fyrir 3 vikur 1 ríkisdal; í sama máta hver háseti helming á móti því, sem fyrir formanninn er skilið.

■ **2)** Þegar formaðurinn hefir snúið skipinu upp og fengið allar þar til heyrandi tilfæringar, má enginn af hásetunum á nokkurn hátt hindra hann frá því að sækja sjóinn, hve nær sem tækifæri gefst til þess, heldur skal sérhver skyldur vera, þegar hann er af formanninum kallaður, að láta sig án dvalar finna við bátinn og á honum róa, og varði 5 fiska í hvert sinn, að nokkur er í landi, þegar honum er sagt til, og fleiri en ¼ af bátunum í þeirri veiðistöðu róa þann dag á sjó.

■ **3)** Ef nokkur háseti er burtu eina klukkustund, eftir það honum hefir verið sagt til, og hinir aðrir eru komnir til bátsins, skal hann gjalda þrjá fiska í sekt fyrir það, nema hann geti sannað lögleg forföll.

**1758** 28. febr.

■ **4)** Enginn háseti má á sjónum á nokkurn hátt kúga formanninn til að fara til lands, fyrr en hann skipar það sjálfur, og varði 2 fiska fyrir hvert sinn, er nokkur lætur á sér heyra mögl um það, að formaðurinn sitji of lengi á sjónum, og kemur öðrum til hins sama.

■ **5)** Hver sá háseti, er sýnir sig hyskinn eða latan til að fiska og lætur ekki að formannsins áminningum og skipan, sem hann gerir honum í því tilliti, skal gjalda 2 fiska í hvert sinn.

■ **6)** Eins og formennirnir eru skyldir að hafa gætur á, að hásetar þeirra verki afla sinn sem bezt þeim er mögulegt, svo ber þeim líka, þá slíkir dagar til falla, að ekkert tækifæri gefst til að róa og sækja sjóinn, að til halda þeim á meðan að hlaða upp og endurbæta sína fiskigarða á þeim stöðum, sem hverjum fyrir sig er á vísað; og finnist nokkur forsómunarsamur í þessu, og hafi þess vegna að vertíðarlokum miður verkaðan fisk en aðrir, þá skal hann gjalda 2 mörk. Í sama máta skal og formaðurinn hafa vakandi auga á, að hásetar sínir haldi sjóklæðum þeirra í góðu standi, svo að enginn þurfi, ef það brestur, að hindrast frá róðri og vera ónýtur til sjósóknarinnar.

■ **7)** Formaðurinn skal einnig halda sínum hásetum til að verka þeirra þorskhöfuð og hrogn vel og hreinlega, og það, sem þeir þurfa eigi af hrognunum til matar hvað eftir annað, skulu þeir salta niður til sölu eður eigin nautnar.

■ **8)** Enginn háseti má yfirgefa þann fiskibát, á hvern hann er ráðinn, fyrr en formaðurinn hefir upp sagt vertíðinni, nema hann hafi fengið formannsins leyfi þar til, vegna mikilvægra orsaka. En strjúki þar á móti nokkur burt án formannsins vitundar og samþykkis, þá skal sá hinn sami takast af sýslumanni og bæta fyrir það fjárlátum eða straffi á líkamanum, eftir málavöxtum.

■ **9)** Sérhver formaður skal kostgæfilega sækja fiskiveiðar, þegar veðurátt og sjór leyfa það, og má enginn af þeim vera í landi þann dag, sem einn fjórði partur af bátum þeirrar veiðistöðu, hvar hann rær, eru á sjó, nema hann geti sannað, að hann hafi gilda orsök til þessa.

■ **10)** Formaðurinn skal einnig hafa vakandi auga á, að fiskibát hans sé altíð haldið í góðu standi með veiðarfærum og öðru tilheyrandi, sem og að hann í hvert sinn verði settur svo hátt upp frá sjónum og skorðaður, að honum geti hvorki grandað sjór eða stormur. Líka skal hann halda sínum hásetum til að gera bátinn jafnaðarlega hreinan.

■ **11)** Hann skal og nákvæmlega gæta þess, að hver og einn fari varlega með árar og önnur bátsins og fiskifangsins áhöld; og finnist nokkur háseti, annaðhvort af vangæzlu ellegar með vilja, að brjóta ár eður skemma önnur bátnum tilheyrandi áhöld, þá skal formaðurinn halda þeim sakaða til að bæta strax skaðann og gjalda þar að auk sannsýnilega þokkabót.

■ ...

■ **17)** Allar þær bætur, sem í áminnstum tilfellum eiga úti að látast, skal hlutaðeigandi sýslumaður, ef þær verða ekki góðmótlega afgreiddar, láta hreppstjórana krefja og geyma í kassa einum, sem þar til er ger; að hverju gerðu

**1758** 28. febr. þeim á svo að skipta, að sá er uppvíst gerði, fái ¼ af þeim, sýslumaður ¼, og hinn helmingurinn falli til fátækra atorkusamra fiskimanna, er missa báta sína, sem og ekkna og barna þeirra, sem farast við fiskiveiðar, þegar þau álítast að vera nauðstödd. Og líkt sem sýslumaður skal ábyrgjast þetta, svo heldur hann og tilhlýðilegan reikning bæði yfir inngjald og útgjald, og gerir á hverju ári skil fyrir því.

## 1973 Lög um róðrartíma fiskibáta.

Nr. 47 25. apríl

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með reglugerð[1] brottfarartíma allra þeirra báta til fiskiróðra, sem sækja til fiskjar, svo og setja ákvæði um eftirlitsskip og um samband bátanna við þau, eftir því sem þurfa þykir.

[1] *Rg. 39/1963 (Faxaflói) skv. eldri lögum.*

■ **2. gr.** Hreppsnefndir og bæjarstjórnir hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélaga skulu hver um sig kjósa 3 – 5 bátaformenn til þess, ásamt skipstjórum eftirlitsskipa, að hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum þeim, er sett kunna að verða samkvæmt ákvæðum 1. gr.

■ **3. gr.** Brot gegn reglugerð, sem sett kann að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum. ...[1] Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

[1] *L. 75/1982, 28. gr.*

## 1872 Tilskipun fyrir Ísland um síldar- og upsaveiði með nót.[1]

12. febr.

[1] *Sjá l. 81/1976.*

■ **1. gr.** Sérhverjum þeim, sem heimilt er að fiska í landhelgi, skal leyft að króa af síld eða upsa með nót upp að landi annars manns, og draga veiðina þar á land; svo má hann og setja þar báta, nætur og önnur veiðarfæri á land upp til aðgerðar og þerris, og salta þar niður aflann; en gjalda skal hann fyrir allt þetta landshlut, 4 af hundraði af veiðinni.

□ [Heimilt er að veiða með herpinót í netlögum annars manns, og skal þá gjalda landshlut, 3 af hundraði af veiðinni, enda sé nótinni ekki fest við land né lagt við festar í netlögum. Nótinni telst ekki lagt við festar, þótt skip, sem er að háfa veiði úr herpinót liggi fyrir akkeri. Nú er slíkri nót fest við land eða lagt við festar innan netlaga, og skal þá gjalda landshlut 4 af hundraði.][1]

[1] *L. 4/1936, 1. gr.*

■ **2. gr.** Geri nótarmenn með þessu skaða á túni, engjum eða haga, eða á friðlýstu æðarvarpi eða selalögnum, eða það verði almennum afnotum landeignarinnar til fyrirstöðu, skulu fyrir það koma sanngjarnar skaðabætur, sem óvilhallir menn er rétturinn nefnir þar til, skulu meta, ef mönnum kemur ekki saman.

■ **3. gr.** Landshlutur fellur undir ábúanda þeirrar jarðar, þar sem gjalda skal landshlut, þótt eigi sé hann eigandi jarðarinnar, nema öðruvísi sé um samið milli hans og landsdrottins.

■ **4. gr.** Hafi fleiri en einn tilkall til landshlutar af landi, þar sem landshlut skal greiða, er nótarformanninum heimilt að borga landshlut allan og skaðabætur fyrir skemmdir, sem kunna að hafa orðið á landeigninni, til einhvers þeirra, nema umboðsmaður gefi sig fram af hendi allra hinna, sem hlut eiga að máli.

■ **5. gr.** Þegar nót er upp dregin, er formaður skyldur til, áður en nótarmenn fara burt, að segja til veiðarinnar þeim, sem eftir næstu grein á undan á hlut að máli, og svo framarlega sem mönnum ekki hefir komið saman um annað, skal þá þegar gjalda landshlut með þeim parti af veiðinni, sem lögákveðinn er, og í því, sem veiðzt hefir. Sé ekki farið eftir ákvörðun þessari, eða ef rangt er sagt til veiðarinnar, skal landshlutur goldinn tvöfalt. Sé rangt sagt til veiðarinnar í sviksamlegum tilgangi, kemur það þar að auk undir hin almennu hegningarlög.

**1872** 12. febr.

■ **6. gr.** Bátar, veiðarfæri og afli nóteigenda skulu standa í veði fyrir landshlut og skaðabótum eftir 2. gr.

■ **7. gr.** Sé nót lögð á helgidegi, og síld eða upsi króaður inni, skal gjalda 2 – 50 rd. þóknun til fátækrasjóðs hreppsins, eftir því hvernig drættinum er varið og ákvörðun sýslumanns. Þessa þóknun má taka lögtaki.

■ **8. gr.** Þar sem nót er lögð, má, eftir að búið er að gefa út streng og byrjað á lagningunni, og þessu er haldið áfram án þess óvanaleg töf eigi sér stað, engin veiðarfæri leggja niður á því sviði, sem ætlazt má á að nótin lyki fyrir.

□ Sé net áður útlögð, sem eru því til fyrirstöðu, að nótin verði dregin og fest, hefir formaður nótarinnar rétt til að taka þau upp, ellegar að draga nótina í land, og, ef til vill, hin útlögðu net með, ef hann bætir eiganda skaða og veiðispjöll.

□ Nú er nót fest, og liggur yfir veiðarfærum, þá má þau eigi upp taka án samþykkis nótarformanns. Þar á móti skal nóteigandi, þegar svo á stendur, annaðhvort skila veiðarfærunum jafngóðum, áður en 12 stundir líði, eða bæta þau með öðrum nýjum og óaðfinnanlegum, eða borga þau í peningum tvennu verði. Auk þessa skal eiganda bætt veiðispjöll eftir því, sem almennt aflast dægur hvert, unz goldið er.

□ Net, sem liggja á sviði því, sem nótin lykur fyrir, má formaður nótarinnar taka upp að ósekju, en borgi veiðispjöll.

■ **9. gr.** Sitji fleiri en einir nótarmenn fyrir síld eða upsa, hafa þeir rétt til nótlagnar, sem fyrst hafa gefið út nótstrenginn og byrjað að leggja nótina, og sé þessu haldið áfram tafarlaust svo sem verður, mega engir hinna tálma þessu. Nú hafa tvennir nótarmenn byrjað að leggja út nót samstundis og aðrir innar, þá skulu þeir, ef síld eða upsi er í báðum nótum og ytri nótin ekki getur bjargað afla sínum, áður en sú innri er upp tekin, hafa drátt í sameiningu, og skal hlutur hvorra fyrir sig ákveðinn eftir áætlun, ef þeir hafa ekki komið sér öðruvísi saman.

□ Nú leggja tvennir nótarmenn samstundis, og hvorir í mót öðrum, og draga hvorugir nótina í land til sinnar hliðar, þá skulu þeir hafa drátt í sameiningu, og skipta til helminga.

■ **10. gr.** Nót, sem engin veiði er í, skal strax upp tekin, ef eigandi nótar, sem utar liggur, og veiði er í, krefst þess.

□ Nóteigandi, sem hefir nót lagða þannig, að öðrum er meinað að leggja nætur sínar, eða draga þær á land, skal skyldur til, þegar þess er krafizt, að draga fram nót sína eða flytja festar og vörp svo mikið sem verður, án þess að skaða afla sinn.

■ **11. gr.** Hver sá, er á nokkurn hátt reynir að tálma nótveiði, og eins hver sá, er með ásettu ráði skemmir nót, sem er lögð út og fest, eða spillir veiðinni að öllu eða

**1872** 12. febr. nokkru leyti, skal sæta hegningu eftir tilskipun þessari, að því leyti sem þyngri hegning ekki liggur við verki hans eftir hinum almennu hegningarlögum.

■ **12. gr.** Fyrir brot gegn ákvörðununum í 8. – 11. gr. skulu koma sektir, frá 5 til 200 rd. Sektirnar renna í landssjóð.

■ **13. gr.** Með sektamál eftir tilskipun þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

□ Sök skal niður falla, þegar hlutaðeigandi við birtingu stefnunnar undirgengst að borga sekt þá, sem dómarinn hefir stungið upp á í stefnunni innan takmarka þeirra, sem nefnd eru í 12. gr., og greiðir sekt þessa og málskostnað að auki, áður 3 sólarhringar líði.

□ Gerð þessa skal dómari bóka í dómabókina svo fljótt sem verður, um leið og stefnan er lögð fram.

■ **14. gr.** Um sakarfyrning skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í 67. gr. í hinum almennu hegningarlögum.[1)]

[1)] *Sjá nú alm. hgl. nr. 19/1940, 81. gr.*

**1901** Nr. 53 20. des. **Lög um viðauka við tilskipun fyrir Ísland 12. febr. 1872 um síldar- og upsaveiði með nót.**

■ **1. gr.** Þilskipum má ekki án samþykkis landeiganda eða ábúanda leggja við festar að haustinu eða í vetrarlegu þar, sem tíðkast síldar- eða upsaveiði með nót, þannig, að þau á nokkurn hátt tálmi veiðinni. Sé það gert, kærir landeigandi eða ábúandi fyrir lögreglustjóra, er kveður með sér tvo kunnuga, óvilhalla menn, til að álíta, hvort skipið liggi svo, að það tálmi veiðinni. Úrskurði þeir, að svo sé, og annað jafntryggt lægi sé fáanlegt í náND, er heimilt að færa skipið úr stað eftir tilvísun lögreglustjóra, svo framarlega að eigandi skipsins eða umsjónarmaður þess ekki gerir það tafarlaust, eftir að honum hefur verið birtur úrskurðurinn.

■ **2. gr.** Kostnað þann, sem leiða kann af færslu skipsins, skal skipseigandi greiða. Ferðakostnaður lögreglustjóra og borgun fyrir álitsgerðina greiðist af gerðarbeiðanda samkvæmt 5. gr. laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum o. fl. 13. marz 1891.[1)]

[1)] *Sjá nú l. 75/1917, 5. gr.*

**1914** Nr. 39 2. nóv. **Lög um beitutekju.**

■ **1. gr.** Sérhver sá, er heimild hefur til fiskiveiða í landhelgi, má setja á land skelfisksbeituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða árós, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða 2 krónur fyrir hvern sólarhring í hvert skipti, sem hann tekur beitu.

□ Fyrir skemmri tíma greiðist sama gjald.

■ **2. gr.** Eigi má taka beitu í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar á sjó út frá stórstraumsfjörumáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart í hvert skipti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans samkvæmt 1. gr.

□ Nú vanrækir formaður að gera ábúanda aðvart í hvert skipti, sem hann ætlar að taka skelfisk fyrir landi hans, og varðar það 10 til 20 kr. sekt fyrir hvert skipti.

■ **3. gr.** Nú tekur maður í óleyfi skelfisk í netlögum annars manns, og varðar það 20 til 200 króna sekt, og borga skal hann allan svo upp tekinn skelfisk tvöföldu gangverði.

■ **4. gr.** Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eftir mati óvilhallra manna.

**1914** Nr. 39 2. nóv.

■ **5. gr.** Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr., áður en hann fer af beitufjöru, nema öðruvísi sé um samið. Séu ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af þeirra hálfu.

□ Nú greiðir beitutaki ekki gjald þetta áður en hann fer af beitufjöru, og skal hann þá greiða tvöfalt gjald.

■ **6. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

■ **7. gr.** Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

**1946** Nr. 45 7. maí **Lög um beitumál.**

■ **1. gr.** Skipa skal þriggja manna nefnd, og er verkefni hennar að sjá um, eftir því sem unnt er, að ávallt sé til í öllum verstöðvum landsins næg og góð beita við eðlilegu verði.

■ **2. gr.** Ríkisstjórnin skipar beitunefnd til tveggja ára í senn. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna, en einn án tilnefningar, og er hann formaður.

■ **3. gr.** Beitunefnd skal kappkosta að hafa sem nánast samband við félagssamtök sjómanna og útvegsmanna um störf þau, er nefndin hefur með höndum. Kostnaður af störfum beitunefndar, þar með talin laun nefndarmanna, sem ráðherra ákveður, skal greiðast úr ríkissjóði.

■ **4. gr.** Beitunefnd skal áætla þörf landsmanna fyrir frysta beitu og kynna sér, hversu horfir um öflun hennar. Fiskifélag Íslands skal annast skýrslu- og upplýsingasöfnun fyrir nefndina. Öllum þeim, sem hafa með höndum sölu eða geymslu á beitusíld, og öllum útgerðarmönnum er skylt að láta Fiskifélagi Íslands í té upplýsingar um beitubirgðir, hvenær sem þess er óskað.

■ **5. gr.** Ef athugun beitunefndar leiðir í ljós, að sérstök ástæða sé til að óttast beituskort, er henni heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að frysta eða láta frysta síld til beitu.

■ **6. gr.** Beitunefnd er heimilt, með samþykki ráðherra, að leigja, kaupa eða byggja hús og tæki til síldarfrystingar og síldargeymslu í þeim tilgangi, sem um ræðir í 5. gr.

□ Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 500 þús. króna lán til frystihúsa, er nefndin kaupir eða lætur byggja.

■ **7. gr.** Nú lætur nefndin frysta síld til beitu, og skal hún þá seld svo vægu verði sem nefndin telur kleift. Útgerðarmenn og félög þeirra eiga forkaupsrétt að beitu frá nefndinni. Beitunefnd getur takmarkað sölu á beitu ef henni þykir við þurfa vegna hættu á misskiptingu beituforðans.

■ **8. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að veita beitunefnd ríkisábyrgð fyrir allt að 200 þús. kr. rekstrarfé vegna síldarfrystingar samkv. 5. gr., ef til hennar kemur. Sérstakt bókhald skal haldið fyrir frystihúsastarfsemina og rekstrinum hagað þannig, að hann svari kostnaði. Í varasjóð skal að minnsta kosti leggja 5% af útsöluverði beitusíldar.

■ **9. gr.** Ef beitunefnd telur nauðsynlegt, að tekinn verði upp fastur rekstur eins eða fleiri frystihúsa, til þess

**1946** Nr. 45 7. maí

að tryggja næga, góða beitu við sanngjörnu verði, þá skal hún, ef hún telur það betur fara, beita sér fyrir almennum samtökum meðal útvegsmanna og hlutarmanna, um að þeir myndi með sér félag, sem hafi rekstur slíkra húsa með höndum.

□ Nú er stofnað til slíkra félagssamtaka á samvinnugrundvelli og félagið opið fyrir alla fiskimenn og útvegsmenn, og skal því félagi þá afhent frystihús beitunefndar með kostnaðarverði, enda sé stofnsamningur þess og samþykktir staðfest af ráðherra.

■ **10. gr.** Óheimilt er að selja frysta síld til beitu, nema hún hafi verið metin af beitumatsmanni og vottorð hans fylgi um, að beitan sé góð og óskemmd vara og að henni fylgi ekki meiri klaki en þörf krefur.

■ **11. gr.** Lögreglustjóri skipar beitumatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, eftir tillögu beitunefndar. Beitumatsmenn annast starf það, sem þeim er falið með lögum þessum, samkv. nánari reglum, er ráðherra setur, að fengnum tillögum beitunefndar. Beitumatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji vinna störf sín vel og samvizkusamlega og fara eftir settum reglum um matið.

□ Kaup beitumatsmanna ákveður ráðherra að fengnum tillögum beitunefndar, en þeir greiða kaupið, sem síldina selja.

□ Beitumatsmenn mega ekki þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta fyrir, né vera þeim á þann hátt háðir, að ætla mætti þá hlutdræga í matinu.

■ **12. gr.** Beitunefnd er heimilt að ákveða hámarksverð á frosinni beitu, enn fremur hámark frystigjalds á beitu, geymslugjalds á beitu og geymslugjalds á beittri línu.

□ Brot gegn verðlagsákvörðunum nefndarinnar varða sektum, allt að 50 000 kr., auk þess sem allur óleyfilegur söluhagnaður skal gerður upptækur.

■ **13. gr.** Rekstur sá, er beitunefnd annast samkvæmt lögum þessum, er undanþeginn útsvari og tekju- og eignarskatti.

■ [**14. gr.** Ráðherra er heimilt, ef hann telur ástæðu til og að fengnum tillögum beitunefndar, að setja reglur um beituskurð á vetrarvertíð, svo sem um hver vera megi hámarksnotkun á beitu í hvern róður.][1]

[1] *L. 13/1947, 1. gr.*

■ [**15. gr.**][1] Brot á lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkv. þeim, varða sektum allt að 10 000 kr.

□ Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

[1] *L. 13/1947, 1. gr.*

**1921** Nr. 53 27. júní

## Lög um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum.

■ **1. gr.** Þegar botnvörpuskip, sem skrásett er hér á landi, er í höfn við fermingu eða affermingu, fer um vinnu háseta eftir því, sem venja hefur verið, nema annars sé getið í ráðningarsamningi háseta.

■ **2. gr.** [Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustundir á sólarhring hverjum til hvíldar og matar. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í lögum þessum skulu ógildir vera.][1]

[1] *L. 54/1956, 1. gr.*

**1921** Nr. 53 27. júní

■ **3. gr.** Engin af fyrirmælum 1. og 2. gr. gilda, þá er skip er í sjávarháska eða líf skipshafnar í hættu.

■ **4. gr.** [Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.][1]

[1] *L. 54/1956, 2. gr.*

■ **5. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá [5000 – 50 000][1] kr. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

[1] *L. 54/1956, 3. gr.*

**1941** Nr. 55 27. júní

## Lög um afla- og útgerðarskýrslur.

■ **1. gr.** Skylt er að gefa skýrslur um allan þann fisk, sem veiddur er hér við land af íslenzkum skipum, svo og afla erlendra skipa, sem lagður er á land. Vatnafiskar eru undanskildir. Sömuleiðis er skylt að gefa skýrslur um útgerð skipa, mannatölu og úthaldstíma og annað það, er að útgerð lýtur, svo sem beitubirgðir, birgðir af útflutningsvörum og annað þess háttar.

□ Fiskifélag Íslands skal sjá um söfnun skýrslnanna í fullu samráði við Hagstofu Íslands og hafa til þess umboðsmenn í öllum helztu veiðistöðvum landsins. Skal Fiskifélagið láta Hagstofu Íslands í té fengnar skýrslur eins oft og hagstofan álítur nauðsynlegt.

■ **2. gr.** Fiskifélagið skal birta yfirlit yfir heildaraflann eins oft og þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en tvisvar á mánuði hverjum. Skal Fiskifélaginu skylt að svara fyrirspurnum frá einstökum mönnum eða félögum um fiski í landinu, nema öðruvísi sé ákveðið.

■ **3. gr.** Eftirtaldir aðilar skulu skyldir til að gefa skýrslur:

1. Skipstjórar og formenn.
2. Útgerðarmenn og félög.
3. Fiskkaupmenn og fisksalar.
4. Niðursuðuverksmiðjur og aðrar verksmiðjur, sem vinna úr fiski.
5. Hraðfrystihús.
6. Síldarverksmiðjur.
7. Síldarútvegsnefnd.
8. Síldarsaltendur.
9. Fiskimálanefnd.
10. Fiskútflytjendur.
11. Fiskverkunarstöðvar.

Atvinnumálaráðherra ákveður fyrirkomulag skýrslusöfnunarinnar með reglugerð að fengnum tillögum Fiskifélagsins.

■ **4. gr.** Fiskifélag Íslands sér fyrir eyðublöðum til skýrslusafnenda, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu.

■ **5. gr.** Vanræki einhver að gefa skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum eða þeim reglugerðum, sem út verða gefnar samkvæmt þeim, sæti sá sektum, [allt að 1000][1] kr. á dag frá þeim degi að telja, er skýrsla skal síðast gefin.

[1] *L. 10/1983, 45. gr.*

■ **6. gr.** Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

1962 Nr. 62 21. apríl

## Lög um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

■ **1. gr.** [Síldarútvegsnefnd skipuleggur og hefur eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

□ Nefndin skal skipuð átta mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir: Sameinað Alþingi kýs þrjá menn hlutfallskosningu, en ráðherra skipar fimm menn, eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi og einn eftir sameiginlegri tilnefningu tveggja síðast greindra félaga. Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt. Vanræki aðili tilnefningu aðalmanns eða varamanns í nefndina, skipar ráðherra þá án tilnefningar.

□ Ráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar úr hópi hinna þingkjörnu nefndarmanna, til eins árs í senn.

□ Séu atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í nefndinni, ræður atkvæði formanns úrslitum.

□ Heimili síldarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skal vera á Siglufirði, en nefndin skal einnig hafa skrifstofur í Reykjavík og á Austurlandi.

□ Nefndin ræður sér starfsfólk.

□ Ráðherra ákveður laun nefndarmanna, og greiðast þau af tekjum nefndarinnar.][1)]

[1)] *L. 54/1968, 1. gr.*

■ **2. gr.** Tekjur síldarútvegsnefndar skulu vera 2% af fob-verði útfluttrar síldar og allt að 5% af rekstrarvörum til síldarsöltunar, sem nefndin hefur til sölumeðferðar. Árlegur tekjuafgangur nefndarinnar skal lagður í sérstakan sjóð í vörzlu nefndarinnar. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu síldarútvegsins samkvæmt ákvörðun nefndarinnar og með samþykki ráðherra.

■ **3. gr.** Síldarútvegsnefnd veitir leyfi til söltunar á síld fyrir innlendan og erlendan markað með þeim skilyrðum, sem hún telur nauðsynleg til að tryggja sem bezt rétt hlutföll söltunar á hina einstöku markaði, góða verkun og geymslu síldarinnar. Hún hefur forgöngu um markaðsleit fyrir síld og annast um, að gerðar séu tilraunir með útflutning á síld, sem verkuð er með öðrum aðferðum en nú eru tíðkaðar, og annað það, sem orðið getur þeim til hagsbóta, sem vinna að framleiðslu saltaðrar síldar.

□ Heimilt er síldarútvegsnefnd að setja umráðamönnum skipa þeirra, er veiða síld til söltunar, reglur um meðferð síldarinnar um borð í skipunum og við löndun síldarinnar. Sé réttum reglum eigi hlýtt, getur nefndin svipt viðkomandi rétti til þess að leggja upp síld til söltunar um lengri eða skemmri tíma.

■ **4. gr.** Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld, sem íslenzk skip veiða, eða verkuð er hér á landi eða lögð á land verkuð, nema löggilding síldarútvegsnefndar komi til.

□ Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir síldarsendingum til útlanda, nema ákvæðum 4. og 5. gr. sé fullnægt.

□ Söltuð síld í neytendaumbúðum, s. s. niðurlögð síld og niðursoðin, er undanskilin ákvæðum þessara laga, eins og nánar verður kveðið á um í reglugerð.[1)]

□ Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, er síldarútvegsnefnd heimilt að veita undanþágu fyrir smásendingum af síld, þegar sérstaklega stendur á.

[1)] *Ath. l. 58/1981.*

■ **5. gr.** Síldarútvegsnefnd löggildir útflytjendur saltaðrar síldar með þeim skilmálum, sem nefndin telur nauðsynlega um löggildingartíma, framboð og lágmarksverð, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma og annað það, sem tryggir sem öruggasta sölu saltsíldarframleiðslu landsmanna. Nefndin gerir þær ráðstafanir, sem hún telur við þurfa til að tryggja, að löggildingarskilmálum sé fullnægt.

□ Til þess að geta fengið löggildingu sem útflytjandi samkvæmt þessari grein, skal hlutaðeigandi fullnægja ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925,[1)] um verzlunaratvinnu, og ráða yfir því lágmarksmagni saltsíldar, sem nefndin ákveður.

□ Með reglugerð má ákveða, að síldarútflytjendur skuli skyldir að taka síld til sölu af framleiðendum, gegn hæfilegri hámarksþóknun, enda sé síldin markaðshæf vara, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir síldarframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

[1)] *Nú l. 41/1968.*

■ **6. gr.** Útflytjendur og síldarsaltendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um hvað eina, sem snertir söltun, sölu og útflutning síldar, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin og starfsmenn hennar eru bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjanda, er þau verða áskynja um á þennan hátt.

□ Skýrslur um síldarsöltun skulu sendar nefndinni daglega.

■ **7. gr.** Síldarútvegsnefnd er heimilt að takmarka síldarsöltun, ákveða hvenær söltun megi hefjast eða banna söltun um skemmri eða lengri tíma, ef nefndin telur slíkar ráðstafanir nauðsynlegar til að tryggja gæði saltsíldarinnar eða sölu hennar.

■ **8. gr.** Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum síldarútvegsnefndar, að veita heildarsamtökum síldarsaltenda eða síldarútvegsnefnd einkarétt til útflutnings á saltaðri síld eða einkarétt til útflutnings á saltaðri síld, sem verkuð er með tilteknum verkunaraðferðum eða seld til ákveðinna landa.

■ **9. gr.** Sé síldarútvegsnefnd eða heildarsamtökum síldarsaltenda veittur einkaréttur samkvæmt 8. gr., skal hver síldarsaltandi bera ábyrgð á gæðum sinnar síldar, en allir saltendur fá jafnt verð fyrir síld, sömu gæða, pökkunar og tegundar, enda sé síldin flutt út með leyfi nefndarinnar og fengizt hafi fyrir hana eigi lægra verð en fyrirframselda síld af sambærilegum gæðum.

□ Greiða skal af óskiptu síldarandvirði, áður en jafnaðarverð er fundið, hæfilegt gjald að dómi síldarútvegsnefndar fyrir geymslu, pökkun og annan kostnað í sambandi við sérstaka verkun og meðferð síldarinnar.

■ **10. gr.** Ráðherra setur með reglugerð[1)] nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

[1)] *Rg. 243/1968, sbr. 199/1969.*

■ **11. gr.** Brjóti löggiltur útflytjandi eða söltunarleyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða fyrirmæla, sem sett eru samkvæmt þeim, getur síldarútvegsnefnd svipt hann þeim réttindum sínum, enda hafi hann ekki sinnt áminningu nefndarinnar.

□ Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð opinberra mála og varða sektum ...,[1)] nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

[1)] *L. 75/1982, 29. gr.*

1962 Nr. 62 21. apríl

**1954** Nr. 56 21. apríl
## Lög um síldarleit úr lofti.[1)]
[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1671 – 1673.*

**1946** Nr. 46 7. maí
## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins.[1)]
[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1973, d. 1808 – 1809.*

**1986** Nr. 93 31. des.
## Lög um Stofnfjársjóð fiskiskipa.
■ **1. gr.** Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa sérstök deild sem nefnist Stofnfjársjóður fiskiskipa.

■ **2. gr.** Hlutverk Stofnfjársjóðs er að tryggja að eigendur fiskiskipa greiði af stofnlánum sem á skipunum hvíla og þá fyrst og fremst með því að greiða afborganir og vexti af lánum þeim sem veitt hafa verið af Fiskveiðasjóði og tryggð með veði í skipunum.

■ **3. gr.** Hvert fiskiskip skal hafa sérreikning hjá Stofnfjársjóði. Inn á reikning þennan skulu renna greiðslur sem nema 7% af samanlögðu hráefnisverði skipsins, sbr. 1. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

□ Semji Fiskveiðasjóður Íslands og útgerðarmaður um hærri greiðslur inn á stofnfjársjóðsreikning skips skal greiðslan við það miðuð enda sé haldið eftir meira fé en 15%, sbr. 5. gr. laga nr. 24/1986.

■ **4. gr.** Ef innstæða er á reikningi skips hjá Stofnfjársjóði og eigandi þess skuldar jafnframt Fiskveiðasjóði gjaldfallnar afborganir, verðbætur, vexti, dráttarvexti eða kostnað af lánum, sem tryggð eru með veði í skipinu, skal Fiskveiðasjóður taka fé af reikningi þessum til greiðslu hinna gjaldföllnu greiðslna að svo miklu leyti sem það hrekkur til þess.

■ **5. gr.** Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs, sbr. 4. gr., er sjóðnum heimilt að nota innstæðu skips á reikningi hjá Stofnfjársjóði til greiðslu gjaldfallinna afborgana og vaxta af stofnlánum vegna skipsins hjá Ríkisábyrgðasjóði og Byggðastofnun.

■ **6. gr.** Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs, Ríkisábyrgðasjóðs eða Byggðastofnunar skv. 4. og 5. gr. skal Fiskveiðasjóður greiða skipseiganda innstæðu skipsins hjá Stofnfjársjóði óski eigandinn þess. Þó er Fiskveiðasjóði heimilt að halda eftir fjárhæð sem á hverjum tíma má ekki nema hærra hlutfalli af næstu greiðslu afborgana og vaxta sem á skipinu hvílir hjá sjóðnum en svarar þeim tíma sem liðinn er frá síðasta gjalddaga í hlutfalli við allt tímabilið milli gjalddaganna.

□ Nú hvílir ekki skuld á skipi hjá Fiskveiðasjóði og skal Stofnfjársjóður þá greiða skipseiganda, án sérstakrar greiðslubeiðni, það fé sem inn á reikning þess kemur.

■ **7. gr.** Sé innstæða í Stofnfjársjóði á reikningi skips þegar greiðslur skv. 4. gr., 5. gr. og 1. málsl. 6. gr. hafa verið inntar af hendi skal Fiskveiðasjóður færa til tekna á reikninginn vexti sem hverju sinni eru ákveðnir með hliðsjón af fjármagnskostnaði skulda er á skipum hvíla hjá Fiskveiðasjóði.

■ **8. gr.** Innstæða hjá Stofnfjársjóði er undanþegin löghaldi, fjárnámi og lögtaki enda þótt færð hafi verið til tekna á reikning skips.

□ Skipseiganda er óheimilt að veðsetja slíka innstæðu eða vísa á hana til greiðslu. Framsal innstæðu er aðeins heimilt sem þáttur í sölu skips.

■ **9. gr.** Innstæða hjá Stofnfjársjóði og réttur til fjár úr honum fylgir skipi við frjálsa sölu og sölu á nauðungaruppboði.

□ Ef skip ferst eða verður dæmt ónýtt skal innstæða hjá Stofnfjársjóði falla til skipseiganda.

■ **10. gr.** Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

■ **11. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt falla úr gildi lög um Stofnfjársjóð fiskiskipa, nr. 4/1976, og 12. gr. l. nr. 24/1986.

**1944** Nr. 9 24. marz
## Lög um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.[1)]
[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1675 – 1677.*

**1945** Nr. 48 23. febr.
## Lög um skipakaup ríkisins.[1)]
[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1677.*

**1945** Nr. 109 31. des.
## Lög um togarakaup ríkisins.[1)]
[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1677.*

**1948** Nr. 16 8. marz
## Lög um smíði tveggja þilfara togara í tilraunaskyni.[1)]
[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1677 – 1678.*

**1950** Nr. 50 25. maí
## Lög um togarakaup ríkisins.[1)]
[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1678.*

**1950** Nr. 88 27. okt.
## Lög um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.[1)]
[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1678.*

**1972** Nr. 113 4. júlí
## Lög um kaup á skuttogurum.[1)]
[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1678 – 1679.*

**1938** Nr. 1 5. jan.
## Lög um síldarverksmiðjur ríkisins.
■ **1. gr.** Hver sá, er reisa vill eða stækka síldarverksmiðjur hér á landi, skal hafa til þess leyfi ríkisstjórnarinnar.

■ **2. gr.** Ríkissjóður hefur að öðru jöfnu forkaupsrétt að síldarverksmiðjum þeim, sem nú eru í landinu eða síðar kunna að verða reistar.

■ **3. gr.** Síldarverksmiðjur þær, sem ríkið nú á eða síðar kann að eignast, skulu reknar samkv. lögum þessum, sé eigi öðruvísi ákveðið.

■ **4. gr.** [Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 7 mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir: Sameinað Alþingi kýs fimm menn hlutbundinni kosningu, en ráðherra skipar tvo menn, annan eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna og hinn eftir sameiginlegri tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands. Varamenn skulu kosnir og skipaðir á sama

**1938** Nr. 1 5. jan.

hátt. Eigi skal þó kveðja varamann til starfa, nema aðalmaður óski þess eða hafi fallið frá. Noti aðilar ekki rétt sinn til tilnefningar aðalmanns eða varamanns, skipar ráðherra þá án tilnefningar. Stjórnin kýs sér sjálf formann.][1]

☐ Yfirstjórn verksmiðjanna er í höndum verksmiðjustjórnar. Hefur hún aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarnefndarmenn hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar, nema þeir séu fjarverandi í erindum verksmiðjanna. Atvinnumálaráðherra[2] setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda.

☐ Til þess að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift þriggja stjórnarnefndarmanna.

☐ Stjórn verksmiðjanna ræður framkvæmdastjóra, er hefur á hendi daglega stjórn verksmiðjanna og umsjón með rekstrinum. Annast hann sölu afurðanna í samráði við stjórnina.

☐ Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið.

☐ Stjórn verksmiðjanna ákveður með erindisbréfi starfsvið framkvæmdastjóra og laun.

[1] *L. 37/1967, 1. gr.* [2] *Nú sjávarútvegsráðherra, sbr. augl. A 96/1969, 12. gr.*

■ **5. gr.** ...[1]

[1] *L. 12/1986, 13. gr.*

■ **6. gr.** Verksmiðjustjórninni er óheimilt, án samþykktar Alþingis, að auka við verksmiðjurnar nýjum vélum eða mannvirkjum umfram það, sem nauðsynlegt er til þess að tryggja öruggan og hagfelldan rekstur þeirra vinnslutækja, sem fyrir eru.

☐ Til allra meiri háttar framkvæmda skal jafnan leita samþykkis ráðherra og leggja fyrir hann ítarlega greinargerð og kostnaðaráætlun.

■ **7. gr.** Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldum, sem síldarverksmiðjur ríkisins stofna til eftir 31. des. 1937, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

■ **8. gr.** Nú er ríkissjóður eigandi síldarbræðslustöðvar, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samvinnufélagi síldveiðimanna, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi Alþingi lagt samþykki sitt á söluna. Enn fremur er það skilyrði fyrir slíkri sölu, að þátttaka í samvinnufélaginu sé almenn, bæði meðal útgerðarmanna og sjómanna.

■ **9. gr.** Verksmiðjurnar kaupa ekki síld af framleiðendum, nema með sérstakri heimild frá atvinnumálaráðherra,[1] en taka við henni til vinnslu fyrir þeirra reikning.

[1] *Nú sjávarútvegsráðherra.*

■ **10. gr.** Áður en starfræksla verksmiðjanna hefst, skal stjórn þeirra gera samninga við þá útgerðarmenn, er óska að fá verksmiðjunum afla sinn til vinnslu, svo og um tölu veiðiskipa. ...[1] Skal áætlun um viðskiptamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. maí ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra[2] innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjanna, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiptamagni, hvort verksmiðjurnar verða reknar það ár.

☐ Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjurnar geti unnið, og getur þá stjórn verksmiðjanna ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka þá síld til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjurnar.

[1] *L. 8/1965, 1. gr.* [2] *Nú sjávarútvegsráðherra.*

■ **11. gr.** ...[1]

[1] *L. 97/1961, 14. gr.*

■ **12. gr.** Síldarverksmiðjum ríkisins skal skylt að selja samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af síldarmjöli, sem slík félög panta fyrir 30. september ár hvert.

☐ Hámarksverð á síldarmjöli til samvinnufélaga, bæjarfélaga, hreppsfélaga og búnaðarfélaga ákveður ríkisstjórnin ár hvert, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar og með hliðsjón af kostnaðarverði og markaðsverði, enda hafi félögin pantað fyrir 30. september það af síldarmjöli, sem þau telja sig þurfa og síldarbræðslurnar geta látið af höndum. Skulu félögin skyld að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 10. nóv. það ár, sem þær eru gerðar.

☐ Félögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum ...[1]

[1] *L. 10/1983, 46. gr.*

■ **13. gr.** Reikningsár verksmiðjanna skal vera almanaksárið. Stjórn verksmiðjanna skal gera reikningsskil fyrir starfsárið svo fljótt sem auðið er, og eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum sínum fyrir 1. júlí ár hvert.

☐ Að þeim tíma liðnum skal stjórn verksmiðjanna tafarlaust senda ríkisstjórninni afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum verksmiðjanna, undirritaða af stjórninni og áritaða af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur verksmiðjanna á árinu.

☐ Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna og ríkisreikningnum.

■ **14. gr.** [Síldarverksmiðjurnar eru undanþegnar tekju- og eignarskatti, svo og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og landsútsvari, samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.[1] Heimilt er þó sveitarstjórnum að innheimta aðstöðugjald af öllum öðrum rekstri verksmiðjanna en síldarbræðslu, þar á meðal vegna seldrar vinnu vélaverkstæða þeirra, enda greiði verksmiðjurnar ekki landsútsvar af þessum rekstri.][2]

[1] *Nú l. 91/1989.* [2] *L. 50/1962, 1. gr.*

■ **15. gr.** Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjanna setur atvinnumálaráðuneytið[1] með sérstakri reglugerð.

[1] *Nú sjávarútvegsráðuneytið.*

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja síldarbræðsluverksmiðju á Austurlandi.**[1] **1932** Nr. 66 23. júní

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1681.*

**Lög um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.**[1] **1934** Nr. 15 25. jan.

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1681.*

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa og starfrækja síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn.**[1] **1935** Nr. 47 28. jan.

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1682.*

**1938** Nr. 10 13. jan.

## Lög um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1682.*

**1940** Nr. 42 12. febr.

## Lög um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1682 – 1683.*

**1941** Nr. 131 19. des.

## Lög um heimild til lántöku fyrir síldarverksmiðjur ríkisins.[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1683.*

**1942** Nr. 93 25. sept.

## Lög um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1683.*

**1950** Nr. 21 8. marz

## Lög um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði.[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1683.*

**1984** Nr. 26 15. maí

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.[1)]

[1)] *Texti í Stjtíð. A 1984, bls. 41.*

**1981** Nr. 58 4. júní

## Lög um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.[1)]

[1)] *Falla úr gildi 31. des. 1990, sbr. l. 44/1990.*

### I. kafli. ...[1)]

[1)] *I. kafli féll úr gildi 31. des. 1988, sbr. 13. gr. þessara laga.*

### II. kafli.

■ **9. gr.** Greiða skal iðnlánasjóðsgjald af lagmetisiðnaði skv. lögum um Iðnlánasjóð nr. 68 10. október 1967 ásamt síðari breytingum.[1)]

□ Lagmetisiðnaðurinn er undanþeginn útflutningsgjöldum af sjávarafurðum.

[1)] *Nú l. 76/1987.*

### III. kafli.

■ **10. gr.** Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins skal vera sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Hlutverk hans er að efla lagmetisiðnaðinn m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflun erlendis. Í þessu skyni er stjórn sjóðsins heimilt að veita framleiðendum lagmetis til útflutnings og Sölustofnun lagmetis óendurkræfa styrki eða lán með hagkvæmum kjörum samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins hverju sinni. Ekki má verja fé sjóðsins til rekstrarstyrkja eða lána.

□ [Heimilt er stjórn sjóðsins að leggja fram úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins hlutafé vegna stofnunar nýrra framleiðslu- eða markaðsfyrirtækja á sviði lagmetis eða taka þátt í hlutafjáraukningu í starfandi fyrirtækjum í lagmetisiðnaði í því skyni að auka vöruþróun, framleiðni eða markaðsstarfsemi þeirra.][1)]

□ Iðnaðarráðherra skipar Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins fimm manna stjórn og jafnmarga til vara með eftirfarandi hætti: Einn samkvæmt tilnefningu Sölustofnunar lagmetis eða síðar sölusamtaka lagmetisframleiðenda, einn samkvæmt tilnefningu Iðntæknistofnunar Íslands, einn skv. tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn skv. tilnefningu sjávarútvegsráðherra, sem sé á árinu 1981 valinn í samráði við Samtök grásleppuhrognaframleiðenda og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, en síðar eftir ábendingu sölusamtaka íslenskra fiskframleiðenda, einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Á sama hátt fer um varamenn þeirra.

[1)] *L. 43/1989, 1. gr.*

■ **11. gr.** Tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins eru fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti.

□ Fullvinnslugjald þetta skiptist þannig:

a. 1% af fob-verði saltaðra grásleppuhrogna og skal innheimta þessa gjalds falla niður 1. apríl 1982.

b. 1% af fob-verði lagmetis.

c. 3% af fob-verði saltaðra matarhrogna og frystra þorskhrogna.

□ Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjald í lögum nr. 5 13. febrúar 1976.[1)]

□ Enn fremur skal með sama hætti innheimta 1% gjald af fob-verði saltaðra grásleppuhrogna fram til 1. apríl 1982 og renni andvirði þess til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.

[1)] *Sjá nú l. 24/1986.*

■ **12. gr.** Iðnaðarráðherra setur reglugerð[1)] um nánari framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum stjórnar Sölustofnunar lagmetis og stjórnar Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins.

[1)] *Rg. 175/1984 (um Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins).*

■ **13. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum. I. kafli þessara laga, þ. e. greinar 1 – 8 að báðum meðtöldum, fellur úr gildi [31. desember 1988].[1)]

[1)] *L. 37/1985, 1. gr.*

**1990** Nr. 44 18. maí

## Lög um að leggja Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins niður og ráðstafa eignum hans til lagmetisframleiðenda og samtaka þeirra.

■ **1. gr.** Starfsemi Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins skal lögð niður miðað við 31. desember 1990 og skulu þá falla úr gildi lög nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með áorðnum breytingum.

■ **2. gr.** Eignum Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins skal ráðstafað þannig:

a. Þróunarsjóður lagmetis greiði Sölusamtökum lagmetis 50 milljóna króna styrk við gildistöku laga þessara.

b. Eignarhlutur sjóðsins í fasteigninni að Síðumúla 37, Reykjavík, verði seldur og andvirði eignarinnar varið til að styrkja Sölusamtök lagmetis og lagmetisframleiðendur utan Sölusamtakanna.

c. Tekjum sjóðsins á árinu 1990 skal varið til styrkja, hlutafjárframlaga og lána í samræmi við tilgang hans.

d. Hlutabréf, lausafé og skuldabréfaeign sjóðsins 31. desember 1990 skulu renna í Iðnlánasjóð og mynda

**1990** Nr. 44 18. maí

sérstakan sjóð innan vöruþróunar- og markaðsdeildar er nýttur skal til vöruþróunar og markaðsmála á sviði lagmetis. Heimilt skal að breyta útlánum í hlutafé í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu einstakra fyrirtækja.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

**1940** Nr. 60 7. maí

**Lög um síldartunnur.**[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1688.*

**1943** Nr. 46 14. apríl

**Lög um frestun á framkvæmd laga nr. 60 7. maí 1940, um síldartunnur.**[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1688.*

**1902** Nr. 28 25. sept.

**Lög um síldarnætur.**[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1688.*

**1969** Nr. 16 1. apríl

**Lög um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968.**[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1689.*

**1970** Nr. 64 12. maí

**Lög um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumurin 1969 og 1970.**[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1689 – 1691.*

**1949** Nr. 52 25. maí

**Lög um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.**[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1691 – 1692.*

**1943** Nr. 110 30. des.

**Lög um olíugeyma o. fl.**[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1692 – 1693.*

**1955** Nr. 49 16. maí

**Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa togarann Vilborgu Herjólfsdóttur.**

**1955** Nr. 50 16. maí

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Neskaupstað.**

**1956** Nr. 84 8. des.

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur.**

**1985** Nr. 43 4. júní

**Lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins.**

**I. kafli. Skipan Verðlagsráðs og verkefni.**

■ **1. gr.** Verðlagsráð sjávarútvegsins annast meginframkvæmd laga þessara. Sjávarútvegsráðherra skipar Verðlagsráð eftir tilnefningu eftirtalinna aðila, þannig:

**A. Af hálfu fiskseljenda:**

- 2 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

**B. Af hálfu fiskkaupenda:**

- 1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Sjávarafurðadeild S. Í. S.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.
- 4 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

□ Fulltrúar í Verðlagsráði skulu skipaðir til tveggja ára í senn. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og taka sæti í Verðlagsráði í forföllum aðalmanna. Verðlagsráð kýs sér formann og ritara til eins árs í senn, annan úr hópi fiskseljenda og hinn úr hópi fiskkaupenda. Skulu þeir ásamt framkvæmdastjóra undirbúa fundi ráðsins.

□ Heimilt er þeim, sem tilnefna eiga fulltrúa samkvæmt þessari grein, að skipta um fulltrúa sína í Verðlagsráði, eftir því sem rétt þykir, til þess að sjónarmið þeirra fiskseljenda og fiskkaupenda, sem hlut eiga að máli við hverja verðákvörðun, komi sem best fram.

□ Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk er annist dagleg störf eftir því sem þörf krefur.

■ **2. gr.** Við ákvörðun um verð á sjávarafla skal Verðlagsráð skipað 8 fulltrúum, jafnmörgum frá fiskseljendum og fiskkaupendum skv. 1. gr.

■ **3. gr. Fiskideild.** Þegar ákveða skal verð á sjávarafla, öðrum en þeim sem tilgreindur er í 4. og 5. gr., skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 1 frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og 1 frá Sjávarafurðadeild S. Í. S. og 2 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

□ Þegar ákveða skal verð á rækju og hörpudiski skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 2 frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, 1 frá Sjávarafurðadeild S. Í. S. og 1 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

□ Þegar ákveða skal verð á lifur og fiskúrgangi úr sjávarafla, öðrum en síld, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum; 3 fulltrúum seljenda, þannig:

- 1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.
- 1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.
- 1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og Sjávarafurðadeild S. Í. S. í Verðlagsráði og má hann ekki eiga aðild að kaupum á fiskúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt þessari málsgrein;

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

□ Þegar ákveða skal verð á síldarúrgangi skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum; 3 fulltrúum seljenda, þannig:

- 1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

**1985** Nr. 43 4. júní

1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.
1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Þessi fulltrúi má ekki eiga aðild að kaupum á síldarúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt 2. mgr.;

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

■ **4. gr. Síldarsöltunardeild.** Þegar ákveða skal verð á síld til söltunar skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 2 frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og 2 frá Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.

■ **5. gr. Bræðsludeild.** Þegar ákveða skal verð á síld og loðnu til bræðslu, svo og öðrum fiski sem veiddur er eingöngu eða að verulegu leyti til bræðslu, skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

□ Með reglugerð má ákveða að verðlagning samkvæmt 4. og 5. gr. sé bundin við ákveðið verðlagssvæði.

■ **6. gr.** Aðalverkefni Verðlagsráðs eru:

1. Að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla, úrgangsfiski og fiskúrgangi sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningstæki til útflutnings óunninn, sbr. þó ákv. 2. mgr. þessarar greinar.

2. Að fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum á hverjum tíma.

3. Að safna gögnum um framleiðslukostnað einstakra greina veiða og vinnslu, svo og að safna öðrum þeim gögnum sem ákvarðandi kunna að vera um verð á sjávarafla.

□ Verðlagsráði er heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa ef sérstaklega stendur á að mati ráðsins enda sé um það einróma samkomulag í ráðinu.

■ **7. gr.** Skylt skal öllum opinberum aðilum, svo sem Fiskifélagi Íslands og Hagstofu Íslands, ásamt útflutningssamtökum fiskframleiðenda, svo og öðrum þeim aðilum sem hafa með höndum sölu og/eða vinnslu sjávarafurða, að láta Verðlagsráði í té allar upplýsingar er því geta að gagni komið við störf þess og þessir aðilar geta veitt. Samtökum útvegsmanna skal á sama hátt skylt að láta Verðlagsráði í té allar upplýsingar um rekstrskostnað fiskiskipa.

**II. kafli. Um verðákvarðanir Verðlagsráðs.**

■ **8. gr.** Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla meðal annars hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra. Jafnframt skal Verðlagsráð haga verðákvörðunum sínum þannig að þær stuðli að bættri meðferð afla, þ. e. tekið verði mið af gæðum sjávarafla eftir því sem markaðsaðstæður bjóða.

□ Skal Verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda. Verðlagsráð kveður sjálft á um verðlagstímabil.

■ **9. gr.** Verðlagsráð skal í störfum sínum vinna að verðákvörðunum svo tímanlega að verðlagning sjávarafla liggi fyrir áður en nýtt verðlagstímabil hefst. Ákveða skal með reglugerð hvenær verðákvörðun skuli liggja fyrir í síðasta lagi.

**1985** Nr. 43 4. júní

■ **10. gr.** Nú næst ekki einróma samkomulag í Verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða um verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma og skal þá vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar með greinargerð um þau atriði sem samkomulag er um. Yfirnefndin skal skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fiskseljendum og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L. Í. Ú. – og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra sem tilnefna menn í Verðlagsráð skv. B-lið 1. gr. – en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af þeim aðila sem ágreiningur er við og einum oddamanni sem skal vera forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar eða fulltrúi hans.

□ Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

■ **11. gr.** Ákvarðanir Verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð og má enginn selja sjávarafla undir því verði sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

**III. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **12. gr.** Sjávarútvegsráðherra ákveður verðlagsráðsmönnum þóknun fyrir störf þeirra og greiðist hún úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið og starfsemi þess.

■ **13. gr.** Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Verðlagsráðs.

■ **14. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ Nú tregðast aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Verðlagsráði skýrslu eða upplýsingar, við að láta þær í té og má þá beita dagsektum frá 500 kr. til 5000 kr. þar til hann uppfyllir skyldur sínar.

■ **15. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 81 23. júlí 1974, sbr. l. nr. 27/1978 og l. nr. 15/1983.

■ **Ákvæði til bráðabirgða I.** Sjávarútvegsráðherra skal skipa í Verðlagsráð eftir tilnefningu aðila samkvæmt ákvæðum laga þessara og komi hin nýja skipan til framkvæmda frá og með 1. mars 1985. Jafnframt falli þá niður umboð þeirra aðila sem skipaðir voru í Verðlagsráð samkvæmt lögum nr. 81/1974 frá 1. október 1983.

■ **Ákvæði til bráðabirgða II.** Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávarafla er gildi fyrir tímabilið 21. nóvember 1984 til 31. ágúst 1985, með heimild til uppsagnar á verðtímabilinu, þó ekki fyrr en frá 1. júní 1985 varðandi almennt fiskverð.

## Lög um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

**1989** Nr. 123 28. des.

■ **1. gr.** Sjávarútvegsráðherra veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla. Við veitingu leyfa skal ráðherra m. a. meta hvort skilyrði frjálsrar verðmyndunar á uppboðsmarkaði séu fyrir hendi með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkaða.

**1989** Nr. 123 28. des.

□ Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar skal veitt til eins árs í senn. Ráðherra er heimilt að svipta aðila leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fullnægi hann ekki skilyrðum settum í lögum þessum eða reglum um starfsemi markaðarins, sbr. 4. gr.

■ **2. gr.** Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. Hafi íslenskan ríkisborgararétt og haft fasta búsetu á Íslandi sl. tvö ár.

b. Séu fjárráða.

c. Hafi forræði á búi sínu.

□ Enn fremur má veita hlutafélögum leyfi til reksturs, enda sé allt hlutafé í eign íslenskra ríkisborgara, sbr. 11. gr. laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

■ **3. gr.** Lög nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, og reglur settar með stoð í þeim lögum, gilda um húsnæði og búnað uppboðsmarkaðar og meðferð afla eftir því sem við getur átt.

■ **4. gr.** Áður en rekstur uppboðsmarkaðar hefst skal leyfishafi leita samþykkis ráðherra á reglum um starfsemi markaðarins. Aðeins er heimilt að breyta reglum um starfsemi uppboðsmarkaðar með samþykki ráðherra.

■ **5. gr.** Þeim aðilum, sem leyfi hafa til reksturs uppboðsmarkaðar, er skylt að láta liggja frammi yfirlit yfir selt aflamagn hvers dags, kaupendur þess og verð. Skulu þeir daglega senda Fiskifélagi Íslands afrit af þessu yfirliti.

□ Þá er skylt að senda opinberum aðilum, sem þess óska, skýrslu um seljendur afla, aflamagn, kaupendur og verð.

■ **6. gr.** Leyfishafar skulu standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljenda og sjá um skil á greiðslum samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

□ Leyfishafi skal krefjast greiðslutryggingа af kaupanda sé ekki um staðgreiðslu að ræða.

□ Við skiptingu greiðslna samkvæmt þessari grein skal miða við uppboðsandvirði að frádregnum beinum kostnaði af uppboðinu.

■ **7. gr.** Um sjávarafla, sem seldur er á uppboðsmarkaði, gilda ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

■ **8. gr.** Leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a. m. k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs og skal hann hafa löggildingu til starfans.

□ Sjávarútvegsráðherra veitir löggildingu.

■ **9. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

**1986** Nr. 24 7. maí

## Lög um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

### I. kafli. Um skiptaverðmæti sjávarafla.

■ **1. gr.** [Þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann. Þessi hlutfallstala skal hækka eða lækka við breytingar á verði gasolíu til fiskiskipa með hliðsjón af því gasolíuverði í birgðum olíufélaganna sem olíuverðsákvörðun miðast við hverju sinni. Skiptahlutfallið skal hækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala lækkun á birgðaverði gasolíu niður fyrir 109 Bandaríkjadali á tonn fob en lækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala hækkun á birgðaverði gasolíu umfram 133 Bandaríkjadali á tonn fob. Skiptaverðmæti aflans skal þó aldrei vera lægra samkvæmt þessari grein en 70% af heildarverðmæti. Breytingar á gasolíuverði til fiskiskipa skulu miðast við mánaðamót.

□ Frá og með 1. júní 1987 skal skiptaverðmæti skv. 1. málsl. 1. mgr. hækka í 76% af heildaraflaverðmæti. Frá sama tíma breytist viðmiðun til lækkunar skiptaverðmætishlutfalls skv. 3. málsl. 1. mgr. á þann hátt að hlutfallstalan lækki um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala hækkun á birgðaverði gasolíu umfram 145 Bandaríkjadali á tonn fob.][1)]

[1)] *L. 21/1987, 1. gr.*

■ **2. gr.** Þegar fiskiskip siglir með ísfisk til sölu í erlendri höfn er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta, aflaverðlauna og aukaaflaverðlauna 64% af því heildarverðmæti (brúttósöluverðmæti) sem útgerðin fær fyrir hann. Þetta hlutfall skal þó vera 70% þegar fiski er landað til bræðslu erlendis.

■ **3. gr.** [Þegar afli fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði skal draga frá heildarverðmæti flutningskostnað, erlenda tolla og kostnað við söluna erlendis annan en umboðslaun. Skiptaverðmæti skal vera 76% af þannig ákveðnu söluverði með þeim breytingum til hækkunar eða lækkunar sem kveðið er á um í 1. gr.][1)]

[1)] *L. 21/1987, 2. gr.*

■ **4. gr.** [Þegar seldur er afli fiskiskips sem frystir bolfisk um borð, heilan eða flakaðan, er skiptaverðmætið 74,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta skiptahlutfall skal þó vera 69% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

□ Þegar seldur er afli fiskiskips sem frystir rækju um borð er skiptaverðmætið 71,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta hlutfall skal þó vera 66% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

□ Skiptahlutfallið skal hækka eða lækka um hálft prósentustig fyrir hvert eitt prósentustig sem skiptahlutfallið breytist til hækkunar eða lækkunar skv. 1. og 2. mgr. 1. gr.][1)]

[1)] *L. 21/1987, 3. gr.*

### II. kafli. Um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

■ **5. gr.** Þegar framleiðandi sjávarafurða veðsetur framleiðslu sína við töku afurðaláns hjá viðskiptabanka eða öðrum lánveitanda skal hann greiða minnst 15%, sbr. 7. gr., af samanlögðu hráefnisverði hvers skips, sem lagði hráefni til vinnslunnar, inn á sérstaka bankareikninga. Veðsetji framleiðandi eða annar fiskkaupandi ekki fiskafurðir sínar skal hann eigi að síður inna þessa greiðslu af hendi innan fjórtán daga frá því fiskurinn var afhentur.

□ Viðskiptabanki útvegsmanns skal við gjaldeyrisskil leggja minnst 15% af brúttósöluverðmæti ísfisks, sem seldur er í erlendri höfn, sbr. 2. og 3. gr., inn á sams konar bankareikninga.

□ Sama greiðsluskylda og að framan greinir hvílir á

**1986** Nr. 24 7. maí

útvegsmönnum veiðiskipa sem vinna og frysta afla um borð, og miðast þá 15%-greiðslan við skilaverðmæti framleiðslunnar og fellur í gjalddaga við gjaldeyrisskil.

□ Ákvæði þessarar greinar ná ekki til opinna báta og þilfarsbáta undir 10 lestum, sbr. 6. gr.

■ **6. gr.** Framleiðendur sjávarafurða og aðrir fiskkaupendur skulu greiða 10% af samanlögðu hráefnisverði þess afla, sem þeir taka við af opnum bátum og þilfarsbátum undir 10 lestum, inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning smábáta hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa eftir sömu reglum og greinir í 5. gr., eftir því sem við getur átt.

■ **7. gr.** Fé því, sem haldið er eftir skv. 5. gr., skal miðla á þennan hátt:

1. 7% af hráefnisverði greiðist inn á stofnfjársjóðsreikning skipsins hjá Fiskveiðasjóði Íslands, sbr. lög nr. 4/1976,[1] með síðari breytingum. Semji Fiskveiðasjóður Íslands og útgerðarmaður um hærri greiðslu inn á stofnfjársjóðsreikning skal greiðslan við það miðuð enda sé þá haldið eftir meira fé en 15%, sbr. 5. gr.
2. 6% af hráefnisverði greiðist inn á vátryggingarreikning skipsins hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sbr. lög nr. 17/1976.
3. 2% af hráefnisverði greiðist inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa.

[1] *Nú l. 93/1986.*

■ **8. gr.** Fé því, sem safnast á greiðslumiðlunarreikning smábáta skv. 6. gr., skal skipta mánaðarlega og færa til tekna á bankareikninga í þessum hlutföllum:

1. Til lífeyrissjóða sjómanna . . . . . 48%
2. Til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingu skipverja, sams konar þeim sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, þar á meðal vegna grásleppuveiða, svo og af vátryggingu báts, og eiga þessi ákvæði við allar veiðar smábáta, einnig við grásleppuveiðar, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur . . . 47%
3. Til Landssambands smábátaeigenda, þar með vegna grásleppuveiða . . . . . 5%

■ **9. gr.** Fé því, sem safnast á greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa skv. 3. tölul. 7. gr., skal skipta mánaðarlega og færa til tekna á bankareikninga í þessum hlutföllum:

1. Til lífeyrissjóða sjómanna . . . . . 92,0%
2. Til Sjómannasambands Íslands og sjómanna innan Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða . . . . . 2,4%
3. Til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands . . . . . 1,6%
4. Til Landssambands íslenskra útvegsmanna . 4,0%

■ **10. gr.** Lífeyrissjóður sjómanna skal hafa yfirumsjón með því að fé, sem inn kemur skv. 1. tölul. 8. gr. og 1. tölul. 9. gr., sé skipt og greitt inn á reikning hvers skips til hlutaðeigandi lífeyrissjóða í hlutfalli við iðgjaldsskyldan aflahlut skipverja.

■ **11. gr.** Þeim viðskiptabönkum eða öðrum, sem halda eftir fé útvegsmanna skv. lögum þessum, er skylt að senda þeim viðurkenningar fyrir móttöku fjárins án tafar. Stofnfjársjóði fiskiskipa er skylt að senda þeim samtökum og sjóðum, sem tilgreind eru í 8. og 9. gr., mánaðarlegt yfirlit yfir allar innborganir á greiðslumiðlunarreikninga og skiptingu þeirra.

□ Lögtaksréttur fylgir kröfu vegna hlutdeildar af hráefnisverði, sbr. 5. og 6. gr. laga þessara. Sé greiðsla ekki innt af hendi innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af vangreiddri fjárhæð.

**III. kafli.** ...[1]

[1] *L. 93/1986, 11. gr.*

**IV. kafli.**[1]

[1] *Sjá 1. og 2. gr. laga nr. 17/1976.*

**V. kafli.**[1]

[1] *Tímabundin ákvæði um söluskatt. Sjá Stjtíð. A 1986, bls. 74.*

**VI. kafli. Um reglugerð og gildistöku.**

■ **16. gr.** Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga, þar með um innheimtu skv. II. kafla, yfirlit yfir greiðslumiðlun og um endurskoðun og eftirlit með greiðslum sem Fiskveiðasjóður Íslands skal annast fyrir hönd Stofnfjársjóðs fiskiskipa og samtaka sjómanna og útvegsmanna.

■ **17. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til fiskafla og sjávarafurðaframleiðslu frá og með 15. maí 1986. Jafnframt falla úr gildi hinn 15. maí 1986 lög nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum, lög nr. 43/1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, sbr. lög nr. 79/1984, lög nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, og lög um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar.[1] Þá er sjávarútvegsráðherra heimilt að fella niður útflutningsgjald af fóðurlýsi sem framleitt er og/eða flutt út frá ársbyrjun 1986 til 15. maí 1986. Enn fremur skal ekki innheimta útflutningsgjald af þeirri skreið sem flutt er út eftir 1. janúar 1986 en framleidd var fyrir 31. desember 1984.

□ Þótt lög nr. 52/1983 og lög nr. 43/1982 falli úr gildi 15. maí 1986 skal greiða útflutningsgjöld skv. þeim af gjaldskyldum sjávarafurðum sem framleiddar eru fyrir en fluttar út eða greiddar eftir þann dag. Því fé, sem inn kemur af útflutningsgjöldum af þessari vöru eftir 14. maí 1986, skal ráðstafa skv. ákvæðum laga nr. 52/1983 og nr. 43/1982. Til þess að auðvelda framkvæmd ákvæða þessarar mgr. skulu allir framleiðendur sjávarafurða skyldir að senda Fiskifélagi Íslands sérstakt yfirlit yfir birgðir sjávarafurða miðað við 14. maí 1986.

□ Þegar lög nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, ganga úr gildi lýkur jafnframt starfsemi Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa sem hafa haft tekjur af þeim.

[1] *L. 46/1986.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**[1]

[1] *Bráðabirgðaákvæðin fjalla um tímabundna ákvörðun fiskverðs og uppgjör sjóða. Um textann vísast í Stjtíð. A 1986, bls. 75 – 76.*

**Lög um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi í Siglufirði.**[1] **1963** Nr. 27 26. apríl

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1702.*

**Lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.** **1990** Nr. 39 15. maí

■ **1. gr.** Stofna skal sjóð er nefnist Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna á sjávarafurðum á þjóðarbúskapinn.

■ **2. gr.** Sjávarútvegsráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Einn fulltrúi skal skipaður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Lands-

sambands íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu hagsmunasamtaka í fiskiðnaði og þrír án tilnefningar. Sjávarútvegsráðherra skipar formann sjóðstjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Náist ekki samkomulag um sameiginlega tilnefningu fulltrúa í stjórn skipar ráðherra hann án tilnefningar.

■ **3. gr.** Verðjöfnunarsjóði skal skipt í deildir eftir tegundum afurða. Sjávarútvegsráðherra tekur ákvörðun um deildaskiptingu sjóðsins samkvæmt tillögum sjóðstjórnar.

■ **4. gr.** Greitt skal í Verðjöfnunarsjóð þegar markaðsverð afurða í hverri deild er að meðaltali 3–5% hærra en staðvirt meðalverð (grundvallarverð) síðustu fimm árin og skal innborgunin vera 50% af því sem umfram er. Sjóðstjórn ákveður fyrir hverja deild hvar 3–5% verðbilið er hverju sinni. Verðjöfnun skal miðast við útflutning og greiðslur innheimtar við gjaldeyrisskil, þó ekki síðar en fjórum mánuðum eftir að útflutningur átti sér stað. Sjóðstjórninni er þó heimilt að veita lengri greiðslufrest standi sérstaklega á. Greiðslur skulu renna inn á verðjöfnunarreikning á nafni viðkomandi framleiðanda.

■ **5. gr.** Greiða skal af verðjöfnunarreikningum sjóðsins þegar markaðsverð er að meðaltali 3 – 5% lægra en staðvirt meðalverð (grundvallarverð) síðustu fimm ára og skal útgreiðsla vera 50% af því sem á vantar. Sjóðstjórn ákveður fyrir hverja deild hvar 3–5% verðbilið er hverju sinni. Greiðslur skulu þó aldrei vera umfram það fé sem er inni á viðkomandi verðjöfnunarreikningi. Verðjöfnun skal miðast við útflutning. Greiðslur eru gjaldkræfar við gjaldeyrisskil.

■ **6. gr.** Sjávarútvegsráðherra skal ákveða mánaðarlega fyrir fram, að fenginni tillögu sjóðstjórnar, það hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við. Breytist það hlutfall ekki innan mánaðarins enda þótt breyting verði á því markaðsverði sem lá til grundvallar ákvörðuninni, sbr. 4. og 5. gr. Lánastofnanir skulu innheimta greiðslur til sjóðsins skv. 4. gr.

■ **7. gr.** Innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins teljast eign hans en eru bundnar við verðjöfnun á afurðum þess framleiðanda sem inneign myndaði. Sé félagi, sem á reikning í sjóðnum, slitið og það sameinað öðru félagi með þeim hætti að ákvæðum 56. og 57. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, sé fullnægt skal það félag, er við tekur, taka við rétti til verðjöfnunar af sérreikningi þess félags sem slitið var. Sé rekstur einstaklings, sem greitt hefur í sjóðinn, seldur er heimilt að kveða svo á að innstæða á verðjöfnunarreikningi fylgi með í sölunni. Með sama hætti getur innstæða á nafni einstaklings flust yfir á félag sem myndað kann að vera um rekstur hans. Látist einstaklingur, sem greitt hefur í sjóðinn, taka erfingjar hans við öllum réttindum sem hinn látni hafði áunnið sér gagnvart sjóðnum uppfylli þeir ákvæði laga þessara, nema um skuldafrágöngubú sé að ræða.

☐ Verði framleiðandi gjaldþrota eða sé félagi slitið án þess að ákvæði 1. mgr. eigi við skal innstæða á verðjöfnunarreikningi þess renna inn á óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs. Sama á við ef framleiðandi hefur ekki í sex ár framleitt sjávarafurðir til útflutnings.

■ **8. gr.** Greiðslur framleiðenda inn á verðjöfnunarreikninga hjá Verðjöfnunarsjóði skulu koma til lækkunar á tekjum þeirra á því ári sem framleiðsla á sér stað. Útgreiðslur af verðjöfnunarreikningum til framleiðenda skulu færðar til tekna á því ári sem framleiðsla á sér stað.

■ **9. gr.** Skylt er framleiðendum og útflytjendum sjávarafurða ásamt flutningafyrirtækjum og lánastofnunum að veita Verðjöfnunarsjóði allar þær upplýsingar sem hann kann að leita eftir um söluverð, söluskilmála, tegundir, pakkningar, vinnslustig afurða og annað það sem máli skiptir.

■ **10. gr.** Stjórn sjóðsins er heimilt að fella niður inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð verði verulegur aflabrestur.

☐ Fari samanlagðar innstæður einstakra deilda umfram 30% af verðmæti útfluttra afurða viðkomandi tegundar síðasta almanaksár er stjórninni heimilt að lækka inngreiðslur eða fella þær niður um tiltekinn tíma.

☐ Stjórn sjóðsins er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. gr., að ákveða að verðjöfnun fyrir óunnar botnfiskafurðir taki mið af verðjöfnun botnfiskafurða er undir aðrar deildir falla.

■ **11. gr.** Stjórn Verðjöfnunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins. Hún ræður starfsfólk til að annast daglegan rekstur hans eða semur um það við fjármálastofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.

☐ Kostnaður af rekstri Verðjöfnunarsjóðs skal greiddur af óskiptum reikningi sjóðsins. Sé rekstrarkostnaður meiri en nemur innstæðu á óskiptum reikningi sjóðsins skal honum skipt hlutfallslega niður á verðjöfnunarreikninga sjóðsins.

☐ Innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins skulu ávaxtaðar á tryggan og hagkvæman hátt í erlendum gjaldeyri.

■ **12. gr.** Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð,[1)] að fengnum tillögum sjóðstjórnar, nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

[1)] *Rg. 343/1978, sbr. 489/1986. Sett skv. eldri lögum.*

■ **13. gr.** Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast.

■ **14. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 72 21. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum, og lög nr. 13 16. mars 1988, um aðgerðir í sjávarútvegi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Ríkissjóður skal taka við skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Innstæður deilda í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins skulu færðar á sérstaka reikninga í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þegar útborgunartilefni skapast skv. ákvæðum 5. gr. þessara laga skal greiða verðbætur á útflutning af þessum reikningum óháð innstæðum hvers fyrirtækis í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þessar greiðslur skulu þó bundnar við afurðir þeirrar deildar í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins sem átti innstæðuna. Þegar innstæðan á einhverjum þessara reikninga er orðin minni en svarar til 0,2% af útflutningsverðmæti viðkomandi tegundar síðasta almanaksár skal afgangurinn renna í óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins og frekari útgreiðslur fara eftir ákvæðum 5. gr. laganna.

☐ Innstæða á stofnfjárreikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skal renna í óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins.

1990 Nr. 39 15. maí

**1990** Nr. 40 15. maí

## Lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

■ **1. gr.** Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins og hafi það tvíþætta hlutverk að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga á útgerðarháttum.

□ Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn kaupa fiskiskip sem kunna að vera til sölu á hverjum tíma og selja þau úr landi eða eyða þeim og ráðstafa veiðiheimildum sem honum eru framseldar eða úthlutað er til hans. Þá er sjóðnum heimilt að veita styrki til úreldingar skipa enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

□ Sjóðurinn skal koma til aðstoðar í einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskipa. Í þessu skyni getur sjóðurinn framselt tímabundið veiðiheimildir enda verði aflanum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.

■ **2. gr.** Sjávarútvegsráðherra skipar fimm menn í stjórn Hagræðingarsjóðs til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn eftir sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskveiðasjóðs Íslands, einn eftir tilnefningu Byggðastofnunar, en einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður sjóðstjórnar.

□ Nýti einhver tilnefningaraðila ekki rétt sinn til tilnefningar stjórnarmanns eða náist ekki samkomulag um sameiginlega tilnefningu skipar ráðherra stjórnarmann í hans stað. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og getur í 1. mgr.

■ **3. gr.** Stofnfé Hagræðingarsjóðs skal vera:

1. Þær eftirstöðvar eigna hins eldra Úreldingarsjóðs sem varðveittar eru í skuldabréfum skv. d-lið 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

2. Eignir Aldurslagasjóðs fiskiskipa, sbr. II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

3. Söluandvirði eigna eða stofnana ríkisins sem lagt kann að verða til sjóðsins með sérstökum lögum.

■ **4. gr.** Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu árlega greiða gjald til Hagræðingarsjóðs. Skal gjaldið nema 800 kr. af hverri brúttórúmlest en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 240 000 kr. fyrir hvert skip. Gjalddagi hagræðingarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmlestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

□ Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á vátryggingarreikning skips skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Hagræðingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

□ Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagræðingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingarsjóðsgjaldi.

□ Hagræðingarsjóðsgjald skv. 1. mgr. er grunngjald. Ráðherra er heimilt að hækka gjald þetta allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í janúar 1990, þ. e. 159,6 stig.

■ **5. gr.** Hagræðingarsjóði skal árlega úthlutað þeim aflaheimildum sem ekki nýttust á næstliðnu fiskveiðiári vegna álags á aflamark við útflutning á óunnum fiski, sbr. 7. mgr. 10. gr. laga um stjórn fiskveiða. Aflaheimildir þessar skulu þó aldrei vera meiri en 12000 þorskígildistonn árlega miðað við verðmætahlutföll er ráðherra ákveður. Skal allt að helmingi þessara aflaheimilda varið til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er höllum fæti standa, sbr. 9. gr., en að öðru leyti skulu aflaheimildir þessar framseldar skv. ákvæðum 8. gr. til að standa undir kaupum á skipum til úreldingar.

■ **6. gr.** Stjórn Hagræðingarsjóðs er heimilt árlega að taka lán vegna skipakaupa að fjárhæð allt að 80% af áætluðu samanlögðu kaupverði skipa á árinu eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lána þessara.

□ Noti stjórn Hagræðingarsjóðs heimild 1. mgr. að fullu, eða hluta, til yfirtöku áhvílandi lána á fiskiskipi við kaup ber ríkissjóður sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu eftirstöðva þeirra eftir að veði hefur verið fargað eða það selt úr landi. Fiskveiðasjóði Íslands er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 44/1976, að tryggja lán með ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt þessari málsgrein í stað 1. veðréttar í skipi.

■ **7. gr.** Við kaup á skipum til úreldingar skal stjórn sjóðsins miða við að fiskiskipastóllinn þróist þannig að fiskstofnarnir séu nýttir með sem hagkvæmustum hætti, m. a. með tilliti til aldursdreifingar afla og aflameðferðar um borð.

□ Aflaheimildir þeirra skipa, sem sjóðurinn kaupir, falla ekki niður þótt þeim skipum, sem þær höfðu, sé fargað. Flytjast þær til sjóðsins er ráðstafar þeim samkvæmt ákvæðum laga þessara að teknu tilliti til ákvæða laga um stjórn fiskveiða á hverjum tíma.

□ Aldrei skal Hagræðingarsjóður þó fá ráðstöfunarrétt umfram 5% af heildaraflaheimildum af botnfiski eða 5% af heildaraflaheimildum af einstökum tegundum sérveiða. Hafi hlutdeild sjóðsins náð framangreindu hámarki skulu aflaheimildir þeirra skipa, sem úrelt eru, bætast hlutfallslega við aflaheimildir þeirra fiskiskipa sem viðkomandi veiðar stunda frá upphafi næsta árs eða næstu vertíðar. Hafi botnfiskheimildir sjóðsins náð fyrrgreindu hámarki skulu botnfiskveiðiheimildir úreltra báta þó eingöngu dreifast hlutfallslega á bátaflotann og heimildir úreltra togara með sama hætti eingöngu á togaraflotann. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að lækka hámark þeirra aflaheimilda sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar samkvæmt þessari málsgrein.

□ Styrkir vegna úreldingar skipa, sbr. lokamálslið 1. gr., mega aldrei nema meira en 1/10 hluta húftryggingarverðs skips. Ráðherra setur með reglugerð nánari

1990 Nr. 40 15. maí

**1990** Nr. 40 15. maí

ákvæði um úreldingarstyrki samkvæmt þessari málsgrein.

■ **8. gr.** Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs eða veiðitímabils gefa þeim skipum, er tilteknar veiðar stunda, kost á að fá framseldar til sín gegn endurgjaldi heimildir til þeirra veiða, sem sjóðurinn hefur forræði á, í hlutfalli við veiðiheimildir hvers skips. Skal endurgjaldið miðað við almennt gangverð á sams konar aflaheimildum að mati sjóðstjórnar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið lágmark þeirra aflaheimilda sem forkaupsréttur samkvæmt þessari málsgrein nær til.

□ Þær veiðiheimildir, sem forkaupsréttur er ekki nýttur á skv. 1. mgr., skal sjóðstjórn framselja hæstbjóðanda samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð. Sama gildir um framsal aflaheimilda á því fiskveiðiári eða veiðitímabili sem fiskiskip er keypt.

□ Stjórn sjóðsins getur við kaup á fiskiskipi samið svo um að seljandi njóti forkaupsréttar á aflaheimildum í tiltekinn tíma eftir kaupin gegn endurgjaldi er miðist við almennt gangverð á sams konar aflaheimildum að mati sjóðstjórnar. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki meðan svo er ástatt.

■ **9. gr.** Sjóðurinn veitir aðstoð sína til eflingar vinnslu sjávarfangs í byggðarlögum, er höllum fæti standa, með því að framselja veiðiheimildir sem honum hafa verið úthlutaðar í því skyni skv. 5. gr. Aflaheimildirnar skulu framseldar gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við. Skal sveitarstjórn í viðkomandi byggðarlagi eiga ráðstöfunarrétt að veiðiheimildum þessum gegn endurgjaldi skv. 1. mgr. 8. gr. Neyti sveitarstjórn ekki ráðstöfunarréttar síns skulu veiðiheimildir framseldar til skipa og gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. þá um endurgjald fyrir veiðiheimildir þessar eftir því sem við á. Fáist ekki skip til veiðanna með þeim skilmálum getur stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, ákveðið lægra endurgjald eða fallið frá endurgjaldi standi sérstaklega á. Forkaupsréttarákvæði 1. mgr. 8. gr. gildir ekki um framsal veiðiheimilda samkvæmt þessari málsgrein.

□ Skilyrði fyrir aðstoð sjóðsins er að sala fiskiskips eða fiskiskipa hafi valdið straumhvörfum í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags þannig að fyrirsjáanleg sé veruleg fækkun starfa og byggðaröskun sé yfirvofandi. Sjóðstjórn skal taka ákvörðun um aðstoð að fengnu samþykki Byggðastofnunar.

□ Þær aflaheimildir skv. 1. mgr., sem ekki verða nýttar á viðkomandi fiskveiðiári til aðstoðar skv. ákvæðum þessarar greinar, skulu framseldar skv. ákvæðum 2. mgr. 8. gr.

■ **10. gr.** Fiskveiðasjóður Íslands annast reikningshald og rekstur Hagræðingarsjóðs eftir nánara samkomulagi við sjóðstjórn.

□ Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Hagræðingarsjóðs.

□ Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Hagræðingarsjóðs og greiðir þær ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

■ **11. gr.** Hagræðingarsjóður fiskiskipa skal undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

**1990** Nr. 40 15. maí

■ **12. gr.** Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um Hagræðingarsjóð fiskiskipa með reglugerð.

■ **13. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991. Jafnframt fellur úr gildi II. kafli laga nr. 37 11. maí 1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Gjald skv. 4. gr. skal lagt á í fyrsta skipti fyrir árið 1991.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** Fyrir fyrstu átta mánuði ársins 1991 skal Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins úthlutað þeim aflaheimildum sem ekki nýttust á árinu 1990 vegna álags á aflamark eða aflahámark á útflutningi á óunnum fiski skv. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988 – 1990. Aflaheimildir þessar skulu þó ekki vera meiri en sem nemur 8000 þorskígildistonnum. Um ráðstöfun þessara heimilda fer eftir 5. og 9. gr. laganna.

■ **II.** Sjávarútvegsráðherra skal fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

## Lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.[1)]

**1967** Nr. 4 31. marz

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1973, d. 1843 – 1845.*

## Lög um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

**1984** Nr. 71 30. maí

■ **1. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 46/1986, 4. gr.*

■ **2. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 46/1986, 4. gr.*

■ **3. gr.** Þegar skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir sem framleiddar eru fyrir 1. júní 1983 skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi sem í gildi er þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum 10% gengismun.

□ Ríkisstjórnin kveður nánar á um til hvaða afurða ákvæði þetta taki.

□ Gengismunur skv. 1. mgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans.

□ Áður en umræddu fé er ráðstafað skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða sem þessi lög taka til.

■ **4. gr.** Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er heimilt að fella niður og endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánum útgerðar allt að 560 milljónum króna sem veitt hafa verið á tímabilinu frá 1. nóvember 1982 til 31. maí 1983.

■ **5. gr.** Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. og 2. gr. taka þó aðeins til afla sem landað er frá og með 1. júní 1983. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 1/1983, um Olíusjóð og olíugjald o. fl., að öðru leyti en því að 1. – 4. gr. þeirra laga gilda um afla sem landað er til maíloka 1983, og er ríkissjóði heimilt að veita allt að 50 milljón króna sjálfskuldarábyrgð umfram heimild í 3. gr. þeirra laga fyrir láni sem Olíusjóður fiskiskipa kynni að þurfa

**1984** Nr. 71 30. maí að taka vegna greiðsluskuldbindinga til þess tíma. Skal lán þetta undanþegið stimpilgjaldi samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980.

**1941** Nr. 19 28. maí **Lög um veiði, sölu og útflutning á kola.**[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1706.*

**1956** Nr. 94 27. des. **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.**[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1707.*

**1973** Nr. 97 27. des. **Lög um löndun á loðnu til bræðslu.**

■ **1. gr.** Síldar- og fiskimjölsverksmiðjum, er taka við loðnu af fiskiskipum til bræðslu, skal skylt að taka við aflanum í þeirri röð, sem fiskiskip koma í löndunarhöfn, sbr. þó 2. gr.

■ **2. gr.** [Skipulag og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu skal vera í höndum þriggja manna og jafnmargra til vara, eins samkvæmt tilnefningu samtaka fiskseljenda, eins samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda og eins án tilnefningar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til eins árs í senn frá 1. janúar ár hvert. Verði ekki samkomulag meðal samtaka fiskseljenda um tilnefningu í nefndina, skipar ráðherra þann mann án tilnefningar. Nefnd þessi skal afla upplýsinga um móttökugetu síldar- og fiskimjölsverksmiðja og ákveða, hvenær löndun skuli hefjast eða hætta hjá einstökum verksmiðjum.][1] [Nefndinni er heimilt að stöðva löndun um takmarkaðan tíma á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur, án tillits til móttökugetu þeirra. Þó er nefndinni skylt að leyfa löndun í einstakar verksmiðjur á ákveðnum svæðum ef öryggi skips eða skipshafnar krefur.][2]

□ [Nefndin skal veita fiskiskipum upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð. Skipstjóri hvers skips skal tilkynna nefndinni við brottför af veiðisvæði um aflamagn, veiðisvæði og löndunarhöfn. Vanræki skipstjóri að gefa framangreindar upplýsingar, getur viðkomandi skip glatað þeirri löndunarröð, sem það annars hefði haft, auk þess sem nefndin getur beitt viðurlögum samkvæmt 5. gr. Ef ekki er hægt að ákveða löndunarhöfn við brottför af veiðisvæði, skal nefndinni, í þeim tilvikum, tilkynnt um löndunarhöfnina eins fljótt og við verður komið og í síðasta lagi um leið og beygt er af langsiglingaleið til ákveðinnar hafnar, en samt sem áður skal nefndinni ávallt tilkynnt um aflamagn og veiðisvæði viðkomandi skips, um leið og haldið er af veiðisvæði. Fiskiskipi er óheimilt að leita löndunar hjá verksmiðju, þar sem nefndin hefur stöðvað löndun eða ekki auglýst laust móttökurými.][1]

[1] *L. 98/1974, 1. gr.* [2] *L. 79/1977, 1. gr.*

■ **3. gr.** Loðnunefnd skal fara með stjórn loðnuflutningasjóðs, sem stofnaður var á loðnuvertíð 1973. Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveður, hve mikið skal greiða í loðnuflutningasjóð, að fengnum tillögum Loðnunefndar.

□ Ákvörðun um greiðslu til loðnuflutningasjóðs skal tekin um leið og verðlagning loðnu fer fram hverju sinni.

□ Loðnunefnd annast innheimtu loðnuflutningasjóðsgjalds og reikningshald sjóðsins.

□ Greiða skal úr loðnuflutningasjóði styrki til flutninga á loðnu samkvæmt reglum, er Loðnunefnd setur. Nefndin annast greiðslu flutningastyrkja.

□ Reynist inneign vera fyrir hendi í loðnuflutningasjóði, að lokinni loðnuvertíð hverju sinni, skal hún geymd á sérstökum reikningi til næsta árs.

■ **4. gr.** Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Loðnunefndar og áliti samtaka sjómanna, útvegsmanna og Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

□ [Kostnaður af framkvæmd laganna greiðist úr loðnuflutningasjóði eða með sérstöku gjaldi af hverri hráefnissmálest, jafnhárri fjárhæð frá seljendum og kaupendum, eftir nánari reglum,[1] sem ráðuneytið setur og skulu kaupendur standa skil á gjaldi þessu en Loðnunefnd hefur á hendi innheimtu og reikningshald. Verði í árslok afgangur af gjaldi, sem innheimt er með þessum hætti, skal hann geymast til næsta árs.][2]

[1] *Rg. 85/1973.* [2] *L. 98/1974, 2. gr.*

■ **5. gr.** [Gerist stjórnendur verksmiðja brotlegir við 1. og 2. gr. þessara laga eða reglur settar samkvæmt þeim, skal nefndinni heimilt að stöðva löndun í einstakar verksmiðjur fyrirvaralaust í allt að þrjá sólarhringa, þó að móttökuskilyrði séu fyrir hendi. Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimilt að stöðva löndun í viðkomandi verksmiðjur í allt að sjö sólarhringa.

□ Gerist stjórnendur loðnufrystihúsa brotlegir við reglur settar samkvæmt þessum lögum, skal nefndinni heimilt að stöðva móttöku einstakra verksmiðja á loðnuúrgangi frá viðkomandi loðnufrystihúsum fyrirvaralaust í allt að þrjá sólarhringa. Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimilt að stöðva móttöku einstakra verksmiðja á loðnuúrgangi frá viðkomandi loðnufrystihúsum fyrirvaralaust í allt að sjö sólarhringa.

□ Gerist skipstjórar brotlegir við 1. og 2. gr. þessara laga eða reglur settar samkvæmt þeim, skal nefndinni heimilt að setja löndunarbann á viðkomandi skip í allt að þrjá sólarhringa og jafnframt að svipta skipið áunnum flutningastyrk fyrir viðkomandi veiðiferð. Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimilt að setja löndunarbann á viðkomandi skip í allt að sjö sólarhringa og jafnframt að svipta skipið áunnum flutningastyrk fyrir viðkomandi veiðiferð. Nefndinni er heimilt að beita sömu refsingum gagnvart einstökum skipum, þegar landað er í gegnum loðnufrystihús til verksmiðja, sem hafa ekki tilkynnt laust móttökurými og þegar landað er með sama hætti til að fá löndun fyrr en löndunarröð skipsins segir til um.

□ Ef nauðsyn krefur, getur Loðnunefnd látið lögreglu framfylgja ákvörðunum nefndarinnar samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

□ Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum og renna sektir í loðnuflutningasjóð.

□ Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.][1][2]

[1] *L. 98/1974, 3. gr.* [2] *L. 98/1974, 4. gr., hljóðar svo: „Sjávarútvegsráðuneytið getur sett reglur um löndun á loðnu til frystingar, enda ríki um þær samstaða milli sölusamtaka hraðfrystihúsanna og samtaka útvegsmanna og sjómanna." Sjá rg. 82/1978, sbr. 18/1984.*

**1975** Nr. 12 25. apríl

## Lög um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum.

■ **1. gr.** Sjávarútvegsráðuneytið getur samkvæmt lögum þessum sett almennar og svæðisbundnar reglur,[1] er stuðli að samræmingu milli veiðiheimilda samkvæmt sérstökum leyfum ráðuneytisins til rækju- og skelfiskveiða og vinnslugetu þessara greina fiskiðnaðarins, meðal annars með skiptingu afla milli vinnslustöðva og/eða þeirra báta, sem veiðileyfi hljóta.

[1] *Rg. 78/1978 (um skelfiskveiðar).*

■ **2. gr.** Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkvæmt 1. gr., skal leita leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til að koma á fót vinnslustöðvum eða til aukningar á afkastagetu þeirra sem fyrir eru. Ráðuneytið getur synjað um slík leyfi, ef ekki er fyrirsjáanleg aflaaukning á viðkomandi svæði né samdráttur í starfsemi annarra vinnslustöðva á svæðinu.

□ Opinberum fjárfestingarlánasjóðum skal tilkynnt um synjun slíkra leyfa.

■ **3. gr.** Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

■ **4. gr.** Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða fyrirmælum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, nema þyngri viðurlögum varði samkvæmt öðrum lögum. Sektir renni í ríkissjóð. Um mál út af brotum á lögum þessum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

# IV. c. Verslun.

**1968** Nr. 41 2. maí

## Lög um verzlunaratvinnu.

■ **1. gr.** Tilgangur þessara laga er að tryggja, eftir því sem tök eru á:

1. Að borgararnir eigi völ á sem beztri verzlunarþjónustu á hverjum stað og tíma.

2. Að þeir aðilar, sem fást við verzlun, séu búnir þeim hæfileikum, að þeir geti uppfyllt skyldur, sem slíkur rekstur leggur þeim á herðar gagnvart viðskiptavinum sínum og samfélaginu.

3. Að verzlun geti þrifizt í landinu sem atvinnugrein.

■ **2. gr.** Með orðinu verzlun í lögum þessum er átt við heildverzlun, umboðsverzlun, þar með talin tilboðasöfnun um vörusölu og vörukaup, og smásöluverzlun.

□ [Lög þessi taka einnig til leigu myndbanda.][1]

□ Lög þessi taka þó ekki til:

1. Lyfjaverzlunar, að því leyti sem lyfsalar hafa einkasölu á lyfjum.

2. Sölu á búsafurðum eða fiskfangi, sem maður hefur aflað sjálfur eða skyldulið hans.

3. Sölu framleiðsluvara, hvers konar iðju eða iðnaðar, sem seljandi hefur sjálfur gert.

□ Verði ágreiningur um, hvort leyfi þurfi samkvæmt lögum þessum til tiltekinnar tegundar verzlunar, skeri ráðherra úr, en þann úrskurð má bera undir dómstóla til úrlausnar með málssókn á hendur lögreglustjóra, sem í hlut á.

[1] *L. 50/1985, 1. gr.*

■ **3. gr.** Verzlun samkvæmt 2. gr. er óheimilt að reka á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi, nema til komi leyfi samkvæmt lögum þessum.

**1968** Nr. 41 2. maí

■ **4. gr.**[1] Hver einstaklingur, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum, á rétt á leyfi eða endurnýjun leyfis til verzlunar, enda hafi réttur til verzlunarrekstrar ekki verið af honum dæmdur:

1. Hefur íslenzkt ríkisfang og er heimilisfastur á Íslandi.

2. Er fjárráða.

3. Hefur lokið prófi úr verzlunarskóla, sem viðurkenndur er af ráðherra, eða hefur aðra menntun, sem ráðherra metur jafngilda. Enn fremur má veita þeim verzlunarleyfi, sem um þriggja ára skeið hefur starfað við verzlun og að þeim starfstíma loknum sótt sérstakt námskeið í verzlunarfræðum, sem ráðherra viðurkennir, og lokið þaðan prófi. Meðan ekki er völ á slíkum verzlunarnámskeiðum sem gert er ráð fyrir í þessum tölulið, má veita þeim verzlunarleyfi, sem starfað hefur þrjú ár við verzlun og sannar með vottorðum vinnuveitenda, að hann hafi vegna starfsreynslu sinnar þá þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum, sem varða verzlunarrekstur, sem telja má nauðsynlega til að reka verzlun.

[Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðum þessa töluliðs, þegar sérstaklega stendur á að hans mati.][2]

4. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða í lögum og reglugerðum til að mega reka verzlun. ...[3]

[1] *Augl. 43/1926 (31. 12. 1925) um skilyrði fyrir leyfi til verzlunarrekstrar.* [2] *L. 27/1972, 1. gr.* [3] *L. 7/1970, 1. gr.*

■ **5. gr.** Félag eða stofnun á rétt á verzlunarleyfi eða endurnýjun verzlunarleyfis sem hér segir:

1. Beri einhverjir félagar fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, skal það eiga skráð heimili og varnarþing á Íslandi og félagsstjórnin öll og þeir, sem firmað rita, fullnægja skilyrðum 1., 2. og 4. töluliðs 4. gr. Þó skal einn stjórnandi og fulltrúi eða prókúruhafi félagsins fullnægja öllum skilyrðum 4. greinar.

2. Beri enginn félaga fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, skal félagið eiga skrásett heimili og varnarþing á Íslandi og stjórnendur þess fullnægja skilyrðum 2. og 4. töluliðs 4. greinar. Þó skal einn stjórnenda, endurskoðendur og framkvæmdastjórar slíks félags fullnægja öllum skilyrðum 4. gr.

□ Sé félag hlutafélag, skal hlutafé enn fremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hér á landi, enda sé ekkert í samþykktum félags, er brjóti í bág við íslenzk lög.

■ **6. gr.** Verzlunarleyfi má ekki veita starfsmönnum ríkisins eða ríkisstofnana, starfsmönnum sveitarfélaga eða stofnana þeirra og heldur ekki opinberum sýslunarmönnum né mökum þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að verzlunarreksturinn megi samrýmast stöðu þeirra.

■ **7. gr.** Verzlunarleyfi er bundið við nafn, persónu eða firma. Eftirlifandi maka er þó heimilt að halda áfram verzlun látins maka síns án nýs leyfis, enda þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 4. gr., enda ráði eftirlifandi maki forstöðumann að verzluninni, er fullnægi öllum skilyrðum 4. gr.

□ Sömu reglur gilda, eftir því sem við á, um bú aðila,

**1968** Nr. 41 2. maí

svo og í því tilfelli, að verzlunarleyfishafi missi um stundarsakir hæfi samkvæmt 4. gr.

■ **8. gr.** Í verzlunarleyfi skal skráð, hvers konar verzlun samkvæmt 2. gr. leyfð er, og takmarkast heimildin við þá tegund verzlunar. Þó má sá, sem fengið hefur leyfi til heildverzlunar, einnig reka umboðsverzlun eftir sama leyfisbréfi.

■ **9. gr.** Verzlunarleyfi skal annað tveggja gefið út fyrir staðbundna verzlun í ákveðnu lögsagnarumdæmi, sem tiltekið er í leyfisbréfi, eða fyrir landið allt. Verzlun, sem rekin er í hreyfanlegri starfsstöð, skal í þessu tilliti talin með staðbundnum verzlunum.

□ [Leyfi til verslunar fyrir landið allt veitir leyfishafa rétt til smásöluverslunar utan lögsagnarumdæmis þar sem leyfi er gefið út. Lögreglustjóra á þeim stað er verslun á að reka hverju sinni er heimilt að takmarka leyfið við verslun með vörutegundir sem ekki er verslað með í því lögsagnarumdæmi.][1]

□ Leyfi til heildverzlunar og umboðsverzlunar veitir rétt til að safna tilboðum í vörur hvar á landi sem er og í íslenzkri landhelgi.

[1] *L. 20/1988, 2. gr.*

■ **10. gr.** [Borgarfógeti í Reykjavík eða lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að verzla, lætur leyfisbréf af hendi. Leyfisbréf til verzlunar, sem gildir fyrir landið allt, gefur lögreglustjóri út á þeim stað, þar sem umsækjandi á heimilisfesti eða firma er skráð.

□ Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfs verði birt í Lögbirtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfishafa eða firma, heimilisfang, tegund verzlunar, hvar verzla megi samkvæmt leyfinu og hvenær það var út gefið.

□ Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef hann telur, að stofnun nýs fyrirtækis í viðkomandi verzlunargrein sé þjóðhagslega óhagkvæm, hvort heldur almennt eða miðað við fyrirhugaðan verzlunarstað, eða starfsemi umsækjanda sé annars svo háttað, að varhugavert sé að leyfa hana. Getur ráðherra synjað um veitingu leyfis eða sett leyfinu sérstök skilyrði, ef ástæða er til að hans dómi. Skal réttur til verzlunarleyfis samkvæmt 4. og 5. gr. vera háður þeim takmörkunum, sem hér voru greindar.

□ Verzlunarleyfi gildir í 5 ár, en skal endurnýjað að þeim tíma liðnum, ef leyfishafi fullnægir þá skilyrðum þessara laga.

□ Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 4. gr. og ákvæðum 5. gr., enda standi sérstaklega á.

□ Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslenzk lög.][1]

[1] *L. 7/1970, 2. gr.*

■ **11. gr.** Hagstofa Íslands heldur skrá um þá aðila, sem á hverjum tíma hafa leyfi til verzlunarrekstrar.

■ **12. gr.** Hverjum þeim, sem hefur leyfi til að stunda verzlunaratvinnu, ber að hafa fasta starfsstöð eða starfsstöðvar og ber að tilkynna heimilisfang slíkrar starfsstöðvar og breytingu á því heimilisfangi til Hagstofu Íslands. [Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt heildverzlun eða umboðsverzlun leyfi til tilboðasöfnunar, sbr. 4. málsgr. 9. gr., þó að framangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt.][1]

[1] *L. 7/1970, 3. gr.*

■ **13. gr.** Verzlunarleyfishafi samkvæmt lögum þessum fyrirgerir leyfi sínu, ef hann fullnægir ekki lengur einhverjum þeirra skilyrða, sem lögin setja fyrir verzlunarleyfi, sbr. þó 2. mgr. 7. gr., eða ef réttur til verzlunar er af honum dæmdur.[1] Sé hæfismissir einstaklings, sem í hlut á, þannig vaxinn, að úr honum verði bætt eða stjórnandi eða framkvæmdastjóri félags eða stofnunar eigi í hlut, eða slíkt félag eða stofnun fullnægir ekki lengur skilyrðum 4. gr., skal aðili hafa komið þessum atriðum í löglegt horf innan þriggja mánaða frá því breytingin varð, en fyrirgeri ella leyfi sínu. Ráðherra getur lengt þennan frest, ef sérstaklega stendur á.

[1] *Sjá l. 19/1940, 68. gr., sbr. einnig l. 55/1987, 138. gr.*

■ **14. gr.** ...[1]

[1] *L. 79/1975, 25. gr.*

■ **15. gr.** Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

■ **16. gr.** Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

■ **17. gr.** ...

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** Innan eins árs frá gildistöku þessara laga skulu þeir aðilar, sem samkvæmt gildandi lögum hafa rétt til að stunda verzlunaratvinnu á Íslandi, endurnýja þau leyfi í samræmi við ákvæði laga þessara. Séu leyfi ekki endurnýjuð fyrir 1. júlí 1969, falla þau úr gildi.

□ Aðilar, sem öðlazt hafa leyfi til einhverrar tegundar verzlunar samkv. eldri lögum og stunda slíkan verzlunarrekstur við gildistöku laga þessara, skulu fá leyfi sín endurnýjuð skv. ákvæðum þessara laga, þótt þeir ekki fullnægi kröfum 4. gr. laganna að því leyti sem þær eru strangari en ákvæði 3. gr. laga nr. 52/1925.

■ [**II.** Aðilar, sem sannanlega stunda leigu myndbanda í atvinnuskyni við gildistöku laganna eða hafa á þeim tíma sannanlega lagt í umtalsverðan kostnað við undirbúning slíks reksturs án þess að hafa verslunarleyfi, skulu innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna sækja um slíkt leyfi. Skal leyfið veitt þótt þeir fullnægi ekki kröfum 4. gr. laganna að öllu leyti.][1]

[1] *L. 50/1985, ákvæði til bráðabirgða.*

## Lög um siglingar og verzlun á Íslandi.[1]

**1854** 15. apríl

[1] *Þessi lög hafa tæpast raunhæft gildi lengur.*

■ **1. gr.** Eftirleiðis skal öllum innanríkiskaupmönnum vera heimilt að taka utanríkisskip á leigu og hafa til verzlunar sinnar á Íslandi, þó skulu þeir gæta þess, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

■ **2. gr.** Utanríkisskipum skal einnig leyft vera að hleypa inn á þessar hafnir á Íslandi: Reykjavík, Vestmannaeyjar, Stykkishólm, Ísafjörð, Akureyri og Eskifjörð, þó ekki hafi þegnar Danakonungs leigt þau.[1] Þó eiga skipstjórar, undir eins og þeir koma, að gefa lögreglustjóranum það til vitundar, og séu þeir ekki útbúnir með tilhlýðilegt heilbrigðisskírteini, verða þeir að láta rannsaka heilsufar skipverja, og í öllu hegða sér eftir því, sem yfirvaldið segir fyrir.[2] En ekki mega þeir selja neitt af farminum né kaupa aðrar vörur en þær sem skipverjar þurfa sjálfir til nauðsynja sinna eða skips síns, fyrri en þeir hafa fullnægt skilmálum þeim, sem settir eru til að geta verzlað,[3] ...[4] og skal yfirvaldið hafa vandlega gætur á þessu.

[1] *L. 41/1968.* [2] *L. 34/1954.* [3] *L. 41/1968.* [4] *Sbr. l. 28/1879, 1. gr.*

■ **3. gr.** Svo skal einnig utanríkismönnum leyft vera

**1854** 15. apríl

héðan í frá að sigla upp öll löggilt kauptún á Íslandi og verzla þar. ...[1] Einnig mega utanríkismenn eins og innanríkismenn flytja vörur hafna á milli á Íslandi, og eins fara kaupferðir milli Íslands og annarra landa Danaveldis, þó má ekki hafa utanríkisskip 15 lesta og þaðan af minni til vöruflutninga, hvorki hafna á milli á Íslandi, né milli Íslands og hinna hluta ríkisins.[2] ...[3]

[1] *Sbr. l. 28/1879, 4. gr.* [2] *Sbr. l. 17. apríl 1868.* [3] *L. 52/1925, 12. gr., nú l. 41/1968.*

■ **8. gr.** ...[1]

[1] *L. 63/1937.*

■ **9. gr.** Öll afbrigði gegn reglum þeim, sem framan eru taldar, nema stórglæpir sé, svo sem svik og falsan, varða 10 til 100 rd. sektum til fátækrasjóðs á þeim stað, en séu þau ítrekuð, þá tvöfalt meira, og má ganga svo eftir sektunum, að leggja löghald á skip og farm, og selja á uppboðsþingi svo mikið af farminum, sem þarf í sektargjald og málskostnað.

■ **10. gr.** Að öðru leyti eru þeir utanríkismenn, sem sigla til Íslands, skyldir að hegða sér eftir lögum þeim, sem þar gilda, einkum að því er verzlun snertir. ... Sérhver lögreglustjóri á Íslandi skal sjá um, að utanríkismenn gæti þeirra lagaboða, sem þá snerta.

**1936** Nr. 17 1. febr.

## Lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

■ **1. gr.** Í kaupstöðum og kauptúnum geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir gert samþykktir um lokunartíma sölubúða.[1]

[1] *Samþ. 480/1987 (Reykjavík); 206/1966 (Akranes); 396/1976 (Ólafsvík); 48/1987 (Patreksfj.); 57/1959 (Sauðárkr.); 230/1964, sbr. 73/1972 (Sigluf.); 276/1986 (Ólafsfj.); 241/1963 (Dalvík); 323/1987 (Akureyri); 438/1985, sbr. 8/1989 (Húsavík); 215/1965 (Neskaupst.); 4/1970 (Höfn); 7/1989 (Vestm.); 234/1963 (Hvolhreppur); 288/1969 (Selfoss); 40/1984 (Hafnarfj.); 264/1968 (Kópavogur); 473/1986 (Egilsstaðir).*

■ **2. gr.** Í samþykktum þessum má kveða á um það, að kaup og sala megi eigi fara fram í sölubúðum kaupmanna tiltekinn tíma á sólarhring hverjum eða tiltekna daga, eftir því sem til hagar á hverjum stað, svo og að kaupmenn skuli skyldir að loka sölubúðum sínum á tilteknum tíma.

□ Setja má og í samþykkt sams konar ákvæði um kaup og sölu utan sölubúða, er fram fer á götum eða torgum á varningi, sem eigi má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

□ Í samþykkt má enn fremur ákveða, að veita megi sérverzlunum undanþágu að því er snertir lokunartíma sölubúða, gegn hæfilegu árgjaldi, sem stjórnarráðið ákveður, samkvæmt uppástungu bæjarstjórnar, fyrir eitt ár í senn, og renna skal í bæjarsjóð.

□ Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskipti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sé þar seldur.

□ Þá er og bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá hvers konar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum. Til að tryggja vinnutíma sendisveina má í samþykkt meðal annars ákveða, að útsendingu á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skuli lokið eigi síðar en á lokunartíma. Heimilt er að ákveða vinnutíma sendisveina misjafnlega stuttan, eftir aldri þeirra.

**1936** Nr. 17 1. febr.

■ **3. gr.** Nú hefur bæjarstjórn eða hreppsnefnd gert samþykkt samkvæmt 1. gr., og skal hún þá senda frumvarpið stjórnarráðinu til staðfestingar.

□ Nú virðist stjórnarráðinu ákvæði í samþykkt ganga of nærri rétti manna eða atvinnufrelsi, eða brjóta í bág við almennar grundvallarreglur laga, og synjar það þá samþykkt staðfestingar, en tilkynna skal það bæjarstjórn eða hreppsnefnd ástæður fyrir synjun sinni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina og ákveður, hvenær hún skuli koma til framkvæmdar.

□ Samþykkt heldur gildi sínu 10 ár í senn, nema breytt sé eða afnumin áður, en endurnýja má hana, á sama hátt og hún var sett, jafnlangan tíma.

□ Samþykktir samkvæmt lögum þessum skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

□ [Brot á samþykktum, sem settar verða skv. lögum þessum, varða sektum.

□ Með mál út af brotum á samþykktunum skal farið að hætti opinberra mála.][1]

[1] *L. 75/1982, 30. gr.*

**1968** Nr. 51 2. maí

## Lög um bókhald.

### I. kafli. Bókhaldsskylda.

■ **1. gr.** Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga.

■ **2. gr.** A. 1. Hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð.

2. Gagnkvæm tryggingafélög, samvinnufélög og önnur félög með breytilegum höfuðstól og breytilegri félagatölu, sem hafa það markmið að efla hag félagsmanna eftir þátttöku þeirra í starfsemi félagsins.

3. Sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna.

4. Bankar og sparisjóðir.

5. Félög, sjóðir og stofnanir, sem hafa á hendi fjáröflun, fjárvörzlu eða rekstur, svo sem lífeyrissjóðir, stéttarfélög, íþróttafélög, líknarstofnanir, minningar- og styrktarsjóðir.

B. Einstaklingar, sem í atvinnuskyni reka eftirgreinda starfsemi:

1. Verzlun, þar með talin lyfjaverzlun.

2. Byggingarstarfsemi og önnur mannvirkjagerð, svo og alls konar verktakastarfsemi, þar með talið viðhald og viðgerðir mannvirkja.

3. Námarekstur, vinnsla og sala jarðefna, svo sem malarnám.

4. Framleiðsla, sala og dreifing vatns og orku.

5. Bóka-, blaða- og tímaritaútgáfa.

6. Skólar.

7. Sjúkrahús, elliheimili, heilsuhæli o. þ. h. stofnanir.

8. Umsýslustarfsemi, svo sem fasteigna-, skipa- og bílasala, vöru- og skipamiðlun, afgreiðsla skipa og annarra farartækja, rekstur ferðaskrifstofa, kaupþing, kauphallir og uppboðsmarkaðir.

9. Málflutningur og önnur lögmannsstörf.

10. Sala verðbréfa og peningaútlán.

11. Útleiga á fasteignum og lausafé.

12. Skemmtistarfsemi hvers konar, svo sem t. d.

kvikmyndahús, leikhús, hljómsveitir og miðlun skemmtikrafta.

13. Iðnaður og iðja, þar með talin viðgerðarstarfsemi.

14. Útgerð til veiða, verkun sjávarafla og fiskirækt.

15. Vinnsla landbúnaðarafurða. Búrekstur, þar sem afurðirnar eru að meiri hluta seldar beint til smásala eða neytenda.

16. Fólks- og vöruflutningar.

17. Veitinga- og gistihúsarekstur.

18. Læknar, tannlæknar, tannsmiðir og dýralæknar.

19. Þjónustustarfsemi, svo sem starfsemi húsameistara, verkfræðinga, endurskoðenda, dómtúlka og skjalaþýðenda, bókhaldsskrifstofur, auglýsingastofur, teiknistofur, fjölritunar- og vélritunarstofur, þvottahús og efnalaugar, ljósmyndastofur, rakarastofur, baðhús, nuddstofur og snyrtistofur, björgunarstarfsemi og þjónustustarfsemi ótalin annars staðar.

■ **3. gr.** Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru skv. 2. gr., skulu halda tvíhliða bókhald, nema sérstök undantekning sé gerð.

□ Undanþegnir skyldu til að halda tvíhliða bókhald eru þeir einstaklingar, sem taldir eru í 2. gr. B-lið 13. – 19. tölulið, ef þeir við starfsemi sína nota ekki meira aðkeypt vinnuafl en sem svarar 52 vinnuvikum á ári.

□ Sé aðili skyldur til að halda tvíhliða bókhald vegna einhvers þáttar starfsemi sinnar, skal það gilda fyrir allan atvinnureksturinn.

■ **4. gr.** Bókhaldsskyldir aðilar skulu haga bókhaldi sínu og semja ársreikninga í samræmi við reglur þessara laga og góða bókhalds- og reikningsskilavenju.

□ Stjórnendur þeirra félaga og stofnana, sem um ræðir í A-lið 2. gr., og þeir, sem ábyrgð bera á starfsemi skv. B-lið sömu greinar, skulu sjá um, að ákvæðum þessara laga verði fullnægt.

**II. kafli. Bókhaldið.**

■ **5. gr.** Bókhaldið skal veita svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag eins og þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera krefjast.

□ Bókhaldinu skal haga svo, að rekja megi viðskiptin og notkun fjármunanna.

□ Þeir aðilar, sem skyldir eru að halda tvíhliða bókhald, skulu færa bækur þær, sem nú verða taldar:

1. Sjóðbók, fyrir inn- og útborganir úr sjóði.
2. Dagbók, fyrir öll önnur viðskipti.
3. Viðskiptamannabók.
4. Aðalbók.
5. Efnahagsbók.

□ Leyfilegt er að sameina sjóðbók og dagbók, sem nefnist þá sjóðdagbók. Einnig er heimilt að sameina aðalbók og efnahagsbók.

□ Þeir aðilar, sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald samkv. 2. mgr. 3. gr., skulu færa eftirtaldar bækur:

1. Sjóðbók fyrir inn- og útborganir úr sjóði og bankareikningum.
2. Viðskiptamannabók.
3. Sundurliðunar- og efnahagsbók.

□ Auk þeirra bóka, sem að framan eru taldar, skal færa þær bækur, sem í hverju tilfelli er eðlilegt með tilliti til tegundar og stærðar starfseminnar.

□ [Sjóðbók, sjóðdagbók, aðalbók og efnahagsbók skulu vera fyrirfram innbundnar og tölusettar og skal efnahagsbók vera löggilt, sbr. þó 6. gr. Færi aðili bæði sjóðbók og sjóðdagbók, má hin síðarnefnda vera lausblaðabók.][1)]

[1)] *L. 47/1978, 1. gr.*

■ **6. gr.** [Bókhaldsskyldum aðilum er heimilt að nota laus kort eða blöð eða önnur hjálpargögn í stað innbundinna og löggiltra bóka skv. 5. gr. Þetta er þó því skilyrði bundið, að gögn þessi séu hluti af skipulegu og öruggu kerfi. Þó skal sjóðbók vera fyrirfram innbundin og tölusett.

□ Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um notkun og gerð slíkra bókhaldsgagna.][1)2)]

[1)] *L. 47/1978, 2. gr.* [2)] *Rg. 417/1982.*

■ **7. gr.** Í sjóðbók skal færa allar sjóðgreiðslur. Hver greiðsla færist sérstaklega. Þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær, er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Enn fremur er leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur, enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina, og sé í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslunum.

□ Enn fremur sé í sjóðbók vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum. Undirbækur sjóðbókar mega vera lausblaðabækur.

■ **8. gr.** Í viðskiptamannabók skal færður sérstakur reikningur yfir viðskipti við hvern viðskiptamann önnur en þau, sem hönd selur hendi. Í bókina skulu viðskipti þau, sem færð eru í frumbækur, skráð á sama hátt og þar eða samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt eða innlegg hefur numið í hvert sinn.

□ Leyfilegt er að færa í viðskiptamannabókina samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt hvers viðskiptamanns hefur numið um vikuna eða mánuðinn samkvæmt frumbókunum, sé um úttekt að ræða, sem samið er um að greiða skuli að fullu viku- eða mánaðarlega. Enn fremur er leyfilegt að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabók fyrir alla þá viðskiptamenn, sem aðeins hafa slík viðskipti.

□ Við færslu í viðskiptamannabók sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum.

■ **9. gr.** Í hverju bókhaldi skal færa þá yfirlitsreikninga, sem eðlilegt er með tilliti til tegundar og stærðar starfseminnar.

□ Að jafnaði skal haga reikningaskipuninni þannig, að færðir séu hreinir eigna-, skulda-, gjalda- og teknareikningar.

□ Enn fremur skal, eftir því sem aðstæður leyfa, haga reikningaskipuninni þannig, að eðlilegt sjálfseftirlit skapist.

□ Skylt er þó alltaf að færa eftirgreinda yfirlitsreikninga:

1. Reikning(a), er sýni, hve mikið fé er lagt í byggingar, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við rekstrinn.
2. Reikning(a), er sýni öll viðskipti (framlög og úttekt) eiganda (eigenda) við fyrirtækið í peningum og öðrum verðmætum.
3. Sjóðreikning.
4. Hvers konar viðskiptareikninga við banka og lánastofnanir, svo sem reikninga, sem gefnar eru út ávísanir á, sparifjárreikninga og ábyrgðar- og geymslufjárreikninga.

5. Víxileignareikning.
6. Reikning yfir samþykkta víxla.
7. Viðskiptamannareikning.
8. Reikning(a), yfir keyptar vörur, hráefni, innlagðar afurðir o. s. frv.
9. Reikning(a), yfir seldar vörur, afurðir og þjónustu o. s. frv.
10. Reikning(a), er sýni rekstrargjöld.
11. Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku dæmi eru eðlilegir samkvæmt góðri bókhaldsvenju.

■ **10. gr.** Í bókhaldinu skal skrá viðskiptin jafnskjótt og þau fara fram, ef upplýsingar um þau kunna að glatast eða misfarast. Sjóðgreiðslur séu færðar daglega og á þann hátt, að auðvelt sé að sannprófa sjóðsbirgðir við bókhaldið.

■ **11. gr.** Sjóðbók, sjóðdagbók og dagbók sé lokað eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Niðurstöður hinna einstöku reikninga skulu þá færast í aðalbók.

□ Við gerð ársreikninga skal nákvæm og fullkomin lokun fara fram á bókhaldsbókunum.

□ Samræmi skal vera milli fjárhæðanna í ársreikningunum og í aðalbókinni.

□ Ákvæði þessarar greinar taka til bókhaldsgagna samkvæmt 6. gr., eftir því sem við á.

■ **12. gr.** Þau útgjöld, sem færð eru í bækurnar, skulu vera samkvæmt áreiðanlegum og fullnægjandi skjölum. Það sama gildir um tekjur eftir því, sem við verður komið. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

■ **13. gr.** Í frumbækur séu færð öll viðskipti, önnur en þau, er hönd selur hendi daglega, jafnskjótt og þau fara fram. Í bækur þessar skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og móttekið peninga eða vöru, er hún var seld (=lánuð) eða keypt (=lögð inn), og sömuleiðis fyrir hvers reikning út er tekið eða lagt inn og enn fremur verð vörunnar.

□ Heimilt er að hafa í stað frumbóka laus reikningseyðublöð. Blöð frumbóka og laus reikningseyðublöð skulu vera fyrirfram tölusett í hlaupandi röð, enda sé ekki notað öruggara eftirlitskerfi.

□ Í verzlunarviðskiptum skal samrit af færslu frumbóka eða reiknings ætíð látið viðskiptavini í té hvert sinn, er einhver viðskipti fara fram.

■ **14. gr.** Vörutalningar skulu skráðar í þar til gerðar innbundnar eða heftar og fyrirfram tölusettar talningarbækur og undirritaðar af talningarmönnum.

□ Þeir aðilar, sem hafa öruggt reikningslegt eftirlit með vörubirgðum sínum, eru ekki bundnir af ákvæðum 1. mgr. þessarar gr., að því er snertir notkun innbundinna eða heftra talningarbóka.

■ **15. gr.** Fylgiskjöl (færslugögn) með bókhaldinu skal tölusetja á reglubundinn hátt og til þeirra vísa við innfærslur þeirra í bókunum, og þau síðan geymd í réttri töluröð.

□ Enn fremur er hverjum bókhaldsskyldum aðila skylt að geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, er honum berast viðkomandi atvinnu hans, og enn fremur að halda eftir samriti af öllum þeim bréfum og símskeytum, er hann ritar og sendir öðrum viðkomandi atvinnunni, og geyma eftir sömu reglum.

■ **16. gr.** [Allar bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, skulu geymd í 7 ár frá því síðast er ritað í bækurnar og bréfin eða símskeytin móttekin eða send.

□ Ráðherra getur með reglugerð[1] heimilað að geymsla á filmu eða annarri jafngóðri eftirmynd viðkomandi bókar eða skjals komi að nokkru eða öllu leyti í stað geymslu bókarinnar sjálfrar eða skjalsins. Samanlagður geymslutími frumgagna og eftirmyndar má aldrei vera skemmri en 7 ár.

□ Efnahagsbók skal ætíð varðveita í 25 ár.][2]

[1] *Rg. 417/1982, III. – IV. kafli.* [2] *L. 47/1978, 3. gr.*

■ **17. gr.** Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, aðrar en frumbækur, með blýanti. Eigi má heldur skafa út eða gera á annan hátt ólæsilegt það, sem eitt sinn hefur verið í þær skráð, né rita ofan í skriftina, þótt fyrst hafi misritazt af vangá. Þurfi að gera breytingu á því, sem eitt sinn hefur verið ritað, skal það leiðrétt með annarri færslu, eða strikað yfir rangfærsluna án þess að ólæsilegt verði.

□ Eigi má rífa eða á annan hátt losa blöð úr þeim innbundnu bókum, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum.

**III. kafli. Ársreikningar.**

■ **18. gr.** [Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu gera ársreikning einu sinni á hverju reikningsári, en hann skal a. m. k. hafa að geyma efnahagsreikning og rekstrarreikning. Reikningsárið skal vera 12 mánuðir.

□ Ársreikningurinn skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsársins. Hann skal færður í efnahagsbók og undirritaður þar af þeim, sem ábyrgð bera á bókhaldinu, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 7. mgr. 5. gr. laga þessara.

□ Hafi einhver, sem skyldur er til að undirrita ársreikninginn, mótbárur fram að færa gegn honum, þá skal hann undirrita hann með áritуðum fyrirvara. Koma skal fram, hvers eðlis fyrirvarinn er, og færa skal greinargerð um hann í efnahagsbókina.][1]

[1] *L. 47/1978, 4. gr.*

■ **19. gr.** Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeiganda, eins og þær eru í lok reikningsársins. Þannig skal reikningurinn t. d. sýna raunverulega stöðu sjóðs, banka, skuldunauta og lánardrottna í lok reikningsársins.

□ Krafizt er eftirfarandi lágmarkssundurliðunar á efnahagsreikningnum: Sjóðseign. Innstæður í bönkum og sparisjóðum. Víxileignir. Skuldir viðskiptamanna. Birgðir fullunninna vara. Birgðir hráefna og vara í vinnslu. Aðrar vörubirgðir. Fyrirfram greiddar vörur. Fyrirfram greidd gjöld. Skuldir hjá dótturfyrirtækjum. Skuldabréfaeign. Hlutabréfaeign. Hlutabréf í dótturfyrirtækjum. Eigin hlutabréf. Fasteignir. Fasteignir í smíðum. Skip og flugvélar. Vélar og áhöld. Bifreiðar, flutninga- og farartæki. Einkaleyfi o. þ. h. réttindi. Skuldir á reikningum í bönkum og sparisjóðum. Samþykktir víxlar. Inneignir viðskiptamanna. Inneignir dótturfyrirtækja. Veðskuldir. Önnur föst lán. Hlutafé. Óinnborguð hlutafjárloforð. Varasjóðir. Annað eigið fé.

■ **20. gr.** Á rekstrarreikningi skal sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðað, að reikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomunni á reikningsárinu.

**1968** Nr. 51 2. maí

☐ Krafizt er eftirfarandi lágmarkssundurliðunar á rekstrarreikningnum: Sölutekjur af aðalstarfsemi, vöru og/eða efniseyðsla séu, eftir því sem hægt er, sundurliðaðar eftir atvinnugreinum, t. d. heildverzlun, smásöluverzlun, iðnaður, útgerð fiskiskipa, útgerð annarra skipa o. s. frv. Tekjur af aukastarfsemi, svo sem arður af hlutabréfum, vaxtatekjur, leigutekjur o. þ. h. Óvenjulegar tekjur sem kunna að vera færðar í rekstrarreikninginn, svo sem hagnaður af sölu eigna o. þ. h. Launagjöld. Vaxtagjöld. Afskriftir. Skattar. Óvenjuleg gjöld, sem kunna að vera færð í rekstrarreikninginn, svo sem halli af sölu eigna, eignatöp o. þ. h. Önnur rekstrargjöld skal sundurliða í samræmi við góða reikningsskilavenju.

■ **21. gr.** Í efnahagsreikningi ber að tilfæra eignir með þeirri fjárhæð, er raunverulega svarar til verðmætis þeirra. Þó ber að jafnaði að tilfæra fasteignir, skip, vélar, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn, með kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum fyrir fyrningu og sliti. Sé frá þessu vikið, skulu reikningarnir bera það greinilega með sér. Hafi verðrýrnun átt sér stað á eignum umfram venjulega afskrift, ber að lækka þær í verði tilsvarandi.

☐ Vörubirgðir má eigi telja á hærra verði en innkaupsverði eða framleiðsluverði. Þær má eigi heldur telja á hærra verði en söluverði vörunnar fullframleiddrar á reikningsskiladegi að frádregnum væntanlegum viðbótarframleiðslu- og sölukostnaði.

☐ Séu gerðar meiri háttar breytingar á reglum um mat birgða og fyrningu fastafjármuna miðað við síðasta efnahagsreikning, skulu ársreikningarnir bera það greinilega með sér.

☐ Verðbréf og útistandandi skuldir má aldrei telja á hærra verði en ætla má, að fyrir þær fáist.

■ **22. gr.** Í ársreikningum skal koma fram aukning og lækkun, sem orðið hefur á fasteignum, skipum, vélum og áhöldum á reikningsárinu auk heildarafskrifta þeirra.

☐ Sé til opinbert mat (fasteignamat, brunabótamat) á eignunum, skal það upplýst í reikningnum.

☐ Tilfæra skal nafnverð hlutabréfa.

☐ Í ársreikningum skulu koma fram samandregnar hreyfingar á eiginfjárreikningum.

☐ Efnahagsreikningi fylgi greinargerð um allar veðsetningar á eigum hlutaðeiganda, að svo miklu leyti, sem greindur reikningur ber slíkt ekki með sér, enn fremur allar ábyrgðir, er hann hefur tekizt á hendur fyrir aðra.

☐ Efnahagsreikningurinn skal bera það með sér, hvort viðkomandi eignir og skuldir eru háðar gengisáhættu eða verðtryggingu.

**IV. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **23. gr.** Ráðherra mælir fyrir um nánari framkvæmd þessara laga með reglugerð,[1] þar á meðal um staðlað bókhaldsskipulag fyrir ákveðnar atvinnugreinar að höfðu samráði við þær, löggildingu bóka, eftirlit og sektir fyrir brot á reglugerðinni.

[1] *Rg. 417/1982 (um bókhald). Rg. 539/1987 (launabókhald í staðgreiðslu).*

■ **24. gr.** Ákvæði þessara laga gilda, svo framarlega sem annað leiði ekki af sérstökum lögum eða reglum settum skv. þeim.

■ **25. gr.** Fyrir brot gegn lögum þessum skal refsað samkvæmt ákvæðum í almennum hegningarlögum.

## Lög um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

**1981** Nr. 27 25. maí

■ **1. gr.** Rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga, hagfræðinga eða nota heiti, sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur, hafa þeir menn hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra. Þeir sem lokið hafa próf úr viðskiptadeild Háskóla Íslands þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

■ **2. gr.** Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðskiptafræði eða hagfræði við háskóla eða annan æðri skóla.

☐ Þó má veita mönnum, sem starfað hafa sem viðskiptafræðingar eða hagfræðingar eigi skemur en sex ár, leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

☐ Áður en leyfi er veitt samkv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal leita álits þriggja manna nefndar, sem menntamálaráðherra skipar á eftirfarandi hátt: Einn nefndarmaður samkv. tilnefningu Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, annar samkv. tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

■ **3. gr.** Ráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun starfsheita, sem fela í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur.

■ **4. gr.** Hver sem notar heiti, er leyfi þarf til skv. lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

■ **5. gr.** Með mál út af brotum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

## Lög um löggilta endurskoðendur.

**1976** Nr. 67 31. maí

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að tryggja að til sé í landinu á hverjum tíma stétt manna sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum til notkunar í viðskiptum.

■ **2. gr.** Ráðherra veitir löggildingu til endurskoðunar manni sem

1. er búsettur hér á landi,
2. er lögráða og hefur forræði fjár síns,
3. hefur lokið brottfararprófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið,
4. hefur eftir 18 ára aldur unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn löggilts endurskoðanda samtals í þrjú ár, þar af a. m. k. eitt ár að loknu brottfararprófi frá viðskiptadeild, sbr. 3. tl.,
5. hefur staðist prófraun skv. 3. gr.

☐ Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við hagi hans.

■ **3. gr.** Sá sem öðlast vill löggildingu til endurskoðunar skv. 1. gr. skal ganga undir verklegt próf, sbr. 5. tl. 2. gr., fyrir prófnefnd, er ráðherra skipar, enda fullnægi hann skilyrðum 1. – 4. tl. 2. gr. ...[1]

☐ Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd prófs, skipan prófnefndar og störf prófnefndarmanna.[2]

[1] *L. 122/1984, 1. gr.* [2] *Rg. 403/1989.*

■ **4. gr.** Ráðherra er heimilt að veita manni, sem lokið hefur prófi eða hlotið hefur löggildingu endurskoðanda erlendis, undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá ákvæð-

**1976** Nr. 67 31. maí

um 3., 4. og 5. tl. 2. gr. enda mæli prófnefnd og/eða viðskiptadeild Háskóla Íslands með því, eftir því sem við á.

■ **5. gr.** Endurskoðandi skal fá um löggildingu sína skírteini er ráðherra gefur út.

■ **6. gr.** Þeim einum er heimilt að nefna sig „löggiltur endurskoðandi" sem ráðherra hefur löggilt til endurskoðunar.

□ Öðrum mönnum en löggiltum endurskoðendum er eigi heimilt að nota orðið endurskoðandi í starfsheiti sínu. Þá er og óheimil notkun starfsheitis sem til þess er fallið að vekja þá trú að maður sé löggiltur endurskoðandi, ef hann er það ekki.

■ **7. gr.** Löggiltir endurskoðendur hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Ráðherra getur sett nánari reglur um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda og starfsmanna þeirra.

■ **8. gr.** Endurskoðandi, sem fær löggildingu samkvæmt lögum þessum, skal vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður að endurskoðunarstarf mitt skal ég rækja með kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og halda lög og reglur sem að starfi mínu og framkvæmd þess lúta.

■ **9. gr.** Löggiltum endurskoðendum er skylt að tilkynna ráðherra í hvaða sveitarfélögum þeir reka skrifstofur.

□ Starfræki löggiltur endurskoðandi, eða félagsskapur löggiltra endurskoðenda, skrifstofur í fleiri en einu sveitarfélagi skal hverri skrifstofu veitt forstaða af löggiltum endurskoðanda.

■ **10. gr.** Áritun löggilts endurskoðanda á reikningsskil þýðir, nema annað sé fram tekið með árituninni, að reikningsskilin og bókhaldið, sem þau eru byggð á, hafi verið endurskoðuð af honum og að reikningsskilin gefi, að hans mati, glögga mynd af hag og afkomu aðila og að bókhaldið sé fært eftir viðurkenndum bókhaldsreglum.

■ **11. gr.** Löggiltum endurskoðanda er óheimilt að framkvæma endurskoðun hjá þeim stofnunum og fyrirtækjum þar sem hann er, að öllu leyti eða að hluta, ábyrgur fyrir skuldbindingum viðkomandi stofnana eða fyrirtækja.

□ Þá má hann ekki vera í stjórn eða fulltrúanefnd, framkvæmdastjóri eða starfsmaður viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis.

□ Hann má heldur ekki vera undir stjórn eða á annan hátt háður stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, prókúruhafa eða þeim starfsmönnum sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi og fjármálum.

□ Hann má ekki vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja, fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

□ Hann má ekki vera fjárhagslega háður viðkomandi stofnun eða fyrirtæki.

■ **12. gr.** Nú ákveður dómari að endurskoðun bókhalds eða reikninga skuli fram fara og skal þá til þess starfa kveðja löggiltan endurskoðanda, ef hans er kostur.

■ **13. gr.** Ráðherra ákveður að fengnum tillögum Álitsnefndar Félags löggiltra endurskoðenda hvort endurskoðunarstarf samrýmist öðru starfi eða starfrækslu fyrirtækis. Nú gegnir löggiltur endurskoðandi öðru starfi eða rekur atvinnufyrirtæki andstætt fyrirmælum ráðherra og getur ráðherra þá svipt endurskoðanda löggildingu sinni.

**1976** Nr. 67 31. maí

■ **14. gr.** Nú missir löggiltur endurskoðandi lögmæt skilyrði til löggildingar eða til endurskoðunarstarfa samkvæmt löggildingu, sbr. 13. gr., og fellur þá úr gildi löggilding hans, enda ber honum þá að skila aftur löggildingarskírteini sínu. Ef hann síðar fullnægir lagaskilyrðum skal ráðherra, að fengnum tillögum Álitsnefndar Félags löggiltra endurskoðenda, veita honum löggildingu að nýju.

■ **15. gr.** Nú sætir löggiltur endurskoðandi ákæru í opinberu máli um brot á refsilögum og ber þá ákvörðun um sviptingu löggildingar hans af því efni, eftir kröfu ákæruvalds, undir dómara þess máls.

□ Ákvörðun um sviptingu löggildingar vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru ber undir ráðherra. Nú vill endurskoðandi ekki una úrlausn ráðherra og getur hann þá borið sakarefnið undir dómstóla. Fer um meðferð þess máls að hætti opinberra mála. Ákvörðun ráðherra í málinu skal halda gildi uns dómur gengur.

■ **16. gr.** Allur kostnaður af framkvæmd laga þessara, þ. á m. þóknun prófnefndarmanna, er ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði.

■ **17. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varðar ...[1] sekt til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum.

[1] *L. 10/1983, 47. gr.*

■ **18. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 89 frá 29. desember 1953, um löggilta endurskoðendur, og lög nr. 42 frá 29. mars 1961, um breyting á þeim lögum. Þó skulu þeir menn, sem löggiltir hafa verið sem endurskoðendur fyrir gildistöku þessara laga, halda starfsheiti sínu og starfsréttindum, en ákvæði 7. – 17. gr. þessara laga gilda einnig um þá.

## Lög um fyrirtækjaskrá.

**1969** Nr. 62 28. maí

■ **1. gr.** Hagstofa Íslands skal halda skrá, er nefnist fyrirtækjaskrá, yfir einstaklinga, félög og aðra aðila, sem reka sjálfstæða atvinnu, svo og yfir embætti, stofnanir (þar með sjálfseignarstofnanir) og félagssamtök, sem að dómi Hagstofunnar hafa þá starfsemi, að ástæða sé til að skrá þau.

□ Skrá þessi skal færð jafnóðum til samræmis við áorðnar breytingar, eftir því sem við verður komið.

□ Aðili, sem byggir hús eða annað mannvirki til eigin nota, eða framkvæmir viðgerð á slíkum eignum í eigin notkun, telst ekki reka sjálfstæða atvinnu samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr., nema um sé að ræða byggingu eða viðgerð vegna atvinnurekstrar eða annarrar starfsemi, er um ræðir í atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

■ **2. gr.** Í þessum lögum er orðið fyrirtæki notað sem samheiti um alla þá aðila, sem fyrri málsgr. 1. gr. tekur til. Orðið atvinnurekstur tekur á hliðstæðan hátt til hvers konar starfsemi, sem þessir aðilar reka sem slíkir.

■ **3. gr.** Stjórnsýsla ríkisins og annarra opinberra aðila í sambandi við atvinnurekstur styðst við skrár og önnur starfsgögn frá fyrirtækjaskrá, eftir því sem hlutaðeigandi stjórnarvöld ákveða í samráði við Hagstofuna. Auk þess skal fyrirtækjaskrá vera tæki til hagskýrslugerðar um atvinnuvegi landsmanna o. fl.

**1969** Nr. 62 28. maí

■ **4. gr.** Í fyrirtækjaskrá skal skrá nafn og aðsetur fyrirtækja, auðkennisnúmer þeirra, atvinnugreinarnúmer samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar, og þau atriði önnur varðandi störf og hagi fyrirtækja, sem hún ákveður.

□ Fyrirtæki, sem hafa með höndum fleiri en eina tegund starfsemi samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar, eða reka sömu starfsemi á tveimur eða fleiri stöðum, skulu, eftir því sem aðstæður leyfa, skráð samkvæmt því í fyrirtækjaskrá, þ. e. hver atvinnugrein og hver starfsstaður telst þar sérstök rekstrareind.

■ **5. gr.** Í fyrirtækjaskrá hefur hvert fyrirtæki sitt auðkennisnúmer. Einstaklingur, sem rekur sjálfstæða atvinnu í eigin nafni, hefur nafnnúmer sitt samkvæmt þjóðskrá sem auðkennisnúmer. Önnur fyrirtæki skulu fá sérstakt auðkennisnúmer í fyrirtækjaskrá. Hagstofan gefur út skírteini til þeirra, þar sem auk heitis og póstaðseturs, er tilgreint auðkennisnúmer, atvinnugreinarnúmer og þau atriði önnur, sem henta þykir að hafa á skírteininu.

□ Opinber aðili, er notar auðkennisnúmer fyrirtækjaskrár í umsýslu sinni, getur krafizt þess, að fyrirtæki sýni skírteini (sbr. 1. málsgr.) sem sönnunargagn um númer og önnur skráningaratriði í fyrirtækjaskrá.

□ Heimilt er að gefa út sérstakt skírteini fyrirtækjaskrár einnig til einstaklinga, sem reka sjálfstæða atvinnu í eigin nafni (sbr. 1. málsgr.), og kemur það þá í stað nafnskírteinis í þessu sambandi.

■ **6. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, með reglugerð eða á annan hátt, að aðilar þeir, er um ræðir í 1. mgr. 1. gr., skuli tilkynna Hagstofunni upphaf og lok atvinnurekstrar síns, enn fremur aðsetur starfsstöðva og breytingar á því, og loks þær breytingar aðrar, sem upplýsingar þarf að fá um til starfrækslu fyrirtækjaskrár.

□ Upphaf atvinnurekstrar reiknast frá þeim tíma, er aðili hefur sölu eða hliðstæða afhendingu á vöru eða þjónustu til viðskiptamanna. Þó skal upphaf atvinnurekstrar reiknast frá þeim tíma, er hlutaðeigandi hóf notkun aðkeypts vinnuafls vegna hans, ef það á sér stað áður en sala á vöru eða þjónustu til viðskiptamanna hefst.

□ Ákvarðanir samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr. um, að tilkynningarskylda skuli koma til framkvæmda, skulu bundnar við tilteknar greinar samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

□ Hagstofan gerir eyðublöð undir tilkynningar þær, er um ræðir í 1. málsgr., og kveður á um skilafresti og annað í því sambandi.

■ **7. gr.** Skattyfirvöld aðstoða Hagstofuna við starfrækslu fyrirtækjaskrár með veitingu upplýsinga og eftirgrennslunum, eftir því sem nánar verður ákveðið með samkomulagi ríkisskattstjóra og hagstofustjóra.

□ Aðrir opinberir aðilar, er hafa undir höndum upplýsingar, sem þörf er á til starfrækslu fyrirtækjaskrár skulu láta þær í té samkvæmt því, sem um semst milli hlutaðeigenda.

■ **8. gr.** Heimilt er að krefja alla húseigendur og aðra umráðamenn húsnæðis upplýsinga um, hvaða fyrirtæki hafa starfsstöð í húsum þeirra.

□ Heimilt er að krefjast þess af félagssamtökum aðila, sem reka sjálfstæða atvinnu í einstökum greinum – þar á meðal af félagssamtökum meistara í iðnaði – að þeir láti í té skrár yfir meðlimi sína og aðstoði á annan hátt við starfrækslu fyrirtækjaskrár.

**1969** Nr. 62 28. maí

■ **9. gr.** Til hagnýtingar fyrirtækjaskrár til skýrslugerðar um atvinnuvegina skulu fyrirtæki láta Hagstofunni í té upplýsingar um starfsemi sína og aðra hagi, að svo miklu leyti sem eðlileg þörf fyrir slíka skýrsluöflun segir til um. Fyrirtæki skulu láta slíkar upplýsingar í té á þann hátt og á þeim tímum, sem Hagstofan ákveður.

■ **10. gr.** Óheimilt er að skýra frá upplýsingum, sem fyrirtæki láta í té samkv. 9. gr. og eru trúnaðarmál, nema með samþykki hlutaðeigenda. Þeir, sem vinna við úrvinnslu slíkra gagna, mega ekki, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, skýra óviðkomandi aðilum frá því, sem þeir komast að um hagi einstakra fyrirtækja.

■ **11. gr.** Hagstofan veitir hverjum sem er upplýsingar um það, sem skráð er um einstök fyrirtæki samkv. fyrri málsgr. 4. gr., enda sé eigi um að ræða upplýsingar, er Hagstofan hefur fengið frá fyrirtækjum sem trúnaðarmál, sbr. 10. gr. Embætti og stofnanir fá slíka þjónustu ókeypis, enda þurfi þær upplýsinganna við vegna embættisrekstrar eða hliðstæðra starfa. Sé hér um að ræða meiri háttar verk, getur Hagstofan þó krafizt greiðslu. Að öðru leyti tekur Hagstofan greiðslu fyrir veitingu upplýsinga úr fyrirtækjaskrá, eftir gjaldskrá, sem hún setur.

■ **12. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að í stað manntals árið 1970 samkvæmt lögum nr. 4/1920 skuli, með aðstoð fyrirtækjaskrár og þjóðskrár, fara fram athugun á mannafla þjóðarinnar til atvinnustarfa á þessu ári, með þeim hætti, sem Hagstofan ákveður í samráði við aðra opinbera aðila, sem mál þetta snertir.

■ **13. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að setja, með reglugerð eða á annan hátt, nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

■ **14. gr.** Nú bregzt það, að látnar séu í té upplýsingar samkvæmt 9. gr., áður en almennum skilafresti lýkur, og getur Hagstofan þá þröngvað aðila með dagsektum [allt að 5000 kr.][1] á dag, til að láta upplýsingar í té. Dagsektir taka gildi 5 dögum eftir að aðili meðtekur símskeyti eða bréf um þær, enda geri hann ekki skil áður en þeim fresti lýkur.

□ Nú kemur það í ljós, að aðili, er skal veita upplýsingar samkvæmt 9. gr., hefur vanrækt að láta þær í té áður en skilafresti lauk, og varðar það þá sektum ...[1]

□ Lögreglustjóri innheimtir sektarfé samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr. Skal greiðsla þessi innt af hendi eigi síðar en 7 dögum eftir að hlutaðeigandi afhenti Hagstofu hina síðbúnu skýrslu eða setti hana í póst.

[1] *L. 10/1983, 48. gr.*

■ **15. gr.** Nú er ákveðið að nota heimild þá, er um ræðir í 1. málsgr. 6. gr., og skulu þá brot gegn ákvæðum um tilkynningarskyldu varða sektum ...[1] Ákvæði 2. málsgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966,[2] skulu gilda um mál þessi.

[1] *L. 10/1983, 48. gr.* [2] *Nú l. 74/1974.*

## Lög um verzlunarskýrslur.

**1922** Nr. 12 19. júní

■ **1. gr.** Um allar innfluttar og útfluttar vörur skulu viðtakendur eða sendendur varanna vera skyldir til, um leið og þeir taka við vörunum eða senda þær, að láta lögreglustjórum eða þeim, sem koma í þeirra stað, í té

**1922** Nr. 12 19. júní

skýrslur um tegund og magn varanna, löndin, sem þær eru keyptar frá eða seldar til, svo og innkaupsverð innfluttra vara, að viðbættum flutningskostnaði til landsins, og söluverð útfluttra vara á útflutningshöfn hér á landi, allt eftir því sem eyðublöð þau greina og reglugerðir, sem landsstjórnin gefur út.

☐ Í lögum þessum telst handhafi farmskírteinis móttakandi innfluttrar vöru og sendandi útfluttrar vöru sá, er samkvæmt farmskírteini því, sem fylgja á vörunum til útlanda, er sendandi vörunnar. En sé sendandi fjarverandi þá hvílir skyldan til að gefa verzlunarskýrslu á þeim, sem annast afgreiðsluna á vörunni fyrir hann á burtfararstað útflutningsskips. Útflutningshöfn telst sú höfn, þar sem vara er látin í skip og farmskírteini gefið út yfir hana beint til útlanda, hvort sem hún er flutt alla leið með sama skipi eða umhlaðin síðar í önnur skip.

☐ Á sama hátt skal gefa skýrslur um böggla, sem koma til landsins eða sendir eru úr landi í bögglapósti, en póststjórnin heimtir inn skýrslur um þá, en eigi lögreglustjóri.

■ **2. gr.** Eigi má án samþykkis lögreglustjóra eða umboðsmanns hans afhenda viðtakendum innfluttar vörur né afgreiða vörur til útflutnings fyrr en verzlunarskýrslur hafa verið gefnar um þær. Brot gegn þessum fyrirmælum varða sektum, allt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum.

■ **3. gr.** Ef viðtakandi vöru eða sendandi veit eigi um verð vörunnar þegar skýrslu skal gefa, en býst við að fá vitneskju um það innan skamms tíma, má veita honum stuttan frest til skýrslugjafar um verðið, gegn því, að hann skuldbindi sig til að skýra frá verðinu sérstaklega að frestinum liðnum. Ef búast má við, að ekki fáist vitneskja um verðið fyrr en eftir langan tíma, þá skal gefa skýrslu strax um verðið, sem þá skal setja eftir áætlun.

■ **4. gr.** Auk þess útdráttar úr farmskrá skips um þær vörur, er fara eiga á hverja einstaka höfn, sem samkvæmt lögum nr. 38 27. júní 1921,[1] um vörutoll, ber að afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar eiga að affermast, skal einnig afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn annað samhljóða eintak af farmskránni um vörur til þeirrar hafnar. Skal það síðan sent hagstofunni ásamt verzlunarskýrslunum um þær vörur, er í farmskránni standa.

☐ Nú er innflutt vara tilfærð á farmskrá skips til annars staðar en þess, sem innflytjandi samkvæmt farmskírteini á að fá hana afhenta, og skal þá sá, er annast um umhleðsluna, eða ef um skipaafgreiðslumenn er að ræða, afgreiðslumaður sá, sem veitti vörunum móttöku frá útlöndum, senda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, þar sem móttakandi er, farmskrá yfir vörur þær, sem sendar eru, og annað eintak af þeirri farmskrá ber honum að afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á þeim stað, sem varan er send frá, og varðar sömu sektum og getur í 2. gr., ef út af er brugðið. Skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans á þeim stað, sem varan er send frá, bera farmskrá þessa saman við hina erlendu farmskrá og skrifa þar að lútandi vottorð á hana. Um innheimtu og skil innflutningsskýrslna fyrir slíkum vörum fer svo á sömu leið og þær hefðu verið innfluttar beint frá útlöndum til viðtakanda.

☐ Fyrir hvert skip, er tekur vörur til útflutnings á einhverri höfn, skal skipstjóri eða afgreiðslumaður þess afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans þar samrit af farmskrá um farm skipsins frá þeirri höfn, þar sem taldar séu upp allar vörur, sem skipið hefir tekið þar við til útflutnings, þar með einnig þær vörur, sem umhlaðnar hafa verið þar úr öðrum skipum, og tilgreint vörumagn hverrar vöru, er komi heim við hleðsluskírteini, og sé skráin undirrituð af skipstjóra. Farmskráin sendist svo hagstofunni ásamt verzlunarskýrslunum um vörur þær, sem á henni standa.

[1] *Nú l. 55/1987.*

**1922** Nr. 12 19. júní

■ **5. gr.** Gefi nokkur vísvitandi ranga skýrslu, varðar það sektum, frá 10 – 1000 kr. Tregðist nokkur við að láta í té skýrslu, sem hann hefir fengið frest til að gefa, má þröngva honum til þess, að frestinum liðnum með dagsektum, 2 – 10 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í bréfi til hlutaðeiganda.

■ **6. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

## Lög um metramæli og vog.

**1907** Nr. 33 16. nóv.

■ **1. gr.** Mæli og vog skal af metrakerfi leiða á Íslandi.

☐ Tugakerfi skal ráða í skiptingu mælis og vogar.

■ **2. gr.** Lengd metra og þyngd kílógramms skal jafnt þeirri fyrirmynd mælistærða þessara, sem ákveðin er af allsherjarstofnuninni fyrir mæli og vog í Parísarborg.

■ **3. gr.** Í mæli og vog skal hafa frumeiningar þær og skiptiefni, sem nú skal greina.

**Lengdarmál.** Frumeining lengdarmáls er metri. 1 desímetri er $^1/_{10}$ metra. 1 sentímetri er $^1/_{100}$ metra. 1 mílímetri er $^1/_{1000}$ metra. 1 dekametri er 10 metrar. 1 hektómetri er 100 metrar. 1 kílómetri er 1000 metrar. 10 kílómetrar er metramíla.

**Flatarmál.** Frumeining flatarmáls er fermetri. Einn ari er 100 fermetrar. Einn hektari er 100 arar. Einn ferkílómetri er 100 hektarar.

**Rúmmál.** Frumeining rúmmáls er teningsmetri. Þúsundasti hluti tengingsmetra (teningsdesímetri) er lítri. 1 desílítri er $^1/_{10}$ lítra. 1 sentílítri er $^1/_{100}$ lítra. 1 dekalítri er 10 lítrar. 1 hektólítri er 100 lítrar.

**Vog.** Frumeining vogar er 1 lítri vatns, og nefnist kílógramm. 1 kílógramm er 1000 grömm. 1 desígramm er $^1/_{10}$ úr grammi. 1 sentígramm er $^1/_{100}$ úr grammi. 1 mílígramm er $^1/_{1000}$ úr grammi. 1 dekagramm er 10 grömm ($^1/_{100}$ úr kílógrammi). 1 hektógramm er 100 grömm ($^1/_{10}$ úr kílógrammi). 1 tonn er 1000 kílógrömm.

☐ Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, hver íslenzk heiti megi nota jafnhliða útlendu heitunum og hverjar styttingar skuli hafa til þess að tákna frumeiningar þær og skiptinefni, sem talin eru í þessari lagagrein.[1]

[1] *Augl. B 109/1909 (um tugamæli og tugavog).*

■ **4. gr.** Konungur ákveður tímatakmark, er þó má eigi síðar vera en þrem árum eftir staðfesting laga þessara, en upp frá því skal eingöngu nota metrakerfi í mæli og vog við útreikning á tollgjöldum til landssjóðs og öðrum opinberum gjöldum, sem teljast í vog eða mæli.[1]

☐ Frá sama tíma má nota metramæli og metravog í verzlun og viðskiptum, þegar þeim, er skiptin eiga, kemur saman um það. Að tveim árum liðnum eftir nefnt tímatakmark skal eingöngu nota metramál og metravog; þó getur konungur ákveðið, að vogalóð og reizlur, er gerðar eru eftir vogarkerfinu frá 1. des. 1865, sé notuð

**1907** Nr. 33 16. nóv.

fyrst um sinn; svo má og framvegis nota vogarlóð þau, sem löggilt eru til meðalasölu og vigtar dýrindismálma til þess, er þau eru ætluð. Á því tímabili, þegar nota má metrakerfið jafnhliða núgildandi mæli og vog, skal í hverri þeirri búð eða byrgi, þar er verzlun er rekin í smásölu, vera upphengd eða á annan auðveldan hátt höfð til sýnis kaupendum tafla, staðfest af stjórnarráðinu, er sýni breytingu mælis og vogar úr einu kerfinu í annað.

□ Aðfluttar vörur, sem eigi er raskað umbúðum á, má hafa til sölu eftir mæli þeim og vog, sem þær eru seldar eftir í landi því, er þær fluttust frá.

[1] *Augl. A 66/1909 um notkun metrakerfis í mæli og vog (gildistaka 1. janúar 1910).*

■ **5. gr.** Hlutfallið milli núgildandi mælis og vogar og metramælis og metravogar skal telja svo sem nú skal greina, bæði í opinberum erindum og einstakra manna skiptum: 1 míla á landi 7,532 kílómetra; 1 sjómíla 1,855 kílómetra (1 vika sjávar 7,408 kílómetra); 1 faðmur 1,8831 metra; 1 alin 0,6277 metra; 1 fet 0,31385 metra; 1 þumlungur 2,615 sentímetra; 1 lína 2,18 mílímetra; 1 fermíla 56,7383 ferkílómetra; 1 túndagslátta 0,31914 hektara; 1 engjateigur (dagslátta) 0,56736 hektara; 1 ferfaðmur 3,546 fermetra; 1 feralin 0,394 fermetra; 1 ferfet 0,0985 fermetra; 1 ferþumlungur 6,84 fersentímetra; 1 teningsfet 0,030916 teningsmetra; 1 brennifaðmur (72 teningsfet) 2,226 teningsmetra; 1 pottur (1/32 teningsfet) 0,9661 lítra; 1 almenn tunna (lýsistunna 120 pottar) 1,1593 hektólítra; 1 öltunna (136 pottar) 1,3139 hektólítra; 1 korntunna (144 pottar) 1,3912 hektólítra; 1 kornskeppa 17,39 lítra; 1 anker (39 pottar) 37,68 lítra; 1 skippund 160 kílógrömm; 1 pund 0,5 kílógrömm; 1 tunna smjörs (224 pund) 112 kílógrömm.

□ Þegar reiknað er aðflutningsgjald og útflutningsgjald, skal þó, ef ekki er öðruvísi ákveðið í sérstökum lögum, telja 1 pott sama sem 1 lítra.

□ Stjórnarráð Íslands getur, ef þörf gerist, sett nánari ákvarðanir um hlutföllin milli metrakerfis og núgildandi mælis og vogar, þar á meðal um styttan tugabrotareikning við útreikning annarra opinberra gjalda.

■ **6. gr.** [Brot gegn næstsíðustu málsgrein 4. gr. varða sektum, og skulu mál út af þeim sæta meðferð opinberra mála.][1]

[1] *L. 10/1983, 49. gr.*

## 1924 Lög um mælitæki og vogaráhöld.

**1924** Nr. 13 4. júní

■ **1. gr.** Hver sú verzlun, sem mæla skal varning eða vega, skal til þess nota mælitæki eða vogaráhöld, sem löggilt eru og löglega stimpluð. Tæki þessi og áhöld skulu sæta eftirliti af hálfu stjórnarvalda þeirra, er til þess eru nefnd í lögum þessum; en skylt er engu að síður þeim, er þau tæki nota við afhendingu eða móttöku vöru, að sjá um að þau séu rétt.

□ Öll mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til þess að ákveða upphæð tollgjalda til ríkissjóðs, eða til þess að byggja á þeim vottorð um vigt eða mæli, eða og til annars, sem ákveðið kann að verða, skulu vera löggilt og eftirliti háð.

■ **2. gr.** Löggildingu mælitækja og vogaráhalda hafa á hendi lögreglustjórar í kaupstöðunum Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum, samkvæmt nánari ákvæðum, sem felast í lögum þessum og sett verða í konunglegri tilskipun um mælitæki og vogaráhöld. Löggildingin fer fram á þann hátt, að stimplað er á tækin löggildingarmerki, er sé stórt C með X innan í og krónu yfir,[1] og auk þess merki, er gefi til kynna, hvaða ár löggildingin hafi farið fram og af hvaða lögreglustjóra hún sé framkvæmd.

[1] *Nú skjaldarmerki Íslands.*

**1924** Nr. 13 4. júní

■ **3. gr.** Mælitæki og vogaráhöld, sem flutt eru til landsins frá útlöndum til notkunar þeirrar, sem ræðir um í 1. gr., skal löggilda, svo sem fyrir er mælt í 2. gr., áður en byrjað sé að nota þau, enda sé gerð þeirra slík, að fullnægi ákvæðum konungstilskipunar þeirrar, er um ræðir í 2. gr.

■ **4. gr.** Heimilt er hverjum þeim, sem mælitæki eða vogaráhöld þarf að nota, að kaupa þau hvar sem bezt þykir, enda sé gætt fyrirmæla laga þessara um gerð þeirra og löggildingu.

■ **5. gr.** Lögreglustjórum er skylt að sjá um, að kaupmenn og kaupfélög noti eingöngu löggilt mælitæki og vogaráhöld, og yfirleitt, að haldin séu þau ákvæði, sem sett eru um notkun slíkra tækja. Þeir geta fyrirvaralaust látið skoða áhöld og tæki til mælis og vogar hjá öllum, sem þau nota eða nota ber, og rannsakað, hvort fylgt hefir verið réttilega fyrirmælum laga þessara.

□ Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í kauptúnum og sveitum skulu á þriggja ára fresti skoða öll mælitæki og vogaráhöld, sem ætluð eru til notkunar þeirrar, er ræðir um í 1. gr. Skulu hreppstjórar gefa skýrslu um þessa skoðun til sýslumanna, en sýslumenn og lögreglustjórar til stjórnarráðsins.

□ Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið[1] annast um, að lögreglustjórar hafi jafnan rétt tæki til að reyna mælitæki og vogaráhöld, er löggilt skulu vera, og skulu fyrirmyndir slíkra tækja geymdar í vörzlum þess.

[1] *Nú dómsmálaráðuneyti, skv. augl. A 96/1969, 3. gr. 22. tl.*

■ **6. gr.** Nú reynist vogaráhald eða mælitæki skakkt eða ónákvæmt við skoðun samkvæmt 5. grein, eða slíkt kemur í ljós á annan hátt, og er þá óheimilt að nota áhaldið eða tækið fyrr en viðgerð hefir farið fram á því og áhaldið eða tækið verið löggilt að nýju af einhverjum þeirra lögreglustjóra, sem löggildingu hafa á hendi. Notendur mega hvorki sjálfir né með aðstoð annarra breyta löggiltum tækjum né gera við þau, nema þeir afmái jafnframt löggildingarmerkin.

■ **7. gr.** Vörumatsmönnum og löggiltum vigtarmönnum skal skylt að athuga, bæði hvort tæki þau, sem notuð eru, séu rétt löggilt og merkt og hvort tækin í raun og veru séu rétt, og ber lögreglustjórum að veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar um það og þann stuðning, sem með þarf.

■ **8. gr.** Lögreglustjórum ber engin sérstök borgun fyrir hið almenna eftirlit eftir þessum lögum. Fyrir hina almennu skoðun samkv. 5. gr. skal ríkissjóður greiða lögreglustjórum í kaupstöðum útlagðan kostnað þeirra eftir sanngjörnum reikningi, en um greiðslu til hreppstjóra fer eftir 7. gr. laga nr. 64 14. nóv. 1917.[1]

□ Fyrir löggildingu ber lögreglustjórum borgun frá eigendum tækjanna, eftir gjaldskrá, er ráðherra setur.

[1] *Nú l. 32/1965.*

■ **9. gr.** Brot á lögum þessum eða reglugerðum,[1] sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða

**1924** Nr. 13 4. júní

sektum til ríkissjóðs, ...[2] nema þyngri hegning liggi við að lögum.

[1] *Rg. 199/1973, um löggildingu og eftirlit með rennslismælum fyrir mjólk, Rg. 583/1980, varðandi mælitæki og vogaráhöld með rafeindabúnaði.* [2] *L. 10/1983, 50. gr.*

## 1925 Nr. 1 13. marz Tilskipun um mælitæki og vogaráhöld.

■ **1. gr.** Hver sú verzlun, sem mæla þarf varning eða vega, skal til þess nota löggilt mælitæki og vogaráhöld. Löggilt skulu og vera þau mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til þess að ákveða upphæð tollgjalda til ríkissjóðs eða til þess að byggja á þeim vottorð um vog eða mæli. En löggilt eru þau mælitæki og vogaráhöld, sem lögreglustjórarnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum hafa löglega stimplað með löggildingarmerkinu, sem er stórt C með X innan í og kórónu yfir[1] og auk þess merki, er gefi til kynna, hver lögreglustjórinn hafi framkvæmt löggildinguna og hvaða ár hún hafi fram farið, svo og þau mælitæki og vogaráhöld, sem til voru, þegar lög um mælitæki og vogaráhöld frá 4. júní 1924 öðluðust gildi og löggilt eru á réttan og löglegan hátt eftir þeim reglum, er gilt hafa þangað til.

[1] *Nú skjaldarmerki Íslands.*

■ **2. gr.** Hver sá lögreglustjóri, sem hefur á hendi löggildingu mælitækja og vogaráhalda samkvæmt lögum nr. 13 frá 4. júní 1924, skal hafa undir höndum og nota við löggildingu þau prófunartæki, sem nú verða talin:

Prófvog, er tekur 20 kg og hefur nákvæmnina 0,2 g, – prófvog, er tekur 2 kg og hefur þá nákvæmnina 50 mg, og – prófvog er tekur 100 g, og hefur þá nákvæmnina 2 mg.

Nákvæm vogarlóð úr látúni að þyngd: 20 kg, 10 kg, 5 kg, 1 kg, 500 g, 200 g, 100 g, 50 g, 20 g, 10 g, 5 g, 2 g og 1 g.

Skekkjan á þessum lóðum má vera hvort heldur vill + eða –, en eigi má hún nema meiru en ⅛ úr leyfilegri skekkju á þeim lóðum, sem löggilt verða sbr. 19. gr. c.

Kvarði úr látúni eða góðu tré 1 metri að lengd og merktur við hvern millímetra. Skekkjan á kvarðanum má hvergi vera meiri en 0,1 mm.

Mæliker úr tini eða látúni og með glerplötum til að draga yfir. Mælikerin taki: 5 lítra, 2 lítra, 1 lítra, ½ lítra, 2 desílítra og 1 desílítra. Skekkjan á mælikerum þessum má eigi fara fram úr $^1/_{1000}$ af rúmmálinu, ef mælikerið er 1 lítri eða meira, en á minni mælikerum $^1/_{500}$ úr rúmtaki þeirra.


Til prófunar á vogum skal lögreglustjórinn í Reykjavík hafa 50 járnlóð, hvert 20 kg að þyngd, en lögreglustjórinn á Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum, hver 25 járnlóð, er sé hvert 20 kg að þyngd, og auk þess skal hver lögreglustjóri hafa þessi járnlóð: 3 að þyngd 10 kg, 3 að þyngd 5 kg, 4 að þyngd 2 kg, og 4 að þyngd 1 kg, og þessi látúnslóð: 2 að þyngd 500 g, 2 að þyngd 200 g, 1 að þyngd 100 g, 1 50 g, 2 20 g, 1 10 g, 1 5 g, 2 2 g og 1 að þyngd 1 g. Skekkjan á þessum lóðum má vera bæði + og –, en eigi fara fram úr helming af skekkju þeirri, sem leyfileg er á verzlunarlóðum, er þau eru löggilt, sbr. 19. gr. c.

☐ Öll áðurgreind prófunartæki skulu vera stimpluð af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu með þar til gerðum sérstökum stimpli, er sé A & S með kórónu yfir.

■ **3. gr.** Lögreglustjórar skulu sjá um, að prófunartæki séu vel geymd og þeir hlutar þeirra, sem eru úr járni, ryðgi ekki. Ef ástæða er til þess að ætla, að þau hafi skekkzt svo nokkru nemi, skulu þeir tafarlaust tilkynna það atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu,[1] er þá gerir ráðstafanir til að tækin séu prófuð og önnur fengin í staðinn, ef ástæða er til þess.

☐ Allar löggildingagerðir skulu lögreglustjórar rita í bækur, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið[1] hefur löggilt til þess.

☐ Merki lögreglustjóranna eru þessi:




[1] *Nú dómsmálaráðuneytið, sbr. augl. A 96/1969, 3. gr. 22. tl.*

■ **4. gr.** Þeir lögreglustjórar, sem löggildingu hafa á hendi, löggilda þessi mælitæki og vogaráhöld:

1. kvarða,
2. mæliker,
3. vogarlóð og
4. vogir,

svo að nota megi þau til að mæla varning eða vega í verzlunum, til að ákveða upphæð tollgjalda til ríkissjóðs, eða til þess að byggja á þeim vottorð um vog eða mæli eða til annars, sem ákveðið kann að verða.

■ **5. gr.** Löggilding og endurlöggilding fer að jafnaði aðeins fram á löggildingarstofum lögreglustjóranna. Þegar hlutaðeigandi lögreglustjóri telur ástæðu til þess, getur hann samt látið löggildinguna fara fram á öðrum stað. Þá skal sá, sem löggildingin er gerð fyrir, greiða kostnað við ferðalög og flutning áhalda til og frá staðnum auk venjulegs löggildingargjalds allt samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur.

■ **6. gr.** Þeir, sem óska að láta löggilda eða endurlöggilda mælitæki og vogaráhöld, skulu senda skriflega beiðni um það til lögreglustjóra, sem löggildingu hefur á hendi; ákveður hann þá, hvenær skuli koma með tækin til löggildingar og hvenær þau skuli verða sótt aftur. Ef tækin eru eigi sótt á tilteknum tíma, getur lögreglustjóri komið þeim til geymslu á kostnað og ábyrgð eiganda, og sé þeirra eigi vitjað að 3 mánuðum liðnum, má selja þau til greiðslu áföllnum kostnaði. Verði afgangur af söluverðinu, fellur hann í ríkissjóð, ef eigandi vitjar hans eigi innan 6 vikna frá sölunni. Þegar um tæki með óvenjulegri gerð er að ræða, getur lögreglustjórinn krafizt þess, að löggildingarbeiðninni fylgi nákvæm lýsing á gerð tækjanna.

■ **7. gr.** Þeir, sem nota löggilt mælitæki eða vogaráhöld við afhendingu eða móttöku vöru, skulu sjá um, að þau séu rétt.

☐ Ávallt skal notandi gæta þess, að þær vogir standi rétt, sem hafa lóð (pendúl), hallamæli eða annan útbúnað, er sýnir, hvenær þær standa rétt.

☐ Þeir, sem nota löggilt mælitæki og vogaráhöld, skulu leita endurlöggildingar, er skekkjan á þeim fer út fyrir þau takmörk, sem tiltekin eru í tilskipun þessari, eða sá tími er liðinn, sem löggildingin gilti fyrir.

**1925** Nr. 1 13. marz

☐ Notendur löggiltra mælitækja og vogaráhalda mega hvorki sjálfir eða með aðstoð annarra breyta þeim eða gera við þau, nema þeir afmái jafnframt löggildingarmerkin.

■ **8. gr.** Kvarðar mega löggildast, þegar mælikvarðarnir á þeim eru að lengd 1 metri eða ½ metri. Mælikvörðunum skal að endilöngu skipt í sentímetra, þó má skipta einum eða fleiri sentímetrum við enda mælikvarðans eða öllum mælikvarðanum í millímetra. Eigi má skipta mælikvarðanum neins staðar í minni einingar en millímetra.

☐ Allar takmarkalínur eininganna skulu vera glögg strik, mótuð eða höggvin í það efni, sem kvarðinn er gerður úr, og skulu strikin liggja í fleti hornréttum á lengdarlínu kvarðans. Að minnsta kosti tíunda hver eining skal vera merkt skýrt með tölu.

☐ Öll lengd mælikvarðans skal vera stimpluð á hann í tölum ásamt einingarnafninu metri eða m, sentímetri eða cm.

■ **9. gr.** Kvarðar skulu vera úr efni, er veitir næga tryggingu fyrir því, að mælikvarðinn verpist eigi né á annan hátt breyti lengd sinni út fyrir hin settu takmörk, og skulu kvarðarnir vera svo gildir, að eigi sé hætta á, að þeir bogni til muna, ef þeim er eigi sérstaklega misboðið í meðferðinni.

☐ Trékvarðar skulu gerðir úr vel þurrum, beinvöxnum og kvistlausum eskivið, hlyn, ahorni eða öðrum þeim viðartegundum, sem eigi verpast né breytast að mun við áhrif hita og raka. Yfirborð kvarðans, sem eigi má hafa hrufur eða sprungur, skal vera gljáð (bónað) eða borið á það lakk eða fernis.

☐ Þar sem endi mælikvarðans fellur saman við enda kvarðans sjálfs, skal kvarðaendinn vera þverhníptur, og á trékvörðum, sem eigi eru sívalir, skulu þá endabrúnir mælikvarðans vera varðar með málmþynnu, sem greypt sé inn í tréð þannig, að yfirborð málmþynnunnar og trésins í kring sé í beinu áframhaldi. Málmþynnan skal vera fest við tréð á tryggilegan hátt og þannig fyrir komið, að hægt sé að stimpla í einu hana og tréð umhverfis.

☐ Kvarðarnir mega eigi vera svo bognir, að á beri, og sá hluti af hliðum kvarðans, sem hefur mælikvarða á merktan, skal vera sléttur. Sívala trékvarða með einum mælikvarða, sem aðeins er skipt í sentímetra, má þó löggilda, þó að mælikvarðinn sé merktur á hið sívala yfirborð kvarðans.

☐ Löggilding kvarða gildir, meðan löggildingarmerkin eru ósköddud, nema sýnilegt sé, að kvarðinn hafi breytt sér síðan hann var löggiltur.

■ **10. gr.** Mæliker úr blikki, aluminium eða tini löggildast í þessum stærðum: 10 lítrar, 5 lítrar, 2 lítrar, 1 lítri, ½ lítri, 2 desílítrar og 1 desílítri. Mælikerin skulu vera svo sterk, að eigi sé hætt við, að þau breyti lögun eða stærð með venjulegri meðferð.

☐ Mælikerin skulu vera sívöl og jafnvíð að ofan og neðan. Hlutfallið milli þvermáls og hæðar að innanmáli skal vera því sem næst 2:3.

☐ Þegar mælikerin standa á láréttum fleti skulu barmar þeirra einnig vera í láréttum fleti, en hliðarnar vera hornrétt á flötinn.

☐ Mælikerin mega hafa víðari kraga, sem nær upp fyrir barminn, en eigi telst rúmið fyrir ofan barminn með rúmtaki kersins. Mælikerin mega hafa hanka.

☐ Á mælikeri úr blikki, sem óskað er eftir að fá löggilt, skal vera lóðað tin með sléttu og nægilega stóru yfirborði á þeim stöðum, þar sem löggildingarmerkin skulu sett.

☐ Á hverju keri skal standa með skýru og óafmáanlegu letri í tölum með einingarnafninu lítri eða l, desílítri eða dl á eftir, hvað kerið tekur barmaslétt, og löggildingin nær aðeins til þess, að það rúmtak sé rétt.

☐ Löggilding þessara mælikera gildir meðan löggildingarmerkin eru ósköddud, nema það sýni sig, að kerin hafi breytt lögun og stærð síðan þau voru löggilt.

■ **11. gr.** Enn fremur löggildast eftirtöld mæliker til sérstakrar notkunar:

Til mælingar á lifur og grút löggildast ker, sem taka 20 lítra eða 50 lítra, og skulu þau vera úr eik, beyki, eða öðrum jafngóðum við, og vel bent með föstum járngjörðum og að öllu leyti svo sterk, að þau þoli venjulega meðferð, án þess að breyta lögun eða stærð. Mælikerin skulu hafa strokklögun, hlutföllin milli hæðar og þvermáls botns og ops skulu vera 6:3:4. – 20 lítra mælikeri skal vera skipt í lítra með varanlegum mörkum – skorum og koparnöglum – sem mörkuð eru innan í kerið og fyrir ofan 20 lítra markið skal vera bil, er taki allt að 5 lítrum. 5, 10, 15 og 20 lítra mörkin skulu vera auðkennd frá öðrum lítra mörkum. 50 lítra kerið skal á sama hátt hafa varanleg mörk fyrir hverja 5 lítra, og fyrir ofan efsta (50 lítra) markið skal vera allt að 10 lítra rúm óskipt.

Á hlið hvers mælikers skal rituð með óafmáanlegu letri tala, er sýnir, hve mikið má mæla í því, og nafnið lítri eða l á eftir tölunni.

Í þessum mælikerum má aðeins mæla lifur eða grút.

Til mælingar á nýrri síld löggildast mæliker úr tré, sem rúma sléttfull 50 lítra, 100 lítra og 150 lítra.[1] Mæliker þessi skulu hafa tunnulögun, og op og botn vera jafnvíð, en þvermál miðjunnar 1⅛ sinnum þvermál opsins, eða því sem næst og hæðin 1⅓ sinnum þvermál opsins.

Mælikerin skulu vera úr þurrum og hörðum viði, svo sem eik eða beyki, og stafirnir falla vel og slétt saman, löggin vera nægilega djúp, og botn vel sterkur, svo að mælikerin brotni eigi né breyti stærð með þeirri meðferð, er þeim er ætlað að verða fyrir. Gjarðir allar skulu vera úr góðu járni eða öðrum jafngóðum málmi og festar svo við stafina, að eigi raskist. Í botninn og hliðarnar neðan til skulu vera 12 göt, 15 mm að þvermáli hvert. Mælikerin skulu hafa tvo hanka.

Á hlið hvers mælikers skulu vera brenndar tölur með orðunum lítrar eða l á eftir, er sýni, hve mikið kerið tekur barmaslétt, og löggildingin nær aðeins til þess, að það rúmmál sé rétt.

Til mælingar á benzíni má löggilda faststandandi mæla, sem standa í sambandi við benzíngeyma, svo að hægt sé að dæla benzíninu úr geyminum í mælinn, án þess að hann sé hreyfður, og sömuleiðis tæma hann með því að opna krana, sem sé vel þéttur, þegar honum er lokað. Við hverja mælingu skal mælirinn mæla 5 eða 10 lítra, og skal sú tala standa á mælinum með skýrum stöfum. Á hverjum mæli skal vera glerhólkur, sem sé ekki meira en 8 cm í þvermál, og skal vera á honum glöggt merki. Þegar mælirinn er fullur, skal benzínyfirborðið nema við merkið.

☐ Löggilding mælikera úr tré til mælingar á lifur (grút) og nýrri síld gildir á meðan löggildingarmerkin eru ósköddud og kerin hafa eigi sýnilega breytt sér, síðan

þau voru löggilt. Löggilding benzínmæla gildir eigi lengur en 1 ár.

[1] *Sjá l. 36/1930, 1. gr.*

■ **12. gr.** Vogarlóð löggildist í þessum stærðum: 20 kílógrömm, 10 kílógrömm, 5 kílógrömm, 2 kílógrömm, 1 kílógramm, ½ kílógramm, 500 grömm, 200 grömm, 100 grömm, 50 grömm, 20 grömm, 10 grömm, 5 grömm, 2 grömm, 1 gramm.

□ Á hvert vogarlóð skal vera mótuð þyngd þess með skýrum tölum og einingarnafnið kílógramm eða gramm undir tölunni. Í stað einingarnafnanna mega þó standa skammstafanir þeirra: kg eða g, og skulu þær þá standa rétt á eftir tölunni.

□ Á steypujárnslóðum, sem mega vera ½ kílógramm eða þyngri, skal þó þyngd lóðanna sýnd með upphleyptum stöfum, tölu með kg á eftir, steyptum með lóðinu. Á sama fleti steypujárnslóðsins og þyngdartalan er á, skal vera hæfilega stór hola með blýfyllingu til að móta í löggildingarmerkið.

□ Löggilding vogarlóða úr látúni eða kopar gildir eigi lengur en 12 ár.

□ Löggilding vogarlóða úr járni gildir eigi lengur en 9 ár.

■ **13. gr.** Aðeins má löggilda þær vogir, sem eru svo vel gerðar og traustar, að þær haldist nægilega nákvæmar og réttar langan tíma, ef gætilega er með þær farið.

□ Enn fremur verða vogirnar að fullnægja eftirtöldum skilyrðum, til þess að þær megi löggildast:

1. Hinir einstöku hlutar vogarinnar mega ekki svigna eða á annan hátt breyta lögun við mesta þunga, er leyfilegt er að vega á voginni.

2. Sérhver vog skal hafa mundang, er sýni svo glöggt, hvenær vogin er í jafnvægi, að auðvelt sé að greina það með berum augum nógu nákvæmlega. Reizlur, sem eigi eru notaðar í verzlunarbúðum, eru undanþegnar þessu skilyrði.

3. Sérhver vog, sem flytja má til, og eigi stendur á sama, hvernig niður er sett, skal hafa lóð (pendúl), hallamæli eða annan tryggan útbúnað til að sýna, hvort vogin er sett rétt niður. Vogir, sem eru fastar og óflytjanlegar, verða eigi löggiltar, fyrr en þær eru settar niður og festar, þar sem þær eiga að vera.

4. Allar vogarstengur skulu gerðar úr málmi, og séu þær settar út úr jafnvægi, þá skulu þær sveiflast nokkrum sinnum fram og aftur, unz þær stöðvast aftur í hinni upphaflegu jafnvægisstöðu.

5. Allar vogarstengur skulu leika á stálhnífseggjum, sem standa á plötum úr hertu stáli. Plöturnar mega einnig vera úr agati eða öðru stálhörðu efni, ef það á við gerð vogarinnar. Hnífana má eigi vera hægt að flytja, svo að lengd vogarstanganna breytist. Hið sama gildir um plöturnar, sem hnífarnir standa á, ef það getur haft áhrif á lengd vogarstanganna.

6. Engin áhrif má það hafa á þyngdina, hvar lóðin eða það, sem vegið er, stendur á vogarskálunum.

7. Ef vog er útbúin með stillilóði, skal umbúnaður þess vera þannig, að það verði eigi misbrúkað.

8. Á hverri vog skal standa með skýru og áberandi letri, hvað þungt megi á hana vega.

■ **14. gr. Jafnarma vogir.** Ef hægt er að taka af og skipta um skálarnar á jafnörmuðum vogum, þá má jafnvægisstaða vogarinnar eigi breytast, þótt skálarnar séu teknar burtu eða skipt sé um skálarnar á örmunum.

□ Löggilding metaskála með einni vogstöng gildir eigi lengur en 12 ár.

□ Löggilding borðvoga með mörgum vogstöngum gildir eigi lengur en 9 ár.

■ **15. gr. Desímalvogir.** Á desímalvogum skal þyngd þess, sem vegið er, vera þyngd lóðanna, sem halda því í jafnvægi, margfölduð með tíu.

□ Allar desímalvogir skulu hafa útbúnað til að stöðva aðalvogstöngina. Á desímalvogum skal að minnsta kosti mega vega 20 kílógrömm.

□ Löggilding desímalvoga gildir eigi lengur en 6 ár.

■ **16. gr. Reizluvogir.** Reizluvogir hafa lóð, sem flytja má til eftir arminum eftir því, hve þungt það er, sem vegið er.

□ Aðalvogarstöngin, sem má myndast af fleirum en einni samhliða stöngum, ef þær eru samfastar, skal vera merkt með glöggum og nákvæmum skerðingum eða strikum, sem séu grafin, höggvin eða á annan varanlegan hátt merkt í stöngina. Bilin milli merkjanna skulu vera jöfn, og að minnsta kosti 4 millímetrar. Á reizlum, sem ekki hafa mundang, mega bilin þó vera 3 mm. Að minnsta kosti fimmta hver skerðing eða strik skal vera merkt á varanlegan hátt með skýrum tölum, er tilgreini þungann í kílógrömmum, og aftan við töluna yzt á vogarstönginni skal enn fremur bæta kg. Á sömu vogarstönginni má vera fleiri en ein merkjaröð, ef þeim er svo fyrir komið, að það getur eigi valdið ruglingi. Lóðið skal sjálfkrafa grípa inn í skerðingarnar á vogarstönginni eða hafa fjaðraútbúnað, svo að það haldist fast við stöngina, ef því er sleppt. Lóðið skal vera þannig úr garði gert, ef til vill með föstum vísi, að eigi geti vafi á því leikið, hvernig eigi að lesa á vogina.

□ Á aðallóðinu má vera annað lóð, hreyfanlegt fram og aftur, til að sýna minni þyngdarmun, og gilda hin sömu ákvæði um það og aðallóðið með þeim breytingum, sem við eiga.

□ Löggilding reizlna, sem eigi hafa mundang, gildir 10 ár, en löggilding annarra reizluvoga gildir 6 ár.

■ **17. gr.** Lögreglustjóri, sem hefur á hendi löggildingu samkvæmt lögum um mælitæki og vogaráhöld, getur, þegar hann telur þörf á því, löggilt um stundarsakir mælitæki og vogaráhöld, sem að efni, stærð eða gerð eru frábrugðin því, sem fyrr er sagt í 8. – 16. gr., ef þau að dómi hans eru til þess hæf, en senda skal hann þegar í stað stjórnarráðinu nákvæma lýsingu á tækjunum. Ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið[1] telur ástæðu til þess, gefur það út reglugerð um löggildingu þessara tækja; að öðrum kosti má eigi framlengja löggildingu þeirra né löggilda önnur tæki af sömu gerð.

[1] *Nú dómsmálaráðuneytið, sbr. augl. A 96/1969, 3. gr. 22. tl.*

■ **18. gr.** Skekkjan á mælitækjum og vogaráhöldum er munurinn á milli þess, sem mælingarstærðin í raun og veru er, og þess, sem mælingartækið segir hana vera. Skekkjan er „pósitív" (+) þegar mælingartækið segir mælingarstærðina minni en hún er, en segi það hana of mikla, er skekkjan „negatív" ( – ).

■ **19. gr.** Mælitæki og vogaráhöld má eigi löggilda, ef skekkjan á þeim fer út yfir þau takmörk, sem nú verða greind:

a. Kvarðar: Skekkjan á kvörðum má jafnt vera „negatív" sem „pósitív".

Á metra mælikvarða má skekkjan vera 0,8 mm á allri lengdinni.

Á ½ metra mælikvarða má skekkjan vera 0,5 mm á allri lengdinni.

Skekkjan á lengdinni frá hverju striki til enda mælikvarðans má eigi fara fram úr skekkjutakmörkun alls kvarðans. Á hverjum afmörkuðum sentímetra má skekkjan ekki nema meiru en 0,5 mm, og á hverjum afmörkuðum millímetra eigi meiru en 0,2 mm.

b. Mæliker: Skekkjan má aðeins vera „pósitív".

Á 1 lítra mælikerum og stærri kerum má skekkjan vera $\frac{1}{125}$ úr öllu rúmtakinu.

Á 2 desílítra mælikerum $\frac{1}{100}$ úr öllu rúmtakinu.

Á 1 desílítra mælikerum $\frac{1}{50}$ úr öllu rúmtakinu.

c. Vogarlóð: Skekkjan má aðeins vera „pósitív".

1925 Nr. 1 13. marz

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Á | 20 | kílógramma | lóði | má | skekkjan | vera | + 4 | grömm, |
| – | 10 | – | – | – | – | – | + 2 | – |
| – | 5 | – | – | – | – | – | + 1,25 | – |
| – | 2 | – | – | – | – | – | + 600 | millígrömm, |
| – | 1 | kílógramms | – | – | – | – | + 400 | – |
| – | ½ | – | – | – | – | – | + 250 | – |
| – | 200 | gramma | – | – | – | – | + 100 | – |
| – | 100 | – | – | – | – | – | + 60 | – |
| – | 50 | – | – | – | – | – | + 50 | – |
| – | 20 | – | – | – | – | – | + 30 | – |
| – | 10 | – | – | – | – | – | + 20 | – |
| – | 5 | – | – | – | – | – | + 16 | – |
| – | 2 | – | – | – | – | – | + 12 | – |
| – | 1 | gramms | – | – | – | – | + 10 | – |

d. Vogir: Skekkjan getur verið til beggja hliða, + og –.

□ Þegar vog, sem löggildast á, er prófuð, og jafnvægi er fengið, þá skal sjást greinilegur munur á jafnvægisstöðunni, þegar lóði er bætt öðru megin á, er samsvarar hinni mestu skekkju.

□ Skekkjan á vogum má eigi fara fram úr $\frac{1}{1000}$ úr þyngd þess, sem vegið er, ef það er $\frac{1}{10}$ eða meira úr hinum mesta þunga, er leyfilegt er að vega á vogina. Á reizlum, sem eigi hafa mundang, má skekkjan vera helmingi meiri, eða $\frac{1}{500}$.

■ **20. gr.** Löggilt mælitæki og vogaráhöld má ekki nota, þegar skekkjan á þeim er orðin meiri en tvöföld hin mesta leyfilega skekkja við löggildingu; þó má skekkjan á tækjum, sem verið er að nota, ætíð vera jafnt „negatív" sem „pósitív".

■ **21. gr.** a. Kvarðar: Þar sem endi kvarðans og mælikvarðans falla saman, skal stimpla löggildingarmerkið á kvarðaendann, ef hægt er, annars skal stimpla það á mælikvarðann, og svo nálægt enda hans, að ytri brún löggildingarmerkisins falli í endamark mælikvarðans. Ef endi trémælikvarða er varinn með málmþynnu, skal láta löggildingarmerkið ná bæði á málmþynnuna og tréð í kring. Álíti lögreglustjóri það nauðsynlegt, má setja 2 löggildingarmerki á þann enda mælikvarðans. Ætíð skal stimpla báða enda mælikvarðans með löggildingarmerki. Ártal löggildingarinnar og merki lögreglustjórans skal stimpla á mælikvarðann rétt aftan við stafina, er tilgreina lengd mælikvarðans.

b. Mæliker: Á mæliker skal löggildingarmerki sett á hlið kersins ofan við töluna, er tilgreinir rúmtak þess, og ártal löggildingarinnar og merki lögreglustjórans þar út undan. Annað löggildingarmerki skal setja á barm kersins eða svo nálægt honum sem hægt er. Enn fremur skal setja löggildingarmerki á botn kersins; ef botninn er lóðaður í, skal reynt að láta löggildingarmerkið ná út á samskeytin. Á mæliker úr tré skulu löggildingarmerkin brennd á samskeyti stafa.

c. Vogarlóð: Á steypujárnslóð skal löggildingarmerki ásamt ártali löggildingarinnar og merki löggildingarstjóra mótað í blýið, sem fyllir þar til gerða holu í efri hlið lóðsins.

Vogarlóð úr öðrum málmi skulu stimpluð með löggildingarmerkinu á þá hlið þeirra, sem stafirnir eru á, sem tilgreina þyngd þeirra, og ef unnt er skal löggildingarmerkið vera ofan við stafina. Enn fremur skal setja á gagnstæða (neðri) hlið lóðsins lítið löggildingarmerki og ártal löggildingarinnar og merki lögreglustjóra, ef unnt er.

d. Vogir: Þar sem aðalvogarstöngin er útbúin með löggildingarholum, fylltum með linum málmi, skal löggildingarmerki ásamt ártali löggildingarinnar og merki lögreglustjóra stimplast á aðra málmfyllinguna, og fyrir ofan löggildingarmerkið skal stimpla númer það, sem vogin hefur í löggildingarbókinni. Efst í hina málmfyllinguna er þá stimpluð tala með kg á eftir, er tilgreini, hve þungt megi vega á vogina. En ef vogarstöngin hefur ekki löggildingarholur, þá skulu áður greind löggildingarmerki sett þar á vogina, sem heppilegast er, annaðhvort með því að stimpla þau í sjálfa vogarstöngina eða með því að brennimerkja með þeim trégrind vogarinnar.

Ef hlutaðeigandi lögreglustjóri telur þess þörf, skal auk þess setja annars staðar á vogina löggildingarmerki, ártal eða númer til að tryggja það, að gerð vogarinnar raskist eigi, án þess að það sjáist á löggildingarmerkjunum.

■ **22. gr.** Mælitæki og vogaráhöld, sem löggilt hafa verið áður á löglegan hátt, má endurlöggilda, ef þau fullnægja löggildingarskilyrðunum. Við endurlöggildingu er stimplað á mælitæki og vogaráhöld ártal endurlöggildingarinnar og lítið löggildingarmerki við ártalið, ef því verður við komið, svo og merki lögreglustjóra, ef hann hefur eigi löggilt tækið áður.

□ Ef hin fyrri löggildingarmerki eru að einhverju leyti sködduð, þá skulu sett ný löggildingarmerki í stað hinna sködduðu.

□ Ef gert er við mælitæki eða vogaráhald, sem hefur brotnað, skal setja löggildingarmerki á hin bækluðu samskeyti.

**1925** Nr. 1 13. marz

■ **23. gr.** Löggildingarmerki eru ónýtt annaðhvort með því að afmá merkin eða með því að stimpla ofan í þau merkið #.

■ **24. gr.** Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í kauptúnum og sveitum skulu á þriggja ára fresti skoða öll mælitæki og vogaráhöld, sem ætluð eru til notkunar þeirrar, er ræðir um í 1. gr. laga nr. 13 frá 4. júní 1924.

■ **25. gr.** Við hina almennu skoðun mælitækja og vogaráhalda skal dæma óheimilt að nota lengur mælitæki og vogaráhöld,

1. ef löggildingarmerki þeirra eru eigi í réttu lagi,
2. ef svo langt er liðið frá löggildingu þeirra, að hún er fallin úr gildi,
3. ef vogir við prófun eru svo stirðar eða rangar, að skekkjan á þeim fer út fyrir hin settu takmörk.

□ Enn fremur getur skoðunarmaður krafizt, að mælitæki og vogaráhöld séu send til endurlöggildingar, ef hann hefur ástæðu til að halda, að þau séu orðin röng, en geta skal hann þá um ástæðuna í skoðunargerðinni.

■ **26. gr.** Hin almenna skoðun mælitækja og vogaráhalda skal rituð í þar til löggiltar bækur. Hreppstjórar skulu við hver árslok senda sýslumönnum nægilega ítarlegan útdrátt úr skoðunargerðum liðins árs, en lögreglustjórar og sýslumenn senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu[1] skýrslu um skoðunina eigi seinna en í apríl ár hvert.

[1] *Nú dómsmálaráðuneyti, sbr. augl. A 96/1969, 3. gr., 22. tl.*

■ **27. gr.** Brot gegn ákvæðum tilskipunar þessarar varða sektum til ríkissjóðs, frá 5 – 200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

**1915** Nr. 60 3. nóv.

## Lög um löggilta vigtarmenn.

■ **1. gr.** Í kaupstöðum og kauptúnum landsins skulu vera löggiltir eiðsvarnir vigtarmenn, svo margir, sem þörf er á. Lögreglustjórar tilnefna þá, hver í sínu umdæmi, en stjórnarráðið gefur þeim erindisbréf.[1] Landssjóður leggur þeim til stimpla, og greiðist kostnaðurinn úr landssjóði.

[1] *Erbr. 93/1916. Rg. 162/1990 (um námskeið fyrir löggilta vigtarmenn).*

■ **2. gr.** Vottorð vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess, er vegið var.

■ **3. gr.** Þóknun fyrir starfið greiða þeir sem þá nota, eftir ákvæði lögreglustjóra, þó ekki minna en 75 aura um klukkustund.

**1943** Nr. 43 14. apríl

## Lög um greiðslu íslenzkra afurða.

■ **1. gr.** Hver sá, sem kaupir íslenzkar afurðir, hvort heldur er sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir eða íslenzkar iðnaðarvörur, skal greiða þær í peningum, þegar seljandi krefst þess, og má eigi greiða þær með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið.

■ **2. gr.** Nú eru afurðir seldar fastákveðnu verði, og skal þá greiða verð þeirra að fullu á þann hátt, sem 1. gr. kveður á um. En ef afurðir eru seldar óákveðnu verði með rétti til verðuppbótar síðar eða afhentar í umboðssölu, hvort sem til kaupmanna, samvinnufélaga eða annarra er, þá skal greiða að minnsta kosti helming af gangverði afurðanna svo fljótt sem í 1. gr. segir, en afganginn á sama hátt eigi síðar en 2 mánuðum eftir að unnt var að ákveða verðuppbót eða umboðssali fékk í sínar hendur andvirði þeirra vara, sem hann hefur selt.

■ **3. gr.** Hagstofa Íslands skal ákveða gangverð afurða samkv. 2. gr. eftir því, sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð, sem ráðherra setur.

■ **4. gr.** Brot gegn lögum þessum varða 500 – 1000 króna sektum, nema um ítrekað brot sé að ræða. Skal það þá varða allt að 10 þús. króna sekt.

□ Sektirnar renna í ríkissjóð.

**1943** Nr. 43 14. apríl

## Lög um sölu á eggjum eftir þyngd.

**1912** Nr. 21 22. okt.

■ **1. gr.** Allir, sem egg selja, hvort heldur framleiðendur eða kaupmenn, skulu selja eggin eftir þyngd, þannig að verðið sé miðað við þyngdina. ...[1]

[1] *L. 52/1935, 1. gr.*

■ **2. gr.** Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum 5 til 50 kr., er renni í landssjóð.

■ **3. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum skal með fara sem almenn lögreglumál.

**1877** Nr. 29 14. des.

## Lög um að selja kornvörur og kol eftir vigt.

■ **1. gr.** Allir kaupmenn og kaupfélög, er reka verzlun hér á landi, skulu, hvort sem verzlun þeirra fram fer á sjó eða landi, selja eftir vigt kornvöru alla og kol, nema kaupandi æski mælis.

■ **2. gr.** Brot gegn 1. gr. varða 5 – 50 kr. sektum, er renna í landssjóð.

■ **3. gr.** Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

**1902** Nr. 37 6. nóv.

## Lög um að selja salt eftir vigt.

■ **1. gr.** Allir kaupmenn, verzlunar-umboðsmenn og kaupfélög, er reka verzlun hér á landi fyrir eigin reikning eða í umboði annarra, skulu, hvort sem verzlun þeirra fer fram á sjó eða landi, selja salt eftir vigt.

■ **2. gr.** Brjóti nokkur gegn fyrstu grein, skal hann sæta 100 – 500 kr. sektum, er renna að ⅔ í landssjóð og að ⅓ til uppljóstrarmanns.

■ **3. gr.** Með mál út af lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

**1917** Nr. 11 16. marz

## Lög um þyngd bakarabrauða.

■ **1. gr.** Bæjarstjórnum og sveitarstjórnum veitist heimild til að ákveða með samþykkt þyngd bakarabrauða, hver í sínum kaupstað eða sveit, og skal bökurum óheimilt að selja brauð með öðrum þunga en ákveðinn verður með téðri samþykkt.

□ Þó skal það ekki teljast brot á samþykktum þessum, þótt einstök brauð séu 4% léttari eða þyngri en samþykktin tiltekur, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1%.

■ **2. gr.** Samþykktir eftir lögum þessum öðlast ekki gildi fyrr en stjórnarráðið hefur staðfest þær, og skulu þær birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.[1]

[1] *T. d. samþ. 78/1917, 10/1920, 16/1921 og 50/1928.*

■ **3. gr.** Í samþykktum þeim, er settar verða samkvæmt lögum þessum, má meðal annars ákveða sektir 25 – 500 kr. fyrir brot. Sektir allar renna í bæjar- eða sveitarsjóð þar, sem brotið er framið.

□ Með mál út af brotum gegn samþykkt eftir lögum þessum skal farið sem með opinber lögreglumál.

**1930** Nr. 36 19. maí

## Lög um vigt á síld.

■ **1. gr.** Öll síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin, ef seljandi óskar þess.

□ Við vigt á síld skulu notaðar þar til hæfar vogir, er taki í einu að minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem síldin er vegin í.

□ Eitt mæliker skal rúma 135 kg af síld, og telst það verðeining.

■ **2. gr.** Þar sem síld er vegin samkvæmt 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga vigtarmenn, sem annist vigt á síldinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Vigtarmenn sjá um, að vogir þær, sem notaðar eru, séu löggiltar og skoðaðar árlega, áður en byrjað er að nota þær.

■ **3. gr.** [Brot gegn lögum þessum varða sektum, og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála.][1]

[1] *L. 10/1983, 51. gr.*

**1949** Nr. 21 22. marz

## Lög um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu.

■ **1. gr.** Steinolíu, hráolíu, benzín og smurningsolíu skal selja eftir vigt eða um mæli.

■ **2. gr.** Á hverju íláti, sem inniheldur steinolíu, hráolíu, benzín eða smurningsolíu, skal vera merkt:

a. nafn firma þess, félags eða einstaks manns, er vöruna selur;
b. nafn tegundarinnar, sem ílátið inniheldur;
c. þyngd ílátsins með innihaldi (brúttóvigt);
d. þyngd innihaldsins (nettóvigt);
e. tala (númer) ílátsins.

□ Þessi ákvæði ná þó eigi til smásölu, þótt seljandi leggi til ílát eða selji þau með vörunni.

■ **3. gr.** Hverjum sölureikningi skal fylgja sundurliðun yfir hvert ílát, þar sem tilgreint er:

a. tala (númer) ílátsins;
b. nafn tegundar;
c. þyngd ílátsins með innihaldi;
d. þyngd ílátsins (sjálfs);
e. þyngd innihaldsins.

■ **4. gr.** Löggildingarstofan löggildir mæla samkv. 1. gr. og hefur eftirlit með þeim, og er sala um mæla óheimil nema löggilding hafi áður farið fram. Nánari ákvæði um framkvæmd löggildingar og eftirlits skal setja með reglugerð.[1]

[1] *Rg. 84/1956.*

■ **5. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum ...[1]

[1] *L. 10/1983, 52. gr.*

**1969** Nr. 63 28. maí

## Lög um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

### I. kafli. Um áfengis- og tóbaksverzlun.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja inn frá útlöndum vínanda og áfengi, sem flytja má til landsins og í er meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Þó er öðrum aðilum heimilt að flytja til landsins varning, sem inniheldur vínanda, hafi hann verið gerður óhæfur til drykkjar og öruggt, að ekki sé kleift að gera hann drykkjarhæfan.

□ Enn fremur er ríkisstjórninni einni heimilt að flytja inn frá útlöndum tóbak, hvort heldur er unnið eða óunnið, og til hvers sem það er ætlað, ...[1]

□ Lög þessi taka ekki til skipa og flugvéla, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi eða tóbak sem hluta af tollfrjálsum forða, ef með þann varning er farið samkvæmt sérákvæðum laga. Ráðherra er heimilt að setja sérreglur um innflutning ferðamanna og áhafna skipa og flugvéla á áfengi og tóbaki.[2]

[1] *L. 30/1986, 1. gr.* [2] *Sjá rg. 363/1988.*

**1969** Nr. 63 28. maí

■ **2. gr.** [Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning vínanda, áfengis og tóbaks, samkvæmt lögum þessum, og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra í því skyni að afla ríkissjóði tekna.

□ Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal einni heimil starfræksla tóbaksgerðar og framleiðsla áfengra drykkja, sbr. þó ákvæði 3. mgr.

□ Fjármálaráðherra er heimilt að veita öðrum aðilum en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leyfi til að framleiða áfenga drykki, enda sé slík framleiðsla ætluð til útflutnings eða til sölu í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er heimilt að gerast eignaraðili að fyrirtækjum sem hafa fengið leyfi til að framleiða áfengi.

□ Ráðherra er heimilt að setja skilyrði fyrir því að leyfi sé veitt til framleiðslu áfengis. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal sjá um sölu á vínanda til þeirra aðila, sem hafa fengið leyfi til framleiðslu áfengis, og hafa eftirlit með að fylgt sé þeim skilyrðum sem ráðherra setur.][1]

[1] *L. 51/1986, 1. gr.*

■ **3. gr.** Fjármálaráðherra ákveður útsöluverð áfengis og tóbaks á hverjum tíma. Álagningarhlutfall á vindlingum (sígarettum) og smávindlum (cigarillos) skal vera þannig, að samkeppnisaðstaða síðarnefndrar vörutegundar gegn vindlingum sé auðvelduð, eftir því sem atvik leyfa.

■ **4. gr.** Fjármálaráðherra skipar forstjóra Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, svo og aðra fasta starfsmenn og setur þeim erindisbréf.

■ **5. gr.** [Áfengi, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins flytur inn skv. 1. gr. og áfengi sem framleitt er innanlands skv. 3. gr., hefur hún ein heimild til að selja innanlands. Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.][1]

[1] *L. 51/1986, 2. gr.*

■ **6. gr.** Tóbak það, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins flytur inn og/eða framleiðir, selur hún innanlands í heildsölu.

■ **7. gr.** [Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar. ...[1]][2]

[1] *L. 27/1977, 8. gr.* [2] *L. 59/1971, 1. gr.*

■ **8. gr.** Leggja skal hald á vörur þær, sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi, og skal afhenda þær Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins til ráðstöfunar.

□ Vörur, sem hér um ræðir, skulu með dómi eða sátt upptækar til ríkissjóðs.

### II. kafli. Um verzlun með lyf o. fl.

...[1]

[1] *L. 76/1982, 62. gr.*

### III. kafli. Almenn ákvæði.

■ **14. gr.** Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.[1]

[1] *Rg. 39/1935, um sölu áfengis til iðnaðar o. fl. (sjá og tilv. við áfengislög). Rg. 122/1931, um einkasölu á tóbaki, sbr. rg. 115/1961 og 101/1965.*

■ **15. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum

**1969** Nr. 63 28. maí

skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, nema varði þyngri refsingum samkvæmt öðrum lögum.

**1970** Nr. 47 8. maí

## Lög um Útflutningslánasjóð.

■ **1. gr.** [Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð er nefnist Útflutningslánasjóður. Í heiti sínu er sjóðnum rétt og skylt að hafa orðin „ríkisaðild með takmarkaðri ábyrgð" eða skammstöfunina RTÁ.][1]

□ [Stofnendur sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður. Þeir leggja honum til fé, sbr. 3. gr., fara með stjórn hans og fjármál og ábyrgjast fjárskuldbindingar hans með framlagi sínu.][2]

□ Aðrir viðskiptabankar geta síðar orðið aðilar að sjóðnum, og fer þá um framlagsfé þeirra, ábyrgð og aðild að stjórn sjóðsins, eftir því sem um semst milli þeirra og sjóðsstjórnar.

[1] *L. 28/1987, 1. gr.* [2] *L. 28/1987, 2. gr.*

■ **2. gr.** Hlutverk Útflutningslánasjóðs er:

a. að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja, þar á meðal skipa og annarra fjárfestingarvara, sem framleiddar eru innan lands, og skulu slík lán tryggð hjá tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð eða með annarri fullgildri ábyrgð,

b. að veita samkeppnislán, það er að segja lán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innan lands, gegn bankaábyrgð eða annarri fullgildri ábyrgð.

□ Heimilt er stjórn sjóðsins að veita útflutningslán eða samkeppnislán fleiri iðngreinum en þeim, sem a- og b-liðir ná til, ef hún metur það nauðsynlegt til að tryggja þeim sambærilega aðstöðu við erlenda samkeppnisaðila.

■ **3. gr.** Stofnaðilar sjóðsins leggja hver um sig fram 50 millj. króna, sem greiðast til sjóðsins á ekki skemmri tíma en þremur árum og ekki lengri tíma en fimm árum.

□ Auk stofnfjár er sjóðnum heimilt að afla fjár til starfsemi sinnar með lántökum hjá innlendum bönkum og sjóðum. Einnig er honum heimilt að taka lán erlendis.

■ **4. gr.** Um stjórn sjóðsins og rekstur fer eftir stofnsamningi, er aðilar sjóðsins gera með sér, svo og reglugerð, sbr. 7. gr.

■ **5. gr.** Stjórn sjóðsins er heimilt að fela Landsbanka Íslands eða annarri lánastofnun umsjá sjóðsins. Skal Landsbanki Íslands eða sú lánastofnun, sem til þess er kjörin, annast afgreiðslu lána og innheimtu.

□ Laust fé sjóðsins skal geymt á reikningi í Seðlabanka Íslands.

■ **6. gr.** Sjóðurinn nýtur sömu réttinda og veitt eru Framkvæmdasjóði Íslands með 11. og 12. gr. laga nr. 66 frá 13. maí 1966.[1]

[1] *Nú l. 70/1985.*

■ **7. gr.** Viðskiptaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.[1]

[1] *Rg. 336/1987.*

■ [**Ákvæði til bráðabirgða.** Stofnendur sjóðsins bera ótakmarkaða ábyrgð á þeim skuldbindingum sjóðsins sem stofnað hefur verið til fyrir 1. janúar 1986. Helst hin ótakmarkaða ábyrgð þar til þessum skuldbindingum er lokið.][1]

[1] *L. 28/1987, ákvæði til bráðabirgða.*

**1958** Nr. 64 26. nóv.

## Lög um útflutning hrossa.

■ **1. gr.** [Landbúnaðarráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.][1]

[1] *L. 67/1969, 1. gr.*

■ **2. gr.** [Útflutningshross skulu eigi vera eldri en tíu vetra og heilbrigð að mati dýralæknis. Landbúnaðarráðherra getur að fenginni umsögn yfirdýralæknis veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar mgr.

□ Útflutningur á stóðhestum tveggja vetra og eldri og tömdum kynbótahryssum er óheimill nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ekkert hross má flytja út innan tveggja vetra aldurs nema ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi samþykki útflutninginn. Útflutningshross skulu merkt bæði framleiðanda- og kynbótamerki.

□ Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð.][1]

[1] *L. 39/1986, 1. gr.*

■ **3. gr.** Áður en hross eru flutt úr landi, hvort heldur er til einstakra manna eða til sölu á erlendum markaði, skulu þau skoðuð á útflutningsstaðnum af dýralækni. Dýralæknir semji skrá yfir hin útfluttu hross í áframhaldandi töluröð og festi samtímis við hvert hross spjald, þar sem tilgreind er skrásetningartala þess, kynferði, aldur, litur og hæð. Embættisdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi skyldir til þess að annast skoðun á útflutningshrossum. [Landbúnaðarráðherra][1] ákveður þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum, og greiðist hún úr ríkissjóði.

[1] *L. 67/1969, 3. gr.*

■ **4. gr.** Dýralækni er skylt að líta eftir og fullvissa sig um, að rúm það í skipunum, sem hestarnir eru fluttir í, sé nægilega stórt, loftgott, stíurnar traustar og að brynningaráhöld séu hagkvæm og í góðu lagi, enn fremur að hrossunum sé ætlað nægilegt og gott vatn og fóður og að skipstjóri hafi til umráða nægilegan mannafla til þess að annast hirðingu hrossanna í skipinu. Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmi eða sandi eða gera þau ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræstingu, þar sem hross eru höfð, og birtu, eftir því sem ástæður frekast leyfa.

■ **5. gr.** Skylt er dýralækni að kyrrsetja og banna útflutning á hrossum, sem eru mögur og illa útlítandi, meidd, hölt, með mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýtta fætur, áberandi bilun í fótum eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.

■ **6. gr.** Þeim, sem senda hross til útlanda, er skylt að tilkynna það dýralækni með nægum fyrirvara, enn fremur láta dýralækni í té næga aðstoð við skoðunina.

■ **7. gr.** Dýralækni og skipstjóra er skylt að láta fylgja farmskrá skipsins vottorð um aldur, stærð, heilbrigði og útlit hrossanna á útskipunardegi, sbr. 3. gr.

■ **8. gr.** [Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, yfirdýralæknis og Sambands dýraverndarfélaga Íslands, reglugerð,[1] sem kveður nánar á um framkvæmd

**1958** Nr. 64 26. nóv.

laga þessara, að því er varðar útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, útlit, gæðamat og merkingar útflutningshrossa, hömlur við útflutningi til tryggingar kynbótastarfinu, hrossamarkaði og lágmarksverð til framleiðenda (seljenda).][2)]

[1)] *Rg. 271/1983.* [2)] *L. 67/1969, 4. gr.*

■ **9. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum ...,[1)] sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

[1)] *L. 10/1983, 53. gr.*

**1978** Nr. 53 16. maí

## Lög um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

### I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að tryggja bændum og öðrum notendum þeirra vöruflokka, sem lögin ná til, góða og óskemmda vöru, sem uppfyllir í öllum meginatriðum þær upplýsingar um vöruna, sem seljanda er skylt að gefa.

■ **2. gr.** Eftirlitsdeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skal starfrækja Fóðureftirlit ríkisins (FR), Áburðareftirlit ríkisins (ÁR) og Sáðvörueftirlit ríkisins (SR).

□ Deildarstjóri eftirlitsdeildarinnar sér um daglega framkvæmd eftirlitsins og rekstur undir stjórn forstjóra Rala.

■ **3. gr.** Til aðstoðar eftirlitsdeildinni eru þrjár ólaunaðar nefndir:

1. Fóðurnefnd þannig skipuð: Búfjárræktarráðunautur tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, fóðursérfræðingur tilnefndur af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og dýralæknir tilnefndur af yfirdýralækni.

2. Áburðarnefnd þannig skipuð: Jarðræktarráðunautur tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og tveir nefndarmenn tilnefndir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og skal annar þeirra vera starfandi tilraunastjóri.

3. Sáðvörunefnd þannig skipuð: Jarðræktarráðunautur tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og tveir nefndarmenn tilnefndir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og skal annar þeirra vera starfandi tilraunastjóri.

■ **4. gr.** Starfssvið nefndanna skal vera:

1. Gefa sérfræðilegar álitsgerðir í tjónamálum um þau efni, sem lög þessi taka til, sbr. 26. gr.

2. Vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlitsins í heild.

3. Gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um breytingar á reglugerð um eftirlitið þegar ástæða þykir til.

■ **5. gr.** Nefndarmenn og starfsmenn eftirlitsdeildarinnar mega ekki vera fjárhagslega tengdir aðilum, sem eftirlitsskylda nær til, né sitja í stjórn eftirlitsskyldra fyrirtækja.

■ **6. gr.** Landbúnaðarráðuneytið getur hvenær sem er bannað innflutning einstakra vörutegunda, sem lögin ná til, ef þær að dómi eftirlitsdeildar eru skaðlegar eða með öllu gagnslausar við íslenskar aðstæður. Einnig getur landbúnaðarráðuneytið bannað eða takmarkað innflutning á eftirlitsskyldum vörum til verndunar íslenskrar framleiðslu.

■ **7. gr.** Skylt er þeim, sem versla með vörur, sem lögin ná til, að láta fylgja vörum sínum þær upplýsingar, sem eftirlitsdeild (ED) ákveður hverju sinni eða ákveðnar eru í reglugerðum. ED gefur út staðla um eftirlitsskyldar vörutegundir í samráði við sérfræðinga Rala og Búnaðarfélags Íslands, þar sem því verður við komið, og getur landbúnaðarráðuneytið bannað framleiðslu og verslun með vörutegundir, sem ekki eru innan staðals.

■ **8. gr.** ED Rala skal taka sýni til rannsókna eins oft og þurfa þykir. Starfsmenn ED skulu hafa aðgang að eftirlitsskyldum vörum, hvar og hvenær sem þeir óska þess.

■ **9. gr.** Eftirlitsdeild skal nota almennt viðurkenndar rannsóknaraðferðir við rannsóknir sínar. Þegar sýni hefur verið rannsakað samkv. 8. gr. skulu hlutaðeigandi aðila tilkynntar niðurstöðurnar skriflega.

■ **10. gr.** Eftirlitsdeild skal birta opinberlega niðurstöður tekinna sýna eins oft og þurfa þykir. Víki niðurstöður rannsókna meira frá tilgreindum mörkum en leyft er samkvæmt reglugerð, er eftirlitsdeildinni heimilt að stöðva sölu á vörunni og grípa til þeirra ráða, sem að hennar dómi koma í veg fyrir tjón.

■ **11. gr.** Seljanda eftirlitsskyldrar vöru er skylt að bæta kaupendum það tjón, sem þeir hafa sannanlega orðið fyrir vegna þess að varan hefur ekki verið í samræmi við upplýsingar og ábyrgð seljanda og reglur eftirlitsdeildarinnar.

□ Í reglugerð skulu vera nánari reglur um bótaskyldu, einnig um bótaskyldu vegna geymsluskemmda er fram kunna að koma.

■ **12. gr.** Innflytjandi fóðurvöru og sáðvöru skal í hvert sinn er hann hefur ákveðið innflutning á eftirlitsskyldri vöru tilkynna eftirlitsdeildinni:

1. Nafn framleiðanda/seljanda ásamt þeim upplýsingum sem hann kann að hafa um vöruna.

2. Heildarmagn sendingar og magn hverrar einstakrar tegundar og hlutfallslega samsetningu ef um blandaða vöru er að ræða.

3. Uppskipun er því aðeins heimil að innflytjandi hafi fullnægt fyrrgreindri tilkynningarskyldu til eftirlitsdeildarinnar.

### II. kafli. Um fóðureftirlit.

■ **13. gr.** Óheimilt er að flytja til landsins eða bjóða til sölu fóðurvörur sem óhollar geta talist fyrir búfé. Skal við sölu ætíð ábyrgst af hálfu seljanda ákveðið fóðurgildi, prótein- og steinefnainnihald o. fl. sem FR krefst. Einnig er óheimilt að flytja inn eða selja fóður sem blandað er ákveðnum efnum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.

■ **14. gr.** Rannsóknaniðurstöður á sýnum, sem Fóðureftirlitið tekur, skulu birtar eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári, svo að bændur hafi ávallt sem besta vitneskju um gæði og eiginleika þeirrar fóðurvöru, sem á markaði er á hverjum tíma.

■ **15. gr.** FR gefur út staðla yfir einstakar fóðurblöndur ætlaðar einstökum búfjártegundum og getur bannað framleiðslu og sölu á fóðurblöndum, sem ekki eru innan staðla, sbr. 7. gr.

■ **16. gr.** FR skal hafa eftirlit með aðstöðu sölufyrirtækja, sem versla með fóðurvörur og framleiða þær, hvað varðar húsnæði, hreinlætisaðstöðu og blöndunartæki fóðurblöndunarstöðva. Skylt er söluaðilum að hlíta fyrirmælum FR um úrbætur, ef þeirra er talin þörf til tryggingar vörugæðum.

**1978** Nr. 53 16. maí

**1978** Nr. 53 16. maí

### III. kafli. Um áburðareftirlit.

■ **17. gr.** ÁR hefur eftirlit með því, að tilbúinn áburður innihaldi þau efni og það magn, sem framleiðandi gefur til kynna og ábyrgist í samræmi við stöðlun hverrar áburðartegundar.

□ Ávallt skal tilgreint og ábyrgst magn N, P og K svo og annarra efna eða efnasambanda, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.

■ **18. gr.** ÁR taki sýni til rannsóknar úr vörugeymslum sölu- og dreifingaraðila, hjá bændum og úr flutningatækjum eftir því, sem ástæður þykja til.

■ **19. gr.** Komi í ljós við athugun að verulegur munur sé á uppgefnu og raunverulegu magni af áburðartegund sem Áburðarverksmiðjan hefur dreift til kaupenda, skal áburðareftirlitinu skylt að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, svo kaupendur fái vitneskju um raunverulegt efnismagn áburðarins.

### IV. kafli. Um sáðvöru eftirlit.

■ **20. gr.** SR hefur eftirlit með spírunarhæfni, hreinleika og öðrum eiginleikum sáðvöru sem ástæða þykir til, gefur út staðla um samsetningu fræblandna og hefur eftirlit með að blöndunarhlutföll séu í samræmi við þá.

□ Í gæðavottorði SR skal gildistími þess tiltekinn.

□ Sala er óheimil að liðnum gildistíma vottorðs, nema með nýju vottorði.

■ **21. gr.** Sáðvörunefnd skal árlega semja og birta skrá yfir þær tegundir og stofna sem leyfilegt er að selja. Nefndin getur veitt undanþágur vegna sölu á tegundum og stofnum sem ekki eru á skrá.

■ **22. gr.** SR skal hafa eftirlit með aðstöðu söluaðila hvað varðar geymslu, húsnæði, tækniútbúnað til blöndunar fræblandna og öðru er þýðingu hefur varðandi gæði sáðvöru.

### V. kafli. Um eftirlitssjóð.

■ **23. gr.** Þeir sem flytja inn vörur sem eru eftirlitsskyldar samkv. lögum þessum eða framleiða þær til sölu innanlands eru gjaldskyldir til eftirlitssjóðs Rala, sem er í vörslu stofnunarinnar, og skal um hann fært sérstakt bókhald.

■ **24. gr.** Eftirlitsgjaldið og innheimta þess skal ákveðið í reglugerð í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, og miðast gjaldið við að standa undir óhjákvæmilegum kostnaði við framkvæmd eftirlitsins.

### VI. kafli. Önnur ákvæði.

■ **25. gr.** Landbúnaðarráðherra setur reglugerð[1] um nánari framkvæmd laga þessara. Í reglugerð þessari skal tekið mið af gildandi reglum um hliðstæða starfsemi á Norðurlöndum, alþjóðasamþykktum um þessa starfsemi sem í gildi eru og Ísland er eða kann að verða aðili að.

[1] *Rg. 187/1974, sbr. 289/1979, 256/1981, augl. 454/1982 og rg. 422/1988.*

■ **26. gr.** Ágreiningi, sem kann að rísa vegna laga þessara eða reglugerðar sem við þau verður sett, má skjóta til landbúnaðarráðherra.

■ **27. gr.** Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

## Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

**1949** Nr. 88 22. júlí

■ **1. gr.** Bannað er að flytja til landsins niðursoðna mjólk og þurrmjólk.

■ **2. gr.** Komi það í ljós, að vöntun verði á niðursoðinni eða þurrkaðri mjólk, getur atvinnumálaráðherra[1] veitt undanþágu um stundarsakir frá ákvæðum 1. gr., ef framleiðsluráð landbúnaðarins mælir með því.

[1] *Nú landbúnaðarráðherra, sbr. augl. A 96/1969, 9. gr.*

■ **3. gr.** [Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum. Gera skal upptæka ólöglega innflutta mjólk, og rennur andvirði hennar í ríkissjóð. Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.][1]

[1] *L. 10/1983, 54. gr.*

## Lög um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs.[1]

**1935** Nr. 78 15. apríl

[1] *Augl. 35/1935.*

■ **1. gr.** Ríkisstjórnin hefur ein heimild til þess að flytja til landsins hvers konar trjáplöntur, og tekur sú heimild einnig til plantna af öllum tegundum runna, nema rósum. Enn fremur skal ríkisstjórnin taka að sér eftirlit með innflutningi á trjáfræi.

■ **2. gr.** Ríkisstjórnin felur skógrækt ríkisins að sjá um innkaup og innflutning erlendra trjáplantna, eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin felur einnig skógrækt ríkisins eftirlit með innflutningi á trjáfræi.

■ **3. gr.** Skógræktarstjóri, sem framkvæmdarstjóri skógræktarmálanna, sér um innkaup, sölu og afhendingu erlendra trjáplantna. Plönturnar má selja bæði í heildsölu og smásölu, en öll álagning skal ákveðin af ríkisstjórn, eftir tillögum skógræktarstjóra.

■ **4. gr.** Skógræktarstjóri skal leggja áherzlu á, að til landsins flytjist harðgerðar plöntur, sem líklegar séu til þess að þola íslenzkt veðurfar. Skal hann einnig gæta þess, að heilbrigði plantnanna sé ekki ábótavant, svo framarlega sem þess er kostur.

□ Eftirlit með innflutningi á trjáfræi skal fólgið í því, að skógræktarstjóri getur krafizt þeirra heilbrigðisvottorða, sem hann álítur nauðsynleg, með hverri tegund trjáfræs.

■ **5. gr.** Sá arður, sem kann að verða af sölu innfluttra trjáplantna, fellur til skógræktar ríkisins, og skal honum ráðstafað á sama hátt og því fé, sem skógrækt ríkisins hefur í þarfir skógræktarmálanna.

■ **6. gr.** [Brot gegn lögum þessum varða sektum. Ólöglega innfluttar trjáplöntur skulu gerðar upptækar samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga. Mál út af brotum þessum sæta meðferð opinberra mála.][1]

[1] *L. 10/1983, 55. gr.*

## Lög um heimild til að banna innflutning ósútaðra skinna og húða.

**1902** Nr. 3 14. febr.

■ **1. gr.** Stjórnarráðinu fyrir Ísland veitist heimild til að banna að flytja hingað til lands frá útlöndum ósútaðar húðir eða ósútuð skinn, nema söltuð sé og óhert, eða enn frekari trygging sé fyrir því, að ekki felist í þeim sóttnæmi.[1]

[1] *Sjá augl. 20/1902.*

■ **2. gr.** [Brot gegn lögunum varða sektum. Heimilt er að beita eignarupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr.

**1902** Nr. 3 14. febr.

almennra hegningarlaga. Mál út af brotum á lögunum sæta meðferð opinberra mála.][1]

[1] *L. 75/1982, 31. gr. A.*

■ **3. gr.** ...[1]

[1] *L. 75/1982, 31. gr. B.*

**1891** Nr. 35 11. des.

## Lög um aðfluttar ósútaðar húðir.

Landsstjórninni veitist heimild til að setja reglur um það, hvernig fara skuli með aðfluttar ósútaðar húðir, til þess að varna miltisdrepi.

**1933** Nr. 32 19. júní

## Lög um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.[1]

[1] *Rg. 118/1934.*

■ **1. gr.** [Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt feitmeti, sem líkist smjöri, þegar í því er feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, er nemur meira en 25% af heildarmagni fitunnar.

□ Ostlíki nefnist ostur, sem í er önnur fita en mjólkurfita, er nemur meira en 25% af heildarmagni fitunnar.

□ Rjómalíki kallast vökvi, sem líkist rjóma, en inniheldur aðra feiti en mjólkurfitu, er nemur meira en 25% af fitumagninu.

□ Mjólkurlíki kallast vökvi, sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu, en inniheldur feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, er nemur meira en 25% af heildarfitumagninu.

□ Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlíkisgerð, eftirlit með smjörlíkisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt.][1]

[1] *L. 56/1980, 1. gr.*

■ **2. gr.** Bannað er að framleiða smjörlíki þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, og eigi má nota sömu tæki til skiptis við framleiðsluna.

■ **3. gr.** Hver, sem ætlar sér að búa til smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, skal tilkynna það [landbúnaðarráðuneytinu][1] minnst 2 mánuðum áður en starfsemin byrjar. [Landbúnaðarráðuneytið][1] lætur þá þann, er það hefur falið eftirlit með smjörlíkisgerðum, eða þegar nauðsyn ber til, annan þar til hæfan mann, skoða húsakynnin. Sé þeim ábótavant, má starfsemin eigi byrja fyrr en breytingar eru gerðar, sem fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til húsnæðis og áhalda.

□ Sé breyting gerð á húsnæði, eða nýtt húsnæði fengið fyrir smjörlíkisgerð, þarf einnig til þess samþykki eftirlitsmanns.

□ Smjörlíkisgerð má eigi, án samþykkis [landbúnaðarráðherra][1], vera í húsnæði, þar sem önnur starfsemi er höfð með höndum.

□ Smjörlíkisgerðum er skylt að halda bækur yfir framleiðsluna, og skulu þær um hver áramót senda eftirlitsmanni smjörlíkisgerða nákvæma skýrslu um, hve framleiðslan hefur verið mikil af smjörlíki eða öðrum vörum, sem ræðir um í lögum þessum, á árinu. Einnig skulu þær tilkynna honum, hve mikið hafi verið notað af hverri tegund fituefna til framleiðslu varanna, þar á meðal af mjólk, rjóma og smjöri.

□ Þess skal gætt, að framleiðslan sé þrifaleg og að fylgt sé nauðsynlegum heilnæmisreglum við hana. [Landbúnaðarráðherra][1] getur sett reglur um bókhald og skýrslur smjörlíkisgerða, svo og hverjar kröfur eru gerðar til þrifnaðar o. fl.

[1] *L. 56/1980, 2. gr.*

■ **4. gr.** Þegar vörur þær, sem um getur í 1. gr. laga þessara, eru boðnar til sölu, sýndar eða auglýstar, fluttar inn í landið eða út úr því, skulu þær nefndar, eftir því sem við á, smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, svo og skal geta nafns framleiðanda. Bannað er, að orðin smjör, mjólk og rjómi eða nokkur orð eða myndir, sem minnt geti á landbúnaðarafurðir, séu notuð í sambandi við vörur þær, sem lög þessi fjalla um, á nokkurn annan hátt en í vöruheitunum sjálfum, svo sem þau eru skilgreind í 1. gr.

■ **5. gr.** Í smjörlíki á að vera að minnsta kosti 80% fituefni og eigi meira en 16% vatn. Smjörlíki og önnur þau efni, sem nefnd eru í 1. gr., mega ekki vera blönduð öðrum efnum til varnar skemmdum en matarsalti, og eigi vera lituð með efnum, sem eru hættuleg fyrir heilsu manna, og hefur [landbúnaðarráðherra][1] úrskurðarvald um þau efni.

[1] *L. 56/1980, 2. gr.*

■ **6. gr.** [Allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, skal bæta með A- og D-fjörefnum á þann hátt, sem fyrir verður mælt af ráðherra,[1] að fengnum tillögum rannsóknarstofu háskólans, og ekki á annan hátt.

□ [Landbúnaðarráðherra][2] getur, eftir tillögum mjólkursölunefndar, ákveðið, að í öllu smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri.[3] Skylt er að blanda erlent smjörlíki, sem selt er hér á landi, sama hundraðshluta af íslenzku smjöri og ákveðið er um innlent smjörlíki á sama tíma. Skal sú blöndun fara fram hér á landi og undir sama eftirliti sem íslenzku smjörlíkisgerðirnar eru háðar. Áður en ráðherra hefur fyrirskipað með auglýsingu um blöndun smjörlíkis með smjöri, má ekki verzla með smjörlíki blandað smjöri, og eftir að slík auglýsing hefur verið birt, má ekki verzla með smjörlíki blandað smjöri í öðrum hlutföllum né á annan hátt en fyrir er mælt í auglýsingunni.

□ [Landbúnaðarráðherra][2] setur nánari reglur um framkvæmdir ákvæða þessarar greinar, eftir því sem þurfa þykir.][4]

[1] *Reglur 41/1935, sbr. 24/1955.* [2] *L. 56/1980, 2. gr.* [3] *Reglur 99/1935, augl. 100/1935.* [4] *L. 61/1935.*

■ **7. gr.** Í öllu mjólkurlíki og rjómalíki, sem búið er til eða notað í landinu, skal vera litarefni, sem greini það glögglega frá mjólk og rjóma. [Landbúnaðarráðherra][1] ákveður, hver litarefni skuli notuð og hve mikið af þeim.

[1] *L. 56/1980, 2. gr.*

■ **8. gr.** Í öllu smjörlíki, ostlíki, rjóma- og mjólkurlíki skulu vera 2‰ af hreinni jarðeplasterkju.

■ **9. gr.** Á umbúðum alls innlends smjörlíkis skal standa skýru letri orðið Smjörlíki ásamt nafni smjörlíkisgerðar þeirrar, sem vöruna hefur framleitt. Um innflutt smjörlíki gilda sömu ákvæði, þó svo, að fyrir orðið Smjörlíki má standa Margarine, en á umbúðum standi ávallt með greinilegu letri orðið Útlent. Þessi ákvæði taka einnig til smjörlíkis, sem selt er í lausri vigt í sölubúðum.

□ Nú er smjörlíki selt mótað, og skal þá þungi skökunnar vera ¼, ½ eða 1/1 kg, og skal skrá það á umbúðirnar.

□ [Landbúnaðarráðherra][1] getur sett nánari reglur um umbúðir og merkingu á vörum þeim, sem lög þessi fjalla um, svo og um hámarksverð á smjörlíki, sem blandað er smjöri.

[1] *L. 56/1980, 2. gr.*

**1933** Nr. 32 19. júní

■ **10. gr.** [Landbúnaðarráðuneytið][1] sér um, að ákvæðum laga þessara sé fylgt, og getur ráðuneytið falið forstöðumanni efnarannsóknastofu ríkisins eftirlit með starfsemi smjörlíkisgerðanna.

□ Eftirlitsmanni skal jafnan heimill aðgangur að smjörlíkisgerðum þeim, sem honum er falið eftirlit með. Er honum heimilt að taka sýnishorn til rannsóknar, bæði af hráefnum og fulltilbúnum vörum. Forstöðumönnum smjörlíkisgerða er skylt að veita eftirlitsmanni þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, og sýna honum framleiðslubækur þær, sem nefndar eru í 3. gr.

□ Eftirlitsmaður hefur þagnarskyldu um allt, sem lýtur að framleiðslu og rekstri smjörlíkisgerða, og má ekki sjálfur notfæra sér eða láta öðrum í té upplýsingar, sem hann kann að fá um sérstakan útbúnað eða aðgerðir hverrar verksmiðju.

[1] *L. 56/1980, 2. gr.*

■ **11. gr.** Lögreglustjórum er falið eftirlit með rekstri smjörlíkisgerða og útsölustöðum í samráði við eftirlitsmenn, og skal þeim jafnan heimilt að taka til rannsóknar sýnishorn af hráefnum og vörum þeim er smjörlíkisgerðirnar framleiða.

□ Lögreglustjórar og tollstjórinn í Reykjavík hafa eftirlit með inn- og útflutningi á vörum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., og hafa rétt til að láta rannsaka þær.

■ **12. gr.** Til greiðslu á kostnaði við eftirlit og framkvæmd þessara laga getur [landbúnaðarráðuneytið][1] lagt gjald á verksmiðjur þær, sem framleiða þær vörur, sem nefndar eru í lögunum. Gjaldið skal miða við framleiðslu verksmiðjanna, og má fela eftirlitsmanni innheimtu þess.

□ Gjald það, sem verksmiðjunum ber að greiða, má taka lögtaki.

[1] *L. 56/1980, 2. gr.*

■ **13. gr.** [Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á lögunum skal fara að hætti opinberra mála.][1]

[1] *L. 10/1983, 56. gr.*

## 1986 Nr. 38 5. maí Lög um Útflutningsráð Íslands.

■ **1. gr.** Stofna skal Útflutningsráð Íslands er hafi það hlutverk að koma á auknu samstarfi fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda í málum, er lúta að eflingu útflutnings, og veita útflytjendum alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu. Enn fremur skal Útflutningsráð vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum sem varða utanríkisviðskipti Íslendinga.

■ **2. gr.** Heimili og varnarþing Útflutningsráðs Íslands skal vera í Reykjavík.

■ **3. gr.** Útflutningsráð skal opið öllum aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða afla gjaldeyris á annan hátt, svo og samtökum atvinnugreina. Nú óskar einstaklingur, fyrirtæki eða samtök eftir aðild og skal þá sækja um hana til stjórnar ráðsins sem tekur endanlega ákvörðun um aðild. Af hálfu stjórnvalda eiga aðild að Útflutningsráði fulltrúar viðskiptaráðuneytis, utanríkisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, samgönguráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis.

□ Almennir fundir ráðsins skulu að jafnaði haldnir tvisvar á ári eða oftar eftir ákvörðun [utanríkisráðherra][1] eða stjórnar ráðsins. [Utanríkisráðherra],[1] eða sá sem hann tilnefnir, boðar til þessara funda og stýrir þeim.

[1] *L. 7/1988, 1. gr.*

**1986** Nr. 38 5. maí

■ **4. gr.** Stjórn Útflutningsráðs skipa átta menn, valdir til tveggja ára í senn. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband íslenskra samvinnufélaga, Flugleiðir hf., Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda og Félag íslenskra iðnrekenda tilnefna einn mann hver, viðskiptaráðherra og utanríkisráðherra tilnefna einn mann hvor og einn stjórnarmaður skal tilnefndur sameiginlega af aðilum í Útflutningsráði, öðrum en hér hafa verið nefndir. Sömu aðilar skulu einnig tilnefna varamenn, þó þannig að iðnaðarráðherra tilnefnir varamann fyrir þann fulltrúa, sem [utanríkisráðherra][1] tilnefnir, og sjávarútvegsráðherra fyrir þann fulltrúa sem utanríkisráðherra tilnefnir. Viðskiptaráðherra[1] skipar stjórnina samkvæmt tilnefningu ofangreindra aðila.

□ Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs.

[1] *L. 7/1988, 2. gr. Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera: „... sem viðskiptaráðherra tilnefnir ... [Utanríkisráðherra] skipar ...“*

■ **5. gr.** Útflutningsráð skal starfrækja skrifstofu sem annast öll dagleg störf og þau verkefni er stjórnin tekur ákvörðun um. Skrifstofan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Hún skal undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og helstu starfsmenn og ákveður laun og önnur starfskjör þeirra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Stjórnin ákveður árgjöld, sbr. 6. gr., og gjaldskrá fyrir þjónustu skrifstofunnar. Þess skal gætt að útseld þjónusta standi að mestu leyti undir kostnaði við þau störf sem unnin eru skv. beiðni einstakra útflytjenda.

■ **6. gr.** Tekjur Útflutningsráðs eru:

a. Tekjur af útflutningsgjaldi skv. lögum nr. 52/1983.[1]

b. Tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 55/1984.[2]

c. Árgjöld.

d. Framlag ríkissjóðs.

e. Þóknun fyrir veitta þjónustu.

f. Sérstök framlög og aðrar tekjur.

[1] *Sjá nú l. 24/1986.* [2] *Nú l. 76/1987.*

■ **7. gr.** Útflutningsráði skal heimilt að [ráða viðskiptafulltrúa, sem starfa í sendiráðum, að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið].[1] Um aðstöðu þeirra við sendiráð Íslands skal semja við utanríkisráðuneytið. Um skipan þeirra, stöðu og starfskjör skulu settar sérstakar reglur. Útflutningsráði er einnig heimilt að ráða eða styrkja menn til starfa erlendis í þágu þeirrar starfsemi sem ráðið sinnir.

[1] *L. 7/1988, 3. gr.*

■ **8. gr.** [Utanríkisráðherra][1] getur, skv. tillögum stjórnar Útflutningsráðs, sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsráðs í reglugerð.

[1] *L. 7/1988, 4. gr.*

■ **9. gr.** Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 14/1971, um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, og tekur Útflutningsráð Íslands við starfsemi hennar.

■ **10. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. október 1986.

**1935** Nr. 79 16. apríl

## Lög um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenzkra afurða.

■ **1. gr.** ...[1]

[1] *L. 120/1935, 15. gr. og l. 75/1937, 16. gr.*

■ **2. gr.** Allur kostnaður við störf mjólkursölunefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 17. jan. 1935,[1] þar með talin laun nefndarmanna, greiðist úr verðjöfnunarsjóðum, sem myndast samkvæmt þeim lögum.

[1] *Sjá nú l. 46/1985.*

■ **3. gr.** ...[1]

[1] *L. 62/1962, 12. gr.*

■ **4. gr.** Kostnaður við störf kjötverðlagsnefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 29. jan. 1935,[1] þar með talin laun nefndarmanna, greiðist úr verðjöfnunarsjóði þeim, sem myndaður er samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

[1] *Sjá nú l. 46/1985.*

**1935** Nr. 92 3. maí

## Lög um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum.[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1758.*

**1935** Nr. 56 28. jan.

## Lög um útflutning á síldarmjöli.[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1758 – 1759.*

**1931** Nr. 37 8. sept.

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmissa ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1759.*

**1984** Nr. 53 30. maí

## Lög um Ríkismat sjávarafurða.

### I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** [Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra og lýtur stjórn hans. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með því að hafa eftirlit með fiski sem veiddur er úr sjó til manneldis, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans sem og útflutningi fiskafurða.][1]

☐ Heimilt er, sbr. 2., 14., 18. og 19. gr. að fela sérstökum aðilum, með ákveðnum skilyrðum, eftirlit með vinnslu og mat á afurðum.

☐ Fiskur er samkvæmt lögum þessum öll sjávardýr, önnur en spendýr, og hlutar hinna fyrrnefndu sem nýtt eru til manneldis. Fiskafurðir eru matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að meiri hluta til úr fiski.

☐ Einnig skal stofnunin hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum, geymslum, vinnslustöðvum sjávarafurða og næsta nágrenni þeirra.

☐ Ríkismat sjávarafurða skal veita leiðbeiningar er lúta að starfrækslu stofnunarinnar um fiskverkun og meðferð fisks.

[1] *L. 83/1986, 1. gr.*

■ **2. gr.** Sjávarútvegsráðherra getur í reglugerð[1] falið sérstökum rannsóknarstofnunum eftirlit og rannsóknir á tilteknum sjávarafurðum.

☐ Ríkismat sjávarafurða hefur aðgang að nauðsynlegri efna- og gerlafræðilegri þjónustu hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem enn fremur þróar í samráði við Ríkismatið þær vísindalegu mælingaaðferðir sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi þeirrar stofnunar.

☐ Ríkismat sjávarafurða skal og veita Fiskvinnsluskólanum nauðsynlega aðstoð við námskeið á vegum skólans.

[1] *Rg. sjá neðanmálsgrein við 23. gr.*

### II. kafli. Um Fiskmatsráð.

■ **3. gr.** Sjávarútvegsráðherra skipar sjö menn í fiskmatsráð til fjögurra ára er verði ráðherra til ráðuneytis varðandi starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða. Eigi skulu færri en fjórir þeirra, er í fiskmatsráði sitja, vera úr röðum helstu hagsmunasamtaka sjávarútvegsins. Ráðherra skipar formann ráðsins.

☐ Tillagna fiskmatsráðsins skal leitað vegna setningar reglna er varða starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða. Fiskmatsráð skal vera umsagnaraðili um mál sem upp rísa vegna ágreinings um framkvæmd mats. Fiskmatsráð skal leitast við að koma á aukinni samvinnu Ríkismats sjávarafurða og hagsmunaaðila sjávarútvegsins um gæðamat sjávarafla og gera tillögur um rannsóknir og tilraunir er miða að bættri meðferð og nýjungum í vinnslu hans.

☐ Fiskmatsráð kynnir sér erlend ákvæði eða reglur um lágmarksákvæði.

☐ Fiskmatsráði ber að gera tillögur til ráðherra um hvað eina er það telur ástæðu til í sambandi við framkvæmd mats og eftirlits, svo og stjórn og rekstur Ríkismats sjávarafurða.

☐ Ráðherra getur óskað umsagnar fiskmatsráðs um hvað eina varðandi stjórn og rekstur Ríkismats sjávarafurða, þar á meðal ráðningar í stöður innan stofnunarinnar.

■ **4. gr.** Sjávarútvegsráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar til fjögurra ára í senn og nefnist hann fiskmatsstjóri. Við skipun í starfið skal tekið tillit til menntunar og starfsreynslu.

■ **5. gr.** Skrifstofa fiskmatsstjóra annast fjárhags- og kostnaðaráætlanir, svo og önnur rekstrar- og starfsmannamál stofnunarinnar. Skrifstofan skal enn fremur annast söfnun og úrvinnslu matsgagna.

### III. kafli. Um starfsmenn.

■ **6. gr.** Ríkismat sjávarafurða starfar í tveimur deildum, afurðadeild og ferskfiskdeild. Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn forstöðumann fyrir hvora deild. Við skipun í störfin skal ráðherra taka tillit til háskólaprófs í matvælafræðum eða annarrar sambærilegrar menntunar og starfsreynslu.

■ **7. gr.** Hjá Ríkismati sjávarafurða skal starfa sérfræðingur í hreinlætismálum sem hefur yfirumsjón með hreinlætismálum sjávarafurða á vegum Ríkismatsins í samvinnu við og undir stjórn fiskmatsstjóra. Hann skal hafa á hendi faglegt hreinlætiseftirlit ferskfiskdeildar og afurðadeildar, svo og þjálfun þeirra starfsmanna er annast framkvæmd hreinlætiseftirlitsins samkvæmt lögum þessum.

■ **8. gr.** Ráðherra skipar fulltrúa forstöðumanna er hafi með höndum stjórn og eftirlit með störfum yfirmatsmanna samkvæmt nánari fyrirmælum viðkomandi forstöðumanns.

■ **9. gr.** Ráðherra skipar yfirmatsmenn að fengnum umsögnum forstöðumanns viðkomandi deildar. Þeir hafa umsjón með eftirliti og mati hver í sínu umdæmi. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Þeir geta haft með höndum verkefni einnar eða fleiri matsgreina eftir ákvörðun forstöðumanns sem jafnframt getur fært þá milli umdæma.

■ **10. gr.** ...[1)]

□ Sjávarútvegsráðuneytið löggildir matsmenn að fenginni umsögn fiskmatsstjóra. Þeir skulu hafa sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn, en þeir, sem lokið hafa prófi fiskiðnaðarmanna, skulu að öðru jöfnu njóta forgangs til löggildingar.

□ Sjávarútvegsráðuneytið lætur matsmenn undirrita eiðstaf um að þeir muni rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær sem starfi þeirra fylgja.

□ Fiskmatsstjóra er heimilt að veita mönnum án tilskilinna réttinda undanþágu til matsstarfa, í allt að þrjá mánuði, ef sérstakar aðstæður krefjast.

□ Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að svipta matsmenn löggildingu eða undanþágu um stundarsakir að fenginni umsögn Ríkismats sjávarafurða, enda hafi hann sýnt alvarlega vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi.

[1)] *L. 83/1986, 2. gr.*

**IV. kafli. Ferskfiskdeild.**

■ **11. gr.** [Ferskfiskdeild skal hafa eftirlit með meðferð, löndun, geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess að vinnsla hefst.][1)]

□ Ferskfiskdeild hefur eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum og flutningatækjum fyrir afla og gefur út hæfnisvottorð til fiskiskipa.

[1)] *L. 83/1986, 3. gr.*

■ **12. gr.** Ríkismat sjávarafurða skal hafa eftirlit með gæðum hráefnis og skal stöðva vinnslu, ef gæði hráefnis fullnægja ekki kröfum sem settar eru í reglum samkvæmt lögum þessum.

□ Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu fisks vegna ónógra gæða ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða í hvaða vinnslu heimilt sé að hagnýta fiskinn. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun vinnslu samkvæmt þessari grein.

■ **13. gr.** [Rísi ágreiningur milli fiskkaupenda og seljenda um gæðaflokkun fisks má leita úrskurðar Ríkismats sjávarafurða um þann ágreining.

□ Yfirfiskmatsmenn úrskurða um slíkan ágreining og greiðist kostnaður af slíku mati af fiskkaupendum og seljendum samkvæmt gjaldskrá Ríkismatsins.][1)]

[1)] *L. 83/1986, 4. gr.*

**V. kafli. Afurðadeild.**

■ **14. gr.** Afurðadeild annast yfirmat á öllum fiskafurðum til útflutnings. Enn fremur annast afurðadeild mat á afurðum og eftirlit með þeim á öllum stigum vinnslu og þar til þeim er skipað út að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt og ekki hefur verið falið öðrum aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

□ Afurðadeild gefur út útflutningsvottorð sé þess krafist í reglugerð. Deildin skal gæta þess að ekki verði fluttar út sjávarafurðir sem ekki standast þær kröfur sem lög þessi og reglugerðir, settar samkvæmt þeim, setja.

□ Afurðadeild annast útgáfu vinnsluleyfa til vinnslustöðva, en þau staðfesta að viðkomandi vinnslustöð fullnægi settum reglum um hreinlæti og búnað. Óheimilt er að verka eða vinna sjávarafurðir til útflutnings án slíks vinnsluleyfis.

■ **15. gr.** Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi sjávarafurðir sem lög þessi ná til, skal tilkynna það skrifstofu stofnunarinnar með hæfilegum fyrirvara.



■ **16. gr.** Ríkismat sjávarafurða hefur heimild til að stöðva vinnslu fisks og enn fremur pökkun og útflutning ef þrif og búnaður vinnslustöðva eða flutningstækja, gæði afurða, merking þeirra, umbúðir og frágangur er ekki í samræmi við reglur sem settar eru samkvæmt lögum þessum. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun samkvæmt þessari grein.

□ Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu eða pökkun á fiskafurðum ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða á hvern hátt hagnýta megi afurðirnar og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að vinnsla, pökkun og útflutningur megi hefjast að nýju.

□ Ríkismati sjávarafurða er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi sýni hann vítaverða meðferð á hráefni eða komi alvarlegir gallar í ljós í afurðum hans. Verði meiri háttar mistök í meðferð sjávarafla og/eða framleiðslu sjávarafurða skal Ríkismat sjávarafurða framkvæma ítarlega rannsókn á orsökum þess og gefa sjávarútvegsráðherra og fiskmatsráði skriflega skýrslu um tildrög og orsakir mistakanna.

□ Ráðuneytið setur nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og endurveitingu vinnsluleyfis.

**VI. kafli. Um skyldur útflytjenda.**

■ **17. gr.** Framleiðendur skulu hafa í sinni þjónustu til matsstarfa löggilta matsmenn sem samþykktir eru af afurðadeild eða fá til þess matsmenn sem Ríkismatið samþykkir.

■ **18. gr.** Útflytjendum sjávarafurða er skylt að hafa starfandi eftirlitsmenn á sínum vegum sem jafnframt séu löggiltir matsmenn. Eftirlitsmenn þessir skulu sérstaklega kynna framleiðendum, verkstjórum þeirra, matsmönnum, eftirlitsfólki og starfsfólki, eftir því sem við á hverju sinni, kröfur erlendra viðskiptaaðila.

□ Eftirlitsmenn skulu vinna að samræmingu mats og eftirlits ásamt yfirfiskmatsmönnum og fylgjast með yfirmati á afurðum áður en útskipun fer fram.

□ Útflytjendum sjávarafurða, sem ekki hafa í þjónustu sinni löggilta eftirlitsmenn, er skylt að kaupa þessa þjónustu af aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

■ **19. gr.** Þeir, sem flytja út sjávarafurðir, eru skyldir til að hafa löggilta lestunarstjóra eða kaupa þessa þjónustu af Ríkismatinu eða aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

□ Lestunarstjórar skulu hlíta fyrirmælum yfirfiskmatsmanna afurðadeildar um hleðslu skipa að því er varðar magn, gæðaflokka, útlit, merkingar, umbúnað og þrif í lestum.

□ Sjávarútvegsráðuneytið löggildir lestunarstjóra skv. tilnefningu forstöðumanns afurðadeildar.

■ **20. gr.** Hverjum þeim, sem annast sölu og útflutning sjávarafurða sem lög þessi ná til, ber, sé þess óskað, að láta fiskmatsráði í té upplýsingar um kvartanir sem berast frá erlendum kaupendum vegna gallaðrar vöru eða vegna þess að umbúnaði hennar er áfátt. Þá ber þeim og, sé þess óskað, að veita Ríkismati sjávarafurða upplýsingar um greiddar skaðabótakröfur.

□ Þó er skylt að láta Ríkismati sjávarafurða í té upplýsingar um kvartanir sem berast frá erlendum kaupendum vegna alvarlegra galla eða skemmda á vörum.

□ Ríkismat sjávarafurða fer með upplýsingar þessar sem trúnaðarmál.

1984 Nr. 53 30. maí

## VII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **21. gr.** Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða er heimill aðgangur að hverjum þeim stað þar sem fiskur eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds hæfilegt magn sýnishorna af fiski og sjávarafurðum til rannsókna, enda verði eigendum fisksins eða afurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsóknanna.

□ Skylt er framleiðanda og útflytjanda að veita starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og mats.

■ **22. gr.** Ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits úrskurða yfirfiskmatsmenn í samráði við fiskmatsstjóra og fiskmatsráð. Skjóta má úrskurði um skilning á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til ráðherra.

■ **23. gr.** Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja reglur[1] um hvað eina er snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um meðferð og frágang afla um borð í veiðiskipum, meðferð og frágang hráefnis og sjávarafurða í vinnslustöðvum, geymslum og flutningatækjum, matsreglur og vörustaðla, enn fremur um menntun matsmanna og verkstjóra í vinnslustöðvum. Einnig er heimilt að ákveða í reglugerð að kaupendur eða seljendur afla og/eða eigendur sjávarafurða skuli greiða kostnað af störfum matsmanna.

[1] *Rg. 35/1956 (fiskmat), rg. 56/1953, sbr. 117/1953, 218/1966 og 262/1970 (mat á frystum fiski til útflutnings), rg. 124/1953, sbr. 169/1956 og 423/1980 (verkun og mat á skreið til útflutnings), rg. 71/1973 (mat á saltfiski til útflutnings), rg. 215/1966 (eftirlit með ferskum humri og ferskri rækju), rg. 247/1966 (mat á frystum hrognum til útflutnings), rg. 78/1978 (um skelfiskveiðar), rg. 337/1984, sbr. 264/1985 (meðferð, geymsla og vinnsla rækju um borð í veiðiskipum og vinnslustöðvum í landi), rg. 189/1985 (söltuð grásleppuhrogn), rg. 137/1985 (sjávarafurðir til útflutnings), rg. 138/1985 (lagmeti), rg. 177/1985, sbr. 377/1988 (búnaður og hreinlæti í fiskvinnslustöðvum), rg. 320/1981, sbr. 361/1988 (eftirlit og mat á saltverkaðri síld til útflutnings) og rg. 55/1970, sbr. 35/1971, 220/1979, 597/1981 og 423/1986 (eftirlit og mat á ferskum fiski). Erbr. 31/1978 (deildarstjórar), 32/1978 (yfirmatsmenn) og 77/1978 (matsmenn). Rg. 148/1990 (um meðferð á unnum ferskum fiski o. fl.).*

■ **24. gr.** Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Tekjur Ríkismats sjávarafurða af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum fara eftir lögum þar um eins og þau eru á hverjum tíma.

■ **25. gr.** Hver sá, sem sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum eða sviptingu vinnsluleyfis, nema þyngri viðurlögum varði samkvæmt öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

□ Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

■ **26. gr.** Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, ásamt lögum nr. 19/1975, 4. gr. laga nr. 27/1976 og lög nr. 14/1981.

□ Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt ofangreindum lögum og eldri lögum um sama efni, halda gildi sínu eftir því sem við á.

■ **27. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1984.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Frá og með 1. ágúst 1984 eru lagðar niður stöður forstjóra, skrifstofustjóra, deildarstjóra, fulltrúa og yfirfiskmatsmanna hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða.

□ Um réttarstöðu þeirra starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða, sem ekki verða skipaðir starfsmenn Ríkismats sjávarafurða, fer eftir ákvæðum viðeigandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

1984 Nr. 53 30. maí

## Lög um útflutning saltaðrar síldar.[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1763.*

1933 Nr. 70 19. júní

## Lög um mat á fiskúrgangi.[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1763 - 1764.*

1935 Nr. 9 9. jan.

## Lög um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

1966 Nr. 30 28. apríl

■ **1. gr.** Í lögum þessum merkir:

**Sláturfénaður:** Sauðfé, nautgripir, hross, svín, geitfé, hreindýr, alifuglar og önnur dýr, sem ætluð eru til manneldis.

**Sláturafurðir:** Kjöt og slátur af öllum sláturfénaði.

**Læknir:** Dýralæknir sá, er heilbrigðisskoðunina annast, eða hver sá læknir eða læknanemi, sem löggiltur hefur verið til starfsins samkvæmt 7. gr. laga þessara.

**Kjötmatsmaður:** Hver sá undirkjötmatsmaður, er lýtur yfirkjötmatsmanni.

■ **2. gr.** Sláturfénaði (sauðfé, geitum, svínum, nautgripum og hrossum), sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, kælt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og kæling og frysting kjötsins fara fram í löggiltum frystihúsum. [Landbúnaðarráðuneyti][1] löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum.

□ [Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1990.][2]

□ Ráðherra setur reglur um útbúnað sláturhúsa og frystihúsa, söltunar- og reykhúsa, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og kjötmatsformanns.[3]

[1] *L. 85/1971, 1. gr. 1. mgr.* [2] *L. 51/1988, 1. gr.* [3] *Rg. 205/1967 (um útbúnað sláturhúsa o. fl.) og rg. 260/1980, sbr. 238/1987 (um útbúnað alifuglasláturhúsa o. fl.).*

■ **3. gr.** Hver sá, sem hyggst slátra sauðfé eða öðrum fénaði, sbr. 2. gr., í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda [landbúnaðarráðuneyti][1] umsókn um löggildingu húsa til slátrunar og frystingar og geymslu á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Hver sá, sem hyggst byggja hús til slátrunar og frystingar á sláturafurðum eða gera meiri háttar breytingar og endurbætur á slíkum húsum, skal senda [landbúnaðarráðuneyti][1] teikningar af húsunum og fá samþykki þess á þeim, áður en framkvæmdir hefjast. Leita skal umsagnar yfirdýralæknis eða héraðsdýralæknis um teikningarnar og fyrirhugaðar breytingar og endurbætur. Eftir löggildingu annast héraðsdýralæknar eftirlit með slátur- og frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum undir stjórn yfirdýralæknis. Í reglugerð má setja ákvæði um þekkingu og verkkunnáttu verkstjóra og sláturhússtjóra.

[1] *L. 85/1971, 1. gr. 1. mgr.*

■ **4. gr.** Nú fullnægir löggilt slátur- eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá dýralækni, sem eftirlitið hefur annazt, að skýra þeim, sem sláturleyfi hefur, og yfirdýralækni samstundis frá því. Setur yfirdýralæknir umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður um stundarsakir, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests. Hann tilkynnir þá jafnframt [landbúnaðarráðuneyti][1] og aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar stöðvuð, unz úr sé bætt.

□ Héraðsdýralæknir skal framkvæma skoðun á sláturog frystihúsum á þeim tíma, sem gefur nægan frest til úrbóta, ef þörf krefur, fyrir næstu sláturtíð.

[1] *L. 85/1971, 1. gr. 1. mgr.*

■ **5. gr.** Heilbrigðisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, áður en slátrun fer fram, og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar. Enn fremur skal heilbrigðisskoðun á öllu kjöti og slátri af þeim sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, fara fram í sláturhúsinu, áður en afurðirnar eru boðnar til sölu á opinberum markaði, þ. e. áður en kæling, frysting, söltun eða önnur verkun fer fram. Að skoðun lokinni skal dýralæknir eða hver sá, sem löggiltur hefur verið til starfsins, merkja kjötið samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og slátri, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

□ Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir læknisskoðun og merkingu kjöts og annarra sláturafurða.[1]

[1] *Rg. 168/1970, sbr. 630/1982 og 399/1987.*

■ **6. gr.** Sláturafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis, eftir úrskurði kjötskoðunarlæknis, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur, á þann hátt, að tryggt sé að engin hætta geti stafað af þeim.

□ Ekki má slátra í sláturhúsi sýnilega sjúku sláturfé, er sýkingarhætta getur stafað af að áliti kjötskoðunarlæknis, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu.

□ Sjálfdauðar skepnur eða afurðir af þeim má aldrei flytja inn í sláturhús eða frystihús.

□ Búpening, sem kominn er í sláturhúsrétt, má eigi flytja þaðan til lífs, heldur skal honum slátrað, nema komi til leyfi sauðfjársjúkdómanefndar.

■ **7. gr.** Dýralæknar annast heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturafurðum, sbr. 5. gr. þessara laga. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, lækni til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá dýralækni hér á landi. Ef nauðsyn krefur, má fela heilbrigðisskoðun öðrum, sem í því skyni hafa hlotið nægja þekkingu og þjálfun, að dómi yfirdýralæknis, enda starfi þeir eingöngu undir stjórn dýralæknis.

■ **8. gr.** Allt kjöt og slátur af sláturfénaði, er um getur í lögum þessum, sem flutt er á erlendan markað eða til sölu innanlands, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna.

□ Ráðuneytið setur reglugerð um slátrun, mat, flokkun, merkingu, frystingu, söltun, umbúðir, flutning og meðferð kjöts og sláturs, að fengnum tillögum kjötmatsformanns og yfirdýralæknis, er hafi samráð við framleiðsluráð landbúnaðarins og helztu kjötsöluaðila.

□ Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, meðferð, mat og merkingu á kjöti, slátri, gærum og hausum, sem selt er innanlands eða til ákveðinna landa, eftir því hvaða kröfur eru gerðar í því efni.[1]

[1] *Rg. 160/1984. Rg. 188/1988, sbr. 434/1988.*

■ **9. gr.** Ráðherra skipar kjötmatsformann og 4 yfirkjötmatsmenn og hafi hver yfirkjötmatsmaður ákveðið starfssvæði. Kjötmatsformaður hafi ekki ákveðið starfssvæði, enda skal hann hafa yfirumsjón með þeim atriðum í lögum þessum, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna, og samræma mat og flokkun á kjöti og innyflum af sláturfénaði, samkvæmt reglugerðum, sem settar eru um þau efni í samræmi við 8. gr. laga þessara, á landinu öllu. Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera athugun á kjöti og öðrum sláturafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innanlands, og framkvæma yfirmat á þeim, ef þurfa þykir.

□ Kjötmatsformaður og yfirkjötmatsmenn skulu hafa góða þekkingu á kjöti og öðrum sláturafurðum og mikla reynslu í öllu því, er lýtur að meðferð og mati sláturafurða.

□ Ráðherra setur yfirkjötmatsmönnum starfsreglur og ákveður umdæmi þeirra og launakjör.

□ Ferðakostnað í þágu yfirmatsins skulu þeir fá greiddan samkvæmt reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar.

□ Annan kostnað, sem af yfirmatinu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

■ **10. gr.** Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum sláturstað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

□ Kjötmatsmenn skulu annast mat og flokkun á kjöti og slátri og gæta þess, að reglum um slátrun sé fylgt, einkum að því er varðar hreinlega og góða meðferð sláturafurða. Störf, skyldur og kaup kjötmatsmanna skal ákveðið með reglugerð, og greiða sláturleyfishafar, sem slátrun framkvæma, kaup kjötmatsmanna á hverjum stað.

■ **11. gr.** Ekki mega yfirkjötmatsmenn eða kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun hjá þeim, sem kjötsölu annast, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti utanlands eða innan, eða aðra milligöngu í því efni, sem þeir geta haft hagnað af.

□ Nú vanrækir yfirkjötmatsmaður starf sitt að dómi kjötmatsformanns, og er honum þá skylt að skjóta málinu án tafar til [landbúnaðarráðuneytis],[1] sem fellir úrskurð í því.

□ Sýni kjötmatsmaður vanrækslu í starfi, beiti hlutdrægni við matið eða leysi það illa af hendi á einhvern hátt að dómi yfirkjötmatsmanns, er yfirkjötmatsmanni heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann kjötmatsformanni og hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

[1] *L. 85/1971, 1. gr. 1. mgr.*

■ **12. gr.** Yfirdýralæknir eða heilbrigðisnefnd, sem í hlut á getur fyrirskipað sérstaka læknisskoðun á kjöti og slátri, enda þótt það hafi áður hlotið lögboðna heilbrigðisskoðun og merkingu. Eins má fyrirskipa gæðamat á sláturafurðum, þótt það hafi áður farið fram.

□ Bæjar- eða sveitarfélag skal sjá fyrir fullnægjandi húsnæði til framangreindrar skoðunar á sláturafurðum

1966 Nr. 30 28. apríl

**1966** Nr. 30 28. apríl

gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi afurðanna greiðir, samkvæmt nánari fyrirmælum ráðuneytisins, að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarfélags.

■ **13. gr.** Ráðherra getur sett reglur, að fengnum tillögum heilbrigðisstjórnar og yfirdýralæknis, um útbúnað kjötbúða og annað, er lýtur að verzlun með sláturafurðir, og um það, hverjar vörur megi selja í kjötbúðum aðrar en þær, sem um ræðir í lögum þessum. Ráðherra getur einnig sett reglur, að fengnum tillögum heilbrigðisstjórnar og yfirdýralæknis, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturafurða og annað því um líkt.

■ **14. gr.** [Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum. Fara skal með mál út af brotum á þeim að hætti opinberra mála.][1)]

□ Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna.

[1)] *L. 75/1982, 32. gr.*

**1990** Nr. 57 16. maí

## Lög um flokkun og mat á gærum og ull.

### I. kafli. Um flokkun, meðferð og sölumat á gærum.

*Flokkun gæra.*

■ **1. gr.** Allar gærur, sem selja á, skulu flokkaðar við móttöku fjár í sláturhúsi. Skal flokkunin lögð til grundvallar útreikningi á verði gæranna til einstakra framleiðenda eftir því sem sundurliðun á verðlagsgrundvelli gefur tilefni til. Við flokkun gæra skal taka tillit til ástands, eðlisgæða og litar þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 405/1986.*

*Meðferð og sölumat gæra.*

■ **2. gr.** Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrirmælum gærumatsmanna um fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun, frágang, geymslu og afhendingu gæra. Við afhendingu skal tilgreina tölu og flokk saltaðra gæra. Gærumatsmaður skal yfirfara gærur við móttöku þeirra í sútunarverksmiðju, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Nánari ákvæði um meðferð, meðhöndlun og framkvæmd sölumats og gerð vottorðs skal setja í reglugerð.

### II. kafli. Um flokkun, meðferð og sölumat á ull.

*Mat á óþveginni ull.*

■ **3. gr.** Öll óþvegin ull, sem framleidd er í landinu og selja á, skal flokkuð og metin eftir lit og gæðum samkvæmt flokkunar- og matsreglum sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð að fengnum tillögum ullarmatsnefndar.

□ Framleiðendur ullar skulu skila ullinni í merktum umbúðum og er kaupanda eða umboðsaðila skylt að meta ullina sem fyrst eftir móttöku. Kaupanda er þó heimilt að meta ullina hjá framleiðanda. Framleiðanda skal send skýrsla um matið.

*Mat á þveginni ull.*

■ **4. gr.** Öll þvegin ull, sem selja á, skal metin af ullarmatsmönnum ef kaupandi eða seljandi óskar þess. Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um útflutning ullar.

### III. kafli. Um starfsmenn við gæru- og ullarmat.

*Löggilding matsmanna gæra og ullar.*

■ **5. gr.** Um löggildingu matsmanna fer eftir ákvæðum í reglugerð og er þar heimilt að ákveða að afurðastöð og söluaðilar (þar með taldar sútunarverksmiðjur) skuli á sinn kostnað hafa í þjónustu sinni matsmenn til að framkvæma mat samkvæmt lögum þessum. Þá eina má skipa eða löggilda sem matsmenn er hafa góða þekkingu á gærum og ull og reynslu á öllu er varðar meðferð vörunnar og mat á þeim.

**1990** Nr. 57 16. maí

□ Afurðastöðvum og öðrum, sem selja gærur og ull, er skylt að sjá matsmönnum fyrir aðstöðu til að framkvæma matið.

*Yfirmat á gærum og ull.*

■ **6. gr.** Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna gærumatsnefnd. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi sláturleyfishafa, annar af gærukaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

□ Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna ullarmatsnefnd. Skal einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, annar af ullarkaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

□ Landbúnaðarráðherra ræður eftirlitsmann með ullarmati samkvæmt tillögu ullarmatsnefndar. Skal hann hafa aflað sér þekkingar á ullarmati og meðferð ullar, t. d. með því að hafa áður starfað að ullarmati.

□ Ágreiningi út af ullar- og gærumati er heimilt að skjóta til nefndar skv. 1. eða 2. mgr. sem fellir úrskurð innan 30 daga frá því að erindi barst nefndinni. Að öðru leyti skal hlutverk nefndanna vera að veita fræðslu um flokkun, meðferð og framkvæmd mats á gærum og ull og er matsmönnum skylt að hlíta mati í samræmi við fyrirmæli viðkomandi nefndar.

□ Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja nánari ákvæði[1)] um starfssvið gæru- og ullarmatsmanna, eftirlitsmanna skv. 3. mgr. og nefnda skv. 1. og 2. mgr.

[1)] *Sjá rg. 416/1976, erbr. 27/1935, sbr. augl. 192/1945, erbr. 28/1935, erbr. 29/1935 og rg. 26/1935. Sjá og erbr. 165/1942.*

### IV. kafli. Ýmis ákvæði.

*Kostnaður.*

■ **7. gr.** Kostnaður af starfi gæru- og ullarmatsnefnda og eftirlitsmanns ullar greiðist úr ríkissjóði en kostnað af starfi matsmanna greiða viðkomandi afurðastöðvar.

*Refsiákvæði, gildistaka.*

■ **8. gr.** Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 21 21. apríl 1976, um flokkun og mat ullar, og lög nr. 22 10. maí 1976, um flokkun og mat á gærum.

**1970** Nr. 39 11. maí

## Lög um gæðamat á æðardún.

■ **1. gr.** Allur æðardúnn, sem fluttur er úr landi, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum. Hverri dúnsendingu skal fylgja vottorð matsmanna um, að dúnninn sé metinn og veginn. Skal sýslumaður (lögreglustjóri) votta með undirskrift sinni, að lögskipaður dúnmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans.

■ **2. gr.** Ráðherra getur mælt svo fyrir, að ákvæði 1. gr. um mat og flokkun á æðardún, sem út er fluttur, skuli einnig ná til dúns, sem seldur er á innlendum markaði.

■ **3. gr.** Allan dún skal merkja greinilega með merki útflytjanda.

■ **4. gr.** Nánari reglur um mat, merkingu og meðferð

**1970** Nr. 39 11. maí

dúnsins setur landbúnaðarráðuneytið í erindisbréfum til matsmanna.[1)]

[1)] *Erbr. 64/1972.*

■ **5. gr.** Lögreglustjóri skipar dúnmatsmenn á þeim stöðum, er landbúnaðarráðuneytið telur þörf á, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

■ **6. gr.** Matsmenn æðardúns skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi og fylgja settum reglum. Ráðuneytið stílar þeim heitið.

■ **7. gr.** Kaup dúnmatsmanna greiðir útflytjandi eftir nánari ákvörðun í erindisbréfi, sbr. 4. gr. Ekki mega matsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir eða öðrum, sem við útflutning dúnsins eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbréfi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, sem flytja út æðardún.

■ **8. gr.** Brot á lögum þessum varða sektum og sæta meðferð opinberra mála.

**1979** Nr. 63 31. maí

## Lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

■ **1. gr.** Innflutningur á vörum til landsins skal ekki háður leyfum, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, svo og reglugerðum[1)] eða auglýsingum, sem ríkisstjórnin setur samkvæmt heimild í lögum þessum, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

☐ Fjármagnsgreiðslur svo og þjónustugreiðslur til annarra landa skulu háðar reglum, sem ráðuneytið setur í reglugerð.[2)]

☐ Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, er nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

[1)] *Rg. 50/1988, sbr. 132/1988.* [2)] *Rg. 211/1988, sbr. augl. 489/1989 og 499/1989.*

■ **2. gr.** Að svo miklu leyti, sem vöruinnflutningur er háður innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, annast viðskiptaráðuneytið útgáfu þeirra. Sama gildir um útgáfu annarra gjaldeyrisleyfa.

☐ Seðlabankinn skal vera til ráðuneytis um framkvæmd þessara mála og getur ráðuneytið falið honum ákvörðunarvald um einstaka þætti þeirra. Ráðuneytið getur og falið gjaldeyrisbönkunum framkvæmd úthlutunar leyfa og önnur störf í því sambandi.

☐ Heimilt er og að setja á fót sérstaka samstarfsnefnd ráðuneytis, gjaldeyrisviðskiptabanka og Seðlabanka til þess að fjalla um þau mál, sem um getur í þessari grein, svo og önnur mál eftir því sem ráðuneytið telur ástæðu til.

■ **3. gr.** Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem háðar eru leyfisveitingum, nema tilskilin leyfi séu fyrir hendi. ...[1)]

☐ Gjaldeyrisbankar mega ekki láta af hendi gjaldeyri, nema viðkomandi greiðsla sé heimil eða leyfi fyrir hendi, er gefið sé út samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum.

[1)] *L. 35/1987, 1. gr.*

■ **4. gr.** Allur erlendur gjaldeyrir, sem innlendir aðilar eiga eða eignast fyrir seldar vörur, þjónustu eða á annan hátt, skal seldur eða honum skilað gjaldeyrisviðskiptabanka innan eðlilegs frests frá því að hann er kominn eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans.[1)]

☐ Þó er heimilt að leggja gjaldeyri inn á sérstaka reikninga hjá gjaldeyrisviðskiptabönkum, sem opnaðir hafa verið samkvæmt reglum, sem viðskiptaráðuneytið hefur sett.

☐ Gjaldeyrisviðskiptabönkunum er heimilt að varðveita þann gjaldeyri, sem þeim er seldur. Þó skulu þeir selja Seðlabankanum þann gjaldeyri, sem umfram er eðlilegar viðskiptaþarfir þeirra, ef Seðlabankinn telur nauðsyn bera til.

☐ Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans getur veitt undanþágu frá reglum 1. málsgreinar, svo og leyft tilteknum aðilum að eiga reikninga í erlendum gjaldeyri utanlands og nota gjaldeyristekjur sínar til að inna tilteknar greiðslur af hendi, samkvæmt nánari reglum, er ráðuneytið setur.

☐ Ráðuneytið setur heildarreglur um ákvæði 1. – 4. málsgreinar í reglugerð,[2)] þar á meðal reglur um innlenda gjaldeyrisreikninga.

[1)] *Augl. 173/1980.* [2)] *Rg. 211/1988.*

■ **5. gr.** [Um rétt viðskiptabanka til að versla með erlendan gjaldeyri fer eftir lögum um Seðlabanka Íslands. Bankastjórn Seðlabankans er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að leyfa sparisjóðum að versla með gjaldeyri innan takmarka sem hún ákveður. Ákvæði laga þessara um gjaldeyrisviðskiptabanka taka til sparisjóða og póststjórnarinnar að því marki sem þessum aðilum er heimilt að versla með gjaldeyri.][1)]

☐ Gjaldeyrisviðskiptabankarnir skulu annast framkvæmd þeirra verkefna, sem þeim eru falin samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim, þar á meðal skýrslugerðir og eftirlitsstörf. Ber þeim m. a. að veita gjaldeyriseftirlitinu upplýsingar, er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, og fara að fyrirmælum þess við eftirlitsstörf.

[1)] *L. 73/1983, 1. gr.*

■ **6. gr.** Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til bankanna og erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlast. Einnig ber því að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu banka. Gjaldeyriseftirlitið starfar jafnframt samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands.[1)]

☐ Gjaldeyriseftirlitið fylgist með innflutningi fjármagns til landsins.

☐ Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera gjaldeyriseftirlitinu fullnægjandi grein fyrir gjaldeyrisviðskiptum sínum og veita því nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Gjaldeyriseftirlitið getur krafist allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi þess, og kvatt á sinn fund menn til munnlegrar skýrslugjafar. Enn fremur hefur það rétt til að kanna reikninga og bókhald, svo og að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir.

☐ Gjaldeyriseftirlitið getur í starfi sínu krafist hvers konar upplýsinga, aðgangs og afhendingar á skjölum frá öðrum opinberum aðilum, þar á meðal frá skatt-, toll- og verðlagsyfirvöldum. Því er og heimilt að veita sömu aðilum upplýsingar og afhenda þeim gögn, sem þeim eru nauðsynleg til eftirlits.

[1)] *Nú l. 36/1986.*

■ **7. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. getur Seðlabankinn við óvenjulegar aðstæður, svo sem þegar óvissa

**1979** Nr. 63 31. maí

**1979** Nr. 63 31. maí

ríkir í gjaldeyrismálum innanlands eða utan, einhliða fellt niður gengisskráningu.

□ Gjaldeyrisbönkunum er þó heimilt að annast nauðsynlegar yfirfærslur meðan gengi er ekki skráð, enda sé áskilin hæfileg trygging í samráði við Seðlabankann við afhendingu gjaldeyrisins og gengið endanlega frá greiðslu fyrir hann strax og gengi hefur verið skráð að nýju.

■ **8. gr.** Innlendum aðilum er óheimilt að kaupa fasteignir erlendis eða erlend verðbréf, nema að fenginni heimild Seðlabankans.

□ Innlendir aðilar, sem eiga eignir erlendis, svo sem fasteignir og verðbréf, skulu skrásetja þær hjá gjaldeyriseftirlitinu.

□ Ráðstöfun á andvirði eigna þessara og tekjum af þeim er háð samþykki Seðlabankans.

■ **9. gr.** Seðlabankanum er heimilt að setja reglur um útflutning og innflutning peningaseðla og hvers konar myntar, minnispeninga, gulls og annarra dýrra málma, enn fremur skuldabréfa, verðbréfa og hvers konar skuldbindinga, sem hljóða á greiðslu í íslenskum eða erlendum gjaldeyri. Skulu slíkar reglur auglýstar í Lögbirtingablaðinu.

■ **10. gr.** Gjaldeyrisviðskiptabönkunum er heimilt að semja um yfirdráttarheimildir til skamms tíma hjá erlendum bönkum. Skulu þeir gera Seðlabankanum grein fyrir þeim samningum, svo og ráðuneytinu, ef þess er óskað. Notkun slíkra yfirdráttarheimilda skal ekki vera meiri en sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma, nema að því leyti, sem viðskiptaástæður krefjast um skamma hríð. Seðlabankinn getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

■ **11. gr.** ...[1]

[1] *L. 86/1985, 56. gr.*

■ **12. gr.** [Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um að taka lán erlendis nema með samþykki ríkisstjórnar. Til lána telst í þessu sambandi hvers konar greiðslufrestur á þjónustu, svo og leigusamningar. Greiðslufrestur á vörum, sem innflytjandi tekur án ábyrgðar banka eða annarra fjármálastofnana, fellur ekki undir þetta ákvæði.

□ Viðskiptaráðuneytið setur, að höfðu samráði við Seðlabankann, reglur[1] um erlendar lántökur og um mörkin milli þeirra og greiðslufrests á vörum.][2]

□ Lántökur gjaldeyrisviðskiptabanka erlendis til að endurlána innlendum aðilum, svo og aðrar lántökur en þær, sem nefndar eru í 10. gr., skulu háðar ákvæðum þessarar greinar.

□ Um heimildir Seðlabankans til að taka lán erlendis fer eftir ákvæðum 20. gr. laga nr. 10/1961.[3]

[1] *Augl. 489/1989 og 499/1989.* [2] *L. 68/1989, 1. gr.* [3] *Nú l. 36/1986.*

■ **13. gr.** ...[1]

[1] *L. 4/1988, 4. gr.*

■ **14. gr.** Innheimta má af gjaldeyris- og innflutningsleyfum allt að 2% gjald af fjárhæð leyfa. Ríkisstjórnin ákveður, hvernig gjaldi þessu skuli varið.

■ **15. gr.** Gjaldeyriseftirlitinu er heimilt að stöðva tímabundið gjaldeyrissölu til þeirra aðila, sem að þess mati hafa brotið settar gjaldeyrisreglur, þar á meðal um skilaskyldu, notkun erlends gjaldfrests, skýrslugerð og önnur atriði, er gjaldeyrisviðskipti varða. Ákvörðun um þetta má áfrýja til ráðuneytisins, en slíkt málskot stöðvar þó ekki framkvæmd ákvörðunar. Gjaldeyriseftirlitið tilkynnir gjaldeyrisviðskiptabönkum ákvörðun um stöðvun gjaldeyrissölu.

**1979** Nr. 63 31. maí

■ **16. gr.** Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð, skv. ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 6. gr.

■ **17. gr.** Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu skv. 15. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

□ Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum ...[1] Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má auk sektar dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum. Þá má svipta hann atvinnurétti sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

□ Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

[1] *L. 75/1982, 33. gr.*

■ **18. gr.** Ráðuneytið setur með reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.[1]

[1] *Rg. 211/1988; rg. 50/1988, sbr. 132/1988.*

■ **19. gr.** Lög þessi taka gildi 1. sept. 1979. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 30 frá 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

## Lög um útflutningsleyfi o. fl.

**1988** Nr. 4 11. jan.

■ **1. gr.** Utanríkisráðuneytinu er heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja né flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi. Útflutningsleyfi getur ráðuneytið bundið skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

□ Útflytjendur eru skyldir að veita ráðuneytinu þær upplýsingar, sem það óskar, um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda.

■ **2. gr.** Ráðherra getur í reglugerð[1] sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

[1] *Rg. 27/1988.*

■ **3. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað má auk sektar dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum. Þá má svipta hann atvinnurétti, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

□ Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi 13. gr. laga nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

## Lög um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli.

**1952** Nr. 104 27. des.

■ **1. gr.** Til þess að greiða fyrir viðskiptum við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli, er fjármálaráðherra, vegna ríkissjóðs, heimilt að taka ábyrgð á innstæðufé, er Landsbanki Íslands (seðlabankinn) kann að eignast í löndum þessum vegna útfluttra

1952 Nr. 104 27. des.

afurða, allt að 50 millj. króna. Ábyrgðin nær einnig til yfirdrátta á viðskiptareikningi Landsbankans í sömu löndum.

■ **2. gr.** Viðskiptamálaráðherra setur skilyrði, eftir því sem nauðsynlegt þykir, um notkun ábyrgðarinnar.

1978 Nr. 56 16. maí

## Lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

### I. kafli. Markmið og gildissvið laganna.

■ **1. gr.** Lög þessi hafa það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og sanngjarnri skiptingu þjóðartekna með því að:

a. vinna gegn ósanngjörnu verði og viðskiptaháttum,

b. vinna gegn óréttmætum viðskipta- og samkeppnisháttum svo og samkeppnishömlum, sem hafa í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild.

■ **2. gr.** Lög þessi taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar, þjónustu o. s. frv., án tillits til þess, hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

□ Lögin taka ekki til launa og starfskjara fyrir vinnu í annarra þjónustu né til húsaleigu. Ákvæði laga þessara um verðlag og samkeppnishömlur ná hvorki til útflutnings né til verðlagningar, sem ákveðin er með sérstökum lögum.

### II. kafli. Stjórnsýsla.

■ **3. gr.** Framkvæmd þessara laga skal vera í höndum verðlagsráðs, [þriggja manna nefndar][1] og verðlagsstofnunar.

□ Í verðlagsráði eru níu menn. Viðskiptaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar og auk þess sex menn, tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Verslunarráðs Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Hæstiréttur Íslands skipar tvo menn í verðlagsráð. Skulu þeir vera óháðir fyrirtækjum og samtökum þeirra, sem lög þessi taka til, og hafa þekkingu á viðskipta- og neytendamálum og kunnáttu í lögfræði eða hagfræði.

□ [Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 2. mgr. greinar þessarar. Heimilt er ráðherra að skipa 1. og 2. varamann í ráðið samkvæmt ósk þeirra aðila sem tilnefna menn í ráðið skv. 1. mgr.[2] Taka varamenn þá sæti í ráðinu í þeirri röð. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn.][3]

□ [Verðlagsstjóri er formaður þriggja manna nefndar. Viðskiptaráðherra skipar aðra nefndarmenn, annan skv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og hinn skv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og skulu þeir ekki eiga sæti í verðlagsráði.

□ Varaformaður þriggja manna nefndar er varaverðlagsstjóri. Aðrir varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 4. mgr. greinar þessarar. Nefndarmenn skulu skipaðir til sama tíma og verðlagsráðsmenn.][4]

□ Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar og skal viðskiptaráðherra þá skipa í þess stað án tilnefningar.

[1] *L. 52/1982, 1. gr. A.* [2] *Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera 2. mgr.* [3] *L. 6/1989, 1. gr.* [4] *L. 52/1982, 1. gr. B.*

■ **4. gr.** [Verðlagsráð getur fjallað um öll þau mál er lög þessi taka til og er ákvörðunarvald skv. lögunum í höndum ráðsins. Þriggja manna nefndin undirbýr mál sem lögð skulu fyrir verðlagsráð. Nefndinni er jafnframt heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál sem þurfa skjótrar úrlausnar við, enda samþykki allir nefndarmenn þær ákvarðanir. Ef slíkar ákvarðanir hljóta eigi samþykki verðlagsráðs á næsta fundi ráðsins falla þær sjálfkrafa úr gildi. Verðlagsráð getur að meira eða minna leyti falið þriggja manna nefndinni og verðlagsstofnun ákvörðunarvald sitt eftir afmörkuðum reglum, sem ráðið setur.][1]

□ Enginn maður í verðlagsráði má taka þátt í úrlausn máls, sem beinlínis varðar fyrirtæki, þar sem hann hefur persónulegra hagsmuna að gæta. Ráðið úrskurðar, hvort ráðsmaður sé vanhæfur til þess að taka þátt í meðferð máls.

□ Verðlagsráð getur ákveðið, að aðilar, sem fara með verðákvarðanir samkvæmt sérstökum lögum, sbr. 2. málsgr. 2. gr., tilkynni því verðákvarðanir sínar.

[1] *L. 52/1982, 2. gr.*

■ **5. gr.** Verðlagsstofnun annast dagleg störf verðlagsráðs. Viðskiptaráðherra skipar verðlagsstjóra, sem veitir stofnuninni forstöðu. Verðlagsstjóri eða staðgengill hans skal sitja fundi verðlagsráðs án atkvæðisréttar.

□ Verðlagsstofnun getur kvatt til sérstaka kunnáttumenn að svo miklu leyti sem það þykir nauðsynlegt.

□ Starfsmenn verðlagsstofnunar mega eigi hafa hagsmuna að gæta í þeim málum, sem stofnunin fjallar um. Sama gildir um þá sérstöku kunnáttumenn, sem stofnunin kallar til, í þeim málum, sem þeir fjalla um.

□ Við verðlagsstofnun skal starfa sérstök deild, neytendamáladeild, er annast framkvæmd V. kafla laga þessara.

■ **6. gr.** Verðlagsstofnun getur krafist allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sinnar og kvatt á sinn fund menn til munnlegrar skýrslugjafar. Enn fremur hefur verðlagsstofnun rétt til að kanna reikninga og bókhald svo og að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir.

□ Verðlagsstofnun getur í starfi sínu krafist skýrslna frá öðrum stjórnvöldum, þ. á m. frá skattyfirvöldum svo og tollyfirvöldum.

■ **7. gr.** Við lausn efnahagsmála er ríkisstjórninni heimilt að beita þeim aðgerðum, er greinir í 3. tölulið 2. málsgr. 8. gr. laga þessara, sem þætti í þeirri lausn. Skal ríkisstjórnin áður leita álits verðlagsráðs um slíkar aðgerðir. Jafnframt getur ríkisstjórnin þá falið verðlagsstofnuninni að annast nauðsynlegt eftirlit með ákvörðunum sínum.

### III. kafli. Verðákvarðanir.

■ **8. gr.** [Þær samþykktir um hámarkssálagningu, hámarksverð og aðra verðlagningu, sem í gildi eru þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu gilda áfram. Verðlagsráð getur tekið ákvarðanir um breytingar á þessum samþykktum og þegar samkeppni er að mati ráðsins nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag, getur það fellt verðlagningu á vöru og þjónustu undan verðlagsákvæðum.

□ Nú hafa verðlagsákvæði verið afnumin og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir. Nú er samkeppni takmörkuð

1978 Nr. 56 16. maí

að mati verðlagsráðs á sviði þar sem verðlagning er ekki undir verðlagsákvæðum, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, og getur þá ráðið ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki sem um ræðir í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Setningu annarra reglna um verðlagningu og viðskiptakjör sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.][1)]

[1)] *L. 52/1982, 4. gr.*

■ **9. gr.** Þegar verðlagsákvörðunum er beitt er sala milli heildverslana innbyrðis og smávöruverslana innbyrðis (keðjuverslun) bönnuð, nema slík verslun sé gerð án álagningar eða með sanngjarnri álagningu að mati verðlagsráðs.

■ **10. gr.** Þegar ákvæði eru sett samkvæmt 8. gr., skal áður að því gætt, hvort önnur tiltæk ráð henti betur gagnvart þeim samkeppnishömlum, sem um er fjallað, sbr. 13. og 19. gr.

□ Ákvæði samkvæmt 1., 2. og 4. tl. 2. mgr. 8. gr. skulu í tilvikum, sem ekki falla undir IV. kafla, gilda takmarkað tímabil í senn, eftir því sem kostur er.

■ **11. gr.** Verðlagsstofnun getur í samráði við fyrirtæki eða samtök þeirra sett reglur um verðjöfnun í því skyni að tryggja stöðugt verð. Reglur þessar skulu lagðar fyrir verðlagsráð til staðfestingar.

■ **12. gr.** [Verðákvarðanir samkvæmt 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.][1)]

[1)] *L. 13/1979, 60. gr.*

■ **13. gr.** [Verðlagsstofnun skal í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð, verðmyndun og verðþróun á einstökum vöru- og þjónustuflokkum og gera samanburðarkannanir á verði milli seljenda.

□ Skal stofnunin rannsaka sérstaklega verðmyndun og verðþróun í þeim þjónustugreinum þar sem verðlagning er frjáls en þjónustan seld skv. samræmdri, leiðbeinandi verðskrá.

□ Verðlagsstofnun skal birta opinberlega greinargerðir og fréttatilkynningar um framangreindar kannanir á þann veg að þær séu öllum aðgengilegar, svo og að upplýsa helstu breytingar á hinu opinbera verðmyndunarkerfi.][1)]

[1)] *L. 33/1984, 1. gr.*

**IV. kafli. Markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur.**

■ **14. gr.** Í því skyni að stuðla að þeim markmiðum, sem greinir í 1. gr., hefur verðlagsstofnun eftirlit með fyrirtækjum, sem eru ráðandi á markaðnum, og ákvörðunum, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Eftirlitið tekur og til samninga og samþykkta um samkeppnishömlur.

□ Tilkynna skal til verðlagsstofnunar, samkvæmt kröfu [verðlagsráðs ],[1)] sbr. 4. gr., markaðsráðandi fyrirtæki og ákvarðanir, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um helstu eigendur fyrirtækisins, hvaða vörur eða þjónustu fyrirtækið framleiðir eða selur, svo og verðákvarðanir fyrirtækisins, viðskiptaskilmála og ákvarðanir um samkeppnishömlur.

□ Samninga og samþykktir um samkeppnishömlur, er varða framleiðslu, sölu eða flutninga, skal tilkynna verðlagsstofnun eftir kröfu [verðlagsráðs].[1)] Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er þó óheimilt, sbr. 21. – 23. gr.

□ Í tilkynningu skal greina samninginn eða samþykktina orðrétt, nöfn og heimilisföng á þeim fyrirtækjum, sem samningurinn eða samþykktin nær til, svo og verð, afslátt, aðra viðskiptaskilmála og samkeppnishömlur, sem kveðið er á um í samningnum eða samþykktinni.

□ Breytingar á því, sem tilkynnt hefur verið, skal tilkynna, áður en þær ganga í gildi.

[1)] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

■ **15. gr.** Samningar og samþykktir, sem tilkynningarskyldar eru, sbr. 3. mgr. 14. gr., eru ógildar og njóta ekki verndar fyrir dómstólum, nema tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt.

■ **16. gr.** Verðlagsstofnun heldur skrá yfir tilkynningar, sem henni berast samkvæmt ákvæðum 14. gr., og skal sjá um, að tilkynningar, ásamt fylgiskjölum, séu aðgengilegar öllum þeim, sem óska að kynna sér þær.

□ [Verðlagsráð][1)] getur ákveðið, að farið sé með tilkynningar og fylgiskjöl að öllu eða nokkru leyti sem trúnaðarmál, og gerir verðlagsstjóri nauðsynlegar ráðstafanir til að þeirri ákvörðun sé framfylgt.

[1)] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

■ **17. gr.** Nánari ákvæði um tilkynningarskyldu og gögn þau, sem fylgja skulu tilkynningu, fresti til tilkynningar, samkvæmt 14. gr. skal setja í reglugerð.

■ **18. gr.** [Verðlagsráð getur ákveðið að verði og álagningu, sem ákveðin hefur verið af markaðsráðandi fyrirtækjum eða með samningum eða samþykktum, megi ekki breyta án leyfis ráðsins.][1)]

[1)] *L. 52/1982, 3. gr. C.*

■ **19. gr.** Verðlagsstofnun skal sjá um, að reglum um tilkynningu samkvæmt 14. gr. og reglugerð samkvæmt 17. gr. sé fylgt. Enn fremur skal verðlagsstofnun kanna áhrif samkeppnishamla.

□ Skýrslur stofnunarinnar um samkeppnishætti skal leggja fyrir [verðlagsráð].[1)]

□ Nú telur [verðlagsráð][1)] að samkeppnishömlur hafi skaðleg áhrif, og skal hún þá fela verðlagsstofnun að reyna með samningum að binda enda á þau.

□ Nú reynist eigi unnt að taka fyrir hin skaðlegu áhrif með samningum og gefur þá [verðlagsráð][1)] nauðsynleg fyrirmæli. Slík fyrirmæli mega taka yfir bæði breytingar og ógildingu að nokkru eða öllu leyti á samningum, samþykktum eða ákvörðunum. [Reynist samkeppni þá enn ófullnægjandi getur verðlagsráð beitt ákvæðum 8. gr.][2)]

□ Í fyrirmælum, sem gefin eru samkvæmt 4. mgr., skal tilgreina frá hvaða tíma þau skulu gilda.

[1)] *L. 52/1982, 3. gr. A.* [2)] *L. 52/1982, 3. gr. D.*

■ **20. gr.** Samkeppnishömlur teljast skaðlegar, þegar þær hafa ósanngjörn áhrif á verðmyndun og atvinnustarfsemi eða koma í veg fyrir bestu hagnýtingu í framleiðslu, vörudreifingu og þjónustu.

□ Skaðleg áhrif geta verið fólgin í ósanngjörnu verði,

álagningu eða viðskiptaskilmálum, ósanngjarnri takmörkun á frelsi til atvinnurekstrar eða ósanngjörnum mismun í viðskiptakjörum.

☐ Mat á því, hvort verð og álagning sé ósanngjörn, skal byggt á ákvæðum 12. gr.

■ **21. gr.** Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er óheimilt, þegar verðlagning er frjáls. ...[1)]

[1)] *L. 52/1982, 3. gr. E.*

■ **22. gr.** Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja við gerð tilboða er óheimilt.

■ **23. gr.** Óheimilt er að ákveða, samþykkja eða semja um ófrávíkjanlegt lágmarksverð (brúttóverð) eða álagningu, er gilda skuli við endursölu á næsta sölustigi.

■ **24. gr.** [Verðlagsráð][1)] getur veitt undanþágu frá ákvæðum 21. – 23. gr. Undanþágur má veita, ef samningar, samþykktir eða ákvarðanir, sem um ræðir í 21. – 23. gr., eru talin nauðsynleg:

a. til að viðhalda samvinnu milli fyrirtækja, sem talin er leiða til lækkunar á kostnaði eða aukinna gæða framleiðsluvara eða stuðla að æskilegri hagræðingu,

b. til að vernda fyrirtæki gegn óæskilegum eða þjóðfélagslega skaðlegum samkeppnisháttum,

c. vegna sérstakra ástæðna, er samræmast þjóðarhagsmunum.

☐ Umsóknir um undanþágur samkvæmt grein þessari skulu vera skriflegar.

[1)] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

■ **25. gr.** [Verðlagsráð][1)] getur skyldað fyrirtæki til að selja nánar tilgreinda vöru eða þjónustu, ef synjun um sölu telst skaðleg fyrir samkeppnishætti, sbr. 20. gr. Sala gegn óvenjulegum skilmálum jafngildir synjun. Synjun telst óréttmæt, þegar slík viðskipti eru venjulega opin svipuðum fyrirtækjum og kaupendur treysta á framboð viðkomandi fyrirtækis, þar sem ekki er kostur á öðrum fullnægjandi og hagkvæmum viðskiptum og kaupandi er reiðubúinn og getur mætt öllum venjulegum skilmálum um greiðslu og magn.

☐ Áður en fyrirmæli um söluskyldu eru gefin út, skal verðlagsstofnun athuga nánar málsatvik með tilliti til, hvort seljandinn hafi hlutlæg og sanngjörn rök fyrir synjun sinni.

☐ Komist [verðlagsráð][1)] að þeirri niðurstöðu, að um sé að ræða skaðleg áhrif á samkeppnishætti, skal fyrst reyna í samráði við málsaðila að binda enda á sölusynjunina. Takist það ekki, skal [verðlagsráð][1)] gefa út fyrirmæli um, að innan nánar tilgreinds tíma skuli sala gegn venjulegum skilmálum fara fram. Seljandi getur þó alltaf krafist staðgreiðslu eða tryggingar fyrir greiðslu.

[1)] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

## V. kafli. Óréttmætir viðskiptahættir og neytendavernd.

■ **26. gr.** Í atvinnustarfsemi, sbr. 2. gr., er óheimilt að hafast nokkuð það að, sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti, sem tíðkaðir eru í slíkri starfsemi, eða er óhæfilegt gagnvart neytendum.

■ **27. gr.** Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum, sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess, sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi, sem lög þessi taka til, sbr. 2. gr.

☐ Nú eru upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir óhæfilegar gagnvart öðrum atvinnurekendum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess, að skírskotað er til óviðkomandi mála og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

☐ Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um félög og samtök, sem vinna að hagsmunum atvinnurekenda og neytenda.

■ **28. gr.** Nú er vara, þjónusta eða annað það, sem í té er látið og lög þessi taka til, þannig úr garði gert, að leiðbeiningar er þörf við mat á eiginleikum þess, t. d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu, sem af vöru eða öðru getur stafað, og ber þá að veita fullnægjandi leiðbeiningar, þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu. Leiðbeiningarnar skulu miðaðar við tegund og gerð viðkomandi vöru, þjónustu eða annars þess, sem í té er látið.

■ **29. gr.** Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa, að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda betri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

■ **30. gr.** Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt, sem sá hefur ekki rétt til, er notar eða rekur atvinnu undir nafni, sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt, að leitt geti til þess, að villst verði á því og öðru einkenni, sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

■ **31. gr.** Óheimilt er við framboð vara, þjónustu eða annars þess, sem látið er í té og lög þessi taka til, að bjóða neytendum kaupbæti eða eitthvað það, sem jafna má til kaupbætis, nema verðmæti það, sem í kaupbætinum felst, sé óverulegt. Auglýsingar um kaupbæti, sem óheimill er samkvæmt ákvæðum 1. málsl., eru bannaðar.

☐ Greiðsla, sem að öllu leyti er sömu tegundar og aðalgreiðslan, telst ekki kaupbætir.

■ **32. gr.** Óheimilt er að bjóða neytendum annað en peninga gegn afhendingu merkis eða annars skilríkis, sem afhent er við sölu vöru eða þjónustu.

☐ Nú veitir merki eða skilríki aðeins rétt til eftirlits, viðgerðar eða því um líks á hinu selda og eiga þá ákvæði 1. mgr. ekki við.

■ **33. gr.** Óheimilt er í því skyni að örva sölu á vöru, þjónustu eða öðru því, sem í té er látið og lög þessi taka til, að úthluta vinningum með hlutkesti, í formi verðlaunasamkeppni eða á annan hliðstæðan hátt, þar sem tilviljun ræður að öllu leyti eða að hluta, hver niðurstaðan verður.

☐ Útgefendum blaða og tímarita er þó heimilt að úthluta vinningum með hlutkesti í sambandi við lausn verðlaunasamkeppni.

■ **34. gr.** Í atvinnustarfsemi, sbr. 2. gr., er óheimilt að hafa áhrif á starfsmann annars eða þann, sem kemur fram á hans vegum, með gjöfum eða öðrum hlunnindum eða loforðum um slíkt, sé það gert án vitundar hins síðastnefnda og í þeim tilgangi að afla gefandanum eða öðrum forréttinda í viðskiptum eða hlunninda fram yfir aðra, enda sé gjöfin eða hlunnindin fallin til þess.

☐ Nú eru gjafir gefnar eða hlunnindi veitt, eftir að

brotið hefur verið gegn starfsskyldum á þann hátt, sem greinir í 1. mgr., og eiga þá ákvæði 1. mgr. við, ef telja verður ávinninginn óhæfilega umbun.

■ **35. gr.** Óheimilt er í atvinnustarfsemi, er lög þessi taka til, að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

□ Sá, sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því, að starfi er lokið eða samningi slitið.

□ Þeim, sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum eða þess háttar, er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

□ Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt, að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1. – 3. mgr. greinar þessarar, og er atvinnurekendum þá óheimilt að færa sér það í nyt.

■ **36. gr.** Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna, að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

□ Þess skal gætt, að greinilegt sé með verðmerkingum, hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

■ **37. gr.** Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur, sem merktar eru sjálfar, eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

□ Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess, sem í té er látið og lög þessi taka til, er óheimilt að nota í heimildarleysi íslenska ríkisskjaldarmerkið og skjaldarmerki íslenskra sveitarfélaga svo og erlend ríkisskjaldarmerki.

□ Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna, ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum, skjaldarmerki íslenska ríkisins eða öðrum hliðstæðum, þjóðlegum auðkennum eða skírskotað til þeirra á annan hátt.

■ **38. gr.** [Verðlagsráð][1] getur bannað athafnir, sem brjóta í bága við ákvæði 26. og 27. gr. Banni má fylgja ákvörðun um févíti, sem kemur til framkvæmda, ef bannið er brotið. Févíti má innheimta með lögtaki.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

■ **39. gr.** Verk, sem felur í sér brot á banni að viðlögðu févíti, varðar ekki refsingu eftir lögum þessum.

■ **40. gr.** Bann samkvæmt 38. gr. skal tekið til meðferðar eftir umsókn verðlagsstofnunar. Ákveði verðlagsstofnun í ákveðnu tilfelli að sækja ekki um bann, getur sá gert það, sem hefur á boðstólum vörur, þjónustu eða annað, sem í té er látið og lög þessi taka til, og málið snertir eða samtök þeirra, sem það hafa, samtök neytenda og launþega.

■ **41. gr.** Ákvörðun um bann samkvæmt þessum kafla er því ekki til fyrirstöðu, að sama mál sé tekið til meðferðar á ný, þegar breyttar aðstæður eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til þess.

■ **42. gr.** Við sérstakar aðstæður má leggja á bann til bráðabirgða, sem gildir til þess tíma, er endanleg ákvörðun liggur fyrir. Endanlega ákvörðun verður að taka innan sex vikna frá því að bann til bráðabirgða var lagt á.

1978 Nr. 56 16. maí

■ **43. gr.** Máli um bann við athöfn, er brýtur í bága við ákvæði 26. – 27. gr., getur verðlagsstofnun lokið með sátt, ef það er ekki mikilvægt.

□ Sáttin felst í því, að fyrir þann, sem talinn er hafa unnið verk, sem fellur undir 26. eða 27. gr., eru til samþykktar strax eða innan ákveðins tíma lögð fyrirmæli um bann að viðlögðu févíti við að halda verknaðinum áfram eða framkvæma annan slíkan verknað.

□ Nú hefur sátt komist á og gildir hún þá sem bann samkvæmt ákvörðun [verðlagsráðs][1] samkvæmt 38. gr. Viðurkenning, sem gerð er eftir að sá tími er liðinn, sem til þess var settur í sáttaboðinu, hefur þá ekkert gildi.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

■ **44. gr.** Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessa kafla.

**VI. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **45. gr.** Verðlagsstofnun setur reglur um verðmerkingar og verðskrár og getur ákveðið, að tilteknar vörur skuli bjóða til sölu í nánar tilgreindum einingum. Enn fremur getur verðlagsstofnun sett reglur um verðupplýsingar á vörur, sem seldar eru gegn afborgun. Þessar reglur geta bæði tekið til auglýsinga og verðmerkingar í verslunum.

□ Verðlagsstofnun getur sett reglur um sölureikninga og önnur gögn um verðlagningu.

□ [Þeim aðilum, sem flytja inn vörur til endursölu, er skylt að senda verðlagsstofnun verðútreikninga yfir þær vörur sem þeir flytja inn og skulu útreikningar hafa borist stofnuninni eigi síðar en 15 dögum eftir að vara er tollafgreidd. Verðlagsstofnun getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar mgr.

□ Óheimilt er að hefja sölu á vöru, sem er háð verðlagsákvæðum, fyrr en söluverð hennar hefur verið staðfest af verðlagsstofnun. Einnig er óheimilt að hefja sölu á öðrum vörum fyrr en verðútreikningur er kominn til verðlagsstofnunar.][1]

[1] *L. 52/1982, 5. gr. A.*

■ **46. gr.** Hafi fyrirtæki hagnast af aðgerðum, sem brjóta í bága við ákvarðanir verðlagsráðs ...[1] eða verðlagsstofnunar, getur verðlagsráð ákveðið, að hagnaður umfram þann, sem til var ætlast, komi til frádráttar við ákvörðun verðs eða álagningar síðar.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. B.*

**VII. kafli. Meðferð og áfrýjun mála.**

■ **47. gr.** Verðlagsstofnun skal eftir því, sem kostur er, ráðgast við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra, áður en ákvarðanir eru teknar varðandi verð, samkeppnishömlur eða óréttmæta viðskiptahætti.

□ Nefndir aðilar og samtök þeirra geta lagt skriflegar greinargerðir fyrir verðlagsráð ...[1] Greinargerðum skal skilað til verðlagsstofnunar innan þess frests, sem hún ákveður.

□ Ákvarðanir skulu tilkynntar hlutaðeigandi aðilum skriflega.

□ Fundir verðlagsráðs ...[1] skulu haldnir fyrir luktum dyrum.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. B.*

■ **48. gr.** Nú vill aðili ekki una ákvörðun [verðlags-

**1978** Nr. 56 16. maí

ráðs][1] og getur hann þá borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan 6 mánaða frá því, að aðili fékk vitneskju um ákvörðun. Málshöfðun frestar ekki gildistöku ákvörðunar.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

■ **49. gr.** [Hver sá, sem vanrækir að láta verðlagsstofnun í té umbeðnar og nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laga þessara, skal sæta viðurlögum skv. 52. gr.][1]

□ ...[1]

[1] *L. 6/1989, 2. gr.*

■ **50. gr.** Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að skýra óviðkomandi aðilum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

**VIII. kafli. Birting.**

■ **51. gr.** Þær ákvarðanir verðlagsráðs, [þriggja manna nefndar][1] og verðlagsstofnunar, sem almenning varða, svo og athuganir samkvæmt ákvæðum 13. gr. skulu birtar á þann hátt, sem ákveða skal með reglugerð. Enn fremur skal birta yfirlit um tilkynningar þær, sem verðlagsstofnun berast samkvæmt 14. gr.

□ Áður en niðurstöður athugana samkvæmt ákvæðum 13. gr. eru birtar, skulu þær kynntar samtökum hlutaðeigandi aðila.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

**IX. kafli. Refsiákvæði, gildistaka o. fl.**

■ **52. gr.** Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað má beita varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Heimilt er að beita sektum jafnframt refsivist eftir því sem við á samkvæmt 49. gr. almennra hegningarlaga.

□ Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt XV. kafla almennra hegningarlaga.

□ Svipta má sökunaut rétti til að stunda starfsemi, er opinbert leyfi eða löggildingu þarf til, um tiltekinn tíma allt að 5 árum eða ævilangt.

□ Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil.

■ **53. gr.** Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

□ Um kvaðningu sérfróðra meðdómenda gilda almennar reglur.

□ Hraða skal eftir föngum meðferð mála vegna brota á lögum þessum. Héraðsdómarar skulu án tafar tilkynna verðlagsstofnuninni málalok samkvæmt 112. – 114. gr. laga um meðferð opinberra mála.

□ Það skal talið fullframið brot gegn ákvæðum um hámarksverð eða hámarksálagningu, ef vara hefur verið verðmerkt og jafnframt boðin til sölu í neytendaumbúðum með hærra verði en magn hennar heimilar, þótt ekki sé sönnuð sala hennar.

□ [Það skal talið fullframið brot gegn ákvæðum 4. mgr. 45. gr. um skil á verðútreikningum til verðlagsstofnunar, ef liðnir eru 15 dagar frá tollafgreiðslu vara, sem skylt er að skila verðútreikningum fyrir, og skyldunni hefur ekki verið fullnægt.][1]

[1] *L. 52/1982, 5. gr. B.*

■ **54. gr.** Lög þessi skulu öðlast gildi [1. nóvember 1979],[1] og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði: **1978** Nr. 56 16. maí

a. Lög nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál, með síðari breytingum.

b. Lög nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum.

c. 10. gr. laga nr. 13 23. maí 1975, um launajöfnunarbætur o. fl.

d. Lög nr. 77 14. nóvember 1917, um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

e. Lög nr. 30 9. janúar 1935, um heimild til handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.

f. Lög nr. 11 27. júní 1921, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda o. fl.

g. Lög nr. 70 12. júní 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði.

h. Lög nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

i. Önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

□ ...[2]

[1] *L. 102/1978, 1. gr.* [2] *L. 36/1987, 8. gr.*

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu halda gildi sínu áfram, þar til verðlagsráð hefur tekið afstöðu til þeirra.

■ [**II.** Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. skal verðlagning á orku frá orkuvinnslufyrirtækjum og dreifiveitum falla undir ákvæði laga þessara á tímabilinu frá 1. mars 1989 til 1. september 1989.][1]

[1] *L. 6/1989, 3. gr.*

## Lög um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl. **1975** Nr. 13 23. maí

...

■ **9. gr.** Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið skulu niðurgreiðslur vöruverðs úr ríkissjóði ekki vera lægri en þær eru við gildistöku laga þessara.

## Lög um stjórn efnahagsmála o. fl.[1] **1979** Nr. 13 10. apríl

[1] *Rg. 405/1979, sbr. 534/1980.*

...

**X. kafli. Um verðlagsmál.**

■ **57. gr.** Skrifstofa verðlagsstjóra (Verðlagsstofnunin) skal í því skyni að örva verðskyn neytenda efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birta greinargerðir og fréttatilkynningar þar um. Í þessu efni skal taka upp samstarf við samtök neytenda og launafólks, m. a. um eftirlit og skýrslugjöf.

■ **58. gr.** Skrifstofa verðlagsstjóra (Verðlagsstofnunin) skal gera reglulega athuganir á innflutningsvöruverði og bera það saman við verð í öðrum löndum eftir því sem kostur er og birta niðurstöður slíkra athugana almenningi.

**1979** Nr. 13 10. apríl

■ **65. gr.** ... Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ... X. kafla.

■ **66. gr.** Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

**1966** Nr. 74 13. maí

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja.

□ Samningur þessi er prentaður á íslenzku og ensku sem fylgiskjal með lögum þessum.

■ **2. gr.** Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur verið undirritaður af Íslands hálfu skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.[1)]

[1)] *Sjá Stjtíð. A 1966, bls. 155 – 184.*

**1973** Nr. 62 30. apríl

## Lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

■ **1. gr.** Framkvæma skal jöfnun á flutningskostnaði sements, þannig að kostnaðarverð í vöruskemmu á hverri sementstegund frá hverjum innlendum framleiðanda eða innflutningsaðila verði hið sama á öllum verzlunarstöðum, sem jöfnun þessi nær til. Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til allra verzlunarstaða á landinu, sem jafnframt eru aðaltollhafnir.[1)] Heimilt er viðskiptaráðherra að ákveða með reglugerð,[2)] að jöfnun þessi á flutningskostnaði skuli einnig ná til annarra tilgreindra verzlunarstaða.

[1)] *Sjá l. 55/1987, 28. gr.* [2)] *Rg. 272/1982.*

■ **2. gr.** Leggja skal flutningsjöfnunargjald á allt sement, sem framleitt er í landinu eða flutt er til landsins. Gjald þetta ákveður viðskiptaráðuneytið fyrir allt að eitt ár í senn, og skal upphæð þess við það miðuð, að tekjur af því nægi til að greiða flutningskostnað á því sementi, sem flytja þarf frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til þeirra verzlunarstaða, sem jöfnun flutningskostnaðarins nær til, þannig að fullnægt verði þaðan eftirspurn eftir sementi, hvar sem er á landinu.

□ Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar annars staðar á landinu innheimtuna, og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

■ **3. gr.** Tekjur af flutningsjöfnunargjaldi samkvæmt 2. gr. skal leggja í sérstakan sjóð, flutningsjöfnunarsjóð sements. Úr sjóðnum skal greiða flutningskostnað á sementi frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til annarra verzlunarstaða, sem jöfnun flutningskostnaðar nær til í samræmi við ákvæði 1. gr.

□ Fé það, sem á hverjum tíma er í flutningsjöfnunarsjóði, skal ávaxta í banka á sérstökum reikningi.

■ **4. gr.** Nú verður tekjuafgangur á flutningsjöfnunarsjóði í árslok, og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir gjöldum samkv. 3. gr., skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

■ **5. gr.** Viðskiptaráðherra skipar til 4 ára í senn flutningsjöfnunarsjóði 3 manna stjórn, 1 eftir tilnefningu Sementsverksmiðju ríkisins, 2 án tilnefningar og skal annar þeirra jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar. Stjórnin skal annast framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn viðskiptaráðherra, sem jafnframt sker úr ágreiningsatriðum, er upp kunna að koma.

**1973** Nr. 62 30. apríl

■ **6. gr.** Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs úrskurðar, hvað teljast skuli flutningskostnaður, sbr. ákvæði 1. málsl. 1. greinar. Er stjórninni meðal annars heimilt að ákveða, að jöfnun flutningskostnaðar milli tiltekinna verzlunarstaða skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum, sem ódýrastir eru á hverjum tíma. Sömuleiðis skal henni heimilt að synja um greiðslu tiltekins kostnaðar úr sjóðnum að hluta eða að fullu, ef sýnist um að ræða misnotkun á jöfnunarkerfinu í tilteknum viðskiptum.

□ Heimilt er viðskiptaráðuneytinu að fella niður flutningsjöfnunargjald á sementi, sem flutt er til landsins eða framleitt er innanlands og notað er til byggingar orkuvera eða annarra meiriháttar framkvæmda. Flutningsjöfnunarsjóður greiðir þá ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.

**1985** Nr. 81 4. júlí

## Lög um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns.

■ **1. gr.** Greiða skal flutningsjöfnunargjald af öllu seldu magni af gasolíu, svartolíu, ljósaolíu, bifreiðabensíni, flugvélabensíni og flugsteinolíu, þó ekki flugvélabensíni og flugsteinolíu sem ætluð er til nota í utanlandsflugi. Gjald þetta ákveður verðlagsráð fyrir þrjá mánuði í senn. Verði upphæð þess miðuð við það að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af ofangreindum olíuvörum sem þarf að flytja frá innflutningsstöðum til útsölustaða svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þessum vörum hvar sem er á landinu. Gjaldið skal greiða í flutningsjöfnunarsjóð eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

■ **2. gr.** Flutningsjöfnunarsjóður skal myndaður með flutningsjöfnunargjaldinu sem um ræðir í 1. gr.

□ Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum, sem sitja tvö ár í senn, verðlagsstjóra, einum manni sem viðskiptaráðherra skipar án tilnefningar og einum manni sem ráðherrann skipar samkvæmt tilnefningu olíuinnflytjenda. Verðlagsstjóri er formaður stjórnarinnar.

□ Fé sjóðsins skal ávaxta í banka á sérstökum reikningi. Nú verður tekjuafgangur á flutningsjöfnunarsjóði í árslok og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir gjöldum skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

□ Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs er heimilt að ákveða að í sjóðnum skuli vera sérdeild fyrir útgerð.

■ **3. gr.** Flutningsjöfnunarsjóði skal varið til að endurgreiða þeim aðilum, er annast dreifingu á olíuvörum þeim sem um getur í 1. gr., flutningskostnað þeirra en hann skal samþykktur af verðlagsráði. Verðlagsstofnun annast þessar greiðslur eftir reglum sem stjórn sjóðsins setur. Heimilt er að ákveða tímabundna greiðslu úr flutningsjöfnunarsjóði til reksturs innflutningsstöðva sem reistar kunna að verða utan Faxaflóasvæðisins ef ætla má að flutningur á olíuvörum á viðkomandi svæði verði ódýrari með því.

■ **4. gr.** Söluverð á ofangreindum olíuvörum skal vera hið sama til sömu nota hjá hverjum innflytjanda og útsölumönnum hans hvar sem er á landinu.

**1985** Nr. 81 4. júlí

■ **5. gr.** Allur kostnaður af starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs greiðist af eigin fé og skal tekið tillit til þessa kostnaðar við ákvörðun flutningsjöfnunargjaldsins.

■ **6. gr.** Sérstakur innkaupajöfnunarreikningur skal haldinn af sérhverjum innflytjanda sem starfar við endursölu á bifreiðabensíni, gasolíu, svartolíu eða öðrum olíutegundum eftir nánari ákvörðun Verðlagsstofnunar. Undanþegið innkaupajöfnun er flugbensín og flugsteinolía ásamt öðrum olíutegundum sem eru seldar úr landi til erlendra aðila.

■ **7. gr.** Innflytjandi olíu skal halda aðskilinn reikning yfir innkaupajöfnun hverrar olíutegundar. Hann skal tilkynna Verðlagsstofnun breytingar á jöfnunarverði og gildistöku þess með nánar tilteknum fyrirvara sem stofnunin setur. Verðlagsstofnun skal setja innflytjendum samræmdar reglur um framkvæmd innkaupajöfnunar á hverjum tíma.

■ **8. gr.** Innkaupajöfnun nær til kostnaðarverðs olíu sem komin er í geyma í innflutningshöfn hjá innflytjanda.

□ Jöfnunarverð hverrar olíutegundar er kostnaðarverð olíunnar að viðbættum jákvæðum eða neikvæðum mismun sem jafna skal kostnaðarverð milli einstakra farma eða hluta úr förmum. Staða innkaupajöfnunarreiknings er því uppsöfnun á jákvæðum eða neikvæðum mismun á kostnaðarverði og jöfnunarverði olíu á hverjum tíma.

■ **9. gr.** Verðlagsráð eða Verðlagsstofnun skal samþykkja sérstakan innkaupahvata í kostnaðarverði hjá þeim innflytjanda sem hagstæð olíuinnkaup gerir á hverjum tíma.

□ Ákveðinn hluti hagstæðra olíuinnkaupa skal þó ávallt renna til neytenda í formi lægra kostnaðarverðs samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs eða Verðlagsstofnunar hverju sinni.

■ **10. gr.** Verðlagning á olíuvörum skal að öðru leyti vera samkvæmt lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. l. nr. 13/1979, l. nr. 52/1982 og l. nr. 33/1984.

■ **11. gr.** Viðskiptaráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

■ **12. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olíu og bensíni, með síðari breytingum.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Flutningsjöfnunarsjóður tekur við réttindum og skuldbindingum verðjöfnunarsjóðs fyrir olíu og bensín.

□ Sameiginlegum innkaupajöfnunarreikningi Olíufélagsins hf., Olíufélagsins Skeljungs hf. og Olíuverslunar Íslands hf. á bensíni, gasolíu og svartolíu hjá Verðlagsstofnun skal skipt niður á hvert olíufélag þann 1. janúar 1986 samkvæmt ákvörðun Verðlagsstofnunar.

□ Verðlagsráð skal stefna að því að halli sá, sem við samþykkt þessara laga er á innkaupajöfnunarreikningum olíufélaganna, verði jafnaður fyrir gildistöku laganna.

**1988** Nr. 67 20. maí

**Lög um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.**

■ **1. gr.** Óheimilt er að flytja til Íslands vörur sem upprunnar eru í Suður-Afríku ...[1]

□ Óheimilt er að flytja frá Íslandi vörur til Suður-Afríku ...[1] eða gera samning um útflutning vara frá Íslandi þegar ljóst má vera við gerð samningsins að endanlegur áfangastaður varanna er Suður-Afríka...[1]

□ [1. og 2. mgr. skulu einnig gilda um svæði sem lúta yfirráðum Suður-Afríku.][2]

[1] *L. 30/1990, 1. gr.* [2] *L. 30/1990, 2. gr.*

■ **2. gr.** Utanríkisráðherra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr. ef mannúðarástæður mæla með því.

■ **3. gr.** Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum eða allt að þriggja mánaða fangelsi þegar sakir eru miklar.

□ Með brot skal farið að hætti opinberra mála.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Lögum þessum verður ekki beitt vegna innflutnings eða útflutnings sem á sér stað fyrir 1. janúar 1989 enda hafi verið samið um slík viðskipti fyrir gildistöku þessara laga.

# IV. d. Siglingar og útgerð.

**Siglingalög.**

**1985** Nr. 34 19. júní

**I. kafli. Gildissvið laganna o. fl.**

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um öll skip sem skráð eða skráningarskyld eru á Íslandi. Þegar athafnir íslensks framkvæmdarvalds eða dómsvalds taka til erlendra skipa skal einnig beita ákvæðum laga þessara, eftir því sem við á, enda brjóti það ekki í bága við reglur þjóðaréttarins.

■ **2. gr.** Skip er óbætandi:

1. er engri viðgerð verður við komið á því,
2. er ekki verður gert við það þar sem það er eða á neinum þeim stað er það verður flutt á eða
3. er skipið er ekki talið þess virði að við það sé gert.

□ Öll þau atriði, sem eru talin í 1. mgr., skulu sönnuð með skoðunargerð dómkvaddra manna eða annarra sem að lögum eru til þess bærir.

**II. kafli. Um réttindi yfir skipum.**

■ **3. gr.** Um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu skipi, sem er 5 rúmlestir eða stærra, eða hluta slíks skips, svo og á skrásettu, skráningarskyldu skipi sem er minna en 5 rúmlestir, fer eftir þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

■ **4. gr.** Lögleg eignarhöft á skipi, sem ekki er skrásett hér á landi, halda gildi sínu ef þeirra er getið í eignarheimild og skjöl um þau eru afhent dómara til þinglýsingar innan 3 mánaða frá bráðabirgðaskráningu skipsins í íslenska skipaskrá eða frá fullnaðarskrásetningu þess ef það var ekki skrásett til bráðabirgða.

■ **5. gr.** Nú missir skip rétt til að sigla undir íslenskum fána eða er af öðrum ástæðum fellt úr skipaskrá og hefur þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft. Þó fellur

í gjalddaga skuld sem tryggð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta um leið og skipið er fellt úr skrá yfir íslensk skip.

**III. kafli. Um skipstjóra.**

■ **6. gr.** Skipstjóri annast um að skip sé haffært og að það sé vel útbúið, nægilega mannað og búið vatni og vistum til fyrirhugaðrar ferðar, auk öryggisbúnaðar eftir þeim ákvæðum í lögum og reglugerðum sem um hann gilda. Skylt er honum að annast um að skip sé vel búið til að taka við farmi og flytja hann, að skip sé ekki offermt, farmur sé vel búlkaður og lestarop tryggilega lukt miðað við þarfir og aðstæður.

□ Skylt er skipstjóra að gera allt það er hann má til að halda skipi haffæru á ferð. Nú hefur skip tekið grunn eða annað að borið svo að ætla má að skip hafi laskast og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka það þar sem því verður fyrst við komið eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um eftirlit með skipum.

□ Samgönguráðherra setur reglur um birgðir skips af lyfjum og öðrum lækningaefnum. Auk þess getur samgönguráðherra sett reglur um fermingu, flutning og affermingu efna, sem sérstök hætta stafar af, og ábyrgist skipstjóri að þeim fyrirmælum sé hlýtt. Skipstjóri ber ábyrgð á að farið sé eftir lögum og reglum um varnir gegn mengun frá skipum. Það sem hér segir um hættuleg efni og mengun nær einnig til erlendra skipa sem fara um mengunarlögsögu Íslands.

■ **7. gr.** Skipstjóri annast um að skipi sé stjórnað og með það farið í samræmi við góðar venjur og kunnáttu í siglingum og sjómennsku.

□ Skylt er skipstjóra, eftir því sem honum er unnt, að kynna sér ákvæði og fyrirmæli um siglingar er honum ber að gæta á viðkomustöðum skips eða á ferð þess.

■ **8. gr.** Skipstjóra ber að fylgjast með því að skipsbækur séu færðar eftir því sem lög og reglur mæla fyrir um. Hann hefur yfirumsjón með færslu í bækurnar og með varðveislu þeirra.

□ Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem sett hafa verið samkvæmt þeim.

■ **9. gr.** Samgönguráðherra setur reglur um skipsbækur,[1)] færslu þeirra og varðveislu, sbr. þó síðari málsgreinar þessarar greinar.

□ Hver, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, getur krafist þess að fá að kynna sér efni skipsbóka, eftir því sem við verður komið, og að fá endurrit úr þeim ef honum er nauðsyn á því. Þetta á þó ekki við hafi skip rekist á erlent skip og ekki er á samsvarandi hátt veittur aðgangur að bókum þess skips nema samgönguráðuneytið mæli fyrir á annan veg.

□ Fullnotaðar skipsbækur skulu varðveittar eigi skemur en í þrjú ár frá því síðast var fært í þær. Sé áður höfðað mál sem tengist ferðum skipsins sem viðkomandi bók varðar skal hún geymd þar til fullnaðarlausn hefur fengist á því máli.

□ Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda einnig um varðveislu færslna sjálfrita í skipi varðandi siglingu skips o. þ. h.

[1)] *Regl. 138/1986, sbr. 183/1987.*

■ **10. gr.** Skipstjóri annast um að fermingu og affermingu skips sé hraðað eftir þörfum og að ferð skips dragist ekki. Ekki má hann nauðsynjalaust víkja skipinu af réttri leið á ferð þess né tefja það á annan hátt nema honum sé rétt eða skylt að bjarga mönnum eða skipi úr sjávarháska.



■ **11. gr.** Ef skip kemst í sjávarháska er skipstjóra skylt að gera allt, sem hann má, til bjargar mönnum, skipi, farmi og öðrum fjármunum sem á skipi eru og leita sér til þess hjálpar sem nauðsyn krefur. Hann skal gæta þess að skipsbókum og skipsskjölum sé eða verði vel borgið eftir því sem aðstæður frekast leyfa. Eigi skal hann yfirgefa skip meðan enn er raunhæf von um björgun þess nema honum sé sjálfum yfirvofandi lífsháski búinn.

■ **12. gr.** Nú fer skipstjóri frá skipi og skal hann þá áður gefa hinum æðsta stýrimanni sem kostur er á eða að öðrum kosti, ef ekki næst til stýrimanns, öðrum skipverja eða skipverjum nauðsynleg fyrirmæli eða leiðbeiningar um það sem þörf er á.

□ Sé skip ekki fest í höfn eða við akkeri í tryggu lægi má skipstjóri ekki vera frá skipi nema að nauðsynjaerindum. Svo er og ávallt ef hætta er á ferðum.

□ Deyi skipstjóri eða verði hann óhæfur til skipstjórnar eða víki hann úr stöðu sinni kemur æðsti stýrimaður í hans stað þar til nýr skipstjóri tekur við skipstjórn. Útgerðarmanni skal þegar í stað tilkynnt um framangreind tilvik.

■ **13. gr.** Skipstjóri hefur til þess umboð, samkvæmt stöðu sinni og fyrir hönd útgerðarmanns, að gera samninga varðandi meðferð skips, um framkvæmd ferðar þess, um flutning farms með því eða um flutning farþega sé skip til þess búið.

□ Skipstjóri er sóknaraðili útgerðarmanns í málum sem við koma skipinu.

□ Nú er fjár vant til framkvæmdar einhvers þess sem um getur í 1. og 2. mgr. og svo háttar að eigi verður beðið ákvörðunar útgerðarmanns í því efni og skal þá skipstjóri annast útvegun fjár með hentugum hætti. Er honum þá heimilt, eftir aðstæðum, að taka fé að láni, veðsetja eða selja fjármuni útgerðarmanns og jafnvel, ef í nauðir rekur, að selja af farmi. Þó að löggerningsins hafi ekki verið þörf bindur hann allt að einu útgerðarmann ef viðsemjandi var grandlaus.

□ Skylt er skipstjóra að skýra útgerðarmanni að staðaldri frá ásigkomulagi skips og hvernig ferðinni líður, hverjir löggerningar voru gerðir og frá öllum þeim atburðum í heild sinni sem máli skipta fyrir útgerðarmann. Hann skal og leita skipana útgerðarmanns um öll mikilsverð málefni að því er hann má við koma eða þess manns er útgerðarmaður vísar til.

■ **14. gr.** Skipstjóri skal, meðan á ferð stendur, láta sér annt um farminn og gæta að öllu hagsmuna farmeiganda.

□ Skipstjóri hefur, samkvæmt stöðu sinni, umboð til að gera löggerninga og sækja mál fyrir hönd farmeiganda eftir samsvarandi reglum og segir í 52. – 54. gr. um farmflytjanda.

■ **15. gr.** Ekki ábyrgist skipstjóri með sínu fé skuldbindingar þær sem hann gerir fyrir hönd útgerðarmanna eða farmeigenda sem skipstjóri.

■ **16. gr.** Tjón það, sem skipstjóri veldur útgerðarmanni, farmeigendum eða öðrum með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, er honum skylt að bæta.

□ Dómstólar geta þó lækkað bótafjárhæð með tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipstjóra og annarra atvika.

■ **17. gr.** Skyldur er skipstjóri að gera reikningsskil svo

oft sem útgerðarmaður krefst. Vilji útgerðarmaður mótmæla reikningi skal það gert áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því er hann fékk reikninginn. Að þeim fresti liðnum eru mótmæli ólögmæt nema svik sannist.

□ Ef ekki er annan veg tilskilið skal skipstjóri telja með tekjum útgerðarmanns á reikningum hverja sérstaka greiðslu sem hann hefur tekið við af farmsendanda, farmeiganda, birgðasala eða öðrum þeim er hann átti skipti við sem skipstjóri.

■ **18. gr.** Skipstjóra er óheimilt, án leyfis útgerðarmanns, að taka í skip söluvarning sinn eða annarra. Brjóti hann bann þetta skal hann greiða útgerðarmanni farmgjald og bæta honum tjón.

■ **19. gr.** Skylt er skipstjóra að veita viðtöku íslenskum sjómönnum sem ræðismönnum er skylt að senda heim og flytja þá alla leið eða til annarrar hafnar, sem skip fer til í þeirri ferð, fyrir fargjald sem samgönguráðherra ákveður.

□ Skylt er skipstjóra að taka til flutnings, án endurgjalds, ösku látinna íslenskra sjómanna ásamt munum sem þeir hafa haft með sér ef þetta hefur ekki óhagræði í för með sér.

□ Samgönguráðherra getur mælt fyrir um að ákvæði 1. og 2. mgr. skuli einnig ná til erlendra sjómanna eftir því sem við getur átt.

■ **20. gr.** Laskist skip á ferð svo bæta verði að mun eða tefja það í umtalsverðan tíma er skipstjóra skylt að láta skoðunar- og matsgerð fara fram. Skulu matsmenn kanna skemmdir og segja álit sitt um hvað aðhafast skuli til að bæta skip, hvað það muni kosta og hve mikils virði skipið sé þá óbætt.

□ Nú spillist farmur að mun á ferð eða ráða má af líkum að hann sé svo á sig kominn að nauðsyn beri til að afferma skipið eða gera aðrar ráðstafanir til að verja farminn skemmdum eða ryðja verður skipið sakir þess sjálfs og skal þá skipstjóri láta fara fram lögmæta skoðunar- og matsgerð. Reynist skemmd á farmi skulu matsmenn láta uppi álit sitt um það hvað ætla má að valdið hafi og hvernig hagkvæmast verði úr ráðið.

□ Kveðja skal matsmenn eftir því sem lög kveða á um eða venja er fyrir á þeim stað. Þar sem slík matskvaðning er ekki tíðkuð skal skipstjóri afla sér yfirlýsinga skynbærra manna.

□ Ef óttast má að farmur hafi spillst á ferð skal skipstjóri krefjast skoðunargerðar áður en farmur er fenginn í hendur viðtakanda.

**IV. kafli. Um farmflutninga.**

*1. Upphafsákvæði.*

■ **21. gr.** Með „farmflytjanda" er í kafla þessum átt við þann sem með samningi tekur að sér flutning farms með skipi fyrir annan, „farmsamningshafa".

□ Um farmsamninga um tilteknar ferðir er að ræða þegar greiða á flutninginn fyrir hverja ferð en um farmsamninga um tiltekinn tíma er að ræða þegar greiða á flutninginn samkvæmt tímaeiningum.

□ Ákvæði um farmsamninga, sem gerðir eru um tilteknar ferðir skips, taka til þess er samið er um heilt skip, hluta af skipi eða sendingu stykkjavöru.

■ **22. gr.** Með þeim undantekningum, sem leiðir af 118. gr. og 119. gr., skal beita ákvæðum þessa kafla nema um annað sé samið eða það leiði af venju.

□ Eigi skal beita ákvæðum þessa kafla ef flutningurinn er háður alþjóðlegum samningi um flutning með öðru farartæki.



■ **23. gr.** Nú er samið um flutning með ákveðnu skipi og er þá farmflytjanda ekki heimilt að efna samninginn með öðru skipi.

■ **24. gr.** Nú er samið um heilt skip eða fullfermi og er farmflytjanda þá óheimilt að flytja með því skipi vöru fyrir aðra menn en farmsamningshafa.

■ **25. gr.** Nú framselur farmsamningshafi rétt sinn samkvæmt samningnum eða semur við aðra menn um flutning fyrir þá og ábyrgist hann eigi að síður efndir samningsins.

*2. Flutningssamningar um ferð.*

■ **26. gr.** Farmflytjanda ber að sjá til þess, með eðlilegri árvekni, að skip sé haffært, nægilega mannað, birgt af vistum og búnaði og hafi lestarrými, kæli- og frystirými og aðra hluta skipsins, þar sem farmur er geymdur, í fullnægjandi ástandi til móttöku, flutnings og varðveislu farms.

**Fermingarstaður.**

■ **27. gr.** Ef ekki er áskilinn sérstakur fermingarstaður í höfn skal skip liggja þar sem farmsamningshafi vísar til enda sé þar ekki tálmun fyrir, skip liggi þar á floti, því sé þar óhætt og komist það an hlaðið tálmunarlaust.

□ Nú hefur ekki verið vísað á tiltekinn stað í tæka tíð og skal þá velja skipi almennan fermingarstað. Ef það er ekki unnt skal farmflytjandi velja skipi stað þar sem hæfilegt má telja að ferming geti farið fram.

■ **28. gr.** Farmsamningshafi hefur rétt til að fá skip flutt milli fermingarstaða innan hafnar hvort sem tiltekinn fermingarstaður hefur verið áskilinn eða ekki en bera skal hann kostnað af því.

■ **29. gr.** Þegar samið er um flutning á stykkjavöru hefur farmsamningshafi ekki rétt til að vísa á fermingarstað né að fá skip flutt milli fermingarstaða nema það leiði af samningi eða venju.

**Fermingartími.**

■ **30. gr.** Skylt er farmflytjanda að hafa skip búið til fermingar um ákveðinn fermingartíma sem felur í sér biðdaga og aukabiðdaga.

□ Farmflytjandi á rétt til sérstakrar þóknunar fyrir aukabiðdaga.

■ **31. gr.** Telja skal þann tíma til biðdaga sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir við samningsgerð að til fermingar gengi. Skal þá höfð hliðsjón af tegund og stærð skips og farms, fermingartækjum í skipi og í höfn og öðrum sambærilegum ástæðum.

□ Biðdaga skal telja í vinnudögum og vinnustundum.

■ **32. gr.** Biðdaga skal telja frá því er sagt hefur verið til að skip sé búið til fermingar á fermingarstað. Beina skal tilkynningu til farmsamningshafa nema sagt hafi verið til um annan vörusendanda en þá skal tilkynna honum. Ekki skal tilkynning gefin fyrr en skip er komið á fermingarstað.

□ Biðdagatíma skal annaðhvort telja frá þeirri klukkustund, er hafnarvinna hefst eftir venju að morgni enda hafi þá verið sagt til skips fyrir lok skrifstofutíma næsta vinnudag á undan, eða frá þeirri stundu er hádegishléi lýkur enda hafi þá verið sagt til fyrir hádegi þann sama dag.

□ Nú er vörusendandi ekki á fermingarstað og skal þá líta svo á að honum hafi verið sagt til um skipið þegar

tilkynning hefur verið send honum eða umboðsmanni hans með tilhlýðilegum hætti. Ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans skal tilkynning auglýst eftir því sem við á þar á staðnum og hefur birting auglýsingar þá sömu áhrif og þegar tilkynning er send.

■ **33. gr.** Ef aðstæður vörusendanda valda því að skip getur ekki lagst að á fermingarstað hefst biðdagatími þegar tilkynnt hefur verið að skip sé búið til fermingar.

□ Svo er einnig þegar ekki hefur verið samið um tiltekinn fermingarstað og tálmunin stafar af skipaþröng í höfn eða öðrum svipuðum atvikum sem farmflytjandi þurfti ekki að gera ráð fyrir við samningsgerð.

■ **34. gr.** Til biðdaga telst sú töf sem leiðir af flutningi skips milli fermingarstaða í höfn en hins vegar ekki sá tími sem fer til ónýtis vegna tálmana af skipsins hálfu.

□ Nú er skipi valinn óvenjulegur fermingarstaður af ástæðum sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð og telst þá ekki sá tími til biðdaga sem við það fer til ónýtis.

■ **35. gr.** Aukabiðdagar skulu vera hálfu færri en biðdagar. Ef samið er um heilt skip skulu þeir vera 3 dagar hið fæsta.

□ Tímann skal reikna í vinnudögum og vinnustundum en þóknunina eftir samfelldum dögum og klukkustundum frá lokum biðdaga. Um aukabiðdaga og þóknun fyrir þá skal beita ákvæðum 34. gr. eftir því sem við á.

■ **36. gr.** Þóknun fyrir aukabiðdaga skal ákveða með hliðsjón af farmgjaldi enda sé tekið tillit til aukinna útgjalda annars vegar og sparnaðar hins vegar sem af því leiðir fyrir skipið að það liggur í höfn.

□ Krefja má þóknunar að kvöldi fyrir hvern aukabiðdag.

□ Nú er þóknun ekki greidd eða trygging sett og má þá geta kröfunnar á farmskírteini.

■ **37. gr.** Þegar tími til fermingar og affermingar er tiltekinn í einu lagi má ekki nota lengri tíma til fermingar en svo að hæfilegur tími verði eftir til affermingar.

□ Þóknun fyrir aukabiðdaga skal þó ekki reikna fyrr en hinn tiltekni biðtími er liðinn í heild.

■ **38. gr.** Þegar samið er um flutning á stykkjavöru fer um lengd fermingartíma eftir aðstæðum. Tilkynning til vörusendanda skal gerð með hæfilegum fyrirvara. Ákvæði um aukabiðdaga taka ekki til slíkra flutninga.

□ Ákvæði um tilkynningar taka ekki til skipa sem eru í förum samkvæmt fastri áætlun.

**Ferming.**

■ **39. gr.** Farmsamningshafi skal færa vöru að skipshlið en farmflytjandi annist fermingu hennar, búlkun alla, undirbreiður og refti.

□ Nú hefur skipi verið valinn óvenjulegur staður af ástæðum sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð og er honum þá allt að einu skylt að taka við vöru á venjulegum fermingarstað.

■ **40. gr.** Afhendingu vöru og viðtöku hennar skal hraða eftir föngum.

□ Vöru skal afhenda í þeirri röð og með þeim hætti sem haganlegast er fyrir flutning hennar á skip, búlkun og affermingu.

■ **41. gr.** Óheimilt er að búlka vöru á þilfari nema það hafi nægja stoð í samningi eða venju.

■ **42. gr.** Sendandi skal sjá um að vara, sem er eldfim, hætt við sprengingu eða hættuleg að öðru leyti skipi eða áhöfn, sé merkt samkvæmt gildandi reglum um flutning á hættulegum varningi. Honum er einnig að öðru leyti skylt að veita þá fræðslu um vöruna sem nauðsynleg er til að varna tjóni.

■ **43. gr.** Þegar sendir eru munir sem þarfnast sérstakrar umönnunar eða gætilegrar meðferðar skal frá því skýrt og munirnir merktir á þann hátt ef unnt er.

□ Segja skal til þess sérstaklega ef sendir eru peningar, verðbréf eða dýrgripir.

■ **44. gr.** Skipstjóri, stýrimaður eða sá, sem til þess hefur umboð, skal veita viðurkenningu fyrir móttöku vöru jafnóðum og hún er afhent ef vörusendandi krefst þess.

■ **45. gr.** Farmflytjandi, skipstjóri eða sá, sem farmflytjandi hefur veitt til þess umboð, skal, ef vörusendandi krefst þess og nauðsynleg gögn og upplýsingar liggja fyrir, gefa út viðtökufarmskírteini fyrir vörunni þegar hann hefur tekið við vörunni í sína vörslu, sbr. 101. gr.

□ Að lokinni fermingu getur vörusendandi krafist þess að út verði gefið skipsfarmskírteini er sýni að ferming hafi farið fram, sbr. 101. gr. Hafi verið útbúið viðtökufarmskírteini handa vörusendanda skal hann skila því þegar hann fær skipsfarmskírteini afhent. Í stað þess að gefa út nýtt farmskírteini má rita á viðtökufarmskírteinið nafn þess skips eða nöfn þeirra skipa sem vöru var skipað um borð í og dagsetningu fermingarinnar. Eftir áritun þá, sem lýst var, telst það vera skipsfarmskírteini.

□ Sendandi getur krafist sérstaks farmskírteinis fyrir einstaka hluta farms nema það baki farmflytjanda verulega fyrirhöfn eða óþægindi. Sendandi greiði aukakostnað sem af því kann að leiða.

□ Nú er farmskírteini útbúið samkvæmt farmsamningi með öðrum skilmálum en ákveðið var í samningnum þannig að ábyrgð farmflytjanda eykst við þetta og skal þá farmsamningshafi bæta honum það svo að hann verði skaðlaus.

■ **46. gr.** Nú tefst brottför skips að fermingartíma loknum sökum þess að sendandi afhendir ekki í tæka tíð skjöl sem vöru skulu fylgja eða veitir ekki vitneskju um ákvörðunarstað eða annað sem ferð varðar og getur þá farmflytjandi krafist sömu þóknunar og fyrir aukabiðdaga. Ef hann bíður meira tjón á hann einnig rétt til að fá það bætt nema álíta megi að hvorki sendandi né menn, sem hann ber ábyrgð á, hafi valdið töfinni með yfirsjónum eða vanrækslu.

■ **47. gr.** Þegar vara, sem afhent hefur verið, veldur farmflytjanda tjóni eða tjóni á skipi skal farmsamningshafi greiða bætur ef um er að kenna yfirsjónum eða vanrækslu hans sjálfs eða manna sem hann ber ábyrgð á.

□ Nú hlýst tjón af vöru sem er eldfim, hætt við sprengingu eða er hættuleg að öðru leyti og skipað var um borð án þess að farmflytjanda væri kunnugt um þessa eiginleika vörunnar og er þá farmsamningshafi ábyrgur fyrir öllu tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, er hlýst af því að vörunni var skipað um borð, jafnvel þótt ekki sé um yfirsjón eða vanrækslu af hans hálfu að ræða.

**Framkvæmd ferðar.**

■ **48. gr.** Ferð skal haldið áfram með hæfilegum hraða.

□ Sigling úr leið eða önnur töf er því aðeins heimil að bjarga þurfi mönnum úr lífsháska, að bjarga þurfi skipi eða farmi eða af öðrum réttmætum ástæðum.

■ **49. gr.** Nú tefst skip á ferð sökum þess að vitneskja um ákvörðunarstað eða annað er ferð varðar barst ekki í tæka tíð og skal þá beita ákvæðum 46. gr. eftir því sem við á.

■ **50. gr.** Farflytjandi greiði skipsgjöld, hafnsögugjöld, dráttargjöld og annan þess háttar kostnað sem stofnast í ferð skipsins.

■ **51. gr.** Farflytjandi skal á eðlilegan og vandvirkan hátt ferma, meðhöndla, stúfa, flytja, varðveita, annast um og afferma vörur sem hann flytur.

□ Nú skemmist farmur svo nokkru nemi eða glatast og skal farflytjandi þá við fyrsta tækifæri tilkynna farmeiganda um það en náist ekki til hans skal tilkynna vörusendanda.

■ **52. gr.** Farflytjanda er heimilt að gera, svo að bindandi sé fyrir eiganda farms, alla þá löggerninga sem miða að því að varðveita farm og koma honum áleiðis. Hann hefur og heimild til að vera sóknaraðili í málum sem farm snerta.

□ Nú skortir fé til framkvæmda einhverri nauðsyn sem í 1. mgr. getur og er farmflytjanda þá heimilt að taka fé að láni fyrir hönd farmeiganda eða selja af farmi. Þó að ekki hafi borið nauðsyn til samningsgerðar verður farmeigandi samt við löggerninginn bundinn ef viðsemjandi var grandlaus.

□ Nú er hætta á að farmur spillist eða rýrni verulega við geymslu eða flutning áleiðis eða svo reynist að kostnaður af geymslu hans eða flutningi muni fara mjög úr hófi fram og er þá farmflytjanda heimilt að selja hann.

■ **53. gr.** Farmflytjandi skal leita fyrirmæla farmeiganda ef unnt er áður en hann gerir óvenjulegar ráðstafanir um farminn. Ekki skal farmflytjandi selja af farmi án slíkra fyrirmæla nema áður sé látin fara fram skoðunargerð eða aflað sé álitsgerðar sérfróðra manna. Sala skal fara fram á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggilegum hætti.

□ Ávallt skal tilkynna farmeiganda ráðstafanir þær sem gerðar voru um farminn.

■ **54. gr.** Nú hefur farmflytjandi lagt fram fé eða látast undir skuldbindingar fyrir farmeiganda og ábyrgist þá farmeigandi kröfur farmflytjanda, sem af því rísa, aðeins með farminum.

**Affermingarstaður, affermingartími og afferming.**

■ **55. gr.** Um affermingarstað skal beita ákvæðum 27. – 29. gr. eftir því sem við á. Fyrirmæli, sem lúta að farmsamningshafa, skulu gilda hér um viðtakanda farms.

□ Nú eru viðtakendur farms samkvæmt sama farmsamningi fleiri en einn og hafa þeir þá því aðeins rétt til að vísa á affermingarstað eða til að fá skip flutt milli staða innan hafnar að þeir séu báðir eða allir sammála um það.

■ **56. gr.** Um affermingartíma skal beita ákvæðum 30. – 38. gr. eftir því sem við á. Fyrirmæli, sem þar lúta að vörusendanda, skulu gilda hér um viðtakanda farms.

■ **57. gr.** Farflytjandi lætur vöru af hendi við skipshlið og skal viðtakandi taka þar við henni.

□ Nú er ekki unnt að koma skipi á almennan affermingarstað í höfn af ástæðum sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð og er honum þá allt að einu skylt að afhenda vöru á venjulegum affermingarstað.

■ **58. gr.** Afhending vöru og viðtöku skal hraða eftir föngum. Skipa skal vöru upp í þeirri röð og með þeim hætti að haganlegt sé að taka við henni.

■ **59. gr.** Nú lýkur affermingu ekki á réttum tíma og töfin stafar ekki af tálmunum af hálfu skipsins og skal þá beita ákvæðum 46. gr. eftir því sem við á.

■ **60. gr.** Nú eru viðtakendur farms samkvæmt sama farmsamningi fleiri en einn og einn þeirra hefur greitt þóknun fyrir aukabiðdaga eða aðra töf sem orðið hefur vegna aðstæðna annars viðtakanda og á hann þá aðgang að hinum um greiðslu kostnaðarins.

**Afhending farms.**

■ **61. gr.** Sá, sem sýnir heimild sína til viðtöku á farmi, hefur rétt til að skoða hann áður en hann tekur við honum.

■ **62. gr.** Nú tekur viðtakandi við farmi og skuldbindur hann sig þá með því til að greiða farmgjöld og aðrar kröfur sem farmflytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt farmskírteini eða öðru skjali sem segir fyrir um flutning farmsins.

■ **63. gr.** Farmflytjanda er ekki skylt að láta farm af hendi fyrr en viðtakandi greiðir eða greiðir á geymslureikning fé það sem honum ber að greiða eftir 62. gr. og aðrar kröfur sem á vöru hvíla. Varðandi sjótjónsframlag gilda ákvæði 156. gr.

□ Þegar farmurinn hefur verið afhentur getur farmflytjandi kallað til geymslufjárins enda tálmi viðtakandi því ekki með kyrrsetningu eða lögbanni.

■ **64. gr.** Nú fullnægir viðtakandi ekki skilmálum fyrir afhendingu vörunnar eða tefur svo affermingu að henni getur ekki orðið lokið í tæka tíð og er farmflytjanda þá heimilt að færa vöru í land og koma henni í örugga geymslu á kostnað viðtakanda. Tilkynna skal viðtakanda geymslu vörunnar.

□ Ef neitað er að taka við vöru, viðtakandi er ókunnur eða finnst ekki skal farmflytjandi skýra sendanda frá því þegar er hann má. Nú segir viðtakandi ekki til sín svo fljótt að vara verði affermd í tæka tíð og skal farmflytjandi þá skipa upp vöru og fela hana til varðveislu svo sem fyrr var sagt. Tilkynna skal vörusendanda og farmsamningshafa þessa ráðstöfun á vörunni.

■ **65. gr.** Þegar skip eru í förum samkvæmt fastri áætlun má skipa vöru upp og koma henni í örugga geymslu á kostnað viðtakanda enda sé hann ekki við því búinn að veita henni viðtöku þegar hún kemur í land.

□ Ef varan er ekki sótt innan hæfilegs frests skal tilkynna sendanda um geymsluna.

■ **66. gr.** Þegar vara er látin til varðveislu er farmflytjanda heimilt að selja á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggilegum hætti svo mikið af henni sem þarf til lúkningar á kröfum sem á henni hvíla.

■ **67. gr.** Ef kröfum á hendur farmsamningshafa er ekki fullnægt með sölu vörunnar ábyrgist hann það sem á skortir.

□ Hafi farmflytjandi afhent vöru á hann ekki kröfu á hendur farmsamningshafa um það fé sem viðtakanda var skylt að greiða nema leitt sé í ljós að greiðsla hefði ekki fengist við sölu á vörunni eða að farmsamningshafi mundi hagnast á kostnað farmflytjanda ef krafan félli niður.

**Ábyrgð farmflytjanda á farmi.**

■ **68. gr.** Skemmist farmur eða glatist meðan hann er í vörslum farmflytjanda á skipi eða í landi ber honum að bæta tjón sem af því hlýst nema ætla megi að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu.

☐ Farmflytjandi er ekki ábyrgur þegar hann getur sýnt fram á að tjónið stafar af:

a. yfirsjónum eða vanrækslu við stjórntök eða meðferð skips sem skipstjóra, skipshöfn, hafnsögumanni eða öðrum, sem inna starf af hendi í þágu skips, hefur orðið á,

b. bruna nema hann stafi af yfirsjón eða vanrækslu farmflytjanda sjálfs,

c. hættum eða óhöppum sem eru sérkennandi fyrir siglingar,

d. náttúruhamförum,

e. hernaðaraðgerðum,

f. sjóránum eða öðrum þjóðfélagsfjandsamlegum aðgerðum,

g. haldi sem lagt er á eða af öðrum skerðingum sem valdhafar, stjórnvöld eða þjóðir grípa til, svo og af haldi sem lagt er á samkvæmt réttarreglum,

h. sóttkvíartálmun,

i. athöfn eða athafnaleysi vörusendanda eða eiganda vöru, umboðsmanns hans eða fulltrúa,

j. verkfalli, verkbanni eða annars konar vinnuhindrun, án tillits til ástæðu eða umfangs,

k. óeirðum eða borgararóstum,

l. björgun mannslífa, björgun verðmæta á hafi úti eða tilraunum þar að lútandi,

m. rýrnun á vöru eða sérstökum eiginleika hennar eða eigin ágalla vörunnar,

n. ófullnægjandi pökkun,

o. ófullnægjandi eða ónákvæmri merkingu,

p. leyndum göllum á skipi sem ekki er unnt að komast að raun um með eðlilegri árvekni.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er farmflytjandi ábyrgur fyrir tjóni er hlýst af óhaffærni skips ef hún er afleiðing þess að hann eða einhver, sem hann ber ábyrgð á, hefur ekki með eðlilegri árvekni séð til þess að skipið var haffært við upphaf ferðar. Sönnunarbyrði um að eðlilegrar árvekni hafi verið gætt hvílir á þeim sem heldur því fram að hann beri ekki ábyrgð.

☐ Lækka má skaðabætur þær sem farmflytjanda ber að greiða eða fella þær niður ef hann sannar að farmsamningshafi eða einhver, sem hann ber ábyrgð á, hafi verið meðvaldur að tjóninu vegna yfirsjónar eða vanrækslu.

■ **69. gr.** Hafi verið flutt á skip vara sem er eldfim, hætt við sprengingu eða hættuleg að öðru leyti án þess að farmflytjanda væri kunnugt um þessa eiginleika vörunnar er honum heimilt eftir atvikum að flytja vöruna í land, gera hana óskaðlega eða eyðileggja hana og er honum ekki skylt að greiða skaðabætur.

☐ Nú er farmflytjanda kunnugt um eiginleika vörunnar við lestun og er honum engu síður eftir atvikum heimilt að flytja vöruna í land, gera hana óskaðlega eða eyðileggja hana ef síðar kemur upp slík hætta fyrir menn, skip eða vöru að óverjandi væri að varðveita vöruna um borð. Er honum þá ekki skylt að greiða aðrar skaðabætur en leiðir af reglunum um sameiginlegt sjótjón.

■ **70. gr.** Bætur samkvæmt 68. gr. skal ákveða eftir því verðgildi sem varan mundi hafa haft ósköddud við afhendingu á réttum stað og tíma. Verðgildi vörunnar skal ákveða samkvæmt opinberri verðskráningu en sé henni ekki til að dreifa þá markaðsverði og sé hvorugu þessu til að dreifa þá venjulegu verði fyrir vöru sömu tegundar og af sömu gæðum.



☐ Bæturnar geta þó ekki orðið hærri en 667 SDR fyrir hvert stykki eða flutningseiningu eða 2 SDR fyrir hvert brúttókíló vöru sem skemmist, glatast eða sem afhendingu seinkar á. Skal miða við þá fjárhæð sem hæst getur orðið samkvæmt þessu. Með SDR er átt við þá verðmæliseiningu sem greind er í 177. gr. Gengi þessarar verðmæliseiningar ræðst af þeirri dagsetningu sem löggjöf landsins, þar sem dæmt er í málinu, kveður á um.

☐ Ef notaðir eru gámar, bretti eða svipaður flutningsbúnaður sem vöru er safnað í skal sérhvert stykki eða önnur eining, sem skráð er í farmskírteini eða í annað viðtökuskírteini fyrir flutningnum og pökkuð er í þannig búnað, teljast eitt stykki eða flutningseining þegar beitt er ákvæðum 2. mgr. Með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skal slíkur gámur, bretti eða flutningsbúnaður teljast vera ein eining eða stykki, sbr. 2. mgr.

☐ Farmflytjandi og sendandi vöru mega semja um hærri hámarksbætur en nefndar eru í 2. mgr. og 3. mgr. um ábyrgð farmflytjanda. Hafi sendandi gefið upp tegund og verð vöru og þessar upplýsingar verið færðar án fyrirvara í farmskírteinið eða í annað viðtökuskírteini um flutninginn skal það verð lagt til grundvallar um mörk ábyrgðar farmflytjanda ef þetta leiðir til hærri ábyrgðarmarka en reglurnar í 2. og 3. mgr. Jafnframt skal þetta verð lagt til grundvallar sem verðmæti vöru ef eigi verða færðar sönnur á annað.

☐ Farmflytjandi verður aldrei ábyrgur fyrir tjóni eða skemmd á vörunni ef sendandi hefur með sviksamlegum hætti gefið rangar upplýsingar um tegund eða verð í farmskírteini eða í öðru viðtökuskírteini um flutninginn.

☐ Farmflytjandi getur ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmörkun samkvæmt þessari grein ef það sannast að hann hafi sjálfur valdið tjóninu eða skaðanum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og honum mátti vera ljóst að tjón mundi sennilega hljótast af.

■ **71. gr.** Nú hefur vara verið afhent án þess að viðtakandi hafi látið farmflytjanda í té skriflega tilkynningu um að tjón hafi orðið á vöru eða hún skemmst svo að viðtakandi vissi eða mátti vita og almennt um eðli tjónsins, og telst þá öll varan afhent í því ástandi sem lýst er í farmskírteini eða öðru viðtökuskírteini um flutninginn ef ekki eru færðar fram sannanir gegn því. Ef ekki hefði verið unnt að komast að raun um tjónið gildir hið sama hafi skrifleg tilkynning ekki verið afhent í síðasta lagi þremur dögum eftir afhendinguna.

☐ Ekki er krafist skriflegrar tilkynningar ef ástand vörunnar hefur verið kannað sameiginlega við afhendinguna.

☐ Þegar tjón hefur orðið á vöru eða hún skemmst eða ætla má að svo sé skulu farmflytjandi og viðtakandi vöru veita hvor öðrum færi á að skoða vöruna á hentugan hátt og ganga úr skugga um þyngd, mál og stykkjatölu.

■ **72. gr.** Ákvæðunum um varnir af hálfu farmflytjanda og um ábyrgðartakmarkanir skal beita hvort heldur sem krafan byggist á samningi eða á ábyrgð utan samninga.

☐ Ef þess háttar krafa er höfð uppi gagnvart einhverjum sem farmflytjandi ber ábyrgð á, sbr. 171. gr., á sá aðili rétt á að bera fyrir sig sömu mótmæli og sömu takmarkanir á ábyrgð og farmflytjandinn hefði getað borið fyrir sig. Samanlögð ábyrgð farmflytjandans og ofangreindra aðila skal í engu tilviki fara fram úr því marki sem greint er í 70. gr.

□ Nú sannast það að maður hefur valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og með vitund um það að tjón væri fyrirsjáanlegt og getur hann þá ekki borið fyrir sig ákvæði 2. mgr.

■ **73. gr.** Annist einhver annar en farmflytjandi flutning vöru að nokkru eða öllu leyti er farmflytjandi ábyrgur fyrir tjóni eins og hann hefði sjálfur annast flutning vörunnar alla leið. Ákvæði þessa kafla gilda þá eftir því sem við á. Þetta gildir einnig eftir að farmskírteini hefur verið gefið út.

□ Við flutning, sem fram fer með skipi annars en farmflytjanda, er sá, sem annast flutninginn, ábyrgur fyrir sínum hluta flutningsins samkvæmt sömu ákvæðum og farmflytjandi. Ákvæði 72. gr. gilda eftir því sem við á.

□ Farmflytjandi og sá, sem ábyrgð ber samkvæmt 2. mgr., eru ábyrgir hvor fyrir annan. Sameiginleg ábyrgð þeirra getur ekki farið fram úr ábyrgðarmörkum þeim sem greind eru í 70. gr.

**Flutningur.**

■ **74. gr.** Ef ekki hefur verið samið um fjárhæð farmgjalds skal greiða það gjald sem almennt var þegar ferming fór fram.

□ Nú hefur verið flutt á skip meira en um var samið af þeirri vöru sem samningur tekur til og skal þá gjalda fyrir það, sem umfram var, að réttri tiltölu við hitt sem um var samið.

■ **75. gr.** Ekki skal greiða farmgjald fyrir vöru sem ekki kemur til skila við ferðalok nema hún hafi farist vegna ástands hennar sjálfrar eða af ónógum umbúnaði eða annarri yfirsjón eða vanrækslu sendanda, hún hafi verið seld í ferðinni fyrir hönd eiganda hennar eða flutt úr skipinu, gerð óskaðleg eða eyðilögð samkvæmt ákvæðum 69. gr.

□ Ef farmflytjandi á ekki rétt til farmgjalds eftir því sem nú var sagt skal hann endurgreiða farmgjald sem greitt hefur verið fyrir fram.

**Seinkun og dráttur af hálfu farmflytjanda.**

■ **76. gr.** Nú kemur skip of seint til fermingarhafnar eða um aðra töf er að ræða af hálfu farmflytjanda og er farmsamningshafa þá heimilt að rifta samningi ef farmflytjanda mátti vera ljóst við samningsgerðina að töfin mundi valda því að farmsamningshafi næði ekki í verulegum atriðum tilgangi sínum með flutningnum. Ef farmflytjandi á sjálfur sök á drættinum getur farmsamningshafi riftað samningnum nema dráttur sé óverulegur.

□ Nú er áskilið í farmsamningi að skip skuli vera búið til að taka við farmi innan tiltekins tíma og hefur þá sérhver dráttur í för með sér heimild fyrir farmsamningshafa til riftunar á samningi.

□ Ef farmflytjandi tilkynnir að skip muni koma of seint til fermingarhafnar verður farmsamningshafi, ef hann vill rifta samningi, að gera það án óþarfrar tafar.

■ **77. gr.** Nú er vara á skip komin og getur farmsamningshafi þá ekki riftað samningi ef afferming vöru mundi valda öðrum farmsamningshafa tjóni.

■ **78. gr.** Nú gildir farmsamningur um tiltekið skip sem ferst eða er dæmt óbætandi og er þá farmflytjandi ekki skyldugur til að annast flutninginn.

■ **79. gr.** Nú er hluta af ferð lokið þegar farmsamningi er slitið samkvæmt 76. gr. eða skylda farmflytjanda til að annast flutninginn fellur niður samkvæmt 78. gr. og á hann þá rétt til farmgjalds eftir vegalengd fyrir þá vöru sem til skila kemur.

□ Sama hlutfall skal vera milli farmgjalds eftir vegalengd og umsamins heildarfarmgjalds sem á milli leiðar þeirrar, sem farin var, og umsaminnar heildarferðar en jafnframt skal þó taka tillit til hversu miklum tíma var til varið og til sérstaks kostnaðar við sams konar ferðir. Ekki má farmgjald eftir vegalengd fara fram úr verðgildi farmsins.

□ Hvor aðila um sig á rétt til að fá farmgjald eftir vegalengd ákveðið af löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóns. Bera má ákvörðun hans undir dómstóla.

■ **80. gr.** Nú hlýst tjón af því að skip ferst eða er dæmt óbætandi eða það leiðir að öðru leyti af drætti af hálfu farmflytjanda og tjónið fellur ekki undir 68. gr. og skal þá beita ákvæðum 68. gr. eftir því sem við á.

**Riftun og tálmanir af hálfu farmsamningshafa.**

■ **81. gr.** Ef farmsamningshafi riftar samningi áður en ferming hefst á farmflytjandi rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón.

□ Farmsamningshafi verður þó ekki bótaskyldur ef telja má ókleift að afhenda vöruna eða flytja eða koma henni á land á ákvörðunarstað vegna atvika sem ekki eru þess eðlis að hann hefði átt að hafa þau í huga við samningsgerð. Má til slíkra atvika telja útflutningsbann, innflutningsbann eða aðrar sambærilegar tálmanir af hálfu stjórnvalda, að allir hlutir af þeirri tegund vöru, sem flytja skyldi, hafi farist af hendingu eða hin tiltekna vara, sem samið var um að flytja, hafi farist af óhappatilviljun. Farmflytjanda er einnig heimilt að rifta samningi bótalaust ef flutningur vörunnar hefði í för með sér veigamikið óhagræði fyrir hann. Nú vill aðili rifta samningi af einhverjum sökum sem hér var greint og skal hann þá tilkynna hinum það án óþarfrar tafar.

□ Ef engin vara er til skips komin þegar fermingartíma lýkur skal líta svo á að farmsamningshafi hafi slitið samningi.

■ **82. gr.** Nú lætur farmsamningshafi ekki af hendi alla þá vöru sem tilskilin var og skal þá líta svo á að hann hafi riftað samningi að því er tekur til þeirrar vöru sem ekki var afhent. Farmflytjandi á þá rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón nema atvik liggi svo til sem greint er í 2. mgr. 81. gr.

□ Hvort sem farmflytjandi kann að eiga bótarétt eða ekki getur hann neitað að flytja vöruna í heild ef bætur eru ekki greiddar eða trygging sett fyrir lok fermingartíma samkvæmt áskorun þar um.

□ Ef farmflytjandi riftar samningi um flutning vörunnar í heild á hann rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón nema atvik liggi svo til um vöru þá sem ekki var afhent sem greint er í 2. mgr. 81. gr.

■ **83. gr.** Eftir að vara er komin á skip verður samningi ekki slitið í fermingarhöfn né á meðan ferð stendur ef afferming vöru hefur í för með sér verulegt óhagræði fyrir farmflytjanda eða mundi baka öðrum farmsamningshafa tjón. Beita skal hér, eftir því sem við á, ákvæðum 81. og 82. gr. um rétt farmflytjanda til bóta og riftunar samnings í heild.

□ Nú er vöru skipað upp í einhverri höfn á leið skipsins og á farmflytjandi þá ávallt rétt til farmgjalds eftir vegalengd.

■ **84. gr.** Þegar ákveðin er fjárhæð bóta fyrir missi

1985 Nr. 34 19. júní

farmgjalds og annað tjón skal tillit tekið til þess hvort farmflytjandi hefur látið undir höfuð leggjast, án nægra ástæðna, að taka aðra vöru í hinnar stað.

□ Þó að farmflytjandi eigi ekki rétt til skaðabóta skal farmsamningshafi eigi að síður greiða þóknun, sem þegar er á fallin, fyrir aukabiðdaga og aðra töf.

**Gagnkvæmur riftunarréttur.**

■ **85. gr.** Ef í ljós kemur eftir að samningur var gerður að skipi eða farmi mundi í hættu stofnað með ferðinni af völdum styrjaldar, herkvíunar, uppreisnar, innanlandsóeirða eða sjórána eða annarra vopnaðra árása eða hætta af þessum sökum hefur aukist til muna er bæði farmflytjanda og farmsamningshafa heimilt að rifta samningi bótalaust þó að ferð sé hafin. Sá, sem rifta vill farmsamningi, skal tilkynna það án óþarfrar tafar. Farist fyrir að tilkynna það skal hann bæta tjón sem af því leiðir.

□ Ef hættu verður afstýrt með því að skilja eftir eða afferma nokkurn hluta af farmi er riftun aðeins heimil að því er til þessa hluta tekur. Þó getur farmflytjandi, ef það bakar ekki öðrum farmsamningshafa tjón, riftað samningi í heild nema bætur séu greiddar eða trygging sett samkvæmt áskorun þar um.

□ Beita skal ákvæðum 79. gr. og 2. mgr. 84. gr. eftir því sem við á.

■ **86. gr.** Nú tefur þess háttar tálmun, sem getið er í 85. gr., skipið í fermingarhöfn eftir að það hefur tekið farm eða á viðkomustað á leiðinni og skal þá kostnaði af töfinni jafnað niður á skip, farmgjald og farm eftir því sem mælt er fyrir um sameiginlegt sjótjón. Nú er samningi riftað og tekur þetta þá ekki til kostnaðar sem á fellur eftir það.

*3. Tímabundnir farmsamningar.*

■ **87. gr.** Þegar gerður hefur verið tímabundinn farmsamningur skal farmflytjandi, á því tímabili sem er til ráðstöfunar fyrir farmsamningshafa, láta skip fara þær ferðir sem farmsamningshafi mælir fyrir um í samræmi við samninginn.

■ **88. gr.** Farmflytjandi skal sjá um að skip sé svo mannað, birgt af vistum og búnaði og að öðru leyti í því ástandi að það fullnægi skilyrðum til almennra flutningaferða. Honum er þó ekki skylt að leggja til brennsluolíu.

■ **89. gr.** Farmsamningshafi annast og kostar fermingu, búlkun og affermingu. Hann getur ekki krafist annarrar þjónustu af skipstjóra og skipshöfn en venjuleg er í flutningaferðum í sams konar siglingum. Farmsamningshafi ber kostnað af yfirvinnu og öðrum aukaútgjöldum við þá þjónustu.

□ Nú verður farmflytjandi að greiða eiganda vöru skaðabætur vegna þess að vara hefur skaddast eða farið forgörðum við fermingu, búlkun eða affermingu og á hann þá endurkröfu á hendur farmsamningshafa nema um sé að ræða sök skipstjóra eða skipshafnar við framkvæmd þess hluta verksins sem þeim var skylt að vinna.

■ **90. gr.** Farmsamningshafa ber að greiða öll útgjöld við framkvæmd ferða sem ekki hvíla á farmflytjanda samkvæmt því er áður var greint.

■ **91. gr.** Farmflytjanda er skylt að gefa út farmskírteini fyrir vöru, sem á skip er komin, með þeim flutningsskilmálum sem venjulegir eru í sams konar siglingum. Ef hann bakar sér með því aukna ábyrgð ber farmsamningshafa að bæta honum þann kostnað.

■ **92. gr.** Ekki er farmflytjanda skylt að láta skipið fara ferð sem hættuleg er skipi eða skipshöfn ef hann þurfti ekki að gera ráð fyrir þeirri hættu við samningsgerð. Honum er ekki heldur skylt að taka á skip eldfima muni eða muni sem hætt er við sprengingu eða sem hættulegir eru að öðru leyti.



■ **93. gr.** Skylt er farmflytjanda að láta skipið hefja nýja ferð þó að henni verði ekki lokið á samningstímanum ef tími sá, sem skipið er til ráðstöfunar farmsamningshafa, lengist ekki meira við það en hóflegt má telja.

□ Fyrir þann tíma, sem umfram verður, skal greiða sama tímagjald og í samningi er áskilið.

■ **94. gr.** Farmgjald samkvæmt tímabundnum farmsamningi skal greiða mánaðarlega fyrir fram.

□ Nú tefst skip vegna aðstæðna farmflytjanda, þar á meðal vegna viðhalds á skipi eða til að bæta úr tjóni sem ekki stafar af yfirsjón eða vanrækslu farmsamningshafa eða manna sem hann ber ábyrgð á, og ber þá ekki að greiða farmgjald meðan sú töf stendur yfir.

■ **95. gr.** Ef skip týnist og ekki er vitað hvenær slysið bar að höndum skal greiða tímafarmgjald fyrir helming þess tíma sem skipið hefði þurft til ferðar sinnar til ákvörðunarstaðar frá þeim stað sem síðast spurðist til þess.

■ **96. gr.** Nú er farmsamningshafa ekki fengið skip til ráðstöfunar í tæka tíð eða um annan drátt er að ræða af hálfu farmflytjanda og er farmsamningshafa þá heimilt að rifta samningi ef farmflytjanda mátti vera ljóst við samningsgerð að töfin mundi valda því að farmsamningshafi næði ekki í verulegum atriðum tilgangi sínum með samningnum. Ef farmflytjandi á sjálfur sök á drættinum getur farmsamningshafi riftað samningi nema töfin sé óveruleg.

□ Nú er áskilið í farmsamningi að skipið skuli vera fengið farmsamningshafa til ráðstöfunar innan tiltekins tíma og heimilar þá sérhver dráttur riftun.

□ Ef farmflytjandi tilkynnir að skip muni tefjast verður farmsamningshafi, ef hann vill rifta samningi, að gera það án óþarfrar tafar.

■ **97. gr.** Farmflytjandi ber ábyrgð á tjóni sem leiðir af drætti af hans hálfu eða af því að skip ferst eða er dæmt óbætandi nema ætla megi að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu vegna yfirsjónar eða vanrækslu.

■ **98. gr.** Nú er tímafarmgjald ekki greitt á réttum tíma og er farmflytjanda þá heimilt að rifta samningi og krefjast bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón.

■ **99. gr.** Farmflytjandi á rétt til bóta fyrir tjón á skipi sem stafar af yfirsjónum eða vanrækslu farmsamningshafa eða manna sem hann ber ábyrgð á.

■ **100. gr.** Framlög farmgjalds til sameiginlegs sjótjóns skal farmsamningshafi inna af höndum þegar um tímabundna farmsamninga er að ræða.

□ Hafi skip unnið til björgunarlauna skal endurgjald vegna eldsneytis og launa skipstjóra og skipshafnar, sbr. 1. mgr. 169. gr., falla til farmsamningshafa. Hlutur farmflytjanda í þeim hluta björgunarlaunanna, sem skiptast skal milli útgerðarmanns, skipstjóra og skipverja, sbr. 2. mgr. 169. gr., fellur að jöfnu til farmflytjanda og farmsamningshafa.

*4. Farmskírteini.*

**Efni.**

■ **101. gr.** Með farmskírteini er átt við skjal sem gefið

er út af farmflytjanda eða í hans umboði þar sem viðurkennt er að tekið hafi verið við vöru til flutnings eða að hún sé á skip komin þar sem tegund og magn er tilgreint, þó að því tilskildu að skjalið sé kallað farmskírteini eða gefi til kynna að varan verði látin af hendi gegn afhendingu skjalsins.

□ Í farmskírteini skal greina útgáfustað, útgáfudag og nafn farmsendanda. Í viðtökufarmskírteini skal greina viðtökustað vörunnar. Í skipsfarmskírteini skal greina nafn skipsins, þjóðerni og fermingarstað.

■ **102. gr.** Í farmskírteini skal enn fremur greint ef farmsendandi krefst þess:

1. nánari lýsing á tegund vöru, þyngd, mál eða stykkjatala samkvæmt skriflegum upplýsingum sem farmsendandi lætur í té,
2. nauðsynleg auðkennismerki eins og farmsendandi tilgreinir skriflega í upplýsingum sem hann lætur í té áður en ferming hefst, þó að því tilskildu að þau séu greinileg á vörunni eða umbúðum hennar og verði við eðlilegar aðstæður auðlæsileg til loka ferðarinnar,
3. ástand vöru, eftir því sem séð verður,
4. í viðtökufarmskírteini skal greina þann dag sem vöru er veitt viðtaka en á skipsfarmskírteini skal greina þann dag sem fermingu lauk,
5. hvar afhenda eigi vöruna og hverjum,
6. fjárhæð farmgjalds og aðrir skilmálar flutnings vöru og afhendingar.

□ Farmflytjandi er þó ekki skyldur til, án fyrirvara í farmskírteini, að tilgreina upplýsingar um nánari lýsingu á vöru, merki, þyngd, mál og stykkjatölu ef hann hefur sanngjarna ástæðu til að efast um réttmæti þeirra eða ef hann hefur ekki fengið eðlilegt færi á að kanna framangreind atriði.

■ **103. gr.** Vörusendandi ber ábyrgð gagnvart farmflytjanda á því að rétt sé sú tilgreining á vöru sem skráð er í farmskírteini samkvæmt ósk hans og upplýsingum.

■ **104. gr.** Farmskírteini má stíla til ákveðins manns eða að tilvísun hans eða til handhafa. Framselja má farmskírteini nema það sé bannað í meginmáli þess, svo sem með orðunum „ekki til framsals“ eða á annan hátt.

■ **105. gr.** Svo mörg eintök skulu gerð af farmskírteini sem sendandi æskir. Hvort sem eintök eru eitt að fleiri skal eintakatala greind í meginmáli skírteinisins. Nú eru gefin út fleiri eintök en eitt og skulu þau þá öll vera samhljóða.

■ **106. gr.** Nú kemur maður með farmskírteini sem hann er rétt að kominn eftir orðum þess sjálfs eða við framsal í óslitinni röð eða við eyðuframsal og getur hann þá krafist afhendingar vörunnar.

□ Þó að farmskírteini hafi verið gefið út í fleiri en einu eintaki þá nægir samt að sá, sem kallar eftir vörunni á ákvörðunarstað, sýni eitt eintak með þeirri heimild sem í 1. mgr. segir. Utan ákvörðunarstaðar er óheimilt að láta farm af hendi nema skilað sé aftur öllum eintökum farmskírteinisins eða trygging sett fyrir kröfum sem eigendur þeirra kynnu að koma fram með á hendur farmflytjanda.

■ **107. gr.** Nú sýna fleiri menn en einn eintök af farmskírteini með heimild þeim til handa samkvæmt 106. gr. og skal þá koma farmi í örugga geymslu, á kostnað viðtakanda, og skýra þeim mönnum tafarlaust frá varðveislunni sem eintök höfðu sýnt.

■ **108. gr.** Farmflytjanda er ekki skylt að láta farm af hendi nema viðtakandi hafi áður komið farmskírteini í geymslu (depositum) hjá öðrum aðila og gefi sérstök viðtökuvottorð jafnóðum og affermt er.

□ Þegar affermingu er lokið skal farmskírteini afhent farmflytjanda með áritaðri viðurkenningu um viðtöku vörunnar.

■ **109. gr.** Um ógildingu glataðs eða horfins farmskírteinis fer eftir réttarfarsreglum um ógildingu skjala, sbr. XIX. kafla l. nr. 85/1936. Þegar stefna í ógildingarmáli hefur verið birt eða fyrr ef heimilað er með sérstökum dómsúrskurði getur höfðandi ógildingarmáls krafist afhendingar á farmi gegn því að sett sé trygging fyrir kröfum sem réttur eigandi farmskírteinis kynni að öðlast á hendur farmflytjanda.

**Réttarsamband farmflytjanda og viðtakanda farms.**

■ **110. gr.** Farmskírteini er grundvöllur réttarstöðu farmflytjanda og viðtakanda farms sín á milli um flutning og afhendingu vörunnar. Ákvæði farmsamnings, sem ekki voru sett í farmskírteinið, eru ógild gagnvart viðtakanda nema til þeirra sé vitnað í farmskírteini.

□ Ekki verður viðtakandi krafinn um ógreitt aukabiðdagagjald né önnur gjöld sem af fermingu skipsins stafa nema kröfunnar sé getið í farmskírteini. Nú hefur tími til fermingar og affermingar verið tiltekinn í einu lagi og þarf viðtakandi þá ekki að hlíta því að of langur tími hafi til fermingar gengið nema greindur sé á farmskírteini sá tími sem fermingin tók.

■ **111. gr.** Farmskírteinið er sönnun þess að farmflytjandi hafi veitt viðtöku og lestað vöru eins og greint er í farmskírteini nema annað sannist. Þó er gagnsönnun ekki heimil þegar farmskírteini hefur verið framselt grandlausum þriðja manni.

□ Farmflytjandi getur ekki borið fyrir sig rangar upplýsingar um vöru til að losna undan ábyrgð ef hann sá eða mátti sjá að rangt var frá skýrt nema hann hafi skráð um það beina athugasemd á farmskírteinið.

□ Ákvæði 1. mgr. gildir ef athugasemd um að vara sé skömmduð eða óhæfilega sé um hana búið er ekki skráð á farmskírteini og farmflytjandi sá eða mátti sjá það.

■ **112. gr.** Nú bíður þriðji maður tjón við að treysta réttmæti upplýsinga sem skráðar eru á farmskírteini sem hann framvísar og er farmflytjandi þá ábyrgur hafi hann séð eða mátt sjá að farmskírteinið, með þessum upplýsingum, væri villandi fyrir þriðja mann. Ákvæði 2. mgr. og 3. mgr. 111. gr. gilda þá á sama hátt.

■ **113. gr.** Nú er vara ekki í samræmi við lýsingu í farmskírteini og er viðtakanda þá heimilt að krefjast þess af farmflytjanda að hann veiti upplýsingar um hvort sendandi hafi gefið út skaðleysisyfirlýsingu og hvert sé efni hennar.

**Að öðlast rétt í grandleysi.**

■ **114. gr.** Ef einstök eintök farmskírteinis hafa verið framseld ýmsum mönnum fær sá bestan rétt sem fyrstur fékk grandlaus eintak í hendur. En hafi annar maður fengið vöruna afhenta á ákvörðunarstað samkvæmt sínu eintaki af farmskírteininu og þá verið

1985 Nr. 34 19. júní

grandlaus er honum ekki skylt að láta vöruna aftur af hendi.

■ **115. gr.** Nú hefur maður farmskírteini í höndum með þeirri heimild sem í 106. gr. segir og er honum þá ekki skylt að láta það af hendi við þann sem misst hefur ef hann hefur eignast það með framsali og verið þá grandlaus.

■ **116. gr.** Heimild þeirri, sem seljandi kann að hafa til að stöðva afhendingu á vöru til kaupanda eða bús hans eða til að fá vöru skilað aftur, verður ekki beitt gagnvart þriðja manni sem grandlaus hefur eignast farmskírteinið við framsal eftir þeirri heimild sem í 106. gr. segir.

**Gagnfær farmskírteini.**

■ **117. gr.** Með gagnfæru farmskírteini er átt við farmskírteini þar sem greint er frá því að annar en farmflytjandi eigi að annast flutning vörunnar einhvern hluta leiðarinnar. Ákvæðin um farmskírteini gilda, eftir því sem við á, um gagnfær farmskírteini.

□ Nú hefur farmflytjandi gefið út gagnfært farmskírteini og síðan verður gefið út sérstakt farmskírteini fyrir einhvern hluta af leiðinni og skal þá farmflytjandi sjá til þess að á það verði skráð að varan sé flutt samkvæmt gagnfæru farmskírteini.

*5. Gildissvið.*

■ **118. gr.** Eigi er heimilt með samningi að víkja frá ákvæðum 45. gr., 47. gr., 2. mgr. 48. gr., 1. mgr. 51. gr., 68. – 73. gr., 102. gr., 111. gr., 112. gr., 7. tl. 215. gr. og fyrri málsliðar 216. gr. til tjóns fyrir vörusendanda, farmsamningshafa eða viðtakanda þegar beita skal íslenskum rétti samkvæmt 119. gr. Til samnings af þessu tagi telst t. d. fyrirvari um að framselja farmflytjanda rétt til skaðabóta samkvæmt vátryggingarsamningi eða svipaðir fyrirvarar.

□ Ákvæði 1. mgr. stendur ekki í vegi fyrir því að upp sé tekið ákvæði í farmsamning um sameiginlegt sjótjón, sbr. 151. gr., eða fyrirvari sé gerður um takmörkun ábyrgðar farmflytjanda um vöru áður en ferming vöru hefst eða eftir að affermingu lýkur eða um undanþágu ábyrgðar á flutningi á lifandi dýrum eða farmi sem samkvæmt farmsamningi átti að flytja á þilfari og er raunverulega fluttur á þilfari.

□ Hafi verið samið um eða leiði af aðstæðum að annar en farmflytjandi eigi að annast flutning vöru að nokkru eða öllu leyti getur farmflytjandi undanþegið sig ábyrgð á tjóni eða skemmdum sem verða á vörunni meðan hún er í vörslum hins flytjandans.

□ Nú er vara óvenjulegs eðlis eða ástand hennar eða aðstæður eru óvenjulegar eða skilyrði um flutning hennar sérstök og sanngjarnt þykir að semja um takmörkun á skyldum farmflytjanda eða aukningu á rétti hans og er samningurinn þá gildur svo framarlega sem ekki er gefið út farmskírteini en skilmálarnir skráðir í viðtökuvottorð sem ekki er viðskiptabréf og tilgreint sem slíkt.

■ **119. gr.** Flutningur samkvæmt farmskírteini lýtur löggjöf þess ríkis þar sem farmskírteinið er gefið út ef það ríki á aðild að alþjóðasáttmála frá 25. ágúst 1924, um farmskírteini, með viðauka frá 23. febrúar 1968, Haag/Visby-reglunum. Nú er farmskírteini gefið út í ríki sem ekki á aðild að sáttmálanum en varan er flutt frá ríki sem aðild á að honum og fer þá um flutninginn eftir löggjöf aðildarríkisins. Nú er farmskírteinið gefið út samkvæmt farmsamningi og gilda þá ákvæði 1. og 2. málsliðar aðeins að því leyti sem farmskírteinið ákvarðar réttarsamband farmflytjanda og handhafa farmskírteinis.

□ Ákvæði þessa kafla gilda um farmflutninga í innanlandssiglingum hvort sem farmskírteini hefur verið gefið út eða ekki.

□ Flutningur samkvæmt farmskírteini til hafnar hér á landi frá ríki sem ekki á aðild að sáttmála þeim, sem um ræðir í 1. mgr., lýtur ákvæðum þessa kafla.

□ Heimilt er, án tillits til ákvæða þessarar greinar, að ákveða í farmskírteini að flutningur skuli lúta reglum nefnds alþjóðasáttmála og viðauka eða löggjöf tiltekins ríkis.

**V. kafli. Um flutning á farþegum og farangri.**

*1. Upphafsákvæði.*

■ **120. gr.** Með „farsala" er í þessum kafla átt við þann sem í atvinnuskyni eða gegn þóknun í viðskiptaaugnamiði tekur að sér eftir samningi að flytja með skipi farþega eða farþega og farangur.

□ Með „farþega" er átt við mann sem flytja á eða verður fluttur með skipi samkvæmt farsamningi og enn fremur þann sem með heimild farsala fylgir ökutæki eða lifandi dýri sem háð er samningi um vöruflutning.

□ Með „farangri" er átt við sérhvern hlut, þ. m. t. ökutæki, sem fluttur er í tengslum við samning um farþegaflutning, auk þeirra dýrgripa sem greindir eru í 2. mgr. 138. gr. Með „handfarangri" er átt við farangur sem farþegi hefur í vörslum sínum eða í klefa sínum eða sem hann flytur með sér í eða á ökutæki sínu. Reglur um farangur gilda ekki ef varan er flutt samkvæmt farmsamningi eða farmskírteini eða skjali sem notað er við vöruflutninga.

■ **121. gr.** Með þeirri undantekningu, sem fram kemur í 127. gr. og sem leiðir af 149. og 150. gr., skal því aðeins beita ákvæðum þessa kafla að ekki leiði annað af samningi eða venju.

■ **122. gr.** Ákvæðum þessa kafla verður ekki beitt ef flutningurinn er háður alþjóðasamningi um flutning með annars konar farartæki en skipi.

■ **123. gr.** Nú fer einhver með skipi án þess að vera farþegi eða skipverji og hann bíður bana eða tjón eins og greint er í 137. og 138. gr. og gilda þá ákvæði þessa kafla um mótmæli og takmörkun ábyrgðar, eftir því sem við á, til hagsbóta fyrir þann sem bótaábyrgðinni er beint að.

*2. Um flutninginn.*

■ **124. gr.** Farsali skal sjá um að skip sé haffært, nægilega mannað, birgt af vistum og búnaði og að öðru leyti til þess búið að veita farþegum viðtöku og flytja þá. Farsali skal annast öruggan flutning farþegans og farangurs hans og gæta hags hans að öðru leyti á fullnægjandi hátt.

□ Farsala er óheimilt að flytja farangur á þilfari nema það hafi stoð í samningi eða venju.

□ Ferð skal halda áfram með hæfilegum hraða. Sigling úr leið eða önnur töf er því aðeins heimil að bjarga þurfi mönnum úr lífsháska, að bjarga þurfi skipi eða farmi eða af öðrum réttmætum ástæðum.

■ **125. gr.** Ef tiltekið skip er greint í samningi er

farsala óheimilt að nota annað skip til efnda á samningnum.

■ **126. gr.** Ef farsamningur hefur verið gerður um flutning á tilteknum manni er honum ekki heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningnum. Aldrei er farþega unnt að framselja rétt samkvæmt farsamningi eftir að ferð er hafin.

■ **127. gr.** Skylt er farþegum að fara að öllu leyti eftir fyrirmælum þeim sem gefin eru um góða háttsemi og reglu á skipi.

□ Ákvæði sjómannalaga um heimild til að grípa til ráðstafana gagnvart skipshöfninni, sem nauðsynlegar eru til að halda uppi reglu um borð og til að taka skýrslur af þeim, taka og til farþega eftir því sem við getur átt.

■ **128. gr.** Farþegar mega hafa meðferðis farangur að hæfilegu marki.

□ Sé farþega kunnugt um að af farangri geti stafað hætta eða verulegt óhagræði fyrir skip, mannslíf eða aðra vöru skal hann skýra farsala frá því áður en ferð hefst. Sama gildir ef annar farangur en handfarangur þarfnast sérstaklega gætilegrar meðferðar. Eiginleikar farangurs, sem hér var lýst, skulu, eftir því sem unnt er, tilgreindir á viðkomandi munum áður en ferð hefst.

■ **129. gr.** Farsala er heimilt að synja farþega um leyfi til að taka með sér farangur sem getur valdið hættu eða verulegum óþægindum fyrir menn, skip eða aðra vöru sem á skipi er.

□ Nú er búið að ferma þess háttar muni, sem um er rætt í 1. mgr., án þess að farsala sé kunnugt um ástand þeirra og getur hann þá eftir atvikum affermt þá, gert þá óskaðlega eða ónýtt þá bótalaust. Sama gildir þótt farsala hafi verið kunnugt um ástand farangurs við fermingu ef síðar kemur í ljós að af honum getur stafað hætta fyrir menn, skip eða aðra vöru sem á skipi er og eigi sé verjandi að geyma farangurinn um borð.

■ **130. gr.** Hafi farangur valdið farsala tjóni ber farþeganum að greiða bætur ef um er að kenna yfirsjón eða vanrækslu hans sjálfs eða manna sem hann ber ábyrgð á.

■ **131. gr.** Heimilt er farsala að halda öðrum farangri en handfarangri sem honum hefur verið falinn til varðveislu til þess er farþegi hefur greitt fargjaldið og andvirði þess er hann hefur neytt á skipi á leiðinni, svo og annan kostnað sem varð á leiðinni. Ef greiðsla er ekki innt af hendi má fela farangur til varðveislu, svo að öruggt sé, á kostnað farþega. Heimilt er þá farsala að láta selja á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggum hætti svo mikið af farangrinum sem nægir til lúkningar kröfu hans og kostnaði.

■ **132. gr.** Nú gildir samningur um tiltekið skip en það ferst eða er dæmt óbætandi áður en ferð hefst og fellur þá niður skylda farsala til að annast flutninginn.

□ Farþegi getur riftað samningi ef brottför skips seinkar verulega frá þeim stað þar sem það átti að hefja ferðina.

■ **133. gr.** Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi eftir að ferð er hafin eða það verður fyrir slíkri töf á leiðinni að þess verður ekki vænst að farþegar bíði í skipi og er farsala þá, á eigin kostnað, skylt að sjá þeim og farangri þeirra fyrir hæfilegu fari með skipi eða öðru flutningstæki áfram til ákvörðunarstaðar. Láti farsali hjá líða að verða við þessu innan hæfilegs frests getur farþeginn riftað farsamningi.

□ Nú verður farþegi að dveljast í einhverri höfn á leið skipsins vegna sjótjóns eða annarra ástæðna er skip varða og skal farsali þá sjá honum fyrir fæði og gistingu við hæfi og standa straum af þeim kostnaði sem því fylgir.

1985 Nr. 34 19. júní

■ **134. gr.** Ef farþegi hættir við ferðina eða fer af skipinu á leiðinni á farsali rétt til umsamins fargjalds nema farþegi hafi látist eða sjúkdómur eða önnur lögmæt forföll hafi hindrað för hans enda sé farsala tilkynnt það án tafar. Frá fargjaldi skal þó draga útgjöld sem farsali sparar sér eða hefði getað sparað sér.

■ **135. gr.** Nú kemur í ljós eftir að farsamningur er gerður að farþegum eða skipi mundi í hættu stofnað með ferðinni af völdum styrjaldar, herkvíunar, uppreisnar, innanlandsóeirða, sjóráns eða annarrar árásar vopnaðra manna eða hætta af þessum sökum hefur aukist til muna og er þá bæði farsala og farþegum heimilt að rifta samningi bótalaust þó að ferð sé hafin. Sá, sem rifta vill samningi, skal tilkynna það án óþarfrar tafar. Láti hann það hjá líða skal hann bæta tjón það sem af því leiðir.

■ **136. gr.** Nú hefur nokkur hluti leiðar verið farinn þegar farþegi fer frá borði vegna atvika sem honum verða ekki gefin að sök, sbr. 134. gr., eða hann riftir farsamningi samkvæmt 133. gr. eða eftir að ferð er hafin samkvæmt því sem í 135. gr. segir og á farsali þá rétt til fargjalds eftir vegalengd samkvæmt því sem mælt er um í 2. og 3. mgr. 79. gr.

□ Hafi farsali fengið greitt meira gjald en honum ber réttur til samkvæmt 1. mgr. skal hann endurgreiða það sem umfram er.

*3. Ábyrgð farsala á farþegum og farangri.*

■ **137. gr.** Farsala er skylt að bæta tjón er hlýst af því að farþegi lætur lífið eða slasast meðan á ferð stendur ef tjónið má rekja til yfirsjónar eða vanrækslu farsala sjálfs eða einhvers manns sem hann ber ábyrgð á. Hið sama gildir um tjón sem stafar af seinkun í sambandi við flutning á farþeganum.

■ **138. gr.** Farsala er skylt að bæta tjón er hlýst af því að farangur týnist eða skemmist meðan á ferð stendur ef tapið eða tjónið hlýst af yfirsjón eða vanrækslu hans sjálfs eða einhvers manns sem hann ber ábyrgð á. Hið sama gildir um tjón sem hlýst af seinkun í sambandi við flutning eða afhendingu farangurs.

□ Farsali er ekki ábyrgur fyrir tapi eða tjóni á peningum, verðbréfum eða öðrum verðmætum, t. d. gulli, silfri, úrum, gimsteinum, skartgripum eða listmunum, nema hann hafi tekið við þeim til öryggisgeymslu.

■ **139. gr.** Lækka má fébótaábyrgð farsala eða fella niður ef hann sannar að farþeginn hafi með yfirsjónum eða vanrækslu átt einhverja sök á því tapi eða tjóni sem greinir í 137. og 138. gr.

■ **140. gr.** Sönnunarbyrði um það, hversu mikið tap eða tjón var, eða um það, að tapið eða tjónið hafi orðið af óhappatilviljun í flutningi, hvílir á þeim sem bóta krefst.

□ Við lífs- eða líkamstjón ber sá, sem bóta krefst, einnig sönnunarbyrði um að tjónið hafi stafað af yfirsjónum eða vanrækslu farsala eða einhvers manns sem hann ber ábyrgð á. Nú stafar tjón af eða er í tengslum við skipstapa, strand, árekstur, sprengingu, eldsvoða eða galla í skipinu og ber farsali þá sönnunarbyrði um að yfirsjónum eða vanrækslu sé ekki um að kenna.

□ Um tap eða tjón á handfarangri gilda ákvæði 2. mgr., eftir því sem við á. Fyrir tap eða tjón á öðrum farangri ber farsali sönnunarbyrði um að ekki sé um að kenna yfirsjónum eða vanrækslu.

□ Farsali ber sönnunarbyrði um að tjón, sem stafar af seinkun ferðar, hafi ekki hlotist vegna yfirsjónar eða vanrækslu hans sjálfs eða einhvers manns sem hann ber ábyrgð á.

■ **141. gr.** Ábyrgð farsala skal eigi fara fram úr 100 000 SDR fyrir hvern farþega sem hefur látist eða slasast. Ábyrgð á seinkun í sambandi við flutning farþegans skal ekki fara fram úr 2000 SDR.

□ Ábyrgð farsala á tapi eða tjóni, sem hlýst af því að farangur glatast, skaddast eða kemur of seint fram, takmarkast við:

1. 1300 SDR fyrir handfarangur hvers farþega,
2. 5000 SDR fyrir verðmæti sem nefnd eru í 2. mgr. 138. gr.,
3. 8000 SDR fyrir hverja bifreið sem tapast eða skemmist,
4. 2000 SDR fyrir tap eða tjón á farangri hvers farþega.

□ Takmörk fjárhæða í 1. og 2. mgr. miðast við hverja einstaka ferð.

□ Í ábyrgðarfjárhæðum, sem greindar eru í 1. og 2. mgr., eru ekki meðtaldir vextir eða málskostnaður.

□ Verðmæliseiningin SDR er sú reiknieining sem greinir í 177. gr.

□ Með samningi er farþega og farsala heimilt að hækka ábyrgðarmörk þau sem greinir í 1. og 2. mgr.

■ **142. gr.** Frá tjóni er hlýst getur farsali dregið allt að:

1. 150 SDR fyrir hverja bifreið sem tjón verður á,
2. 20 SDR fyrir tap eða tjón á öðrum farangri hvers farþega,
3. 20 SDR fyrir hvern farþega vegna tjóns sem hlýst af seinkun.

■ **143. gr.** Farsala er óheimilt að takmarka ábyrgð sína samkvæmt 141. gr. eða draga frá tjóni fjárhæð samkvæmt 142. gr. ef það sannast að farsali hafi sjálfur valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og mátti vera ljóst að slíkt tjón mundi sennilega hljótast af.

■ **144. gr.** Ákvæðin um mótmæli farsala og takmörk ábyrgðar hans eiga einnig við þótt krafan gegn honum sé ekki byggð á farsamningi.

■ **145. gr.** Nú annast annar en farsali flutninginn að nokkru eða öllu leyti og er farsali eigi að síður ábyrgur sem hann hefði sjálfur annast flutninginn. Ákvæði þessa kafla skulu þá gilda, eftir því sem við á.

□ Við flutning, sem fram fer með skipi, er sá, sem annast flutninginn, ábyrgur eftir sömu reglum og farsali fyrir þeim hluta flutnings sem hann annast. Samningur, sem felur í sér að farsali taki á sig ríkari ábyrgð en í kafla þessum er ákveðin, er ekki bindandi fyrir þann sem annast flutninginn nema hann hafi samþykkt rýmkun ábyrgðarinnar.

□ Farsali og sá, sem ábyrgð ber samkvæmt 2. mgr., bera óskipta ábyrgð.

■ **146. gr.** Ákvæðin um mótmæli og takmörkun ábyrgðar gilda, eftir því sem við á, um þann sem farsali ber ábyrgð á samkvæmt 171. gr. og 1. mgr. 145. gr. Samtala þeirra skaðabótafjárhæða, sem farsali og þeir menn, sem hann ber ábyrgð á, verða skyldaðir til að greiða, má ekki fara fram úr þeim ábyrgðarmörkum sem ákveðin eru fyrir farsalann. Sérhver þeirra er aðeins ábyrgur að því marki sem gildir fyrir hann.

□ Eigi getur sá borið fyrir sig ákvæði 1. mgr. sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og mátti vera ljóst að slíkt tjón mundi sennilega hljótast af.

■ **147. gr.** Hafi farþegi beðið líkamstjón eða annað tjón vegna seinkunar í sambandi við flutning getur einungis farþeginn sjálfur borið fram kröfu til bóta af þeim sökum eða sá sem öðlast hefur réttarstöðu hans.

□ Skaðabótakröfu vegna andláts farþega getur sá einn borið fram sem tekur við réttindum hins látna eða þeir sem voru á framfæri hans.

■ **148. gr.** Mál vegna flutnings farþega eða farangurs má aðeins sækja fyrir:

1. dómstóli á þeim stað sem stefndi á heimili eða hefur aðalstarfsstofu,
2. dómstóli á brottfararstað eða ákvörðunarstað samkvæmt farsamningi,
3. dómstóli í ríki því sem stefnandi á heimili enda hafi stefndi starfsstofu þar og unnt sé að lögsækja hann í því ríki,
4. dómstóli í ríki því sem farsamningurinn var gerður í enda hafi stefndi starfsstofu í því ríki og unnt sé að lögsækja hann þar.

□ Eftir að tjón er orðið sem ágreiningi veldur geta þó aðilar samið um annað varnarþing en í 1. mgr. greinir eða vísað málinu í gerð.

*4. Ýmis ákvæði.*

■ **149. gr.** Fyrir fram má ekki semja um frávik frá reglunum í 130. – 148. gr., svo og 3. – 5. tl. 215. gr. farþegum í óhag.

■ **150. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 149. gr. er farsala heimilt, við farþegaflutning, að áskilja sér að vera laus við ábyrgð áður en að því kemur að farþegi stígi á skipsfjöl og eftir þann tíma að hann er farinn frá borði. Þó gildir þetta ekki ef um flutning á sjó milli skips og lands er að ræða og þessi flutningur er innifalinn í fargjaldinu eða flutningurinn fer fram með farartæki sem farsali leggur til.

□ Farsali getur undanþegið sig ábyrgð á handfarangri sem ekki er í eða á meðfylgjandi ökutæki áður en hann kemur um borð og eftir að hann er farinn frá borði, þó ekki ef um flutning á sjó milli skips og lands er að ræða eins og greinir í 1. mgr. eða fyrir þann tíma sem farangurinn er í vörslum farsala en farþeginn er staddur á hafnarbakka, í farþegastöð eða í öðrum hafnarmannvirkjum.

□ Nú á tiltekinn flutningsaðili, annar en farsali, að annast hluta flutningsins samkvæmt farsamningnum og getur farsali þá undanþegið sig ábyrgð á tapi eða tjóni sem hlýst á þeim hluta leiðarinnar sem annar flutningsaðili annast.

□ Farsala er ávallt heimilt að undanþiggja sig ábyrgð á lifandi dýrum sem eru flutt sem farangur.

**VI. kafli. Um sjótjón.**

■ **151. gr.** Hafi eigi verið samið á annan veg gilda York/Antwerpen-reglurnar frá 1974 um alla þætti sameiginlegs sjótjóns.

□ Samgönguráðuneytið lætur gera handhæga útgáfu af reglum þessum, eins og þær eru á hverjum tíma, í íslenskri þýðingu.

■ **152. gr.** Hafi eigi verið samið á annan veg fer fullnaðarmat og niðurjöfnun sameiginlegs sjótjóns fram á þeim stað sem útgerðarmaður velur.

□ Niðurjöfnun sjótjóna annast löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóna eða, ef þess er alls ekki kostur, tveir

1985 Nr. 34 19. júní

dómkvaddir menn. Ágreining um réttmæti niðurjöfnunar má bera undir dómstóla.

■ **153. gr.** Tjón á skipi og farmi, sem bæta skal í sameiginlegu sjótjóni, skulu meta þeir menn sem skipaðir eru eftir ákvæðum 20. gr. Sömu menn skulu meta verðmæti skips og farms til framlags í sameiginlegu sjótjóni.

■ **154. gr.** Útgerðarmaður eða sá, sem annast rekstur skips í umboði hans, getur farið þess á leit að sameiginlegu sjótjóni verði jafnað niður. Hafi slík beiðni eigi komið fram innan tveggja vikna frá því að útgerðarmanni eða umboðsmanni hans barst áskorun um það frá einhverjum þeim, sem lögmætra hagsmuna hafa að gæta vegna sjótjónsins, getur hagsmunaeigandinn sjálfur farið þess á leit að sjótjóni verði jafnað niður.

■ **155. gr.** Hver sá, sem sjótjónið snertir, er skyldur til að láta í té allar upplýsingar, skjöl og önnur sönnunargögn sem löggiltur niðurjöfnunarmaður eða dómkvaddir niðurjöfnunarmenn sjótjóns telja þörf.

■ **156. gr.** Sjótjónsframlag af hálfu farms eða annarrar vöru ábyrgist eigandi hinna framlagsskyldu muna með þeim einum en ekki með öðrum eignum.

□ Eigi má afhenda farm sem er í ábyrgð fyrir sjótjónsframlagi fyrr en sjótjónsframlag er greitt eða fullnægjandi trygging fengin fyrir greiðslu.

■ **157. gr.** Nú verður tjón á skipi eða öðrum munum eða kostnaður sem stafar af óhappi á ferð og telst ekki til sameiginlegs sjótjóns né skipað er fyrir um með sérstökum ákvæðum að farið skuli með eftir reglum um sameiginlegt sjótjón og skal það þá, sem einkasjótjón, koma niður á þeim munum, einum eða fleirum, sem skaði varð á eða kostnaður.

□ Nú telst kostnaður til einkasjótjóns og varð hann bæði á skipi og farmi sameiginlega eða á ýmsum hlutum farms og skal honum þá jafnað eftir sanngirni á þá fémuni sem kostnaðurinn reis af og skal þar þá farið, svo sem verða má, eftir reglunum um sameiginlegt sjótjón. Kostnaður af björgun farms kemur hlutfallslega niður á farminum og farmgjaldi því sem greitt er af munum þeim sem bjargað varð.

□ Um niðurjöfnun einkasjótjóns fer eftir ákvæðum 152. gr. ef einhver krefst þess sem hlut á að máli.

**VII. kafli. Um tjón af árekstri o. fl.**

■ **158. gr.** Ef tjón verður á skipi, öðrum fjármunum eða á mönnum af því að skip rákust á og sökin liggur öll annars vegar þá bætir hinn seki skaða þann allan er af hlaust.

□ Nú er sökin beggja megin og skulu þá hinir seku bæta skaðann að réttri tiltölu við sök hvers þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins að ekki verður byggð á þeim skipting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum þá bæta hinir seku tjónið að jöfnum hlutum.

□ Hver hinna seku ábyrgist einungis sinn hluta skaðabótanna nema mannsbani hafi hlotist af árekstrinum eða tjón á líkama eða heilbrigði. Þá má sá, er skaðabótaréttinn á, krefja hvern hinna seku um allar skaðabæturnar. Ef einhver hinna seku hefur af þessum ástæðum orðið að greiða meiri bætur heldur en í hans hlut áttu að koma að réttri tiltölu þá á hann endurgjaldsrétt á hendur hinum á þeirri upphæð sem hann varð að greiða umfram sinn hlut. Sá, sem endurkröfu er beint til, getur beitt fyrir sig þeim rétti til undanþágu frá bótaskyldu eða þeim rétti til takmörkunar á bótaábyrgð sem hann gæti borið fyrir sig gagnvart tjónþola samkvæmt lögum eða samningi sem ekki girðir fyrir ábyrgð umfram það sem segir í 68., 70. og 137. – 143. gr. eða í samsvarandi ákvæðum í rétti þess lands sem ræður réttarstöðu hans gagnvart tjónþola.

■ **159. gr.** Þegar meta skal sök á árekstri samkvæmt 158. gr. skal dómari einkanlega gefa gaum að því hve langan tíma skipstjórnarmaður hafði til að gera sér grein fyrir aðstæðum.

■ **160. gr.** Ef árekstur inn varð af óhappatilviljun eða það vitnast ekki að annar hvor aðila hafi átt sök á honum fær hvorugt skipið bættan skaða sinn.

■ **161. gr.** Nú rekast skip á og er þá skipstjórum þeirra skylt að veita þeim skipum, skipshöfnum og farþegum, sem hætta stafar af árekstrinum, alla þá hjálp er þeir mega og nauðsyn er á til bjargar án þess þó að stofna í verulega hættu skipi sínu, skipshöfn eða farþegum. Skylt er einnig skipstjórum að segja hver öðrum nöfn og heimkynni skipa sinna, úr hvaða stað eða höfn þau koma og hvert þeim sé ætlað að fara.

■ **162. gr.** Það, sem fyrir er mælt í 158. – 161. gr. um árekstur skipa, kemur einnig til greina þá er skip, með siglingu sinni eða á líkan hátt, veldur tjóni á öðru skipi eða á mönnum eða fjármunum sem á því eru þótt ekki hafi skip rekist á.

**VIII. kafli. Um björgun.**[1)]

[1)] *Sjá l. 18/1976, 14. gr.*

■ **163. gr.** Skylt er sjófarendum að leitast við að bjarga mönnum, skipum eða fjármunum, sem á skipi eru, úr hættu verði það gert án þess að björgunarmönnum eða skipi þeirra sé stefnt í háska.

■ **164. gr.** Hver sá, sem bjargar skipi sem farist hefur eða er statt í hættu eða fjármunum sem á því eru eða nokkru af því skipi eða þeim fjármunum, og hver sá, sem veitir að björguninni, á rétt til björgunarlauna. Sá, sem bjargar mönnum af skipinu meðan það var statt í hættu þeirri sem var tilefni björgunarinnar eða veitir að björgun mannanna, á rétt á hluta úr björgunarlaununum.

□ Nú tekur einhver þátt í björguninni gegn beru og réttmætu banni þess sem hefur stjórn skipsins á hendi og á hann þá engan rétt á björgunarlaunum.

□ Krefja má björgunarlauna jafnt þótt það skip, sem bjargaði, sé eign sama manns sem hitt er bjargað var.

□ Nú hefur einhver tekist á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita því aðstoð á annan líkan hátt og skipið kemst í hættu og á hann þá aðeins rétt á björgunarlaunum að því leyti sem talið verður að aðstoð sú, sem hann veitir, hafi farið fram úr því sem honum bar skylda til samkvæmt því er honum bar að inna af hendi.

□ Nú verða málsaðilar ekki á eitt sáttir um hve mikil björgunarlaunin skuli vera og sker þá dómur úr.

□ Eigandi farms eða muna, sem til farms hafa talist, ábyrgist greiðslu björgunarlauna aðeins með þeim munum sem björgun tekur til en ekki með öðrum eignum.

■ **165. gr.** Þá er björgunarlaun eru ákveðin skal þessa gætt:

1. í fyrsta lagi:

a. að hve miklu leyti björgunin tókst,

b. verklagni þeirrar og atorku sem björgunarmenn beittu við björgunina og tíma þess og fyrirhafnar sem til hennar var varið,

c. hættu þeirrar sem skipið, er bjargað var, var statt í,

skipshöfn þess, farþegar eða fjármunir sem á skipinu voru,

d. hættu þeirrar sem björgunarmönnum og eignum þeirra var stofnað í,

e. áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt,

f. skaða þess sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar sem þeir hafa haft og verðmætis björgunartækja þeirra sem notuð voru,

g. hvort skipið, sem bjargaði, var sérstaklega útbúið til björgunar;

2. í öðru lagi verðmætis þess sem bjargað var; nú[1] var skip það, er bjargað var, eigi statt í yfirvofandi hættu en gat þó eigi komist til hafnar fyrir eigin vélarafli og skal þá þessara atriða einkum gætt við ákvörðun björgunarlauna:

a. að hve miklu leyti björgunin tókst,

b. tíma þess og fyrirhafnar sem til björgunarinnar var varið,

c. tilkostnaðar þess og fjártjóns sem björgunarmenn hafa haft og skal þá sérstaklega við það miðað að þeir, sem að björgun veita, bíði eigi fjártjón við að hverfa frá öðrum verkefnum til björgunarinnar,

d. hvort skipið, sem bjargaði, var sérstaklega útbúið til björgunar.

☐ Nú kemur í ljós að björgunarmaður átti sjálfur sök á hættu þeirri, sem var tilefni björgunarinnar, eða hefur orðið sekur um þjófnað, hylming eða aðra sviksamlega meðferð á fjármunum þeim sem bjargað var og má þá lækka eða fella að fullu niður björgunarlaun þess manns.

[1] *Svo í Stjtíð.*

■ **166. gr.** Ekki má ákveða björgunarlaun hærri en sem nemur verðmæti þess sem bjargað var, að meðtöldu flutningsgjaldi fyrir farm og farþega en að frádregnum tolli og öðrum opinberum gjöldum, svo og kostnaði við geymslu þess, virðingargerð og sölu.

☐ Í björgunarlaunum felst einnig þóknun fyrir að flytja fjármuni þá, sem bjargað var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir afnot farartækja og annarra tækja sem notuð voru til þess.

■ **167. gr.** Ef björgunarsamningur hefur verið gerður meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar þá má hver aðila sem er krefjast þess að dómur ógildi samninginn eða breyti honum ef telja verður að skilmálar hans séu ósanngjarnir.

☐ Rétt er og dómi að ógilda björgunarsamning eða breyta honum ávallt þá er telja verður, að umsamin björgunarlaun séu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá sem veitt var, ef sá aðili, sem á var hallað, krefst þess.

☐ Ákvæðið í síðari málsgrein 165. gr. kemur einnig til greina þá er samningur hefur verið gerður um björgun.

☐ Mál til ógildingar björgunarsamnings eða til breytingar á honum skal höfða innan þriggja mánaða frá því að samningurinn var gerður.

■ **168. gr.** Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skiptingu björgunarlauna þá skal skipt með dómi og gætt þeirra atriða sem talin eru í 165. gr.

■ **169. gr.** Nú hefur skip bjargað einhverju á ferð og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón sem varð á því skipi, farmi þess eða á öðrum fjármunum sem á skipinu voru, ásamt útgjöldum vegna eldsneytis og launa skipstjóra og skipshafnar sem af björgunarstarfinu leiddi. Af óskiptum björgunarlaunum skal einnig greiða þóknun samkvæmt 3. málsgrein.

☐ Því, sem þá er eftir af björgunarlaununum, skal skipt þannig að þrír fimmtu hlutar falli til útgerðarinnar en tveir fimmtu hlutar til áhafnarinnar. Hlut áhafnar skal skipt á þann veg að skipstjóri fái einn þriðja hluta en hin eiginlega skipshöfn tvo þriðju hluta. Milli skipshafnar skal skipt að réttri tiltölu miðað við föst laun hvers og eins eða hlutaskiptareglur, eftir því sem við á. Hlutur skipstjóra skal þó aldrei vera lægri en tvöfaldur hlutur þess skipverja sem hæst björgunarlaun fær. Leiðsögumaður um borð í skipi því, sem bjargar, fær skiptahlut í hluta skipshafnarinnar þótt hann sé ekki ráðinn hjá útgerðinni. Skal skiptahlutur hans vera jafn hæsta stýrimannshlut. Á skipum, þar sem tekjur skipstjóra og skipshafnar miðast hvorki við föst laun né tiltekinn hlut, skulu allir skipverjar, að skipstjóra meðtöldum, eiga jafna hlutdeild í björgunarlaunum.

☐ Nú hefur einhver björgunarmanna skarað fram úr við björgunarstörfin, t. d. náð þar sérstaklega ríkum árangri eða stofnað sér í hættu umfram aðra, og má þá veita honum sérstaka aukaþóknun af þeim sökum. Útgerðarmaður getur greitt þessa þóknun ótilkvaddur en að öðrum kosti þarf rökstudd beiðni að hafa borist honum áður en mánuður er liðinn frá því að björgun lauk. Hafi skipverji, án nægra ástæðna, látið hjá líða að hlýðnast réttmætum fyrirmælum yfirmanns síns um að taka þátt í björgunarstörfum verður hann að hlíta því að hlutdeild hans í björgunarlaunum kunni að vera lækkuð eða jafnvel felld niður ef nægar ástæður eru og hækkar þá að sama skapi heildarskiptahlutur annarra skipverja, að skipstjóra frátöldum.

☐ Jafnskjótt og björgunarlaun hafa verið ákvörðuð með samningi eða endanlegum dómi skal útgerðarmaður senda hverjum þeim, sem á hlutdeild í þeim björgunarlaunum, tilkynningu um upphæð þeirra ásamt áætlun um skiptingu þeirra. Mótmæli gegn skiptaáætlun útgerðarmanns skulu hafa borist honum áður en einn mánuður er liðinn frá því að framangreind tilkynning var send.

☐ Samningsákvæði, sem mæla fyrir um að skipstjóri eða skipshöfn skuli hafa minni hlut í björgunarlaunum en 2. málsgrein mælir fyrir um, skulu vera ógild nema viðkomandi hafi verið ráðinn á skip til björgunarstarfa eða á skip sem sérstaklega var búið til björgunar eða samningurinn hafi verið gerður við ráðninguna og þá vegna tiltekinnar björgunaraðgerðar.

■ **170. gr.** Björgunarmenn geta krafist þess að skip eða aðrir fjármunir, sem bjargað var, verði eigi færð á brott áður en þeim hafa verið greidd björgunarlaunin að fullu eða fullnægjandi trygging hefur verið sett fyrir greiðslu þeirra.

**IX. kafli. Um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar.**

*1. Ábyrgð útgerðarmanns á öðrum.*

■ **171. gr.** Útgerðarmaður ber ábyrgð á tjóni sem stafar af yfirsjónum eða vanrækslu í starfi hjá skipstjóra, skipshöfn, hafnsögumanni eða öðrum sem starfa í þágu skips.

☐ Nú hefur útgerðarmaður greitt bætur af þessum sökum og getur hann þá endurkrafið þann, er valdur var að

tjóninu, um bótaupphæðina, að því marki sem lög heimila.

*2. Slys á skipverjum.*

■ **172. gr.** Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur yfirsjónar þeirra er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, sýndi vítavert gáleysi sem leiddi til slyssins eða tjónsins.

□ Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla samkvæmt 1. mgr. sem hér segir:

1. Dánarbætur:

a. 360 000 kr. við andlát er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðarreglur mæla fyrir um. Með „maka" er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.

b. 140 000 kr. til viðbótar greiðslu skv. a-lið ef bætur greiðast samkvæmt c- eða d-lið og skiptast á sama hátt og bætur samkvæmt a-lið.

c. Mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka í þrjú ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar. Við andlát eftirlifandi maka ganga greiðslur þessar ekki í arf. Nú er eftirlifandi maki 45 ára eða eldri þegar slys ber að höndum og eigi með barn eða börn á framfæri sínu sem bætur taka eftir d-lið þessa töluliðar og skal hann þá njóta bótanna í sex ár frá því að slys varð. Ákvæði þessi skerða í engu réttindi maka vegna slysa sem orðið hafa fyrir gildistöku laga þessara.

d. Mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldri ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:

a. Dagpeningar sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkvæmt 33. gr. laga um almannatryggingar, þó þannig að heildarupphæð dagpeninga sé aldrei hærri en þau laun sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.

b. Vegna varanlegrar örorku greiðast bætur á eftirfarandi hátt: 9100 kr. fyrir hvert örorkustig á bilinu frá 1 – 25%, 18 200 kr. á bilinu frá 26 – 50% og 27 300 kr. fyrir hvert örorkustig umfram 50%.

□ Frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur ef greiddar hafa verið.

□ Upphæðir þær, sem um ræðir í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við breytingar á næstlægsta launaflokki Dagsbrúnar (efsta starfsaldursþrepi) og skal Hagstofa Íslands birta tilkynningar um breytingar á framangreindum upphæðum eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

*3. Um heimild til takmörkunar ábyrgðar.*

■ **173. gr.** Útgerðarmaður getur takmarkað ábyrgð sína eftir reglum þessa kafla. Sömu heimild hefur eigandi skips (sem ekki er útgerðarmaður), afnotahafi, farmsamningshafi, umráðamaður (disponent) og hver sá sem starfar í beinu sambandi við björgun skips, þ. m. t. störf sem getið er í 4., 5. og 6. tl. 1. mgr. 174. gr.

□ Þeir menn, sem útgerðarmaður eða aðrir, sem nefndir eru í 1. mgr., bera ábyrgð á, svo sem sjálfstæðir verktakar ef því er að skipta, geta einnig takmarkað ábyrgð sína samkvæmt reglum þessa kafla.

□ Sá, sem tekur að sér að tryggja gegn ábyrgð á kröfu sem sætir takmörkun ábyrgðar, hefur sömu heimild til að takmarka ábyrgðina og hinn tryggði sjálfur.

■ **174. gr.** Heimild til takmörkunar á ábyrgð er fyrir hendi án tillits til þess á hvaða grundvelli ábyrgðin hvílir að því er varðar kröfur sem snerta:

1. tjón á mönnum eða munum þegar tjónið verður um borð í skipinu eða í beinum tengslum við rekstur skipsins eða björgun,

2. tjón er hlýst af seinkun flutninga á skipi með farm, farþega eða farangur þeirra,

3. tjón er hlýst af skerðingu réttinda utan samninga enda eigi tjónið rót sína að rekja til reksturs skipsins eða til björgunar,

4. það að skipi er lyft af hafsbotni, það flutt brott, eyðilagt eða gert óskaðlegt eftir að það hefur sokkið, strandað, verið yfirgefið eða er orðið að flaki og á þetta einnig við um það sem er eða hefur verið um borð í slíku skipi,

5. brottflutning farms, eyðileggingu hans eða það að farmur er gerður óskaðlegur,

6. úrræði sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir eða takmarka tjón sem ella hefði sætt takmörkun á ábyrgð og enn fremur tjón sem hlýst af slíkum úrræðum.

□ Eigi sá, sem ábyrgur er, gagnkröfu á hendur kröfuhafa og báðar kröfurnar stafa af sama atburði nær takmörkun ábyrgðar aðeins til þess hluta aðalkröfu sem fer fram úr gagnkröfunni.

■ **175. gr.** Réttur til að takmarka ábyrgð nær ekki til:

1. kröfu um björgunarlaun, framlag til sameiginlegs sjótjóns eða endurgjalds samkvæmt samningi vegna úrræða sem greind eru í 4., 5. eða 6. tl. 1. mgr. 174. gr.,

2. kröfu vegna tjóns eða útgjalda af því tagi sem nefnt er í alþjóðasamningi frá 29. nóvember 1969, um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sbr. l. nr. 14/1979,

3. kröfu sem háð er alþjóðasamningi eða landslögum sem kveða á um eða banna takmörkun ábyrgðar á tjóni af völdum kjarnorku,

4. kröfu vegna tjóns af völdum kjarnorku er stafar frá kjarnorkuknúnu skipi,

5. kröfu vegna tjóns á mönnum eða munum er þeir verða fyrir sem ráðnir eru hjá manni sem greint er frá í 1. mgr. 173. gr. og sem rækja starf í þágu skips eða í sambandi við björgun, þó þannig að verði lífs- eða líkamstjón á mönnum sem ráðnir eru í skipsrúm hjá útgerðarmanni með þeim hætti sem frá er greint í 1. mgr. 172. gr. takmarkist hin hlutlæga bótaábyrgð útgerðarmanns við fjárhæðir þær sem um ræðir í 2. mgr. þeirrar greinar,

6. kröfu um vexti og málskostnað.

■ **176. gr.** Þeim, sem ábyrgð ber, er óheimilt að takmarka ábyrgð sína ef það sannast að hann hafi sjálfur valdið viðkomandi tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og að honum hafi mátt vera ljóst að slíkt tjón mundi sennilega hljótast af.

*4. Upphæð takmörkunarfjárhæða.*

■ **177. gr.** Þegar krafa rís vegna þess að farþegi skipsins andast eða slasast eru ábyrgðarmörkin 46 666 SDR

sem margfölduð eru með hæstri leyfilegri farþegatölu samkvæmt vottorðum skipsins, þó að hámarki 25 milljónir SDR.

☐ Vegna annarra krafna, sem rísa út af líkamstjóni, eru ábyrgðarmörkin 333 000 SDR. Fyrir skip, sem stærri eru en 500 rúmlestir, hækka ábyrgðarmörkin sem hér segir:

1. fyrir hverja lest frá 501 að 3000 lestum, um 500 SDR;
2. fyrir hverja lest frá 3001 að 30 000 lestum, um 333 SDR;
3. fyrir hverja lest frá 30 001 að 70 000 lestum, um 250 SDR, og
4. fyrir hverja lest umfram 70 000 lestir, um 167 SDR.

☐ Ábyrgðarmörk fyrir allar aðrar kröfur, svo og þann hluta krafna sem ekki fæst greiddur samkvæmt 2. mgr., eru 167 000 SDR. Fyrir skip stærri en 500 rúmlestir hækka ábyrgðarmörkin sem hér segir:

1. fyrir hverja lest frá 501 að 30 000 lestum, um 167 SDR;
2. fyrir hverja lest frá 30 001 að 70 000 lestum, um 125 SDR, og
3. fyrir hverja lest umfram 70 000 lestir, um 83 SDR.

☐ Ábyrgðarmörkin í 1. – 3. mgr. gilda fyrir samtölu allra krafna sem rísa vegna eins og sama atburðar gagnvart útgerðarmanni, eiganda, afnotahafa, farmsamningshafa og umráðamanni (disponent), auk þeirra manna sem þeir bera ábyrgð á.

☐ Nú athafna björgunarmenn sig ekki frá skipi eða þeir athafna sig eingöngu frá því skipi sem björgunin tekur til og miðast þá ábyrgðarmörkin við 1500 lestir. Ábyrgðarmörkin gilda fyrir samtölu allra krafna sem rísa vegna eins og sama atburðar gagnvart björgunarmönnum og þeim sem þeir bera ábyrgð á.

☐ Fyrir skip, sem notuð eru í opinberri þágu og í tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis, skulu ábyrgðartakmörkin aldrei miðast við minna en 5000 lestir og ekki er þá unnt að takmarka ábyrgð á tjóni sem stafar af sérstökum eiginleikum eða notkun skipsins. Þetta gildir þó ekki um skip sem einkum eru notuð í sambandi við björgun.

☐ Þar sem nefnd er lestatala skips er átt við brúttórúmlestir sem reiknaðar eru eftir alþjóðlegum reglum um mælingu skipa. Með SDR er átt við þá alþjóðlegu verðmæliseiningu (sérstök dráttarréttindi) sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn notar. Reikna skal verðmæliseiningu þessa til íslensks gjaldeyris eftir gengi þann dag sem sett er trygging fyrir ábyrgð eða, ef trygging hefur ekki verið sett, eftir gengi þann dag er greiðsla fer fram. Nú er stofnaður takmörkunarsjóður samkvæmt þessum kafla, sbr. og X. kafla, og skal þá umreiknun miðuð við gengi þann dag er sjóðurinn var stofnaður nema áður hafi verið sett trygging fyrir ábyrgð.

*5. Skipting takmörkunarfjárhæðanna.*

■ **178. gr.** Sérhver fjárhæð, sem sætir takmörkun ábyrgðar, skiptist milli kröfuhafa að tiltölu við kröfur þeirra.

☐ Nú hrekkur fjárhæð samkvæmt 2. mgr. 177. gr. ekki til að fullnægja kröfum þeim sem þar greinir og skal þá fullnægja þeim hluta krafnanna, sem ekki fæst greiddur að réttri tiltölu við aðrar kröfur, af þeirri takmörkunarfjárhæð sem greinir í 3. mgr. 177. gr.

☐ Sá, sem greitt hefur kröfu að nokkru eða öllu leyti áður en takmörkunarfjárhæðum er deilt niður, gengur inn í rétt kröfuhafa til að fá fullnægju að tiltölu við greidda fjárhæð.

☐ Nú sýnir einhver fram á að hann verði síðar nauðbeygður til að greiða kröfu að nokkru eða öllu leyti og að hann gangi þar með inn í rétt kröfuhafa til fullnægju og má þá ákveða í dómi að haldið skuli eftir nægilegri fjárhæð þannig að hann geti síðar fengið kröfu sinni fullnægt samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar.

*6. Vernd gegn lögsókn með stofnun takmörkunarsjóða.*

■ **179. gr.** Nú er óskað kyrrsetningar hér á landi, mat er höfðað eða annarra réttaraðgerða er óskað vegna kröfu sem sætir takmörkun ábyrgðar og má þá stofna takmörkunarsjóð, sbr. nánar ákvæðin í X. kafla.

☐ Sjóðurinn telst stofnaður fyrir alla þá sem geta borið fyrir sig sömu ábyrgðartakmörkun og til greiðslu á öllum kröfum sem ábyrgðartakmörkunin tekur til.

☐ Eftir að takmörkunarsjóður, sem nefndur er í 1. mgr., hefur verið stofnaður er ekki unnt að höfða hér á landi sérstakt mál vegna kröfu sem sætir takmörkun ábyrgðar eða um það hvort þeir menn, sem sjóðurinn er stofnaður til hagsbóta fyrir, hafi rétt til ábyrgðartakmörkunar.

☐ Um takmörkunarsjóði vísast að öðru leyti til X. kafla laganna.

■ **180. gr.** Nú er krafa borin fram við takmörkunarsjóð sem stofnaður er samkvæmt 179. gr., sbr. X. kafla, eða samkvæmt sambærilegum reglum í öðru ríki sem er aðili að alþjóðasáttmála frá 19. nóvember 1976, um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns, og er þá ekki unnt að framkvæma kyrrsetningu, fjárnám eða aðra sambærilega réttarathöfn í skipi eða öðrum eignum neins þeirra sem sjóðurinn er stofnaður til hagsbóta fyrir og rétt eiga til ábyrgðartakmörkunar. Eftir að takmörkunarsjóður hefur verið stofnaður hér á landi er ekki unnt að fá kyrrsetningu framkvæmda né aðför eða aðra sambærilega réttarathöfn í skipi eða eignum neins þeirra, sem sjóðurinn er stofnaður til hagsbóta fyrir og sem rétt eiga til ábyrgðartakmörkunar, fyrir kröfum sem beint er gegn sjóðnum, sbr. þó 2. mgr. 182. gr. Nú hefur kyrrsetning verið framkvæmd í skipi eða annarri eign eða trygging verið sett til að afstýra kyrrsetningu og skal þá fella kyrrsetningu niður eða leysa tryggingu.

☐ Eftir að stofnaður hefur verið takmörkunarsjóður í öðru ríki sem aðili er að alþjóðasáttmála þeim sem nefndur er í 1. mgr. getur dómstóll hafnað beiðni um kyrrsetningu eða fjárnám, sbr. þó 2. mgr. 182. gr. Hafi verið framkvæmd kyrrsetning eða trygging verið sett til að afstýra kyrrsetningu má fella kyrrsetninguna niður eða leysa tryggninguna. Beiðni um kyrrsetningu skal vísa frá, kyrrsetning sem framkvæmd er eftir stofnun takmörkunarsjóðsins skal felld niður eða leysa skal tryggingu sem sett hefur verið til að afstýra slíkri kyrrsetningu ef sjóðurinn er stofnaður:

1. á hafnarstað þeim sem krafan varð til vegna atburðar er þar gerðist eða, hafi atburðurinn ekki gerst í höfn, á fyrsta hafnarstað sem skipið kom til eftir að atburðurinn gerðist,
2. á lendingarstað ef um kröfu vegna lífs- eða líkamstjóns er að ræða,
3. á affermingarstað ef krafan stafar af spjöllum á farmi.

☐ Reglurnar í 1. og 2. mgr. gilda eftir því sem við á ef sýnt er fram á að takmörkunarsjóður, sem stofnaður

1985 Nr. 34 19. júní

hefur verið í ríki sem á ekki aðild að alþjóðasáttmála þeim sem um getur í 1. mgr., er sambærilegur við takmörkunarsjóð sem greint er frá í 179. gr.

□ Ákvæði 1. – 3. mgr. eiga því aðeins við að kröfuhafi hafi borið kröfu fram gegn sjóðnum með formlega réttum hætti, að unnt sé að ganga að sjóðnum og að ráðstafa megi úr honum til að greiða kröfuna.

■ **181. gr.** Nú er framkvæmd kyrrsetning enda þótt stofnaður hafi verið takmörkunarsjóður og skal þá höfða kyrrsetningarmálið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

□ Nú er synjað um kyrrsetningu eða hún felld niður vegna þess að stofnaður er takmörkunarsjóður samkvæmt 179. gr. og skal þá í staðfestingarmáli kveða á um lögmæti umbeðinnar kyrrsetningar og hugsanlegar skaðabótagreiðslur vegna kyrrsetningarbeiðninnar.

*7. Takmörkun ábyrgðar án þess að stofnaður sé takmörkunarsjóður.*

■ **182. gr.** Enda þótt ekki hafi verið stofnaður takmörkunarsjóður getur sá, sem ábyrgð ber, borið fyrir sig takmörkun ábyrgðar. Fyrir dómi verða þá aðeins teknar til greina þær kröfur sem bornar hafa verið fram í málinu. Að kröfu þess, sem ábyrgð ber, skal taka upp í dóminn fyrirvara um að aðrar kröfur, sem lúta sömu ábyrgðarmörkum, skuli reiknast með við takmörkun ábyrgðarinnar.

□ Fullnægja má dómi samkvæmt 1. mgr. eftir almennum réttarfarsreglum þar að lútandi. Hafi fyrirvari, sem nefndur var í 1. mgr., verið tekinn upp í dóminn og stofnaður hefur verið takmörkunarsjóður áður en liðinn er hæfilegur tími til að fullnægja hefði mátt dómnum gilda ákvæði 180. gr., þó eftir því sem við á.

*8. Gildissvið.*

■ **183. gr.** Ákvæðin í 173. – 182. gr. eiga alltaf við þegar útgerðarmaður eða annar, sem til þess hefur heimild, ber fyrir sig takmörkun ábyrgðar fyrir íslenskum dómstóli. Varðandi kröfu, sem nefnd er í fyrri hluta 5. töluliðar 175. gr., skal þó, við ákvörðun þess hvort ábyrgð sé takmörkuð og þá hver ábyrgðarmörkin séu, beita lögum þess ríkis sem eiga við um viðkomandi starfs- eða þjónustusamning ef hlutaðeigandi ríki er aðili að alþjóðasáttmála þeim sem um getur í 1. mgr. 180. gr.

□ Ákvæðin í 173. – 182. gr. standa ekki í vegi fyrir því að öðrum lagaákvæðum sé beitt er veita heimild til að lækka ábyrgð tjónvalds gagnvart tjónþola.

**X. kafli. Um takmörkunarsjóði.**

■ **184. gr.** Fyrirmæli þessa kafla gilda um takmörkunarsjóði sem stofnaðir eru samkvæmt 179. gr.

□ Takmörkunarsjóð skal varðveita í Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim banka í Reykjavík sem hann ákveður og skal þess gætt að sjóðurinn sé ávaxtaður á eðlilegan hátt.

■ **185. gr.** Takmörkunarsjóður samkvæmt 179. gr. skal ávallt nema fullri takmörkunarfjárhæð samkvæmt 177. gr. fyrir þeim kröfum sem takmörkun ábyrgðar lýtur að og stafa af sama atburði. Sjóðurinn skal enn fremur taka til vaxta af takmörkunarfjárhæðinni frá því að atburður varð og fram til sjóðsstofnunarinnar, með fjárhæð sem svarar til almennra forvaxta (diskonto) á hverjum tíma að viðbættum 2% p. a.

■ **186. gr.** Sá, er setur fram beiðni um stofnun takmörkunarsjóðs, skal leggja fram til vörslu sjóðsfjárhæðina, sbr. 185. gr., í reiðufé eða setja aðra nægilega tryggingu fyrir henni. Jafnframt ber honum að tilkynna Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim banka, sem Seðlabankinn hefur ákveðið, sbr. 184. gr., um alla þá sem ætla má að leggja muni fram kröfu gegn sjóðnum ásamt greinargerð um ástæður að baki sjóðsstofnuninni.

1985 Nr. 34 19. júní

■ **187. gr.** Með úrskurði verður ákvarðað um upphæð framlags úr sjóðnum og enn fremur hvort tekin sé til greina trygging sem kann að verða boðin fram.

□ Ákveða skal í úrskurði hvort jafnframt skuli sett trygging fyrir viðbótarfjárhæð sem bætast kann við kostnað er stafar af umsjón með sjóðnum, þ. m. t. málskostnaður, og til að standa undir hugsanlegum vaxtakröfum. Einungis er unnt að krefjast tryggingar á vöxtum sem áfallnir eru eftir stofnun sjóðsins.

□ Nú kemur fram í úrskurðinum að fjárhæðir samkvæmt 185. gr. hafi verið geymslutryggðar í reiðufé, sbr. lög um geymslufé, nr. 9 frá 5. maí 1978, eða að önnur nægileg trygging hafi verið sett og telst sjóðurinn þá stofnaður við uppkvaðningu úrskurðarins. Annars telst sjóðurinn stofnaður þegar dómari staðfestir með áritun á úrskurðinn að greiðsla hafi farið fram eða trygging verið sett. Afrit úrskurðar skal þá þegar afhent Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim banka sem Seðlabankinn hefur ákveðið, sbr. 184. gr.

□ Dómari getur með síðari úrskurði hækkað tryggingunna fyrir viðbótarfjárhæðinni samkvæmt 185. gr.

■ **188. gr.** Dómari skal án tafar senda tilkynningu um sjóðsstofnunina til Lögbirtingablaðs þar sem lýst sé eftir að hugsanlegir kröfuhafar gefi sig fram innan tiltekins innköllunarfrests sem sé eigi skemmri en 2 mánuðir og lýsi þar kröfu í sjóðinn. Í innkölluninni skal vakin athygli á efni 3. mgr. 179. gr. og 196. gr.

□ Innköllunin skal enn fremur birt í öðrum fjölmiðlum eftir því sem dómurinn ákveður og einnig skal, ef ástæða er til, birta hana í öðru ríki þar sem tjón hefur orðið. Sérstaka innköllun skal senda í ábyrgðarbréfi öllum kröfuhöfum sem vitað er um.

■ **189. gr.** Sá, sem lýsir kröfu, skal láta dómara í té nauðsynlegar upplýsingar um kröfuna, þ. á m. á hverju krafan sé byggð og upphæð hennar og hvort hún sé eða hafi verið andlag sérstakrar málssóknar.

■ **190. gr.** Um kröfur, sem ekki hafa verið tilkynntar dómara áður en skipting sjóðsins er tekin til ákvörðunar fyrir dómi, gilda ákvæði 196. gr.

■ **191. gr.** Dómari getur með úrskurði gefið sjóðinn lausan enda sé þá lýsingarfrestur liðinn og samþykki liggi fyrir frá stofnanda sjóðsins og kröfuhöfum lýstra krafna.

■ **192. gr.** Að loknum lýsingarfresti ber dómara, eftir beiðni þess sem stofnaði sjóðinn eða þess sem tryggir gegn áhættunni eða þess sem kröfu á til greiðslu úr sjóðnum, að kveðja þá aðila, er málið snertir, saman til þinghalds til að fjalla um ábyrgðargrundvöllinn, um rétt til ábyrgðartakmörkunar, svo og um fjárupphæðir sem nefndar eru í 185. gr. og kröfur sem lýst hefur verið.

■ **193. gr.** Í dómi skal tekin afstaða til mótmæla sem fram koma gegn rétti til ábyrgðartakmörkunar, gegn upphæð sjóðsins eða gegn kröfu sem lýst hefur verið.

■ **194. gr.** Eftir lok lýsingarfrests er dómara heimilt að ákveða að fram skuli fara bráðabirgðaúthlutun.

■ **195. gr.** Þegar öll ágreiningsmál eru til lykta leidd skal dómarinn úthluta sjóðnum samkvæmt 178. gr.

□ Úthluta skal sjóðnum og viðbótarfjárhæðinni þó svo

að ekki liggi fyrir réttur til ábyrgðartakmörkunar. Samkvæmt beiðni getur dómari kveðið upp dóm fyrir þeim hluta af kröfunni sem ekki fæst greiddur af sjóðnum.

■ **196. gr.** Þegar dómari hefur ákvarðað skiptingu sjóðsins með dómi verða allar ákvarðanir dómsins varðandi takmörkunarrétt, upphæð sjóðsins, lýstar kröfur og skiptingu sjóðsins skuldbindandi fyrir alla þá sem eiga kröfu gegn sjóðnum, án tillits til þess hvort kröfunni hafi verið lýst í sjóðnum.

□ Dómari getur falið löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóna að gera tillögur um eða annast tiltekin og afmörkuð verkefni sem á dómara hvíla samkvæmt ákvæðum þessa kafla en þeir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta, geta þó ætíð borið ákvarðanir, tillögur eða athafnir niðurjöfnunarmanns undir dómara.

**XI. kafli. Um sjóveðrétt o. fl.**

*1. Sjóveðréttur og önnur réttindi í skipum.*

■ **197. gr.** Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með sjóveðrétti í skipi:

1. Laun og önnur þóknun sem skipstjóri, skipverjar og aðrir þeir, sem á skip eru ráðnir, eiga rétt á fyrir störf um borð.

2. Bætur fyrir lífs- og líkamstjón sem hlotist hefur í beinu sambandi við rekstur skipsins.

3. Bætur fyrir eignartjón sem hlotist hefur í beinu sambandi við rekstur skipsins enda sé bótakrafan eigi byggð á samningi.

4. Björgunarlaun, bætur fyrir að fjarlægja skipsflak og framlög til sameiginlegs sjótjóns.

5. Skipagjöld.

□ Sjóveðréttur stofnast hvort heldur sem krafan beinist að útgerðarmanni viðkomandi skips, eiganda þess, afnotahafa, farmsamningshafa eða umráðamanni (disponent).

□ Sjóveðréttur stofnast um leið og krafa sú sem honum er ætlað að tryggja.

■ **198. gr.** Sjóveðréttur í skipi gengur fyrir öllum öðrum eignarhöftum í því.

□ Kröfum, sem sjóveðréttur fylgir, skal fullnægja í þeirri röð töluliða sem þær eru taldar í 1. mgr. 197. gr. og þær, sem taldar eru í sama tölulið, eru jafnrétthár sín í milli. Þó skulu þær kröfur, sem taldar eru í 4. tölulið 1. mgr. 197. gr., ganga fyrir öðrum kröfum sem áður hafa stofnast og af þeim kröfum, sem taldar eru í 4. tölulið, ganga yngri kröfur fyrir eldri.

■ **199. gr.** Sjóveðréttur helst áfram í skipi, að undanskildum tilvikum þeim sem í 202. gr. greinir, þó að eignarréttur yfir því færist til annarra eða breyting verði á skráningu þess. Sjóveðréttur í skipi fellur þó niður gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda skips ef hann hefur verið staðfestur með dómi eða dómsátt og útdrætti úr dóminum eða dómsáttinni hefur ekki verið þinglýst innan sex vikna frá því að dómur var upp kveðinn eða dómsátt gerð.

□ Nú hefur skip verið framselt við frjálst afsal til erlends aðila og það hefur í för með sér að veðréttur fyrir kröfu, sem framseljandi var ekki persónulega ábyrgur fyrir, fellur niður eða nýtur lakari forgangs og verður þá framseljandi persónulega ábyrgur fyrir kröfunni allt að verðmæti veðsins.

■ **200. gr.** Sá, sem hefur smíðað skip eða framkvæmt viðgerð á því, getur beitt haldsrétti til tryggingar kröfu sinni vegna smíðinnar eða viðgerðarinnar enda hafi hann vörslu skipsins.

□ Haldsréttur tekur ekki til kröfu eða þess hluta kröfu sem ágreiningur er um ef haldsréttarþoli setur bankatryggingu eða aðra sambærilega tryggingu fyrir greiðslu kröfunnar eins og hún verður úrskurðuð eða dæmd.

□ Haldsréttur víkur fyrir sjóveðréttindum í skipi en gengur fyrir samningsbundnum veðréttindum og öðrum eignarhöftum.

■ **201. gr.** Sjóveðréttur fyrnist ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn innan eins árs frá því að krafa stofnaðist.

■ **202. gr.** Nú fer fram nauðungarsala á skipi hér á landi og falla þá niður sjóveðréttindi, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu.

□ Nú er skip dæmt óbætandi og getur þá eigandi krafist þess að það verði selt á opinberu uppboði eftir reglum réttarfarslaga, með þeim afleiðingum að sjóveð, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft falla niður.

□ Við skiptingu söluandvirðis víkja sjóveð, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu fyrir kostnaði þeim sem dómur hefur úrskurðað vegna kyrrsetningarinnar eða fjárnámsins og nauðungarsölunnar. Sjóveðhafar eiga heimtingu á að fá kröfur sínar greiddar af söluandvirði, miðað við fulla fjárhæð þeirra, en þó ekki fram yfir það sem reglur um takmarkaða ábyrgð segja til um.

□ Nú fer nauðungarsala á skipi fram í erlendu ríki og falla þá sjóveð, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu niður, að því tilskildu að skipið sé statt í hlutaðeigandi ríki á þeim tíma sem salan fer fram og að salan hafi farið fram í samræmi við löggjöf þess ríkis.

■ **203. gr.** Sjóveð í skipi nær einnig til skipsbúnaðar. Til skipsbúnaðar teljast ekki vistabirgðir, eldsneyti né aðrar vélarnauðsynjar.

*2. Sjóveðréttur í farmi.*

■ **204. gr.** Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með sjóveðrétti í farmi:

1. björgunarlaun og kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns, svo og til kostnaðar sem jafnað er niður samkvæmt 86. gr. eða 2. mgr. 157. gr.,

2. kröfur sem stafa af ráðstöfunum eða skuldbindingum er farmflytjandi eða skipstjóri samkvæmt stöðuumboði sínu hefur gert fyrir hönd farmeiganda, svo og endurgjaldskröfur þeirra ef þeir hafa lagt fram fé til lúkningar kostnaði vegna farms; enn fremur bótakröfur farmeigenda fyrir vöru sem seld var í þágu annarra farmeigenda,

3. kröfur til farmgjalds, bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón sem af því stafar að vara er færð í land úr skipi í fermingarhöfn eða meðan á ferð stendur, svo og bætur fyrir aukabiðdaga og aðra töf við fermingu eða affermingu eða í ferð skipsins.

■ **205. gr.** Sjóveð í farmi gengur fyrir öllum öðrum eignarhöftum sem á farmi hvíla, að undanskildum opinberum gjöldum.

□ Kröfunum skal fullnægja í þeirri röð sem þær eru taldar í 204. gr. Kröfur, sem taldar eru í sama tölulið, eru jafnrétthár en þó því aðeins þær sem taldar eru í 1. og 2. tölulið að þær stafi af sama atburði ella gengur yngri krafa fyrir eldri.

■ **206. gr.** Sjóveðréttur í farmi fellur niður þegar vara hefur verið afhent. Svo er og ef varan er seld á nauðungaruppboði eða seld á ferð í þágu skips eða farms.

□ Sá, sem án leyfis kröfuhafa afhendir vöru sem honum er kunnugt um eða mátti vera kunnugt um að sjóveð hvílir á, ábyrgist kröfuna persónulega allt að verðmæti veðsins. Hafi viðtakandinn ekki verið persónulega ábyrgur fyrir kröfunni gildir hið sama um hann ef honum var kunnugt um kröfuna þegar varan var afhent.

□ Sá, sem afhendir vöru er sjóveð fyrir framlagi til sameiginlegs sjótjóns hvílir á, verður þó ekki persónulega ábyrgur fyrir þessari kröfu hafi eigandi vörunnar ábyrgst kröfuna persónulega og sett fullnægjandi tryggingu fyrir henni, sbr. 2. mgr. 156. gr.

■ **207. gr.** Sjóveðréttur í farmi fyrnist á einu ári frá því að krafa stofnast ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn áður en sá tími er úti.

*3. Ýmis ákvæði.*

■ **208. gr.** Samningsbundinn veðréttur í erlendu skipi er viðurkenndur gildur hér á landi ef:

1. veðrétturinn hefur stofnast og er skráður í samræmi við löggjöf þess ríkis sem skipið er skráð í,

2. skráin og skjöl þau, sem varðveita á, eru aðgengileg fyrir almenning og afla má endurrits skrárinnar og afrits þessara skjala á þeim stað og

3. skráin eða nefnd skjöl hafa upplýsingar að geyma um:

a. nafn veðhafa og heimilisfang eða hvort veðbréf sé gefið út til handhafa,

b. fjárhæðina sem veðrétturinn á að tryggja,

c. dagsetningu og önnur atriði sem samkvæmt lögum í skráningarlandinu segja til um forgang veðréttarins gagnvart öðrum skráðum veðréttindum.

□ Eignarréttur að og veðréttur í skipi, sem er í byggingu erlendis, er viðurkenndur gildur hér á landi svo framarlega sem réttindin eru skráð í samræmi við löggjöf þess ríkis þar sem skip er byggt.

■ **209. gr.** Sá, sem hefur fleiri veð fyrir kröfu sinni en eitt, getur gengið að hverju veðinu sem hann vill fyrir allri kröfunni.

□ Nú hefur hann í einu veðinu leitað sér lúkningar á meira fé en mundi koma á það veð að réttri tiltölu og getur þá sá eigandi, sem tjón bíður, svo og sá sjóveðhafi sem fékk veð sitt svo rýrt að ekki hrekkur til lúkningar kröfu hans, gengið að hinum öðrum veðum með sama rétti og fyrrgreindur kröfuhafi átti.

■ **210. gr.** Við framsal eða önnur eigendaskipti að kröfu, sem tryggð er með sjóveðrétti, flyst sjóveðrétturinn til hins nýja kröfuhafa.

■ **211. gr.** Sjóveðréttur nær ekki til krafna til skaðabóta fyrir missi eða tjón á skipi eða farmi. Hið sama gildir um kröfur samkvæmt vátryggingarsamningi.

□ Sjóveðréttur fyrir launakröfum samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 197. gr. skal þó einnig ná til vátryggingarfjár skips.

■ **212. gr.** Mál til fullnustu kröfu, sem tryggð er með sjóveðrétti í skipi, má hvort heldur sem er höfða gegn eiganda skips eða skipstjóranum.

□ Mál til fullnægingar á sjóveðréttindum í farmi má höfða gegn skipstjóranum. Útgerðarmaður eða sá, sem útgerðarmaður hefur fengið skipið í hendur til siglinga fyrir eigin reikning, getur þó ekki höfðað þess háttar mál gegn skipstjóranum.

■ **213. gr.** Ákvæði 197. – 203. gr. og 209. – 212. gr. gilda í öllum tilvikum þar sem sjóveðrétti, annars konar veðréttindum eða öðrum eignarhöftum í skipi er haldið fram fyrir íslenskum dómstóli, sbr. þó 2. og 3. mgr.

□ Löggjöf þess ríkis, sem skip er skráð í, gildir:

a. um innbyrðis röð veðréttinda í erlendu skipi sem viðurkennd eru samkvæmt 208. gr. og um áhrif þeirra gagnvart þriðja manni og

b. um lögbundin eignarhöft í skipi sem standa að baki skráðum veðréttindum.

□ Ákvæði 2. mgr. gilda, eftir því sem við á, um skip í smíðum. Innbyrðis röð milli haldsréttar og annarra eignarhafta í skipi í smíðum ræðst af löggjöf þess ríkis sem skip er smíðað í.

■ **214. gr.** Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur sem mæli fyrir um að fullkomnar heimildir um öll skráð eignarhöft í skipum, þ. á m. skipum í smíðum sem skráð eða skráningarskyld eru hér á landi, séu varðveittar á einum stað og um skyldu viðkomandi embættismanna til að skila heimildunum á þann stað.

**XII. kafli. Fyrning á sjókröfum.**

■ **215. gr.** Kröfur þær, er hér verða taldar, falla niður vegna fyrningar ef þeim er ekki fylgt eftir með lögsókn eða lýst fyrir þeim sem sjótjóni jafna niður, ef krafa varðar sjótjónið, innan þeirra tímamarka sem hér segir:

1. Krafa um björgunarlaun: innan tveggja ára frá því er björgunarstarfi lauk.

2. Skaðabótakrafa út af árekstri eða sjóslysi sem greint er í 162. gr.: innan tveggja ára frá því að atburður sá gerðist sem tjóni olli.

3. Skaðabótakrafa samkvæmt fyrri málslið 137. gr.: innan tveggja ára frá því að farþegi yfirgaf skip eða hafi andlát borið að höndum meðan á ferð stóð frá þeim degi er farþegi átti að yfirgefa skip. Hafi andlát borið að höndum eftir að farþegi yfirgaf skip miðast fyrningarfrestur við tvö ár frá dánardægri en getur þó aldrei verið lengri en þrjú ár frá þeim degi er farþegi yfirgaf skip.

4. Skaðabótakrafa eftir 138. gr.: innan tveggja ára frá því að farangur var fluttur í land eða hafi farangur glatast frá því að hann hefði átt að vera fluttur í land.

5. Skaðabótakrafa eftir síðari málslið 137. gr.: innan tveggja ára frá því að farþeginn yfirgaf skip.

6. Skaðabótakrafa út af því að vöru var skilað án þess að farmskírteini væri framvísað eða henni var skilað til rangs móttakanda: innan eins árs frá því er vöru bar að skila eða frá því er henni var skilað ef það gerist síðar.

7. Skaðabótakrafa eftir 68. gr. eða vegna rangrar eða ófullnægjandi tilgreiningar í farmskírteini: innan eins árs frá því að vöru var skilað eða henni bar að skila.

8. Krafa um framlag til sameiginlegs sjótjóns eða til kostnaðar sem jafna skal niður samkvæmt 86. gr. eða 2. mgr. 157. gr.: innan eins árs frá dagsetningu niðurjöfnunargerðar.

9. Krafa sem sætir takmarkaðri ábyrgð samkvæmt 173. gr.: innan þriggja ára frá því að hún féll í gjalddaga.

10. Krafa á hendur þeim, sem orðið hefur persónulega ábyrgur samkvæmt ákvæðum 199. eða 206. gr., fyrnist á sama tíma og sjóveðrétturinn.

■ **216. gr.** Endurkröfur, er stofnast í tengslum við kröfur samkvæmt 2., 6. og 7. tölulið 215. gr., falla niður vegna fyrningar innan eins árs frá því að greiðsla fór fram eða lögsókn hófst til heimtu greiðslunnar. Fyrningar-

frestur endurkröfu, er stofnast í tengslum við skaðabótakröfu vegna tjóns á mönnum samkvæmt 2. tölulið 215. gr., hefst þó í fyrsta lagi þann dag er skaðabótakrafan var greidd.

■ **217. gr.** Ógildir eru samningar sem mæla fyrir um að kröfur þær, sem taldar eru í 215. gr., skuli ekki fyrnast eða að þeim skuli fylgja lengri fyrningarfrestur en þar er boðinn.

■ **218. gr.** Þegar mál er rekið fyrir íslenskum dómstóli skal ávallt farið eftir íslenskum lögum um það hverjar athafnir rifta fyrningu, svo og um önnur atriði sem varða fyrningu á sjókröfum.[1)]

[1)] *Sjá l. 14/1905.*

## XIII. kafli. Um sjópróf o. fl.

■ **219. gr.** Sjópróf skal halda:

1. þegar maður, sem ráðinn er til starfa á skipi, hefur andast um borð, horfið eða orðið fyrir meiri háttar líkamstjóni er skipið var statt utan íslenskrar hafnar,

2. þegar maður, sem er á skipi en eigi ráðinn í þjónustu þess, hverfur af skipi, drukknar eða verður fyrir meiri háttar líkamstjóni er skipið er statt utan hafnar eða skipalægis,

3. þegar skip hefur farist, árekstur hefur orðið með skipum, ásigling eða strand átt sér stað, skip hefur laskast að mun eða valdið umtalsverðu tjóni á verðmætum utan skips, svo og þegar skip hefur verið yfirgefið í hafi eða lent í bráðri hættu svo sem þegar sprenging eða eldsvoði verður um borð, þegar farmur hefur færst verulega úr stað eða aðrar sambærilegar hættur ber að.

■ **220. gr.** Sjópróf skal haldið ef Siglingamálastofnun ríkisins, rannsóknarnefnd sjóslysa, útgerðarmaður eða skipstjóri fyrir hans hönd óska þess sérstaklega enda þótt um sé að ræða önnur tilvik en tilgreind eru í 219. grein.

□ Siglingamálastofnun ríkisins eða rannsóknarnefnd sjóslysa geta auk þess krafist þess að sjópróf séu haldin vegna slysa sem verða á erlendum skipum ef slys verður í íslenskri landhelgi, sbr. 1. gr. l. nr. 41/1979, enda komi skipið eða áhöfn þess í íslenska höfn. Skal þá utanríkisráðuneyti gert viðvart um fyrirhugað sjópróf.

□ Nú verður slys eða tjón í ferð erlends skips sem snertir verulega hagsmuni íslenskra aðila án þess þó að ákvæði 2. mgr. eigi við og getur þá Siglingamálastofnun ríkisins eða rannsóknarnefnd sjóslysa krafist þess að sjópróf séu haldin ef skipið er statt í íslenskri höfn.

□ Þegar skip, sem um ræðir í 2. og 3. mgr., er statt í íslenskri höfn getur Siglingamálastofnun ríkisins eða rannsóknarnefnd sjóslysa krafist þess að skipið fái eigi tollvegabréf fyrr en sjópróf hefur verið haldið.

□ Yfirvélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða stéttarfélög viðkomandi sjómanna geta farið fram á að haldið verði sjópróf og skal þá leggja fram skriflega og rökstudda ósk þar um.

■ **221. gr.** Tilgangur sjóprófs er að leiða í ljós, svo sem framast má verða, orsakir viðkomandi atburðar og aðrar staðreyndir sem máli skipta í því sambandi, þ. m. t. upplýsingar um allt það er varðar mat á hæfni skips eða öryggi á siglingu, svo og um allt er leitt gæti til aukins öryggis sjófarenda eða refsi- eða skaðabótaábyrgðar útgerðarmanns, skipstjóra, skipverja eða annarra manna.

□ Dómari sá, sem stjórnar sjóprófi, skal leita aðstoðar lögreglu við skýrslutöku, vettvangskönnun og aðra þætti málsrannsóknar eftir því sem frekast verður við komið, einkum þó ef manntjón hefur orðið eða meiri háttar líkamstjón. Skal lögð á það áhersla að lögreglurannsókn hefjist sem fyrst eftir að slys varð eða skip kom til hafnar. Lögregluyfirvöld skulu, svo fljótt sem við verður komið, hafa samband við Siglingamálastofnun ríkisins og rannsóknarnefnd sjóslysa og gefa fulltrúum þeirra kost á að vera viðstaddir frumrannsókn slyss, en eigi skal fresta upphafi lögregluranns óknar af þeim sökum einum að þessu skilyrði sé eigi fullnægt. Skulu skipstjóri og skipverjar, svo og útgerðarmaður skips, veita alla þá aðstoð er þeir geta í té látið vegna lögregluranns óknar. Niðurstöður og gögn lögregluranns óknar skulu lögð fram í sjóprófi svo skjótt sem auðið er, en eigi skal fresta upphafi sjóprófs af þeim sökum einum að þau liggi enn eigi fyrir.

□ Forðast skal að spilla eða afmá verksummerki eftir slys í skipi fyrr en lögregluyfirvöld hafa heimilað það.

□ Skipstjóra er skylt að óska eftir því að lögregluranns ókn vegna mannskaða eða meiri háttar líkamstjóns, sem greinir í 2. mgr., fari fram. Skipstjóri skal eigi halda skipi úr höfn þar sem lögregluranns ókn fer fram nema í samráði við lögregluyfirvöld.

□ Skipstjóra eða þeim, er kemur í hans stað, er skylt að annast skráningu og tilkynningu allra slysa er verða á skipi eftir nánari reglum er samgönguráðuneytið setur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Skráningar- og tilkynningarskyldan tekur m. a. til hvers konar vinnuslysa á sjó, eitrana, atvinnusjúkdóma og annarra þeirra atvika sem þýðingu kunna að hafa í því sambandi.

■ **222. gr.** Hafi sá atburður, sem tilefni gaf til sjóprófs, orðið meðan skip lá í höfn eða fyrst komið í ljós þar skal sjópróf haldið á þeim stað. Hafi atburður orðið meðan skip var í hafi skal sjópróf að jafnaði haldið þar sem skip tekur fyrst höfn eftir slys eða á ákvörðunarstað þess, sbr. þó 227. gr. Þó má fresta sjóprófi þar til skip eða áhöfn kemur til annars staðar ef við það sparast tími eða fé eða það hefur í för með sér umtalsvert hagræði og ekkert mælir því í gegn. Hafi skip farist skal rannsókn fara fram þar sem hagkvæmast þykir. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri skal þá þegar tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins um þessa ráðstöfun.

■ **223. gr.** Sjópróf skulu hér á landi fara fram á bæjarþingi eða aukadómþingi. Erlendis eru sjópróf haldin hjá þeim dómstól eða yfirvaldi sem þau embættisstörf ber undir á þeim stað eða ræðismanni Íslands ef hann hefur vald til þess. Ef sjópróf fer fram fyrir erlendum dómstól eða yfirvaldi skal hinum næsta íslenska ræðismanni tilkynnt um það þannig að hann geti verið viðstaddur. Ræðismaður sendir utanríkisráðuneytinu skýrslu um sjópróf hvort sem hann hefur haldið það sjálfur eða átt þess kost að vera viðstaddur en skýrslan skal síðan send Siglingamálastofnun ríkisins.

■ **224. gr.** Skipstjóra er skylt að sjá til þess að sjópróf sé haldið svo skjótt sem auðið er. Hafi skip horfið eða megi ætla að öll áhöfn þess hafi farist hvílir þessi skylda á útgerðarmanni.

□ Hafi atburður sá, sem er tilefni sjóprófs, orðið meðan skip var í höfn skal beiðni um sjópróf borin fram innan 48 stunda rúmhelgra daga.

1985 Nr. 34 19. júní

□ Til sjóprófs, sem haldið er hér á landi, skal eftir föngum boða þá sem vitað er eða sem ætla má að hafi verulegra hagsmuna að gæta vegna þess atburðar sem var tilefni sjóprófsins.

■ **225. gr.** Skriflegri beiðni um sjópróf skal fylgja nákvæmt eftirrit eða skýrt ljósrit af því sem skráð er í skipsbækur um viðkomandi atburð og skrifleg skýrsla um atburðinn. Skýrslu þessari skal, ef ástæða er til, fylgja uppdráttur af aðstæðum öllum og útsetning í sjókort í stærsta mælikvarða. Einnig skal fylgja listi yfir áhöfn skips og þá menn sem ætla má að geti gefið upplýsingar sem að gagni koma og, ef því verður við komið, upplýsingar um þá sem hagsmuna hafa að gæta. Framangreind gögn skulu hafa borist dómara degi áður en sjópróf hefst nema dómari heimili styttri fyrirvara. Viðkomandi skipsbækur (frumgerð og hreinskrift ef því er að skipta) skulu sýndar við upphaf sjóprófs. Dómur metur að öðru leyti hverra gagna skuli aflað, svo sem um starfsréttindi og lögskráningu skipshafnar.

■ **226. gr.** Þegar sjópróf fer fram hér á landi skal dómari bera saman skipsbækurnar og eftirrit þeirra er skipstjóri skal hafa með sér. Síðan spyr dómarinn skipstjóra, skipverja og önnur vitni og lætur þá skýra frá því er þeir vita og máli virðist skipta. Vitnaskýrslur skal bóka eða samandregin skýrsla dómara um framburð vitna hljóðrituð og síðan vélrituð nema dómari telji nauðsyn bera til að millilíðalaus hljóðritun sé notuð.

□ Um yfirheyrslur fer annars eftir ákvæðum laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

□ Dómari rannsakar eftir föngum öll þau atriði er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm, framferði skipstjóra og skipshafnar, hafnsögumanns o. s. frv.

□ Í tengslum við sjópróf skal dómurinn skoða skip ef telja má að slík skoðun geti skipt einhverju máli fyrir rannsókn slyss og jafnframt skal dómurinn framkvæma eða láta framkvæma aðra þá skoðun sem nauðsyn ber til.

□ Þegar halda skal sjópróf ber dómara að tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins þar um.

□ Siglingamálastofnun ríkisins ber að láta starfsmann mæta við sjópróf ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón eða veruleg meiðsl manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rannsóknina, spyrja þá sem koma fyrir dóm með milligöngu dómara eða beint með leyfi hans og fara fram á bókanir eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

□ Það, sem í grein þessari segir um Siglingamálastofnun ríkisins, skal einnig eiga við um rannsóknarnefnd sjóslysa, sbr. 45. gr. l. nr. 52/1970.[1)]

□ Að sjóprófi loknu skal dómari senda ríkissaksóknara, Siglingamálastofnun ríkisins og rannsóknarnefnd sjóslysa eftirrit af því.

[1)] *Nú l. 51/1987.*

■ **227. gr.** Nú er sjópróf haldið vegna árekstrar milli skipa og skal þá leitast við að skýrslur, sem snerta bæði eða öll skipin, séu teknar á sama stað og á sama tíma, eftir nánari ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins, og getur hún frestað sjóprófi af þessum sökum.

□ Ef sjópróf eru ekki haldin samtímis getur dómari, að beiðni útgerðarmanns þess skips sem fyrr er tekið til meðferðar í sjóprófi, úrskurðað að sjópróf verði haldið fyrir luktum dyrum og án aðgangs annarra en fulltrúa hins opinbera og útgerðarmanns skipsins. Ef sjópróf er haldið fyrir luktum dyrum skal því, sem þar kemur fram, haldið leyndu þar til haldið hefur verið sjópróf vegna hins skipsins. Fram til þess tíma hafa aðeins þeir, sem fengu að vera viðstaddir, heimild til þess að kynna sér framburð, framlögð skjöl og skipsbækur.

□ Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um árekstur við erlent skip og skal þá önnur rannsókn lögð að jöfnu við sjópróf að því er varðar hið erlenda skip. Ekki skal halda sjópróf nema Siglingamálastofnun krefjist þess eða útgerðarmaður samþykki þegar skip hefur lent í árekstri við erlent skip sem ekki er skylt að láta halda sjópróf samkvæmt reglum heimalands þess. Skal útgerðarmaður án tafar tilkynna Siglingamálastofnun um árekstur inn. Samgönguráðuneyti getur sett reglur um það til hvaða erlendra skipa þetta ákvæði nái.

■ **228. gr.** Nú hefur sjópróf þegar farið fram en síðar koma fram nýjar upplýsingar sem miklu skipta eða í ljós kemur að mikilvægar upplýsingar skorti og getur þá Siglingamálastofnun, rannsóknarnefnd sjóslysa, útgerðarmaður eða skipstjóri krafist þess að sjópróf verði haldið að nýju.

■ **229. gr.** Samgönguráðherra getur veitt undanþágu frá skyldu til að halda sjópróf eða frestað því ef talið er að annars konar en sambærileg rannsókn muni koma að sömu notum.

■ **230. gr.** [Samgönguráðherra skal skipa sérstaka fimm manna nefnd kunnáttumanna til fjögurra ára í senn. Nefndin skal kanna orsakir allra sjóslysa er íslensk skip farast. Nefndin rannsakar einnig öll slys þar sem manntjón verða, svo og önnur þau sjóslys sem hún telur ríkar ástæður til að rannsaka.

□ Nefndin skal starfa sjálfstætt og óháð.

□ Samgönguráðherra ræður, að fenginni umsögn nefndarinnar, starfsmann með sérþekkingu á þeim málum sem hún fjallar um.

□ Nefndin skal í starfi sínu fylgja meginreglum laga þessara um sjópróf eftir því sem við verður komið. Um skyldu manna til skýrslugjafar fyrir nefndinni og um öflun sönnunargagna almennt, svo og um vettvangsskönnun, gilda sömu reglur og í opinberum dómsmálum eftir því sem við getur átt. Nefndin ákveður sjálf hvort fundir hennar eru opnir eða lokaðir og hverjar upplýsingar eru veittar um framvindu rannsóknar. Nefndin getur leitað til Siglingamálastofnunar ríkisins við rannsókn máls eftir því sem tilefni er til. Embættisdómurum eða lögreglustjórum á hverjum stað er skylt að aðstoða nefndina við skýrslutöku og aðra þætti málsrannsóknar. Einnig getur nefndin kallað til sérfræðinga eða leitað aðstoðar rannsóknastofnana í þágu rannsóknar máls, svo og allra þeirra aðila sem að öryggis- og björgunarmálum vinna. Er þeim aðilum skylt að aðstoða nefndina við rannsókn í heild eða einstaka þætti hennar.

□ Nú óskar einhver framangreindra aðila eftir að koma á framfæri upplýsingum í þágu rannsóknar máls og er nefndinni þá skylt að taka slíkar upplýsingar til athugunar.

□ Um starfshætti nefndarinnar skal nánar kveðið á í reglugerð sem samgönguráðherra setur. Þar skal m. a. getið um vinnuskyldu starfsmanns og önnur störf, svo sem fræðslustörf í skólum og á námskeiðum.

1985 Nr. 34 19. júní

1985 Nr. 34 19. júní

☐ Kostnaður vegna starfsemi nefndarinnar og rannsóknar máls skv. þessari grein skal greiðast úr ríkissjóði.][1)]

[1)] *L. 21/1986, 1. gr.*

■ **231. gr.** Rannsóknarnefnd, sem starfar eftir ákvæðum 230. gr., skal að rannsókn lokinni semja ítarlega skýrslu um rannsóknina og niðurstöður hennar og skal þar m. a. einkum greint frá sönnuðum eða líklegum orsökum tjóns.

☐ Skýrslu rannsóknarnefndar skal skilað til samgönguráðuneytis. Þeim, sem hagsmuna hafa að gæta, er heimilt að fá endurrit skýrslunnar. Samgönguráðuneytið getur birt skýrsluna opinberlega ef nægar ástæður, svo sem almannahagsmunir, mæla með því.

**XIV. kafli. Um lausn ágreiningsefna.**

■ **232. gr.** Samgönguráðherra er heimilt að koma á fót föstum gerðardómi er skipaður sé einum eða fleiri óvilhöllum mönnum sem dæmi um ágreining út af lögskiptum eða stöðu manna sem lög þessi taka til ef báðir (eða allir) málsaðilar óska þess og verður þá úrskurður gerðardómsins um efnisatriði máls bindandi fyrir báða (eða alla) aðila eftir sömu reglum og almennt gilda um gerðardóma. Kostnaður við störf gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði. Ef þinghöld fara fram utan Reykjavíkur skal sýslumönnum eða bæjarfógetum á hverjum stað skylt að aðstoða gerðardóminn varðandi aðstöðu til þinghalds, eftir því sem unnt er. Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um starfsemi gerðardómsins og um kostnað við málsmeðferð.

**XV. kafli. Um refsingar og önnur viðurlög.**

■ **233. gr.** Ef skipstjóri hefur ekki á skipi eintak af lögum þessum og reglugerðum og öðrum opinberum fyrirmælum samkvæmt þeim, sem um ræðir í 2. mgr. 8. gr., varðar það sektum.

■ **234. gr.** Vanræki skipstjóri, stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður skráningu í bækur sem skylt er að halda, varðveislu þeirra eða sýningu, varðar það sektum eða varðhaldi.

■ **235. gr.** Ef skipstjóri brýtur gegn skyldum samkvæmt 19. gr. um flutning sjómanna o. fl. varðar það sektum.

■ **236. gr.** Vanræki skipstjóri að gefa sjóferðarskýrslu þegar honum er það skylt samkvæmt 225. gr. varðar það sektum eða varðhaldi.

■ **237. gr.** Ef skipstjóri vanrækir að gegna þeim skyldum sem um ræðir í 161. og 162. gr. þegar árekstur eða svipað slys ber að höndum varðar það sektum eða varðhaldi.

■ **238. gr.** Ef skipstjóri hefur orðið valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi.

☐ Ef skipstjóri neytir áfengis eða fíkniefna með þeim hætti að hann reynist ófær um að gegna starfi sínu á fullnægjandi hátt varðar það sektum eða varðhaldi.

☐ Í refsidómi samkvæmt 1. og 2. mgr. má enn fremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða að dómfelldi skuli sviptur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma, þó ekki í skemmri tíma en þrjá mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur skipstjóraréttindum. Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unnt er senda samgönguráðuneytinu eftirrit af dóminum, svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi. Hafi dómfelldi verið sviptur skipstjórnarréttindum tímabundið og tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögu og sérstakar ástæður mæla með því getur samgönguráðherra veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar enda þótt sá tími, sem tilgreindur er í dóminum, sé eigi liðinn. Hafi dómfelldi verið sviptur skipstjórnarréttindum ævilangt getur samgönguráðherra, með sama skilorði og fyrr greinir, veitt honum aftur rétt til skipstjórnar þegar a. m. k. þrjú ár eru liðin frá dómsuppsögu.

1985 Nr. 34 19. júní

☐ Áfrýjun dóms frestar ekki framkvæmd réttindasviptingar. Nú telur meiri hluti dómenda í sjóprófi að skipstjóri hafi unnið til réttindasviptingar og að brýna nauðsyn beri til þeirrar sviptingar og getur hann þá svipt hann skipstjórnarréttindum til bráðabirgða með úrskurði en dómstóll sá, er fer með viðkomandi refsimál, getur þó hvenær sem er hrundið þeirri ákvörðun hans þannig að skipstjóri haldi réttindum sínum þar til dómur gengur.

☐ Hafi meiri hluti dómenda í sjóprófi eigi beitt fyrrgreindri heimild sinni hefur viðkomandi dómstóll heimild til að ákvarða réttindasviptingu til bráðabirgða með sama skilorði og fyrr greinir.

☐ Hafi skipstjóri verið sviptur skipstjórnarréttindum til bráðabirgða samkvæmt því sem fyrr segir skal ákveðið í dómi hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

■ **239. gr.** Stórfelld eða endurtekin brot skipstjóra gegn öðrum skyldum samkvæmt lögum þessum en þeim, sem ákvæði 233. – 238. gr. taka til, varða sektum eða varðhaldi.

■ **240. gr.** Ákvæði þessa kafla taka einnig til manna sem gegna starfi skipstjóra í hans stað.

■ **241. gr.** Vanræki útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi samkvæmt 2. mgr. 172. gr. varðar það sektum og varðhaldi ef um ítrekað brot er að ræða.

☐ Ef útgerðarmaður, í merkingu laga þessara, er ekki einstaklingur eiga refsiákvæði 1. mgr. þessarar greinar við um framkvæmdastjóra viðkomandi útgerðarfyrirtækis.

■ **242. gr.** Ákvörðun um fyrirhugaða málshöfðun út af brotum gegn ákvæðum þessa kafla skal tilkynnt samgönguráðuneyti.

**XVI. kafli. Gildistaka og brottfallin lög.**

■ **243. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

☐ Jafnframt eru úr gildi numin siglingalög, nr. 66 frá 31. desember 1963, ásamt síðari breytingum, svo og önnur þau ákvæði í lögum sem ekki fá samrýmst ákvæðum laga þessara.

☐ Með fjárkröfur, sem stofnast hafa fyrir gildistöku laga þessara, skal farið eftir fyrirmælum siglingalaga, nr. 66 frá 31. desember 1963, ásamt síðari breytingum.

**Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.**

1938 Nr. 74 11. júní

■ **1. gr.** Atvinnumálaráðuneytinu[1)] er heimilt að löggilda menn til að annast niðurjöfnun sjótjóns, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

[1)] *Nú dómsmálaráðuneyti, sbr. augl. A 96/1969, 3. gr. 23. tl.*

■ **2. gr.** Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skal hafa

**1938** Nr. 74 11. júní

íslenzkan ríkisborgararétt, fasta búsetu hér í landinu, vera fullra 25 ára, fjár síns ráðandi ...[1)]

2. Hann skal hafa tekið embættispróf í lögum við Háskóla Íslands.

3. Hann skal hafa aflað sér fræðilegrar sérþekkingar á sjórétti og sjóvátryggingarrétti við erlendan háskóla eigi skemur en eitt ár.

4. Hann skal leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi starfað að niðurjöfnun sjótjóns hjá innlendum eða erlendum löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóns eigi skemur en eitt ár.

5. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega þessu starfi, svo sem skipamiðlun, eða veita forstöðu skipa- eða vátryggingarfélögum.

□ [Heimilt er að synja manni um löggildingu, ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga[2)] á við um hagi hans.][3)]

[1)]*L. 46/1961, 1. gr. a.* [2)]*P. e. l. 19/1940.* [3)]*L. 46/1961, 1. gr. b.*

■ **3. gr.** Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skal undirrita drengskaparheit um að vinna verk sitt eftir beztu vitund og þekkingu, og yfirleitt inna skyldur sínar sem niðurjöfnunarmaður sjótjóns samvizkusamlega af hendi.

■ **4. gr.** Niðurjöfnun löggilts niðurjöfnunarmanns jafngildir niðurjöfnun þeirra tveggja dómkvaddra manna, er getur í 8. kap. siglingalaganna.[1)]

□ Löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóns er heimilt að gefa upplýsingar til afnota í dómsmálum um niðurjöfnun sjótjóns og um önnur atriði, sem falla undir starfssvið hans. Fer um sönnunargildi þessara yfirlýsinga sem um skýrslur opinberra embættismanna.

[1)]*Nú l. 34/1985, VI. kafli.*

■ **5. gr.** Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem opinberir sýslunarmenn.

■ **6. gr.** Atvinnumálaráðuneytið[1)] getur tiltekið nánar í reglugerð um verksvið, störf og þóknun niðurjöfnunarmanna sjótjóns.

[1)]*Nú dómsmálaráðuneyti.*

**1968** Nr. 10 1. apríl

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957.[1)]

[1)]*Augl. C 16/1968.*

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957. Fyrirvara má gera um einstök ákvæði, sem ríkisstjórninni þykir við eiga og heimilt er að gera samkvæmt samþykktinni.

□ Samþykktin er prentuð á íslenzku og ensku sem fylgiskjöl með lögum þessum.[1)]

[1)]*Um texta samþykktarinnar vísast til Stjtíð. A 1968, bls. 26 – 37.*

**1969** Nr. 28 2. maí

## Lög um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

■ **1. gr.** Samgöngumálaráðherra er heimilt að gefa út reglugerð um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa, þar sem meðal annars sé ákvæði um sektarviðurlög um brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar.[1)]

[1)]*Lög þessi eru ekki felld úr gildi með l. 40/1977 um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.*

**1969** Nr. 28 2. maí

**1977** Nr. 40 13. maí

## Lög um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

■ **1. gr.** Öll íslensk skip, sem búin eru talstöð, önnur en varðskip, skulu tilkynna:

a. brottför skipsins úr höfn;

b. staðsetningu skipsins a. m. k. einu sinni á sólarhring, fiskiskip samkvæmt ákvörðun eftirlitsmiðstöðvar og farþegaskip eftir aðstæðum;

c. komu skipsins í höfn.

■ **2. gr.** Texti tilkynningarinnar skal vera sem hér segir:

**Við brottför:** Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, brottfararstaður og tími.

**Á sjó:** Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, reitnúmer, stefna og tími.

**Við komu í höfn:** Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, komustaður og tími.

■ **3. gr.** Öllu hafsvæðinu í kringum landið skal skipt í tilkynningarreiti. Við tilkynningum af reitum þessum taki síðan strandstöðvar, beint eða um aðrar stöðvar ef beint samband næst ekki. Tilkynningarnar skal senda strax til eftirlitsmiðstöðvar, sem fylgist með að engar skyldutilkynningar vanti. Telji eftirlitsmiðstöðin að ástæða sé til eftirgrennslunar, leitar eða björgunar, skal hún þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir og hafa um þær samráð við alla þá aðila er aðstoð geta veitt við eftirgrennslan, leit eða björgun.

■ **4. gr.** Náist ekki beint samband við landstöðvar, skal tilkynna með aðstoð eftirlitsskips, sé það á miðunum, annars um önnur skip.

■ **5. gr.** Fiskibátar, sem eigi eru búnir talstöðvum, skulu tilkynna viðkomandi eftirlitsstöð eða þeim, er hún tilnefnir, brottför sína, áformaðar ferðir og komu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem sett skal í samráði við Siglingamálastofnun og Slysavarnafélag Íslands.

■ **6. gr.** Stærð tilkynningarreita þeirra, sem um ræðir í 3. gr., ákvarðast af eftirlitsmiðstöð í Reykjavík og skal hún sjá um útgáfu og dreifingu reitakorta.

□ Sé reitakort ekki fyrir hendi skal gefa staðarákvörðun í breidd og lengd.

■ **7. gr.** Landssími Íslands skal sjá um að strandstöðvar séu til staðar til móttöku þessara tilkynninga og áframhaldandi sendingar þeirra til eftirlitsmiðstöðvar.

□ Landssíminn skal einnig sjá um, að skipum á þeim hafsvæðum hér við land, sem búa við mjög slæm móttökuskilyrði, verði bætt aðstaðan með uppsetningu nýrra strandstöðva.

■ **8. gr.** Slysavarnafélag Íslands fer með yfirstjórn tilkynningarskyldunnar og eftirlitsmiðstöðvarinnar í Reykjavík.

■ **9. gr.** Fyrir þjónustu tilkynningarskyldunnar greiða eigendur skipanna til Landssíma Íslands ákveðið gjald. Skal það miðast við stærð skips.

■ **10. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum sem fari hækkandi við ítrekuð brot. Sektarfé skal renna til ríkissjóðs.

■ **11. gr.** Allur kostnaður við tilkynningarskylduna, þar með talinn fjarskiptakostnaður, greiðist úr ríkissjóði.

**1977** Nr. 40 13. maí

■ **12. gr.** Ákveða skal með reglugerð[1] greiðslu útgerðarinnar til Landssíma Íslands svo og um nánari framkvæmd þessara laga.[2]

[1] *Rg. 256/1979.* [2] *Lágst hefur að fella úr gildi l. 28/1969.*

**1985** Nr. 35 19. júní

## Sjómannalög.

### I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um alla sjómenn á íslenskum skipum. Samgönguráðherra getur sett reglur um að tiltekin ákvæði laga þessara eða lögin í heild taki ekki til sjómanna á einstökum flokkum skipa, svo og sjómanna á skipum sem eigi ná tiltekinni lágmarksstærð.

■ **2. gr.** Eftirtalin ákvæði laga þessara gilda, eftir því sem við á, um menn sem ráðnir eru á skip af útgerðarmanni eða skipstjóra til annarra starfa en skipsstarfa og um menn sem ráðnir hafa verið á skip af öðrum en útgerðarmanni eða skipstjóra:

1. 2. mgr. 8. gr. um lágmarksaldur,
2. 3. mgr. 8. gr. og 33. gr. um læknisskoðun,
3. 17. gr. um rétt konu til að fara úr skiprúmi ef hún verður vanfær,
4. 26. gr. um rétt til launa, ferðakostnaðar o. fl. ef skip ferst eða verður dæmt óbætandi,
5. 5. mgr. 37. gr. um greiðsluskyldu ríkissjóðs á kostnaði vegna umönnunar og heimferðar sökum kynsjúkdóms og berkla,
6. 38. gr. um greiðsluskyldu ríkissjóðs á tilteknum kostnaði vegna sjómanns sem er veikur eða hefur slasast,
7. 39. gr. um skyldu skipstjóra til að annast um útför o. fl.,
8. 2. mgr. 41. gr. um greiðsluskyldu ríkissjóðs á kostnaði við útför,
9. 2. og 3. mgr. 57. gr. um varnir gegn slysum og heilsutjóni,
10. 58. gr. og 1. mgr. 60. gr. um almenna reglu á skipi og greiðslu skaðabóta,
11. 61. og 62. gr. um viðurværi og hreinlæti,
12. 64. gr. um hvíldar- og matartíma,
13. 67. gr. um heimild til að taka með sér varning o. fl.,
14. 68. gr. um eigur sem skildar eru eftir um borð,
15. 70. og 71. gr. um agavald skipstjóra,
16. V. kafli um brot á lögum þessum og um refsingar eftir því sem við getur átt.

■ **3. gr.** Allir þeir, sem staddir eru um borð í skipi, eru skyldir til að vinna þau verk eftir megni sem skipstjóri metur nauðsynleg vegna öryggis skips eða manna sem á skipi eru.

■ **4. gr.** Samtök sjómanna og útgerðarmanna geta samið um betri réttindi sjómönnum til handa en leiðir af ákvæðum laga þessara.

□ Ákvæði laga þessara um réttindi sjómanna skulu í engu skerða fyllri rétt þeirra samkvæmt kjarasamningum.

■ **5. gr.** Með skipverja er í lögum þessum átt við hvern þann sjómann sem á skip er ráðinn til skipsstarfa.

□ Yfirmenn teljast: stýrimenn, vélstjórar, loftskeytamenn og brytar, svo og aðrir skipverjar sem skipstjóri eða útgerðarmaður hefur ráðið til sambærilegra og/eða sérhæfðra starfa.

### II. kafli. Ráðningarsamningur o. fl.

*1. Um samningsgerðina o. fl.*

■ **6. gr.** Útgerðarmaður skal sjá um að gerður sé skriflegur ráðningarsamningur (skiprúmssamningur) við skipverja. Samningur skal vera í tvíriti og heldur hvor sínu eintaki. Í samningnum skal meðal annars greina:

1. fullt nafn skipverja, fæðingarár og dag, heimili og nafnnúmer,
2. stöðu hans á skipinu,
3. nafn og heimilisfang nánasta aðstandanda eða ættingja,
4. ferð þá eða tímabil sem skipverjinn er ráðinn til, hvar ráðningu skuli slitið og uppsagnarfrest sé um það samið,
5. umsamið kaup, m. a. fyrir aukavinnu eða yfirvinnu,
6. önnur hlunnindi.

□ Samgönguráðuneytið getur sett nánari reglur um form og efni samninga samkvæmt 1. mgr. og getur jafnframt mælt fyrir um notkun sérstakra eyðublaða í þessu augnamiði og sér ráðuneytið þá einnig um útgáfu og dreifingu þeirra.

□ Skipstjóri getur, í umboði útgerðarmanns, ráðið skipverja og gilda þá um það ákvæði 1. mgr. Skipstjóri getur einnig, með sama skilorði, vikið skipverja úr skiprúmi eða sagt honum upp störfum, sbr. 23. – 25. gr.

□ Eftir því sem við verður komið skal ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu skipverja til starfa í vélarrúmi, við fyrsta stýrimann um ráðningu háseta, við bryta um ráðningu aðstoðarmanna hans, svo og við aðra yfirmenn um ráðningu undirmanna þeirra.

□ Sérhver skipverji skal hafa sjóferðabók sem samgönguráðuneytið lætur gera. Skipstjóri geymir sjóferðabók skipverja meðan skipverji er í skiprúminu.

□ Samgönguráðherra setur nánari reglur[1] um gerð sjóferðabóka.

□ Lögskráningarstjóra er skylt að afhenda sjóferðabók hverjum skipstjóra og skipverja í fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenskt skip eða síðar ef sjóferðabók hefur glatast eða er fullnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma.

[1] *Regl. 162/1987.*

■ **7. gr.** Samgönguráðuneytið skal láta útbúa og kosta hentuga útgáfu af sjómannalögum eins og þau eru á hverjum tíma.

□ Skipstjóri skal sjá til þess að um borð í skipi sé ætíð eintak af sjómannalögum, eins og þau eru á hverjum tíma, sem allir skipverjar geti kynnt sér.

■ **8. gr.** Við ráðningu nýliða skal skipstjóri sjá um að nýliðanum sé leiðbeint um störf þau sem hann á að sinna. Enn fremur skal honum sýndur björgunarbúnaður sá og viðvörunarbúnaður sem á skipinu er og leiðbeint um grundvallaratriði við notkun þeirra.

□ Eigi má hafa yngri mann, karl eða konu, en 15 ára við vinnu á skipi nema um skólaskip eða æfingaskip sé að ræða. Samgönguráðherra getur sett reglur um hærra aldurslágmark skipverja við tiltekin störf allt fram til átján ára aldurs.[1]

□ Útgerðarmaður getur krafist þess að sá sem vill ráða sig á skip leggi fram við ráðningu sína vottorð læknis þess efnis að hann sé ekki haldinn einhverjum sjúkdómi eða meiðslum sem geri hann ófæran til að gegna skipsstörfum.

**1985** Nr. 35 19. júní

□ Samgönguráðherra setur nánari reglur um læknisskoðun samkvæmt 3. mgr.

[1)] *Alþjóðasamþ., sjá augl. A 73/1956 (lágmarksaldur kyndara og kolamokara) og augl. A 74/1956 (lágmarksaldur barna við sjómennsku).*

*2. Um ráðningartímann.*

■ **9. gr.** Sé eigi á annan veg samið skal uppsagnarfrestur á skiprúmssamningum vera einn mánuður nema á íslenskum fiskiskipum sjö dagar. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur.

□ Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi yfirmanns skal vera þrír mánuðir nema um annað hafi sérstaklega verið samið og á það einnig við um skipverja sem starfað hefur sem afleysingamaður í yfirmannsstöðu í níu mánuði samfleytt hjá sama útgerðarmanni.

■ **10. gr.** Hafi eigi verið samið um hvar skipverji fer af skipi verður samningi einungis sagt upp á þann veg að skipverji fari af skipi í íslenskri höfn sem skipið kemur til. Útgerðarmaður, sem sagt hefur skipverja upp starfi, skal greiða eðlilegan ferðakostnað hans til útgerðarstaðar skips eða til heimilis hans hafi það eigi í för með sér meiri kostnað.

□ Eigi skipverji ekki heimili á Íslandi eða hafi hann ekki verið ráðinn á skip í íslenskri höfn er unnt að segja samningi upp á þann veg að skipverji fari úr skiprúmi í erlendri höfn. Þetta á þó ekki við um hafnir þar sem skip kemur einungis til mjög stuttrar dvalar svo sem til að taka eldsneyti eða vistir, vegna minni háttar viðgerða eða til að færa sjúkan skipverja á land eða ef einungis er um neyðarhöfn að ræða.

□ Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma eða hafi hann sagt upp stöðu sinni með tilteknum uppsagnarfresti og endi ráðningarsamningur meðan skip er í ferð þá skal samningurinn gilda þar til skipið kemur til hafnar. Þetta gildir þó ekki um þær hafnir erlendis sem um getur í 2. mgr.

□ Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma eða til ákveðinnar ferðar og verði hann kyrr á skipinu eftir að ráðningartíminn er liðinn eða ferðinni er lokið en eigi gerður nýr samningur um höfn þá þar sem skipverji skal víkja úr skiprúmi gilda ákvæði 9. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar eftir atvikum.

■ **11. gr.** Skipverji, sem verið hefur í sama skiprúmi eða verið hefur á skipum sama útgerðarmanns í níu mánuði og sem sagt hefur upp samningi sínum með umsömdum uppsagnarfresti, getur, þó að annað hafi verið ákveðið í samningi, farið úr skiprúmi í hvaða höfn sem vera skal nema erindi skips í höfn sé það sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

■ **12. gr.** Ef gefa skal sjóferðaskýrslu eða halda sjóferðapróf er skipverji skyldur til að dvelja þar á staðnum þar til því er lokið gegn kaupi og dvalarkostnaði þann tíma.

■ **13. gr.** Skipverja, sem rétt hefur til að fara úr skiprúmi, skal skylt að vinna nauðsynleg störf á skipinu sé þess krafist, þó eigi lengur en í 48 stundir frá því að skip kom til hafnar. Þetta á þó eigi við um lausn úr skiprúmi skv. 18. gr.

■ **14. gr.** Ef yfirvöld í erlendri höfn, þar sem skipverji skyldi fara úr skiprúmi af hvaða ástæðu sem er, banna honum landvist eða heimta þær tryggingar fyrir landvistarleyfi hans er hann eigi getur sett getur hann krafist þess að vera enn um sinn á skipinu þar til það kemur til hafnar þar sem hann getur yfirgefið skipið en skylt er honum þá að gegna áfram stöðu sinni á skipinu fram til þess tíma eftir ákvörðun skipstjóra.



■ **15. gr.** Skipverji, sem á lögheimili á Íslandi og hefur ekki getað farið úr skiprúmi í íslenskri höfn á síðustu fjórum mánuðum, á rétt á ókeypis heimferð ef hann hefur verið á sama skipi eða hjá sama útgerðarmanni samfleytt í níu mánuði.

□ Ríkissjóður og útgerðarmaður greiða ferðakostnað til helminga.

□ Heimilt er að draga heimsendingu í allt að einn mánuð ef þess má vænta að skipið komi innan þess tíma til hafnar þaðan sem töluvert ódýrara eða auðveldara er að hefja heimferðina.

□ Skipverja ber að tilkynna skipstjóra um vilja sinn til heimferðar með minnst 20 daga fyrirvara.

*3. Um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi.*

■ **16. gr.** Ef skipverji sannar að hann hafi, eftir að ráðningarsamningur var gerður, fengið kost á hærri stöðu á öðru skipi eða aðstæður hans hafa breyst svo frá því að hann réð sig á skipið að það sé velferðarmál fyrir hann að geta losnað úr skiprúmi þá á hann rétt til þess að krefjast lausnar úr skiprúmi ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað enda auki það ekki útgerðarmanni kostnað.

□ Þegar þannig stendur á á skipverji aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma sem hann er í skiprúminu.

■ **17. gr.** Ef kona, sem er skipverji, verður vanfær getur hún krafist lausnar úr skiprúmi ef hagsmunir hennar eða barnsins krefjast þess og á hún þá aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma sem hún var í skiprúminu.

■ **18. gr.** Ef skipverji fær, eftir að skiprúmssamningur var gerður, vitneskju um að maki hans, barn eða foreldri hafi látist eða orðið fyrir alvarlegu slysi eða veikindum getur hann krafist lausnar úr skiprúmi og á hann þá aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma sem hann var í skiprúminu.

■ **19. gr.** Skipverji getur krafist lausnar úr skiprúmi ef:

1. skipið verður óhaffært eða íbúðir skipverja eru heilsuspillandi að mati réttra yfirvalda og skipstjóri bætir eigi úr því,
2. skipstjóri neitar að skoðun fari fram samkvæmt 63. gr. eða
3. skipverji hefur orðið að þola misþyrmingar á skipinu og skipstjóri veitir honum eigi vernd þótt eftir því hafi verið leitað.

□ Skipverji, sem fær lausn úr skiprúmi eftir ákvæðum 1. mgr., á rétt á bótum, ferðakostnaði og fæðiskostnaði eftir því sem segir í 25. gr.

■ **20. gr.** Skipverji getur krafist lausnar úr skiprúmi ef í ljós kemur eftir að hann var ráðinn í skiprúm að:

1. hætta er á að skipið verði hernumið eða verði fyrir tjóni af völdum hernaðar eða þess háttar hætta eykst til muna frá því sem áður var eða
2. illkynjuð farsótt geisar á áætlunarstað skipsins eða á öðrum þeim stað þar sem skipinu er ætluð viðkoma.

□ Skipverji skal bera fram kröfu um lausn af þessum sökum svo skjótt sem við verður komið eftir að hann fær vitneskju um aðstæður. Sé ferð þá eigi hafin hefur hann rétt til að krefjast lausnar þegar í stað en ella í fyrstu höfn sem skipið kemur í eftir að hann fékk vitneskju um þessi atvik.

□ Fái skipverji lausn af þeim ástæðum sem frá er greint í 1. mgr. á hann rétt á að útgerðarmaður greiði helming ferðakostnaðar hans til heimilis hans eða til ráðningarstaðar ef útgerðarmaður kýs það heldur. Hafi útgerðarmaður eða skipstjóri vitað af ástandi því sem greinir í 1. mgr. skal útgerðarmaður greiða allan ferðakostnað skipverja.

□ Ákvæði 3. mgr. á þó ekki við ef unnt reynist að útvega skipverja sambærilega stöðu á öðru íslensku skipi eða á skipi, sem tekið hefur verið á leigu af íslenskum útgerðarmanni, þar í höfn sem skipverji fer úr skiprúmi.

■ **21. gr.** Ef skipverji er ráðinn til ákveðinnar ferðar og ferðinni er breytt til muna á hann rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi með skilmálum 2. mgr. 20. gr.

□ Fái skipverji lausn úr skiprúmi af þessum sökum á hann rétt á kaupi fyrir 15 daga eftir að hann fer úr skiprúmi en á íslenskum fiskiskipum skal þó miðað við 7 daga. Auk þess á hann rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til ráðningarstaðar ef hann fer úr skiprúmi áður en ferð hefst en ella til þess staðar þar sem samið var um að hann færi úr skiprúmi.

■ **22. gr.** Ef skip missir rétt til að sigla undir íslenskum fána á skipverji rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi nema um annað hafi sérstaklega verið samið. Um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum fer þá sem segir í 25. gr.

□ Sé skip selt öðrum innlendum útgerðarmanni er skipverja heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi en segja verður þá skipverji skiprúmi sínu lausu þegar eftir að hann fær vitneskju um þetta.

□ Eigi skipverji rétt á lausn úr skiprúmi af þessum sökum á hann rétt til kaups í sex vikur nema uppsagnarfrestur sé skemmri tími. Innan þess tíma ber skipverja að vinna venjuleg skipsstörf uns skipið er afhent hinum nýja eiganda. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga því aðeins við að skipið sé afhent hinum nýja eiganda áður en ráðningu hefði lokið fyrir uppsögn.

□ Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi þótt skipstjóraskipti verði á skipinu.

*4. Um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi.*

■ **23. gr.** Skipstjóri getur vikið skipverja úr skiprúmi ef:

1. skipverji verður lengur en um stundarsakir ófær til vinnu vegna veikinda eða slysa,
2. skipverji er haldinn sjúkdómi sem öðrum mönnum á skipi stafar hætta af,
3. læknisskoðun skv. 33. gr. leiðir í ljós að skipverji er eigi fær til að vinna starf sitt þótt eigi sé hann sjúkur.

□ Ákvæði 36. gr. um rétt skipverja til launa o. fl. eiga við um brottvikningu úr skiprúmi eftir 1. mgr.

■ **24. gr.** Skipstjóri getur enn fremur vikið skipverja úr skiprúmi ef:

1. skipverji reynist óhæfur til þess starfa sem hann var ráðinn til,
2. skipverji kemur ekki til skips á ákveðnum tíma og skipið á að láta úr höfn eða ráða verður annan mann í hans stað,
3. skipverji verður sekur um mikil afglöp í starfi sínu svo sem það að hann óhlýðnast ítrekað skipunum yfirmanna sinna eða beitir aðra menn ofbeldi sem á skipi eru staddir,
4. skipverji er ítrekað drukkinn um borð, nema brot sé því alvarlegra, eða er undir áhrifum fíkniefna um borð,
5. skipverji verður sekur um þjófnað eða annan meiri háttar glæp eða leynir manni á skipsfjöl,
6. skipverji leynir tollskyldum varningi eða þeim varningi sem útflutningsbann gildir um á fráfararstað skipsins eða innflutningsbann á ákvörðunarstað þess eða
7. skipverji ber ágreining, sem rís af starfi hans á skipinu, undir erlend stjórnvöld.

□ Ef skipstjóri vill víkja skipverja úr skiprúmi skv. 3. – 7. tl. 1. mgr. skal hann skýra skipverja frá því hið fyrsta og eigi síðar en 7 dögum eftir að hann fékk vitneskju um þau atvik sem brottvikning byggist á nema sérstakar ástæður réttlæti lengri frest.

□ Skipverji, sem vikið er úr skiprúmi samkvæmt þessari grein, á ekki rétt á kaupi lengur en hann gegndi starfi sínu. Ef skipverji gat ekki komið til skips vegna veikinda eða meiðsla, sem hann á ekki sök á, skal hann þó eiga rétt til kaups samkvæmt fyrirmælum 36. gr.

■ **25. gr.** Ef skipverja er vikið úr skiprúmi áður en ráðningartími hans er liðinn og án þess að heimild sé til þess í 23. eða 24. gr. á hann rétt á kaupi þann tíma sem mælt er fyrir um í 9. gr. Hafi skipverja, sem starfað hefur samfellt í þjónustu sama útgerðarmanns í 15 ár eða lengur, verið vikið úr starfi án nægrar ástæðu skal hann auk þessa eiga rétt á sérstakri uppbót sem nemi eins mánaðar launum sé um yfirmann að ræða en ella skal miðað við laun fyrir 15 daga.

□ Hafi verið samið við skipverja um tiltekinn stað þar sem hann skyldi víkja úr skiprúmi á hann, auk þess sem fyrr var greint, rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til þess staðar. Verði ráðningarsamningi eigi sagt upp nema skipverji geti vikið úr skiprúmi í íslenskri höfn, sbr. 1. mgr. 10. gr., á hann rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til íslenskrar hafnar eða til heimilis síns eigi hann heimili á Íslandi.

□ Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga þó ekki við ef skipverji víkur úr skiprúmi eftir uppsögn á þeim stað sem fyrir fram hafði verið um samið eða sem leiðir af reglum 10. gr. samkvæmt ákvörðun skipstjóra áður en uppsagnarfrestur er úti þannig að skipverji haldi kaupi og öðrum fríðindum þar til fresturinn er á enda runninn.

■ **26. gr.** Farist skip eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanns um ófyrirsjáanlegan tíma, þó ekki skemmri tíma en þrjá mánuði, er skiprúmssamningi slitið nema öðruvísi sé um samið. Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur er sjóferðaskýrsla er tekin og á hann rétt á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna eða hann þarf að bíða eftir ferð heimleiðis.

□ Ef skiprúmssamningi er slitið af þeim sökum sem segir í 1. mgr. á skipverji rétt á ferðakostnaði, nauðsynlegum klæðnaði og fæðispeningum til heimilis síns og greiðir ríkissjóður þann kostnað.

□ Verði skiprúmssamningi slitið erlendis af þeim ástæðum sem greinir í 1. mgr. á skipverji rétt til launa á meðan hann er atvinnulaus af þessum sökum, þó ekki lengur en í tvo mánuði frá ráðningarslitum ef hann er stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en í einn mánuð frá sama tíma ef hann gegnir annarri stöðu á skipi.

1985 Nr. 35 19. júní

*5. Um kaup skipverja.*

■ **27. gr.** Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips tekur hann kaup frá og með þeim degi er sú ferð hefst.

□ Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður. Um vinnu skipverja fer sem segir í kjarasamningum og lögum þessum.

□ Skipverji á ekki rétt á kaupi fyrir þann tíma sem hann hliðrar sér hjá að vinna án þess að næg ástæða sé til.

■ **28. gr.** Við útreikning kaups fyrir hluta úr mánuði skal við það miðað að kaup fyrir hvern dag sé 1/30 af mánaðarkaupi eða samkvæmt kjarasamningi eftir því sem við á.

□ Standi ferð lengur yfir en áætlað var við ráðningu á skipverji rétt á tiltölulegri viðbót við kaupið hafi eigi verið á annan veg samið.

■ **29. gr.** Fækki skipverjum meðan ferð stendur yfir skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli þeirra sem eftir eru að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.

□ Fækki stýrimönnum meðan ferð stendur yfir skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli skipstjóra og stýrimanns eða stýrimanna í hlutfalli við aukna vinnu hvers þeirra um sig hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.

■ **30. gr.** Um rétt til greiðslu í erlendri mynt fer eftir því sem landslög ákveða á hverjum tíma.

□ Skipverji getur krafist þess að kaup hans sé greitt mánaðarlega eftir ávísun til nafngreinds manns hér á landi eða lagt inn á íslenska innlánsstofnun.

□ Skipverji getur, sér að kostnaðarlausu, sent kaup sitt heim til Íslands með tilstilli íslensks ræðismanns. Ríkissjóður ber þann kostnað sem af þessu leiðir og ábyrgist peningasendingarnar.

■ **31. gr.** Skipverji getur krafist þess að 2/3 hlutar af ógreiddu kaupi hans séu greiddir nafngreindum manni gegn umboði.

□ Greiðslur samkvæmt 1. mgr. má eigi stöðva né lækka án samþykkis skipverjans fyrr en ráðningu hans er slitið nema svo sé að annar hluti kaupsins hrökkvi eigi fyrir greiðslum á skaðabótakröfum er útgerðarmaður á á hendur honum og rísa af starfi hans á skipinu, kröfum yfirvalda á hendur honum sem útgerðarmanni að lögum er skylt að tryggja með því að halda eftir kaupi skipverjans eða um sé að ræða kröfu útgerðarmanns vegna tjóns sem leiðir beint af tollalagabroti skipverja.

□ Heimilt er að halda eftir þriðjungi af þeim hluta kaups er skipverji sjálfur getur tekið á móti þar til skipverji fer úr skiprúmi, þó aldrei hærri upphæð en hálfsmánaðarkaupi.

■ **32. gr.** Mánaðarlega skal skipverja látið í té sundurliðað launauppgjör til hans nema kjarasamningar mæli fyrir um skemmri uppgjörsfrest.

□ Komi það í ljós er reikningar eru gerðir upp að skipverji hafi fengið meira greitt en honum bar þá er það fé eigi afturkræft ef svo er að ráðningu skipverja sé slitið af þeim ástæðum einhverjum sem ræðir um í 19., 22. gr., 1. tl. 23. gr., 25., 26. og 40. gr.

*6. Umönnun og kaup sjúkra skipverja.*

1985 Nr. 35 19. júní

■ **33. gr.** Skyldur er skipverji til að láta lækni rannsaka heilsufar sitt ef skipstjóri krefst þess.

□ Hafi skipstjóri ástæðu til að ætla að skipverji sé sjúkur skal hann sjá til þess að skipverji gangist undir læknisskoðun sé þess kostur.

□ Læknisskoðun samkvæmt 1. og 2. mgr. skal framkvæmd skipverja að kostnaðarlausu.

■ **34. gr.** Veikist skipverji eða slasist skal skipstjóri sjá um að hann fái nauðsynlega umönnun á skipinu eða í landi, þar með talið hjúkrun, læknishjálp, lækningaefni og framfæri, sé hann utan heimilis síns enda getur skipstjóri, ef um skammtímaforföll er að ræða, skyldað skipverja til að dvelja á útgerðarstað skips.

□ Ef ástæða er til að ætla að skipverji sé haldinn sjúkdómi sem hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu skal skipstjóri láta flytja sjúklinginn í land ef eigi reynist unnt að verjast smithættu á skipinu.

□ Geti sjúkur skipverji eigi sjálfur gætt muna sinna skal skipstjóri sjá um að þeirra sé gætt.

□ Sé sjúkur eða slasaður skipverji skilinn eftir erlendis skal skipstjóri fela hann umsjá íslensks ræðismanns eða sjá honum sjálfur fyrir góðri umönnun ef ræðismaður er eigi á þeim stað og tilkynna þetta þeim ræðismanni sem næstur er og jafnframt nánustu aðstandendum skipverja ef hann óskar þess.

■ **35. gr.** Sé sjúkur eða slasaður skipverji skilinn eftir erlendis í umsjá íslensks ræðismanns getur ræðismaðurinn krafist tryggingar vegna þeirra útgjalda sem útgerðarmaður skal standa skil á samkvæmt 37. og 41. gr. varðandi umönnun og greftrun skipverja.

□ Skipverji getur krafist þess að hann fái í hendur kaupgreiðslur sem hann á rétt til nema telja verði að fé það skuli ganga til greiðslu útgjalda sem skipverji á að bera sjálfur eða hann sé af heilsufarsástæðum óhæfur til að ráðstafa fjármunum sínum.

■ **36. gr.** Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausu fríi er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

□ Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

□ Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr.

□ Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna

sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

☐ Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið er sýni að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

■ **37. gr.** Með þeim undantekningum, sem greindar eru í 4. – 6. mgr., greiðir útgerðarmaður allan eðlilegan kostnað af umönnun sjúkra skipverja meðan ráðningu þeirra er ekki slitið, sbr. 1. mgr. 34. gr.

☐ Sé skipverji veikur eða slasaður er ráðningu hans er slitið á hann rétt á að útgerðarmaður kosti umönnun hans í veikindunum í allt að sex vikur eða í allt að tólf vikur sé skipverji íslenskur og njóti umönnunar erlendis. Þetta tímabil telst frá því að skipverji er skráður úr skiprúmi eða frá því að skipið lét úr höfn hafi hann eigi verið skráður úr skiprúmi. Sé íslenskur skipverji skilinn eftir erlendis á hann auk þess rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi. Sé hægt að útvega honum stöðu eigi lægri en þá er hann áður hafði og eigi verr launaða á skipi sem fara á hingað til lands eða til hafnar sem hægara er að senda hann frá heim til sín þá er hann skyldur að taka þeirri stöðu ef heilsa hans leyfir.

☐ Fari skipverji úr skiprúmi vegna veikinda eða meiðsla eða sé hann við fráför úr skiprúmi haldinn þess háttar veikindum eða lemstrum sem réttlætt geta uppsögn úr skiprúmi á skipverji, auk þess sem fyrr greinir, rétt á að útgerðarmaður greiði ferðakostnað og fæðiskostnað til útgerðarstaðar skips eða til heimilis hans hafi það eigi í för með sér aukinn kostnað. Eigi skipverji ekki heimili á Íslandi getur útgerðarmaður þó valið þann kost að greiða ferðakostnað og fæðispeninga skipverja þangað sem skipverji var staddur þegar hann réðst í skiprúm nema yfirvöld á þeim stað neiti honum um landgöngu eða banni honum landvist eða heimti þær tryggingar fyrir landvistarleyfi hans er hann eigi getur sett.

☐ Ef skipverji á sjálfur sök á veikindunum eða meiðslunum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða hafi hann leynt þeim sviksamlega er hann réðst á skipið á hann ekki rétt á að útgerðarmaður greiði honum ferðakostnað eða fæðispeninga eftir 1. – 3. mgr.

☐ Sé skipverji, sem er heimilisfastur á Íslandi, haldinn berklum eða kynsjúkdómi greiðir ríkissjóður kostnað við umönnun og heimferð skipverjans eftir 2. og 3. mgr.

☐ Greiðslur, sem skipverji fær af þessum sökum frá sjúkrasamlagi eða almannatryggingum eða vegna slysatryggingar sem keypt hefur verið honum til handa, skulu dregnar frá þeirri upphæð sem útgerðarmanni eða ríkissjóði er skylt að inna af hendi samkvæmt 2. og 3. mgr.

■ **38. gr.** Hafi skipstjóri, við fráför veiks eða slasaðs skipverja úr skiprúmi erlendis, orðið að reiða af hendi fé vegna heimferðar skipverja, umönnunar hans eða honum til aðstoðar á annan hátt, eftir lögum eða fyrirmælum sem gilda á þeim stað en útgerðarmanni ber ekki að greiða eftir íslenskum rétti, skal ríkissjóður bæta útgerðarmanni skipsins þau útgjöld sem óhjákvæmileg voru í þessu sambandi.

☐ Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um umönnun sjúkra eða slasaðra skipverja og um heimsendingu þeirra.[1)]

[1)] *Reglur 163/1987 (um umönnun sjúkra eða slasaðra skipverja og um ráðstafanir vegna andláts skipverja).*

*7. Andlát skipverja og greftrun.*

■ **39. gr.** Ef skipverji deyr skal skipstjóri tilkynna einhverjum hinna nánustu vandamanna hins látna um andlátið svo skjótt sem við verður komið. Skipstjóri sér um útför hins látna eða líkbrennslu hafi venslamenn eigi gert aðrar ráðstafanir. Andist skipverji erlendis skal hinum næsta íslenska ræðismanni einnig tilkynnt um andlátið. Hafi líkbrennsla farið fram skal skipstjóri annast heimsendingu öskunnar.

☐ Svo skjótt sem við verður komið skal skipstjóri láta gera skrá yfir muni þá sem hinn látni hefur látið eftir sig í skipinu og skal skrá þessi staðfest af tveimur vottum. Hafi skipverji andast erlendis skal skipstjóri senda eða afhenda hinum næsta íslenska ræðismanni skrá þessa eða staðfest eftirrit hennar. Sé miklu óhagræði bundið að geyma muni hins látna um borð skulu þeir einnig afhentir hinum næsta íslenska ræðismanni.

■ **40. gr.** Deyi skipverji telst kaup hans til dánardags og að þeim degi meðtöldum enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum.

☐ Nú hverfur skip í hafi án þess að upplýst verði hvenær skiptapann ber að höndum og skulu lok launagreiðslna til horfinna skipverja þá miðast við þann tíma sem telja mátti eðlilegan fyrir það skip að ná til næsta áfangastaðar frá þeim stað sem síðast spurðist um skipið.

☐ Deyi skipverji á þeim tíma er hann á rétt til kaups samkvæmt 27. gr. eða 36. gr. á eftirlifandi maki eða börn, sem eru á framfæri hins látna eftir almennum framfærslureglum, rétt til launa fyrir einn mánuð umfram það sem segir í 1. og 2. mgr. enda hafi skipverjinn verið í þjónustu útgerðarmanns í síðustu sex mánuði áður en hann andaðist. Hafi skipverji verið samfellt í starfi hjá sama útgerðarmanni í fjögur ár eða lengur skal, auk þess sem fyrr segir, greiða eins mánaðar kaup sem hjá fiskimönnum miðist við kauptryggingu fyrir einn mánuð eins og hún er á hverjum tíma en hjá farmönnum skal greiðslan vera sem nemur eins mánaðar grunnlaunum viðkomandi skipverja.

☐ Óheimilt er að framselja eða veðsetja samningsbundnar dánarbætur og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótagreiðslu til opinberra gjalda.

■ **41. gr.** Útgerðarmaður greiðir allan venjulegan kostnað við greftrun skipverja eða líkbrennslu, svo og þann kostnað er leiðir af heimsendingu ösku eða líkamsleifa ef því er að skipta, hafi skipverji andast meðan útgerðarmanni bar að kosta umönnun hans.

☐ Ríkissjóður greiðir þau útgjöld sem um ræðir í 1. mgr. ef skipverji hefur við andlát sitt átt rétt til umönnunar samkvæmt 5. mgr. 37. gr. Ákvæðum 6. mgr. 37. gr. og 38. gr. skal beitt eftir því sem við getur átt um útgjöld vegna andláts eða greftrunar skipverja.

☐ Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um ráðstafanir vegna andláts skipverja.[1)]

[1)] *Reglur 163/1987.*

1985 Nr. 35 19. júní

*8. Ráðningarsamningur skipstjóra.*

■ **42. gr.** Útgerðarmaður skal sjá um að gerður sé skriflegur ráðningarsamningur við skipstjóra þar sem kveðið sé á um ráðningarkjör hans.

■ **43. gr.** Ákvæði laga þessara um skiprúmssamninga skulu gilda eftir því sem við getur átt um ráðningarsamning við skipstjóra með þeim breytingum sem leiðir af 44. – 48. gr.

■ **44. gr.** Sé eigi annað ákveðið í samningnum um lengd ráðningartímans getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

■ **45. gr.** Útgerðarmaður getur vikið skipstjóra úr stöðu hans hvenær sem er.

□ Sé skipstjóra vikið úr stöðu áður en ráðningartími hans er úti og án þess að heimild sé til þess samkvæmt 47. gr. á hann rétt á bótum fyrir það tjón sem frávikningin bakar honum.

□ Sé eigi annað sannað um upphæð tjónsins á skipstjóri rétt á þriggja mánaða kaupi og auk þess ferðakostnaði og fæðispeningum til hafnar þeirrar er ráðningunni skyldi slitið í samkvæmt samningnum eða til íslenskrar hafnar hafi honum verið vikið úr stöðu erlendis.

□ Sé skipstjóra heitið hluta af farmgjaldi eða afla skips eða af öðrum tekjum af ferðinni eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni og ráðningu er slitið áður en ferðinni er lokið eða reikningsárið liðið á hann rétt til að fá svo mikinn hluta þessarar þóknunar sem svarar til aflafengs hans ef um hluta af afla er að ræða ella til starfstíma hans að tiltölu við ferðina alla eða reikningsárið allt.

■ **46. gr.** Skipstjóri skal hafa sama rétt og skyldur og aðrir skipverjar í veikinda- og slysatilvikum og um getur í 36. gr.

■ **47. gr.** Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni vegna ódugnaðar, óráðvendni eða vegna stórkostlegra yfirsjóna eða hirðuleysis við starf hans á hann ekki rétt til launa lengur en hann gegnir starfi.

■ **48. gr.** Farist skip eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanns um ófyrirsjáanlegan tíma, þó ekki skemmri tíma en þrjá mánuði, er ráðningu skipstjóra þar með slitið sé eigi annað ákveðið í samningi. Skipstjóri er þó skyldugur til að dvelja á staðnum þar til skipverjum, skipi og farmi hefur verið ráðstafað og á hann þá rétt á launum þann tíma og dvalarkostnaði.

**III. kafli. Um skipsstörfin.**

*1. Yfirmenn og stjórn.*

■ **49. gr.** Skipstjóri hefur í öllum efnum hið æðsta vald á skipinu.

■ **50. gr.** Stýrimenn eru skipstjóra til aðstoðar við siglingu skipsins og þær athuganir og útreikninga sem tilheyra henni og við bókun í leiðarbók og dagbók skipsins. Stýrimenn skulu auk þess sinna öðrum þeim störfum sem skipstjóri felur þeim.

□ Riti stýrimaður í leiðarbók eða dagbók ábyrgist hann að rétt sé ritað.

□ Í umboði skipstjóra hefur fyrsti stýrimaður eftirlit með öðrum skipverjum, skipi, áhöldum þess og útbúnaði, að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af 53., 54. og 55. gr. Hann skal sjá um nauðsynlega skráningu á mótteknum og afhentum farmi og hafa eftirlit með lestun, losun og búlkun farms.

□ Forfallist 1. stýrimaður eða sé hann fjarverandi kemur næstæðsti stýrimaður, sem er til staðar, í hans stað.

■ **51. gr.** Ef skipstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi og beri eitthvað það að höndum sem hann hefur enga fyrirskipun gert um skal æðsti stýrimaður, sem er til staðar, ráða fram úr því sem ekki má fresta.

■ **52. gr.** Deyi skipstjóri eða verði hann óhæfur til skipstjórnar eða víki hann úr stöðu sinni kemur æðsti stýrimaður í hans stað þar til nýr skipstjóri tekur við skipstjórn. Útgerðarmanni skal þegar í stað tilkynnt um framangreind tilvik.

■ **53. gr.** Yfirvélstjóri stjórnar og ber ábyrgð á vélgæslunni. Hann skal sjá um óaðfinnanlegan rekstur, meðferð og viðhald á vélbúnaði skipsins, tilheyrandi lögnum og útbúnaði, svo og á þeim hluta af bol skipsins sem lykur um vélarúm, ásamt tilheyrandi geymum og göngum.

□ Hann hefur umsjón með eldsneytisforða skipsins og öðrum nauðsynjum til reksturs og viðhalds véla, veitir þeim móttöku og athugar magn þeirra og gæði.

□ Hann ákveður verkaskiptingu og starfstilhögun hinna vélstjóranna og annarra starfsmanna í vél.

□ Yfirvélstjóri skal tafarlaust tilkynna skipstjóra ef hann verður var við galla eða bilun á þeim hlutum skipsins, áhöldum og útbúnaði sem að framan greinir.

□ Yfirvélstjóri ber ábyrgð á fyrirskipuðum skoðunum og eftirliti á vélbúnaði skipsins. Ef yfirvélstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi og beri eitthvað það að höndum sem hann hefur enga fyrirskipun gert um skal sá æðsti hinna vélstjóranna, sem til staðar er, ráða fram úr því sem ekki má fresta.

□ Vélstjóri ritar í vélabók og ábyrgist að rétt sé ritað.

■ **54. gr.** Bryti skal einkum sjá um matargerð og framreiðslu matar. Hann hefur umsjón með vistum og sér um hreingerningu á þeim rýmum sem skipstjóri ákveður.

■ **55. gr.** Loftskeytamaður sér einkum um fjarskiptaþjónustu, auk annarra starfa sem skipstjóri felur honum.

□ Hann ber ábyrgð á rekstri, meðhöndlun og viðhaldi á fjarskiptabúnaði skipsins ásamt tilheyrandi útbúnaði og varahlutum.

□ Verði loftskeytamaður var við galla eða bilun í þeim útbúnaði sem að framan greinir skal hann láta skipstjóra vita af því tafarlaust.

□ Loftskeytamaður heldur sérstaka dagbók og ábyrgist að rétt sé ritað.

■ **56. gr.** Um frekari starfsskyldur þeirra yfirmanna, sem frá er greint í 50. – 55. gr., svo og um starfsskyldur annarra yfirmanna fer eftir ráðningarsamningi eða kjarasamningi, venju eða reglum sem samgönguráðherra setur.

*2. Starfstilhögun og varúðarreglur.*

■ **57. gr.** Þegar verkum er skipt skal taka tillit til stöðu hvers skipverja á skipinu og þess gætt eftir föngum að hann taki framförum í kunnáttu í starfi sínu.

□ Þeim manni er verkum stjórnar er skylt að gæta þess að fylgt sé nauðsynlegum varúðarreglum gegn slysum og sjúkdómum. Á sama hátt er skipverja skylt að hlýðnast fyrirmælum um notkun öryggisbúnaðar og öðrum varúðarreglum.

□ Samgönguráðherra getur sett reglur til varnar sjúkdómum og slysum í skipum.

*3. Almennar starfsskyldur.*

■ **58. gr.** Skipstjóri og aðrir yfirmenn skulu koma sómasamlega fram við undirmenn sína. Líkamlegri refsingu má aldrei beita.

1985 Nr. 35 19. júní

□ Allir skulu skipsmenn hegða sér sómasamlega, kurteislega og friðsamlega og gæta nákvæmlega þeirra fyrirmæla sem sett verða um góða siði og reglu á skipinu. Þegar skipverji fær skipun frá yfirboðara sínum skal hann láta á sér skilja með skýrum svörum að hann hafi skilið skipunina.

□ Skipverji skal hlýða skipunum yfirboðara sinna er að starfinu lúta, vera umhyggjusamur um skip og farm og vinna störf sín með áhuga og trúmennsku.

*4. Um upphaf vistar skipverja og fjarveru hans.*

■ **59. gr.** Skipverji er skyldur að koma á ákveðnum tíma í skiprúmið. Eftir það má hann ekki fara frá skipi leyfislaust.

□ Skipverja, sem ekki er staddur á skipi en veit eða má vita að hann muni bráðlega verða kvaddur til skips, er skylt, eftir því sem honum er unnt, að fylgjast með ferðum skipsins og vera tilbúinn að taka upp störf sín að nýju þegar þess er þörf enda skal útgerðarmaður eða skipstjóri veita honum greiðar upplýsingar um ferðir skips, eftir því sem frekast er unnt.

□ Geti skipverji ekki mætt til skips á réttum tíma skal hann tafarlaust skýra skipstjóra frá því.

□ Skipverji, sem ekki kemst til skips af ástæðum sem útgerðarmanni verður ekki um kennt, skal sjálfur bera hallann af.

*5. Bótaskylda skipverja.*

■ **60. gr.** Tjón það, er skipverji veldur með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, skal honum skylt að bæta. Dómstólar geta þó lækkað bótaupphæðina með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipverja og annarra atvika. Þegar sérstaklega stendur á má einnig fella bótaskyldu niður með öllu.

□ Fari skipverji fyrirvaralaust úr starfi eða áður en uppsagnarfrestur er liðinn án lögmætrar ástæðu á útgerðarmaður rétt á bótum úr hendi skipverja er nemi launum fyrir hálfan uppsagnarfrest eða helming þess tíma sem eftir er af uppsagnarfrestinum, þó aldrei lægri fjárhæð á fiskiskipum en sem nemur sjö daga kauptryggingu en föstum launum í sjö daga á kaupskipum.

*6. Viðurværi skipverja og aðbúð.*

■ **61. gr.** Skipstjóri skal sjá um að skipverjar fái nægan mat og góðan. Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um það efni.

□ Ef nauðsyn ber til að matur sé dreginn af skipverjum á ferð skal greiða þeim sanngjarnar bætur af þeim sökum.

■ **62. gr.** Skipstjóri skal hafa eftirlit með heilbrigðismálum og hreinlæti á skipinu.

□ Samgönguráðherra getur sett reglur um vistarverur skipverja, viðhald á þeim og hreinlæti í þeim.

*7. Haffærisskoðun.*[1]

[1] *Sjá l. 51/1987, IV. kafla.*

■ **63. gr.** Ef meiri hluti skipshafnar ber sig upp við skipstjóra yfir því að skipið sé ekki haffært í ferð þá sem því er ætluð þá er skipstjóra skylt að láta fara fram aukaskoðun á skipinu samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum sem settar kunna að vera samkvæmt þeim lögum. Komi kvörtunin fram í erlendri höfn þar sem aukaskoðun getur eigi farið fram samkvæmt áðurnefndum reglum skal skipstjóri snúa sér til réttra yfirvalda þar á staðnum og fara fram á að skoðunarmenn séu útnefndir til að dæma um haffæri skipsins.

□ Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við ef kvörtun, sem þar segir, er borin fram af yfirvélstjóra eða fyrsta stýrimanni og hún lýtur að þeim hluta skips, áhalda þess eða útbúnaðar er viðkomandi yfirmaður hefur umsjón með.

□ Komi fram við skoðunina að umkvartanir um óhaffæri skipsins höfðu eigi við skynsamleg rök að styðjast skulu þeir sem kærðu greiða kostnaðinn við skoðunina og skaðabætur svo sem segir í 60. gr.

□ Ef skoðunargerð fer fram erlendis samkvæmt grein þessari skal ræðismaður sá, er málið hefur haft með höndum, en ella skipstjóri, tafarlaust senda Siglingamálastofnun skýrslu um skoðunina.

*8. Hvíldar- og matartími o. fl.*

■ **64. gr.** Skipverjum skal ætlaður hæfilegur tími til hvíldar og matar.

□ Um lágmarkshvíldartíma skipverja fer eftir ákvæðum í lögum og kjarasamningum.

■ **65. gr.** Á sunnudögum eða öðrum helgidögum, sem lögteknir eru hér á landi, má eigi setja skipverja til vinnu við þau störf sem fresta má.[1]

□ Skipverjum skal, ef þess er kostur, gefið tækifæri til að halda guðsþjónustu á skipinu á helgidögum þessum.

[1] *Sjá l. 45/1926.*

*9. Landgönguleyfi skipverja.*

■ **66. gr.** Eigi má neita skipverja um landgönguleyfi í frístundum hans nema því aðeins að nauðsynlegt sé að hann fari eigi frá skipinu vegna öryggis skips, farms eða manna sem á skipinu eru vegna nauðsynlegra skipsstarfa, eða vegna þess að skipið er búið til brottferðar eða flytja á það til innan hafnar.

□ Skipstjóri skal, ef nauðsyn krefur og þess er kostur, sjá til þess að skipverjar í landgönguleyfi séu ferjaðir til og frá skipi þeim að kostnaðarlausu.

□ Ákvæði 2. mgr. 59. gr. á einnig við um skipverja í landgönguleyfi, eftir því sem við verður komið.

*10. Farangur skipverja og aðrar eigur þeirra.*

■ **67. gr.** Skipverja er heimilt að hafa með sér á skipinu hæfilega mikið af farangri er hann þarf til eigin nota enda sé það eigi til baga fyrir skip eða farm og eigi hætt við að af því stafi óregla á skipinu. Söluvarning fyrir sig eða aðra má hann eigi hafa á skipinu nema með leyfi skipstjóra.

□ Skipverja er skylt að greiða venjulegt farmgjald fyrir varning sem hann hefur ólöglega með sér á skipinu og bæta skaða þann er af því hlýst.

□ Skipverja er óheimilt að hafa með sér á skipi fíkniefni eða hættuleg efni. Sama gildir um vopn og skotfæri nema skipstjóri gefi sérstakt leyfi til þess.

□ Ef skipstjóri hefur rökstuddan grun um að ólöglegur varningur sé á skipinu getur hann látið rannsaka hirslur skipverja. Skipverjar þeir, er rannsakað er hjá, mega vera viðstaddir rannsóknina. Varning, sem skipverji hefur með sér ólöglega, getur skipstjóri tekið í sínar vörslur, látið flytja á land eða varpa útbyrðis ef nauðsyn krefur.

■ **68. gr.** Skipstjóri skal taka í gæslu sína þá muni sem skipverji skilur eftir í skipinu við ráðningarslit. Skal hann, svo fljótt sem unnt er, gera skrá um muni þessa sem staðfest sé og undirrituð af tveimur vottum.

□ Telji skipstjóri vandkvæðum bundið að geyma munina getur hann komið þeim í geymslu á kostnað eiganda eða selt þá fyrir reikning eiganda en að frádregnum

kostnaði. Hið sama á við hafi skipverji eigi, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því að hann yfirgaf skip, snúið sér til skipstjóra eða útgerðarmanns með ósk um að fá munina afhenta sér.

■ **69. gr.** Útgerðarmaður bætir skipverjum þær eigur þeirra sem farist hafa eða skemmst við skiptapa, eldsvoða í skipi eða annað sjótjón eftir reglum sem samgönguráðherra setur.[1)]

[1)] *Sjá rg. 31/1964.*

*11. Um agavald skipstjóra.*

■ **70. gr.** Skipstjóri eða sá, sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, getur þröngvað skipverjum til hlýðni með valdi ef það er nauðsynlegt til að halda góðri reglu á skipinu.

□ Þá er skip er í háska statt eða skipverjar gera samblástur eða önnur nauðsyn rekur til er leyft að grípa til hvers kyns nauðsynjaúrræða til að koma á hlýðni og góðri reglu og er hver af skipverjum skyldur til að veita yfirmanni sínum aðstoð sína, jafnvel ótilkvaddur.

□ Bíði sá tjón við þetta sem mótþróann sýndi ber enginn ábyrgð á því ef eigi var beitt meira harðræði en atvik kröfðu.

■ **71. gr.** Sé skipverji grunaður um að hafa drýgt meiri háttar glæp og sé skipið eigi statt í innlendri höfn skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, taka bráðabirgðaskýrslu um málið samkvæmt því sem fyrir er mælt í 75. gr. Ef meintur glæpur var unninn í landi eða landhelgi annars ríkis skal rannsókn þessi því aðeins fara fram að yfirvöld á þeim stað annist eigi meðferð málsins.

□ Þar til íslenskur ræðismaður eða íslensk yfirvöld geta tekið málið í sínar hendur skal skipstjóri gæta þess eftir föngum að hinn grunaði hverfi eigi af skipi og er heimilt að byrgja hann inni eða hefta á annan hátt ef þörf krefur og ábyrgist skipstjóri að hann sé eigi beittur óþörfu harðræði af þeim sökum.

**IV. kafli. Ágreiningur út af starfsskyldum eða réttarstöðu sjómanna.**

■ **72. gr.** Samgönguráðherra er heimilt að koma á fót föstum gerðardómi er skipaður sé einum eða fleiri óvilhöllum mönnum sem dæmi um ágreining út af reikningsgerð úgerðarmanns eða skipstjóra eða um ágreining sem rís af starfi skipverja ef báðir (eða allir) málsaðilar óska þess og verður þá úrskurður gerðardómsins um efnisatriði máls bindandi fyrir báða aðila eftir sömu reglum og almennt gilda um gerðardóma. Kostnaður við störf gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði. Ef þinghöld fara fram utan Reykjavíkur skal sýslumönnum eða bæjarfógetum á hverjum stað skylt að aðstoða gerðardóminn varðandi aðstöðu til þinghalds, eftir því sem unnt er. Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um starfsemi gerðardómsins og um kostnað við málsmeðferð.

□ Ef skip er statt erlendis og ágreiningur rís út af reikningsgerð skipstjóra eða útgerðarmanns eða út af starfi skipverja má leggja þann ágreining undir úrskurð þess ræðismanns íslensks sem fyrst næst til. Er báðum aðilum þá skylt að hlíta úrskurði ræðismannsins þar til íslenskur dómstóll eða gerðardómur samkvæmt 1. mgr. hefur lagt dóm á málið.

**V. kafli. Um brot á lögum þessum og um refsingar.**

*1. Almenn ákvæði.*

■ **73. gr.** Refsiákvæðum þessa kafla skal því aðeins beitt að aðrar og þyngri refsingar liggi eigi við broti samkvæmt öðrum lögum.

□ Ákvæði 2. tl. 4. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eiga við um brot á lögum þessum.

■ **74. gr.** [Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 1. mgr. 80. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn nema skipstjóri eða útgerðarmaður krefjist þess.][1)] Krafa um málssókn skal gerð svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi áður en ár er liðið frá því að yfirsjónin var drýgð.

□ Mál út af brotum gegn 76., 77., 79. og 85. gr. skulu lögð fyrir samgönguráðuneytið til umsagnar áður en málshöfðun er ákveðin. Sé um algeran skiptapa að ræða, hafi skip steytt á grunni og orðið að leita hjálpar annarra eða hafi annað sjóslys orðið er manntjón hlaust af eða annað verulegt tjón má eigi fella niður málssókn fyrr en leitað hefur verið umsagnar samgönguráðuneytisins.

□ Um rannsókn og málsmeðferð út af brotum samkvæmt ákvæðum þessa kafla fer annars að hætti opinberra mála.

[1)] *L. 53/1990, 1. gr.*

■ **75. gr.** Skipstjóri eða sá, sem kemur í hans stað, framkvæmir ef nauðsyn ber til og eftir því sem við verður komið frumrannsókn á meintum brotum skipverja. Ef unnt er skulu tveir óvilhallir vottar vera viðstaddir rannsóknina og sé annar þeirra úr hópi yfirmanna. Skyldir eru skipverjar að aðstoða skipstjóra við rannsókn þessa.

□ Við rannsóknina skal yfirheyra skipverja þann er fyrir sök er hafður, svo og vitni þau er með þarf til sönnunar í málinu, en einnig skulu önnur sönnunargögn könnuð eftir því sem ástæða þykir til og er þá einnig heimilt að leggja hald á muni ef óhjákvæmilegt er vegna sönnunar. Rannsóknarvottar geta látið skipstjóra leggja spurningar fyrir þá sem yfirheyrðir eru.

□ Framburður hinna yfirheyrðu skal ritaður í leiðarbók skipsins eða dagbók eða í sérstaka prófbók og skal lesa það sem bókað var upp fyrir þeim sem hlut eiga að máli. Skipstjóri og vottarnir staðfesta með undirskrift sinni að rétt sé bókað og geta vottarnir látið bóka þær athugasemdir er þeim þykir rannsóknin gefa tilefni til.

□ Er íslensk rannsóknaryfirvöld eða erlend rannsóknaryfirvöld, sem til þess hafa lögsögu og heimild, æskja þess skal skipstjóra skylt að leggja fram þær prófanir sem um getur í 1. – 3. mgr. og veita aðra aðstoð við framhaldsrannsókn málsins.

*2. Refsiákvæði.*

■ **76. gr.** Ef skipstjóri misbeitir agavaldi sínu eða beiti hann ónauðsynlegri harðneskju við skipverja, vanræki skyldur sínar við veika eða slasaða skipverja eða láti hann skipverja eigi fá lögboðið viðurværi varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru.

■ **77. gr.** Í refsidómi samkvæmt 76. gr. má enn fremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða að dómfelldi skuli sviptur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma eða ævilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur skipstjóraréttindum.

□ Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal, svo fljótt sem unnt er, senda samgönguráðuneytinu eftirrit af dóminum, svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn

1985 Nr. 35 19. júní

heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi.

☐ Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn og sérstakar ástæður mæla með því getur samgönguráðherra veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar enda þótt sá tími, sem tilgreindur er í dóminum, sé eigi liðinn.

■ **78. gr.** Brjóti útgerðarmaður eða skipstjóri annars á móti skyldum þeim sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum varðar það sektum.

■ **79. gr.** Ákvæði 76. – 78. gr. gilda einnig um þann mann sem gengur í stað skipstjóra í forföllum hans eða fjarveru.

■ **80. gr.** Ef skipverji annaðhvort vanrækir að koma til skips á ákveðnum tíma eða hverfur frá skipi í þeim tilgangi að koma sér hjá vinnu skal hann sæta sektum.

☐ Strjúki skipverji eða fari frá skipi þegar svo er ástatt að skipi eða mönnum er með því stefnt í voða eða séu að öðru leyti miklar sakir getur refsingin orðið varðhald eða fangelsi allt að einu ári.

☐ Strjúki skipverji með kaup er hann hefur eigi unnið fyrir skal honum refsað fyrir svik hvort sem hann er kominn í skiprúmið eða eigi nema ætla megi að tilgangur hans hafi eigi verið sá að draga sér kaup það sem hann hafði fengið greitt en hafði eigi enn unnið fyrir.

■ **81. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 53/1990, 2. gr.*

■ **82. gr.** Ef skipverji ræðst á skipstjóra eða annan yfirmann með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum ef miklar sakir eru. Séu málsbætur má beita sektum.

■ **83. gr.** Ef skipverjar eða nokkur hluti þeirra gerir samblástur þá varðar það varðhaldi eða sektum ef málsbætur eru. Þó getur refsing hvatamanns eða foringja samblástursins orðið fangelsi allt að 6 árum, svo og refsing annarra samblástursmanna, ef þeir hafa beitt líkamlegu ofbeldi eða mikið fjártjón hefur hlotist af samblæstrinum.

■ **84. gr.** Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi samkvæmt 63. gr. og það reynist við skoðunargerðina að engin skynsamleg rök voru til að telja skipið óhaffært varðar það sektum.

■ **85. gr.** Verði skipverji valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi.

☐ Sé hinn seki stýrimaður eða vélstjóri má enn fremur ákveða í dóminum að hann skuli sviptur rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar um ákveðinn tíma eða ævilangt. Í dóminum má þó heimila honum að gegna lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu en þeirri er hann áður hafði þann tíma sem tiltekinn er í dóminum. Um eftirrit af dóminum og um atvinnuskírteini dómfellda fer svo sem segir í 77. gr.

☐ Þegar eitt ár að minnsta kosti er liðið frá dómsuppsögn getur samgönguráðherra, ef ástæða þykir til þess, veitt stýrimanni eða vélstjóra, sem sviptur hefur verið rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar, heimild til að gegna nánar tiltekinni lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu eða jafnvel, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt honum aftur að fullu atvinnuréttindi þau er hann var sviptur, hvort tveggja enda þótt sá tími, sem til var greindur í dóminum, sé eigi liðinn.

1985 Nr. 35 19. júní

☐ Ákvæði 2. og 3. mgr. eiga einnig eftir atvikum við um aðra yfirmenn.

■ **86. gr.** Hafi skipverji óleyfilegan varning með sér á skip og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af varningi þessum þá varðar það sektum eða varðhaldi ef sakir eru miklar.

■ **87. gr.** Verði sjómaður, sem ákvæði þessara laga taka til, sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðrum hætti en áður var sagt eða raski hann góðri háttsemi eða reglu varðar það sektum eða varðhaldi ef sakir eru miklar.

■ **88. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

**VI. kafli. Gildistaka o. fl.**

■ **89. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

☐ Jafnframt eru úr gildi fallin frá sama tíma sjómannalög, nr. 67/1963, með áorðnum breytingum.

☐ Reglur, sem samgönguráðherra hefur sett með heimild í l. nr. 67/1963, skulu þó halda gildi sínu, eftir því sem við getur átt, þar til nýjar reglur verða settar í þeirra stað.

☐ Ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga þessara um lágmarksaldur sjómanna skulu ganga framar ákvæði um sama efni í 2. mgr. 41. gr. l. nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

## Lög um sjómannadag.

1987 Nr. 20 26. mars

■ **1. gr.** Fyrsti sunnudagur í júnímánuði ár hvert skal vera almennur frídagur sjómanna með þeim undantekningum sem um getur í lögum þessum. Beri hvítasunnudag upp á fyrsta sunnudag í júní skal sjómannadagur haldinn næsta sunnudag á eftir.

☐ Sjómannadagurinn skal vera almennur fánadagur.

■ **2. gr.** Ákvæði 1. gr. taka ekki til sjómanna á íslenskum farskipum sem sigla milli Íslands og annarra landa. Þó skal farskipi, sem liggur í íslenskri höfn og eigi hefur látið úr höfn fyrir kl. 12 á hádegi á laugardegi næstum á undan sjómannadegi, eigi heimilt að láta úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

☐ Ferjur milli lands og eyja eru undanþegnar ákvæðum 1. gr.

☐ Strandferðaskip og sanddæluskip skulu halda höfn þar sem þau eru stödd á sjómannadag.

■ **3. gr.** Ákvæði 1. gr. taka ekki til skipa Landhelgisgæslu Íslands. Stjórn Landhelgisgæslunnar ber þó að sjá til þess að skipin séu í höfn ef þau hafa ekki aðkallandi verkefnum að gegna að hennar mati.

■ **4. gr.** Hafrannsóknastofnunin skal skipuleggja rannsóknaleiðangra þannig að skip geti leitað hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láti ekki úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

■ **5. gr.** Öll fiskiskip skulu liggja í höfn á sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

☐ Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu við skipið eftir kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag nema öryggi þess sé í hættu.

☐ Ákvæði 1. mgr. eru frávíkjanleg ef um er að ræða

**1987** Nr. 20 26. mars

skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst. Einnig má víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar.

■ **6. gr.** Útgerðarmaður og skipstjóri bera ábyrgð á því að farið sé að ákvæðum laga þessara. Brot gegn lögunum varða sektum í ríkissjóð.

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

**1987** Nr. 43 30. mars

## Lög um lögskráningu sjómanna.

### I. kafli. Um lögskráningarskyldu og lögskráningarstjóra.

■ **1. gr.** Lögskráning sjómanna er tvenns konar: lögskráning í skiprúm og lögskráning úr skiprúmi.

□ Lögskráning fer fram á útgerðarstað skips.

■ **2. gr.** Skylt er að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri.

□ Heimilt er að lögskrá aðra en skipverja þann tíma sem viðkomandi dvelja um borð í skipi sem er í förum enda leggi þeir fram yfirlýsingu tryggingafélags um líf- og slysatryggingar.

■ **3. gr.** Lögreglustjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Í Reykjavík er tollstjóri lögskráningarstjóri. Utan heimilisþinghár sinnar er lögreglustjórum heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar. Einnig er lögreglustjóra heimilt að skipa fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar til að framkvæma lögskráningar á hans ábyrgð ef þess gerist þörf.

□ Hreppstjórar og lögskráningarfulltrúar lögreglustjóra skv. 1. mgr. skulu hafa eftirlit með skráningu og skila yfirliti til lögreglustjóra um lögskráningar í umdæmum sínum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Verði þeir varir við að ekki er farið eftir fyrirmælum laga þessara um lögskráningu skulu þeir tafarlaust tilkynna meint brot með símskeyti til hlutaðeigandi skipstjóra og lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal hafa eftirlit með lögskráningarfulltrúum í umdæmi sínu.

■ **4. gr.** Lögskrá skal í skiprúm:

1. Hvert sinn er nýr maður eða áhöfn er ráðin á skip.

2. Í fyrsta sinn á hverju ári sem skip er afgreitt eða byrjar ferð frá hérlendri höfn enda þótt engin breyting verði á skipshöfn.

3. Hvert sinn sem nýr maður er ráðinn erlendis á íslenskt skip. Skal þá íslenskt sendiráð eða ræðismaður lögskrá á skipið ef til næst. Sendiráð eða ræðismaður skal síðan þegar tilkynna hina nýju lögskráningu með símskeyti til viðkomandi lögskráningarstjóra.

Sé ekki unnt að ná til sendiráðs eða ræðismanns þegar ráða verður mann á íslenskt skip erlendis skal skipstjóri þegar tilkynna það til viðkomandi lögskráningarstjóra.

4. Hvert sinn, sem sjómenn eru ráðnir hér á landi í skiprúm á íslensku skipi sem statt er erlendis, skulu þeir lögskráðir áður en þeir fara af landi burt.

■ **5. gr.** Lögskrá skal úr skiprúmi í hvert sinn er veru skipverja um borð lýkur, hvort heldur er vegna ráðningarslita eða um stundarsakir, vegna orlofs, slyss, veikinda eða ef skip er ekki í förum um stundarsakir vegna t. d. bilana, viðgerða, endurbóta eða skipi er af öðrum ástæðum ekki haldið úti.

■ **6. gr.** Skipstjóra er skylt að sjá um að skipverjar séu lögskráðir í skiprúm og úr skiprúmi. Hann má eigi leggja skipi úr höfn nema allir skipverjar, sem skylt er að lögskrá skv. 2. gr., hafi verið lögskráðir í skiprúm.

□ Þegar svo er ástatt sem segir í 4. tölul. 4. gr. og skipstjóri er eigi staddur þar sem lögskráning á að fara fram skal útgerðarmaður sjá um að lögskráð sé.

### II. kafli. Framkvæmd lögskráningar.

■ **7. gr.** Við fyrstu árlegu lögskráningu í skiprúm skv. 2. tölul. 4. gr. skal sýna lögskráningarstjóra eftirtalin gögn:

1. Atvinnuskírteini skipstjóra.

2. Mælibréf skipsins og haffærisskírteini.

3. Atvinnuskírteini eða starfsleyfi þeirra manna er lögskráðir skulu og skírteini þurfa að lögum til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu sem þeir eru ráðnir til.[1)]

4. Útfyllta skipshafnarskrá í tveimur samhljóða eintökum.

5. Sjóferðabækur þeirra manna er lögskráðir skulu.

6. Yfirlýsingu frá viðkomandi tryggingafélagi um líf- og slysatryggingu skipverja og skal skráningarstjóri ganga úr skugga um að þær séu í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga. Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi og er hann þá ábyrgur fyrir viðkomandi bótagreiðslum. Reynist útgerðarmaður eigi fær um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra.

□ Ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt ritar lögskráningarstjóri vottorð sitt á gögnin. Ef eitthvert gagna skv. 1. – 4. og 6. tölul. 1. mgr. vantar skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt.

□ Við lögskráningu úr skiprúmi skal skipstjóri leggja fram skipshafnarskrá og sjóferðabækur.

[1)] *Sjá l. 112/1984 og 113/1984.*

■ **8. gr.** Þegar nýir menn eru lögskráðir í skiprúm eftir að skipshafnarskrá er gerð skal þeim bætt við á skrána meðan hún endist en á aukaskrá sé hún fullrituð. Skal þess þá getið í aðalskránni að aukaskrá hafi verið gerð.

■ **9. gr.** Um sjóferðabækur skipverja fer eftir ákvæðum sjómannalaga og laga um atvinnuréttindi við siglingar á íslenskum skipum svo og reglugerða er settar eru samkvæmt þeim.

■ **10. gr.** Við lögskráningu í skiprúm skulu allir þeir sem lögskrá á til starfa, sem sérstök réttindi þarf til að gegna lögum samkvæmt, mæta hjá lögskráningarstjóra og undirrita skipshafnarskrá.

□ Þegar lögskráð er í skiprúm við fyrstu skráningu á árinu skulu allir skipverjar mæta hjá lögskráningarstjóra.

□ Að öðru leyti en um getur í 1. og 2. mgr. er skipverjum eigi skylt að mæta við lögskráningu og undirrita skipshafnarskrá þar. Þó getur sérhver skipverja krafist þess að vera viðstaddur er hann skal lögskráður og er skipstjóra þá skylt að heimila það.

■ **11. gr.** Að lokinni lögskráningu skal skráningarstjóri afhenda skipstjóra annað eintak skipshafnarskrárinnar með áritun sinni.

■ **12. gr.** Ef skipstjóri getur ekki gengið frá lögskráningu áður en skip yfirgefur höfn skal hann eða útgerðarmaður skipsins tilkynna lögskráningarstjóra, innan 24 klst., nöfn mannanna og annað sem honum ber að skýra frá við almenna lögskráningu. Skipstjóra er einnig heimilt innan þess tíma að kalla upp næstu strandarstöð og

**1987** Nr. 43 30. mars

**1987** Nr. 43 30. mars

lesa upp nöfn þeirra og störf sem um borð eru. Strandarstöðin skal síðan bera þau boð til viðkomandi lögskráningarstjóra.

□ Jafnframt skal skipstjóri færa nöfn skipverja og annað, sem skrásetja ber við lögskráningu, á eintak það af skipshafnarskránni sem er í skipinu. Skulu þeir sem þannig eru lögskráðir samþykkja lögskráninguna með áritun sinni á skipshafnarskrána.

□ Við næstu lögskráningu skal skráningarstjóri bera eintak skipstjóra saman við frumeintak sitt og tilkynningar sem honum hafa borist.

■ **13. gr.** Þegar lögskráð er úr skiprúmi skulu þeir menn, sem skrá á úr skiprúmi, mæta með sama hætti og lýst er í 10. gr., sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar. Ef skipverji er eigi viðstaddur skal skipstjóri tafarlaust láta hann vita um lögskráninguna. Ber skipstjóra að sanna að skipverja hafi verið tilkynnt um lögskráningu úr skiprúmi ef um er deilt.

□ Nú hefur skipverja eigi borist vitneskja um lögskráningu úr skiprúmi á réttum tíma og er honum þá heimilt að vefengja gildi lögskráningarinnar með því að bera upp andmæli við lögskráningarstjóra.

□ Óheimilt er að lögskrá úr skiprúmi nema frá þeim degi að telja er slíkrar skráningar er óskað nema fyrir liggi yfirlýsing frá þeim skipverjum, sem þannig á að lögskrá úr skiprúmi, um að þeir séu því samþykkir.

□ Sé ráðningu skipverja sannanlega lokið eða hann verður frá störfum vegna slyss eða veikinda eða fer í orlof ber útgerðarmanni eða skipstjóra eigi skylda til að tilkynna viðkomandi skipverja um lögskráningu úr skiprúmi.

**III. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **14. gr.** Fyrir störf þau, er lögskráningarstjóri innir af höndum samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir sjóferðabækur og skipshafnarskrár, skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá.

□ Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi og renna þau í ríkissjóð. Gjald fyrir sjóferðabók greiðir útgerðarmaður eða hlutaðeigandi sjómaður sjálfur en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanna.

■ **15. gr.** Lögskráningarstjóra er skylt, sé þess óskað, að veita stéttarsamtökum sjómanna eða eftirlitsmanni þeirra aðgang að gögnum er varða lögskráningar og upplýsingar um þær.

■ **16. gr.** Heimilt er starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands að fara um borð í íslensk skip á siglingu og kanna lögmæti lögskráningar og skilríki um réttindi yfirmanna. Sé þessu ábótavant ber að kæra það en við ítrekað brot sama skipstjóra má færa skip til hafnar en bera má þá ákvörðun undir dómstóla.

■ **17. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum enda liggi ekki þyngri refsing við þeim samkvæmt öðrum lögum. Verði skipstjóri með dómi fundinn sekur um ítrekað brot á lögskráningarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum má dæma hann jafnframt til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir.

■ **18. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **19. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63 29. mars 1961, með síðari breytingum.

**Lög um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna.** **1987** Nr. 47 30. mars

■ **1. gr.** Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á kaupskipum (STCW, 1978).

■ **2. gr.** Ráðherra er heimilt að setja reglur um heildarmönnun kaupskipa í samræmi við ályktun A. 481 sem samþykkt var á 12. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar árið 1981.

■ **3. gr.** Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Lög um skráningu skipa.** **1985** Nr. 115 31. des.

■ **1. gr.** Skráningarskylt eftir lögum þessum er sérhvert skip sem er 6 metrar á lengd eða stærra, mælt milli stafna, þegar eignarrétti á því er svo háttað sem hér segir:

1. Ef skip er eign íslenska ríkisins, íslensks sveitarfélags eða opinberrar stofnunar.

2. Ef einstakur maður á skip þá skal hann vera íslenskur ríkisborgari og eiga heimilisfang á Íslandi.

3. Ef skip er eign félags með ótakmarkaðri ábyrgð, þar á meðal þegar félagsútgerð er á skipi, þá skulu allir félagsmenn vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi.

4. Ef skip er eign skráðs samlagsfélags þá skulu stjórnendur og þeir félagsmenn, er fulla ábyrgð bera, allir vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi og þrír fimmtu hlutar félagseigna hið minnsta vera í eign íslenskra ríkisborgara.

5. Ef skip er eign hlutafélags þá skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi og vera skráð í hlutafélagaskrá. Stjórnendur skulu allir vera íslenskir ríkisborgarar sem heimilisfang eiga á Íslandi, enda eigi íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, hluti í félaginu sem samsvari þremur fimmtu hlutafjár, og fari á hluthafafundum með að minnsta kosti þrjá fimmtu hluta allra atkvæða.

6. Ef skip er í eign félags, samtaka eða stofnunar sem ákvæði 1. og 3. – 5. tölul. taka ekki til þá skal félagið, samtökin eða stofnunin eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi. Stjórnendur skulu allir vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi, enda eigi íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, að minnsta kosti þrjá fimmtu af eign félags, samtaka eða stofnunar.

□ Samgönguráðherra er heimilt að leyfa þegar sérstakar ástæður mæla með því að kaupskip, sem íslensk útgerð rekur samkvæmt samningi, megi skrá hér á landi, enda þótt skilyrðum þeim um eignarhald, sem um getur í 1. mgr., sé ekki fullnægt.

□ Skilyrði leyfisveitingar eru:

a. Að útgerð skips hafi lögheimili og varnarþing hér á landi.

b. Að skip uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna um eftirlit með skipum.

c. Að áhöfn skips sé íslensk. Veita má undanþágu frá skilyrði þessa stafliðar enda liggi fyrir samþykki viðkomandi samtaka sjómanna.

d. Að skip hafi verið fellt af skipaskrá fyrra skráningarlands.

e. Að veðbönd, sem hvíla á skipi þegar skráning þess fer fram hérlendis eða stofnast í því eftir að það er skráð, séu skráð hjá viðkomandi þinglýsingardómurum hér á landi.

□ Fjármálaráðherra er heimilt að lækka eða fella niður stimpilgjöld af eignarheimildum og veðskuldabréfum sem þinglýst kann að verða hér á landi vegna skipa sem skráð verða hérlendis samkvæmt 2. og 3. mgr. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd gjaldaívilnana samkvæmt þessari mgr.

■ **2. gr.** Skip, sem fullnægja þjóðernisskilyrðum 1. mgr. 1. gr. eða skráð hafa verið samkvæmt 2. mgr. 1. gr., teljast íslensk skip og hafa rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands. Óheimilt er þeim að sigla undir þjóðfána annars ríkis.

■ **3. gr.** Svifskip teljast til skipa samkvæmt lögum þessum.

□ Siglingamálastjóri ákveður að hverju leyti för eða tæki, sem á sjó fljóta, en eru ekki knúin af hreyfiafli í þeim sjálfum, skuli tekin á skipaskrá.

□ Bráðabirgðaskráning má fara fram á skipum sem eru í smíðum eða ófullgerð að öðru leyti eftir reglum sem siglingamálastjóri setur.

■ **4. gr.** Siglingamálastofnun ríkisins heldur aðalskipaskrá yfir öll skip sem skráð eru samkvæmt lögum þessum. Skráin má vera lausblaðabók.

□ Aðalskipaskrá skal greina um hvert skip sér:

1. Skipaskrárnúmer sem helst óbreytt meðan skipið er skráð á Íslandi.
2. Nafn.
3. Einkennisbókstafi (kallmerki).
4. Umdæmisbókstafi og tölu.
5. Heimilisfang.
6. Gerð og aðalmál.
7. Smíðastöð og hvenær smíðað.
8. Hvenær mælibréf er gefið út.
9. Gerð og stærð aðalvélar.
10. Fullt nafn og heimilisfang eigenda eða leigutaka samkvæmt 2. mgr. 1. gr. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn og skal þá greina hversu mikinn hluta hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er í eign félags eða stofnunar skal greint nafn þess eða hennar, nöfn og heimili stjórnenda og nafn framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra.
11. Hvar og hvenær eignarskilríki eiganda er út gefið eða eigenda ef fleiri eru en einn.
12. Skráningardag og ár.

□ Siglingamálastofnun gefur árlega út skipaskrá yfir íslensk þilskip.

■ **5. gr.** Heimahöfn skráðs skips skal vera þar sem eigandi eða leigutaki samkvæmt 2. mgr. 1. gr. ætlar því heimilisfang.

□ Siglingamálastjóri getur veitt eiganda skips einkarétt til nafns á skipi. Sama gildir um einkarétt til reykháfsmerkja og annarra einkenna á skipinu, þar á meðal sérfána. Bannað er öðrum að nota skipanöfn eða einkenni sem einkaréttur hefur verið veittur á eða svo lík nöfn eða einkenni að villu geti valdið, þó má haldast óbreytt nafn og einkenni skips sem skráð hefur verið fyrir veitingu á einkaleyfi meðan það helst í eigu sama aðila. Einkaréttur til nafns eða einkennis fellur úr gildi þrem árum eftir að skip hefur verið afmáð af skipaskrá ef eigandi heitisins eða einkennisins hefur ekki endurnýjað það á öðru skipi. Siglingamálastofnunin heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa sem einkaréttur hefur verið veittur á og birtir jafnóðum í Lögbirtingablaðinu allar einkaleyfisveitingar svo og í árlegri skipaskrá.



■ **6. gr.** Um frumskráningu skips fer sem hér segir. Ný skip, sem smíðuð eru hér á landi, skal tilkynna Siglingamálastofnuninni til skráningar áður en þau eru tekin til notkunar. Önnur skip, sem skrá ber hér á landi, skal tilkynna um leið og þau komast í eign íslensks aðila samkvæmt 1. gr., enda fari ekki fram bráðabirgðaskráning samkvæmt 9. gr.

□ Eigandi skips eða eigendur senda Siglingamálastofnuninni beiðni um skráningu, ritaða á eyðublað frá stofnuninni, eins og getið er í 17. gr.

□ Siglingamálastjóri ákveður hvaða upplýsingar um skip, sem getur í 4. gr., skuli vera í skráningarbeiðni, enda skal eyðublað fyrir beiðnina bera það með sér.

□ Fylgja skal skráningarbeiðni skipasmíðaskírteini eða annað eignarheimildarbréf skráningarbeiðanda. Ef notað skip er flutt hingað til lands frá útlöndum skal fylgja vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

□ Siglingamálastofnunin sendir hlutaðeigandi þinglýsingardómara tilkynningu um skráningu þegar hún hefur farið fram.

□ Siglingamálastjóri getur veitt leyfi og einkarétt til nafns skips og annarra einkenna þó að skilyrði til skráningar séu ekki enn fyrir hendi.

■ **7. gr.** Siglingamálastjóri gefur út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa skráðum skipum sem eru stærri en 15 metrar að mestu lengd og skrásetningarskírteini fyrir skip sem eru minni en 15 metrar að lengd. Fari skip sem er minna en 15 metrar milli Íslands og annarra landa skal gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa því. Í þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal greina aðalmál skips, brúttó- og nettó-rúmlestatölu, gerð, nafn, heimahöfn, skráningarnúmer, einkennisbókstafi, nafn eiganda eða eigenda og hvenær eignarskilríki er gefið út, nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild, hvenær hún er dagsett og hvar gefin út, svo og sé um fiskiskip að ræða umdæmisbókstafi og tölu.

■ **8. gr.** Á hvert skráð skip skal marka nafn skips, heimili og einkennisbókstafi samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.[1)]

□ Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott. Ekki má heldur merkja skip öðru nafni en það er skráð undir.

[1)] *Regl. 493/1986 (um merkingu skipa).*

■ **9. gr.** Nú er skip smíðað erlendis fyrir aðila er hér má láta skrá skip sitt eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis og getur þá fulltrúi utanríkisþjónustu Íslands, sem til þess hefur fengið heimild, gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa skipinu til bráðabirgða.

□ Í þjóðernis- og skrásetningarskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og gerð.
2. Hvar og hvenær skip sé smíðað eða keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt skipasmíðaskírteini eða öðru heimildarskjali.

3. Nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um rúmlestatal skips, lögun þess og lýsingu.

□ Beiðni um útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteinis til bráðabirgða skulu fylgja fullnægjandi gögn um atriði þau sem greina skal í skírteininu, svo og vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

□ Jafnskjótt sem fulltrúi Íslands gefur út þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal hann senda Siglingamálastofnuninni staðfest afrit af því og gögnum þeim sem útgáfubeiðni fylgdu.

□ Þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það yfirvöldum þegar þess er krafist.

□ Bráðabirgðaþjóðernisskírteini skal gilda sem venjulegt þjóðernis- og skrásetningarskírteini en þó eigi lengur en einn almanaksmánuð frá útgáfudegi nema sérstök heimild siglingamálastjóra komi til.

■ **10. gr.** Þegar skipstjóraskipti verða á íslensku skipi sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefur hlotið ritar lögskráningarstjóri nafn skipstjóra þess er við tekur á þjóðernis- og skrásetningarskírteini og getur jafnframt skipstjórnarheimildar hans. Sama gildir um fulltrúa Íslands erlendis, sbr. 9. gr., ef skipstjóraskipti verða í erlendri höfn.

□ Að öðru leyti er bæði handhafa þjóðernis- og skrásetningarskírteinis og öllum öðrum en Siglingamálastofnuninni bannað að rita nokkuð á skírteinin eða breyta nokkru í þeim.

■ **11. gr.** Nýtt þjóðernis- eða skrásetningarskírteini skal gefa út í stað eldra þegar svo stendur á sem hér segir, enda sé þá eldra skírteini skilað nema glatað sé:

1. Ef breytt er nafni skips.
2. Ef breytt er heimilisfangi skips.
3. Ef skipi er breytt svo að það svarar ekki lengur til þess er í þjóðernis- og skrásetningarskírteini stendur um gerð þess, aðalmál eða rúmlestatölu.
4. Ef eigendaskipti verða á skipi.
5. Ef þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefur glatast. Nú hefur skip, sem statt er erlendis, glatað þjóðernis- og skásetningarskírteini sínu og getur þá fulltrúi Íslands gefið því þjóðernis- og skrásetningarskírteini til bráðabirgða, enda skal þá, eftir því sem við verður komið, farið eftir reglum 9. gr.

■ **12. gr.** Þegar nýr eigandi að skráðu skipi eða skipshluta lætur þinglýsa eignarheimild sinni skal hann í viðurvist þinglýsingardómara birta beiðni um skráningu á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. Þinglýsingardómari skal innan þriggja virkra daga senda Siglingamálastofnuninni skráningarbeiðnina ásamt endurriti af hinni þinglesnu eignarheimild.

□ Óheimilt er nýjum eiganda að láta lögskrá skipshöfn á skipið í sínu nafni fyrr en skráningarbeiðnin hefur borist Siglingamálastofnuninni, skipið verið skráð á aðalskipaskrá og nauðsynleg skjöl gefin út því til handa, enda skulu þau sýnd lögskráningarmanni.

□ Þegar eigendaskipti verða samkvæmt framanskráðu ber hinn fyrri eigandi ábyrgð á skoðunargjöldum vegna skipsins uns umskráning hefur farið fram.

■ **13. gr.** Ef eigandi skráðs skips vill fá því nýtt nafn eða nýtt heimilisfang skal hann senda Siglingamálastofnuninni tilkynningu um það, sbr. 17. gr. Óheimilt er að breyta nafni eða heimilisfangi fyrr en Siglingamálastofnunin hefur skráð hið nýja nafn eða heimilisfang á aðalskrá.

□ Nú er nafni skips eða heimilisfangi breytt á aðalskrá og tilkynnir Siglingamálastofnunin það þá þegar í stað þinglýsingardómara í því þinglýsingaumdæmi þar sem skip á eða átti heimilisfang, en hann skal án tafar tilkynna breytinguna veðhöfum eða öðrum óbeinum rétthöfum í skipinu ef þeir eru kunnir.

□ Nú veldur hið nýja heimilisfang því að skip er flutt milli þinglýsingaumdæma og skal Siglingamálastofnunin þá einnig tilkynna flutninginn þinglýsingardómara í því umdæmi sem skip er flutt í. Þinglýsingardómari í því umdæmi, þar sem skipið átti áður heimilisfang, skal tafarlaust senda þinglýsingardómara í því umdæmi, sem skip er flutt í, staðfest endurrit eða ljósrit af öllum þinglýstum skjölum sem í gildi eru um skipið og enn fremur eignar- og veðbókarvottorð. Skulu skjöl þessi þinglesin í hinu nýja umdæmi skipsins, enda rofna réttaráhrif þinglýsingar ekki vegna flutningsins. Fyrir hinn nýja þinglestur skal ekkert gjald greiða.

■ **14. gr.** Nú verður breyting á einhverjum atriðum sem skrá skal á aðalskipaskrá samkvæmt 4. gr. en er ekki þegar getið í 12. og 13. gr. og ber þá eiganda eða eigendum skips að tilkynna Siglingamálastofnuninni breytinguna þegar í stað, sbr. 17. gr.

■ **15. gr.** Afmá skal skip af aðalskipaskrá:

1. Ef það fullnægir ekki lengur skilyrðum 1. gr.
2. Ef það hefur farist svo að um sé kunnugt, sömuleiðis ef það hefur horfið án þess að til þess hafi spurst í 6 mánuði.
3. Ef það er rifið, metið ónýtt eða ekki talið þess virði að við það sé gert.
4. Ef það hefur legið ónotað í höfn eða skipalægi eða staðið á landi í 3 ár samfleytt hérlendis eða erlendis.
5. Ef um opinn bát er að ræða og aðalskoðun hefur ekki farið fram á honum í 5 ár samfleytt.

□ Framangreind atriði skulu sönnuð með opinberu vottorði, skoðun eða á annan þann hátt sem siglingamálastjóri telur fullnægjandi.

□ Þegar eiganda skips verður kunnugt um einhver atriði sem eiga að valda afmáningu þess af skipaskrá samkvæmt 1. mgr. skal hann þegar í stað tilkynna Siglingamálastofnuninni það á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. Ef skipið hefur fengið þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal eigandi afhenda það Siglingamálastofnuninni nema glatað sé.

■ **16. gr.** Nú er skip afmáð af aðalskipaskrá og tilkynnir Siglingamálastofnunin það þá þegar í stað hlutaðeigandi þinglýsingardómara, en hann tilkynnir það án tafar þinglesnum rétthöfum í skipinu sem um er kunnugt. Ef skipið er ekki fellt úr þinglýsingabókum skal afmáningar af skipaskrá getið þar á blaði skips og einnig á veðbókarvottorðum um skipið.

■ **17. gr.** Skrásetningarbeiðnir og tilkynningar samkvæmt 6. gr., 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr. og 15. gr. skal rita á viðeigandi eyðublöð sem Siglingamálastofnunin lætur í té og fá má hjá henni og þinglýsingardómurum.

■ **18. gr.** Ef siglingamálastjóri telur vafa leika á því að

**1985** Nr. 115 31. des.

skip fullnægi skilyrðum um skráningu hér á landi eða hann telur einhver önnur atriði, sem skráningu varða, ekki nægilega í ljós leidd getur hann æskt þess að héraðsdómari rannsaki málið að hætti opinberra mála. Að rannsókn lokinni getur siglingamálastjóri borið undir úrskurð ráðherra hvernig með málið skuli fara.

☐ Hvort sem rannsókn samkvæmt 1. mgr. hefur fram farið eða ekki getur eigandi skips eða annar aðili, sem réttar hefur að gæta en telur rétti sínum hallað með úrlausn siglingamálastjóra eða ráðherra, borið mál sitt undir úrlausn dómstóla.

■ **19. gr.** Siglingamálastjóri getur, þegar sérstök ástæða er til, veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til að fara hér hafna á milli áður en það er skráð á aðalskipaskrá. Hefur þá leiðarbréf sama gildi hér á landi sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini.

☐ Siglingamálastjóra er einnig heimilt, ef nauðsyn ber til að skip fari þegar til útlanda, að veita því þjóðernis- og skrásetningarskírteini til bráðabirgða til siglingar þangað enda þótt eitthvað bresti á til þess að skráning á aðalskipaskrá megi þegar fram fara.

■ **20. gr.** Fyrir útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteinis, útgáfu mælibréfs, áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini, endurrit mælibréfs, einkaleyfi á skipsnafni eða öðrum einkennum samkvæmt 5. gr. og nafnbreytingu á skipi skal eigandi greiða gjöld í ríkissjóð samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

■ **21. gr.** Hver sem með röngum, villandi eða ófullnægjandi skýrslum kemur því til leiðar að gefið er út þjóðernis- og skrásetningarskírteini samkvæmt 7. gr., 9. gr., 11. gr. eða 19. gr. til handa skipi sem fullnægir ekki þjóðernisskilyrðum 1. gr., svo og hver sá, sem lætur skip sigla með íslensku þjóðernis- og skrásetningarskírteini eftir að honum er kunnugt um að það fullnægir ekki lengur þjóðernisskilyrðum 1. gr., enda hafi ekki verið veittur frestur samkvæmt 15. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi.

■ **22. gr.** Hver sem lætur skip sigla án lögmætra merkja samkvæmt 8. gr., nemur ranglega af skipi slík merki, setur rangt merki á skip eða leynir ranglega nafni skips eða heimili skal sæta sektum eða varðhaldi.

■ **23. gr.** Hver sem í skráningarbeiðni eða tilkynningu til Siglingamálastofnunarinnar samkvæmt lögum þessum veitir rangar eða villandi upplýsingar eða skýrslur eða vanrækir að senda stofnuninni lögboðnar skráningarbeiðnir eða tilkynningar skal sæta sektum eða varðhaldi.

☐ Hver sem lætur skip, sem skylt er að hafa þjóðernis- og skrásetningarskírteini, sigla án þess, sbr. 9. gr., skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að skila ekki þjóðernis- eða skrásetningarskírteini þegar slíkt er skylt, sbr. 11. og 15. gr. Enn varðar sömu refsingu að rita nokkuð á þjóðernis- og skrásetningarskírteini heimildarlaust, sbr. 10. gr.

☐ Brot gegn ákvæðum 2. gr. um notkun þjóðfána og brot gegn ákvæðum 5. gr. um einkarétt til nafns eða einkenna varða sektum.

■ **24. gr.** Um brot samkvæmt 21. – 23. gr. skal beita reglum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild, þar á meðal gagnvart skipstjórnarmönnum.

☐ Nú er brot, sem um getur í 21. – 23. gr., framið með verknaði, svo sem skjalafalsi, sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

■ **25. gr.** Skip er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 21. – 23. gr.

☐ Taka má sektir fjárnámi í búi hinna seku.

☐ Sektir renna í ríkissjóð.

■ **26. gr.** Skip, sem löglega hafa verið skráð þegar lög þessi öðlast gildi, halda skráningarrétti sínum.

☐ Lög þessi hagga ekki við neinum ákvæðum laga um rétt til fiskveiða í landhelgi, nr. 33 19. júní 1922.

■ **27. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 53/1970, um skráningu skipa.

**1985** Nr. 115 31. des.

## Lög um skipamælingar.

**1970** Nr. 50 12. maí

■ **1. gr.** Skip í lögum þessum tekur til hvers fljótandi fars, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er eða skrá skal hér á landi.

■ **2. gr.** [Skip skal mæla samkvæmt þeim alþjóðasamþykktum sem á hverjum tíma gilda um mælingu skipa og Ísland er aðili að. Heimilt er að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt þá um mælingu skipa sem undirrituð var í London 23. júní 1969[1)] (International Convention on Tonnage Measurement of Ships, 1969). Þar til sú samþykkt tekur hér gildi skal mæla skip samkvæmt alþjóðareglum um mælingu skipa (International Regulations for Tonnage Measurement of Ships), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi, undirrituðum í Osló 10. júní 1947, að viðbættum breytingum á honum, undirrituðum í Osló 21. maí 1965.[2)] Eftir að alþjóðasamþykktin um mælingu skipa, sem undirrituð var í London 23. júní 1969, hefur tekið gildi skal þó heimilt að mæla íslensk skip líka samkvæmt Osló-samþykktinni og færa brúttórúmlestatölu samkvæmt þeirri samþykkt inn á þjóðernisskírteini, öryggisskírteini og/eða haffærisskírteini skipa þar til öðruvísi verður ákveðið af ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Núgildandi ákvæði um búnað skipa og aðrar íslenskar reglur, sem miðast við rúmlestatölu skipa, skulu áfram miðast við brúttórúmlestir samkvæmt Osló-samþykktinni, nema annars sé getið í reglum.

☐ Um mælingu skipa, sem alþjóðasamþykktir ná ekki til, setur ráðherra reglur[3)] að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

☐ Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum siglingamálastjóra, ef sérstaklega stendur á.][4)]

[1)] *Augl. C 18/1970, sbr. C 11/1987.* [2)] *Alþjóðasamn. 10. 6. 1947: Augl. A 80/1948, sbr. C 18/1967.* [3)] *Reglur 167/1967. Regl. 237/1987. Regl. 244/1987.* [4)] *L. 34/1984, 1. gr.*

■ **3. gr.** Gjald fyrir mælingu á skipi sé miðað við brúttórúmlestatal þess og samkvæmt mælingu, gerðri eftir ákvæðum 2. gr.

■ **4. gr.** Nú er skip smíðað hér á landi, og skal þá skipasmiður eða fyrirsvarsmaður hans senda mælingamanni í umdæminu (í Reykjavík siglingamálastjóra) skriflega tilkynningu um skipasmíð með uppdráttum af skipi og einstökum hlutum þess og þeim öðrum gögnum, sem siglingamálastjóri getur ákveðið, svo tímanlega, að mæla megi jafnskjótt sem þil er lagt og innanborðsþiljur hafa verið settar. Vistarverur og önnur hýsi ofan þilfars skal mæla svo fljótt sem unnt er, áður en mælibréf er út gefið.

■ **5. gr.** Nú er skipi breytt þannig, að rúmlestatal breytist, og er þá skylt að tilkynna það samkvæmt 4. gr., eftir því sem við á, enda skal þá, þegar er unnt er, ný mæling fara fram að því leyti sem hún er nauðsynleg til

**1970** Nr. 50 12. maí

ákvörðunar rúmlestatali skips. Síðan skal gefa út nýtt mælibréf, ef breyting hefur orðið á rúmlestatali.

□ Skila skal jafnan mælibréfi, er nýtt er gefið út.

■ **6. gr.** Nú verða breytingar á stærð þeirra rúma, sem eru undanþegin mælingu eða dregin eru frá, þegar rúmtak er reiknað, eða breyting er gerð á notkun slíkra rúma, og ber skipstjóra eða eiganda að tilkynna það samkvæmt 4. gr. Skal þá mæla skip að nýju, að því leyti sem það er nauðsynlegt til ákvörðunar lestatals þess, og nýtt mælibréf gefið út eða tilgreint á fyrra mælibréfi, hvað breytzt hafi, ef stærðin er hin sama og áður á alla vegu.

■ **7. gr.** Nú er skipt um nafn á skipi, og skal þá mæla það að nýju, áður en nýtt mælibréf er gefið út, nema sannað sé, að engin sú breyting hafi verið gerð á skipinu, er máli skipti um rúmlestatal þess eða greinargerð í mælibréfi varðandi það.

■ **8. gr.** Samkvæmt ósk eiganda skips eða skipstjóra skal mæla skip að nýju, nema siglingamálastjóri telji slíka mælingu algerlega ástæðulausa.

□ Nú er skip mælt upp, og fer þá um útgáfu mælibréfs eftir 7. gr.

■ **9. gr.** Siglingamálastjóri getur, hvenær sem honum þykir ástæða til, látið mæla skip. Nú kemur það fram, að breytingar, er í þessu efni skipta máli, hafa orðið á skipi, eftir að það var mælt, og ekki hefur verið sagt til þeirra, og skal þá mæling fara fram á kostnað eiganda skips. Annars kostar fer mæling fram á kostnað ríkissjóðs. Ef breytingar samkvæmt framanskráðu hafa orðið, fer um útgáfu mælibréfs eftir 7. gr.

■ **10. gr.** Nú er skip smíðað hér, eða því breytt fyrir erlendan aðila, og má þá mæla það hér og gefa út mælibréf. Svo má og mæla hér hvert erlent skip eftir beiðni hlutaðeigandi ríkisstjórnar og gefa út mælibréf, enda sé henni þegar sent eftirrit af því ásamt mælingarskýrslum.

□ Heimilt er að mæla erlend skip, er þau koma hingað, hafi þau ekki gilt alþjóðamælibréf samkvæmt alþjóðasamþykkt, sem Ísland er aðili að, eða skip er frá ríki, sem Ísland er samningi bundið um gagnkvæma viðurkenningu mælibréfa.

■ **11. gr.** Nú verða eigendaskipti að skipi, og það skal skrá í öðru ríki, og skal þá senda mælingayfirvöldum þess ríkis eftirrit af mælingabréfi ásamt mælingarskýrslum, ef það ríki er bundið við alþjóðasamþykkt um mælingar skipa, sem Ísland er aðili að, eða við gagnkvæman samning um viðurkenningu mælibréfa.

■ **12. gr.** Nú er skip smíðað erlendis fyrir íslenzka aðila eða því er breytt, sbr. 5. gr., eða íslenzkur aðili verður eigandi erlends skips, og ber þá að mæla það hér, áður en mælibréf er gefið út, nema það ríki, sem skipið hefur fengið mælingu og mælibréf í, sé aðili að alþjóðasamþykkt um mælingar skipa, sem Ísland er aðili að. Skal þá íslenzka mælibréfið gefið út samkvæmt því, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi til þess að mæla skipið upp að nýju.

■ **13. gr.** [Skip, sem mælt hefur verið samkvæmt alþjóðasamþykktinni um mælingu skipa (24 metrar eða lengri), skal fá alþjóðlegt mælibréf (International Tonnage Certificate) og skal texti þess vera bæði á íslensku og ensku.

□ Skip undir 24 metrum að lengd, sem mælt hefur verið samkvæmt reglum sem ráðherra hefur sett samkvæmt 2. grein laganna, skal fá íslenskt mælibréf.][1]

[1] *L. 34/1984, 2. gr.*

**1970** Nr. 50 12. maí

■ **14. gr.** Skipasmið, eiganda og skipstjóra er skylt að liðsinna skipamælingamönnum, létta þeim starf þeirra og ryðja úr vegi eftir föngum öllu, sem því kann að tálma.

■ **15. gr.** Gjöld í ríkissjóð fyrir mælingar skipa samkvæmt lögum þessum, dagpeninga og ferðakostnað mælingamanna ábyrgist eigandi skips. Ráðherra setur eftir tillögum siglingamálastjóra gjaldskrá um mælingagjald og dagpeninga og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga mælingamanna, ef þörf gerist. Gjöld, dagpeningar og ferðakostnaður eru tryggð með lögveði í skipi með sama hætti sem lestagjald.

■ **16. gr.** Brot skipasmiða, eiganda eða fyrirsvarsmanna hans og skipstjóra á skyldum þeim, sem mæltar eru á hendur þeim í lögum þessum, varða sektum í ríkissjóð ...,[1] nema þyngri refsing liggi við að lögum.

[1] *L. 75/1982, 35. gr.*

## Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

**1984** Nr. 112 31. des.

### I. kafli. Inngangur og orðaskýringar.

■ **1. gr.** Hver íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, á rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem skipstjórnarmaður á íslenskum skipum.

■ **2. gr.** a. Skip merkir í lögum þessum, sé annað eigi fram tekið, hvert það far sem er 6 metra langt eða meira og skráð er í skipaskrár.

b. Skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á skipi.

c. Yfirstýrimaður eða 1. stýrimaður er sá skipstjórnarmaður er gengur næst skipstjóra í starfi.

d. Undirstýrimaður er 2. eða 3. stýrimaður.

e. Rúmlest merkir í lögum þessum brúttórúmlest.

f. Fiskiskip merkir hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem að jafnaði er notað til veiða, hafrannsókna eða til flutninga á eigin afla.

g. Flutningaskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutningaskip, er siglir með varning til og frá landinu, milli hafna innanlands og utan og eigi er ætlað að flytja fleiri en 12 farþega.

h. Farþegaskip merkir hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.

i. Varðskip merkir hvert það skip, skrásett sem varðskip, er stundar landhelgisgæslu og björgunarstarf undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.

j. Önnur skip merkir hvert það skip sem skrásett er til annarra verkefna en um getur í stafliðum f-i.

k. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

l. Utanlandssigling er hver sú ferð sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt hafna sé ekki leitað.

m. Mánuður telst 30 dagar.

### II. kafli. Um fjölda skipstjórnarmanna.

■ **3. gr.** Á hverju skipi skal vera einn skipstjóri.

■ **4. gr.** Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:

I. Á fiskiskipum:

a. á skipum 31 – 300 rúmlestir einn stýrimaður,

b. á skipum stærri en 300 rúmlestir tveir stýrimenn,
c. á skipum 30 rúmlestir og minni einn stýrimaður ef ekki er landað daglega.
II. Á flutningaskipum:
a. á skipum 31 – 400 rúmlestir einn stýrimaður,
b. á skipum 401 – 1600 rúmlestir tveir stýrimenn,
c. á skipum stærri en 1600 rúmlestir þrír stýrimenn.
III. Á farþegaskipum og varðskipum:
a. á skipum 400 rúmlestir eða minni tveir stýrimenn,
b. á skipum stærri en 400 rúmlestir þrír stýrimenn.
IV. Á öðrum skipum:
a. á skipum 31 – 300 rúmlestir einn stýrimaður,
b. á skipum stærri en 300 rúmlestir tveir stýrimenn,
c. á skipum 30 rúmlestir og minni einn stýrimaður ef samfelldur vinnutími skipstjóra er að jafnaði lengri en 15 klst.

**III. kafli. Um atvinnuréttindi stýrimanna.**

■ **5. gr.** Eftirtalin stig skipstjórnarnáms, sbr. lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum,[1] eru grundvöllur atvinnuréttinda stýrimanna sem hér segir:

I. Á fiskiskipum:
a. 1. stig: 200 rúmlesta skip og minni í innanlandssiglingum.
b. 2. stig: Ótakmörkuð stærð og farsvið ótakmarkað.
II. Á flutningaskipum, farþegaskipum og varðskipum:
a. 2. stig: 1. 400 rúmlesta skip og minni, farsvið ótakmarkað. 2. Undirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð, farsvið ótakmarkað.
b. 3. stig: Ótakmörkuð stærð og farsvið ótakmarkað.
III. Á öðrum skipum:
a. 1. stig: 200 rúmlesta skip og minni í innanlandssiglingum.
b. 2. stig: 400 rúmlesta skip og minni og farsvið ótakmarkað.
c. 3. stig: Ótakmörkuð stærð og farsvið ótakmarkað.

[1] *Nú l. 57/1988.*

■ **6. gr.** Atvinnuréttindi stýrimanna, sbr. 5. gr., eru bundin eftirfarandi skilyrðum um siglingatíma með tilvísun til samsvarandi stafliða í 5. gr.

□ Siglingatími telst sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi sem er í förum og þar sem viðkomandi fær undirstöðuþekkingu í störfum á þilfari og í brú, stjórn manna og forsjá. Af siglingatíma verður stýrimannsefni að hafa gengið sjóvaktir a. m. k. 6 mánuði í brú undir umsjón skipstjórnarmanns.

□ Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra. Ef skip er lagt upp án þess að lögskráð sé úr skipsrúmi skal þess getið í sjóferðabók. Liggi skip um kyrrt með þessum hætti lengur en ⅓ hluta lögskráningartíma hlutaðeigandi stýrimannsefnis skal sá tími, sem umfram er, eigi reiknast til siglingatíma.

□ Af óskilgreindum siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra-, stýrimanns- eða háseta-störf. Heimilt er einnig að meta eftirfarandi nám eða starf til óskilgreinds siglingatíma: Eins vetrar nám í sjómannafræðum framhaldsskóla, skv. námsskrá menntamálaráðuneytisins, jafngildir siglingatíma í 3 mánuði. Tveggja mánaða starf á viðurkenndu veiðarfæraverkstæði og tengd störf jafngilda eins mánaðar siglingatíma á fiskiskipi. Nám í verklegri sjómennsku, nýrri verktækni og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á námskeiðum eða í farskóla, sem Slysavarnafélag Íslands eða samtök sjómanna og útgerðarmanna beita sér fyrir, má meta sem þrefaldan siglingatíma þó aldrei meira en einn mánuð. Ofangreind störf og/eða nám skulu þó aldrei metin til lengri siglingatíma en 6 mánaða í heildarsiglingatíma stýrimannsefnis. Óskilgreindur siglingatími, sem stýrimannsefni ávinnur sér við störf í landi, skal staðfestur af tveimur trúverðum mönnum.

I. Á fiskiskipum:
a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum: 24 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 12 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð. Heimilt er að af þessum tíma séu 6 mánuðir á trillu sem er undir 12 rúmlestum að stærð og sé það vottað af tveimur trúverðum mönnum.
b. Ótakmörkuð réttindi: 27 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 12 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi til að vera stýrimaður á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi og að auki a. m. k. 6 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

II. Á flutningaskipum, farþegaskipum og varðskipum:
a. 1. Réttindi á 400 rúmlesta skipum: 36 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki a. m. k. 9 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir.
2. Ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi: 27 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 15 mánuðir háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki a. m. k. 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.
b. Ótakmörkuð réttindi: 36 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi til að vera stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og auk þess a. m. k. 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

III. Á öðrum skipum:
a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum: 24 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 12 mánuði háseti á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð.
b. Réttindi á 400 rúmlesta skipum og ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi: 27 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 12 mánuði háseti á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.
c. Ótakmörkuð réttindi: 36 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 18 mánuði háseti á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

**IV. kafli. Um atvinnuréttindi skipstjóra.**

■ **7. gr.** Til að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna þarf viðkomandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Kunna skil á siglingatækjum, stefnuleiðréttingum

1984 Nr. 112 31. des.

og að setja stefnu og miðanir á sjókort, alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstur á sjó, grundvallaratriðum stöðugleika og sjóhæfni skipa, flóði og fjöru, vitakerfum, björgunarstöðvum og björgunartækjum og lífgun úr dauðadái.

b. Hafa verið 18 mánuði háseti á skipi, sem er yfir 6 rúmlestir að stærð, í innanlandssiglingum, sbr. 6. gr. Til staðfestingar siglingatíma á skipum, sem eru 6 – 12 rúmlestir að stærð, skal leggja fram vottorð frá tveimur trúverðum mönnum.

□ Kunnáttu í atriðum samkvæmt a-lið skal kanna með sérstökum prófum. Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með prófunum. Ráðuneytið getur falið Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum eða öðrum skólum, er það ákveður, að sjá um prófin og annast kennslu undir þau.

□ Ráðuneytið gefur út námsskrá til samræmingar kennslu og skipar prófdómara að höfðu samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Þeir sem standast prófin skulu fá vottorð undirrituð af viðkomandi skólastjóra og prófdómara.

■ **8. gr.** Rétt til að vera skipstjóri á skipum, sem eru yfir 30 rúmlestir að stærð, hefur sá einn sem hefur öðlast rétt til að gegna starfi 1. stýrimanns á tilgreindum skipum, sbr. 5. og 6. gr., og hefur eftir öflun stýrimannsskírteinis gegnt a. m. k. eftirtöldum skipstjórnarstörfum í tilskilinn tíma:

I. Á fiskiskipum:

a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum: 12 mánuðir stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð eða 6 mánuði stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á fiskiskipi sem er yfir 12 rúmlestir að stærð í 6 mánuði.

b. Ótakmörkuð réttindi: 18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 30 rúmlestir, þar af a. m. k. 6 mánuði 1. stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

II. Á flutningaskipum og farþegaskipum:

a. Réttindi á 400 rúmlesta skipum: 18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess a. m. k. 6 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og af þeim tíma a. m. k. 4 mánuði í utanlandssiglingum.

b. Ótakmörkuð réttindi: 24 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess a. m. k. 12 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og þar af a. m. k. 6 mánuði í utanlandssiglingum.

c. Heimilt er að gefa út skipstjóraskírteini í innanlandssiglingum, samkvæmt stafliðum a og b, án þess að krefjast stýrimannstíma í utanlandssiglingum.

III. Á öðrum skipum:

a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum: 12 mánuðir stýrimaður á skipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð eða 6 mánuði stýrimaður á skipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð og skipstjóri á skipi sem er yfir 12 rúmlestir að stærð í 6 mánuði.

b. Réttindi á 400 rúmlesta skipum: 18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð, þar af a. m. k. 6 mánuði 1. stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

c. Ótakmörkuð réttindi: 24 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð, þar af a. m. k. 12 mánuði skipstjóri eða 1. stýrimaður.

1984 Nr. 112 31. des.

■ **9. gr.** Rétt til að vera skipstjóri á varðskipi hefur sá einn er lokið hefur 4. stigi stýrimannaskóla, sbr. lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og hefur verið 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess a. m. k. 12 mánuði 1. stýrimaður á varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

■ **10. gr.** Siglingatími til öflunar skipstjóraréttinda samkvæmt 8. og 9. gr. telst aðeins sá tími er stýrimaður starfar á skipi sem er í förum. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra.

**V. kafli. Um aldursskilyrði og læknisvottorð.**

■ **11. gr.** Enginn getur öðlast stýrimannsréttindi samkvæmt lögum þessum né skipstjóraréttindi samkvæmt 7., 8. og 9. gr. nema hann hafi náð 20 ára aldri.

■ **12. gr.** Til að skipstjórnarmaður hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum.

□ Samgönguráðherra setur reglur[1)] um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmanna.

[1)] *Sjá regl. 165/1963, sbr. 350/1982 (um sjón og heyrn skipstjórnarmanna).*

**VI. kafli. Atvinnuskírteini.**

■ **13. gr.** Hver sá sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru skv. III., IV. og V. kafla þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini sem veita viðeigandi atvinnuleyfi.

□ Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur.

□ Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til 5 ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar.

■ **14. gr.** Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

■ **15. gr.** Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans. Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu í starfi sínu svo að tjón hlýst af má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

■ **16. gr.** Allir þeir, sem öðlast hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

■ **17. gr.** Þeir sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi samkvæmt lögum nr. 69/1973 á skipum, sem eru allt að 120 rúmlestir að stærð, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á fiskiskipum og öðrum skipum sem eru allt að 200 rúmlestir að stærð.

□ Þeir sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi á skipum, sem eru allt að 120 rúmlestir, fyrir gildistöku fyrr-

1984 Nr. 112 31. des.

greindra laga skulu öðlast sams konar réttindi ef þeir hafa starfað sem skipstjórar eða stýrimenn a. m. k. 60 mánuði.

■ **18. gr.** Samgönguráðuneytið getur, að fengnum umsögnum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim erlendu ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum, þó ekki skipstjóraskírteini nema við eigi samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, sbr. auglýsingu nr. 6/1982.[1)]

□ Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að uppfylltum öðrum skilyrðum.

[1)] *Augl. C 6/1982, sbr. C 5/1983.*

**VII. kafli. Um mönnunarnefnd og undanþágur.**

■ **19. gr.** Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda skipstjórnarmanna eftir því sem tilefni gefst til, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar þar sem m. a. skal taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér.

2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengri en 6 mánuðir í senn.

□ Nefndin skal leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins varðandi öryggi og búnað skips.

■ **20. gr.** Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu, eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá viðkomandi skipstjóra- og stýrimannafélögum annars vegar og samtökum útgerðaraðila hins vegar. Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt. Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a. m. k. annar þeirra uppfylla almenn dómaraskilyrði. Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 64/1985.*

■ **21. gr.** Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi til skipstjórnar er heimilt að veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða tiltekinni gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn, og skal viðkomandi útgerðarmaður eða skipstjóri sækja um undanþáguna.

□ Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur[1)] sem hann lætur birta með fullnægjandi hætti.

□ Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð[2)] gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur stýrimannaskóla, sem starfa á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun vottorðs frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

[1)] *Rg. 153/1987.* [2)] *Rg. 415/1988.*

**VIII. kafli. Viðurlög og gildistaka.**

■ **22. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

□ Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **23. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 81 28. maí 1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði er brjóta kynnu í bága við lög þessi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** A. Þeim skipstjórnarmönnum, er starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði hinn 1. janúar 1985, skal boðið upp á tvenns konar námskeið sem haldin verða í öllum landshlutum skólaárin 1985 – 1986 og 1986 – 1987 til öflunar takmarkaðra skipstjórnarréttinda. Námskeið þessi gefi annars vegar réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum og öðrum skipum sem eru allt að 80 rúmlestir að stærð og hins vegar réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum og öðrum skipum, sem eru allt að 200 rúmlestir að stærð, í innanlandssiglingum.

□ Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmd námskeiðanna og ákveða námsefni í samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

□ Við útgáfu atvinnuskírteina til þeirra, er ljúka þessum námskeiðum, skal taka tillit til ákvæða 6. og 10. gr. laganna um siglingatíma. Um siglingatíma fyrir skip, sem eru allt að 80 rúmlestir að stærð, gildir sama og fyrir skip sem eru allt að 200 rúmlestir að stærð.

B. Að fengnum tillögum nefndar um undanþágur, sbr. 21. gr. laganna, er samgönguráðherra heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar að veita þeim skipstjórnarmönnum, sem fæddir eru á árinu 1934 eða fyrr og starfað hafa s. l. 10 ár á undanþágu við skipstjórnarstörf, ótímabundin takmörkuð réttindi.

1984 Nr. 112 31. des.

## Lög um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

1961 Nr. 50 29. marz

■ **1. gr.** Skylt er að hafa matreiðslumenn og/eða bryta á öllum vélknúnum skipum, sem eru 800 rúmlestir brúttó eða stærri, annast farþega- og vöruflutninga og hafa minnst 20 manna áhöfn fyrir utan eldhús- og þjónustufólk.

□ Á fiskiskipum og flutningaskipum, sem eru 100 rúmlestir brúttó eða stærri, og á farþegaskipum, sem eru 100 – 800 rúmlestir brúttó, er skylt að hafa matsveina.

■ **2. gr.** Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkvæmt 1. málsgr. 1. gr. skal viðkomandi hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu.

□ Til þess að öðlast réttindi sem [matsveinn][1)] samkvæmt 2. málsgr. 1. gr. skal viðkomandi uppfylla eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a. að hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu;

b. að hafa lokið 8 mánaða námskeiði við Matsveina-

**1961** Nr. 50 29. marz

og veitingaþjónaskólann og starfað sex mánuði sem [aðstoðarmatsveinn][1] á skipum;

c. að hafa sótt viðurkennt matreiðslunámskeið og starfað sem [matsveinn][1] á fiskiskipum samkvæmt 1. gr. í 18 mánuði.

[1] *L. 31/1966, 1. gr.*

■ **3. gr.** Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum skulu haldin námskeið fyrir þá, sem ætla að verða brytar á farþega- og flutningaskipum, og skal ráðherra setja nánari ákvæði um tilhögun þeirra í reglugerð.

■ **4. gr.** Til þess að öðlast brytaréttindi á farþegaskipum og flutningaskipum skal viðkomandi hafa öðlazt meistararéttindi í matreiðslu- eða framreiðsluiðn og hafa staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann.

■ **5. gr.** [Ákvæði laga þessara ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem matreiðslumenn, matsveinar eða brytar á fiski-, flutninga- eða farþegaskipum, né þeirra, sem hafa haft það starf fyrir gildistökuna eitt ár eða lengur á skipum yfir 50 rúmlestir. Til þessara starfa þurfa þeir að hafa krafizt viðurkenningar ráðuneytisins innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.][1]

[1] *L. 31/1966, 2. gr.*

■ **6. gr.** Samgöngumálaráðuneytið getur veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum þessara laga, sé ekki unnt að fá menn til starfa, sem uppfylla þau skilyrði, sem eru í lögum þessum, eða það er erfiðleikum bundið.

**1976** Nr. 12 13. apríl

## Lög um kafarastörf.[1]

[1] *Rg. 88/1989.*

■ **1. gr.** Enginn má í atvinnuskyni stunda köfun í ám eða vötnum, við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land, nema hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum.

■ **2. gr.** Köfun merkir í lögum þessum allar athafnir undir yfirborði vatns eða sjávar og annars staðar þar sem loft undir yfirþrýstingi er notað til öndunar.

■ **3. gr.** Hver sá, er stunda vill köfun, skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

a. vera fullra 20 ára,

b. hafa með fullnægjandi árangri gengið undir tilskilda læknisskoðun,

c. hafa staðist kafarapróf samkvæmt 4. gr.

■ **4. gr.** Við kafarapróf þau, sem getur í c-lið 3. gr., skal sannreynt hvort sá, sem prófið tekur, hafi fullnægjandi fræðilega og verklega þekkingu á kafarastörfum, meðal annars hvort hann þekkir allar almennar ráðstafanir til öryggis kafaranum meðan hann vinnur starf sitt, svo og, að hann hafi nákvæma þekkingu á hlutum þeim, sem notast við köfun, og hvernig þeim skuli haldið við.

□ Ráðherra er heimilt að efna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá, sem þreyta vilja kafarapróf og fullnægja til þess skilyrðum a- og b-liðar 3. gr. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreina, kennslu og kennslugjöld skulu sett í reglugerð.

■ **5. gr.** Siglingamálastofnun ríkisins afhendir hverjum þeim, er fullnægir skilyrðum 3. gr., skírteini, sem viðkomandi sanni síðan hæfni sína með.

□ Halda skal nákvæma skrá um handhafa slíkra skírteina.

■ **6. gr.** Kafaraskírteini skv. 5. gr. skal endurnýja á fimm ára fresti og skal með umsókn um endurnýjun leggja fram fullnægjandi læknisvottorð.

□ Nú er heilbrigðisvottorð ekki fullnægjandi að mati Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. 5. gr., og skal þá ekki gefa út nýtt skírteini. Rísi ágreiningur um þetta atriði skal málinu vísað til ráðherra, sem gefur úrskurð eftir að hafa aflað sér umsagnar landlæknis. Eftir að handhafi skírteinis hefur náð 60 ára aldri skal endurnýjun gerð árlega.

**1976** Nr. 12 13. apríl

■ **7. gr.** Allur kafarabúnaður, hverju nafni sem hann nefnist, skal vera af viðurkenndri gerð og merktur eftir því sem nauðsyn krefur, svo sem nafn framleiðanda, notkunarreglur o. þ. h.

□ Ráðherra setur reglur um viðurkenningu og eftirlit samkvæmt þessari grein svo og gjöld í því sambandi.

□ Gjöld samkvæmt grein þessari skulu lögtakskræf.

■ **8. gr.** Óheimilt er að ráða til köfunarstarfa eða til aðstoðar við djúpköfun aðra en handhafa köfunarskírteinis, nánari kröfur um aðstoðarmenn skal setja í reglugerð.

□ Eigandi köfunarbúnaðar ber ábyrgð á því, að hann fullnægi skilyrðum 7. gr.

■ **9. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum.

■ **10. gr.** Kafaraskírteini, sem menn hafa öðlast fyrir gildistöku laga þessara erlendis frá og talin eru jafngild skírteinum þeim, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, skulu gilda áfram, en leita skal umsagnar Félags íslenskra kafara áður en skírteinin verða viðurkennd.

□ Hver sá maður, sem færir fullnægjandi sannanir fyrir því, að hann hafi fyrir gildistöku laga þessara stundað köfunarstörf í atvinnuskyni án þess að hafa öðlast kafaraskírteini, en hefur þó með fullnægjandi árangri gengið undir læknisskoðun, sbr. 3. gr., getur innan árs frá gildistöku laganna öðlast kafaraskírteini hjá ráðuneytinu, enda mæli Félag íslenskra kafara með því.

**1984** Nr. 113 31. des.

## Lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

### I. kafli. Orðaskýringar.

■ **1. gr.** a. Yfirvélstjóri er æðsti maður í vélarrúmi skips.

b. 1. vélstjóri (í eldri lögum 2. vélstjóri) er næstæðsti maður vélarrúms.

c. Undirvélstjóri er hver sá vélstjóri sem er lægra settur en yfirvélstjóri.

d. Vélstjóri er hver sá sem ráðinn er til vélstjórastarfa.

e. 1 kílówatt (kw.) = 1,36 hö.

### II. kafli. Um fjölda vélstjóra og vélavarða o. fl.

■ **2. gr.** Fjöldi vélavarða og vélstjóra á íslenskum skipum skal vera sem hér segir:

a. Á skipi með 75 – 220 kw. vél (u. þ. b. 101 – 300 hö.) einn vélavörður.

b. Á skipi með 221 – 750 kw. vél (u. þ. b. 301 – 1020 hö.) yfirvélstjóri og einn vélavörður.

c. Á skipi með 751 – 1500 kw. vél (u. þ. b. 1021 – 2040 hö.) tveir vélstjórar, yfirvélstjóri og 1. vélsjóri.

d. Á skipi með stærri vél en 1500 kw. (u. þ. b. 2040 hö.) þrír vélstjórar, yfirvélstjóri og tveir undirvélstjórar.

□ Á farþega- og flutningaskipum með 1300 kw. vél (u. þ. b. 1766 hö.) og stærri skal auk upptalinna vélstjóra vera einn vélavörður eða aðstoðarmaður.

**III. kafli. Um atvinnuréttindi vélstjóra.**

■ **3. gr.** 1. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).

2. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
Að loknum 9 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi, þar af a. m. k. 5 mánuði á skipi með 400 – 750 kw. vél, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).

3. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi með 400 – 750 kw. vél hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).
Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi með 400 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri II (VS II).
Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi, þar af a. m. k. 3 mánuði við 750 kw. vél og stærri, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélastjóri I (VS I).

4. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs, ásamt sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein (þ. e. vélfræðingur), hefur öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur IV (VF IV).
Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með 750 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).
Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með 750 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur III (VF III).
Að loknum 24 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af í 12 mánuði að fengnu atvinnuskírteini VF III, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 3000 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur II (VF II).
Að loknum 36 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a. m. k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og stærri, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur I (VF I).

5. Við mat á starfstíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

■ **4. gr.** Starfstími vélstjóra samkvæmt 2. gr.[1] telst sá tími sem hann er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi.

□ Til starfstíma samkvæmt 3. og 4. lið 3. gr. má einnig telja störf við vélarupptekt um borð í skipi, í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmiðnaðargrein og önnur lögskráð störf í vélarrúmi skipa. Þessi tími skal þó aldrei verða lengri en sem nemur ¼ hluta starfstíma til atvinnuréttinda.

[1] *Svo í Stjtíð. Virðist eiga að vera 3. gr.*

**IV. kafli. Um eldri vélstjóraréttindi.**

■ **5. gr.** Við gildistöku laga þessara skal svo fara sem hér segir um atvinnuréttindi þeirra vélstjóra er hlotið hafa réttindi eftir eldri lögum:

a. Þeir sem lokið hafa hinu minna mótorvélstjóranámskeiði Fiskifélags Íslands eða 1. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélfræðinámi 2. stigs enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

b. Þeir sem lokið hafa hinu meira námskeiði Fiskifélags Íslands eða 2. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélstjóranámi 3. stigs enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

c. Þeir sem tekið hafa próf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936, en eigi tekið próf í rafmagnsfræði, skulu njóta sama réttar og þeir sem lokið hafa vélfræðinámi 3. stigs enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

d. Þeir sem tekið hafa lokapróf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936 eða eldri lögum, skulu njóta sama réttar og þeir sem hafa lokið vélfræðinámi 4. stigs ásamt sveinsprófi í vélvirkjun enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

□ Þeir vélstjórar, sem fyrir gildistöku laga þessara nutu eða áttu kost á að njóta meiri réttinda en lög þessi veita þeim, skulu halda þeim rétti óskertum.

**V. kafli. Um mönnunarnefnd og undanþágur.**

■ **6. gr.** Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda vélavarða og vélstjóra eftir því sem tilefni gefst til, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar þar sem m. a. skal taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér.

2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengri en 6 mánuðir í senn.

3. Að meta starfstíma við vélstjórn til atvinnuréttinda samkvæmt ákvæðum 5. liðar 3. gr. og 2. mgr. 4. gr.

□ Að því er varðar 1. og 2. tölul. þessarar gr. skal nefndin leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins um öryggi og búnað skips.

■ **7. gr.** Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu eftir tilnefningu viðkomandi samtaka.

□ Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt.

□ Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a. m. k. annar þeirra uppfylla almenn dómaraskilyrði.

□ Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar[1] setur samgönguráðherra með reglugerð.

[1] *Rg. 64/1985.*

■ **8. gr.** Ef skortur er á mönnum með nægileg vél-

**1984** Nr. 113 31. des.

stjórnarréttindi er heimilt að veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða tiltekinni gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en í 6 mánuði í senn og skal viðkomandi útgerðarmaður eða skipstjóri sækja um undanþáguna.

□ Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur[1] sem hann lætur birta með fullnægjandi hætti.

□ Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð[2] gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur vélskóla, sem starfa á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun á vottorði frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

[1] *Rg. 153/1987.* [2] *Rg. 415/1988.*

**VI. kafli. Skírteini og læknisvottorð.**

■ **9. gr.** Íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um atvinnuréttindi með tilvísun til 3. gr. laganna, á rétt til eftirtalinna atvinnuskírteina:

Vélavörður (VV). Réttindi: Vélavörður.

Vélstjóri III (VS III). Réttindi: Yfirvélstjóri, 750 kw. vél og minni og VV.

Vélstjóri II (VS II). Réttindi: 1. vélstjóri, 1500 kw. vél og minni og VS III.

Vélstjóri I (VS I). Réttindi: Yfirvélstjóri, 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð og VS II.

Vélfræðingur IV (VF IV). Réttindi: 2. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð og VS II.

Vélfræðingur III (VF III). Réttindi: 1. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð og VS I.

Vélfræðingur II (VF II). Réttindi: Yfirvélstjóri, 3000 kw. vél og minni og VF III.

Vélfræðingur I (VF I). Réttindi: Yfirvélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð.

□ Skírteini skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til 5 ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar.

■ **10. gr.** Til þess að vélstjóri hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum.

□ Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði vélstjóra og vélavarða.

■ **11. gr.** Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

**1984** Nr. 113 31. des.

■ **12. gr.** Samgönguráðuneytið getur, að fenginni umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélskóla Íslands, heimilað þeim erlendu ríkisborgurum, sem lokið hafa vélstjóranámi við íslenska skóla eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

□ Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Vélskóla Íslands, heimilað þeim íslensku ríkisborgurum, sem lokið hafa vélstjóranámi við erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

**VII. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **13. gr.** Við útreikning á afli véla í skipum skal farið eftir reglum sem ráðherra setur, að fengnum tillögum Siglingamálastofnunar ríkisins.

**VIII. kafli. Viðurlög og gildistaka.**

■ **14. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

□ Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **15. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 77 28. maí 1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** A. Þeim vélstjórnarmönnum, er starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði hinn 1. janúar 1985, skal boðið upp á vélstjórnarnámskeið sem haldin verða í öllum landshlutum skólaárin 1984 – 1985 og 1985 – 1986 til öflunar takmarkaðra vélstjórnarréttinda. Námskeið þessi veiti réttindi til yfirvélstjórastarfa á skipum með vélarstærð allt að 750 kw. (VS III). Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmd námskeiðanna og ákveða námsefni í samvinnu við Vélskóla Íslands.

B. Að fengnum tillögum nefndar um undanþágur, sbr. 8. gr. laganna, er samgönguráðherra heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar að veita þeim mönnum, sem fæddir eru á árinu 1934 eða fyrr og starfað hafa s. l. 10 ár á undanþágu við vélstjórn, ótímabundin takmörkuð réttindi.

**Lög um Siglingamálastofnun ríkisins.**

**1986** Nr. 20 30. apríl

■ **1. gr.** Siglingamálastofnun ríkisins starfar undir yfirstjórn samgönguráðherra. [Umhverfisráðherra fer þó með yfirstjórn mála er falla undir 7. tölul. 2. gr. laga þessara.][1]

[1] *L. 47/1990, 12. gr.*

■ **2. gr.** Hlutverk Siglingamálastofnunar ríkisins er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um mál sem eru í verkahring stofnunarinnar.

2. Að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og annað almennt eftirlit skipa skv. lögum um eftirlit með skipum[1] og reglugerðum settum skv. þeim.

3. Að annast framkvæmd alþjóðasamþykkta um öryggi mannslífa á hafinu sem Ísland er aðili að.[2)]

4. Að annast framkvæmd alþjóðahleðslumerkjasamþykkta sem Ísland er aðili að.[3)]

5. Að ákveða hleðslumerki fyrir fiskiskip eftir nánari reglum er ráðherra setur.

6. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi og veita aðstoð við rannsókn sjóslysa. Rita umsögn um sjópróf til ríkissaksóknara.

7. Að annast framkvæmd laga um varnir gegn mengun sjávar og reglugerða skv. þeim í samræmi við alþjóðasamþykktir og samninga sem Ísland er aðili að.[4)]

8. Að annast framkvæmd laga og reglna um mælingu skipa, svo og mál er varða alþjóðasamþykkt um mælingu skipa.[5)]

9. Að annast framkvæmd laga um skráningu skipa[6)] og skýrslugerð um íslenskan skipastól. Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár.

10. Að annast af Íslands hálfu samstarf við alþjóðastofnanir varðandi þau mál sem eru í verkahring stofnunarinnar.[7)]

11. Að annast framkvæmd laga og reglugerða um kafarastörf.[8)]

12. Að annast mál er varða siglingalög[9)] og sjómannalög[10)] að því leyti sem þau varða skráningu skipa, skip og búnað þeirra, siglingaöryggi og önnur mál sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni varðandi siglingar og áhafnir skipa.

[1)] *Sjá l. 51/1987 og rg. sem þar er vísað til.* [2)] *Augl. C 7/1983.* [3)] *Samn. 5. 4. 1966, sbr. augl. C 19/1970.* [4)] *Sjá t. d. l. 20/1972 (bann við losun hættulegra efna í sjó), l. 14/1979 (varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu) og l. 32/1986 (um varnir gegn mengun sjávar).* [5)] *Sjá l. 50/1970.* [6)] *Sjá l. 115/1985.* [7)] *Samn. 28. 1. 1926, sbr. augl. A 59/1926 (haffæri). Samn. 6. 3. 1948, sbr. augl. A 6/1961, augl. C 20/1969, augl. C 10/1976, augl. C 3/1979, augl. C 15/1980, augl. C 9/1982 og augl. C 2/1988 (Alþjóðasiglingamálastofnunin). Samn. 9. 4. 1965, sbr. augl. C 2/1967 og augl. C 20/1972 (flutningar á sjó). Sjá einnig l. 32/1986, 24. gr., um ýmsa alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar.* [8)] *Sjá l. 12/1976.* [9)] *Sjá l. 34/1985.* [10)] *Sjá l. 35/1985.*

■ **3. gr.** Samgönguráðherra getur með reglugerð[1)] kveðið nánar á um hlutverk og starfshætti Siglingamálastofnunarinnar og um einstök verkefni hennar.

[1)] *Rg. 4/1987. Rg. 184/1987.*

■ **4. gr.** Siglingamálastjóri skal, að fenginni umsögn siglingamálaráðs, skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann annast framkvæmdastjórn þeirra mála sem falin eru Siglingamálastofnuninni.

□ Ráðherra ræður annað starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

□ Siglingamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

□ Heimilt er siglingamálastjóra að ráða trúnaðarmenn Siglingamálastofnunar utan höfuðborgarsvæðisins og ákveður ráðherra þeim þóknun að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

■ **5. gr.** Samgönguráðherra skipar siglingamálaráð.

□ Verkefni siglingamálaráðs skal vera:

1. Að vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og siglingamálastjóra í málum varðandi starfsemi Siglingamálastofnunar ríkisins, svo og öðrum þeim málum sem ráðsmenn eða siglingamálastjóri telja rétt að ráðið fjalli um.

2. Að gera tillögur um breytingar á lögum og reglum varðandi verkefni Siglingamálastofnunar ríkisins.

3. Að fjalla almennt um öryggismál skipa og báta, þar á meðal að sjá um birtingu á niðurstöðum af rannsóknum sjóslysa, ekki sjaldnar en árlega, í samvinnu við nefnd þá er starfar að rannsóknum sjóslysa skv. 230. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, með síðari breytingu.

1986 Nr. 20 30. apríl

■ **6. gr.** Samgönguráðherra skipar sjö fulltrúa í siglingamálaráð til fjögurra ára í senn, svo og varamenn þeirra.

□ [Formann og varamenn hans skipar ráðherra án tilnefningar og skal formaður vera fulltrúi samgönguráðuneytisins. Aðra fulltrúa skipar ráðherra skv. tilnefningu eftirtalinna samtaka: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasambands Íslands, Landssambands smábátaeigenda, Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og Slysavarnafélags Íslands.][1)]

□ Ef aðalmaður er fjarverandi situr varamaður fundi í hans stað. Varamaður á rétt á fundarsetu þótt aðalmaður sé á fundi og hefur þá málfrelsi og tillögurétt.

□ Siglingamálastjóri situr fundi siglingamálaráðs ásamt þeim embættismönnum stofnunarinnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti.

[1)] *L. 61/1988, 1. gr.*

■ **7. gr.** Siglingamálaráð skal kvatt saman svo oft sem þurfa þykir að mati formanns eða meiri hluta nefndarmanna eða ef siglingamálastjóri óskar eftir en þó aldrei sjaldnar en sex sinnum á ári.

■ **8. gr.** Aðalaðsetur Siglingamálastofnunar skal vera í Reykjavík en auk þess skal stofnunin hafa umdæmisskrifstofur í Vesturlandsumdæmi, Vestfjarðaumdæmi, Norðurlandsumdæmi, Austurlandsumdæmi og Vestmannaeyjum.

□ Samgönguráðherra ákveður að fengnum tillögum siglingamálastjóra mörk umdæma og hvar umdæmisskrifstofur skuli vera.

■ **9. gr.** Þegar starfsmenn Siglingamálastofnunar eru að starfi hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenskri höfn eða innan íslenskrar landhelgi, til þess að rannsaka það sem þeim ber skv. stöðu sinni.

□ Siglingamálastofnunin getur óskað aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands til skyndiskoðana á skipum í höfnum og á hafi úti skv. nánara samkomulagi þessara aðila.

□ Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar, eru skyldir til að veita Siglingamálastofnuninni alla aðstoð og upplýsingar sem óskað er og starfið varða.

□ Starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

■ **10. gr.** Starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

■ **11. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51/1970, um Siglingamálastofnun ríkisins.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um skipunartíma siglingamálastjóra skal skipun núverandi siglingamálastjóra halda gildi sínu.

1987 Nr. 51 30. mars

## Lög um eftirlit með skipum.[1)]

[1)]*Reglur 11/1953 (um eftirlit með skipum og öryggi þeirra), sbr. 52/1965, 263/1969, 76/1971, 424/1980 og 521/1984.*

### I. kafli. Gildissvið og orðskýringar.

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um öll íslensk skip sem eru sex metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna.

□ Lögin gilda enn fremur um erlend skip sem íslenskir ríkisborgarar hafa á leigu ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan með íslenskri áhöfn.

□ Ráðherra getur ákveðið í reglugerð[1)] að eftirlit skuli haft með öryggi annarra fljótandi fara og tækja og hvernig því eftirliti skuli haga.

[1)]*Reglur 51/1979, sbr. 49/1983 (um smíði og öryggisbúnað báta minni en 6 m að lengd).*

■ **2. gr.** Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

1. Skip er sérhvert fljótandi far, þar með talin svifskip, skíðaskip og önnur skip sérstakrar gerðar, nema annars sé getið.

2. Íslenskt skip er hvert það skip sem skráð er hér á landi og rétt hefur til að sigla undir íslenskum fána.

3. Flokkað skip er hvert það skip sem er flokkað af flokkunarfélagi sem viðurkennt er af ráðherra.

4. Fiskiskip er skip sem skráð er sem fiskiskip og notað til að veiða fisk, hval, sel, skelfisk eða aðrar lífverur úr sjó.

5. Farþegaskip er hvert það skip sem skráð er sem farþegaskip og ætlað er að flytja farþega.

6. Farþegar eru allir, sem á skipi eru, aðrir en skipverjar og þeir sem komnir eru í skip vegna óviðráðanlegra atvika.

7. Opið skip er hvert það fljótandi far sem ekki er varið ágangi sjávar með þilfari stafna á milli yfir sjólínu.

### II. kafli. Haffæri skipa.

■ **3. gr.** Eiganda skips, útgerðarmanni og skipstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi og því sé haldið haffæru hvenær sem því er lagt úr höfn.

■ **4. gr.** Skip skal telja óhaffært:

1. Ef gilt haffærisskírteini eða skoðunarvottorð er ekki sýnt þegar þess er krafist af starfsmönnum Siglingamálastofnunar eða löggæslumönnum.

2. Ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa.

3. Ef bol þess, búnaði, vélum eða tækjum eða mönnun er áfátt eða það er af öðrum ástæðum svo á sig komið að telja verður að það sé eigi öruggt til siglingar vegna sjóferða þeirra er skipið skal fara.

■ **5. gr.** Ef skip hefur tekið grunn, orðið fyrir árekstri eða annað að borið svo að ætla má að skip hafi laskast og sé óhaffært er skipstjóra skylt að láta skoða skipið á þeim stað er því verður fyrst við komið.

□ Starfsmenn Siglingamálastofnunar skulu framkvæma þá skoðun.

□ Ef svo ber við að ekki verður náð til starfsmanna Siglingamálastofnunar þar sem skip er statt skal skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur fulltrúum annarra skipverja framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af öllum er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því sem bókað var skal þá þegar sent Siglingamálastofnun og ákveður hún svo fljótt sem verða má hvort ný skoðun skuli fara fram.

□ Ef skip skal flytja óhaffært af slysstað eða úr höfn til viðgerðar eða nánari skoðunar skal Siglingamálastofnun ríkisins ákveða hvaða ráðstafanir skuli gerðar með tilliti til öryggis þeirra manna sem skipinu fylgja.

### III. kafli. Framkvæmd eftirlits.

■ **6. gr.** Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga og reglugerða um öryggi skipa. Í því skyni skal stofnunin m. a. skoða skip, hvar sem er á landinu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Ef vafi leikur á því að skip sé haffært samkvæmt lögum þessum skal það svipt haffærisskírteini til bráðabirgða þar til úr er bætt skv. 15. gr.

■ **7. gr.** Verði starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins, löggæslumenn, hafnsögumenn, tollgæslumenn, trúnaðarmenn stéttarfélaga sjómanna, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarstjórar varir við að lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim séu brotin eða telji þeir sig hafa ástæðu til að ætla að skip sé ekki haffært skulu þeir tafarlaust gera næsta umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar viðvart og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir skv. 6. gr.

□ Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva og verkstæða er þeir eru að starfi sínu, þó þannig að þeir skulu gera yfirmanni sínum viðvart. Skal hann þegar hafa samband við viðkomandi umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar.

### IV. kafli. Skoðun skipa.

■ **8. gr.** Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana eru skoðunargerðir á skipum tvenns konar: Aðalskoðun og aukaskoðun.

■ **9. gr.** Starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins annast alla skoðun samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eftir nánari ákvörðun siglingamálastjóra.

■ **10. gr.** Aðalskoðun skal gera á sérhverju skipi ár hvert.

■ **11. gr.** Við aðalskoðun skal athuga vandlega allan búnað skips og annað er lýtur að öryggi þess.

□ Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi og framvísað er gildu flokkunarskírteini skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, enda fullnægi skipið jafnframt þeim ákvæðum sem sérstaklega er mælt fyrir um í íslenskum lögum eða reglum varðandi þau atriði sem flokkunin tekur til.

■ **12. gr.** Hafi skoðun leitt í ljós að skip er haffært skal siglingamálastjóri eða starfsmaður stofnunarinnar, sem til þess hefur heimild frá siglingamálastjóra, gefa því haffærisskírteini.

■ **13. gr.** Á haffærisskírteini skal skráð nafn skips, heimili, kallmerki, stærð skips samkvæmt gildandi reglum um mælingu skipa, smíðastaður og ár, nafn eiganda, un.dæmisbókstafir fiskiskipa, til hvaða notkunar skírteinið gildir, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa sem gerðar eru í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, gildistími og útgáfudagur.

☐ Haffærisskírteini skips skal gilda í eitt ár, enda glati skipið ekki rétti sínum til haffærisskírteinis á tímabilinu.

☐ Siglingamálastofnun ríkisins getur veitt heimild til frestunar aðalskoðunar um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en þrjá mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla að skip sé ekki haffært. Siglingamálastjóra er heimilt að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni.

☐ Haffærisskírteini eða skoðunarvottorð skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða sem ekki er skylt að lögskrá á, greiðslu tryggingariðgjalds skips, svo og þegar þess er krafist af starfsmönnum Siglingamálastofnunar eða lögreglunni.

☐ Þegar gildistími haffærisskírteinis eða skoðunarvottorðs er á enda skal eigandi skips, útgerðarmaður eða skipstjóri færa skipið til skoðunar samkvæmt lögum þessum. Sé skip í notkun án þess að hafa fullgilt haffærisskírteini skal setja farbann á skipið skv. 26. gr.

■ **14. gr.** Aukaskoðun skal gera á skipi sem hér segir:

1. Þegar skip hefur verið til viðgerðar.

2. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, vélstjóri, einstakir skipverjar eða stjórn stéttarfélags þeirra krefst skoðunar. Krafa skal vera skrifleg og rökstudd. Starfsmenn Siglingamálastofnunar eru bundnir þagnarheiti um hver kært hefur, nema kæran hafi reynst ástæðulaus. Þá skal Siglingamálastofnun gefa upp nafn kæranda ef útgerðarmaður krefst þess.

3. Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

■ **15. gr.** Hafi skoðun leitt í ljós að kröfum um búnað og öryggi skipa er ekki fullnægt skal bætt úr því sem áfátt er.

☐ Telji starfsmenn Siglingamálastofnunar eigi öruggt að skip sé í förum skal svipta skipið haffærisskírteini og tilkynna skipstjóra og útgerðarmanni að skipið hafi eigi rétt til að vera í förum fyrr en úr ágöllum er bætt og tilgreindar ástæður sviptingarinnar.

☐ Ef ágallar eru þannig að haffæri skips er óskert og eigi er unnt að bæta úr þeim þegar í stað getur umdæmisstjóri veitt skipstjóra hæfilegan frest til úrbóta. Skrá skal í eftirlitsbók skips hverju áfátt er, ástæður frestveitingar og lengd frests.

☐ Þegar frestur skv. 3. mgr. er liðinn skal Siglingamálastofnun ganga úr skugga um að bætt hafi verið úr ágöllum. Hafi það eigi verið gert ákveður hún hvort frestur skuli framlengdur eða skipstjóri eða útgerðarmaður skuli sóttir til saka.

■ **16. gr.** Synji siglingamálastjóri um skoðun þegar hennar er krafist skv. 2. tölul. 14. gr. eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 30. gr.

☐ Dómurinn kveður endanlega á um hvort Siglingamálastofnun skuli framkvæma skoðun eða yfirskoðun skuli fara fram.

☐ Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óvilhallir menn er fullnægja skilyrðum þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi.

☐ Yfirskoðunargerð verður ekki breytt ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með drengskaparheiti ef krafist er af einhverjum þeim er hlut á að máli.



**V. kafli. Gerð og búnaður skipa. Smíði, innflutningur og breytingar.**

■ **17. gr.** Skip skal að jafnaði fullnægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

**A. Bolur, reiði og vélar.**

1. Bolur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.

2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnsþétt skilrúm.

3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skulu vera fullnægjandi og í góðu ástandi.

4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.

5. Skip skal vera nægilega stöðugt svo að því verði örugglega siglt.

Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1. – 4. tölul., að jafnaði talið fullnægt ef skip fullnægir þeim kröfum sem flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma að slíkt skip nái 1. flokki þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða sem því eru ætlaðar.

**B. Siglingatæki.**

Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum sem nauðsynleg eru til þess að því verði örugglega siglt.

**C. Eldvarnir.**

Skip skulu búin tækjum til slökkvistarfa og viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til varnar eldi.

**D. Björgunar- og öryggisbúnaður.**

1. Skip skal búið traustum björgunartækjum sem komið skal fyrir á hentugum stöðum.

2. Varnir gegn slysum, er leitt geta af venjulegri notkun skips eða búnaðar, skulu vera í því horfi að menn, sem dvelja á skipsfjöl eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.

3. Farþegaskip skal auk þess vera þannig búið að því er snertir öryggi mannslífa að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra sem það er notað til.

**E. Vistarverur og vinnurými.**

1. Vistarverur farþega og skipverja, vinnurými skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð, um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hávaðamörk, hreinlætistæki og viðhald, svo og önnur atriði sem stuðlað geta að vinnuvernd.

2. Í reglugerð, sem sett er af ráðherra að fengnu áliti landlæknis, skal kveða á um búnað skips af lyfjum og hjúkrunargögnum.

**F. Fjarskiptatæki.**

Öll skip skulu búin fullnægjandi fjarskiptabúnaði.

Búnaður þessi er háður eftirliti Póst- og símamálastofnunar. Að lokinni skoðun búnaðarins tilkynnir Póst- og símamálastofnun Siglingamálastofnun ríkisins árangur skoðunar á honum og annað varðandi hann sem ástæða þykir til.

**G. Eftirlitsbók.**

Auk skjala þeirra og bóka, sem fyrirskipuð eru í öðrum lögum og reglugerðum, skulu skip hafa eftirlitsbók sem í eru skráð vottorð þeirra, sem skoðun hafa

annast, um framkvæmd skoðunar ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið sem krafist kann að verða.

Gerð og færslu eftirlitsbókar skal hagað á þann hátt sem siglingamálastjóri kveður á um.

**H. Lög og reglur.**

1. Eintak þessara laga ásamt reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu vera í skipi, svo og eintök annarra laga og reglna eftir því sem boðið kann að vera.

2. Á farþegaskipi skal vera auglýst á áberandi stað til hvers konar flutninga skip sé ætlað og hámark farþegafjölda.

■ **18. gr.** Ráðherra setur nánari reglur[1)] um gerð og búnað skipa og véla að fengnu áliti siglingamálastjóra.

□ Sérreglur skulu settar um aðbúnað og öryggi skipa sem ekki eru farþegaskip en flytja annað fólk en skipverja.

[1)]*Reglur 260/1947, sbr. 159/1967, sbr. 521/1984 (um smíði tréskipa). Reglur um smíði og búnað ísl. skipa: 327/1977, sbr. 521/1984 og 481/1989 (smíði fiskiskipa úr stáli allt að 50 m að lengd); 638/1983 (skoðun vöruflutningaskipa og útgáfa öryggisskírteina); 635/1983 (vél- og rafbúnaður vöruflutninga- og farþegaskipa); 28/1977, sbr. 516/1979 (um raforku og raflagnir); 553/1975, sbr. 124/1988 og 275/1989 (stöðugleiki og öryggi fiskiskipa); 440/1980 (vinnuöryggi á flutninga- og farþegaskipum); 260/1969, sbr. 521/1984 og 522/1984 (eldvarnir í fiskiskipum); 636/1983 (eldvarnir í vöruflutningaskipum); 50/1979 (vistaverur áhafna fiskiskipa); 492/1979 (vistaverur áhafna flutninga- og farþegaskipa); 521/1984 (smíði og búnaður báta með mestu lengd allt að 15 metrum). Reglur 813/1981, sbr. 487/1983 og 450/1985 (radiobúnaður og fjarskipti á skipum). Rg. 143/1984 (skráning á afli aðalvéla ísl. skipa). Reglur 179/1985 (hávaðamörk í ísl. skipum). Reglur 304/1989 (lyf og læknisáhöld í ísl. skipum). Reglur 325/1985, sbr. 171/1987, 80/1988, 412/1988 og 130/1990 (björgunar- og öryggisbúnaður ísl. skipa). Reglur 3/1987 (björgunar- og öryggisbúnaður vöruflutninga- og farþegaskipa). Reglur 413/1988 (vinnuöryggi á fiskiskipum stærri en 15 m að lengd).*

■ **19. gr.** Um nýsmíði skipa fer eftir reglum sem ráðherra setur og þar sem þær ná ekki til skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa.

□ Nýsmíði skipa er háð eftirliti Siglingamálastofnunar. Sá sem tekið hefur að sér smíði skips skal senda Siglingamálastofnun ríkisins tilkynningu þar um ásamt smíðalýsingu og uppdráttum þeim sem siglingamálastjóri telur nauðsynlega vegna eftirlitsins. Skulu uppdrættirnir vera í þríriti.

□ Séu skip smíðuð erlendis fyrir innlenda aðila skal væntanlegur eigandi sjá um að tilkynning og umrædd gögn berist Siglingamálastofnun.

□ Eigendum skipa, skipasmiðum eða siglingamálastjóra er heimilt að fela einhverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skipa, annarra en tréskipa, enda sé skipið smíðað eftir reglum þeirra að því leyti sem þær gilda hér á landi.

□ Við lokaúttekt nýsmíði skal aðalskoðun skips fara fram.

■ **20. gr.** Engar meiri háttar breytingar má gera á skipum, svo sem stækkun farmrýmis eða yfirbyggingar, aðalvélarskipti eða breytingar sem hafa áhrif á mælingu skips, án þess að fyrir liggi samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins. Allar breytingar sem varða öryggi skips og áhafnar skulu gerðar undir eftirliti Siglingamálastofnunar og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og tilkynningarskyldu og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

■ **21. gr.** Skip, sem keypt eru eða leigð frá útlöndum til skráningar hér á landi, skulu fullnægja í einu og öllu íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri.

□ Eigi má flytja inn skip sem er 12 ára eða eldra.

□ Skoðun skal fara fram á skipi áður en það er keypt eða leigt.

□ Siglingamálastjóri lætur framkvæma skoðun þessa og má hann fela hæfri stofnun eða einstaklingi skoðunina.

□ Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips að það fullnægi kröfum ákvæðis þessa um aldur, gerð og búnað.

**VI. kafli. Um hleðslu skipa og frágang farms.**

■ **22. gr.** Þau íslensk skip, sem gildandi alþjóðleg hleðslumerkjasamþykkt[1)] nær til, skulu hafa alþjóðahleðslumerkjaskírteini.

□ Ráðherra setur reglur um hleðslu annarra íslenskra skipa.

□ Siglingamálastjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri er um ræðir í 1. mgr. og reglum[2)] er ráðherra setur.

[1)]*Samn. 5. 4. 1966, sbr. augl. C 19/1970.* [2)]*Sjá rg. 45/1943 (um hleðslumerki).*

■ **23. gr.** Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað til öryggis mannslífum og haffæri skipa.

□ Á skip, sem eru 15 metrar eða lengri að mestri lengd, skal marka beggja megin að framan og aftan hversu djúpt skipið ristir í desimetrum.

□ Siglingamálastjóri getur ákveðið að djúpristumörk skuli sett á skip þótt minna sé en að framan greinir og hvernig þeirri mörkun skuli hagað.

■ **24. gr.** Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við tollafgreiðslu og þegar þess er krafist af starfsmönnum Siglingamálastofnunar eða löggæslunni.

□ Hafi skip hleðslumerkjaskírteini, útgefið af þar til bærum erlendum stjórnvöldum í ríki sem er aðili að gildandi alþjóðasamþykkt um hleðslumerki eða viðurkenndu flokkunarfélagi, getur siglingamálastjóri veitt því íslenskt hleðslumerkjaskírteini í þess stað, án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

■ **25. gr.** Um fermingu, flutning og affermingu farms að öðru leyti setur ráðherra reglur.[1)]

□ Um flutning á hættulegum varningi og lausu korni skal farið eftir alþjóðareglum.

[1)]*Reglur 292/1981 (um flutning á lausu kísiljárni í lestum skipa). Reglur 801/1982 (um flutning á hættulegum varningi). Reglur 637/1983 (um flutning á korni).*

**VII. kafli. Um farbann.**

■ **26. gr.** Starfsmenn Siglingamálastofnunar geta hindrað för skips skv. 15. gr. uns úrlausn er fengin.

□ Sé skipi lagt úr höfn án þess að hafa gilt haffærisskírteini eða leiki rökstuddur grunur á að það standi til eða skip er annars óhaffært á ferð skal viðkomandi umdæmisstjóri leggja farbann á skipið.

□ Ef umdæmisstjóri hefur lagt farbann á skip skal það þegar í stað tilkynnt skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrifleg. Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar svo og skilyrði fyrir því að banni verði aflétt. Skýrslu um málið ásamt nauðsynleg-

um upplýsingum skal senda siglingamálastjóra og loks skal lögreglustjóra, hafnar- og tollyfirvöldum á staðnum svo og starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands skýrt frá banninu, enda ber þessum aðilum hverjum á sínu sviði að veita fulltingi sitt til þess að banni verði framfylgt.

■ **27. gr.** Siglingamálastjóri skal fella farbann skips úr gildi ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.

□ Telji siglingamálastjóri gögn skorta sér hann um að þeirra verði aflað.

■ **28. gr.** Skipstjóri eða útgerðarmaður getur kært farbann fyrir siglingadómi.

**VIII. kafli. Siglingadómur.**

■ **29. gr.** Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Dómsmálaráðherra skipar tólf meðdómendur og sex varameðdómendur alla til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn, án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn eða loftskeytamenn síðast liðin fimm ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu vera sérfróðir um firðtæki.

□ Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

□ Embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunar geta ekki verið dómendur.

□ Fastir dómendur eru formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra sem tilnefndir hafa verið og annar sjómannanna (sbr. 3. tölul.).

□ Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda og gildir sú kvaðning þar til dómurinn er skipaður næst.

□ Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna, valdir í hvert skipti af föstu dómendunum eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

□ Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

■ **30. gr.** Verkefni siglingadóms eru:

1. Að skera úr um hvort skoðun á skipi skuli fram fara, annast yfirskoðunargerðir og kveðja yfirskoðunarmenn eins og nánar greinir í 16. gr.
2. Að skera úr um hvort farbann skuli lagt á skip og dæma um gildi farbanns svo sem getið er í 28. gr.
3. Að fara með dómstörf í opinberum málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum ef saksóknarí telur mál sérstaklega mikilvæg. Þegar máli er þannig vísað til siglingadóms getur hann farið með rannsókn í því hvort heldur af sjálfsdáðum eða að beiðni saksóknara.

□ Um refsimál sem höfðað er fyrir siglingadómi fer að hætti opinberra mála, þó þannig að mál skal jafnan sæta sókn og vörn.

■ **31. gr.** Áður en saksóknari ákveður höfðun opinbers máls út af brotum á lögum þessum skal hann jafnan leita umsagnar siglingamálastjóra. Ber siglingamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur svo fljótt sem verða má.

□ Dómstólar skulu láta Siglingamálastofnun í té eftirrit dóma, dómsgerða og annarra gagna í málum út af brotum á lögum þessum.

■ **32. gr.** Málum, sem höfðuð eru skv. 16. gr. eða 28. gr. laga þessara, skal beint gegn siglingamálastjóra. Þeim skal hraða svo sem kostur er. Sérstaklega skal hraða máli þegar úrskurða skal um farbann. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað.

□ Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjódómsmál.

□ Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla.

□ Bótaréttur gegn ríkissjóði fellur niður ef mál er eigi höfðað innan tveggja mánaða frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

■ **33. gr.** Fastir dómendur siglingadóms skulu launaðir á sama hátt og fastir dómendur í félagsdómi.

□ Laun aukadómenda ákveða hinir föstu dómendur eftir málavöxtum hverju sinni.

□ Skrifstofukostnaður siglingadóms, ferðakostnaður og önnur nauðsynleg útgjöld greiðast eftir reikningi er dómsmálaráðherra úrskurðar.

**IX. kafli. Gjöld.**

■ **34. gr.** Fyrir skoðun á skipum og búnaði þeirra, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, samþykkt smíðauppdrátta og aðrar skoðanir skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð er ráðherra setur. Þar skulu einnig sett ákvæði um fyrirkomulag innheimtu gjaldanna.

□ Gjöldunum fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi, í eitt ár frá því er gjald var kræft.

□ Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að halda eftir haffærisskírteini að lokinni skoðun ef gjöld skv. 1. mgr. eru ekki greidd.

■ **35. gr.** Telji gjaldandi gjald ranglega krafið eða of hátt getur hann leitað til siglingamálastjóra sem úrskurðar um gjaldtöku. Gjaldandi getur þó á næstu þremur mánuðum frá því er honum varð kunnugt um úrskurðinn skotið honum til dómstóla.

□ Siglingamálastjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í framangreindum málum.

□ Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

**X. kafli. Um refsingar, sviptingu réttinda o. fl.**

■ **36. gr.** Ef eigandi skips, skipasmíðastöð, verkstæði, skipstjóri eða annar yfirmaður skips brýtur í verki eða með vítaverðri vanrækslu gegn fyrirmælum í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varðar það sektum eða varðhaldi.

■ **37. gr.** Um brot skv. 36. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

□ Nú er brot framið með verknaði sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

1987 Nr. 51 30. mars

■ **38. gr.** Þegar um brot er að ræða skv. 36. gr. má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða fjarskiptastarfa um ákveðinn tíma er eigi sé skemmri en þrír mánuðir.

□ Nú er brot að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað og skal þá beita réttindasviptingu í sex mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt.

■ **39. gr.** Svipting réttinda skv. 38. gr. skal gerð með dómi. Sá er réttindum hefur verið sviptur skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt.

□ Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

■ **40. gr.** Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá því að réttindasvipting var dæmd getur samgönguráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt dómfellda réttindin aftur, enda þótt sá tími, sem tilgreindur er í dóminum, sé eigi liðinn.

□ Endurveiting réttinda skv. 1. mgr. er þó því aðeins heimil að siglingamálastjóri og siglingadómur mæli með því.

■ **41. gr.** Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

□ Aðför skal reynd fyrir sekt áður en til afplánunar kemur.

□ Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sökunauts.

■ **42. gr.** Lög þessi raska í engu ákvæðum áfengislaga að því er snertir viðurlög ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

**XI. kafli. Um gildistöku laganna o. fl.**

■ **43. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 52 12. maí 1970, ásamt síðari breytingum, svo og önnur þau ákvæði sem eigi fá samrýmst lögum þessum.

1989 Nr. 27 9. maí

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Köfunarstöðinni hf., Dýpkunarfélaginu hf., Slysavarnafélagi Íslands og Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á skipum.**

■ **1. gr.** Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Köfunarstöðinni hf. innflutning á flotpramma þó eldri sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

■ **2. gr.** Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Dýpkunarfélaginu hf. innflutning á dýpkunarpramma þó eldri sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

■ **3. gr.** Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Slysavarnafélagi Íslands innflutning á björgunarskipi þó eldra sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

■ **4. gr.** Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á fiskiskipi/verksmiðjumóðurskipi þó eldra sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

□ Samgönguráðherra skal jafnframt heimilt að veita Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. undanþágu frá ákvæðum 1. gr. laga nr. 115/1985, um skráningu skipa, vegna íslenskrar skráningar á tveimur fiskiskipum/verksmiðjumóðurskipum sem félagið tekur á leigu.

□ Skipum, sem skráð verða samkvæmt heimild í 1. og 2. mgr., er óheimilt að stunda fiskveiðar eða vinnslu sjávarafla í íslenskri fiskveiðilögsögu.

1989 Nr. 27 9. maí

■ **5. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

1977 Nr. 4 18. mars

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Olíuöl innflutning á olíupramma.**

■ **1. gr.** Ráðherra skal heimilt að leyfa hf. Olíuöl innflutning á olíupramma, þó eldri sé en 12 ára, sbr. 26. gr. laga nr. 52 12. maí 1970.

1932 Nr. 56 23. júní

**Lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar.**

■ **1. gr.** Þegar Lundúnasamþykktin frá 31. maí 1929 um öryggi mannslífa á sjónum hefur verið staðfest af Íslands hálfu[1] gerir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að Ísland taki hæfilegan þátt í birtingu veðurfregna til öryggis fyrir sjófarendur.

[1] *Samningnum frá 1929 hefur verið sagt upp (augl. 86/1952). Nú gildir alþjóðasamn. frá 1. nóv. 1974 og bókun við hann frá 1978, sbr. augl. C 7/1983.*

■ **2. gr.** Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skal krefjast þess af útgerðarfélögum, er kynnu að hafa íslenzk skip í förum yfir Atlantshafið, að þau tilkynni, hvaða leiðir skipum þeirra er ætlað að fara, og eins þær breytingar, sem á þeim kunna að verða.

■ **3. gr.** Sérhver skipstjóri á íslenzku skipi, sem lendir í eða verður var við alvarlega hættu fyrir sjófarendur, svo sem stórviðri, hafís, skipsflök o. þ. h., sem hætta getur stafað af, skal strax með öllum þeim senditækjum og merkjum, sem hann hefur til umráða, tilkynna það nálægum skipum, svo og hlutaðeigandi embættis- eða sýslumanni á næsta stað í landi, sem til næst.

□ Skylda má skipstjóra á íslenzkum skipum til að gera veðurathuganir og senda út veðurfregnir, sem telja má nauðsynlegar fyrir sjófarendur.

□ Atvinnumálaráðuneytið setur nánari reglur[1] um ákvæði þessarar greinar.

□ Fregnir þær, sem hér ræðir um, skulu sendar íslenzkum yfirvöldum án kostnaðar fyrir hlutaðeigandi skip, sem veðurathuganirnar gerði.

[1] *Regl. 639/1983 (um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar).*

■ **4. gr.** Skipstjóri á íslenzku skipi er skyldur til þess að hjálpa skipi, sem hann hittir og er í neyð statt, eða skipi, sem beðið hefur um hjálp, ef hann getur gert það án þess að stofna skipi sínu, skipshöfn og farþegum í verulega hættu.

□ Ef skipstjóra er ekki unnt að veita hjálp, ef svo stendur á að ætla má, að hjálp sé ekki tímabær eða nauðsynleg, skal hann þegar í stað tilkynna skipverjum eða skipstjóra hins hjálparþurfandi skips það, ef hægt er. Enn fremur skal skipstjóri rita í skipsdagbókina nákvæma greinargerð fyrir þessari ákvörðun sinni.

■ **5. gr.** Ákveða skal með konunglegri tilskipun, hverjar varúðarreglur skuli viðhafa á íslenzku skipi til þess að forðast árekstur milli skipa.[1]

□ Þau tákn eða merki, sem ákveðin eru í þessu augnamiði, má ekki nota í neinum öðrum tilgangi.

[1] *Sjá tilsk. 91/1965.*

■ **6. gr.** [Brot á lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

**1932** Nr. 56 23. júní

□ Ef um stórfellt brot er að ræða af hendi skipstjóra má ennfremur svipta hann réttindum til skipstjórnar með dómi.

□ Brot gegn lögum þessum og tilskipunum og reglum settum samkvæmt þeim sæta meðferð opinberra mála.][1)]

[1)] *L. 75/1982, 38. gr. A.*

■ **7. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 75/1982, 38. gr. B.*

**1899** Nr. 13 9. sept.

**Lög um dag- og næturbendingar á íslenzkum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir, er skip rekast á.**

■ **1. gr.** Með konunglegri tilskipun má fyrirskipa dag- og næturbendingar fyrir íslenzk skip, er í sjávarháska eru stödd.[1)]

□ Útgerðarmenn skipa, er eigi eru útbúin bendingatilfærum þeim, er skipað er fyrir um í slíkri tilskipun, sæta sektum, ...[2)]

□ Sömu refsing sætir sá skipstjóri, er notar eða sýnir bendingar þessar á þann hátt, er skipum er boðið að gera í sjávarháska, án þess að gild ástæða hafi til þess verið, og er hann auk þess skyldur að greiða þeim skaðabætur, er beðið hafa tjón af slíkri vanbrúkun.

[1)] *Sjá nú l. 7/1975.* [2)] *L. 75/1982, 39. gr.*

■ **2. gr.** ...[1)]

[1)] *Sjá l. 34/1985, 161. og 162. gr.*

■ **3. gr.** Mál um hegning fyrir brot á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í landssjóð.

**1975** Nr. 7 26. febr.

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, undirritaða í London 20. október 1972.

□ [[Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru í London 19. nóvember 1987.][1)]

□ Alþjóðareglurnar með áorðnum breytingum eru prentaðar sem fylgiskjal með lögum þessum.][2)]

[1)] *L. 25/1990, 1. gr.* [2)] *L. 56/1986, 1. gr.*

■ **2. gr.** [Þegar alþjóðareglurnar með áorðnum breytingum öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu þær hafa lagagildi hér á landi.][1)]

[1)] *L. 56/1986, 2. gr.*

■ **3. gr.** Á sama degi, sem samþykktin gengur í gildi, skulu reglurnar koma í staðinn fyrir og ógilda tilskipun um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, nr. 79 frá 10. ágúst 1965.

■ **4. gr.** Brot gegn reglum og viðaukum, sem samþykktinni fylgja, varða sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við.

**Fylgiskjal.**

**Samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972. – London 20. október 1972.**

Aðilar að samþykkt þessari, **sem óska** að tryggja víðtækt öryggi á sjó, **sem gera sér ljósa** nauðsyn þess að endurskoða og færa í nútímahorf alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, er fylgdu lokabókun alþjóðaráðstefnunnar um öryggi mannslífa á hafinu, 1960, **sem hafa athugað** reglur þessar í ljósi þróunarinnar síðan þær voru samþykktar, **hafa orðið ásáttir** um eftirfarandi:

**1975** Nr. 7 26. febr.

■ **1. gr. Almennar skyldur.** Aðilar að samþykkt þessari skuldbinda sig til að koma í framkvæmd reglunum og öðrum viðaukum, sem mynda meðfylgjandi alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972 (eftirleiðis nefndar „reglurnar").

■ **2. gr. Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykkt og aðild.** 1. Samþykkt þessi skal liggja frammi til undirritunar til 1. júní 1973 og eftir það til aðildar.

2. Ríki, sem eru aðilar Sameinuðu þjóðanna eða einhverrar sérstofnunar þeirra eða Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar eða eiga aðild að samþykktum Alþjóðadómstólsins mega gerast aðilar að samþykkt þessari með:

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt;

b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og síðari fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða

c. aðild.

3. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild skal fara fram með þeim hætti að skjal þar að lútandi sé afhent Alþjóðasiglingamálastofnuninni (eftirleiðis nefnd „stofnunin"), sem tilkynni ríkisstjórnum, sem hafa undirritað eða gerst aðilar að samþykkt þessari, um afhendingu sérhvers slíks skjals og hvenær það hafi verið afhent.

■ **3. gr. Gildi samþykktarinnar gagnvart lendum, sem ekki ráða sér sjálfar.** 1. Í þeim tilvikum, er Sameinuðu þjóðirnar hafa forræði lendna, eða einhver samningsaðila annast samskipti lendna á alþjóðlegum vettvangi, geta þessir aðilar hvenær sem er látið samþykkt þessa ná til slíkra lendna með því að tilkynna það skriflega aðalritara stofnunarinnar (eftirleiðis nefndur „aðalritarinn").

2. Samþykkt þessi skal frá móttökudegi tilkynningarinnar að telja eða degi, sem þar er tilgreindur, ná til lendunnar, sem þar er nefnd.

3. Sérhverja tilkynningu, sem gefin er samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, má afturkalla, að því er varðar hverja þá lendu, sem í tilkynningunni er greind, og fellur gildi þessarar samþykktar fyrir lenduna niður að ári liðnu frá afturkölluninni eða síðar, sé slíkt fram tekið, þegar afturköllun á sér stað.

4. Aðalritarinn skal kunngera öllum samningsaðilum um tilkynningar, er honum berast varðandi útfærslu á gildissvæði í sambandi við ákvæði þessarar greinar eða afturkallanir.

■ **4. gr. Gildistaka.** 1. a. Samþykkt þessi skal ganga í gildi að tólf mánuðum liðnum frá þeim degi, er að minnsta kosti 15 ríki hafa gerst aðilar, enda eigi þau ekki minna en 65% af kaupskipum heims, 100 rúmlesta og stærri, miðað annaðhvort við fjölda eða rúmlestatölu eftir því hvoru markinu verður fyrr náð.

b. Þrátt fyrir ákvæði stafliðs a. þessarar greinar, skal samþykkt þessi ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 1976.

2. Samþykktin skal ganga í gildi á gildistökudegi fyrir þau ríki, sem í samræmi við 2. grein hafa fullgilt, staðfest eða gerst aðilar hennar eftir að ákvæðum töluliðs 1 a. hefur verið fullnægt en áður en hún hefur gengið í gildi.

3. Fyrir þau ríki, sem fullgilda, staðfesta, samþykkja eða gerast aðilar að samþykktinni eftir gildistökudag hennar, gengur hún í gildi á afhendingardegi skjals samkvæmt 2. grein.

4. Eftir gildistökudag breytinga á samþykktinni samkvæmt 3. tölulið 6. greinar, skal hver fullgilding, staðfesting, samþykkt eða aðild ná til samþykktarinnar í hinu breytta formi.

5. Á gildistökudegi samþykktarinnar koma reglurnar í staðinn fyrir og fella úr gildi Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1960.

6. Aðalritarinn skal tilkynna ríkisstjórnum, er undirritað hafa eða gerst aðilar að þessari samþykkt, um gildistökudag.

■ **5. gr. Ráðstefna um endurskoðun.** 1. Stofnuninni er heimilt að kalla til ráðstefnu um endurskoðun á samþykktinni eða reglunum eða hvoru tveggja.

2. Stofnuninni er skylt að kalla til ráðstefnu samningsaðila í þeim tilgangi að endurskoða þessa samþykkt eða reglurnar eða hvort tveggja, ef eigi færri en þriðjungur samningsaðila óskar þess.

■ **6. gr. Breytingar á reglunum.** 1. Sérhver breyting, sem samningsaðili leggur til að gerð verði á reglunum, skal athuguð hjá stofnuninni, fari hann þess á leit.

2. Hljóti breytingartillagan stuðning ⅔ af aðilum öryggisnefndar stofnunarinnar, sem viðstaddir eru og greiða atkvæði, skal hún kunngerð öllum samningsaðilum og meðlimum stofnunarinnar að minnsta kosti sex mánuðum áður en hún verður lögð fyrir þing stofnunarinnar. Hver sá samningsaðili, sem ekki er aðili stofnunarinnar, hefur rétt til að taka þátt í afgreiðslu breytingartillögunnar.

3. Hljóti breytingartillagan samþykki ⅔ af viðstöddum þingfulltrúum, sem atkvæði greiða, skal aðalritarinn leggja hana fyrir alla samningsaðila til staðfestingar.

4. Slík breyting skal taka gildi á degi, sem þingið ákveður við samþykkt hennar, nema því aðeins að meira en þriðjungur samningsaðila hafi þá fyrir dag tiltekinn af sama þingi tilkynnt stofnuninni að þeir séu breytingunni mótfallnir. Ákvarðanir þingsins varðandi dagsetningar þær, sem um ræðir í þessum tölulið, skulu krefjast stuðnings ⅔ viðstaddra þingfulltrúa, sem atkvæði greiða.

5. Sérhver breyting skal við gildistöku koma í staðinn fyrir og ógilda fyrri ákvæði, sem breytingin tekur til, að því er varðar alla samningsaðila, sem ekki hafa mótmælt henni.

6. Aðalritarinn skal kunngera öllum samningsaðilum og aðilum stofnunarinnar sérhverja beiðni eða tilkynningu samkvæmt þessari grein, svo og gildistökudag hverrar breytingar.

■ **7. gr. Uppsögn.** 1. Samþykkt þessi er uppsegjanleg af hálfu hvers samningsaðila sem er að liðnum fimm árum frá þeim degi, er hún öðlaðist gildi fyrir þeim aðila.

2. Uppsögn skal fara fram með þeim hætti að skjal þar að lútandi sé afhent stofnuninni til vörslu. Aðalritarinn skal tilkynna öllum öðrum samningsaðilum um móttöku uppsagnarskjalsins og afhendingardag þess.

3. Uppsögn kemur til framkvæmda ári eftir að uppsagnarskjalið hefur borist stofnuninni, eða síðar, ef svo er greint í skjalinu.

■ **8. gr. Varsla og skráning.** 1. Samþykkt þessi og reglurnar skulu vera í vörslu stofnunarinnar og aðalritarinn skal senda staðfest afrit til allra ríkisstjórna, sem hafa undirritað samþykktina eða gerst aðilar að henni.

2. Þegar samþykktin hefur tekið gildi skal aðalritarinn senda texta hennar skrifstofu Sameinuðu þjóðanna til skráningar og birtingar samkvæmt 102. grein Sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

■ **9. gr. Tungumál.** Samþykktin ásamt reglunum er gerð í einu eintaki á ensku og frönsku og eru báðir textarnir jafngildir. Löggiltar þýðingar á rússnesku og spænsku skulu gerðar og varðveittar með hinum undirritaða frumtexta.

**Þessu til staðfestingar** hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samþykkt þessa.

**Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972 (ásamt breytingum 1981).**

**Kafli A. Almenn ákvæði.**

**1. regla. Notkun.** a. Reglur þessar gilda um öll skip á hafi úti og á öllum leiðum, sem eru tengdar því og færar eru skipum.

b. Í þessum reglum skal ekkert vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði sérreglum, sem hlutaðeigandi yfirvöld setja um skipalægi, hafnir, fljót, vötn eða vatnavegu innanlands, sem tengdir eru úthafi og færir eru skipum. Slíkar sérreglur skulu fylgja reglum þessum eins náið og auðið er.

c. Í þessum reglum skal ekkert vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði hverjum þeim sérstöku reglum, er einstakar ríkisstjórnir setja um frekari notkun legu- eða merkjaljósa, dag- eða hljóðmerkja á herskipum og skipum, sem sigla í skipalest. Reglurnar brjóta heldur ekki í bága við frekari notkun legu- eða merkjaljósa eða dagmerkja á fiskiskipum, sem veiða í flota. Legu- eða merkjaljós, dag- eða hljóðmerki, sem eru ákveðin með sérreglum, skulu svo framast sem unnt er vera þannig gerð, að þau verði ekki tekin fyrir nokkur þeirra ljósa eða merkja, sem fyrirskipuð eru annars staðar í þessum reglum.

d. Til að framfylgja þessum reglum kann Alþjóðasiglingamálastofnunin að setja ákvæði um aðskildar siglingaleiðir.

e. [Ef skip af sérstakri gerð eða skip, sem ætlað er sérstakt hlutverk, getur ekki, að áliti ríkisstjórnar, að öllu leyti fylgt ákvæðum einhverra þessara reglna um fjölda, staðsetningu og sjónarlengd ljósa eða dagmerkja, ljósboga þeirra eða lögun, sem og um fyrirkomulag og einkenni hljóðmerkjatækja, þá skal skipið fara eftir öðrum ákvæðum um fjölda, staðsetningu og sjónarlengd ljósa eða dagmerkja, ljósboga þeirra eða lögun, sem og um fyrirkomulag og einkenni hljóðmerkjatækja, þannig að þessum reglum að áliti hlutaðeigandi ríkisstjórnar sé fylgt eins náið og kostur er hvað varðar þetta skip.][1)]

[1)] *L. 25/1990, 2. gr.*

**2. regla. Ábyrgð.** a. Í þessum reglum getur ekkert leyst skip, eiganda þess, skipstjóra eða áhöfn undan ábyrgð, ef reglunum er ekki fylgt eða vanrækt er að gæta þeirrar varúðar, sem almenn sjómennska krefst eða sérstakar aðstæður kunna að útheimta.

b. Þegar fara skal eftir þessum reglum og túlka þær, ber að taka fullt tillit til hvers konar hættu við siglingar, árekstrarhættu og allra sérstakra kringumstæðna, þar á meðal takmarkaðrar hæfni hlutaðeigandi skipa til að víkja, sem veldur því að ekki verður komist hjá að sniðganga þessar reglur til að forðast yfirvofandi hættu.

1975 Nr. 7 26. febr.

**3. regla. Almennar skilgreiningar.** Við túlkun þessara reglna gilda eftirfarandi skilgreiningar á orðum og hugtökum, nema annað komi fram af samhengi textans:

a. „Skip" merkir sérhvert fljótandi far, þar á meðal farkosti án særýmis og sjóflugvélar, sem eru notaðar eða nota má til flutninga á sjó eða vötnum.

b. „Vélskip" merkir sérhvert skip, sem knúið er áfram með vélarafli.

c. „Seglskip" merkir sérhvert skip undir seglum, svo fremi aflvél – sé skipið búið henni – er ekki notuð.

d. „Skip að fiskveiðum" merkir sérhvert skip, sem veiðir með netum, línu, togvörpu eða öðrum veiðarfærum, sem draga úr stjórnhæfni skips, en á ekki við um skip, sem veiðir með toglínum eða öðrum þeim veiðarfærum, sem draga ekki úr stjórnhæfni.

e. „Sjóflugvél" merkir hvert það loftfar, sem er þannig búið, að því má stjórna á sjó.

f. „Stjórnvana skip" merkir skip, sem vegna óvenjulegra aðstæðna verður ekki stjórnað eða snúið eins og krafist er í þessum reglum og getur því ekki vikið fyrir öðru skipi.

g. „Skip með takmarkaða stjórnhæfni" merkir skip, er hefur takmarkaða hæfni til stjórntaka eins og kveðið er á um í þessum reglum, vegna þeirra sérstöku starfa, sem skipið er bundið, og getur það því ekki vikið úr leið fyrir öðru skipi.

Meðal skipa með takmarkaða stjórnhæfni má telja:

1. skip við lögn, viðgerð eða upptöku siglingamerkis, neðansjávarstrengs eða leiðslu;
2. skip við dýpkun, sjómælingar eða neðansjávarvinnu;
3. skip við móttöku eða losun vista og farms skipa á milli eða við flutning manna, vista eða farms meðan skipið er laust;
4. skip við flugtak eða lendingu flugvélar um borð;
5. skip, sem starfar að hreinsun tundurduflasvæða;
6. skip, sem dregur eitthvað við þær aðstæður, að mjög erfitt er fyrir það að víkja frá stefnu sinni.

h. [„Skip sem er bagað vegna djúpristu" merkir vélskip sem á mjög erfitt með að víkja frá stefnu sinni vegna mikillar djúpristu miðað við dýpi og breidd á þeirri leið sem skipið getur siglt eftir.][1)]

i. „Laust" er skip, sem liggur hvorki við akkeri né landfestar né stendur á grunni.

j. „Lengd" og „breidd" skips merkir mestu lengd og mestu breidd þess.

k. Skip eru því aðeins talin „í sjónmáli", að þau sjáist með berum augum hvert frá öðru.

l. „Takmarkað skyggni" merkir hverjar þær aðstæður, þegar dregur úr skyggni vegna þoku, dimmviðris, snjókomu, steypiskúra, sandstorma eða af öðrum svipuðum orsökum.

[1)] *L. 25/1990, 2. gr.*

**Kafli B. Reglur um stjórn og siglingu.**

**I. hluti. Sigling og stjórn skipa í hvers konar skyggni.**

**4. regla. Notkun.** Reglur í þessum hluta eiga við í hvaða skyggni sem er.

**5. regla. Vörður.** Á hverju skipi skal ávallt halda dyggilega vörð, jafnt með auga og eyra sem öllum tiltækum tækjum, er eiga við aðstæður og ástand hverju sinni, svo að unnt sé að leggja fullkomið mat á aðstæður og hver hætta sé á árekstri.

**6. regla. Örugg ferð.** Hverju skipi skal ávallt sigla með öruggri ferð svo að beita megi réttum og fullnægjandi stjórntökum til að komast hjá árekstri og unnt sé að stöðva skipið á hæfilegri vegalengd, sem aðstæður og ástand marka hverju sinni.



Þegar ákveða skal, hvað sé örugg ferð, skal m. a. taka tillit til eftirtalinna atriða:

a. Öll skip skulu taka tillit til:

1. skyggnis;
2. fjölda skipa á siglingaleið, þar með þéttra flota fiskiskipa eða annarra skipa;
3. stjórnhæfni skipa, sérstaklega með tilliti til stöðvunarvegalengdar og hæfni til að snúa við aðstæður hverju sinni;
4. villuljósa að nóttu til frá ljósum í landi eða vegna endurspeglunar ljósa á eigin skipi;
5. vindhraða, sjólags og strauma og nálægðar á hættum fyrir siglingar skipa;
6. djúpristu skipsins miðað við dýpi siglingaleiðar.

b. Skip með gangfæra ratsjá skulu auk þess taka tillit til:

1. fjarlægðarstillingar, myndgæða og takmarkana ratsjár;
2. allra annmarka, sem stafa af fjarlægðarstillingu, sem notuð er;
3. áhrifa sjólags, veðurs og annarra truflanavalda á ratsjármynd;
4. líkinda þess, að lítil skip, ís og reköld komi ekki fram á ratsjánni í nægilegri fjarlægð;
5. fjölda, legu og hreyfinga skipa, sem birtast á ratsjánni;
6. nákvæmara mats á skyggni, sem má fá, þegar ratsjá er notuð til að ákveða fjarlægð til skipa eða annarra hluta í nánd.

**7. regla. Hætta á árekstri.** a. Á sérhverju skipi skal beita öllum þeim tækjum og ráðum, sem tiltæk eru og eiga við aðstæður og ástand hverju sinni, til að ganga úr skugga um, hvort hætta sé á árekstri. Ef nokkur vafi er, skal líta svo á, að árekstrarhætta sé fyrir hendi.

b. Ef skip er búið ganghæfri ratsjá, skal nota hana af árvekni. Í því felst m. a. stilling ratsjár á lengri vegalengdir, svo að fá megi viðvörun um árekstrarhættu í tæka tíð, svo og útsetning ratsjármyndar eða jafngild kerfisbundin athugun á endurvörpum, sem birtast á ratsjánni.

c. Eigi skal draga ályktanir af ónógum upplýsingum, einkum þó ófullnægjandi upplýsingum frá ratsjá.

d. Þegar ákvarða skal, hvort hætta sé á árekstri, skal m. a. taka til athugunar og hliðsjónar:

1. ef kompásmiðun af skipi, sem nálgast, breytist ekki svo að greint verði, skal gera ráð fyrir, að slík hætta sé fyrir hendi;
2. jafnvel þó að miðun breytist greinilega getur stundum verið hætta á árekstri, einkum þegar komið er nær mjög stóru skipi eða einhverju, sem dregið er, eða nálgast er annað skip, sem er mjög skammt undan.

**8. regla. Hvernig komast skal hjá árekstri.** a. Sérhver stjórntök, sem beitt er til að komast hjá árekstri, skulu, þegar aðstæður leyfa, framkvæmd hiklaust og í tæka tíð, og um leið skal taka fullt tillit til þess, sem góð sjómennska krefst.

b. Stefnubreyting og/eða hraðabreyting til að komast hjá árekstri skal, ef aðstæður leyfa, vera svo mikil, að á

skipi, þar sem fylgst er með siglingu með berum augum eða í ratsjá, verði breytingarinnar vart þegar í stað. Forðast skal tíðar og litlar breytingar á stefnu og hraða.

c. Ef nægilegt svigrúm er, getur stefnubreyting ein saman verið árangursríkast stjórntak til að komast hjá því að nálgast annað skip um of, svo framarlega sem það er gert í tæka tíð, breytt er um stefnu svo um munar og stefnubreyting leiðir ekki til þess, að siglt verði of nærri enn öðru skipi.

d. Þegar afstýra skal árekstri við annað skip, skal það gert þannig, að skipin fari hvort framhjá öðru í öruggri fjarlægð. Fylgst skal vandlega með, að stjórntak til að víkja beri tilætlaðan árangur, uns komið er alveg framhjá skipinu og á frían sjó.

e. Draga skal úr ferð skips eða stöðva það, ef nauðsynlegt er til að forðast árekstur eða ef þörf er frekari tíma til mats á aðstæðum. Þetta skal gert með því að stöðva skrúfu eða annað það, sem knýr skipið áfram, eða með því að láta vél eða skrúfu ganga aftur á bak.

[f. 1. Sé einhvers staðar í reglum þessum mælt svo fyrir að skip hvorki hindri för né örugga leið annars skips, skal það, þegar aðstæður krefjast þessa, beita stjórntökum í tæka tíð, þannig að nægilegt svigrúm verði fyrir örugga leið hins skipsins.

2. Skip, sem ber hvorki að hindra för né örugga leið annars skips, er ekki leyst undan þeirri skyldu sinni þó að það nálgist skipið þannig að hætta geti orðið á árekstri og skal það við stjórntök sín taka fullt tillit til stjórntaka sem kynni að verða gripið til í samræmi við reglur þessa kafla.

3. Skipi, sem má halda óhindrað áfram, ber full skylda til að fylgja reglum þessa kafla þegar skipin tvö nálgast hvort annað þannig að hætta er á árekstri.][1)]

[1)] *L. 25/1990, 2. gr.*

**9. regla. Þröngar leiðir.** a. Skip, sem siglir þröngt sund eða ál, skal halda eins nærri ytri mörkum sundsins eða leiðarinnar, sem veit að stjórnborða, og unnt er án áhættu.

b. Skip, sem er styttra en 20 metrar, eða seglskip má ekki hindra siglingu skips, er aðeins getur siglt af fullu öryggi með því að þræða þröngt sund eða ál.

c. Skip, sem er að fiskveiðum, má ekki trufla siglingu skips, er fer eftir þröngu sundi eða ál.

d. Skip má ekki sigla þvert yfir þröngt sund eða ál, ef það truflar með því siglingu skips, sem öryggis vegna verður að þræða sundið eða álinn. Á síðarnefnda skipinu má nota hljóðmerki, sem kveðið er á um í d-lið 34. reglu, ef vafi leikur á um fyrirætlaða siglingu þess skips, sem ætlar þvert yfir.

e. 1. Sé því aðeins unnt að sigla fram úr skipi í þröngu sundi eða ál, að skipið hliðri til og beiti sérstökum stjórntökum, svo að sigla megi framhjá því með fullu öryggi, þá skal á skipinu, sem ætlar að sigla uppi og framhjá, láta þá fyrirætlun í ljós með viðeigandi hljóðmerki, eins og mælt er fyrir um í 1. grein c-liðar 34. reglu. Sé fallist á framúrsiglingu, skal á skipinu, sem sigla á fram úr, gefa rétt hljóðmerki, eins og ákveðið er í 2. grein c-liðar 34. reglu, og gera viðhlítandi ráðstafanir til að sigla megi framhjá skipinu með fullu öryggi. Ef nokkur vafi er á því, getur sama skip gefið frá sér hljóðmerki, eins og kveðið er á um í d-lið 34. reglu.

2. Regla þessi leysir ekki þann, sem siglir fram úr, undan ákvæðum 13. reglu.

f. Skip, sem nálgast bugðu eða svæði í þröngu sundi eða ál, þar sem önnur skip geta verið í hvarfi, skal sigla með sérstakri árvekni og varúð og gefa viðeigandi hljóðmerki, eins og mælt er fyrir í e-lið 34. reglu.

g. Sérhvert skip skal, svo fremi aðstæður hverju sinni leyfa, forðast að varpa akkeri í þröngu sundi.

**10. regla. Aðskildar siglingaleiðir.** a. [Regla þessi gildir um aðskildar siglingaleiðir sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur sett ákvæði um og leysir ekkert skip undan skyldum þess samkvæmt sérhverri annarri reglu.][1)]

b. Skip, sem siglir innan aðskilinna siglingaleiða skal:

1. sigla innan afmarkaðrar siglingaleiðar, sem við á, og í þá höfuðátt, sem umferð skipa er stefnt innan leiðarmarka;

2. halda sig eftir því sem framast er unnt frá sjálfum leiðarmörkunum og svæðum, sem afmarka umferðarleiðir;

3. sigla að jafnaði inn á afmarkaða siglingaleið eða út úr henni við enda leiðarinnar. Þegar siglt er frá annarri hvorri hlið inn á afmarkaða siglingaleið eða út úr henni, skal það gert undir eins litlu horni, miðað við höfuðstefnu leiðarinnar, og framkvæmanlegt er.

c. [Eftir því sem framast er unnt skal forðast að sigla skipi yfir afmarkaða siglingaleið, en ef nauðsyn ber til þá skal fara yfir leiðina á stýrðri stefnu er myndar sem næst rétt horn við höfuðstefnu hinnar afmörkuðu siglingaleiðar.][1)]

d. Strandleiðir (inshore traffic zones) skulu að jafnaði ekki notaðar af skipum, sem sigla framhjá og hættulaust geta fylgt réttri afmarkaðri siglingaleið þeirrar aðskildu siglingaleiðar, sem næst liggur. Þó mega skip, sem styttri eru en 20 metrar, og seglskip alltaf nota strandleiðir.

e. Að jafnaði má ekki sigla skipi yfir svæði, sem skilur að umferðarleiðir, né heldur má sigla yfir markalínu, nema því aðeins, að skipið ætli að sigla þvert yfir leiðina, út úr henni eða inn á hana.

Undantekning er þó gerð:

1. þegar um bráða hættu er að ræða, sem komast verður hjá;

2. við fiskveiðar á svæði, sem skilur að umferðarleiðir.

f. Á siglingu við endamörk aðskilinna siglingaleiða skal gæta sérstakrar varúðar.

g. Eftir því sem framast er unnt skal komist hjá að varpa akkeri á aðskilinni siglingaleið eða í nánd við endamörk leiðarinnar.

h. Skip, sem siglir ekki eftir aðskilinni siglingaleið, skal halda sig eins fjarri leiðinni og unnt er.

i. Skip að fiskveiðum má ekki trufla ferðir skipa, sem sigla eftir afmarkaðri siglingaleið.

j. Skip, sem er styttra en 20 metrar, eða seglskip má ekki hindra örugga siglingu vélskips á afmarkaðri siglingaleið.

k. Skip með takmarkaða stjórnhæfni vegna aðgerða, sem varða siglingaöryggi, á aðskildum siglingaleiðum, er undanþegið ákvæðum reglu þessarar að því marki, sem nauðsynlegt er, svo það megi ljúka aðgerðum sínum.

l. Skip með takmarkaða stjórnhæfni vegna starfa við lagningu, viðhald eða upptöku neðansjávarstrengja innan aðskilinna siglingaleiða er undanþegið ákvæðum reglu þessarar að því marki, sem nauðsynlegt er, svo það megi sinna störfum sínum.

[1)] *L. 25/1990, 2. gr.*

1975 Nr. 7 26. febr.

**II. hluti. Sigling skipa, sem eru í sjónmáli hvert frá öðru.**

**11. regla. Notkun.** Reglur í þessum hluta eiga við skip, sem eru í sjónmáli hvert frá öðru.

**12. regla. Seglskip.** a. Þegar tvö seglskip nálgast hvort annað, þannig að hætta er á árekstri, skulu þau víkja hvort fyrir öðru eftir þeim reglum, sem nú skal greina:

1. þegar þau hafa vind á gagnstæð borð, skal skipið, sem hefur vindinn á bakborða, víkja fyrir hinu;

2. þegar bæði hafa vind á sama borð, skal skipið, sem áveðurs siglir, víkja fyrir hinu, sem til hlés siglir;

3. ef skip sést til kulborða frá seglskipi, sem hefur vind á bakborða, og ekki er hægt að ákvarða með fullri vissu, hvort skipið til kuls hefur vindinn á bakborða eða stjórnborða, þá skal víkja fyrir því.

b. Með orðinu „áveðurs" í þessari reglu er átt við borðið, sem er gagnstætt því, sem stórseglið er haft í, eða – sé um rásiglt skip að ræða – gagnstætt því borði sem stærsta stagseglið eða gaffalseglið er haft í.

**13. regla. Siglt fram úr skipi.** a. Sérhvert skip, sem siglir fram úr öðru skipi, skal víkja fyrir því, án tillits til þess, sem annars segir í kafla B, I. og II. hluta, í reglum þessum.

b. Skip telst sigla fram úr öðru skipi, ef það nálgast það úr átt, sem er meira en 22,5 gráður aftan við þverskipsstefnu þess, þ. e. a. s. í þeirri afstöðu, miðað við skipið, sem siglt er fram úr, að um nóttu mundi aðeins sjást skutljós þess, en hvorugt hliðarljósa.

c. Þegar ekki er unnt að ákvarða með vissu, hvort eigið skip teljist sigla fram úr öðru skipi, þá skal álíta, að svo sé, og haga siglingu samkvæmt því.

d. Ekki skal nein breyting, er síðar verður á innbyrðis afstöðu þessara tveggja skipa, valda því, að skipið, sem siglir fram úr, falli undir ákvæði í reglum þessum um skip, er leiðir þeirra liggja á mis, né leysa það undan þeirri skyldu að halda sig frá skipi því, sem siglt er fram úr, uns komið er alveg framhjá því á frían sjó.

**14. regla. Skip, sem sigla gagnstæðar stefnur.**

a. Þegar tvö vélskip mætast á gagnstæðri eða næstum gagnstæðri stefnu, svo að hætt er við árekstri, skulu bæði víkja til stjórnborða, svo að þau komist hvort framhjá öðru á bakborða.

b. Telja verður, að þetta eigi við, þegar skip sést beint framundan eða næstum beint framundan. Að nóttu mundi þá sigluljós skipsins bera saman eða því sem næst og/eða bæði hliðarljósin sjást, en að degi til væri afstaða skipsins tilsvarandi.

c. Þegar ekki er unnt að ákvarða með vissu, hvort skip séu í þeirri afstöðu, sem að framan greinir, skal álíta, að svo sé, og haga siglingu í samræmi við það.

**15. regla. Þegar leiðir skerast.** Þegar tvö vélskip stefna þannig, að leiðir þeirra liggja á mis, og hætt er við árekstri, skal það skipið víkja, sem hefur hitt á stjórnborða, og skal, ef aðstæður leyfa, forðast að fara fyrir framan hitt skipið.

**16. regla. Stjórntök skips, sem víkur.** Skip, sem á að víkja fyrir öðru skipi, skal eftir því sem framast er unnt og í tæka tíð beita stjórntökum, sem um munar og duga til að víkja og veita nóg rúm.

**17. regla. Stjórntök skips, sem halda skal stefnu og ferð óbreyttri.** a. 1. Þegar annað tveggja skipa á að víkja, skal hitt halda stefnu sinni og ferð óbreyttri.

2. Á skipi, sem halda skal stefnu og ferð óbreyttri, má samt sem áður grípa til eigin stjórntaka til að afstýra árekstri, jafnskjótt og ljóst er, að um borð í skipi því, sem átti að víkja, eru ekki gerðar viðhlítandi ráðstafanir til þess samkvæmt reglum þessum.

b. Þegar skip það, sem halda skal stefnu og ferð óbreyttri, er af einhverjum ástæðum komið svo nærri, að ekki verður komist hjá árekstri með því einu, sem skipið er átti að víkja gerir til þess, skal hið fyrrnefnda grípa til hverra þeirra úrræða, sem best geta afstýrt árekstri.

c. Ef vélskip fylgir 2. grein a-liðar þessarar reglu til að afstýra árekstri við annað vélskip, er leiðir þeirra liggja á mis, skal það, ef aðstæður leyfa, ekki breyta stefnu til bakborða, þegar vikið er fyrir skipi, sem það hefur á bakborðshlið.

d. Regla þessi leysir ekki skipið, sem á að víkja úr leið, undan þeirri skyldu sinni.

**18. regla. Gagnkvæmar skyldur skipa.** Komi ekki annað fram í 9., 10. og 13. reglu gilda eftirfarandi ákvæði:

a. Vélskip, sem er laust, skal víkja fyrir:

1. stjórnvana skipi;
2. skipi með takmarkaða stjórnhæfni;
3. skipi að fiskveiðum;
4. seglskipi.

b. Seglskip, sem er laust, skal víkja fyrir:

1. stjórnvana skipi;
2. skipi með takmarkaða stjórnhæfni;
3. skipi að fiskveiðum.

c. Skip að fiskveiðum, sem er laust, skal eftir því sem framast er unnt víkja fyrir:

1. stjórnvana skipi;
2. skipi með takmarkaða stjórnhæfni.

d. 1. Sérhvert skip, annað en stjórnvana skip eða skip með takmarkaða stjórnhæfni, skal, eftir því sem aðstæður leyfa, forðast að tálma örugga leið skips, sem er bagað vegna djúpristu og sýnir ljós- eða dagmerki, sem um getur í 28. reglu.

2. Skip, sem er bagað vegna djúpristu, skal sigla með sérstakri varúð, og taka skal fullt tillit til hinna sérstöku aðstæðna skipsins.

e. Sjóflugvél á sjó skal að jafnaði halda sig fjarri öllum skipum og forðast að hindra siglingu þeirra. Við þær aðstæður, að hætta er á árekstri, skal sjóflugvél þó fara að reglum þessa kafla.

**III. hluti. Stjórn og sigling skipa í takmörkuðu skyggni.**

**19. regla. Stjórn og sigling skipa í takmörkuðu skyggni.** a. Regla þessi á við um skip, sem eru ekki í sjónmáli hvert frá öðru, þegar siglt er á eða nærri svæði, þar sem skyggni er takmarkað.

b. Sérhvert skip skal sigla með öruggri ferð, sem miðast við aðstæður og ástand hverju sinni vegna takmarkaðs skyggnis. Vélskip skal hafa vélar sínar viðbúnar tafarlausri gangskiptingu.

c. Þegar fara skal eftir reglum I. hluta þessa kafla, skal á hverju skipi taka fullt tillit til aðstæðna og ástands hverju sinni vegna takmarkaðs skyggnis.

d. Þegar aðeins verður vart nærveru annars skips í ratsjá, skal ganga úr skugga um, hvort skipin muni

1975 Nr. 7 26. febr.

nálgast hvort annað um of og/eða hvort hætta sé á árekstri. Ef svo er, skal í tæka tíð gera ráðstafanir til að auka fjarlægð milli skipanna og afstýra árekstri. Ef breytt er um stefnu við þau stjórntök, skal eftir því sem framast er unnt komast hjá:

1. að breyta stefnu til bakborða fyrir skipi, sem er framan við þverskipsstefnu, nema breytt sé stefnu fyrir skipi, sem siglt er fram úr;

2. að breyta stefnu í átt að skipi, sem er þvert eða aftan við þverskipsstefnu.

e. Þegar þokumerki heyrast frá skipi, sem virðist vera framan við þvert, eða óumflýjanlegt er að nálgast um of annað skip, sem er framan við þvert, skal sett á minnstu ferð, sem halda má óbreyttri stefnu með. Þetta á við, nema því aðeins að ekki sé talin hætta á árekstri. Ef nauðsyn krefur, skal stöðva skipið alveg og í öllum tilvikum skal sigla með ítrustu varkárni, þar til hætta á árekstri er liðin hjá.

**Kafli C. Ljós og dagmerki.**

**20. regla. Notkun.** a. Fylgja skal reglum þessa kafla, hvernig sem viðrar.

b. Reglunum um siglingaljós skal fylgja frá sólsetri til sólaruppkomu, og má á þessum tíma engin önnur ljós hafa, sem unnt er að rugla saman við hin lögboðnu siglingaljós og gera erfiðara að greina þau eða draga úr sérstökum einkennum þeirra eða torvelda góða útsýn frá skipinu.

c. Á skipum, sem eru búin þeim ljósum, sem fyrirskipuð eru í þessum reglum, skal einnig hafa ljósin frá sólaruppkomu til sólseturs í takmörkuðu skyggni, og þau má alltaf sýna, þegar það er álitið nauðsynlegt.

d. Reglum um dagmerki skal fylgja að deginum.

e. Siglingaljós og dagmerki þau, sem mælt er fyrir að nota og lýst er í reglunum, skulu vera í samræmi við þau fyrirmæli, sem eru gefin í I. viðauka við þessar reglur.

**21. regla. Skilgreiningar.** a. „Sigluljós" er hvítt ljós, sem er yfir mið-langskurðarfleti skips og varpar samfelldri birtu á 225 gráðu boga af sjóndeildarhringnum. Sigluljósi skal þannig komið fyrir, að það lýsi beint fram og til hliðar 22,5 gráður aftur fyrir þverskipsstefnu á hvorri hlið skipsins.

b. „Hliðarljós" er grænt ljós á stjórnborðshlið og rautt ljós á bakborðshlið og varpi ljósin hvort um sig samfelldri birtu á 112,5 gráðu boga af sjóndeildarhringnum. Þeim sé þannig komið fyrir, að ljósið lýsi beint fram og til hliðar 22,5 gráður aftur fyrir þverskipsstefnu á hvorri hlið, eftir því sem við á. Á skipi, sem er styttra en 20 metrar, má hafa hliðarljósin í einu samsettu ljóskeri, sem er í mið-langskurðarfleti skipsins.

c. „Skutljós" er hvítt ljós, sem er komið fyrir eins nærri skut skipsins og unnt er og varpar samfelldri birtu yfir 135 gráðu boga af sjóndeildarhringnum, þannig að ljósið lýsi beint aftur og 67,5 gráður á hvora hlið skipsins.

d. „Dráttarljós" er gult ljós, sem lýsir eins og skutljósið, sem skilgreint er í c-lið þessarar reglu og er komið fyrir á sama hátt.

e. „Hringljós" er ljós, sem varpar samfelldri birtu á 360 gráðu boga sjóndeildarhringsins.

f. „Blossaljós" er ljós, sem blossar með reglulegu millibili og með tíðni, sem er 120 blossar eða fleiri á hverri mínútu.

**22. regla. Langdrægni siglingaljósa.** Ljós, sem kveðið er á um að hafa uppi í reglum þessum, skulu hafa þann ljósstyrk, sem tilgreindur er í 8. hluta I. viðauka við reglurnar. Ljósin skulu að minnsta kosti vera sýnileg þá vegalengd er hér greinir:

a. Á skipum, sem eru 50 metrar á lengd eða lengri:
- sigluljós sjáist 6 sjómílur;
- hliðarljós sjáist 3 sjómílur;
- skutljós sjáist 3 sjómílur;
- dráttarljós sjáist 3 sjómílur;
- hvítt, rautt, grænt eða gult hringljós sjáist 3 sjómílur.

b. Á skipum, sem eru 12 metrar á lengd eða lengri, en styttri en 50 metrar:
- sigluljós sjáist 5 sjómílur, nema á skipum, sem eru styttri en 20 metrar, lýsi ljósið 3 sjómílur;
- hliðarljós sjáist 2 sjómílur;
- skutljós sjáist 2 sjómílur;
- dráttarljós sjáist 2 sjómílur;
- hvítt, rautt, grænt eða gult hringljós sjáist 2 sjómílur.

c. Á skipum, sem eru styttri en 12 metrar:
- sigluljós sjáist 2 sjómílur;
- hliðarljós sjáist 1 sjómílu;
- skutljós sjáist 2 sjómílur;
- dráttarljós sjáist 2 sjómílur;
- hvítt, rautt, grænt eða gult hringljós sjáist 2 sjómílur.

d. Á lítt áberandi skipum að nokkru í kafi eða hlutum í drætti:
- hvítt hringljós sjáist 3 sjómílur.

**23. regla. Vélskip, sem er laust.** a. Vélskip, sem er laust, skal hafa uppi:

1. sigluljós frammá;

2. annað sigluljós aftar og ofar en sigluljósið frammá. Skip, styttri en 50 metrar, eru ekki skyld að hafa þetta ljós, en mega hafa það;

3. hliðarljós;

4. skutljós.

b. Svifskip, sem fer á loftpúða yfir sjóinn og án nokkurs særýmis, skal auk þeirra siglingaljósa, sem kveðið er á um að hafa í a-lið þessarar reglu, hafa uppi gult hring-blossaljós.

c. 1. Vélskip, styttra en 12 metrar, má í stað ljósa þeirra, sem kveðið er á um í a-lið þessarar reglu, hafa uppi hvítt hringljós auk hliðarljósanna.

2. Vélskip, sem er styttra en 7 metrar og fer með 7 sjómílna hámarkshraða á klukkustund, má hafa uppi hvítt hringljós í stað þeirra ljósa, sem kveðið er á um í a-lið þessarar reglu, og skal einnig hafa uppi hliðarljós, ef framkvæmanlegt er.

3. Sigluljósinu eða hringljósinu á vélskipi, sem er styttra en 12 metrar, má koma fyrir utan mið-langskurðarflatar skipsins, sé annað óframkvæmanlegt, þó að því tilskildu að skipið sé búið samsettu hliðarljóskeri, sem haft skal í mið-langskurðarfletinum eða eins nærri og mögulegt er í sama langskurðarfleti og sigluljósið eða hringljósið.

**24. regla. Skip, sem draga eða ýta.** a. Vélskip, sem dregur eitthvað, skal hafa uppi:

1. tvö sigluljós og sé annað lóðrétt upp af hinu, og koma þau í stað ljósanna, sem kveðið er á um í 1. eða 2. grein a-liðar í 23. reglu; þrjú sigluljós, lóðrétt hvert upp af öðru, þegar lengd þess, sem dregið er, mæld frá skut skipsins, sem dregur, til afturenda þess, sem dregið er, verður yfir 200 metra;

2. hliðarljós;
3. skutljós;
4. dráttarljós, lóðrétt ofan við skutljósið;
5. tígullaga dagmerki, þar sem best verður séð, þegar lengd þess, sem dregið er, er yfir 200 metra.

b. Þegar skip, sem ýtir, og annað, sem ýtt er áfram, eru fast tengd í eina samsetta heild, þá skal líta á þau sem eitt vélskip, og hafa skal uppi ljós, sem mælt er fyrir um í 23. reglu.

c. Þegar vélskip ýtir einhverju áfram eða dregur sér við hlið í öðrum tilvikum en þeim, að um samsetta heild sé að ræða, þá skal skipið hafa uppi þessi ljós:

1. tvö sigluljós og sé annað lóðrétt upp af hinu, og koma þau í stað ljósanna, sem kveðið er á um í 1. eða 2. grein a-liðar í 23. reglu;
2. hliðarljós;
3. skutljós.

d. Þegar a- eða c-liður þessarar reglu á við vélskip, þá skal það ennfremur hlíta 2. grein a-liðar í 23. reglu.

e. Á skipi eða öðru því, sem dregið er og ekki fellur undir g-lið þessarar reglu, skal hafa uppi:

1. hliðarljós;
2. skutljós;
3. tígullaga dagmerki, þar sem best verður séð, þegar lengd þess, sem dregið er, verður yfir 200 metra.

f. Ef fleiri skip eru dregin eða þeim ýtt í hóp, skulu þau sýna ljós eins og um eitt skip væri að ræða:

1. skip, sem ýtt er áfram og ekki er hluti samsettrar heildar, skal hafa hliðarljós fram á skipinu;
2. skip, sem dregið er við hlið dráttarskips, skal hafa uppi skutljós og frammá skipinu hliðarljós.

g. Lítt áberandi skip að hluta í kafi eða hlutur í drætti, eða samfelld heild slíkra skipa eða hluta, skal hafa uppi:

1. ef breiddin er undir 25 metrum, hvítt hringljós á eða við framendann og annað á eða við afturendann; undanteknar eru farmslöngur (dracones), sem ekki þurfa að hafa ljós á eða við framendann;
2. ef breiddin er 25 metrar eða meiri, tvö hvít hringljós að auki, sem komið skal fyrir á eða við þá staði, sem breiddin er mest;
3. ef lengdin fer yfir 100 metra, hvít hringljós til viðbótar, sem staðsett skulu milli ljósanna, sem fyrirskipuð eru í 1. og 2. grein þessa liðar, á þann veg, að fjarlægðin milli ljósanna fari ekki fram úr 100 metrum;
4. tígullaga dagmerki á eða við afturenda aftasta skipsins eða hlutarins, sem dreginn er, og, fari lengd þess, sem dregið er, fram úr 200 metrum, skal haft uppi annað tígullaga dagmerki, þar sem best verður séð og svo nærri framenda, sem unnt er.

h. Sé af gildri ástæðu óframkvæmanlegt á skipi eða öðru því, sem dregið er, að hafa uppi ljós þau eða merki, sem kveðið er á um í e- eða g-lið þessarar reglu, þá skal gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að lýsa upp skipið eða það, sem dregið er. Annars skal að minnsta kosti gera viðvart um að verið sé með slíkt skip eða annað í drætti.

i. Sé af gildri ástæðu óframkvæmanlegt á skipi, sem að jafnaði er ekki notað sem dráttarskip, að hafa uppi ljós þau, sem kveðið er á um í a- eða c-lið þessarar reglu, skal því ekki skylt að sýna þau ljós, þegar það dregur annað skip, sem er í nauðum statt, eða á annan hátt þarf aðstoðar við. Allar tiltækar ráðstafanir skulu gerðar til að láta í ljós tengslin milli skips þess, er dregur, og þess, sem dregið er, eins og 36. regla heimilar, svo sem að varpa ljósi á dráttartaugina.

1975 Nr. 7 26. febr.

**25. regla. Seglskip, sem er laust, og skip undir árum.** a. Seglskip, sem er laust, skal hafa uppi:

1. hliðarljós;
2. skutljós.

b. Á seglskipi, sem er styttra en 20 metrar, má hafa ljós þau, sem kveðið er á um í a-lið þessarar reglu, í einu samsettu ljóskeri, á eða nærri siglutoppi, þar sem það sést best.

c. Á seglskipi, sem er laust, má auk þeirra ljósa, sem kveðið er á um í a-lið, hafa uppi, á eða nærri siglutoppi, þar sem þau sjást best, tvö hringljós, annað lóðrétt upp af hinu. Efra ljósið skal vera rautt og neðra ljósið grænt. Hringljósin má þó ekki hafa uppi með samsetta ljóskerinu, sem heimilað er í b-lið.

d. 1. Á seglskipi, sem er styttra en 7 metrar, skal hafa uppi ljósin, sem kveðið er á um í a- eða b-lið, ef slíkt er framkvæmanlegt. Ef seglskipið hefur ekki uppi þessi ljós, skal raflugt eða tendrað ljósker, sem sýnir hvítt ljós, vera tiltækt, og skal því brugðið upp í tæka tíð til að hindra árekstur.

2. Á skipi undir árum má hafa uppi þau ljós, sem seglskip á að hafa samkvæmt þessari reglu, en ef þau ljós eru ekki sýnd, skal raflugt eða tendrað ljósker, sem sýnir hvítt ljós, vera tiltækt, og skal því brugðið upp í tæka tíð til að hindra árekstur.

e. Á skipi undir seglum, sem jafnframt er knúið vélarafli, skal frammá skipinu, þar sem best verður séð, hafa uppi keilu og vísi oddur keilunnar niður.

**26. regla. Fiskiskip.** a. Skip að fiskveiðum, hvort sem það er laust eða liggur við akkeri, skal aðeins hafa uppi þau ljós og merki, sem kveðið er á um í þessari reglu.

b. Skip að togveiðum, þ. e. skip, sem dregur vörpu eða annað veiðarfæri í sjó, skal hafa uppi:

1. tvö hringljós, annað lóðrétt upp af hinu; efra ljósið skal vera grænt og neðra ljósið hvítt; eða dagmerki, sem er tvær keilur, önnur lóðrétt upp af hinni, og snúi topparnir saman; á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi körfu;
2. sigluljós, aftar og ofar en græna hringljósið; á skipi, styttra en 50 metrar, er ekki skylt að hafa uppi þetta ljós, en það má hafa;
3. hliðarljós og skutljós, þegar það er á ferð, auk þeirra ljósa, sem á að hafa uppi eftir þessum lið.

c. Skip að fiskveiðum, annað en skip að togveiðum, skal hafa uppi:

1. tvö hringljós, annað lóðrétt upp af hinu; efra ljósið skal vera rautt og neðra ljósið hvítt; eða dagmerki, sem er tvær keilur, önnur lóðrétt upp af hinni, og snúi topparnir saman; á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi körfu;
2. hvítt hringljós eða keilu, þegar veiðarfæri í sjó nær lengra en 150 metra í lárétta stefnu frá skipinu, og snúi toppur keilunnar upp og í þá átt, sem veiðarfærið liggur;
3. hliðarljós og skutljós, þegar það er á ferð, auk þeirra ljósa, sem á að hafa uppi eftir þessum lið.

d. Á skipi að fiskveiðum, rétt í námunda við önnur skip [að fiskveiðum],[1] má auk þess hafa uppi þau viðbótarmerki, sem lýst er í II. viðauka við þessar reglur.

e. Þegar skip er ekki að fiskveiðum, má ekki hafa uppi þau ljós eða dagmerki, sem kveðið er á um að sýna í þessari reglu, heldur aðeins þau ljós og dagmerki, sem jafnlöng skip eiga að sýna.

[1] *L. 25/1990, 2. gr.*

**27. regla. Stjórnvana skip og skip með takmarkaða stjórnhæfni.** a. Stjórnvana skip skal hafa uppi:

1. tvö rauð hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, og þar sem þau sjást best;
2. tvær kúlur eða áþekk dagmerki, annað lóðrétt upp af hinu, og þar sem þau sjást best;
3. hliðarljós og skutljós, þegar skipið er á ferð, auk þeirra ljósa, sem á að hafa uppi eftir þessum lið.

b. Skip með takmarkaða stjórnhæfni, nema skip, sem starfar að hreinsun tundurduflasvæða, skal hafa uppi:

1. þrjú hringljós, lóðrétt hvert upp af öðru, og þar sem þau sjást best. Efsta og neðsta ljósið skal vera rautt, en miðljósið hvítt;
2. sem dagmerki þrjú tákn, lóðrétt hvert upp af öðru, og þar sem best verður séð. Efsta og neðsta merkið á að vera kúla, en miðmerkið tígullaga;
3. sigluljós, hliðarljós og skutljós, þegar það er á ferð, auk þeirra ljósa, sem á að hafa uppi eftir 1. grein þessa liðar;
4. ljós eða dagmerki þau, sem mælt er fyrir um í 30. reglu, þegar legið er við akkeri, auk ljósa og dagmerkja, sem kveðið er á um að sýna í 1. og 2. grein þessa liðar.

c. Vélskip, sem dregur, þannig að geta þess eða þess, sem dregið er, til að víkja frá stefnu er verulega takmörkuð, skal hafa uppi, auk ljósanna og dagmerkjanna, sem kveðið er á um í a-lið 24. reglu, ljósin eða dagmerkin, sem fyrirskipuð eru í 1. og 2. grein b-liðar þessarar reglu.

d. Dýpkunarskip eða skip við neðansjávarvinnu, sem hefur takmarkaða stjórnhæfni, skal hafa uppi þau ljós eða dagmerki, sem kveðið er á um í 1., 2. og 3. grein b-liðar þessarar reglu; er skipið mætir hindrun, skal það ennfremur hafa uppi:

1. tvö rauð hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, eða tvær kúlur, önnur lóðrétt upp af hinni, sem sýna á hvora hlið hindrunin er;
2. tvö græn hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, eða tvö tígullaga merki, annað lóðrétt upp af hinu, sem sýna á hvora hlið önnur skip geta siglt framhjá;
3. þegar legið er við akkeri, ljós þau eða dagmerki, sem kveðið er á um í þessum lið, í stað ljósanna eða dagmerkjanna, sem fyrirskipuð eru í 30. reglu.

e. Þegar stærð skips að köfunarstörfum veldur því, að óframkvæmanlegt er að hafa uppi öll þau ljós og dagmerki, sem kveðið er á um í d-lið þessarar reglu, þá skal það sýna:

1. þrjú hringljós, lóðrétt hvert upp af öðru, þar sem þau sjást best. Efsta og neðsta ljósið skal vera rautt, en miðljósið hvítt;
2. stíft spjald með nákvæmri mynd af alþjóðafánanum „A". Spjaldið skal ekki vera lægra en einn metri á hæð og þess skal gætt, að það sjáist úr öllum áttum.

f. Skip, sem starfar að hreinsun tundurduflasvæða, skal auk ljósanna, sem kveðið er á um í 23. reglu að vélskip skuli sýna, eða ljósanna eða dagmerkis, sem fyrirskipuð eru skipum, sem liggja við akkeri, í 30. reglu, eftir því sem við á, hafa uppi þrjú græn hringljós eða þrjár kúlur. Eitt þessara ljósa eða dagmerkja skal vera á eða nálægt húni framsiglu og eitt á hvorum enda framrár. Ljósin eða kúlurnar merkja, að hættulegt sé fyrir önnur skip að fara nær hinu skipinu en 1000 metra.

g. Á skipum, sem eru styttri en 12 metrar, öðrum en þeim, sem eru að köfunarstörfum, er ekki skylt að hafa uppi þau ljós eða dagmerki, sem fyrirskipuð eru í þessari reglu.

h. Ljós og dagmerki, sem á að hafa uppi eftir þessari reglu, eru ekki merki skipa, er þarfnast aðstoðar og eru í sjávarháska. Neyðarmerkjum er lýst í IV. viðauka við þessar reglur.

**28. regla. Skip böguð vegna djúpristu.** Skip, sem er bagað vegna djúpristu, má auk ljósa þeirra, sem mælt er fyrir um í 23. reglu, að vélskip skuli sýna, hafa uppi, þar sem best verður séð, þrjú rauð hringljós, lóðrétt hvert upp af öðru, eða sívalning.

**29. regla. Hafnsöguskip.** a. Skip, sem gegnir hafnsöguerindum, skal hafa uppi:

1. tvö hringljós á eða nærri siglutoppi, annað lóðrétt upp af hinu; efra ljósið skal vera hvítt, neðra ljósið rautt;
2. auk þess hliðarljós og skutljós, þegar það er laust;
3. þegar legið er við akkeri, auk ljósanna, sem lýst er í 1. grein, þau ljós eða dagmerki, sem fyrirskipuð eru í 30. reglu um skip, sem liggja við akkeri.

b. Á hafnsöguskipi, sem gegnir ekki leiðsöguerindum, skal hafa uppi sömu ljós eða dagmerki og sams konar skip jafnlöng eiga að hafa uppi.

**30. regla. Skip, sem liggja við akkeri eða standa á grunni.** a. Skip, sem liggur við akkeri, skal hafa uppi, þar sem best verður séð:

1. hvítt hringljós eða kúlu framan til á skipinu;
2. annað hvítt hringljós á eða nærri skut og lægra en ljósið, sem kveðið er á um í 1. grein.

b. Skip, sem er styttra en 50 metrar, má í stað ljósanna, sem mælt er fyrir um í a-lið, hafa uppi hvítt hringljós, þar sem best verður séð.

c. Þegar skip, sem er 100 metrar á lengd eða lengra, liggur við akkeri, þá skal jafnframt lýsa upp þilför þess með vinnuljósum þeim, sem um borð eru, eða öðrum jafngildum ljósgjöfum. Önnur skip, sem liggja við akkeri, má lýsa upp á sama hátt.

d. Skip, sem stendur á grunni, skal hafa uppi þau ljós, sem mælt er fyrir um að sýna í a- og b-lið þessarar reglu, og auk þess, þar sem best verður séð:

1. tvö rauð hringljós, annað lóðrétt upp af hinu;
2. þrjár kúlur, hver lóðrétt upp af annarri.

e. Á skipi, styttra en 7 metrar, er ekki skylt að hafa uppi þau ljós eða dagmerki, sem kveðið er á um í a- og b-lið þessarar reglu, þegar legið er við akkeri annars staðar en í eða nálægt þröngu sundi eða ál eða á akkerislegu eða þar sem er almenn umferð skipa.

f. Á skipi, styttra en 12 metrar, þegar það stendur á grunni, er ekki skylt að hafa uppi ljós þau eða dagmerki, sem fyrirskipuð eru í 1. og 2. grein d-liðar þessarar reglu.

**31. regla. Sjóflugvélar.** Þegar óframkvæmanlegt reynist að hafa uppi ljós og dagmerki á sjóflugvél, með þeim einkennum, lögun og staðsetningu, sem krafist er í reglum þessa kafla, þá skal flugvélin hafa uppi ljós og dagmerki, sem fara eins nærri hinum réttu einkennum og staðsetningu og framast er unnt.

## Kafli D. Hljóð- og ljósmerki.

**32. regla. Skilgreiningar.** a. „Flauta" er sérhvert hljóðgefandi tæki, sem getur gefið frá sér þau hljóð, sem á að gefa, og fullnægir þeim sérstöku kröfum, sem eru settar fram í III. viðauka við þessar reglur.

b. „Stutt hljóð" merkir hljóð, sem varir í um það bil eina sekúndu.

c. „Langt hljóð" merkir hljóð, sem varir í fjórar til sex sekúndur.

**33. regla. Tæki til hljóðmerkjagjafa.** a. Skip, sem er 12 metrar á lengd eða lengra, skal búið flautu og skipsklukku. Skip, sem er 100 metrar á lengd eða lengra, skal auk þess vera búið málmtrumbu og verði hljómur hennar og hljóð ekki tekið fyrir klukknahringingu. Skipsflautan, klukkan og málmtrumban eiga að fullnægja þeim sérstöku kröfum, sem eru settar fram í III. viðauka við þessar reglur. Í stað klukkunnar eða málmtrumbunnar má nota annað tæki, sem gefur sömu hljóðeinkenni og þau hvort um sig. Þess skal þó gætt, að ávallt sé unnt að gefa hin fyrirskipuðu hljóðmerki með handafli.

b. Ekki er skylt að búa skip, sem er styttra en 12 metrar, hljóðgjöfum þeim, sem kveðið er á um í a-lið. En ef skipið er ekki búið þessum tækjum, skal það hafa einhvern annan útbúnað, sem gefur frá sér fullnægjandi hljóð.

**34. regla. Stjórntök og viðvörunarmerki.** a. Þegar skip eru í sjónmáli hvert frá öðru, skal á vélskipi, sem er laust, og ef beitt er stjórntökum, sem heimiluð eru eða krafist er í reglum þessum, láta það í ljós með eftirfarandi hljóðmerkjum frá flautunni:

– eitt stutt hljóð merkir: „Ég sný til stjórnborða";

– tvö stutt hljóð merkja: „Ég sný til bakborða";

– þrjú stutt hljóð merkja: „Ég læt vélina knýja aftur á bak".

b. Á hverju skipi má auk hljóðmerkja, sem lýst er í a-lið þessarar reglu, gefa ljósmerki, sem eftir atvikum eru endurtekin á meðan stefnu skipsins eða ferð er breytt:

1. Ljósmerki þessi skulu hafa svohljóðandi merkingu:

– einn blossi merkir: „Ég sný til stjórnborða";

– tveir blossar merkja: „Ég sný til bakborða";

– þrír blossar merkja: „Ég læt vélina knýja aftur á bak".

2. Lengd hvers blossa skal vera um það bil ein sekúnda; bilið milli blossanna skal einnig vera um það bil ein sekúnda og bil milli ljósmerkja, sem eru send hvert á eftir öðru, skal ekki vera styttra en 10 sekúndur.

3. Ef skipið er búið sérstöku ljóskeri til þessara merkjagjafa, skal það vera hvítt hringljós, sem sést að minnsta kosti í 5 sjómílna fjarlægð og skal það fullnægja þeim fyrirmælum, sem eru sett í I. viðauka við þessar reglur.

c. Þegar skip eru í sjónmáli hvort frá öðru í þröngu sundi eða ál, gilda þessar reglur:

1. Á skipi, sem ætlar að sigla fram úr öðru skipi, skal í samræmi við 1. grein e-liðar í 9. reglu láta vita um fyrirhugaða framúrsiglingu með hljóðmerkjum frá flautunni:

– tvö löng hljóð með eftirfarandi stuttu hljóði merkja: „Ég ætla að sigla fram úr yður á stjórnborða";

– tvö löng hljóð með eftirfarandi tveimur stuttum hljóðum merkja: „Ég ætla að sigla fram úr yður á bakborða".

2. Á skipi því, sem sigla á fram úr, skal í samræmi við 1. grein e-liðar í 9. reglu láta í ljós að fallist sé á framúrsiglingu með þessum hljóðmerkjum frá flautunni:

– eitt langt hljóð, eitt stutt, eitt langt og eitt stutt hljóð; og skal gefa hljóðmerkin í þessari röð.

d. Þegar skip eru í sjónmáli hvort frá öðru og nálgast hvort annað, en fyrirætlanir og sigling annars skipsins er af einhverjum ástæðum óskiljanleg stjórnendum hins, eða efast er um, að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar á hinu skipinu til að komast hjá árekstri, þá skal þegar í stað láta slíkar efasemdir í ljós með því að blása hratt að minnsta kosti 5 stutt hljóð í flautuna. Auk hljóðmerkisins má sýna ljósmerki, sem eru a. m. k. 5 stuttir blossar, er lýsa hratt hver á eftir öðrum.

e. Á skipi, sem nálgast bugðu eða svæði í sundi eða ál, þar sem önnur skip geta verið í hvarfi, skal gefa eitt langt hljóð. Á skipi, sem nálgast bugðuna eða hvarfið hinum megin frá, þar sem hljóðmerkið kann að heyrast, skal því svarað með öðru löngu hljóði.

f. Ef skip eru búin flautum með meira en 100 metra innbyrðis fjarlægð, þá skal aðeins nota eina flautu til að gefa hljóðmerki vegna stjórntaka og til viðvörunar.

**35. regla. Hljóðmerki í takmörkuðu skyggni.** Á eða nærri svæði, þar sem skyggni er takmarkað, skal, hvort sem er á nóttu eða degi, gefa hljóðmerki þau, sem lýst er í þessari reglu, þannig:

a. Á vélskipi, sem er á ferð, skal með 2ja mínútna millibili í mesta lagi láta kveða við eitt langt hljóð.

b. Á vélskipi, sem er laust, en hefur stöðvast og er ferðlaust, skal með 2ja mínútna millibili í mesta lagi láta kveða við tvö löng hljóð með um það bil 2ja sekúndna þögn á milli þeirra.

c. Á stjórnvana skipi, skipi með takmarkaða stjórnhæfni, skipi, sem er bagað vegna djúpristu, seglskipi, skipi að fiskveiðum og skipi, sem dregur annað skip eða ýtir því, skal í stað hljóðmerkja þeirra, sem fyrirskipað er að gefa í a- eða b-lið þessarar reglu, með 2ja mínútna millibili í mesta lagi gefa þrjú hljóð hvert á eftir öðru, sem sé eitt langt hljóð og á eftir því tvö stutt hljóð.

d. Skip, sem liggja við akkeri og eru að fiskveiðum eða öðrum störfum, sem takmarka stjórnhæfni þeirra, skulu í stað hljóðmerkja þeirra, sem kveðið er á um í g-lið þessarar reglu, gefa hljóðmerkið, sem c-liðurinn mælir fyrir um.

e. Á skipi, sem dregið er, eða ef fleiri en eitt skip eru dregin, þá á síðasta skipi í lestinni, ef það er mannað, skal með 2ja mínútna millibili í mesta lagi gefa fjögur hljóð hvert á eftir öðru, sem sé eitt langt hljóð og á eftir því þrjú stutt. Þegar því verður við komið, skal gefa þetta hljóðmerki strax á eftir hljóðmerkjum dráttarskipsins.

f. Þegar skip, sem ýtir, og annað, sem ýtt er áfram, eru fast tengd í eina samsetta heild, þá skal líta á þau sem vélskip og gefa skal hljóðmerki þau, sem fyrirskipað er að gefa í a- eða b-lið þessarar reglu, eftir því sem við á.

g. Á skipi, sem liggur við akkeri, skal með einnar mínútu millibili í mesta lagi hringja skipsklukkunni ótt og títt í um það bil 5 sekúndur. Á skipum, sem eru 100 metrar á lengd eða lengri, skal hringja klukkunni frammá skipinu, og strax á eftir klukknahringingunni skal berja málmtrumbu afturá skipinu ótt og títt í um það bil 5 sekúndur. Á skipi, sem liggur við akkeri, má auk þess gefa þrjú hljóð hvert á eftir öðru, sem sé eitt stutt,

eitt langt og eitt stutt hljóð, til að vara skip, sem nálgast, við stað skipsins og hver hætta kunni að vera á árekstri.

h. Á skipi, sem stendur á grunni, skal hringja klukkunni ótt og títt í um það bil 5 sekúndur, og ef þess er krafist skal berja málmtrumbuna eins og kveðið er á um í g-lið þessarar reglu. Auk þess skal slá þrjú aðgreind og greinileg högg á klukkuna strax á undan og eftir hverri klukknahringingu. Á skipi, sem stendur á grunni, má auk þess gefa önnur hljóðmerki með flautunni eftir því sem við á.

i. Á skipi, sem er styttra en 12 metrar, er ekki skylt að gefa ofangreind hljóðmerki. Ef slík hljóðmerki eru ekki gefin, skal með 2ja mínútna millibili í mesta lagi gefa einhver önnur greinileg hljóðmerki.

j. Á hafnsöguskipi, sem gegnir leiðsöguerindum, má auk hljóðmerkja, sem kveðið er á um í a-, b- eða g-lið þessarar reglu, gefa fjögur stutt hljóð til auðkenningar hafnsöguskipinu.

**36. regla. Merki til að vekja á sér athygli.** Á sérhverju skipi má sýna ljós eða gefa hljóðmerki, ef það telst nauðsynlegt til þess að vekja athygli áhafnar um borð í öðru skipi. Þessum ljós- eða hljóðmerkjum má þó ekki rugla saman við neitt af þeim merkjum, sem heimilað er að nota annars staðar í þessum reglum. Einnig má beina ljóskastara í átt að hættunni, en þó þannig, að það trufli ekki önnur skip. Hvers konar ljós, sem notað er til þess að vekja athygli annars skips, skal vera þannig að það verði ekki tekið fyrir nein þau ljós, er varða siglingaöryggi. Svo regla þessi megi ná tilgangi sínum, skal forðast að nota sterk blikk- eða hverfi-ljós, svo sem „strobe" eða þess háttar.

**37. regla. Neyðarmerki.** Þegar skip er í sjávarháska og þarfnast aðstoðar, skal nota eða sýna þau merki, sem lýst er í IV. viðauka við þessar reglur.

**Kafli E. Undanþágur.**

**38. regla. Undanþágur.** Sérhvert skip (eða flokkur skipa), sem lagður er kjölur að eða er á samsvarandi smíðastigi, áður en þessar reglur taka gildi, má, svo fremi að skipið uppfylli kröfur í alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó 1960, vera undanþegið að fylgja þessum reglum varðandi þau atriði, sem hér greinir:

a. Uppsetningu ljósa með þá langdrægni, sem krafist er í 22. reglu, í allt að 4 ár frá þeim degi, að þessar reglur taka gildi.

b. Uppsetningu ljósa með þeim sérstöku litareinkennum, sem krafist er í 7. hluta í I. viðauka við þessar reglur, í allt að 4 ár frá þeim degi, að þessar reglur taka gildi.

c. Tilfærslu ljósa vegna breytinga frá ensku máli í metrakerfi og notkun lengdarmála upp á heilan og hálfan metra, um alla framtíð.

d. 1. Tilfærslu á sigluljósi skipa, sem eru styttri en 150 metrar, vegna fyrirmæla í 3. hluta a. í I. viðauka við þessar reglur, um alla framtíð.

2. Tilfærslu sigluljósa skipa, sem eru 150 metrar á lengd eða lengri, vegna fyrirmæla í 3. hluta a. í I. viðauka við þessar reglur, í allt að 9 ár frá þeim degi, er þessar reglur taka gildi.

e. Tilfærslu sigluljósa vegna fyrirmæla í 2. hluta b. í I. viðauka við þessar reglur, í allt að 9 ár frá þeim degi, er þessar reglur taka gildi.

f. Tilfærslu hliðarljósa vegna fyrirmæla í 3. hluta b. í I. viðauka við þessar reglur, í allt að 9 ár frá þeim degi, er þessar reglur taka gildi.

g. Fyrirmæli um hljóðmerkjatæki, sem kveðið er á um í III. viðauka við þessar reglur, í allt að 9 ár frá þeim degi, er þessar reglur taka gildi.

h. Tilfærslu hringljósa í samræmi við 9. hluta b. í I. viðauka við þessar reglur, um alla framtíð.

**I. Viðauki. Staðsetning ljósa og merkja, sérstök gerð þeirra og lögun.**

**1. Skilgreining.** „Hæð upp frá bol skipsins" merkir hæð upp frá efsta þilfari, sem nær stafna á milli. Skal hæðin mæld frá punkti, sem er lóðrétt undir ljósinu.

**2. Lóðrétt staðsetning siglingaljósa og fjarlægð á milli þeirra.** a. Á vélskipi, sem er 20 metrar á lengd eða lengra, skal koma sigluljósum fyrir sem hér segir:

1. Fremra sigluljósið, eða ef einungis er haft uppi eitt sigluljós, þá það ljós, skal að minnsta kosti vera í 6 metra hæð upp frá bol skipsins. Ef skipið er breiðara en 6 metrar, þá skal ljósið vera að minnsta kosti jafnmarga metra upp frá bol skipsins og breidd skipsins nemur. Sigluljósið þarf þó ekki að setja hærra en 12 metra upp frá bol skipsins.

2. Þegar 2 sigluljós eru höfð uppi skal aftara ljósið vera að minnsta kosti 4,5 metrum hærra en fremra ljósið, mælt í lóðlínu.

b. Lóðrétt fjarlægð milli sigluljósa vélskipa skal vera svo mikil, að aftara sigluljósið sjáist frá sjávarfleti í 1000 metra fjarlægð frá stafni skipsins, og við eðlilegan stafnhalla ofan við fremra sigluljósið og aðgreint frá því.

c. Sigluljósi vélskips, sem er 12 metrar á lengd eða lengra, en styttra en 20 metrar, skal komið fyrir a. m. k. í 2,5 metra hæð ofan við borðstokk skipsins.

d. [Efsta ljósið á vélskipi, sem er styttra en 12 metrar, má vera lægra en 2,5 metra ofan við borðstokkinn. Þegar sigluljós er samt sem áður haft uppi auk hliðarljósa og skutljóss, eða auk hliðarljósa er haft uppi hringljós eins og lýst er í 23. reglu c. 1., þá skal sigluljósið eða hringljósið vera að minnsta kosti einum metra hærra en hliðarljósin.][1)]

e. Öðru tveggja eða einu þriggja sigluljósa, sem vélskip skulu hafa uppi, er þau draga annað skip eða ýta því, skal komið fyrir annað hvort á sama stað og fremra eða aftara sigluljósi vélskipa; séu ljósin höfð uppi á aftursiglu, skal það lægsta þeirra að minnsta kosti vera 4,5 metrum hærra en fremra sigluljósið.

f. 1. Sigluljósinu eða ljósunum, sem kveðið er á um í a-lið 23. reglu, skal ætíð komið fyrir ofan við og laust við önnur ljós og hindranir, nema svo standi á, eins og lýst er í 2. grein þessa liðar.

2. Sé óframkvæmanlegt að hafa hringljósin, sem fyrirskipuð eru í 1. grein b-liðar 27. reglu eða 28. reglu, undir sigluljósunum, má koma þeim fyrir ofan við aftara sigluljósið eða milli fremra og aftara sigluljóssins, svo fremi að framfylgt verði ákvæðum c-liðar 3. hluta þessa viðauka.

g. Á vélskipi má ekki setja hliðarljós hærra yfir bol skipsins en sem nemur ¾ af hæð fremra sigluljóssins. Hliðarljósin mega ekki vera svo lág, að þeim verði ruglað saman við þilfarsljós.

h. Ef hliðarljósin eru í samsettu ljóskeri á skipi, sem er styttra en 20 metrar, þá skulu hliðarljósin vera að minnsta kosti einn metra neðan við sigluljósið.

i. Þegar mælt er fyrir í reglunum að hafa uppi tvö eða þrjú ljós lóðrétt hvert upp af öðru, skal fjarlægð milli ljósanna vera sem hér segir:

1. Á skipi, sem er 20 metrar á lengd eða lengra, skulu að minnsta kosti vera 2 metrar á milli ljósanna. Neðra eða neðsta ljósinu skal, nema hafa skuli uppi dráttarljós, komið fyrir að minnsta kosti í 4 metra hæð upp frá bol skipsins.

2. [Á skipi, sem er styttra en 20 metrar, skal að minnsta kosti vera einn metri á milli ljósanna. Neðsta ljósinu skal, nema hafa skuli uppi dráttarljós, komið fyrir að minnsta kosti í tveggja metra hæð ofan við borðstokk skipsins.][1)]

3. Þegar þrjú ljós eru höfð uppi, skal vera jafnt bil á milli þeirra.

j. Á skipi að fiskveiðum skal lægra hringljósið, er þau skip skulu hafa uppi, vera svo hátt ofan við hliðarljósin að nemi að minnsta kosti tvöfaldri fjarlægð milli hringljósanna.

k. Þegar höfð eru uppi tvö akkerisljós, skal fremra ljósið, sem krafist er samkvæmt ákvæðum 1. greinar aliðar 30. reglu, vera að minnsta kosti 4,5 metrum ofar en aftara ljósið. Á skipi, sem er 50 metrar á lengd eða lengra, skal fremra akkerisljósinu komið fyrir að minnsta kosti í 6 metra hæð upp frá bol skipsins.

**3. Lárétt staðsetning ljósa og fjarlægð á milli þeirra.** a. Lárétt fjarlægð milli sigluljósa á skipi, sem er skylt að hafa uppi tvö sigluljós, skal vera að minnsta kosti hálf skipslengdin, en þarf þó ekki að vera lengri en 100 metrar. Fremra sigluljósi má ekki koma fyrir fjær stafni en sem nemur fjórðungi af lengd skipsins.

b. Á vélskipi, sem er 20 metrar á lengd eða lengra, skal ekki setja hliðarljósin framan við fremri sigluljósin. Hliðarljósunum skal komið fyrir á eða nærri hliðum skipsins.

c. Þegar ljósunum, sem kveðið er á um í 1. grein bliðar 27. reglu eða 28. reglu, er komið fyrir milli fremra og aftara sigluljóssins, skulu þau ekki vera nær miðlangskurðarfleti skipsins en 2 metrar, mælt lárétt í þverskipsstefnu.

**4. Nánari ákvæði um staðsetningu stefnuljósa á fiskiskipum, dýpkunarskipum og skipum við neðansjávarvinnu.** a. Ljósið, sem kveðið er á um að sýna í 2. grein c-liðar 26. reglu og sýnir í hvaða átt veiðarfæri skips að fiskveiðum liggur, skal vera að minnsta kosti í 2ja metra, en í mesta lagi í 6 metra láréttri fjarlægð frá bæði rauða og hvíta hringljósinu. Ljós þetta skal ekki vera hærra en hvíta hringljósið, sem mælt er fyrir að sýna í 1. grein c-liðar 26. reglu, og ekki lægra en hliðarljósin.

b. Ljós og merki, sem kveðið er á um að hafa uppi í 1. og 2. grein d-liðar 27. reglu til að sýna á hvora hlið dýpkunarskips og skips, er vinnur við neðansjávarvinnu, hindrunin er og/eða á hvora hlið telst öruggt að sigla framhjá, skal komið fyrir í eins mikilli láréttri fjarlægð og unnt er frá ljósum þeim eða merkjum, sem kveðið er á um að hafa uppi í 1. og 2. grein b-liðar 27. reglu; lárétt fjarlægð frá nefndum ljósum og merkjum skal þó aldrei vera minni en 2 metrar. Hærra ljósið eða dagmerkið má ekki undir neinum kringumstæðum vera hærra en það ljós eða dagmerki, sem lægst er þeirra þriggja ljósa og dagmerkja, er á að hafa uppi skv. 1. og 2. grein b-liðar 27. reglu.

**5. Hlífar fyrir hliðarljós.** Hliðarljósin á skipum, sem eru 20 metrar á lengd eða lengri, skulu á þeirri hlið, sem veit inn að skipinu, vera búin hlífum, sem eru svartmálaðar, en gljálausar. Hlífarnar skulu fullnægja þeim kröfum, sem eru gerðar í 9. hluta þessa viðauka. Gildir þetta einnig um styttri skip, ef nauðsynlegt er, svo þau megi fullnægja sömu kröfum. Þegar notað er samsett ljósker með einni lóðréttri þráðgrind og örmjóu bili milli græna og rauða ljósgeirans, þá þarf ekki að búa hliðarljósin hlífum að utanverðu.

**6. Dagmerki.** a. Dagmerki skulu vera svört og af eftirfarandi stærðum:

1. Þvermál kúlu skal ekki vera minna en 0,6 metrar.

2. Þvermál grunnflatar keilu skal ekki vera minna en 0,6 metrar. Hæð keilunnar skal vera jöfn þvermáli grunnflatar hennar.

3. Þvermál sívalnings skal vera a. m. k. 0,6 metrar. Hæð sívalnings skal vera tvisvar sinnum þvermál hans.

4. Tígullaga merki skal vera 2 keilur, sem hafa sameiginlegan grunnflöt og séu keilurnar af sömu gerð og lýst er í 2. grein að ofan.

b. Lóðrétt fjarlægð á milli merkja skal vera a. m. k. 1,5 metrar.

c. Á skipi, sem er styttra en 20 metrar, má hafa uppi minni dagmerki, en þau skulu svara til stærðar skipsins; fjarlægð milli merkjanna má stytta samsvarandi.

**7. Skilgreining lita á ljósum.** Litur allra siglingaljósa skal vera í samræmi við eftirfarandi staðla, sem eru innan marka, er tilgreind eru um hvern lit í litatöflu, sem Alþjóðaljósanefndin (CIE) hefur gert.

Mörkin fyrir hvern lit eru gefin með hornhnitum, sem eru þessi:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Hvítt | | | | | | |
| x | 0.525 | 0.525 | 0.452 | 0.310 | 0.310 | 0.443 |
| y | 0.382 | 0.440 | 0.440 | 0.348 | 0.283 | 0.382 |
| 2. Grænt | | | | | | |
| x | 0.028 | 0.009 | 0.300 | 0.203 | | |
| y | 0.385 | 0.723 | 0.511 | 0.356 | | |
| 3. Rautt | | | | | | |
| x | 0.680 | 0.660 | 0.735 | 0.721 | | |
| y | 0.320 | 0.320 | 0.265 | 0.259 | | |
| 4. Gult | | | | | | |
| x | 0.612 | 0.618 | 0.575 | 0.575 | | |
| y | 0.382 | 0.382 | 0.425 | 0.406 | | |

**8. Ljósstyrkur.** a. Minnsta ljósstyrk skal reikna út með því að nota jöfnuna:

$I = 3{,}43 \times 10^6 \times T \times D^2 \times K^{-D}$

þar sem I er ljósstyrkur í kertum (candela), þegar ljósið er komið á sinn stað og í notkun.

T er raftregðustuðull $2 \times 10^{-7}$ lux.

D er langdrægni (sjónarlengd) ljóssins í sjómílum.

K er ljósburðargæði andrúmsloftsins eða hver skilyrði eru til þess að ljósið sjáist.

Fyrir ljós þau, sem lýst er í reglunum, skal K-gildið vera 0,8 og svarar það til, að skyggni með berum augum sé um það bil 13 sjómílur.

b. Í eftirfarandi töflu er röð samsvarandi gilda, sem eru fundin með jöfnunni:

| Langdrægni ljóssins (sjónarlengd) í sjómílum | Ljósmagn í kertum (candela) K 0,8 |
|---|---|
| D | I |
| 1 | 0,9 |
| 2 | 4,3 |
| 3 | 12 |
| 4 | 27 |
| 5 | 52 |
| 6 | 94 |

**Athugið:** Hámarksljósmagn siglingaljósa ætti að miða við að komist verði hjá óæskilegri blindu og skal því takmarki ekki náð með stillanlegum ljósmagnsrofa.

**9. Láréttir ljósgeirar.** a. 1. Hliðarljósin skulu þaðan, sem þeim er komið fyrir um borð, sýna lágmarksljósmagn, sem krafist er í stefnu fram á við. Ljósstyrkur skal minnka og verða í reynd ómælanlegur 1 – 3 gráður utan þess geira, sem ljósið skal lýsa í.

2. Lágmarksljósstyrkur skutljósa og hliðarljósa, 22,5 gráður aftan við þverskipsstefnu, skal vera á boga af sjóndeildarhringnum, sem er allt að því 5 gráður frá mörkum og innan þeirra ljósgeira, sem kveðið var á um í 21. reglu. Frá fimm gráðum innan marka lögboðinna ljósgeira má ljósmagnið minnka um 50 af hundraði að endamörkum þeirra; ljósstyrkur skal síðan minnka stöðugt, uns hann er í reynd ómælanlegur og skal vera svo eigi síðar en á boga, sem er 5 gráður utan ljósgeiranna, sem fyrirskipað er að ljósin lýsi.

b. Hringljósum skal þannig komið fyrir, að ekki beri fyrir þau stærri hluti mastra, siglutoppa eða yfirbygginga, en sem nemi 6 gráðum af sjóndeildarhringnum; þetta ákvæði á þó ekki við um akkerisljósin, sem kveðið er á um í 30. reglu, en þau þarf ekki að setja ofar bol skipsins en vel er framkvæmanlegt.

**10. Lóðréttir ljósgeirar.** a. Lóðréttir ljósgeirar uppsettra rafljósa, nema um seglskip [sem eru laus][1] sé að ræða, skulu lýsa og tryggja:

1. að lágmarksljósmagn, sem krafist er, verði á samfelldum 10 gráðu boga frá 5 gráðum yfir láréttum fleti að 5 gráðum undir láréttum fleti;

2. að minnsta kosti 60 af hundraði þess lágmarksljósmagns, sem krafist er, verði á samfelldum boga frá 7,5 gráðum yfir láréttum fleti að 7,5 gráðum undir láréttum fleti.

b. Ef um seglskip [sem eru laus][1] er að ræða, skal þess gætt, að lóðréttir ljósgeirar uppsettra rafljósa lýsi þannig:

1. að lágmarksljósmagn, sem krafist er, verði á samfelldum 10 gráðu boga frá 5 gráðum yfir láréttum fleti að 5 gráðum undir láréttum fleti;

2. að minnsta kosti 50 af hundraði þess lágmarksljósmagns, sem krafist er, verði á samfelldum boga frá 25 gráðum yfir láréttum fleti að 25 gráðum undir láréttum fleti.

c. Þegar um önnur ljós en rafljós er að ræða, skal fylgja þessum ákvæðum um lýsingu eins náið og kostur er.

**11. Ljósstyrkur annarra ljósa en rafljósa.** Önnur ljós en rafljós skulu, eftir því sem framkvæmanlegt er, uppfylla kröfur um lágmarksljósstyrk eins og skilgreint er í töflu í 8. hluta þessa viðauka.

**12. Stefnuljós.** Þrátt fyrir ákvæði í f-lið 2. hluta þessa viðauka, skal stefnuljósi, sem kveðið er á um að hafa í b-lið 34. reglu, komið fyrir í sama lóðrétta langskurðarfleti og sigluljósið eða sigluljósin eru í; þar sem það er framkvæmanlegt skal stefnuljósið vera að minnsta kosti 2 metra lóðrétt ofan við fremra sigluljósið en þess skal þó gætt, að stefnuljósið sé að minnsta kosti 2 metra lóðrétt fyrir ofan eða neðan aftara sigluljósið. Á skipi með aðeins eitt sigluljós skal, ef skip er búið sérstöku stefnuljósi, hafa ljósið þar sem það sést best, en að minnsta kosti í 2ja metra lóðréttri fjarlægð frá sigluljósinu.

**13. Samþykki.** Útbúnaður ljósa og merkja svo og uppsetning ljósa um borð í skipum skal uppfylla þær kröfur, sem settar eru af hlutaðeigandi opinberum yfirvöldum í landi því, sem á þjóðfána þann, sem skipinu er heimilt að bera.

[1] *L. 25/1990, 2. gr.*

**II. Viðauki. Viðbótarmerki fyrir fiskiskip, sem eru að veiðum í grennd hvert við annað.**

**1. Almenn ákvæði.** Ef ljós þau, sem hér er um fjallað, eru samkvæmt heimild í d-lið 26. reglu höfð uppi, skal þeim komið fyrir þar sem þau sjást best með að minnsta kosti 0,9 metra millibili, en lægra en ljósunum, sem lýst er í 1. grein b- og c-liðar 26. reglu. Ljósin skulu sjást úr öllum áttum, í að minnsta kosti einnar sjómílu fjarlægð, en þó styttra en ljósin, sem skylt er að hafa á fiskiskipum eftir þessum reglum.

**2. Merki skipa að togveiðum.** a. Á skipi að togveiðum, hvort sem það veiðir með botnvörpu eða flotvörpu, má hafa uppi:

1. þegar vörpunni er kastað: tvö hvít ljós, annað lóðrétt upp af hinu;

2. þegar varpan er hífð um borð: hvítt ljós, lóðrétt yfir rauðu ljósi;

3. þegar varpan er föst í einhverri hindrun: tvö rauð ljós, annað lóðrétt upp af hinu.

b. Á skipum, er toga vörpu á milli sín, má á hvoru þeirra um sig:

1. beina ljóskastara að nóttu til fram á við og fyrir stafn hins skipsins, sem varpan er toguð í félagi með;

2. hafa uppi ljósin, sem kveðið er á um í lið 2 a. að framan, þegar vörpunni er kastað eða hún er hífð um borð, eða er föst í einhverri hindrun.

**3. Merki skipa að nótaveiðum.** Á skipum að nótaveiðum má hafa uppi 2 gul ljós, annað lóðrétt upp af hinu. Ljósin skulu blossa til skiptis hverja sekúndu, þannig að ljós sé á efra ljóskeri, þegar slökkt er á því neðra og svo öfugt. Ljós þessi má eingöngu sýna, þegar skipið er bundið veiðarfærum sínum.

**III. Viðauki. Um tæknilegan útbúnað og gerð hljóðmerkjatækja.**

**1. Flautur.**

a. **Tíðni og langdrægni hljóðmerkja.** Grundvallartíðni skal vera innan marka 70 og 700 riða (Hz).

Langdrægni heyranlegra hljóðmerkja frá flautu skal ákvarða með tíðnum, sem eru innan marka 180 – 700 riða (Hz) (± 1%) og ná því stigi hljóðþrýstings, sem tilgreint er í c-lið hér á eftir. Tíðnirnar geta verið grundvallartíðnin og/eða ein eða fleiri hærri tíðnir.

b. **Mörk grundvallartíðna.** Til þess að tryggja mikla fjölbreytni í einkennum hljóðmerkja frá skipsflautu skal grundvallartíðni flautu liggja milli eftirfarandi marka:

1. 70 – 200 rið (Hz) á skipum, sem eru 200 metrar á lengd eða lengri.

2. 130 – 350 rið (Hz) á skipum, sem eru 75 metrar á lengd eða lengri, en styttri en 200 metrar.

3. 250 – 700 rið (Hz) á skipum, sem eru styttri en 75 metrar.

c. **Styrkur hljóðmerkja og langdrægni þeirra.** Skipsflauta um borð skal í þá átt, sem hljóðstyrkur flautunnar er mestur, og í eins metra fjarlægð frá flautunni ná hljóðþrýstistigi, sem er að minnsta kosti einn þriðji úr áttund og innan tíðnimarka 180 og 700 riða (Hz) (± 1%) og ná a. m. k. þeim gildum, sem gefin eru í eftirfarandi töflu:

| Skipslengd í metrum | Tónstiginn ⅓ úr áttund í eins m fjarlægð, talinn í dB 2 x $10^{-5}$ N/$m^2$ | Langdrægni heyranlegra hljóðmerkja í sjómílum |
|---|---|---|
| 200 eða lengri | 143 | 2 |
| 75, en styttri en 200 | 138 | 1,5 |
| 20, en styttri en 75 | 130 | 1 |
| Styttri en 20 | 120 | 0,5 |

Tölur um langdrægni hljóðmerkja í töflunni að ofan eru til upplýsinga. Í kyrru veðri um borð í skipi með venjulegan hávaða í bakgrunni á þeim stöðum, sem hlustað er, eru 90% líkur til að tölurnar gefi nokkurn veginn þá langdrægni, sem heyra má í flautu í beinu framhaldi af langskurðarfleti (miðjuási) hennar. Venjulegur bakgrunnshávaði er talinn vera 68 dB í þeirri áttund, sem hefur miðju á 250 riðum (Hz), og 63 dB í áttund, sem hefur miðju á 500 riðum (Hz).

Í reynd er sú vegalengd, sem hljóð flautunnar heyrist, ákaflega breytileg og ræður veðurlag mestu um langdrægni hljóðsins. Gildin, sem eru gefin, má líta á sem dæmigerð, en í roki og miklum hávaða í nánd við þá staði, sem hlustað er, getur dregið verulega úr langdrægni hljóðmerkjanna.

d. **Stefnugefandi þættir.** Hljóðþrýstistig flautu, sem beinir hljóðinu í ákveðna átt, skal ekki vera meira en 4 dB undir fyrirskipuðu hljóðþrýstistigi í langskurðarfleti flautunnar í hvaða stefnu sem er í láréttum fleti innan ± 45° horns frá langskurðarfletinum. Hljóðþrýstistigið í allar aðrar áttir í láréttum fleti skal ekki vera meira en 10 dB undir fyrirskipuðu hljóðþrýstistigi í langskurðarfleti flautunnar, þannig að langdrægni hljóðsins í allar áttir verði a. m. k. helmingur af langdrægni í stefnu, sem er í beinu framhaldi af langskurðarfletinum. Hljóðþrýstistigið skal mælt á hljóðsviðinu einn þriðji úr áttund, sem ákvarðar langdrægni hljóðmerkja.

e. **Staðsetning skipsflautu.** Þegar nota skal sem einu flautuna um borð flautu, sem beinir hljóðinu í ákveðna átt, skal koma henni þannig fyrir, að hámarkshljóðstyrkur flautunnar sé beint framundan.

Skipsflautu skal setja eins hátt um borð í skipinu og framkvæmanlegt er til þess að draga úr því, að hljóðið rofni eða truflist af hindrunum, og einnig til að draga sem mest úr þeirri hættu að áhöfnin verði fyrir heyrnarskaða. Hljóðþrýstistig hljóðmerkja frá eigin skipi skal ekki vera hærra en 110 dB (A) á þeim stöðum, sem hlustað er um borð, og ef það er framkvæmanlegt ætti það ekki að vera hærra en 100 dB (A).

f. **Skip útbúin fleiri en einni flautu.** Ef skip eru búin flautum, sem eru í meira en 100 metra innbyrðis fjarlægð, skal koma þeim svo fyrir, að þær gefi ekki hljóð frá sér samtímis.

g. **Samsett flautukerfi.** Ef hljóðsvið einu flautunnar um borð eða einnar af flautunum, sem fjallað er um í lið 1 f. að framan, virðist hafa svæði með mjög skertu hljóðmagni, vegna hindrunar, þá er mælt með að setja upp samsett flautukerfi til þess að bæta úr þessari truflun. Eftir skilningi reglnanna er litið á samsett flautukerfi sem einstaka flautu. Í samsettum flautukerfum má ekki vera meira en 100 metrar á milli flautanna og flauturnar skulu þannig útbúnar, að þær gefi samtímis hljóð. Tíðni hverrar einstakrar flautu skal víkja a. m. k. um 10 rið frá tíðni annarrar.



**2. Klukkur og málmtrumbur.**

a. **Hljóðstyrkur.** Skipsklukka eða málmtrumba eða önnur tæki, sem hafa svipuð hljóðeinkenni, skulu gefa frá sér hljóðþrýstistig, sem sé a. m. k. 110 dB í eins metra fjarlægð.

b. **Gerð.** Skipsklukkur og málmtrumbur skulu smíðaðar úr efni, sem stenst ryð, og þannig gerðar, að þær gefi tæran tón. Þvermál klukkunnar að neðan skal ekki vera minna en 300 mm á skipum 20 metra löngum eða lengri, og ekki minni en 200 mm á skipum, sem eru 12 metrar að lengd eða lengri en styttri en 20 metrar. Þar sem það er framkvæmanlegt er mælt með að nota vélknúinn kólf til þess að tryggja jafnan kraft í klukkuslögunum en þannig klukku skal þó vera unnt að hringja með handafli. Efnismassi kólfsins skal að minnsta kosti vera 3 af hundraði af efnismassa klukkunnar.

**3. Samþykki.** Gerð hljóðgjafatækja, hljómburður þeirra og uppsetning þeirra um borð í skipinu skal uppfylla þær kröfur, sem settar eru af hlutaðeigandi opinberum yfirvöldum í landi því, sem á þjóðfána þann, sem skipinu er heimilt að bera.

**IV. Viðauki. Neyðarmerki.**

1. Eftirfarandi merki gefa til kynna, hvort sem þau eru notuð saman eða hvert fyrir sig, að skip sé í sjávarháska og þarfnist aðstoðar:

a. Byssuskot eða annað hvellmerki hleypt af með hér um bil einnar mínútu millibili.

b. Notkun hvers konar þokumerkjatækis í sífellu.

c. Flugeldar eða sprengjur, sem varpa frá sér rauðum stjörnuljósum, og er þeim skotið einu í einu með stuttu millibili.

d. Merkið ... – – – ... (SOS) eftir Morsekerfi, sent með loftskeytatækjum eða öðrum merkjasenditækjum.

e. Orðið „Mayday“ kallað út í talstöð.

f. Alþjóðaneyðarmerki sent með merkjaflöggunum N.C.

g. Neyðarmerki, sem er ferhyrndur fáni og kúla eða eitthvað, sem líkist kúlu, fyrir ofan eða neðan fánann.

h. Bál á skipinu (svo sem frá logandi tjörutunnu, olíutunnu o. s. frv.).

i. Fallhlífarflugeldar eða handblys, er sýna rautt ljós.

j. Reykmerki, sem gefur frá sér rauðgulan reyk.

k. Hægar og endurteknar hreyfingar upp og niður með útréttum handleggjum.

l. Loftskeyta-vekjaramerkið.

m. Talstöðvar-vekjaramerkið.

n. Merki, sem send eru frá neyðarradíóbauju, er gefur staðarákvörðun.

[o. Viðtekin merki sem send eru frá fjarskiptakerfum.][1)]

2. Framangreind merki má ekki sýna eða gefa, nema í

**1975** Nr. 7 26. febr.

þeim tilgangi einum að gefa til kynna, að skip sé í sjávarháska og þarfnist aðstoðar; notkun annarra merkja, sem rugla má saman við neyðarmerkin, eru bönnuð.

3. Athygli er vakin á köflum um neyðarmerki í Alþjóðlegri merkjabók, handbók um leit og björgun skipa, og svo á eftirfarandi merkjum:

a. dúk, sem er rauðgulur og annað hvort með svörtum ferningi og hring eða öðru heppilegu tákni (til auðkenningar úr lofti);

b. litarefni, sem sett er í sjóinn.

[1] *L. 25/1990, 2. gr.*

**1933** Nr. 48 19. júní

## Lög um leiðsögu skipa.

### I. kafli. Um leiðsöguumdæmi og leiðsögumenn.

■ **1. gr.** Skipa skal leiðsögumenn umhverfis land allt. Í reglugerð,[1] er atvinnumálaráðherra[2] setur, skal kveðið á um skipting og tölu leiðsöguumdæma, hvar leiðsögumenn skulu skipaðir og hve margir í stað. Þar skal og kveðið nánar á um starf þeirra, skyldur og réttindi.

□ Ef ekki er öðruvísi ákveðið, er skipstjóra frjálst, hvort hann notar leiðsögumann eða ekki, en ráðherra er heimilt, þegar nauðsyn þykir, að fyrirskipa leiðsöguskyldu fyrir skip á ákveðnu svæði.

[1] *Rg. 215/1972.* [2] *Nú samgönguráðherra, skv. augl. A 96/1969, 11. gr.*

■ **2. gr.** Ráðherra skipar leiðsögumenn og víkur þeim frá. Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra hafnsögumanna, sem skipaðir eru fyrir sérstakar hafnir samkvæmt sérstökum lögum, en um réttindi þeirra til leiðsögu um stærri svæði ákveður ráðherra.

■ **3. gr.** Löggiltur leiðsögumaður skal fylla þau skilyrði, sem hér segir:

1. Vera íslenzkur ríkisborgari, minnst 25 ára að aldri, hafa ...[1] góða heilsu, sjón og heyrn.

2. Vera vanur sjómaður, reglusamur og gætinn og að jafnaði hafa tekið stýrimannspróf.

3. Vera kunnur stjórn stórra skipa, þekkja erlenda fána, allsherjarsiglingareglur, allsherjarreglur um ljós- og hljóðbendingar skipa og neyðarmerki, notkun sjókorta og áttavita.

4. Vera nákunnugur siglingaleiðum, straumum, sjávarföllum, grynningum, skerjum, boðum, skipalegum, miðum, ljósum, duflum og öðrum siglingamerkjum, allt á leiðsögusvæði sínu.

5. Kunna nokkuð í útlendum málum, sérstaklega ensku og einu Norðurlandamáli.

6. Kunna að leggja skipi að bryggju og báti að skipshlið.

7. Vera nákunnugur öllum reglum fyrir leiðsögumenn og hafnarreglugerðum á svæði sínu.

8. Vera kunnur löggjöf um tolla og gjöld skipa og um sóttvarnarreglur þeirra.

[9. Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.][1]

[1] *L. 33/1961, 1. gr.*

■ **4. gr.** Ráðherra skipar leiðsögumenn eins marga og þurfa þykir. Eru þeir skipaðir um óákveðinn tíma, en 5. hvert ár skulu þeir leggja fram læknisvottorð um heilsu, sérstaklega sjón og heyrn. Nú er slíkt vottorð ekki talið fullnægjandi, eða aðrar ástæður valda, að leiðsögumaður er ekki talinn fullnægja kröfum þeim, sem til hans eru gerðar, og er þá ráðherra heimilt að afturkalla skipun hans. Þar sem hafnarnefnd er, fer skipun leiðsögumanna og afturköllun hennar fram að fengnum tillögum nefndarinnar, sbr. þó 2. gr. Á öðrum stöðum skulu fengnar tillögur hreppsnefndar og umsögn sýslumanns.

### II. kafli. Um réttindi og skyldur leiðsögumanna.

■ **5. gr.** Leiðsögumenn eru skyldir til að vera toll- og heilbrigðisstjórn hjálplegir í starfi þeirra eftir föngum. Þeir skulu og tafarlaust gera vitamálastjóra aðvart um allt, sem ábótavant eða skakkt er í vitum, leiðarmerkjum, svo og allar torfærur og tálmanir siglingum skipa.

■ **6. gr.** Leiðsögumenn hafa yfirleitt einir heimild til að vísa skipum leið fyrir borgun, hver á sínu svæði. Ráðherra setur gjaldskrá um störf þeirra og birtir hana í Stjórnartíðindum. Skulu leiðsögumenn ávallt hafa hana með sér, þegar þeir eru að leiðsögustarfi. Nú óskar skipstjóri að fá leiðsögumann út fyrir leiðsögusvæði hans, og ber honum þá að semja sérstaklega við leiðsögumanninn um þóknun fyrir þann hluta leiðsögunnar. Komi skipið í ferð sinni inn á svæði annars leiðsögumanns, ber skipstjóra að kalla til leiðsögumann svæðisins, nota aðstoð hans innan þess og greiða honum eftir gjaldskrá.

■ **7. gr.** Á hverjum leiðsögustað skulu venjulega vera a. m. k. 2 lögskipaðir leiðsögumenn, og skal a. m. k. annar þeirra ávallt vera viðbúinn að veita skipi leiðsögu, ef á þarf að halda. Eldri eða elzti leiðsögumaðurinn að starfsaldri eða sá, sem ráðuneytið hefir tilnefnt, er talinn leiðsöguformaður á staðnum og ákveður í hvert skipti, hver skuli veita leiðsögu, sem beðið er um. Ef óskað er, má þó fela þessa yfirstjórn leiðsögu- og hafnsögumanna á ákveðnu svæði hafnarstjóra eða formanni hafnarnefndar.

■ **8. gr.** Nú gefur skipstjóri merki um, að hann óski að fá leiðsögumann, en enginn kemur, og skal þá öðrum manni, sem telur sig nægilega kunnugan starfinu, heimilt að bjóða að vísa skipi leið þangað til leiðsögumaður er kominn, en honum ber þegar í stað að benda skipstjóra á, að hann sé ekki lögskipaður leiðsögumaður, og skipstjóra ber að sýna leiðsögumerkið, þótt sá, er aðstoð sína bauð, sé kominn á skipsfjöl, og ber hinum kunnuga manni að láta af leiðsögu þegar leiðsögumaður er kominn á skip. Nú vanrækir hinn ólöggilti maður að gera skipstjóra aðvart um, að hann sé ekki löggiltur leiðsögumaður, og varðar það sektum samkvæmt 27. gr. Nú dregur skipstjóri niður leiðsögumerkið meðan hinn kunnugi maður er um borð, enda þótt hann viti, að hann sé ekki löggiltur leiðsögumaður, og varðar það sektum. Meðan hinn ólöggilti maður er á skipinu, skal bæði hann og skipstjóri hafa gát á, hvort hinn löggilti leiðsögumaður sé í nánd og taka hann á skipsfjöl eins fljótt og unnt er. Tekur hann þá þegar við leiðsögunni, en hið lögboðna leiðsögugjald skiptist milli beggja hlutfallslega eftir vegalengd. Skipstjóra er heimilt að notfæra sér þekkingu þeirra skipverja, sem eru kunnugir siglingum á sérstökum svæðum.

■ **9. gr.** Enginn leiðsögumaður má vísa skipum leið á öðru leiðsögusvæði en sínu eigin, nema ekki náist í leiðsögumenn þess. Leiðsögumanni er þó heimilt með leyfi skipstjóra að vera áfram í skipi, sem hann hefir veitt leiðsögu, og að veita því leiðsögu í bakaleið.

Annars mega leiðsögumenn ekki taka að sér leiðsögu til baka, nema í samráði við leiðsögumenn svæðis síns, eða engir leiðsögumenn séu þar fáanlegir.

■ **10. gr.** Leiðsögumenn fá þóknun fyrir leiðsögustörf sín eftir gjaldskrá, er ráðherra semur. Leiðsögumenn skulu sjálfir sjá sér fyrir farartæki út í skip, en þar, sem hafnarsjóður er, skal leiðsögumaður hafa aðgang að farkosti hafnarinnar til þess, að svo miklu leyti, sem það er hægt vegna annarra starfa bátanna.

**III. kafli. Um leiðsögu.**

■ **11. gr.** Leiðsögumenn skulu hafa gætur á skipum, sem nálgast, og veita því nákvæma athygli hvort þau sýna hið alþjóðlega merki um, að þau óski leiðsögu. Skal leiðsögumaður fara út í skip það, er leiðsögu beiðist, eins fljótt og ástæður leyfa. Nú koma fleiri en eitt skip samtímis, og tekur þá hver leiðsögumaður sitt skip, en að jafnaði skal það skip tekið fyrst, sem næst er komið aðsetri leiðsögumanns.

■ **12. gr.** Skipstjóri, sem vill fá leiðsögumann, skal í tæka tíð sýna hið fyrirskipaða alþjóðaleiðsögumerki, en það skal taka burt þegar er leiðsögumaður er kominn á skipsfjöl.

□ Nú vill skipstjóri fá leiðsögumann, er hann leggur úr höfn, og skal hann þá beiðast þess í tæka tíð hjá leiðsögumanni eða leiðsöguformanni þar.

■ **13. gr.** Ráðherra lætur gera hæfilega mörg einkennismerki handa leiðsögumönnum, og skal afhenda hverjum leiðsögumanni eitt slíkt merki um leið og hann er skipaður í stöðuna. Leiðsögumaður skal, meðan hann er að starfi sínu, hafa þetta leiðsögumerki hjá sér, og skal hinn löggilti hafnsögufáni hafður uppi á bátnum, sem flytur leiðsögumanninn. Enn fremur skal starfandi leiðsögumaður hafa með sér reglur, sem settar eru um leiðsögu.

■ **14. gr.** Skipstjóri, sem gefið hefur leiðsögumerki, skal stýra skipi sínu þannig, að leiðsögumaður komist sem fljótast og hægast upp í það.

□ Nú kemst leiðsögumaður ekki í skip, og skal hann þá fara á undan á bát sínum og gefa með bendingum merki um, hvernig skipi skuli stýrt.

■ **15. gr.** Þegar leiðsögumaður er kominn í skip til þess að veita því leiðsögu, ber honum fyrst að leita sér upplýsinga um, hve djúpt skipið ristir og um brúttóstærð þess, og síðan um annað, sem nauðsynlegt er fyrir hann að vita. Jafnframt ber honum að leita upplýsinga um, hvort eldfim efni eða sprengiefni séu í skipi. Þegar nálgast höfn, ber honum að kynna skipstjóra þau ákvæði hafnarreglugerðar, sem gæta skal við innsiglingu á höfnina. Nú gefur skipstjóri rangar eða ófullnægjandi upplýsingar, og ber hann þá sjálfur alla ábyrgð á þeim skaða, sem skipið kann að verða fyrir vegna þess.

■ **16. gr.** Á skipinu fær leiðsögumaður, auk lögákveðins eða umsamins gjalds, ókeypis fæði, og skal hann auk þess eiga kost á viðunandi hvíldarstað til afnota, þegar tími og ástæður leyfa. Nú óskar leiðsögumaður að hafa mann með sér til aðstoðar á skipinu, og fær þá sá maður einnig ókeypis fæði og hvíldarstað, en ekkert kaup.

□ Að jafnaði skal skipstjóri, þegar leiðsögumaður óskar þess, hafa bát hans í eftirdragi og lána kaðla til þess. Nú stendur svo á, að það er ekki hættulaust fyrir skip eða bát að hafa leiðsögumannsbát í eftirdragi, og skal þá skipstjóra heimilt að neita að taka hann, en verður þá að bæta leiðsögumanni þann aukakostnað, sem hann verður fyrir vegna þess.



■ **17. gr.** Leiðsögumaður ber ábyrgð á leiðsögu sinni. Hann segir fyrir um stjórn skipsins og gætir þess, að allt sé framkvæmt, sem nauðsynlegt er, til þess að skipið komist leiðar sinnar óskemmt og án óþarfa tafa.

□ Leiðsögumaður hefir ekki vald til þess að gefa skipshöfninni fyrirskipanir, en ef sá, sem fyrirskipunarvaldið hefir, framkvæmir ekki hæfilega fljótt það, sem leiðsögumaður segir fyrir um stjórn skipsins, verður leiðsögumanni ekki gefin sök á því, sem af því hlýzt.

□ Skipstjóra er skylt að láta halda vörð meðan leiðsögumaður er í skipi. Sé þess ekki gætt, eða skipstjóri gerir ekki leiðsögumanni aðvart í tæka tíð, ef hætt er við árekstri, ber leiðsögumaður enga ábyrgð á skaða, sem kann að verða vegna árekstrar.

■ **18. gr.** Nú sér leiðsögumaður ekki vita, sjómerki eða önnur siglingamerki vegna myrkurs, dimmviðris eða annarra slíkra ástæðna, eða skipið lætur ekki vel að stjórn, svo að leiðsögumaður treystir sér ekki til að veita skipinu örugga leiðsögu af þessum eða öðrum ástæðum, sem hann ber eigi ábyrgð á, t. d. að hann telur sjávardýpið ekki nægilegt, og skal hann þá tilkynna skipstjóra það. Vilji skipstjóri þrátt fyrir það fá leiðsögu hans, skal leiðsögumaður í viðurvist minnst tveggja skipverja lýsa yfir því, að hann geti ekki með fullu öryggi veitt skipinu leiðsögu, og fer þá leiðsagan fram án ábyrgðar fyrir leiðsögumanninn, en framkvæma skal hann leiðsöguna svo vel og samvizkusamlega sem unnt er.

■ **19. gr.** Leiðsögumanni ber að leiðbeina skipi til þeirrar hafnar eða til þess staðar, sem skipstjóri óskar, og þangað sem honum er skylt að veita því leiðsögu, nema ástæður leyfi það ekki. Sé svo, ber leiðsögumanni að tjá skipstjóra það og veita honum allar upplýsingar um þær hafnir og legustaði, sem hann eftir atvikum getur leiðbeint skipinu til.

□ Leiðsögumaður má ekki fara af skipi fyrr en það er komið í höfn eða hefir lagzt fyrir traustum akkerum á þeim legustað, sem því er ætlaður, nema annar leiðsögumaður sé kominn á skipsfjöl og hafi tekið að sér leiðsöguna. Þegar leiðsögumaður leggur skipi, skal hann gæta þess, að það sé sem minnst til tálmunar umferð annarra skipa og báta.

□ Nú veitir leiðsögumaður skipi leiðsögu úr höfn og má hann þá ekki án samþykkis skipstjóra fara af skipi fyrr en hann hefir leiðbeint því eins langt og honum er skylt, nema skipið neyðist til að snúa aftur til leiðsögustöðvar hans. Þá má hann fara af skipinu, ef skipstjóri þarf ekki þegar aftur á aðstoð hans að halda.

■ **20. gr.** Nú hlekkist skipi á, meðan leiðsaga stendur yfir, og má þá leiðsögumaður ekki yfirgefa skipið, nema með leyfi skipstjóra. Leiðsögumaður skal án aukaþóknunar hjálpa skipstjóra að koma skipi á flot.

□ Nú hlekkist skipi á, þegar leiðsögumaður er ekki á skipsfjöl, en skipstjóri gefur leiðsögumerki, og skal þá leiðsögumaður koma út í skipið, en honum ber ekki skylda til að taka að sér leiðsögu, fyrr en skip er laust. Ef skipstjóri á annan hátt óskar eftir aðstoð leiðsögumanns meðan skipið er á grunni, má leiðsögumaður ekki neita henni, en um greiðslu fyrir hana ber honum að semja við skipstjóra. Nú kallar skipstjóri á leiðsögumann, en notar hann ekki, þótt hann komi, og ber honum þó að greiða honum hina ákveðnu þóknun.

1933 Nr. 48 19. júní

■ **21. gr.** Leiðsögumanni ber að vara skipstjóra við að varpa út seglfestu, ösku eða öðru slíku á höfnum og stöðum, þar sem það getur orðið til tálmunar siglingaleiðum. Honum ber að benda skipstjóra á, hvar slíku má varpa út. Nú verða leiðsögumenn varir við, að skip varpar út seglfestu, ösku eða öðru slíku þar sem það er ekki leyfilegt, og skal hann þá þegar tilkynna það lögreglustjóra. Skipstjóra ber að greiða allan kostnað við að nema burt aftur það, sem varpað hefir verið út í óleyfi, nema það hafi verið gert í neyð til þess að bjarga skipinu, en hafi svo staðið á, ber honum þegar að tilkynna það lögreglustjóra.

□ Skipstjóri, sem er innan landhelgislínu, skal skýra leiðsögumanni frá heimilisfangi skips, nafni þess, áætlunarstað og hvaðan það komi, ef óskað er.

**IV. kafli. Gjöld fyrir leiðsögu.**

■ **22. gr.** Gjöld fyrir leiðsögu fara eftir gjaldskrá, er ráðherra setur, og skal miða hana við brúttóstærð skipa, hve djúpt þau rista, leiðsöguleiðina og örðugleika. Fyrir skip, sem fara eftir fastri áætlun og jafnan nota leiðsögumann, má setja lægra gjald. Fyrir landflutning og heimferð leiðsögumanns er gjaldið ákveðið án tillits til stærðar skipa.

□ Á tímabilinu 1. apríl til 30. september, að báðum dögum meðtöldum, skal farið eftir sumargjaldskrá. Nú fer leiðsaga skips fram á báðum þessum tímabilum, og skal þá fara eftir þeirri gjaldskrá, sem er í gildi þegar leiðsaga byrjar.

□ Vetrargjaldskrá skal vera ⅓ hærri en sumargjaldskrá.

□ Varðskip, herskip og skemmtiskip greiða sama leiðsögugjald og önnur skip.

□ Störf, er leiðsögumenn vinna og gjaldskrá nær ekki til, greiðast eftir samkomulagi milli leiðsögumanns og skipstjóra.

□ Nú hefir leiðsögumaður ekki komizt á skipsfjöl, heldur leiðbeint með bendingum frá bát eða merki frá landi, og greiðir þá skipstjóri eigi að síður fyrir leiðsögu samkvæmt gjaldskrá.

■ **23. gr.** Leiðsögumaður á ekki kröfu á þóknun fyrir starf sitt, ef skip skemmist vegna árekstrar eða kennir grunns meðan leiðsagan stendur yfir, og honum er um að kenna.

■ **24. gr.** Skipstjóra ber að undirrita leiðsögumiða að leiðsögu lokinni og greiða samtímis leiðsögugjöld, en leiðsögumaður gefur skipstjóra kvittun fyrir gjöldunum á samrit af miðanum.

■ **25. gr.** Nú greiðir skipstjóri ekki leiðsögumanni lögboðin gjöld áður þeir skilja að lokinni leiðsögu, og ber skipstjóra þá að greiða þessi gjöld tvöföld áður en skip hans er afgreitt á næstu höfn. Fari skip beint til útlanda, gerir leiðsögumaður ráðuneytinu aðvart, en það gerir ráðstafanir til innheimtu gjaldanna hjá útgerð skipsins.

■ **26. gr.** Gjöld fyrir leiðsögu og annað, sem stendur í sambandi við hana, renna til leiðsögumanna, nema öðruvísi sé ákveðið.

**V. kafli. Um sektir o. fl.**

■ **27. gr.** [Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

□ Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.][1)]

[1)] *L. 75/1982, 40. gr.*

## Lög um heimild handa ríkisstjórninni til ákvörðunar um samflot íslenzkra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands.[1)]

1943 Nr. 47 14. apríl

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1917.*

## Lög um skipströnd og vogrek.[1)]

1926 Nr. 42 15. júní

[1)] *Sjá l. 34/1985, VIII. kafla.*

**I. kafli. Um skipströnd.**

■ **1. gr.** Hver, sem þess verður var, að hafskip sé í hættu statt við land eða strandað, eða að góss úr því reki á land, er skyldur að gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og góssi, enda skal hann tafarlaust skýra hreppstjóra, eða lögreglustjóra, ef auðveldara er að ná til hans, frá atburðum með firðskeyti eða símtali, ef þess er kostur, en ella með skyndiboða. Hreppstjóri skal með sama hætti skýra lögreglustjóra frá skipreika. Lögreglustjóri skýrir síðan dómsmálaráðherra, svo og eigendum og vátryggjendum skips og farms eða umboðsmönnum þeirra, ef vitað er, hverjir eru, frá því, hvernig komið er, með firðskeyti, ef þess er kostur, en ella með næstu póstferð. Dómsmálaráðuneytið skal svo, jafnskjótt sem unnt er, tilkynna skipreikann fyrirsvarsmanni þess ríkis, sem skip er frá.

■ **2. gr.** Hreppstjóri eða lögreglustjóri, ef hann er fyrr á strandstað kominn, skal svo fljótt sem unnt er fá úr því skorið, hvort skip skuli talið strandað. En þá er skip talið strandað og rétt að fara með það eftir lögum þessum, ef það er rekið upp eða fast orðið við land, enda verði því ekki bjargað á sjó út og gert haffært áður en hætta sé á því, að það farist að miklu leyti eða öllu. Hreppstjóri eða lögreglustjóri tilnefnir tvo valinkunna menn, er, að viðlögðum drengskap, meta þetta með honum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

■ **3. gr.** Hreppstjóri skal annast björgun og aðhlynning manna, varðveizlu skips og björgun góss og varðveizlu, þar til lögreglustjóri skipar fyrir um þau efni (sbr. þó 4. og 5. gr. og fyrstu málsgr. 7. gr.). En gæta skal hreppstjóri þess, að ekkert það verði gert, er tálma kunni síðar rannsókn nokkurra þeirra atriða, er strandið varða.

■ **4. gr.** Nú neitar skipstjóri eða annar viðstaddur fyrirsvarsmaður skips því skriflega, að góssi verði bjargað eða að ráðstafanir til björgunar verði gerðar, þar til lögreglustjóri kemur, og hlutast hreppstjóri þá ekki um björgun góss eða skips.

■ **5. gr.** Dómsmálaráðuneytið lætur gera eyðublöð með spurningum á íslenzku, dönsku, ensku, þýzku og frönsku um skip og skipstjóra, ferð þess, hvernig slysið vildi til, hvaða ráðstafana óskað sé af hálfu stjórnvalda um björgun og meðferð skipsmanna, og fá lögreglustjórum og hreppstjórum eyðublöð þessi. Skal hreppstjóri leggja eyðublað fyrir skipstjóra eða þann, sem í stað hans kemur, jafnskjótt sem því verður við komið, enda skal skipstjóri skrá svar sitt skýrt og greinilega við hverri spurningu. Nú verður brestur á þessu, og skal þá líta svo á, sem skipstjóri óski ekki aðstoðar íslenzkra stjórnvalda.

□ Þegar því verður við komið, skal héraðsdómari láta skipstjóra staðfesta áðurnefnda skýrslu sína fyrir dómi, svo og halda sjóferðapróf með þeim hætti, er í sjódómslögum segir,[1)] og eftir því, sem við á. Sjóferðapróf og

staðfesting skýrslu þarf þó ekki að fara fram, ef fyrirsvarsmaður þess ríkis, sem skip er frá, telur þess ekki þörf, nema manntjón hafi orðið eða slys á mönnum.

[1] *Ákvæði l. 85/1936 um sjó- og verslunardóm úr gildi felld með l. 28/1981, 42. gr.*

■ **6. gr.** Lögreglustjóri skal, svo fljótt sem kostur er á og eftir þörfum, skipa fyrir um björgun og meðferð skipbrotsmanna. Ef hann fer ekki sjálfur á vettvang, þá felur hann hreppstjóra eða öðrum umboðsmanni sínum framkvæmdir.

■ **7. gr.** Nú vill skipstjóri eða sá, er í hans stað kemur, eða umboðsmaður útgerðar eða vátryggjenda, annast sjálfur björgun á skipi eða góssi frá öndverðu, og er honum það þá rétt, en ekki er björgunarsamningur þó bindandi, nema samþykki lögreglustjóra eða viðkomandi ræðismanns komi til, enda sé sett, að áliti lögreglustjóra, full trygging af hálfu skips eða góss fyrir efndum samningsins.

□ Rétt er eiganda eða vátryggjanda strandaðs skips eða góss að taka í sínar hendur björgun og meðferð á skipi og góssi hvenær sem er, enda setji þeir fullnægjandi trygging fyrir greiðslu alls áfallins kostnaðar og þess kostnaðar, er síðar kann löglega á að falla, þar með kostnaður við heimsending strandmanna. Um björgunarsamninga fer samkvæmt 1. málsgr.

□ Hvarvetna þess er aðili tekur björgun skips eða góss í sínar hendur, eru íslenzk stjórnvöld við hana skilin.

■ **8. gr.** Nú er ekki svo ástatt, sem í 1. málsgr. 7. gr. segir, og má þá hreppstjóri eða lögreglustjóri ekki fresta björgun, þó að ósamið sé um bjarglaun. Kveður lögreglustjóri þá á um það, hversu þeim skuli greiða, er að björgun starfa. Bjarglaun skal annaðhvort miða við þann tíma, sem hver hefir unnið, enda komi þá til greina atvik öll, eða við verðmæti þess, sem bjargað er, enda séu þau þá að jafnaði þriðjungur verðs hins bjargaða, að frádregnum sölukostnaði.

■ **9. gr.** Lögreglustjóri eða sá, er í stað hans stýrir björgun, skal sjá um það, að allt, sem gert verður til að bjarga mönnum, skipi eða góssi, verði unnið svo fljótt og vel sem kostur er. Skal fyrst og fremst, næst mannbjörg, bjarga skipsskjölum. Ef líklegt þykir að skipi verði af grunni komið og að það verði gert haffært, þá skal kosta kapps um, að svo megi verða. Af góssi skal björgun á því, sem verðmætast er, ganga fyrir svo sem unnt er, og skal þess jafnan gætt, að öll merki eða auðkenni á góssi skemmist sem minnst.

□ Rétt er aðilja eða umboðsmanni hans að vera við björgun.

■ **10. gr.** Skylt er öllum verkfærum alþýðumönnum sjálfum sér ráðandi að vinna að björgun og varðveizlu bjargaðra muna, er lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kveður þá til þess. Með sama hætti er manni skylt að lána heimamenn sína, bát sinn, hesta eða áhöld til björgunar eða flutnings bjargaðra muna á geymslustað. Enn fremur er mönnum skylt að lána hús sín til geymslu bjargaðra muna, ef þeir mega án þeirra vera og þau spillast ekki verulega fyrir slíka notkun. Ef bjargað góss verður ekki geymt á fulltryggan hátt, þá skal setja um það vörð. Endurgjald fyrir lán hesta, skipa og áhalda, svo og kaup varðmanna, ákveður lögreglustjóri.

□ Ef strandmunir hverfa eða fara forgörðum af mannavöldum, skal hreppstjóri eða sá annar, er með umboð lögreglustjóra fer, skýra honum tafarlaust frá því, enda skal lögreglustjóri rannsaka málið jafnskjótt sem unnt er.

1926 Nr. 42 15. júní

■ **11. gr.** Ef skipsbrotsmenn geta ekki sjálfir útvegað sér húsnæði, mat og aðrar nauðsynjar, þar á meðal aðhjúkrun á sjúkum mönnum, þá skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans hlutast til um það, að bætt verði úr nauðsyn þeirra við sanngjörnu endurgjaldi, sem lögreglustjóri ákveður. Með sama hætti skal sjá um greftrun dáinna skipverja, enda skal gera hana með fullri sparsemi, ef greiða skal af strandinu.

□ Skylt er að veita skipbrotsmönnum húsaskjól og aðhlynning eftir megni og að því leyti sem ekki fer í bága við sóttvarnarráðstafanir.

□ Lögreglustjóri skal sjá um það, að skipbrotsmönnum verði veittur nauðsynlegur fararbeini þegar þeir mega frá strandi hverfa.

□ Nú tekur umboðsmaður þess ríkis, er skip er frá, að sér málefni þau, er í grein þessari segir, og eru þá íslenzk stjórnarvöld frá þeim tíma við þau skilin.

■ **12. gr.** Hreppstjóri heldur dagbók um strand hvert. Þar skal hann skrá nafn skips og heimilisfang og útgerð, hvar, hvernig og hvenær slys hafi að borið, hvenær (dag og klukkustund) hann hafi orðið þess var, hver eða hverjir þar hafi fyrst að komið, hver hafi fært honum fregn um atburði, hvenær hann sjálfur hafi á vettvang komið, og hvernig hafi þá verið þar umhorfs, hvar skip og góss var og hvernig það hafi þá verið farið, hvort skipstjóri og skipverjar hafi þar þá verið, hvernig þeir hafi bjargazt og hvernig ástatt sé um þá, hvort nokkur hafi farizt eða slasazt, hverjir hafi komið þeim til hjálpar, hvort hann hafi látið meta, hvort skip skyldi talið strandað, hverjir hafi gert það og hver niðurstaðan hafi orðið; hvaða ráðstafanir hann hafi gert til björgunar og aðhlynningar manna og til björgunar og varðveizlu góss, bæði áður en og eftir að hann fékk fyrirskipanir lögreglustjóra, hverju bjargað hafi verið, enda sé gerð svo nákvæm skrá um það sem unnt er. Þá skal í dagbók skrá, ef skipstjóri afsalar sér afskiptum hreppstjóra af björgun, hvort hann hafi gefið skýrslu samkvæmt 5. gr., svo og hvað annað, er strandið varðar og hreppstjóri skal annast. Eftirrit úr dagbók sendir hreppstjóri lögreglustjóra ásamt öðrum strandskjölum.

□ Lögreglustjóri löggildir stranddagbók hreppstjóra. Hana skal og gegnumdraga og tölusetja. Ríkissjóður kostar hana.

□ Hverju sinni er bókun er lokið, ritar hreppstjóri nafn sitt undir hana, ásamt skipstjóra eða þeim, er í stað hans kemur, ef hægt er að gera honum bókunina skiljanlega, og 2 öðrum valinkunnum mönnum eftir að bókun hefir verið lesin upp fyrir þeim. Túlk skal hafa, ef hans er kostur og þörf.

□ Lögreglustjóri skráir í lögreglubók eða sérstaka strandbók það, er hann gerir og strand eða strandmenn varðar, að undantekinni skýrslu um stranduppboð.

■ **13. gr.** Þeim, sem björgun stýrir eða annast gæzlu á strandgóssi, er rétt að vísa burt öllum þeim mönnum, sem engan þátt taka þar í og eru að öðru leyti óviðriðnir strandið. Svo skal og vísa brott þeim bjargendum eða flutningsmönnum strandgóss, er gera sig óhæfa til starfsins vegna óreglu, ótrúmennsku eða óspekta. Taka má þá fasta, er ekki fara fúslega. Lögreglustjóri sker úr ágreiningi út af framkvæmdum við björgun eða varðveizlu

strandgóss, og skal hann síðar bóka úrskurði þá, er hann hefir kveðið upp munnlega.

■ **14. gr.** Lögreglustjóri skal sjá um, að matvæli þau eða drykkjarföng, sem skemmzt hafa við strand og ef til vill eru skaðvæn heilsu manna, verði rannsökuð af héraðslækni, eða, ef ekki næst til hans, af tveimur mönnum, sem vit hafa á því. Skulu þeir segja til um það, hvort nota megi vörurnar og hvernig, án þess að tjón hljótist af, og skal þá selja þær með því skilorði, er þeir setja. Nú reynast vörur svo spilltar, að hætta er talin af notkun þeirra, og skal þá ónýta þær, og hafi lögreglustjóri eða hreppstjóri umsjón með því.

■ **15. gr.** Nú strandar skip, sem ekki hefir fengið heilbrigðisvottorð hér á landi, eftir að það síðast fór frá útlendri höfn, eða síðast hafði mök við skip á hafi úti, og skal þá, að svo miklu leyti sem frekast er unnt fara með skipið og skipshöfnina eftir fyrirmælum gildandi sóttvarnarlaga.

■ **16. gr.** Nú er tollvörum eða bannvörum bjargað, og skal þá lögreglustjóri eða hreppstjóri sjá um, að farið verði með þær lögum samkvæmt.

■ **17. gr.** Strandað skip eða það úr því, sem bjargazt hefir, svo og bjargað strandgóss, skal selja á opinberu uppboði, nema aðiljar samþykki annars konar sölu. Þá skal selja, er hallkvæmast má telja, enda skal gæta þess, að draga ekki sölu á munum, er ekki þola geymslu eða falla mundu annars í verði fyrir geymslu, eða hún yrði svo dýr, að hún svaraði ekki kostnaði. Lögreglustjóri skal, eða hreppstjóri í umboði hans, gera allar þær ráðstafanir, sem þörf er á vegna uppboðs. Uppboð skal birta þeim, er í grennd búa, og ef mikið er til sölu, þá einnig í nágrannasveitum. Lögreglustjóri kveður á um uppboðsskilmála. Þar skal meðal annars vera svo mælt, að skip eða skipsleifar, sem ekki eru fluttar burt úr fjöru eða flæðarmáli innan 2 ára frá skipstrandi talið, verði eign ríkissjóðs eða fjörueiganda samkvæmt 29. gr. laga þessara. Gjaldfrestur má ekki skemmri vera en 14 dagar, en innheimtumaður uppboðsandvirðisins ræður því, hverjum gjaldfrestur verður veittur. Rétt er að uppboðshaldari annist innheimtu, en eigi mega innheimtulaun fara fram úr 6 af hundraði, og hálfu minni skulu þau vera, ef greitt er við hamarshögg.

□ Lögreglustjóri leitar álits aðilja eða umboðsmanns hans um uppboð, ef þess er kostur án verulegs kostnaðar eða tafar, enda metur lögreglustjóri það.

■ **18. gr.** Jafnskjótt sem sölu strandgóss er lokið og kostnaður af strandi allur, þar á meðal kostnaður af flutningi skipbrotsmanna til burtfararhafnar héðan af landi, er fenginn, semur lögreglustjóri reikning um strandið. Sendir hann dómsmálaráðuneytinu reikninginn tvíritaðan ásamt fylgiskjölum, þar á meðal dagbókareftirriti hreppstjóra, eftirriti úr lögreglubók eða strandbók og uppboðsbók, skipsskjölum, sjóferðaprófi o. s. frv., til endurskoðunar og úrskurðar í öllum atriðum. Þegar dómsmálaráðuneytið hefir úrskurðað reikninginn, sendir það hann fyrirsvarsmanni viðkomandi ríkis, ef það hefir hér umboðsmann sinn, en ella til annarra réttra aðilja.

□ Uppboðsandvirði strandgóss, sem afgangs kann að verða kostnaði öllum af strandinu, sendir lögreglustjóri dómsmálaráðuneytinu jafnskjótt sem honum hefir verið tilkynnt, að reikningur væri úrskurðaður og gjaldfrestur liðinn. Dómsmálaráðuneytið sendir féð síðan fyrirsvarsmanni viðkomandi ríkis eða öðrum aðiljum.

■ **19. gr.** Lögreglustjóri eða umboðsmaður hans eða hreppstjóri skulu fá 10 krónur í fæðispeninga dag hvern, er þeir þurfa að vera að heiman vegna strands, og að auki ferðakostnað eftir reikningi. Þá daga, er hreppstjóri heldur uppboð á strandgóssi, fær hann lögmælt[1] sölulaun í stað fæðispeninga.

□ Fyrir sjóferðapróf skal gjalda héraðsdómara 12 krónur.

[1] *Sjá l. 32/1965.*

■ **20. gr.** Skip og góss, annað en venjulegur farangur skipverja, er, þar til það er selt að tilhlutun lögreglustjóra, og síðan andvirði þess, að veði framar öllum öðrum höftum, er á því kynnu að hvíla, til tryggingar öllum þeim kostnaði, er af strandi leiðir og áfallinn er fyrir ráðstafanir stjórnvalda eða einstakra manna, er þeir hafa gert af nauðsyn áður en stjórnvöld komu til, svo sem björgunarlaunum, hýsingu, flutningi og heimsendingu skipverja, varðveizlu góss, ferðakostnaði og dagpeningum, gjöldum fyrir réttargerðir, eftirrit, sendiferðir, símskeyti o. s. frv.

□ Ef andvirði strandgóss hrekkur ekki fyrir öllum strandkostnaði, og fyrirsvarsmaður viðkomandi ríkis greiðir hann ekki þegar, þá má eftir ósk lögreglustjóra greiða úr ríkissjóði það, sem á vantar, gegn endurgjaldi frá réttum aðiljum.

■ **21. gr.** Nú strandar íslenzkt skip hér við land, og taka þá ákvæðin hér að framan ekki til þess, nema fyrirmæli 1., 3., 6., 9., 10. og 11. gr. um björgun á mönnum og góssi og tilkynningar til hreppstjóra og lögreglustjóra og 14., 15. og 16. gr., svo og 20. gr., að því leyti sem ráðstafanir íslenzkra stjórnvalda vegna strandsins hafa haft kostnað í för með sér.

**II. kafli. Um vogrek.**

■ **22. gr.** Það er vogrek, er mannlaust skip rekur á land eða skipshluta eða aðra muni, sem svo eru merktir eða svo er annars farið um, að ætla má eignarrétti undirorpna.

■ **23. gr.** Ábúandi eða notandi lands skal vogrekum bjarga og veita þeim vörð. Ef enginn er ábúandi eða notandi, þá skal landeigandi bjarga vogrekum og geyma þeirra. Tilkynna skal hreppstjóra eða lögreglustjóra vogrek, enda skulu þeir hlutast til um björgun vogreks, ef þess gerist þörf, og varðveizlu. Ef lögreglustjóri hefir ekki sjálfur skoðað vogrek, þá ber hreppstjóra að láta honum í té, jafnskjótt sem verða má, glögga lýsing á því og áætlun um verðmæti þess.

■ **24. gr.** Nú sannar maður ótvírætt heimild sína til vogreks, áður en það er auglýst, og má þá selja honum það í hendur. Annars kostar, skal vogrek auglýsa með þeim hætti, er hér skal sagt verða:

Ef ætla má eftir framkomnum upplýsingum, að vogrek nemi ekki [yfir 5000 kr.],[1] þá auglýsir lögreglustjóri það með þeim hætti, er hann telur bezt fallinn til þess að komast fyrir það, hver eigandi sé. Ef telja má vogrek meira virði, þá auglýsir lögreglustjóri það einu sinni í Lögbirtingablaði, enda sendir dómsmálaráðuneytið fyrirsvarsmönnum annarra ríkja hér á landi eintak af auglýsingunni. Í auglýsingu skal lýsa vogreki eftir föngum og skora á tilkallsmenn að gefa sig fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar og sanna lögreglustjóra

heimildir sínar, því að annars kostar verði vogrek eða andvirði þess eign ríkissjóðs eða fjörueiganda. Áður en liðnir eru 6 mánuðir má engum tilkallsmanni selja vogrek í hendur, nema hann setji fulla tryggingu fyrir því, að hann skili vogreki aftur eða andvirði þess, ef annar skyldi koma áður frestur sé liðinn með ríkari gögn fyrir tilkalli sínu.

[1] *L. 44/1965, 1. gr.*

■ **25. gr.** Nú sannar maður heimildir sínar að vogreki áður lögmæltur frestur sé á enda, og skal þá selja honum það í hendur eða andvirði þess. Annars kostar verður vogrek eða andvirði þess eign ríkissjóðs, ef það eða andvirði þess [nemur 12 000 kr.][1] eða meira, að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, og ef um skip eða skipsflak er að ræða, að frádregnum áætluðum kostnaði við brottnám þess úr fjöru, en ella fjörueiganda.

□ Tilkallsmaður, er gefur sig fram áður en frestur er liðinn, getur borið kröfu sína undir dómstóla, ef lögreglustjóri vill ekki taka hana að öllu til greina. Ef fleiri en einn gera tilkall til vogreks, má engum þeirra selja í hendur fyrr en úr því er skorið með fullnaðardómi, hver skuli fá vogrek eða andvirði þess.

□ Nú ber maður upp kröfu sína eftir að lögmæltur frestur er liðinn, og á hann þess máls aldrei uppreist, nema hann sanni fyrir dómi, að ólöglega hafi með málið verið farið af hálfu stjórnvalda.

□ Mál samkvæmt 2. og 3. málsgr. skal höfða á hendur lögreglustjóra á varnarþingi hans, enda sé honum stefna birt áður en liðnir eru 6 mánuðir frá því, er hann synjaði kröfu stefnanda.

□ Nú þykir tvímælis orka um verðmæti vogreks, og skulu þá tveir dómkvaddir menn meta það.

[1] *L. 44/1965, 2. gr.*

■ **26. gr.** Vogrek sjálft, meðan það er óselt, en andvirði þess, eftir að það hefir verið selt, er að veði til tryggingar öllum kostnaði af ráðstöfunum þeim, sem löglega eru gerðar til að bjarga því, varðveita það og auglýsa, og gengur veð það fyrir öllum höftum, er vera kynnu á vogreki, enda skal jafnan greiða allan þann kostnað áður en vogrek eða andvirði þess sé nokkrum til eignar fengið.

□ Lögreglustjóri úrskurðar þann kostnað, sem hér segir, en bera má úrskurð hans undir dómsmálaráðuneytið áður en 3 mánuðir séu liðnir frá dagsetningu úrskurðar lögreglustjóra.

■ **27. gr.** Nú er skip eða skipsflak, sem er vogrek, selt á opinberu uppboði, og skal þá setja í uppboðsskilmála slíkt ákvæði, sem í 17. gr. segir um brotthöfn skips af fjöru, og láta sama varða, ef af er brugðið.

**III. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **28. gr.** Nú liggur skip eða skipsflak, þar á meðal vogrek, sem eigandi hefir leitt sig að, óhirt í fjöru 2 ár eða lengur frá því að eigandi leiddi sig að því, ef svo hefir verið, og skal lögreglustjóri þá auglýsa, eftir beiðni þeirra, er eignast mundu skip eða skipsflak eftir 25. gr., ef það væri vogrek, í Lögbirtingablaði, að skip eða skipsflak verði fengið þeim í hendur til eignar samkvæmt þessari grein, nema skip eða skipsflak hafi verið tekið út áður en 9 mánuðir séu liðnir frá birtingu auglýsingar. Ef það hefir ekki verið gert innan þess tíma, þá verður skip eða skipsflak eign ríkissjóðs eða fjörueiganda með þeim hætti, sem í 25. gr. segir.

■ **29. gr.** Nú hefir skip eða skipsflak legið óselt á strandstað eitt ár, og getur lögreglustjóri þá látið selja það ásamt því, er því fylgir, á opinberu uppboði, ef óráðlegt þykir vegna hagsmuna almennings, að dómi dómsmálaráðherra, að láta það vera lengur óselt. Í uppboðsskilmálum skal kveða svo á, að skip eða skipsleifar, sem ekki verði flutt burt úr fjöru innan tveggja ára frá því, er strandið varð, skuli verða eign ríkissjóðs eða fjörueiganda samkv. 25. gr. Upphæð skal jafnan tilkynna þeim, er hafa sérstaklega hagsmuna að gæta, ef heimilisfang þeirra er kunnugt, en annars kostar fyrirsvarsmanni þess ríkis, er skip var frá. Uppboðsandvirði, að frádregnum kostnaði, skal svo greiða samkvæmt 2. málsgr. 18. gr.

□ Nú hefur aðili björgun eða tekur að vinna úr skipi áður en ár er liðið frá strandinu, og skal dómsmálaráðherra þá veita honum hæfilegan frest til að halda þeim athöfnum áfram, unz tvö ár eru liðin frá þeim atburði eða allt að 3 árum, ef björgun er sérstökum erfiðleikum bundin. Sömu fresti skal og veita uppboðskaupanda, sbr. 17. og 27. gr. og fyrri málsgr. þessarar greinar, ef eins er ástatt.

■ **30. gr.** Atvinnumálaráðherra getur látið gera skip eða skipsflak óskaðvænt þegar eftir strand eða skipbrot, ef óhjákvæmileg nauðsyn þykir vegna hættu eða tálma, er af því stafi. Ef skip eða skipsflak verður annars til tálma eða hættu, þá skal vitamálastjórnin auðkenna staðinn, og jafnframt setja þeim, er skip eða skipsflak á, með auglýsingu í Lögbirtingablaði, hæfilegan frest til að hirða það. Að þeim fresti liðnum getur atvinnumálaráðherra látið gera skip eða skipsflak óskaðvænt. Ekki á sá, sem rétt á yfir skipi eða skipsflaki kröfu til bóta, þó að eign hans sé spillt fyrir þær ráðstafanir, sem í þessari grein segir.

□ Til tryggingar kostnaði af ráðstöfunum samkvæmt þessari grein er skip eða skipsflak, svo og farmur, ef hætta stafar af honum eða verulegt óhagræði, og andvirði, ef sala hefur farið fram, að veði framar öllum öðrum höftum, er á þeim kynnu að hvíla. Má selja það, er bjargast kann, á opinberu uppboði til greiðslu kostnaðar, en það er afgangs kynni að verða, skal greiða réttum aðiljum samkvæmt 18. gr. 2. málsgr.

■ **31. gr.** Fyrirmæli laga þessara hagga ekki reglum þeim um skipsflök á höfnum inni, sem settar eru eða settar kunna að verða í löggiltum reglugerðum kaupstaða eða kauptúna.

■ **32. gr.** Um refsingar fyrir brot á lögum þessum fer sem hér segir:

1. Ef einstakir menn brjóta það, sem þeim er boðið í 1., 10., 11. og 13. gr., eða hafa í frammi einræði eða mótþróa við björgun eða tefja hana viljandi, þá varðar það ...[1] sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

2. Ef lögreglustjóri, sérstakur umboðsmaður hans eða hreppstjóri eða önnur stjórnvöld brjóta lög þessi, þá fer um refsingar fyrir það eftir almennum hegningarlögum.

[1] *L. 10/1983, 61. gr.*

■ **33. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

□ [Mál út af brotum á lögum þessum varða sektum og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála.][1]

[1] *L. 10/1983, 61. gr.*

**1926** Nr. 42 15. júní

■ **34. gr.** Lög þessi skal þýða á dönsku, ensku, þýzku og frönsku og sérprenta, enda skal fá lögreglustjórum nægan forða af sérprentunum og þýðingum til afnota handa hreppstjórum og öðrum, sem á þeim þurfa að halda.

**1981** Nr. 56 29. maí

## Lög um vitamál.

### I. kafli. Yfirstjórn.

■ **1. gr.** Samgönguráðherra fer með yfirstjórn vitamála.

■ **2. gr.** Vitastofnun Íslands hefur með höndum framkvæmd vitamála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

□ [Vitamálastjóri veitir Vitastofnun Íslands forstöðu. Hann er skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn en gegnir jafnframt starfi hafnamálastjóra. Heimilt er að endurskipa vitamálastjóra svo oft sem verða vill.][1)]

□ Ráðherra ræður annað starfslið Vitastofnunar.

□ Við Vitastofnun skal starfa skipstjórnarmenntaður maður, ráðinn að fenginni umsögn Vitanefndar. Hann skal m. a. annast eftirlit vitakerfisins.

[1)] *L. 18/1987, 1. gr. Um gildistöku sjá Stjtíð. A 1987, bls. 32.*

### II. kafli. Verkefni Vitastofnunar Íslands.

■ **3. gr.** Verkefni Vitastofnunar Íslands er að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis siglinga við Íslandsstrendur og á fiskimiðunum í kringum landið, með þeim undantekningum, er síðar getur.

□ Til slíkra leiðbeininga teljast m. a. vitar og önnur föst merki á landi, fljótandi leiðarmerki og radíómerki til staðarákvörðunar.

□ Vitastofnun Íslands skal einnig hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningarkerfi, sem fyrir hendi eru á áðurgreindu svæði, og stuðla að útgáfu korta, er innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að sjófarendur geti notað áðurnefnd hjálpartæki. Vitastofnun Íslands skal hafa eftirlit af hálfu ríkisins með uppsetningu og rekstri leiðarmerkja, sem einstök sveitarfélög eða einstaklingar setja upp. Vitastofnunin skal annast, að beiðni Veðurstofu Íslands, veðurathuganir á vitastöðum. Þá fer Vitastofnunin með leiðsögumál, svo sem nánar er tilgreint í lögum.

### III. kafli. Vitanefnd.

■ **4. gr.** Vitanefnd, skipuð fulltrúum farmanna, útgerðarmanna og fiskimanna, skal hafa lagt fram álit sitt í öllum stefnumarkandi málum varðandi starfsemi Vitastofnunar Íslands áður en endanleg ákvörðun ráðuneytisins er tekin.

■ **5. gr.** Vitanefnd skipa sex menn og jafnmargir varamenn til fjögurra ára í senn. Fimm skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka, sem tilnefna einn fulltrúa hvert: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og samtök ísl. farmflytjenda. Ráðherra skipar sjötta manninn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann Vitanefndar.

□ Vitamálastjóri situr fundi Vitanefndar.

□ Heimilt skal ráðherra, ef ástæða þykir til, að fjölga fulltrúum í Vitanefnd, enda miði fjölgunin að því, að sjónarmið notenda og þeirra, sem bera kostnað af starfi Vitastofnunar Íslands samkvæmt V. kafla þessara laga, komi sem best fram. Þá skal Landhelgisgæslunni, Flugmálastjórn, Siglingamálastofnun ríkisins, Rannsóknarnefnd sjóslysa og Slysavarnafélagi Íslands gefinn kostur á að eiga fulltrúa í Vitanefnd þegar rætt er um mál er snerta starfsemi viðkomandi aðila.

■ **6. gr.** Formaður Vitanefndar kveður nefndina saman til funda svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Formaður undirbýr fundina ásamt vitamálastjóra. Vitanefnd skal fjalla um breytingar á álögðu vitagjaldi, nýbyggingar vita, meiri háttar endurbætur og breytingar, rekstur vitakerfisins, svo og verulegar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi.

□ Þá skal nefndin segja álit sitt á uppsetningu nýrra leiðarmerkja á vegum annarra aðila en ríkisins. Einnig skal nefndin fjalla um niðurfellingu þeirra eða annarra hjálpargagna fyrir sjófarendur.

### IV. kafli. Landsvitar og hafnarvitar.

■ **7. gr.** Vitakerfi Íslands greinist í tvo meginþætti, landsvita og hafnarvita.

□ Til landsvitakerfisins heyra í meginatriðum allir þeir vitar og önnur leiðarmerki, er telja má að þjóni almennum siglingum við ströndina ásamt fiskveiðum.

□ Hafnarvitar teljast þeir vitar og önnur leiðarmerki, er eingöngu eru reist til að leiðbeina skipum inn á hafnarsvæði eða um ákveðnar hafnir. Með hafnarsvæði er hér átt við það svæði, er lögsaga hafnarinnar nær yfir.

□ Við ákvörðun um, hvaða leiðarmerki skulu tilheyra landsvitakerfinu, skal leita álits Vitanefndar.

□ Ef hafnarstjórn eða einstaklingur vill setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur, skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við Vitastofnun Íslands, sem leitar umsagnar Vitanefndar um málið. Leiðarmerki má ekki taka í notkun fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu Vitastofnunar Íslands, sem þá sér um að merkið verði auglýst, svo sem nánar er greint í lögum þessum.

□ Vitastofnun Íslands skal sjá um að landsvitakerfið starfi svo sem til er ætlast og því er lýst í vitaskrá. Vitastofnunin skal jafnframt hafa eftirlit með hafnarvitum.

□ Hafnarstjórn eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til og sett upp leiðarmerki, er skuldbundinn til að viðhalda merkinu og tilkynna Vitastofnun Íslands tafarlaust um allar breytingar, er á því verða. Ef merki er ekki nægilega viðhaldið að dómi Vitastofnunar, er henni heimilt að annast nauðsynlegar lagfæringar á kostnað eiganda. Óski hafnarstjórn eða einstaklingur að leggja niður eða breyta leiðarmerki, skal um það sótt til Vitastofnunar Íslands.

□ Vitastofnun Íslands getur, að fenginni umsögn Vitanefndar, krafist þess, að hafnarstjórn láti gera á eigin kostnað þá vita og önnur leiðarmerki, sem Vitastofnun Íslands telur nauðsynlegt til öryggis siglinga um viðkomandi hafnarsvæði.

■ **8. gr.** Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki, er skyggi á leiðarmerki frá sjónum yfir þann boga sjóndeildarhringsins, sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Getur Vitastofnun Íslands látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess, ef brotið er á móti þessu.

□ Óheimilt er að setja upp ljós eða önnur merki, sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.

■ **9. gr.** Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til vitabygginga samkvæmt lögum þessum, svo og til íveruhúsa og búskapar handa

1981 Nr. 56 29. maí

vitagæslumönnum. Enn fremur til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa, að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vitabyggingin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

□ Um ákvörðun bóta skal farið eftir lögum nr. 11 6. apríl 1973 um framkvæmd eignarnáms.

**V. kafli. Vitagjald.**

■ **10. gr.** Til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands skal greitt vitagjald af skipum þeim, er sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Gjald þetta skal aðeins heimilt að nota í áðurnefndum tilgangi. Heimilt er að færa fjármagn á milli fjárlagaára.

■ **11. gr.** Vitagjald skal greitt af brúttórúmlestatölu skips, eins og hún er mest.

□ Af öllum íslenskum skipum, stærri en 10 rúmlestir, skal greitt vitagjald einu sinni á ári. Af öllum erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greitt vitagjald við hverja komu til landsins, sem svarar til ½ hluta af almenna vitagjaldinu, en þó aldrei oftar en 5 sinnum á hverju almanaksári. Heimilt er þó í reglugerð að ákveða lægra vitagjald en hér greinir fyrir erlend skemmtiferðaskip.

■ **12. gr.** Vitagjald skal ákveðið í reglugerð[1] að fengnum tillögum Vitanefndar, svo og annað það, er snertir innheimtu gjaldsins.

[1] *Rg. 615/1989.*

**VI. kafli. Upplýsingaskylda.**

■ **13. gr.** Vitastofnun Íslands skal sjá um, að allar breytingar á leiðbeiningum til öryggis siglinga verði tilkynntar sjófarendum. Auglýsingar skulu birtar minnst mánaðarlega í Tilkynningum til sjófarenda, er Sjómælingar Íslands gefa út.

□ Upplýsingar, er varða öryggi sjófarenda og ekki verða auglýstar með nægum fyrirvara í Tilkynningum til sjófarenda, skulu tilkynntar um strandstöðvar Landssímans og í útvarpi þegar þörf krefur.

□ Sérhverjum, sem annast rekstur leiðarmerkis, er skylt að koma tilkynningum um breytingar og bilanir til Vitastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má, en stofnunin sér síðan um birtingu þeirra. Á sama hátt ber öllum, sem verða varir við bilanir í vitakerfi landsins, að senda tilkynningar þar um til Vitastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má. Enn fremur skal Vitastofnun Íslands tilkynnt um alla farartálma, er verða á almennri siglingaleið og ekki er getið í sjókortum eða tilkynningum til sjófarenda.

**VII. kafli. Farartálmar.**

■ **14. gr.** Ef skip eða annað fljótandi far ferst eða strandar á siglingaleið, ber eiganda þess að tilkynna um atburðinn tafarlaust til Vitastofnunar Íslands, sem síðan merkir staðinn, ef ástæða er talin til.

□ Eiganda farsins skal skylt að fyrirmælum Vitastofnunar Íslands að gera þær ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til öryggis fyrir almennar siglingar og fiskveiðar.

□ Að liðnum gefnum fresti getur Vitastofnun Íslands á kostnað eiganda fjarlægt hverja þá farartálma eða flök, sem hér um ræðir.

□ Kostnaður við merkingu farartálma skal greiddur af eiganda hans.

**VIII. kafli. Vitavarsla.**

1981 Nr. 56 29. maí

■ **15. gr.** Sérhver viti eða annað leiðarmerki skal vera í vörslu ábyrgs umsjónarmanns. Leiðarmerki, sem eru í eign hafnarsjóða, skulu talin í ábyrgð hafnarstjóra eða hafnarvarðar, og er hafnarstjórn skylt að senda Vitastofnun Íslands tilkynningu um, hver sé ábyrgðarmaður merkisins.

**IX. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **16. gr.** Ráðuneytið skal setja reglugerð[1] til nánari skýringar á lögum þessum. Í reglugerðinni skulu jafnframt vera ákvæði um skipulag og starfshætti Vitastofnunar Íslands, þar sem stefnt skal að sem mestri hagræðingu og samvinnu hennar og Hafnamálastofnunar ríkisins.

[1] *Sjá rg. 118/1912.*

■ **17. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

■ **18. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 20 22. september 1899; 23 11. júlí 1911; 16 14. júní 1929; 43 14. júní 1929; 43 19. júní 1933; 31 13. júní 1937; 63 7. maí 1940; 50 11. júní 1960 og 61 29. maí 1972.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Endurskoða skal vitakerfið með tilliti til skiptingar í landsvita og hafnarvita. Skal ríkisstjórninni heimilað að afhenda hafnarstjórnum leiðarmerki til eignar og reksturs, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Á sama hátt er vitamálastjóra heimilt fyrir hönd ríkisins að taka við leiðarmerki frá viðkomandi hafnarstjórn til eignar og reksturs, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir.

□ Skal þessari endurskoðun lokið innan eins árs frá gildistöku laga þessara.

## Lög um bann gegn jarðraski.

1940 Nr. 123 17. ágúst

■ **1. gr.** Í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, malartaka og annað jarðrask í fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé, að ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta nær þó ekki til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnargerða eða annarra mannvirkja. ...[1]

[1] *L. 48/1956, 35. gr.*

■ **2. gr.** Nú hagar þannig til, þar sem sand- og malartaka er bönnuð samkvæmt 1. málsgr. 1. gr., að áhættulaust virðist að taka efni í landi, sem ofangreind ákvæði ná til, og getur þá landeigandi leyft jarðraskið á ákveðnu svæði með samþykki [náttúruverndarráðs][1] að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Slíkt leyfi má ekki veita til lengri tíma en 5 ára í senn, en það má endurnýja með samþykki [náttúruverndarráðs],[1] ef það er þá talið hættulaust. Nú þykir einhverjum rétti sínum hallað, og getur hann þá skotið ákvörðun [náttúruverndarráðs][1] til ráðherra, og er úrskurður hans um málið fullnaðarúrskurður.

□ Nú hefir leyfi verið fengið, og ber þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd að auglýsa og merkja á fullnægjandi hátt, á hvaða svæði efnisnámið sé leyft.

[1] *L. 48/1956, 35. gr.*

■ **3. gr.** [Brot gegn lögum þessum varða sektum og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála.][1]

[1] *L. 75/1982, 41. gr.*

**1932** Nr. 22 23. júní

## Lög um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

■ **1. gr.** Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykkt um það, að áskilja bæjarfélagi forkaupsrétt (forleigurétt) á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum innan lögsagnarumdæmisins, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfélaginu forkaupsrétt (forleigurétt) á.

□ Kauptún sem er sérstakt hreppsfélag, getur einnig gert samþykkt um forkaupsrétt (forleigurétt) kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan hreppsins, svo og öðrum fasteignum innan hreppsins, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfélagi forkaupsrétt (forleigurétt) á.

■ **2. gr.** Samþykktir samkvæmt 1. gr. skulu gerðar til 5 ára í senn, og skulu í þeim taldar fasteignir þær, er kaupstaður eða kauptún áskilur sér forkaupsrétt (forleigurétt) á. Samþykkt öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðherra[1] hefir staðfest hana, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.[2] Jafnframt skal hún þinglesin á varnarþingi fasteignar.

[1] *Nú félagsmálaráðherra, skv. augl. A 96/1969, 4. gr.* [2] *Um samþykktir sjá t. d. 397/1989 (Stykkishólmur), 344/1986 (Svalbarðsstrandarhreppur), 499/1986 (Akranes), 488/1988 (Keflavík) og 72/1989 (Kópavogskaupstaður).*

■ **3. gr.** Eigendur fasteigna þeirra, er samþykktir taka til, skulu skyldir að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrétt (forleigurétt) á eignum fyrir það verð, er í raun og veru stendur til boða hjá öðrum, enda séu borgunarkjör og aðrir skilmálar eigi gerðir erfiðari.

□ Innan tveggja vikna frá því, er forkaupsréttur (forleiguréttur) var boðinn, skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skylt að segja til, hvort hún ætlar að nota forkaupsrétt (forleigurétt) eða eigi.

□ Yfirlýsing bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um það, að hún afsali sér forkaupsrétti (forleigurétti), gildir eigi lengur en eitt ár. Nú svarar bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi boði um að neyta forkaupsréttar (forleiguréttar) innan ákveðins tíma, og skal þá líta svo á, sem hún hafi hafnað boðinu.

■ **4. gr.** Nú er eigi gætt fyrirmæla laga þessara um að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrétt (forleigurétt), og getur þá aðili, er forgangsréttur hans er fyrir borð borinn, krafizt þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fékk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rétthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

**1984** Nr. 69 28. maí

## Hafnalög.

### I. kafli. Yfirstjórn hafnamála.

■ **1. gr.** Samgönguráðherra fer með yfirstjórn allra hafnamála.

■ **2. gr.** Samgönguráðherra skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál. Í hafnaráði skulu eiga sæti fulltrúi tilnefndur af Hafnasambandi sveitarfélaga og tveir fulltrúar tilnefndir af samgönguráðherra. Skal annar þeirra vera starfsmaður samgönguráðuneytisins og er hann jafnframt formaður ráðsins. Tveir varamenn, sinn frá hvorum aðila, eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

□ Hafnaráð skal skipa til 4 ára í senn.

□ Þóknun til hafnaráðsmanna greiðist úr ríkissjóði.

■ **3. gr.** Hafnaráð skal fjalla um öll meiri háttar skipulags-, rekstrar- og fjárfestingarmál Hafnamálastofnunar ríkisins og fylgjast almennt með starfsemi hennar.

□ Hafnaráð skal vera ráðgefandi um framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og um fjármál hafnanna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

□ Hafnamálastjóri situr fundi ráðsins ásamt þeim starfsmönnum stofnunarinnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti. Skal hann leggja þar fyrir þau mál sem hann telur falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir. Skal það gert áður en hafnamálastjóri sendir viðkomandi erindi til samgönguráðherra ef því verður við komið.

■ **4. gr.** Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt sem ákveðið er í lögum þessum.

□ Hafnamálastjóri skal, að fenginni umsögn hafnaráðs, skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu, jafnframt því sem hann gegnir starfi vitamálastjóra og annast framkvæmd laga um leiðsögu skipa.[1] Heimilt er að endurskipa hafnamálastjóra svo oft sem verða vill.

□ Ráðherra skipar einnig yfirmenn deilda, sbr. 6. gr. Leita skal tillagna hafnaráðs og hafnamálastjóra um skipun í þessi störf.

□ Hafnamálastjóri ræður annað starfsfólk Hafnamálastofnunar samkvæmt ráðningarsamningi.

[1] *Sbr. l. 48/1933.*

■ **5. gr.** Hafnamálastofnun skal hafa umráð yfir tækjum sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni sem henni eru falin og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið og sérhæfð tæki. Sérstaklega skal stofnunin búin fullnægjandi rannsóknarbúnaði.

■ **6. gr.** Hafnamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

### II. kafli. Um stjórn hafna og rekstur.

■ **7. gr.** Höfn táknar í lögum þessum nánar afmarkað svæði þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara, hverju nafni sem nefnast, enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.

□ Til þess að um höfn geti verið að ræða samkvæmt lögum þessum þarf henni að hafa verið sett reglugerð samkvæmt staðfestu deiliskipulagi er tilgreini mörk hennar auk annarra nauðsynlegra stjórnunarákvæða.

■ **8. gr.** [Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög, eitt eða fleiri.][1]

[1] *L. 108/1988, 68. gr.*

■ **9. gr.** Hafnarstjórn, skipuð 3 – 5 mönnum, hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs á þann hátt sem eigendur hennar ákveða og í samræmi við reglugerð.

□ Hafnarstjórn er kosin af eigendum hafnar. Séu þeir fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt samningi.

□ Eigandi hafnar ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans að fengnum tillögum hafnarstjórnar.

■ **10. gr.** Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum

**1984** Nr. 69 28. maí

og að fengnum tillögum eigenda hafna sérstaka hafnarreglugerð[1)] fyrir hverja höfn. Í reglugerðinni skulu m. a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Kosningu, starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.
3. Starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
4. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
5. Hafnsögu.
6. Viðurlög við brotum.

[1)] *Rg. 17/1930, sbr. 156/1942 (Skálaveiðistöð), 178/1940 (Norður-Ísafjarðarsýsla), 219/1941 (Önundarfjörður), 161/1942, sbr. 117/1959 og 92/1961 (Krossavíkurhöfn), 60/1947 (Hvalsker), 77/1947, sbr. 203/1950 og 133/1975 (Flateyrarkauptún), 96/1947 (Kaldrananes), 175/1947, sbr. 47/1951 (Flateyjarhöfn), 263/1950 (Hjallanes), 265/1950 (Hellnahöfn), 220/1951, sbr. 76/1961 og 76/1981 (Svalbarðseyri), 69/1956 (Haganesvík), 111/1956, sbr. 17/1959, 4/1964, 5/1970, 80/1971, 280/1972 og 179/1975 (Siglufjarðarkaupstaður), 120/1959, sbr. 148/1970, 285/1972 og 189/1975 (Grímsey), 202/1962 (Skarðsströnd), 149/1964, sbr. 22/1976 (Raufarhöfn), 124/1966 (Mjóafjarðarhöfn), 310/1968 (Norðurfjarðarhöfn), 423/1989 (Ólafsvík), 65/1970, sbr. 113/1975 (Höfn í Hornafirði), 66/1970, sbr. 135/1975 og 289/1975 (Grundarfjörður), 300/1972, sbr. 228/1977 (Búðakauptún), 13/1973, sbr. 109/1975 (Vopnafjarðarkauptún), 15/1973, sbr. 405/1975 (Súðavík), 124/1973, sbr. 210/1976 (Suðureyrarkauptún), 173/1973, sbr. 125/1975 (Borgarfjörður eystri), 197/1974 (Kópavogshöfn), 198/1974 (Drangsnes), 322/1974, sbr. 216/1976 (Bíldudalskauptún), 325/1974, sbr. 214/1976 (Djúpavogskauptún), 342/1974, sbr. 193/1975 (Hofsóskauptún), 146/1975 (Borgarnes), 9/1973, sbr. 177/1975 (Hrísey), 181/1975 (Grindavíkurhöfn), 191/1975 (Hólmavíkurhöfn), 256/1975 (Örlygshöfn), 258/1975 (Reykhólahöfn), 498/1975 (Vogahöfn), 178/1976 (Þingeyrarkauptún), 206/1976 (Tjörneshöfn), 131/1978 (Grenivík), 407/1978 (Dyrhólahöfn), 328/1979 (Arnarstapahöfn), 214/1980 (Grundartangahöfn), 26/1982 (Blönduós), 100/1986 (Sauðárkrókur), 307/1986 (Húsavíkurhöfn), 306/1986 (Þórshöfn), 130/1986 (Reykjavíkurhöfn), 302/1972, sbr. 187/1975 og 211/1985 (Bakkafjörður), 485/1989 (Garðakaupstaður), 375/1985, sbr. 501/1987 (Hafnarfjarðarhöfn), 376/1985 (Sandgerðishöfn), 377/1985 (Vestmannaeyjahöfn), 378/1985 (Eskifjarðarhöfn), 379/1985 (Neskaupstaðarhöfn), 380/1985 (Seyðisfjarðarhöfn), 381/1985 (Kópaskershöfn), 382/1985 (Dalvíkurhöfn), 383/1985, sbr. 360/1986 og 483/1989 (Skagastrandarhöfn), 477/1985 (Reyðarfjarðarhöfn), 480/1985 (Ólafsfjarðarhöfn), 489/1985 (Bolungarvík), 262/1986 (Breiðdalsvíkurhöfn), 131/1986 (Patreksfjörður), 165/1986 (Stykkishólmur), 98/1987 (Akureyri), 185/1987 (Brjánslækur), 207/1987 (Stöðvarfjörður), 438/1988 (Akraneshöfn), 439/1988 (Hvammstangahöfn), 56/1989 (Ísafjörður), 146/1989 (Tálknafjörður), 91/1990 (Þorlákshöfn). Rg. 71/1956 (Rif) og rg. 52/1971, sbr. 46/1973, 127/1975 og 412/1983 (Keflavík og Njarðvíkur) voru settar skv. sérlögum. Um þessar hafnir gilda nú hafnalög, sbr. l. 87/1989, 74. gr.*

■ **11. gr.** Eftirtalin gjöld skulu greidd fyrir afnot hafna:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota höfnina:

a. Gjöld, miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
b. Fastagjöld fiskiskipa í heimahöfn.
c. Hafnsögugjöld.
d. Gjöld af ferjuflutningum.
e. Önnur þjónustugjöld.

2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.

3. Leigur fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.

4. Leyfisgjöld eftir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið samkvæmt 18. gr.

5. Lóðargjöld.

☐ Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi er um þá bryggju fer. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta til sín vörugjöld af vörum er fara um bryggjuna, nema hafnarstjórn samþykki.

■ **12. gr.** Öll gjöld samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki hjá þeim aðila sem samkvæmt reglugerð er gert að standa skil á greiðslum til hafnarsjóðs.

☐ Skipagjöld skulu miðuð við stærð skipa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi skipi og vátryggingafé þess ef það skyldi farast. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

☐ Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda.

☐ Vörugjald af útflutningi og aflagjald skulu auk þess tryggð með veði í útflutningsbirgðum þess aðila sem skuldar vörugjald.

☐ Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við almenna gjaldskrá samkvæmt 13. gr. og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð. Ákvæði þetta nær þó ekki til skipa undir 30 brúttórúmlestum að stærð þegar um sjávarafla er að ræða.

☐ Lóðargjöld af löndum hafna skulu almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðar.

■ **13. gr.** Hafnaráð skal, að fengnum tillögum Hafnasambands sveitarfélaga, gera tillögur til samgönguráðuneytisins, a. m. k. einu sinni á ári, um gjaldskrá samkvæmt 1. tl. a – b og 2. tl. 11. gr. Skal gjaldskráin við það miðuð að tekjur hafnarsjóðanna standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbygginga.

☐ Slík gjaldskrá, staðfest af samgönguráðherra, skal gilda fyrir allar hafnir er lög þessi ná til.

☐ Önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn.

☐ Ráðuneytið getur heimilað einstökum hafnarstjórnum frávik frá hinni almennu gjaldskrá ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

■ **14. gr.** Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar.

☐ Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða.

☐ Eigandi hafnar ber ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

■ **15. gr.** Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og sendi hana Hafnamálastofnun ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum, enda hafi áður verið leitað samþykkis eigenda.

■ **16. gr.** Halda skal reikning fyrir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

☐ Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok aprílmánaðar á næsta ári skal skrá rekstrar- og efnahagsreikning hafnarsjóðs á sérstök eyðublöð er Hafnamálastofnun lætur gera.

☐ Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs, nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, en þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningum.

☐ Hafnarstjórn er skylt að senda Hafnamálastofnuninni allar aðrar upplýsingar sem hún kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

☐ Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði við-

**1984** Nr. 69 28. maí

skiptareikning síðasta árs fyrir 1. mars ár hvert ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

■ **17. gr.** Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær eignir hafnarsjóðs er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins.

□ Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem best með að ákvæði þessarar greinar séu haldin skal senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar, sé þess óskað.

■ **18. gr.** Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnarinnar og er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn og hafnamálastjóra við gerð þess.

□ Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðinu nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Rísi ágreiningur skal málinu vísað til samgönguráðuneytisins til úrskurðar.

□ Sé leyfi til mannvirkjagerðar eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

□ Hafnarstjórn er heimilt, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af eða hafa staðið ónotuð í 5 ár eða lengur.

**III. kafli. Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.**

■ **19. gr.** Frumkvæði um hafnargerðir er hjá eiganda hafnar og framkvæmdir við þær á ábyrgð hans.

■ **20. gr.** Áður en hafnarframkvæmdir hefjast skal staðfest að fjármagn verði handbært til viðkomandi verkáfanga.

■ **21. gr.** Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði þeim sem hlut á að máli.

□ Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati og getur hann þá krafist yfirmats, en það skal gert innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma af þremur dómkvöddum mönnum og greiðist kostnaður vegna þess samkvæmt venju.

■ **22. gr.** Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu unnar undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins, og skulu allar áætlanir og uppdrættir sendar stofnuninni til samþykktar, svo og öll þau reikningsgögn er þarf til að annast nauðsynlega endurskoðun kostnaðar.

□ Hafnamálastofnunin annast framkvæmd verkþátta sem kostaðir eru að fullu af ríkissjóði, sbr. 26. gr., í samráði við viðkomandi hafnarstjórn.

□ Framkvæmd annarra verkþátta annast viðkomandi hafnarstjórn beint með eigin starfsliði eða með samningum við verktaka á grundvelli útboðs eða á annan hátt.

□ Fari hafnarstjórn þess á leit annast Hafnamálastofnun auk frumrannsókna framkvæmdir eftir því sem við verður komið, skipulagningu hafnarsvæða, hönnun einstakra mannvirkja og gerð kostnaðaráætlana.

1984 Nr. 69 28. maí

■ **23. gr.** Hafnarframkvæmdir eru kostaðar af sjálfsaflafé hafnarinnar og framlagi frá eigendum. Enn fremur greiðir ríkissjóður hluta af kostnaði við hafnargerðir eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

■ **24. gr.** Eftirfarandi hafnarframkvæmdir geta notið framlags úr ríkissjóði:

1. Undirbúningsrannsóknir og hönnun, þar með talið skipulag hafna og hafnarsvæða, svo og kostnaður við útboð einstakra styrkhæfra framkvæmda.
2. Framkvæmdir við hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta, dýpkanir og uppfyllingar.
3. Dreifikerfi rafmagns, skólps og vatns sem nauðsynleg eru vegna starfsemi hafnarinnar, samkvæmt sérstakri ákvörðun hverju sinni.
4. Lagning varanlegs slitlags á umferðaræðar innan marka hafnarmannvirkja samkvæmt sérstakri ákvörðun hverju sinni.
5. Stofnkostnaður við siglingamerki, mengunar- og slysavarnir.
6. Framkvæmdir við upptökumannvirki fyrir skip.
7. Stofnkostnaður við hafnarvogir, hafnsögubáta og fasta krana til löndunar úr smábátum.

□ Niðurrif hafnarmannvirkja í eigu hafnarsjóðs telst hafnarframkvæmd enda sé það liður í nýbyggingu, til umhverfisbóta eða mannvirkið í vegi fyrir notkun annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

□ Sé mannvirki svo illa farið að til álita komi að endurbyggja það skal slík endurbygging því aðeins teljast styrkhæf að mannvirkið hafi hlotið eðlilegt viðhald að dómi hafnamálastjóra.

□ Styrkhæfur telst einnig vaxtakostnaður á byggingartíma, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, ásamt kostnaði vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistaps verði hann til vegna hluta ríkissjóðs í framkvæmdinni og hafi verið stofnað til hans með heimild ráðuneytisins og fjárveitinganefndar Alþingis.

□ Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald, svo sem endurnýjun á þybbum, þekjum og lögnum, og er slíkt viðhald ekki styrkhæft.

□ Landa- og lóðakaup hafna njóta ekki ríkisstyrks.

□ Styrkhæfni framkvæmda skal ákveðin áður en þær hefjast.

□ Rísi ágreiningur um styrkhæfni framkvæmda skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

■ **25. gr.** Skilyrði fyrir greiðslu kostnaðar úr ríkissjóði samkvæmt 24. gr. eru:

1. Að sveitarfélag ...[1)], eitt eða fleiri, hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins. Sé um fleiri en einn aðila að ræða skulu þeir hafa gert með sér samning um kosningu hafnarstjórnar samkvæmt 9. gr., endurskoðun og úrskurð reikninga, enda hafi samningurinn verið staðfestur af ráðuneytinu og hafnarstjórn fullskipuð.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt á því landsvæði á strandlengju hafnarinnar sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi sem fram fer við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði að hafnar-

sjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verslunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.

3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun varðandi útgjöld og greiðslu kostnaðar sem eigandi hafnar hefur samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnaráðs og hafnamálastjóra.

[1] *L. 108/1988, 69. gr.*

■ **26. gr.** Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkisjóðs í hafnargerðum:

1. Ríkissjóður greiðir 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. Ríkissjóður greiðir 90% stofnkostnaðar við dýpkun aðalsiglingarleiðar að höfn samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.

3. Ríkissjóður greiðir allt að 75% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir: Hafnargarða (öldubrjóta). Bryggju- og viðlegukanta. Dýpkanir, uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæði innan marka sem ákveðin eru af ráðuneytinu. Siglingamerki. Mengunar- og slysavarnir. Vatns-, raf- og holræsalagnir um hafnarmannvirkin.

4. Ríkissjóður greiðir allt að 40% af stofnkostnaði við upptökumannvirki fyrir skip, hafnarvogir, hafnsögubáta og fasta krana til löndunar úr smábátum.

■ **27. gr.** Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar ráðuneytinu sem leitar álits hafnaráðs og hafnamálastjóra og sendir síðan tillögur sínar til fjárveitinganefndar Alþingis.

□ Fjárveitinganefnd Alþingis getur ákveðið, að fengnum tillögum ráðherra, sem áður skal leita umsagnar hafnaráðs og hafnamálastjóra, að ríkisframlag samkvæmt 26. gr. verði lægra en þar greinir til hafna sem metnar eru fjárhagslega færar um að standa undir hærri kostnaðarþátttöku.

□ Mismunur framlaga úr ríkissjóði, sem þannig myndast, skal renna sem tekjur til Hafnabótasjóðs, sbr. 2. tl. 31. gr. þessara laga. Ákvæði þessarar mgr. tekur þó ekki til Reykjavíkurhafnar.

■ **28. gr.** Heimilt er að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem ekki hafa nægar tekjur til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum. Við fjárlagagerð hvers árs skal samgönguráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. Ráðherra skal gera tillögu til fjárveitinganefndar og Alþingis um skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

**IV. kafli. Um framkvæmdaáætlanir.**

■ **29. gr.** Hafnamálastofnun skal vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára.

□ Við þessa áætlunargerð ber Hafnamálastofnuninni að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórnir, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð.

□ Sérstök fjögurra ára áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórunum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

□ Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar.

□ Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmdir í hafnamálum árið áður.

**V. kafli. Um Hafnabótasjóð.**

■ **30. gr.** Hafnabótasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

■ **31. gr.** Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, eigi lægra en 15% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs.

2. Mismunur á fullu framlagi ríkissjóðs og því sem hafnarsjóði er ákveðið, sbr. ákvæði 27. gr.

3. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, sbr. 5. mgr. 12. gr.

4. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

■ **32. gr.** Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða utan allt að 200 millj. kr.

■ **33. gr.** Ráðherra ráðstafar fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt, að fengnum tillögum hafnamálastjóra og hafnaráðs og með samþykki fjárveitinganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda með hliðsjón af fjárþörf í hverju tilviki.

2. Sjóðnum er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, þ. m. t. tjón sem ekki fæst að fullu bætt vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.

3. Sjóðnum er heimilt að veita styrk umfram ríkisframlag til nýrra hafnarframkvæmda sem nemi allt að 15% af heildarframkvæmdakostnaði til staða sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka.

4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum.

■ **34. gr.** Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

■ **35. gr.** Seðlabanki Íslands annast í umboði ráðherra vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs og veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

■ **36. gr.** Hafnabótasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af eigin lántökum.

■ **37. gr.** Umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði skulu sendar til samgönguráðuneytisins.

□ Umsóknum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur, þ. á m. reikningar hafnarinnar síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárþörf hennar.

**VI. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **38. gr.** Hvers konar bótakröfum fyrir tjón, sem skip kunna að valda á eignum hafnarsjóða, fylgir lögtaksréttur.

■ **39. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

□ Til tryggingar greiðslum sektar og vangoldinna gjalda samkvæmt lögum þessum er kyrrsetning heimil.[1]

[1] *2. mgr. 39. gr. fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 31/1990, 44. gr.*

■ **40. gr.** Ráðherra skal fyrir árslok 1984 setja reglugerð[1] um framkvæmd þessara laga.

[1] *Rg. 494/1986, sbr. 44/1988 (um hafnamál).*

1984 Nr. 69 28. maí

**1984** Nr. 69 28. maí

■ **41. gr.** Með lögum þessum eru úr gildi felld hafnalög, nr. 45 24. apríl 1973, og lög nr. 83 31. maí 1976, um breytingu á þeim lögum, nema ákvæði laganna um greiðsluþátttöku ríkissjóðs sem falla úr gildi 31. desember 1984.

■ **42. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði um greiðsluþátttöku ríkissjóðs koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1985.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** ...[1]

[1] *Ákvæði um afhendingu mannvirkja landshafnanna í Rifi, Þorlákshöfn og Keflavík-Njarðvík til viðkomandi sveitarstjórna. Lög um viðkomandi hafnir felld úr gildi með l. 87/1989, 74. gr.*

■ **II.** Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um skipunartíma hafnamálastjóra skal skipun núverandi hafnamálastjóra halda gildi sínu.

**1932** Nr. 16 23. júní

**Lög um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum í Hólshreppi.**

■ **1. gr.** Hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu til afnota við brjótinn í Bolungarvík, sem sé nægilega stór til þess að koma skipulagi á um landtöku mótorskipa sunnan öldubrjótsins og undir fiskverkunarstöð norðan öldubrjótsins, ásamt þeim húsum og mannvirkjum, sem eru á þessu landi.

■ **2. gr.** Réttindi Vatnsfjarðarkirkju til uppsáturstolla af landinu haldist óbreytt.

■ **3. gr.** Að öðru leyti skal eignarnámið framkvæmt samkv. lögum nr. 61 14. nóv. 1917.[1]

[1] *Nú l. 11/1973.*

**1932** Nr. 17 23. júní

**Lög um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal.**[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1944 – 1945.*

**1938** Nr. 21 13. jan.

**Lög um eignarnám á landspildu í Sandvíkurlandi.**[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1945.*

**1868** 17. apríl

**Lög um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur.**[1]

Stjórninni skal heimilt, ef að jafnrétti kemur á móti, að leyfa skipum úr útlendum ríkjum, sem hafa forréttindi í verzlunarviðskiptum sínum við Danmörku, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi án tillits til lestatals þeirra. ...[2] skal samt gætt hinna almennu ákvarðana, sem gilda um slíkar siglingar.

[1] *Sjá l. 15. apríl 1854, 3. gr.* [2] *L. 39/1918, 1. gr.*

**1917** Nr. 2 18. jan.

**Lög um bann við sölu og leigu skipa úr landi.**

■ **1. gr.** Bönnuð skal sala og leiga skipa út úr landinu.

□ Landsstjórnin getur veitt undanþágu frá banni þessu.

■ **2. gr.** [Brot gegn lögum þessum varða sektum og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála.][1]

[1] *L. 10/1983, 65. gr.*

**Lög um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.** **1943** Nr. 90 16. des.

■ **1. gr.** Stofna skal og starfrækja reikningaskrifstofu sjávarútvegsins undir yfirstjórn Fiskifélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé.

■ **2. gr.** Ríkissjóður skal endurgreiða Fiskifélagi Íslands kostnað við reikningaskrifstofuna, þar á meðal til útgáfu skýrslu um útgerðarkostnað og til eyðublaða til innfærslu reikninga um útgerðir, sem skrifstofan lætur gera, þó eigi yfir kr. 10 000,00 á ári.

■ **3. gr.** Hlutverk reikningaskrifstofu sjávarútvegsins er:

1. Að safna saman reikningum um útgerð víðs vegar á landinu, bæði frá þeim, sem bókhaldsskyldir eru, og öðrum, sem halda slíka reikninga, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af rekstri útgerðarfyrirtækja yfirleitt og jafnframt af rekstri hinna ýmsu greina útgerðarinnar.
2. Að stuðla að því, að þeir, sem útgerð reka, en ekki eru bókhaldsskyldir, haldi sem gleggsta reikninga um útgerðina og aðstoða þá við uppgjör þeirra.
3. Að vinna hagfræðilegar upplýsingar úr þeim reikningum, sem skrifstofunni berast, um allar greinar útgerðarinnar, eftir því sem unnt er. Birtir skrifstofan skýrslur um niðurstöður sínar árlega.
4. Að útbúa og gefa út hentug eyðublöð fyrir útgerðarreikninga með skýringum um færslu þeirra.
5. Að vera ríkisstjórninni til aðstoðar með hagfræðilega útreikninga og skýringar varðandi sjávarútveginn, ef hún óskar þess.

■ **4. gr.** Forstöðumanni reikningaskrifstofu sjávarútvegsins og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um efnahag eða tekjur einstakra manna eða fyrirtækja.

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum.**[1] **1961** Nr. 99 28. des.

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1965, d. 1996.*

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi.**[1] **1963** Nr. 9 20. marz

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1965, d. 1996.*

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip hf. Hvals.**[1] **1973** Nr. 9 29. marz

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1946.*

**Lög um Skipaútgerð ríkisins.** **1967** Nr. 40 29. apríl

■ **1. gr.** Skipaútgerð ríkisins, sem hóf starfsemi sína árið 1929, skal framvegis starfa undir yfirstjórn ráðherra samkvæmt ákvæðum þessara laga.

■ **2. gr.** Hlutverk Skipaútgerðar ríkisins er að annast áætlunarferðir skipa með farþega, póst og vörur meðfram ströndum Íslands, svo og aðra útgerðarstjórn, sem henni kann að vera falin. Einnig skal Skipaútgerðinni heimilt að halda uppi flutningum á landi milli hafna í sambandi við áætlunarferðir strandferðaskipa.

□ Skipaútgerðin ákveður, frá hvaða höfnum skip hennar skuli gerð út. Henni er heimilt að reka skipaafgreiðslu í Reykjavík, en á öðrum höfnum skulu ráðnir umboðsmenn til afgreiðslustarfa fyrir Skipaútgerðina.

**1967** Nr. 40 29. apríl

■ **3. gr.** Ráðherra skipar forstjóra Skipaútgerðarinnar í embætti og setur honum erindisbréf.

■ **4. gr.** Ráðherra skipar formann stjórnarnefndar Skipaútgerðarinnar og með honum í stjórnarnefndina tvo menn, annan samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra. Gildir skipun stjórnarnefndarinnar til fjögurra ára í senn, og skal ráðherra ákveða laun hennar.

□ Verkefni stjórnarnefndarinnar er að taka, undir yfirstjórn ráðuneytisins, sameiginlega ákvarðanir um öll meiri háttar mál, er varða rekstur Skipaútgerðarinnar, þ. á m. áætlanir um ferðir skipanna, um far- og farmgjaldataxta, um ráðningu starfsfólks og umboðsmanna, um meiri háttar viðgerðir og endurbætur á skipum, húsakynnum eða tækjum, um vátryggingar skipanna, um breytingar á rekstri, þar með talið um kaup eða sölu á skipum, öflun tilboða í því sambandi og mat á tilboðum, sem berast kunna, svo og önnur þau mál, sem nefndin telur að eigi falli undir dagleg störf forstjórans.

□ Nefndin skal halda gjörðabók, sem löggilt er af ráðuneytinu.

■ **5. gr.** Reikningar Skipaútgerðarinnar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni og birtir með ríkisreikningnum.

■ **6. gr.** Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

**1960** Nr. 52 11. júní

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO).

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt frá 6. marz 1948, um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO), með þeim fyrirvara, að Ísland muni taka staðfestingu sína til athugunar á ný, ef síðar yrði ákveðið, að siglingamálastofnunin (IMCO) skyldi einnig fjalla um mál, sem eru algerlega fjármálalegs eða viðskiptalegs eðlis.

□ Samtímis sé því lýst yfir, að af Íslands hálfu sé áherzla lögð á raunhæft gildi 59. gr. samþykktarinnar, varðandi uppsögn á þátttöku.

□ Samþykkt þessi er prentuð á íslenzku og ensku sem fylgiskjal með lögum þessum.[1)]

[1)] *L. 52/1960 og Stjtíð. A 1960, bls. 186, sbr. C 20/1969, C 10/1976 og C 15/1980, sbr. C 2/1988. Um gildistöku sjá C 3/1979.*

■ **2. gr.** Þegar samþykkt sú, er um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfest, skulu ákvæði hennar hafa lagagildi hér á landi.

**1986** Nr. 32 5. maí

## Lög um varnir gegn mengun sjávar.

### I. kafli. Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar.

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun sem stafar frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó og frá landstöðvum af völdum olíu og annarra efna, sem talin eru upp í fylgiskjali 1, og stofnað getur heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða truflað lögmæta nýtingu hafsins.

■ **2. gr.** Lög þessi ná yfir alla starfsemi skipa, loftfara, palla og annarra mannvirkja á sjó og starfsemi í landi sem hefur eða getur haft í för með sér mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands og stranda landsins, sbr. 1. gr. Undanþegnar lögum þessum eru aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að vernda mannslíf eða tryggja öryggi skipa, loftfara, palla og annarra mannvirkja á sjó eða landi, svo og mengun sökum óviðráðanlegra atvika, veðurofsa eða annarra náttúruhamfara.

**1986** Nr. 32 5. maí

■ **3. gr.** Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

1. Það er „mengun" þegar örverur, efni og efnasambönd valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, óbragðs, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

2. „Losun" merkir að vísvitandi er hleypt í sjóinn fljótandi eða föstum efnum sem falla frá við eðlilega starfrækslu.

3. „Úrkast" merkir allt það sem ekki er losun, þ. e. að efnum eða hlutum er vísvitandi fleygt í sjóinn frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó, þar með talið að sökkva skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum í sjó.

4. Eftirfarandi telst hvorki „losun" né „úrkast":

a. að koma fyrir efnum eða hlutum í sjó í öðrum tilgangi en að farga þeim,

b. að úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berist í sjóinn en um slíkar rannsóknir og nýtingu skal ráðherra setja sérstakar reglur ef ástæða þykir til.

5. „Sérhafsvæði" merkir hafsvæði sem tilteknar reglur um varnir gegn mengun sjávar gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að.

6. „Hafnarsvæði" merkir það umráðasvæði á sjó og landi sem hafnaryfirvöld á hverjum stað annast og skilgreint er í hafnarreglugerð.

7. „Mengunarlögsaga Íslands" er það hafsvæði sem nær yfir innsævi, landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og landgrunn Íslands.

8. „Mengunartjón" merkir tjón eða skaða sem hlýst af mengun sjávar hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum sem hún stafar. Mengunartjón tekur til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.

9. „Bráðamengun" merkir mengun sjávar sem verður skyndilega og krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða.

### II. kafli. Losun í sjó.

#### A. Olía.

■ **4. gr.** „Olía" merkir í lögum þessum vökvakennd olíuefni í hvaða formi sem er, þar með talin hráolía, svartolía, smurolía, olíuúrgangur og unnin olía.

□ Losun olíu í sjó, hvort sem er beint eða óbeint, er óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1979, nema um sé að ræða olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri, enda sé olíumagn blöndunnar við útrás ekki meira en 15 hlutar í 1 000 000 hlutum blöndunnar.

□ [Umhverfisráðherra][1)] er heimilt að setja reglur um losun olíu og olíublandaðs vatns í sjó frá skipum utan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, þar með talið á sérhafsvæðum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum í mengunarlögsögu Íslands utan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar.

□ [Umhverfisráðherra][1] er heimilt að setja reglur um meðferð olíu í olíustöðvum, á smurstöðvum og í verksmiðjum þar sem olía er notuð í miklum mæli og hætta er á bráðamengun af þeim sökum.

[1] *L. 47/1990, 9. gr.*

**B. Lýsi.**

■ **5. gr.** „Lýsi" merkir í lögum þessum allar tegundir feitmetis sem unnið er eða kemur úr sjávarlífverum.

□ Losun lýsis eða grútar í sjó er óheimil á innsævi.

□ Við löndun feitfisks með dælingu úr skipum, svo og við vinnslu feitfisks í landi, skal vinnsluaðili sjá svo um að ekki verði mengun í sjó vegna losunar á lýsi eða grút.

□ Óheimilt er að setja til sjávar óhreinsað vinnsluvatn nema með leyfi Siglingamálastofnunar ríkisins.

**C. Önnur fljótandi efni.**

■ **6. gr.** „Fljótandi efni" merkir í lögum þessum vökva sem hafa lægri gufuþrýsting en 2,8 kg/sm$^2$ við 37,8°C.

□ Losun fljótandi efna frá skipum að öðru leyti en kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 5. gr. er óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar. Losun ómengaðs vatns og sjávar er þó heimil.

□ Utan þess hafsvæðis, sem tiltekið er í 2. mgr. 6. gr., skal losun fljótandi efna einungis heimil samkvæmt þeim reglum sem settar verða skv. 4. mgr. 6. gr.

□ [Umhverfisráðherra][1] er heimilt að setja reglur um flokkun fljótandi efna sem flutt eru í farmgeymum skipa til eða frá íslenskum höfnum, svo og um takmörkun á losun þeirra efna, sem hættuleg eru talin, í sjó utan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar. Reglur þessar skulu vera í samræmi við alþjóðasamning frá 2. nóvember 1973 um varnir gegn mengun frá skipum.

[1] *L. 47/1990, 9. gr.*

**D. Sorp.**

■ **7. gr.** „Sorp" merkir í lögum þessum alls konar matarleifar, úrgang frá vistarverum og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang, þar með taldar umbúðir farms, að undanskildum ferskum fiski og fiskúrgangi, sem til falla við eðlilega starfsemi skipa, palla og annarra mannvirkja á sjó og þarf stöðugt eða öðru hvoru að losna við.

□ Óheimilt er að losa sorp í sjó á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar.

□ Óheimilt er að losa í sjó öll þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í sjónum, þar með talin plastílát, kaðlar og net.

□ [Umhverfisráðherra][1] er heimilt að setja reglur um meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar. Reglur þessar skulu vera í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

[1] *L. 47/1990, 9. gr.*

**E. Skolp.**

■ **8. gr.** „Skolp" merkir í lögum þessum frárennsli eða annan fljótandi úrgang frá salernum, eldhúsum, þvottahúsum og böðum, þar með talið annað vatn sem blandað er við það áður en til útrásar kemur.

□ [Umhverfisráðherra][1] er heimilt að setja reglur um losun á skolpi í sjó frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á sjó.

[1] *L. 47/1990, 9. gr.*

**F. Losun annarra efna í sjó.**

■ **9. gr.** Í samræmi við alþjóðasamning frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum er [umhverfisráðherra][1] heimilt, ef þörf krefur, að setja reglur[2] er takmarka losun þeirra efna í sjó frá landi, sem upp eru talin í fylgiskjali 1 með þessum lögum, vegna mengunar sem þessi efni geta valdið í sjó.

[1] *L. 47/1990, 9. gr.* [2] *Rg. 33/1990.*

1986 Nr. 32 5. maí

**III. kafli. Móttökuaðstaða fyrir olíuúrgang, sorp og annan úrgang.**

**A. Olíuúrgangur frá skipum og starfsemi í landi.**

■ **10. gr.** Einstaklingum og fyrirtækjum, er annast dreifingu og sölu á olíu, er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki er til þess hafa leyfi [umhverfisráðherra],[1] og tryggja viðunandi eyðingu.

□ Eigendur eða umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip og skipaviðgerðarstöðva skulu sjá svo um að stöðvarnar hafi aðstöðu til að taka við olíublandaðri kjölfestu og öðrum olíuúrgangi sem er eftir í skipunum þegar þau koma í stöðvarnar. Móttökuaðstaðan skal fullnægja ákvæðum gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar frá skipum og þeim þörfum, sem eru fyrir slíka móttökuaðstöðu í viðkomandi stöð, að mati Siglingamálastofnunar ríkisins.

□ Sérhver aðili í landi, sem þarf árlega að koma fyrir meira en 500 lítrum af olíuúrgangi vegna eigin notkunar á olíu, skal halda sérstakt bókhald um söfnun og afhendingu olíuúrgangs til móttakenda, og skulu starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins jafnan hafa aðgang að þessu bókhaldi.

□ [Umhverfisráðherra][1] er heimilt að setja frekari reglur um söfnun og eyðingu úrgangsolíu.

□ [Umhverfisráðherra][1] skal setja nánari reglur um móttöku olíuúrgangs frá skipum í höfnum í þeim tilgangi að skip verði ekki fyrir ótilhlýðilegum töfum vegna losunar olíuúrgangs í land.

[1] *L. 47/1990, 9. gr.*

**B. Sorp frá skipum.**

■ **11. gr.** Hafnaryfirvöld skulu koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á sorpi frá skipum. Aðstaðan skal miðast við þarfir skipa er koma í viðkomandi höfn.

**C. Annar úrgangur frá skipum.**

■ **12. gr.** [Umhverfisráðherra][1] er heimilt að setja reglur um móttökuaðstöðu fyrir annan úrgang en þann sem fjallað er um í 10. og 11. gr. Í reglugerðinni komi fram hver sé ábyrgur fyrir móttöku þessa úrgangs og eyðingu hans.

[1] *L. 47/1990, 9. gr.*

**IV. kafli. Úrkast efna í hafið.**

■ **13. gr.** Allt úrkast efna eða hluta í hafið er óheimilt án leyfis Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar.

□ Við veitingu leyfis til að kasta efnum eða hlutum í hafið skal taka mið af eðli þeirra og magni og aðstæðum á losunarstað.

□ Ef um er að ræða úrgang eða efni, önnur en dýpkunarefni, sem hafa svo nokkru nemi efni þau sem upp eru talin í fylgiskjali 1 skal eigi veita heimild til að kasta þeim í hafið nema í neyð enda sé heilsu manna annars stofnað í hættu og engin önnur hagkvæm lausn fyrir hendi.

□ Heimilt er án leyfis að kasta dýpkunarefnum í hafið

nema í þeim séu í verulegum mæli (meira en 0,1%) efni sem talin eru upp í fylgiskjali 2.

□ Kostnaður við eftirlit með úrkasti í hafið greiðist af leyfishafa.

**V. kafli. Önnur mengun sjávar.**

■ **14. gr.** Óheimilt er að brenna úrgangsefni eða önnur efni á hafi úti, hvort sem er frá skipum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, án leyfis Siglingamálastofnunar ríkisins.

□ Við veitingu leyfa skv. fyrri mgr. þessarar gr. skal farið eftir ákvæðum gildandi alþjóðasamninga um brennslu úrgangsefna á hafi úti og tekið tillit til þeirra áhrifa sem brennslan hefur á umhverfið.

**VI. kafli. Ábyrgð.**

■ **15. gr.** Hver sá, sem uppvís verður að því að valda mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands, ber fulla ábyrgð á því mengunartjóni sem mengunin veldur. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.

■ **16. gr.** Ef hætta er á mengun sjávar, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, skal sá, sem bæri ábyrgð á menguninni, gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir eða draga úr henni. Hann ber einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans valda öðrum.

**VII. kafli. Viðbúnaður vegna mengunaróhappa.**

■ **17. gr.** Nú er sýnt að mengunarvaldi takist ekki að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegan skaða af völdum mengunarinnar og skulu þá hafnaryfirvöld tafarlaust hefja aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun á viðkomandi hafnarsvæði og Siglingamálastofnun ríkisins, í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands og Hafnamálastofnun ríkisins, utan hafnarsvæða.

■ **18. gr.** Sveitarstjórnir skulu skipuleggja viðbúnað, koma upp búnaði og þjálfa lið til hreinsunar á olíu úr sjó í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins sem leitast við að samræma búnað einstakra sveitarfélaga með hagkvæm samnot í huga.

■ **19. gr.** [Umhverfisráðherra][1] getur krafist þess að fyrirtæki með starfsemi, sem getur valdið bráðamengun, leggi fram til samþykktar áætlun um viðbúnað gegn slíkri mengun.

[1] *L. 47/1990, 9. gr.*

**VIII. kafli. Tilkynningarskylda.**

■ **20. gr.** Eigendur skipa eða skipstjórnarmenn og eigendur eða rekstraraðilar vinnu- og borpalla á sjó og fyrirtækja í landi skulu tafarlaust tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins eða öðrum viðkomandi yfirvöldum um alla losun eða úrkast, sem lög þessi ná til, í hafið í mengunarlögsögu Íslands.

**IX. kafli. Íhlutun.**

■ **21. gr.** Siglingamálastofnun ríkisins getur látið fara fram athugun á skipum, vinnu- og borpöllum á sjó og hjá fyrirtækjum í landi án dómsúrskurðar ef hætta er á mengun sjávar eða mengun hefur orðið sem brýtur gegn lögum þessum. Siglingamálastofnun ríkisins leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Hollustuverndar ríkisins, Geislavarna ríkisins, Náttúruverndarráðs og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur. Athugunin skal ekki valda ótilhlýðilegri röskun á starfsemi eða ónauðsynlegum útgjöldum fyrir viðkomandi.

■ **22. gr.** [Umhverfisráðherra][1] er heimilt, að fenginni umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins, að stöðva tiltekna starfsemi tímabundið ef hætta er á mengun sjávar er brýtur gegn lögum þessum, meðal annars vegna vanbúnaðar eða annarra ástæðna, svo sem náttúruhamfara. Skal stöðvunin vara þar til eðlilegar aðstæður fyrir starfsemina eru fyrir hendi. Ákvörðun um stöðvun starfsemi skal tilkynna viðkomandi aðilum bréflega eða með símskeyti eins fljótt og kostur er ásamt ástæðum fyrir stöðvuninni og upplýsingum um hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til þess að starfsemi megi hefja á ný.

[1] *L. 47/1990, 9. gr.*

1986 Nr. 32 5. maí

**X. kafli. Framkvæmd og eftirlit.**

■ **23. gr.** Í þeim tilgangi að treysta framkvæmd laganna er [umhverfisráðherra][1] heimilt að setja í reglugerð[2] nánari ákvæði um búnað skipa, palla, annarra mannvirkja á sjó og fyrirtækja í landi til varnar gegn mengun sjávar af völdum olíu, sbr. þó 9. gr., og enn fremur með hvaða hætti reglubundið eftirlit með þessum búnaði skuli fara fram.

□ Við setningu reglna um mengunarvarnir vegna olíumengunar frá landstöðvum og samkvæmt heimild í 9. gr. skal haft samráð við heilbrigðismálaráðherra eða menntamálaráðherra eftir því sem við á.

□ [Umhverfisráðherra][1] skal, að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra og menntamálaráðherra, setja reglur um flokkun eiturefna og annarra hættulegra efna sem notuð eru til mengunarvarna samkvæmt lögum þessum.

□ [Umhverfisráðherra][1] er heimilt, að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra, að setja frekari reglur um söfnun og eyðingu úrgangsolíu.

[1] *L. 47/1990, 9. gr.* [2] *Sjá rg. 8/1971 (varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu), rg. 560/1982 (varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar) og rg. 520/1984 (varnir gegn mengun sjávar frá skipum).*

■ **24. gr.** Eftirlit og framkvæmd laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, er í höndum Siglingamálastofnunar ríkisins, með aðstoð þeirra aðila sem tilgreindir eru í 2. málsl. 21. gr. Kostnaður af reglubundnu eftirliti með mengunarvarnabúnaði greiðist úr ríkissjóði en annar kostnaður af eigendum búnaðarins.

□ [Umhverfisráðherra][1] annast framkvæmd eftirtalinna alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar:

1. Alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, með breytingum frá 1962 og 1969.[2]

2. Alþjóðasamningur frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum (Óslóarsamningurinn).[3]

3. Alþjóðasamningur frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningurinn).[4]

4. Samningur frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (Parísarsamningurinn).[5]

5. Alþjóðasamningur frá 2. nóvember 1973 um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL).[6]

□ Um aðra mengun sjávar en þá, sem kveðið er á um í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit,[7] og lögum nr. 117/1985, um geislavarnir.

[1] *L. 47/1990, 9. gr.* [2] *Um samþykktina vísast til Stjtíð. A 1966, bls. 267 – 303, sbr. augl. C 6/1966, C 17/1970 og C 23/1977.* [3] *Um samninginn vísast til Stjtíð. A 1973, bls. 36 – 46, sbr. augl. C 16/1973, C 5/1974 og C 10/*

*1987.* [4]*Um samninginn vísast til Stjtíð. A 1973, bls. 123 – 139, sbr. augl. C 17/1973 og C 1/1976.* [5]*Um samninginn vísast til Stjtíð. A 1981, bls. 188 – 201, sbr. augl. C 13/1981 og C 16/1987.* [6]*Um samninginn vísast til augl. C 9/1985.* [7]*Nú l. 81/1988.*

■ **25. gr.** Eftirlitsaðilar skulu hvenær sem þeir óska eiga greiðan aðgang að öllum upplýsingum um búnað til mengunarvarna og um rekstur hans, svo og öllum mælingum eða skýrslum yfir athuganir sem gerðar hafa verið á vegum eigenda eða rekstraraðila vegna mengunarvarna, hvort sem athuganir þessar eru gerðar að kröfu opinberra aðila eða að frumkvæði eigenda eða rekstraraðila.

**XI. kafli. Mælingar á mengunarefnum í sjó.**

■ **26. gr.** Í þeim tilgangi að meta og fylgjast með hugsanlegum breytingum á mengun hafsins skal [umhverfisráðherra][1] láta fara fram reglulegar rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í sjó, í sjávarlífverum og á hafsbotni.

□ Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rannsóknum þessum.

[1]*L. 47/1990, 9. gr.*

**XII. kafli. Viðurlög og málsmeðferð.**

■ **27. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar. Dæma má fésekt jafnframt refsivist ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

■ **28. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

■ **29. gr.** Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

□ Heimilt er þó að hafnarstjóri geri sekt fyrir losun eða úrkast frá skipi á hafnarsvæði sínu, enda sé brot viðurkennt og hafi ekki valdið meiri háttar tjóni, svo og að bætur skv. 15. gr. séu greiddar eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra. Heimild þessi er takmörkuð við sektir allt að 40 000 króna enda játist sökunautar undir þessa ákvörðun og greiði sektina þegar í stað.

□ Heimilt er einnig að lögreglustjóri geri sekt fyrir slík brot að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. þessarar gr. en þó má sekt nema allt að 100 000 krónum.

□ Hafnarstjóri skal ávallt tilkynna lögreglustjóra slík brot og þá hvort hann hyggst ljúka málinu eða vísa því til lögreglustjóra til afgreiðslu.

□ Hafnarstjórar og lögreglustjórar skulu tilkynna ríkissaksóknara og [umhverfisráðherra][1] um allar slíkar sektargerðir. Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir greiðslu sektar eða látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða að mál, sem lokið er skv. 2. eða 3. mgr. þessarar gr., hefði átt að ganga til dóms og getur ríkissaksóknari þá borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðunar hafnarstjóra eða lögreglustjóra.

□ [Umhverfisráðherra][1] er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd sektargerða samkvæmt þessari grein.

[1]*L. 47/1990, 9. gr.*

■ **30. gr.** Ef brotið er gegn ákvæðum II. og IV. kafla laga þessara og brotið tengist skipi, en málinu er ekki lokið með greiðslu sektar skv. 29. gr., skal lagt löghald á skipið og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en málinu er lokið og sekt og málskostnaður greiddur að fullu, svo og kostnaður skv. 15. gr.

□ Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging eða önnur trygging jafngild að mati dómara til greiðslu sektar og alls kostnaðar.

□ Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt grein þessari, málskostnaðar og kostnaðar skv. 15. gr. skal vera lögveð í skipinu.

■ **31. gr.** Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

■ **32. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sjóð sem verja skal til mengunarvarna á sjó eftir því sem nánar segir í reglugerð er [umhverfisráðherra][1] setur.

[1]*L. 47/1990, 9. gr.*

■ **33. gr.** Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalds um að vinna verk eða koma upp búnaði sem fyrir er mælt í lögum þessum eða reglum settum skv. þeim má ákveða honum dagsektir þar til úr er bætt.

□ Hámark dagsekta skal ákveðið í reglugerð og renna þær í sjóð skv. 32. gr.

**XIII. kafli. Gildistaka.**

■ **34. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 77/1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins; lög nr. 20/1973, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning er gerður var 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum; lög nr. 53/1973, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning er gerður var 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það; lög nr. 67/1981, um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum; og lög nr. 14/1984, um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

**Fylgiskjal 1.**

1. Lífræn halógen-efnasambönd og efni sem geta myndað þau í hafinu, að þeim efnum undanskildum sem eru líffræðilega óskaðleg eða sem breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess.
3. Kadmín og efnasambönd þess.
4. Varanleg gerviefni sem geta flotið, marað, sokkið og valdið alvarlegri röskun á lögmætum notum hafsins.
5. Olíur, olíukennd kolvetni og lýsi.
6. Geislavirk efni, þar með talinn geislavirkur úrgangur.

1986 Nr. 32 5. maí

**1986** Nr. 32 5. maí

7. Lífræn efnasambönd fosfórs, kísils og tins og efni sem geta myndað slík efnasambönd í hafinu, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða sem breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.

8. Óbundinn fosfór.

9. Eftirtalin frumefni og efnasambönd þeirra: arsen, blý, króm, nikkel, eir og zink.

10. Efni sem sýnt er að hafi skaðleg áhrif á bragð eða lykt fæðu úr sjónum.

**Fylgiskjal 2.**

1. Lífræn halógen-efnasambönd.

1.1 DDT og efni gerð þar af, svo sem DDE og DDD.

1.2 Önnur þrávirk, eitruð, lífræn halógen-efnasambönd.

2. Kvikasilfur, kadmín og sambönd þessara efna.

3. Sýra, lútur eða yfirborðsvirk efni í miklu magni.

4. Olía og olíuúrgangur.

5. Önnur efni sem haft geta varanleg áhrif á bragð, lykt, lit, skyggni eða aðra eiginleika hafsins og sem alvarlega geta spillt þokka umhverfisins.

6. Hlutir og efni sem geta flotið, marað eða sokkið og sem geta valdið alvarlegri röskun á lögmætri nýtingu hafsins.

**1972** Nr. 20 21. apríl

## Lög um bann við losun hættulegra efna í sjó.

■ **1. gr.** Íslenzkum skipum er bannað að losa í sjó, hvort heldur er innan eða utan íslenzkrar lögsögu, öll þau efni eða efnasambönd, sem hættuleg geta verið sjávarlífi eða heilsu manna.

□ Bann þetta nær yfir:

1. Öll eiturefni, lífræn og ólífræn, auðleysanleg og torleysanleg sambönd málma og málmleysingja.

2. Geislavirk efni.

3. Sprengiefni.

■ **2. gr.** [Umhverfisráðherra][1] gefur út reglugerð, þar sem öll hin bönnuðu efni eru tæmandi talin, og frekari fyrirmæli um framkvæmd bannsins, eftir því sem þurfa þykir.

□ Einnig má ákveða í reglugerð bann eða fyrirmæli um losun efna, sem ekki eru eitruð eða hættuleg, en geta orsakað alvarlega hindrun við fiskveiðar eða siglingar, ef sökkt er á ákveðnum stöðum.

[1] *L. 47/1990, 11. gr.*

■ **3. gr.** Íslenzkum ríkisborgurum eða fyrirtækjum er einnig bannað að stuðla að losun hinna bönnuðu efna.

■ **4. gr.** Ákvæði 1. – 3. gr. eiga einnig við um losun þarnefndra efna eða efnasambanda á hafi úti úr öðrum flutningstækjum en skipum.

■ **5. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd þær alþjóðasamþykktir, sem kunna að verða gerðar um varnir gegn mengun alþjóðlegra hafsvæða, og skulu auglýsingar um staðfestingu og gildistöku viðkomandi samþykkta birtast í C-deild Stjórnartíðinda.

■ **6. gr.** Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

**1979** Nr. 14 4. apríl

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning frá 29. nóvember 1969 um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun, alþjóðasamning frá 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamning frá 18. desember 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar. Samningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl með lögum þessum.[1]

[1] *Um texta fylgiskjals, sjá Stjtíð. A 1979, bls. 32 – 93.*

■ **2. gr.** Þegar samningarnir hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði þeirra hafa lagagildi hér á landi.

■ **3. gr.** Ríkisstjórninni er ennfremur heimilt að staðfesta síðar breytingar á samningum þessum. Þegar gildistaka breytinga hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum, C-deild, skulu þær hafa lagagildi hér á landi.

■ **4. gr.** [Ráðherra umhverfismála][1] fer með mál er varða samninga þessa. Siglingamálastjóri skal á vegum ráðherra annast eftirlit með framkvæmd samninganna.

[1] *L. 47/1990, 10. gr.*

■ **5. gr.** Brot á ákvæðum samninga þessara varða sektum.

**1985** Nr. 14 10. maí

## Lög um framkvæmd alþjóðasamnings um gáma.

■ **1. gr.** Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningi, sem Ísland er aðili að, um gáma.

■ **2. gr.** Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

# IV. e. Iðnaður.

**1978** Nr. 42 18. maí

## Iðnaðarlög.

■ **1. gr.** Lög þessi taka til rekstrar hvers konar iðnaðar í atvinnuskyni. Til iðnaðar telst bæði handiðnaður og verksmiðjuiðnaður, hvaða efni eða orka, vélar eða önnur tæki sem notuð eru og hvaða vörur eða efni sem framleidd eru. Heimilisiðnaður skal undanskilinn ákvæðum laganna.

■ **2. gr.** Enginn má reka iðnað í atvinnuskyni á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi til þess fengið leyfi lögum þessum samkvæmt.

■ **3. gr.** Hver maður getur fengið leyfi til að reka iðnað, handiðnað og verksmiðjuiðnað, ef hann fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. Er íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi.

2. Er lögráða.

3. Hefur forræði á búi sínu.

4. Hefur ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Hefur viðskiptaþekkingu, svo sem bókhaldskunnáttu, sem krafist er við burtfararpróf úr iðnskóla.

6. Fullnægir að öðru leyti skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

□ Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágur frá ákvæðum 1., 4. og 5. tl.

■ **4. gr.** Nú vill félag eða stofnun reka iðnað og skal þá svo með fara.

1. Ef nokkrir félagar eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum félags, þá skulu allir, sem fulla ábyrgð bera, uppfylla þau skilyrði, sem í 3. gr. eru sett.

2. Ef enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldbindingum félags, þá skal það eiga heimilisfang og varnarþing á landi hér, enda fullnægi framkvæmdastjórar og stjórnendur félags skilyrðum 3. gr.

3. Ef félag er hlutafélag, þá skal enn fremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna, búsettra á Íslandi.

☐ Iðnaðarráðherra getur veitt sams konar undanþágur frá ákvæðum 1. og 2. töluliðs og í 3. gr. segir. [Iðnaðarráðherra er jafnframt heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 3. tölul., enda standi sérstaklega á.][1)]

[1)] *L. 21/1988, 1. gr.*

■ **5. gr.** Leyfi glatast, ef leyfishafi missir einhverra þeirra skilyrða, sem í 3. og 4. gr. segir, eða þeirra skilyrða, sem annars eru sett eða kunna að verða sett til að halda réttinum. Nú missir stjórnandi eða framkvæmdastjóri félags slíkra skilyrða, eða félag eða stofnun missir íslenskt heimilisfang, og skal þá aðili hafa komið málinu í löglegt horf innan 3ja mánaða frá því að breyting varð, en hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sérstaklega stendur á.

■ **6. gr.** Leyfi er bundið við nafn. Rétt er maka að halda áfram iðnaði látins maka síns án nýs leyfis, enda fullnægi makinn lögmæltum skilyrðum.

☐ Bú aðila, er leyfi hafði, má reka iðnaðinn, að því leyti sem sá rekstur er þáttur í skiptameðferð þess. Erfingi 16 ára eða eldri má reka iðnað arfleiðanda án nýs leyfis, þar til hann er fjárráða, ef hann að öðru leyti fullnægir skilyrðum 3. gr.

■ **7. gr.** Greina skal í iðnaðarleyfi, hvers konar verksmiðjuiðnað heimilt sé að reka samkvæmt því og hvar hann megi reka. Ekki veitir leyfi heimild til að reka verksmiðjuiðnað annarrar tegundar en nefnd er í leyfi.

☐ Veita má sama aðila leyfi til að reka verksmiðjuiðnað í fleiri en einni grein og leyfi til að reka verksmiðjuiðnað á fleiri stöðum en einum.

■ **8. gr.** Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar samkvæmt iðnfræðslulögum[1)] og reglugerðum[2)] settum samkvæmt þeim, skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara.

☐ Meistari skal bera ábyrgð á að öll vinna sé rétt og vel af hendi leyst.

☐ Rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafa meistarar, sveinar og nemendur í iðngreininni. Heimilt er sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn að gera sín á milli samning um það, að ráða megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni. Einnig getur hver og einn unnið iðnaðarstörf fyrir sjálfan sig og heimili sitt, enn fremur fyrir opinbera stofnun eða fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, ef um minni háttar viðhald á eignum þessara aðila er að ræða.

☐ Í sveitum, kauptúnum og þorpum með færri en 100 íbúa mega óiðnlærðir menn vinna að iðnaðarstörfum.

[1)] *Sbr. nú l. 57/1988, 22. gr.* [2)] *Rg. 558/1981.*

■ **9. gr.** Rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein hafa þeir einir, er hafa sveinsbréf eða meistarabréf í iðngreininni.

■ **10. gr.** Hver maður getur leyst meistarabréf, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem í 3. gr. segir, og hefur lokið sveinsprófi í iðngrein sinni, enda hafi hann unnið að henni síðan undir stjórn meistara ekki skemur en eitt ár og lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla. Meðan eigi er meistaraskóli í iðninni, getur hver maður leyst meistarabréf, hafi hann unnið undir stjórn meistara í iðngreininni eða nátengdri iðngrein að loknu sveinsprófi eigi skemur en tvö ár.

☐ Meistarabréf veitir meistara leyfi til að reka þá iðngrein, er meistarabréf hans tekur til.

■ **11. gr.** Sá hefur fyrirgert meistarabréfi sínu, sem missir einhvers þeirra skilyrða, er fullnægja þarf til þess að öðlast það.

■ **12. gr.** Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf að fenginni umsögn hlutaðeigandi iðnráðs, svo og iðnaðarleyfi.

☐ Nú synjar lögreglustjóri um meistarabréf eða iðnaðarleyfi, eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi misst rétt sinn, og er aðila þá rétt að bera málið undir iðnaðarráðherra. Enn fremur getur hann leitað úrskurðar dómstóla.

☐ Gjalda skal í ríkissjóð fyrir iðnaðarleyfi og meistarabréf.

■ **13. gr.** Halda skal skrá yfir iðnaðarleyfi og meistarabréf, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt.

☐ Leyfishafar skulu jafnan tilkynna lögreglustjóra heimilisfang atvinnustöðvar sinnar og útibú og allar breytingar, er þar á verða. Lögreglustjóri framsendir síðan þær tilkynningar til skrár þeirrar, sem haldin er.

☐ Ráðherra setur nánari fyrirmæli um þessi efni.

■ **14. gr.** Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Skal hlutverk þess vera að veita lögreglustjórum aðstoð við að halda uppi eftirliti með ákvæðum laga þessara varðandi handiðnað, auk þess að starfa samkvæmt lögum um iðnfræðslu.

☐ Í iðnráði skulu vera fulltrúar frá löggiltum iðngreinum. Ráðherra setur reglugerð[1)] um kosningu til þeirra og starfssvið.

[1)] *Rg. 217/1971.*

■ **15. gr.** Það varðar sektum:

1. Ef maður rekur iðnað, án þess að hafa leyst leyfi, eða leyfir öðrum að reka iðnað í skjóli leyfis síns.

2. Ef maður tekur að sér störf meistara, án þess að hafa leyst meistarabréf.

3. Ef maður rekur löggilta iðngrein, án þess að hafa meistara til forstöðu.

4. Ef maður kennir sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein, án þess að hafa rétt til þess samkvæmt 9. gr.

5. Ef maður eða fyrirtæki tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eða það eigi ekki rétt til þess, eða tekur nemendur til náms í annarri iðn en þeirri, sem hann er meistari í, eða heldur nemendur án löglegs samnings.

☐ Sektir renna í ríkissjóð.

☐ Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

■ **16. gr.** Heimilt er að dæma mann, er sekur gerist um ítrekað brot gegn lögum þessum, til missis iðnaðarleyfis og meistarabréfs, tímabundið eða jafnvel ævilangt, ef um mjög gróft brot er að ræða.

■ **17. gr.** Óskert skulu atvinnuréttindi þeirra manna, er hlotið hafa þau samkvæmt ákvæðum eldri laga.

1978 Nr. 42 18. maí

**1984** Nr. 125 31. des.

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna.[1)]

[1)] *Um texta laganna, sjá Stjtíð. A 1984, bls. 301.*

**1948** Nr. 35 1. apríl

## Lög um sementsverksmiðju.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til vinnslu sements. Vinnslugeta verksmiðjunnar skal miðast við 75 þúsund smálesta afköst á 300 dögum.

■ **2. gr.** Til þess að standast kostnað af framkvæmdum samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega orku, heimilast ríkisstjórninni að taka að láni [allt að 46 millj. króna].[1)] Sementsverksmiðjan skal ávaxta og endurgreiða slík lán.

[1)] *L. 57/1950, 1. gr., sbr. l. 39/1954, 2. gr.*

■ **3. gr.** Ríkisstjórninni heimilast, ef samkomulag næst ekki um kaup á landi vegna byggingar sementsverksmiðjunnar, að taka eignarnámi lóðir og lendur, svo og mannvirki, sem á lendum þessum eru. Eignarnám þetta fer fram samkvæmt lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.[1)]

[1)] *Nú l. 11/1973.*

■ **4. gr.** [Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 5 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs til fjögurra ára í senn. Atvinnumálaráðherra[1)] skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Atvinnumálaráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.][2)]

[1)] *Nú iðnaðarráðherra, sbr. augl. A 96/1969, 8. gr., 6. tl.* [2)] *L. 7/1961, 1. gr.*

■ **5. gr.** Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

■ **6. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 12/1986, 13. gr.*

■ **7. gr.** [Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignaskatti og landsútsvari samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.[1)]][2)]

[1)] *Nú l. 91/1989.* [2)] *L. 39/1962, 1. gr.*

■ **8. gr.** Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár, svo fljótt sem auðið er. Af byggingarkostnaði húsa og annarra mannvirkja skal afskrifa a. m. k. 3% og a. m. k. 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. Tekjuafgangur skal lagður í varasjóð.

□ Reikningsskilum skal lokið svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Að henni lokinni skulu reikningarnir sendir atvinnumálaráðherra, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Skulu þeir síðan birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

■ **9. gr.** Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun á verksmiðjunni setur atvinnumálaráðherra[1)] með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

[1)] *Nú iðnaðarráðherra, sbr. augl. A 96/1969, 8. gr., 6. tl.*

**1971** Nr. 43 16. apríl

## Lög um Áburðarverksmiðju ríkisins.

■ **1. gr.** Áburðarverksmiðja ríkisins er ríkisstofnun, er lýtur sérstakri stjórn, samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

□ Markmið hennar er:

1. Að framleiða og selja áburðarefni og önnur þau efni, sem tengd eru áburðarvinnslu.

2. Að hafa á hendi einkasölu á tilbúnum áburði, og er engum öðrum en henni heimilt að framleiða né flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

■ **2. gr.** Rekstri verksmiðjunnar skal jafnan hagað þannig, að hún sé þess tæknilega og fjárhagslega umkomin að gefa áburðarnotendum kost á eins góðum og ódýrum áburði og áburðarefnum og frekast er völ á.

□ Þess skal jafnan gætt, að ekki stafi mengunarhætta af rekstri verksmiðjunnar.

■ **3. gr.** Áburðarverksmiðjan tekur við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarsölu ríkisins, gagnvart einstaklingum og hinu opinbera og kemur að öllu leyti í hennar stað.

□ Allar bækur og skjöl áburðarsölunnar falla til Áburðarverksmiðjunnar.

□ Skipulagsbreytingin fer fram 1. janúar 1971 og miðast reikningsskil við þann dag.

■ **4. gr.** Ríkissjóður leggur Áburðarverksmiðju ríkisins til, auk hlutafjár Áburðarverksmiðjunnar h. f., stofnfjárframlög eins og ákveðin kunna að verða í fjárlögum.

■ **5. gr.** Að því leyti sem stofnfé ríkissjóðs hrekkur ekki til greiðslu stofnkostnaðar, er verksmiðjunni heimilt að taka fé að láni innanlands og utan, enda samþykki ríkisstjórnin lántökuna samkvæmt sérstakri heimild í fjárlögum hverju sinni.

□ Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka lán og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum til þarfa fyrirtækisins, annarra en stofnkostnaðar.

■ **6. gr.** Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar.

□ Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

□ Til að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

■ **7. gr.** Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ræður framkvæmdastjóra. Hann veitir fyrirtækinu forstöðu og annast alla daglega stjórn og rekstur fyrirtækisins og hefur prókúruumboð fyrir það. Stjórnin ræður einnig verksmiðjustjóra með verkfræðilega menntun, er annist tæknilega stjórn á framkvæmdum og sjálfum verksmiðjurekstrinum.

□ Stjórn Áburðarverksmiðjunnar setur framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra erindisbréf, sem kveði frekar á um starfsskyldur þeirra.

■ **8. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 12/1986, 13. gr.*

■ **9. gr.** Við Áburðarverksmiðju ríkisins starfar samstarfsnefnd skipuð þrem fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum.

□ Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis, gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi

**1971** Nr. 43 16. apríl

starfsliðs og efla hagkvæman rekstur fyrirtækisins. Nefndin skal eftir föngum leitast við að hindra eða leysa ágreiningsmál án þess að fara inn á svið kjarasamninga. Stjórnendum verksmiðjunnar ber að veita samstarfsnefnd allar þær upplýsingar um rekstur fyrirtækisins, sem máli skipta.

□ Landbúnaðarráðherra setur nánari ákvæði um samstarfsnefnd í reglugerð.

■ **10. gr.** Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ákveður, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, heildsöluverð á framleiddum og innfluttum áburði. Skal verðið miðað við sjónarmið þau, sem fram koma í 2. gr., og að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Eignir skulu þá metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum hæfilegum afskriftum.

■ **11. gr.** Innanlands selur Áburðarverksmiðjan áburð þann, sem hún framleiðir eða flytur til landsins, einungis búnaðarfélögum, samvinnufélögum, verzlunarfélögum, kaupmönnum, hrepps- og bæjarfélögum, eða öðrum opinberum aðilum.

■ **12. gr.** Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari, samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.[1] Þó skal ekki reikna landsútsvar af verzlun með innfluttan áburð.

[1] *Nú l. 91/1989.*

■ **13. gr.** Reikningsár Áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár, svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum.

■ **14. gr.** Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun Áburðarverksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð,[1] að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

[1] *Rg. 123/1921 (verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður).*

**1952** Nr. 88 15. des.

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju.**[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1957.*

**1968** Nr. 45 2. maí

**Lög um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem eru í einkaeign.**[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1958.*

**1966** Nr. 80 15. ágúst

**Lög um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju við Mývatn og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu til þess að vinna markaðshæfan kísilgúr úr botnleðju Mývatns. Í því skyni er henni heimilt:

1. Að leggja fram allt að kr. 50 millj. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi.[1] Einnig er henni heimilt að taka lán í þessu skyni og til greiðslu undirbúningskostnaðar.

2. Að selja verksmiðjunni hráefni úr kísilgúrnámunni í Mývatni utan netlaga eða leigja hlutafélaginu afnot hennar.

3. Að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðnæði við Mývatn og Námaskarð eftir því, sem þarfir hennar krefjast og ríkið á eða kann að eignast samkvæmt 7. gr.

4. Að nýta jarðhitasvæðið við Námaskarð í þágu hitaveitu, er ríkisstjórnin lætur reisa og reka og m. a. skal gegna því hlutverki að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðhita til reksturs síns.

5. Að semja um lækkun aðflutningsgjalda af vörum til byggingar verksmiðjunnar.

6. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánum, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals allt að 75 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.

□ Framleiðslufélagi því, sem um ræðir í grein þessari, skal heimilt að veita sölufélagi samkvæmt 6. gr. laga þessara einkarétt til útflutnings og sölu erlendis á framleiðslu verksmiðjunnar um tiltekinn tíma, eftir því sem um kann að semjast milli stofnenda framleiðslufélagins.

□ [Hlutafélaginu er enn fremur ætlað, á eigin vegum, með þátttöku í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja, að tryggja vöxt fyrirtækisins með arðvænlegum fjárfestingum í skyldum greinum og öðrum greinum atvinnurekstrar.][2]

[1] *Sjá og l. 48/1969, 1. gr., 1. mgr.* [2] *L. 134/1989, 1. gr.*

■ **2. gr.** Áður en framleiðslufélag er stofnað samkvæmt 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka þátt í stofnun sérstaks hlutafélags til bráðabirgða, er annist skipulagningu kísilgúrverksmiðjunnar og annan undirbúning að byggingu og rekstri hennar, enda sé stefnt að því að framleiðslufélagið taki við af slíku undirbúningsfélagi. Um hlutafjárframlag ríkisins til undirbúningsfélagsins skal heimilt að beita 1. tölulið 1. gr., enda verði framlagið endurgreitt ríkissjóði við stofnun framleiðslufélagsins með hlutabréfum í framleiðslufélaginu eða skuldabréfum þess, er að nafnverði samsvari hlutafjáreign ríkissjóðs í undirbúningsfélaginu, sem þá verði slitið.

■ **3. gr.** Stofnun hlutafélaga skv. 1. og 2. gr. skal bundin eftirtöldum skilyrðum:

1. Hlutafélagið greiði ríkissjóði, annaðhvort í peningum eða hlutabréfum, allan kostnað, sem hann hefur haft af undirbúningsrannsóknum og áætlunum vegna kísilgúrverksmiðjunnar.

2. Hlutabréf séu skráð á nafn.

■ **4. gr.** Fjöldi stofnenda hlutafélaga samkv. 1. og 2. gr. laga þessara skal vera óháður ákvæði 1. málsliðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög. Sama máli gegnir um hluthafa þess, að því er snertir 38. gr. hlutafélagalaganna.

□ Íslenzka ríkinu, og hinum erlenda aðila, sem samvinna yrði höfð við um framleiðslu og sölu kísilgúrsins, skal heimilt að vera fullgildir stofnendur framleiðslufélags skv. 1. gr. laganna.

□ Fulltrúar hins erlenda aðila í stjórn framleiðslufélagsins mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis. Stjórn félagsins skal þó jafnan skipuð hérlendis búsettum mönnum að meiri hluta. Stjórnendur framleiðslufélagsins þurfa ekki að eiga hlut í félaginu. Stjórnendum skal heimilt að fela öðrum að sækja stjórnarfundi af sinni hálfu með fullu umboði.

□ Fulltrúar ríkisins í stjórn framleiðslufélagsins og varamenn þeirra skulu kosnir á Alþingi til 4 ára í senn.

□ Ríkisstjórnin skal bjóða sveitarfélögum á Norðurlandi til kaups hluta af þeim hlutabréfum í framleiðslufélaginu, sem ríkisstjórnin skráir sig fyrir, með þeim skilmálum, sem hún ákveður.[1)]

[1)] *Sjá og l. 48/1969, 1. gr., 2. mgr.*

■ **5. gr.** Af hlutafé félaga, sem stofnuð verða skv. 1. og 2. gr., skal ekki minna en 51% vera í eigu íslenzka ríkisins.

□ Ákvæði 2. málsliðs 2. mgr. 31. gr. laga nr. 77 27. júní 1921,[1)] um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félögunum.

[1)] *Nú gilda l. 32/1978.*

■ **6. gr.** Þeim erlenda aðila, sem samvinna yrði höfð við um framleiðslu og sölu kísilgúrsins, skal heimilt að stofna hlutafélag á Íslandi til að annast útflutning og sölu erlendis á framleiðslu kísilgúrverksmiðjunnar, með þeim skilmálum, sem um verður samið við ríkisstjórnina.

□ Hinum erlenda aðila heimilast að vera fullgildur stofnandi sölufélags samkvæmt grein þessari, án tillits til ákvæða 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög,[1)] og skal fjöldi hluthafa félagsins óháður ákvæðum 38. gr. þeirra laga. Enn fremur skulu ákvæði 2. töluliðs 3. gr., 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr. í lögum þessum gilda um slíkt félag.

[1)] *L. 77/1921 voru afnumin með l. 32/1978.*

■ **7. gr.** Krefjist framkvæmd 1. gr. kaupa á jarðnæði og annarri aðstöðu í eigu annarra en ríkisins, án þess að samningar náist um kaup þessara réttinda, skal ríkisstjórninni heimilt að taka þau eignarnámi gegn bótum eftir mati óvilhallra manna. Um eignarnámið skal farið að lögum nr. 61 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms.[1)]

[1)] *Nú l. 11/1973.*

■ **8. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að gera samning innan marka þessara laga við erlendan aðila um samvinnu um framleiðslu og sölu kísilgúrs frá verksmiðjunni og kveða þar á um þær skuldbindingar af sinni hálfu og hins erlenda aðila, sem telja má nauðsynlegar og eðlilegar í sambandi við samaðild þeirra að framleiðslufélaginu og varðandi útflutning og sölu á framleiðslu þess, þar með talin þau málefni, sem 9. gr. þessara laga fjallar um.

■ **9. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að kveða svo á með samningi, að framleiðslufélag samkv. 1. gr. annars vegar og sölufélag samkv. 6. gr. hins vegar greiði hvort um sig einn tekjuskatt í stað annarra skatta, venjulegra eða sérstakra, sem á eru lagðir samkvæmt lögum, þann tíma, sem samningurinn tiltekur, og nemi skattur þessi 45% af skattskyldum tekjum félaganna. Að því er framleiðslufélagið varðar er heimilt að kveða svo á, að skattur þessi fari eigi niður úr tilteknu marki fyrir hvert skattár án tillits til tekna. Skattskyldar tekjur félaganna er heimilt að reikna samkvæmt lögum nr. 90/1965,[1)] þó þannig, að ákvæði 1. og 2. mgr. 17. gr. laganna gildi eigi við ákvörðun þeirra. Varðandi ákvörðun skattskyldra tekna sölufélagsins má kveða svo á, að eigi verði annar kostnaður talinn til frádráttar en beinn kostnaður þess hér á landi.

□ Ríkisstjórninni er heimilt að kveða svo á með samningi við hinn erlenda aðila, sem samvinna yrði höfð við um framleiðslu og sölu kísilgúrsins, að því er varðar þóknun fyrir tækni- og stjórnunaraðstoð, er hann kynni að veita framleiðslufélaginu við rekstur verksmiðjunnar, að hann greiði af slíkri þóknun einn tekjuskatt, er nemi 45% af umræddri þóknun, án þess að nokkur kostnaður komi henni til frádráttar við álagningu hans. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða á sama hátt, að eigi skuli skattleggja hlutafjáreign hins erlenda aðila í framleiðslufélaginu og sölufélaginu eða arð af henni, höfuðstól og vexti af lánum hins erlenda aðila til framleiðslufélagsins eða sölufélagsins og greiðslur erlenda aðilans inn á viðskiptareikning sölufélagsins. Hið sama á við um hlutafé og arð annarra erlendra hluthafa í félögum þessum, ef einhverjir yrðu.

□ Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að kveða svo á með samningi, að framleiðslufélagi samkv. 1. gr., sölufélagi samkv. 6. gr. og hinum erlenda aðila skuli eigi skylt að greiða hér á landi, umfram tekjuskatt þann, sem að framan greinir, aðra skatta en þá, sem hér segir:

1. Almenn stimpilgjöld, þinglýsingargjöld og önnur skráningargjöld.

2. Ökutækja- og vegaskatta, sem almennt eru á lagðir.

3. Skoðunargjöld og leyfisgjöld, sem almennt eru á lögð.

4. Félagsleg gjöld, sem íslenzkum atvinnurekendum ber almennt að greiða, svo sem lífeyrisiðgjöld til almannatrygginga, slysatryggingagjöld, atvinnuleysistryggingagjöld og launaskatt.

5. Innlendan söluskatt samkvæmt lögum nr. 10/1960[2)] og hliðstæða skatta, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar og 5. tölulið 1. gr.

6. Skatta, sem í eðli sínu eru þóknun fyrir þjónustu við aðilana, þar með talið iðnaðarrannsóknargjald lagt á framleiðslufélagið eins og nú er samkvæmt lögum nr. 64/1965.[3)]

□ Ríkisstjórninni er heimilt að kveða svo á, að innflutningur framleiðslufélagsins á umbúðum eða efni, sem endurútflutt er frá verksmiðjunni, og útflutningur á framleiðslu hennar og þær sölur, sem fram fara af hálfu framleiðslufélagsins og sölufélagsins sem þáttur í þeim útflutningi, skuli eigi háð aðflutnings- eða útflutningstollum, né heldur sköttum samkv. 5. tölulið 3. mgr.

□ Skattar þeir og gjöld, sem um ræðir í grein þessari, álagning þeirra, greiðsla og innheimta, skulu háð nánari ákvæðum þeirra samninga, sem ríkisstjórnin gerir við hlutaðeigandi aðila.

□ Þar til gerður hefur verið tvísköttunarsamningur[4)] við það eða þau ríki, þar sem viðkomandi starfsmenn eru búsettir, er ríkisstjórninni heimilt að beita ákvæðum tillagna Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) að milliríkjasamþykkt um tvísköttun, að því er varðar skattlagningu á greiðslum, sem inntar yrðu af hendi af aðilum búsettum utan Íslands til starfsmanna, sem hinn erlendi aðili hefur látið sölufélaginu eða framleiðslufélaginu í té við rekstur þeirra hér á landi.

□ Ríkisstjórninni skal heimilt að veita framleiðslufélagi samkv. 1. gr., sölufélagi samkv. 6. gr. og hinum erlenda aðila þau leyfi, sem nauðsynleg eru til starfsemi þeirra hér á landi varðandi framleiðslu og sölu á kísilgúr. Ríkisstjórninni skal heimilt að gefa út verzlunarleyfi til sölufélagsins, eftir því sem tilgangur þess segir til um, með þeim skilmálum, sem um verður samið við stofnanda þess. Sölufélaginu skal heimilt að hafa reikninga erlendis fyrir gjaldeyristekjur, sem stafa frá sölu þess á

1966 Nr. 80 15. ágúst

**1966** Nr. 80 15. ágúst framleiðslu kísilgúrverksmiðjunnar, og að ráðstafa fé úr slíkum reikningum í þágu rekstrar síns á Íslandi og til greiðslu ágóðahlutar til hluthafa sinna, enda geri það gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands grein fyrir slíkum reikningsinnstæðum og ráðstöfunum með samkomulagi við þann aðila.

[1] *Nú l. 75/1981.* [2] *Sjá nú l. 50/1988, um virðisaukaskatt.* [3] *VI. kafli l. 64/1965 var afnuminn með l. 41/1978.* [4] *Sjá Stjtíð. C 22/1975.*

■ **10. gr.** Framleiðslufélagið skal gera allar þær varúðar- og öryggisráðstafanir, sem við verður komið, til þess að koma í veg fyrir, að dýralíf og gróður við Mývatn bíði tjón af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar. Einnig skal það haga gerð mannvirkja þannig, að þau fari sem bezt í umhverfinu.

■ **11. gr.** Iðnaðarmálaráðherra fer með mál, er snerta eignarhlutdeild ríkisins í kísilgúrverksmiðjunni.

□ Ráðherra raforkumála[1] fer með mál varðandi hitaveituna, og setur hann nánari reglur um stofnun hennar og rekstur.

[1] *Iðnaðarráðherra, sbr. augl. A 96/1969, 8. gr.*

**1969** Nr. 48 17. maí **Lög um viðauka við lög nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram allt að 150 milljónir króna af fé ríkissjóðs sem hlutafé í Kísiliðjunni h. f. við Mývatn til viðbótar því framlagi, sem heimilað var með ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að taka lán í þessu skyni.

□ Ákvæði 5. mgr. 4. gr. nefndra laga gilda ekki um þau hlutabréf í Kísiliðjunni h. f., sem ríkissjóður kann að verða skráður fyrir við aukningu hlutafjár umfram upphaflegt stofnfé félagsins.

**1982** Nr. 53 11. maí **Lög um aukningu hlutafjár í Kísiliðjunni h. f.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að yfirtaka kröfur að jafnvirði allt að 1,3 milljóna Bandaríkjadollara í íslenskum krónum á hendur Kísiliðjunni h. f. og leggja þá fjárhæð fram til aukningar hlutafjár ríkissjóðs í Kísiliðjunni h. f.

□ Ákvæði 5. mgr. 4. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn gilda ekki um þau hlutabréf í Kísiliðjunni, sem ríkissjóður fær við yfirtöku nefndra krafna.

**1966** Nr. 76 13. maí **Lög um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.**

■ **1. gr.** Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dags. 28. marz 1966, um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. ...[1]

[1] *Um samninginn vísast til Stjtíð. A 1966, bls. 190 – 265.*

■ **2. gr.** Ákvæði samnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

**1970** Nr. 19 6. apríl **Lög um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.**

■ **1. gr.** Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dags. 28. október 1969, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. marz 1966, um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. ...[1]

[1] *Um samninginn vísast til Stjtíð. A 1970, bls. 233 – 242.*

■ **2. gr.** Ákvæði viðaukasamnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

**1976** Nr. 42 25. maí **Lög um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.**

■ **1. gr.** Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dags. 10. desember 1975, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðauka dags. 28. október 1969), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.[1]

[1] *Um samninginn vísast til Stjtíð. A 1976, bls. 85 – 107.*

■ **2. gr.** Ákvæði viðaukasamnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

**1984** Nr. 104 30. nóv. **Lög um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.**

■ **1. gr.** Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dags. 5. nóvember 1984, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðaukum dags. 28. október 1969 og 10. desember 1975) um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.[1]

[1] *Um samninginn vísast til Stjtíð. A 1984, bls. 232 – 246.*

■ **2. gr.** Ákvæði viðaukasamnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

**1985** Nr. 111 31. des. **Lög um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.**

■ **1. gr.** Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., dags. 11. nóvember 1985, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðaukum dags. 28. október 1969, 10. desember 1975 og 5. nóvember 1984), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.[1]

[1] *Um samninginn vísast til Stjtíð. A 1985, bls. 339 – 360.*

■ **2. gr.** Ákvæði viðaukasamnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

**1976** Nr. 47 25. maí **Lög um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það markmið að kanna aðstæður til að

**1976** Nr. 47 25. maí

reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi og annast undirbúning þess, að slíku fyrirtæki verði komið á fót.

☐ Með saltverksmiðju er í lögum þessum átt við iðjuver til vinnslu á salti (natríumklóríði) fyrir innlendan og erlendan markað og hagnýtingar á efnum, sem til falla við þá vinnslu.

■ **2. gr.** Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja innlenda aðila, sem áhuga hafa á málinu.

■ **3. gr.** Hlutafélagið skal láta endurskoða þær niðurstöður, sem fyrir liggja. Það skal framkvæma eða láta framkvæma hvers konar viðbótarrannsóknir, sem það telur nauðsynlegar til undirbúnings að byggingu og rekstri saltverksmiðju, m. a. skal félagið láta reisa og reka tilraunaverksmiðju. Þá skal undirbúningsfélagið láta framkvæma ítarlegar markaðsathuganir. Skal að því stefnt, eftir því sem fært þykir, að unnt verði að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takist á hendur að fullbyggja verksmiðjuna og annast rekstur hennar til frambúðar. Ber jafnframt að stefna að því, að hlutafélagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn frá þeim, er við starfseminni tekur, með hlut í vinnslufyrirtækinu eða á annan hátt.

☐ Slíta skal hlutafélaginu, þegar hlutverki þess samkvæmt 1. gr. er lokið, nema Alþingi heimili framhald á starfsemi þess í öðrum tilgangi.

☐ Óheimilt skal að framselja árangurinn af starfsemi hlutafélagsins til annarra en íslenskra aðila nema samþykki Alþingis komi til.

■ **4. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan:

1. Að leggja fram í reiðufé allt að 60 milljónum króna, sem hlutafé í félagi samkvæmt 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða af lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.

2. Að leggja fram til félagsins mannvirki og undirbúningsrannsóknir, sem að hefur verið unnið á kostnað ríkissjóðs, þegar félagið tekur til starfa. Verði hvort tveggja metið við kostnaðarverði og teljist til hlutafjárframlags ríkissjóðs.

3. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánum, er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar, að fjárhæð samtals allt að 100 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.

4. Að veita félaginu heimildir til hagnýtingar á jarðhitaréttindum og vinnsluréttindum á Reykjanesi í eigu ríkisins í þágu athugana og aðgerða samkvæmt 3. gr., þar á meðal starfrækslu á tilraunaverksmiðju, með eða án sérstaks endurgjalds.

5. Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af byggingarefni, búnaði og vélum, sem félagið flytur inn til framkvæmda samkvæmt 3. gr.

■ **5. gr.** Ríkissjóður og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkvæmt 2. gr., skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæðis 3. málsliðar 2. málsgreinar 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög.[1] Tala stofnenda skal óháð ákvæðum 1. málsliðar sömu málsgreinar. Rétt er að skrásetja félagið þegar er það hefur verið stofnað, án tillits til þess, hvernig þá stendur á um innborgun lofaðs hlutafjár.

☐ Tala hluthafa í félaginu skal óháð takmörkunum í almennum hlutafélögum svo og réttur hluthafa til að neyta atkvæðisréttar fyrir allt atkvæðisbært hlutafé sitt.

☐ Hlutabréf í félaginu skulu hljóða á nafn. Hlutabréfin skulu undanþegin stimpilgjöldum.

[1] *Nú l. 32/1978.*

■ **6. gr.** Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

☐ Fulltrúar í stjórn hlutafélags samkvæmt 1. gr. skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til árs í senn, svo og varamenn þeirra. Iðnaðarráðherra skipar formann stjórnar.

☐ Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga sjálfir hlut í félaginu.

■ **7. gr.** Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir á þess vegum og skal starfsgrundvöllur saltverksmiðjunnar á Reykjanesi miðaður við, að fyrirtækið fullnægi einnig því skilyrði.

☐ Framkvæmdir undirbúningsfélagsins og hönnun saltverksmiðjunnar, bygging og rekstur, skulu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi náttúruvernd,[1] mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað[2] og staðla þá, sem settir eru samkvæmt þeim.

[1] *L. 47/1971.* [2] *L. 46/1980.*

■ **8. gr.** Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. og aðild að starfsemi þess, sbr. þó 6. gr.

**1976** Nr. 47 25. maí

## Lög um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

**1981** Nr. 62 4. júní

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt með hliðsjón af lögum nr. 47/1976, um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi, að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki sjóefnavinnslu á Reykjanesi til vinnslu á saltefnum og öðrum efnum, sem til falla við þá vinnslu.

☐ Heiti hlutafélagsins verði Sjóefnavinnslan h. f. Málefni Sjóefnavinnslunnar h. f. heyra undir iðnaðarráðherra.

■ **2. gr.** Ríkisstjórnin skal kveðja Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi h. f. svo og aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu, til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr.

☐ Nú tekst ekki að afla meiri hluta hlutafjár á almennum markaði innanlands og leggur þá ríkisstjórnin til meiri hluta hlutafjár í félaginu.

☐ Hlutafé félagsins skal vera a. m. k. 25% af áætluðum stofnkostnaði verksmiðjunnar.

■ **3. gr.** Hlutafélaginu er heimilt að hefja undirbúning að framleiðslu á natríumklórati til útflutnings. Til samvinnu um þann undirbúning er því heimilt að kveðja aðila, sem áhuga hafa á slíkri vinnslu.

■ **4. gr.** Iðnaðarráðherra getur heimilað hlutafélaginu að reisa og reka raforkuver allt að 10 MW að stærð, í tengslum við starfrækslu fyrirtækisins.

■ **5. gr.** Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 45 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.

2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar,

**1981** Nr. 62 4. júní

að fjárhæð allt að 105 millj. kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.

4. Að greiða lán, sem Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi h. f. hefur tekið vegna kostnaðar við rannsóknir á undanförnum árum. Yfirtaka ríkissjóðs á þeim skuldum skal ekki hafa áhrif á mat hlutabréfa skv. 6. gr.

☐ Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

■ **6. gr.** Slíta má Undirbúningsfélagi saltverksmiðju á Reykjanesi h. f., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1976, með þeim hætti að sameina það Sjóefnavinnslunni h. f. og má ákveða að hluthafar Undirbúningsfélagsins skipti á hlutabréfum sínum í því félagi og jafngildi þeirra í hlutabréfum í Sjóefnavinnslunni h. f.

■ **7. gr.** Heimilt er að undanþiggja hlutabréf í félaginu stimpilgjaldi.

■ **8. gr.** Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

☐ Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu kjörnir á aðalfundi nema fulltrúar ríkisins, sem skulu skipaðir af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu, svo og varamenn þeirra. Verði um meirihlutaaðild ríkisins að ræða í félaginu skipar iðnaðarráðherra formann stjórnar.

■ **9. gr.** Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum, og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd,[1] mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað,[2] svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

[1] *L. 47/1971.* [2] *L. 46/1980.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Ekki er heimilt að hefja framkvæmdir við stækkun verksmiðjunnar í 40 þús. tonna afköst fyrr en Alþingi hefur heimilað byggingarframkvæmdir með þingsályktun. Þó er heimilt að ljúka hönnun, bora gufuholu og setja upp gufuhverfil til rafmagnsframleiðslu.

**1977** Nr. 18 11. maí

## Lög um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

■ **1. gr.** Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju að Grundartanga í Hvalfirði til framleiðslu á kísiljárni og hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur.

☐ [Hlutafélaginu er enn fremur ætlað á eigin vegum, með þátttöku í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja, að tryggja vöxt fyrirtækisins með arðvænlegum fjárfestingum í öðrum greinum atvinnurekstrar.][1]

[1] *L. 28/1989, 1. gr.*

■ **2. gr.** Til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meirihluta, nema samþykki Alþingis komi til.

■ **3. gr.** Í sambandi við hlutafélag samkv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram [allt að jafnvirði 33 milljóna Bandaríkjadollara í íslenskum krónum],[1] til að eignast 55% af hlutafé í félaginu. Einnig er henni heimilt að taka lán í sama skyni.

2. Að kaupa eða láta kaupa jarðnæði við Grundartanga í Hvalfirði, er leigt verði félaginu, eftir því sem þarfir verksmiðju þess krefjast, sbr. 10. gr.

3. Að láta byggja og reka höfn við Grundartanga í Hvalfirði, sem félagið hafi aðgang að, og kaupa eða láta kaupa nauðsynleg landsréttindi höfninni til handa, sbr. 10. gr.

4. Að sjá um að leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Grundartanga.

5. Að láta leggja raflínu að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Grundartanga, til flutnings á rafmagni til byggingar verksmiðju félagsins og hafnarinnar og til almennra nota þar á staðnum.

6. Að veita félaginu lán í sambandi við byggingu verksmiðjunnar, að fjárhæð allt að jafnvirði 24,2 milljóna norskra króna, með þeim kjörum, sem ríkisstjórnin ákveður, eða leggja fram sömu fjárhæð til aukningar á hlutafé þess, gegn samsvarandi lánum eða framlögum frá samstarfsaðilum hennar að tiltölu við hlutafjáreign þeirra. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán í þessu skyni.

7. Að lækka stimpilgjöld og þinglýsingargjöld vegna stofnlána, sem félagið tekur í sambandi við byggingu verksmiðjunnar, [svo og stimpilgjald af hlutabréfum].[2]

8. ...[2]

[1] *L. 95/1984, 1. gr.* [2] *L. 95/1984, 2. gr.*

■ **4. gr.** Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr., skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæðis 3. málsliðar 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög.[1] Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málsliðs sömu málsgreinar. Rétt er að skrásetja félagið þegar er það hefur verið stofnað, án tillits til þess, hvernig þá stendur á um innborgun lofaðs hlutafjár.

☐ Tala hluthafa í félaginu skal óháð takmörkunum í almennum hlutafélagalögum,[1] svo og réttur hluthafa til að neyta atkvæðisréttar fyrir allt atkvæðisbært hlutafé sitt.

☐ Hlutabréf í félaginu skulu hljóða á nafn.

[1] *Nú l. 32/1978.*

■ **5. gr.** Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til árs í senn, svo og varamenn þeirra.

☐ Fulltrúar í stjórn félagsins mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, þó ekki sá meirihluti, sem áskilinn er í 2. gr. að framan.

☐ Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga sjálfir hlut í félaginu.

■ **6. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga innan ramma þessara laga við þá aðila, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr. að framan, og að kveða þar á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins og aðilanna, sem taldar eru nauðsynlegar og viðeigandi í sambandi við samvinnu þeirra um hlutafélagið og starfsemi þess, þar á meðal varðandi framkvæmd 7. – 9. gr. að neðan. Gildistími ákvæða 7. – 9. gr. skal vera eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og ekki skemmri en fimmtán ár frá stofnun hlutafélagsins.

☐ Samningar þeir, er ríkisstjórnin gerir samkvæmt 1.

**1977** Nr. 18 11. maí

málsgr. um grundvallaratriði samstarfsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.[1]

☐ Í samræmi við 1. málsgr. er ríkisstjórninni heimilt að semja við samstarfsaðila sína í hlutafélaginu um gagnkvæmar skuldbindingar til að tryggja félaginu fjármagn til að ljúka byggingu á verksmiðju með tveimur 30 – 45 MW bræðsluofnum fyrir kísiljárn og hefjast handa um rekstur hennar, þ. e. það fjármagn, sem við kann að þurfa umfram stofnhlutafé og lán skv. 6. tölul. 3. gr. ásamt stofnlánum frá utanaðkomandi aðilum, er verði ekki lægri en jafnvirði 320 milljóna norskra króna að samanlögðum höfuðstól. Er ríkisstjórninni heimilt að taka lán í þessu skyni og endurlána félaginu með kjörum, sem hún ákveður, eða að taka ábyrgð á lánum, sem félaginu eru útveguð, gegn sams konar aðgerðum af hálfu samstarfsaðilanna eftir réttu hlutfalli við hlutafjáreign hvers um sig.

[1] *Aðalsamn. milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket a/s er birtur sem fylgiskjal með lögum þessum í A-deild Stjtíð. 1977, bls. 73 – 91.*

■ **7. gr.** Hlutafélagi samkv. 1. gr. ber að greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld, sem almennt eru á lögð hér á landi, eftir þeim reglum, sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti, sem mælt er á annan veg í lögum þessum.

☐ Verði lagareglum um tekjuskatt og eignarskatt eða önnur opinber gjöld breytt frá því, sem nú er, skal hlutafélagið jafnan eiga sama rétt og aðrir íslenskir aðilar, sem hafa hliðstætt rekstrarform og stunda hliðstæða starfsemi, til að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða eftir hinum breyttu reglum, og því ekki íþyngt með álögum umfram þessa aðila.

☐ Eftirfarandi reglur skulu gilda gagnvart hlutafélaginu að því er varðar skatta á nettótekjur og aðra skatta, sem að neðan greinir, án tillits til breytinga, sem verða kunna á almennum lögum um þá skatta:

1. Félaginu skal jafnan heimilt að halda varasjóð myndaðan af skattfrjálsum framlögum að því marki, sem um ræðir í 2. málsgr. 17. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt[1] (nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972), og eftir þeim reglum, er gilda um slíkan varasjóð samkvæmt þeim lögum.

2. Félaginu skal jafnan heimilt að draga frá hreinum tekjum sínum á ári hverju sem svarar allt að 10% af nafnverði hlutafjár þess með sama hætti og um getur í 1. málsgr. 17. gr. gildandi tekjuskattslaga.[1] Má sá frádráttur vera fyrir fjárhæðum, er félagið borgar út jafnóðum sem arð á því ári, og/eða fjárhæðum, er félagið leggur til hliðar á árinu í sjóð til fjárfestingar og rekstrarþarfa. Úr sjóði þeim, sem lagður er til hliðar samkvæmt ákvæði þessu, má síðar úthluta arði og greiða hann, án þess að slíkt skerði rétt félagsins til frádráttar vegna útborgaðs arðs á því ári, er greiðsla fer fram.

3. Félaginu skal jafnan heimilt að auka hlutafé sitt með útgáfu jöfnunarhlutabréfa án þess að nafnverð þeirra teljist til skattskyldra tekna hjá hluthöfum þess, innan þeirra marka, sem um ræðir í 2. málsgr. D-liðs 1. málsgr. 7. gr. gildandi tekjuskattslaga.[1]

4. Félagið skal greiða árlegt landsútsvar, er nemi 0,5% hið mesta af rekstrarútgjöldum þess næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum skattalaga (þar með taldar fyrningar og vöru- og efnisnotkun), þó ekki af hærri upphæð en sem nemi bruttótekjum félagsins á árinu. Verður landsútsvarið lagt á atvinnurekstur félagsins sem heild og kemur í stað aðstöðugjalds á þann rekstur samkv. V. kafla laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga,[2] og annarra gjalda, er leysa kynnu aðstöðugjaldið af hólmi.

[1] *Nú gilda l. 75/1981.* [2] *Nú l. 91/1989.*

■ **8. gr.** Um skattskyldu erlendra aðila, sem kvaddir eru til samvinnu samkvæmt 2. gr. laganna og eiga hlut í félaginu eða láta því í té tæknilega aðstoð eða aðstoð við sölu á afurðum þess, skal fara eftir ákvæðum þeirra tvísköttunarsamninga, sem í gildi eru milli Íslands og heimaríkja þessara aðila. Í þeim tilvikum, sem slíkum tvísköttunarsamningum er ekki til að dreifa, er ríkisstjórninni heimilt að beita í þessu efni ákvæðum þeirra tvísköttunarsamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma milli Íslands og Noregs eða Íslands og Bandaríkjanna, eftir því sem hún ákveður nánar. Jafnframt skulu eftirfarandi reglur gilda gagnvart ofangreindum aðilum, án tillits til breytinga á íslenskum skattalögum:

1. Tekjuskattur erlendra hluthafa í félaginu vegna arðs af hlutareign þeirra, sem skattskyldur er samkvæmt gildandi tekjuskattslögum eða síðari lögum um tekjuskatt, skal vera 5% – fimm af hundraði, nema lög eða milliríkjasamningar kveði á um lægra gjald, enda eigi viðkomandi hluthafi ekki minna en sem svarar 10% af útistandandi hlutafé félagsins. Ber félaginu að halda skatti þessum eftir við útborgun arðsins og skila honum til hlutaðeigandi yfirvalda á greiðsluárinu. Í þessu sambandi ber að meðhöndla úthlutun á verðmætum til hluthafa við slit á félaginu eða sölu á hlutabréfum sem innlausn á hlutabréfum, og skal ágóði til hluthafanna, sem um er að ræða, metinn sem tekjur af innlausninni og skattlagður sem arður.

2. Þeir erlendu aðilar, sem að ofan greinir, skulu ekki taldir hafa fasta starfsstöð á Íslandi vegna umgetinna tengsla sinna við félagið, og greiðslur til þeirra í formi þjónustugjalda, sölulauna, umboðslauna, leyfisgjalda og vaxta skulu ekki háð sköttun á Íslandi.

■ **9. gr.** Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til verksmiðju félagsins og rekstrar hennar og tengdra mannvirkja skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning. Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og/eða söluskatt af vöru eða þjónustu, sem keypt er innanlands vegna byggingar verksmiðjunnar, í þeim tilgangi að efla aðstöðu innlendra aðila til samkeppni um verkefni í sambandi við bygginguna.

☐ Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á hráefnum og rekstrarvörum, sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, skal undanþeginn tollum á innflutning og útflutning og söluskatti á Íslandi, svo og sala til útlanda á framleiðsluvörum félagsins.

☐ Rafmagn til rekstrar verksmiðjunnar skal undanþegið söluskatti og öðrum gjöldum í sambandi við sölu eða notkun raforku.

■ **10. gr.** Höfn[1] við verksmiðjusvæðið að Grundartanga, sbr. 3. tölul. 3. gr., skal vera í eigu sérstaks hafnarsjóðs, sem sveitarfélög í nágrenninu stofna til samkvæmt ákvæðum hafnalaga, og tryggi hafnarsjóðurinn hlutafélaginu viðeigandi afnot hafnarinnar með kjörum, sem ríkisstjórnin samþykkir.

**1977** Nr. 18 11. maí

☐ Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að hafnarsjóðurinn verði eigandi að jarðnæði verksmiðjunnar við Grundartanga, sbr. 2. tölul. 3. gr., og leigi það hlutafélaginu með kjörum, sem ríkisstjórnin samþykkir.

[1] *Rg. 214/1980.*

■ **11. gr.** Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Grundartanga af hennar völdum, og skulu hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd[1] og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað,[2] og þá staðla, sem settir eru samkvæmt þeim.

☐ Áður en framleiðsla hefst skal gerð líffræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar, þannig að fylgjast megi með áhrifum hennar á lífríkið. Ríkisstjórnin ákveður tilhögun athugunarinnar að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, og skal hlutafélagið greiða allan kostnað við framkvæmd hennar.

[1] *L. 47/1971.* [2] *L. 46/1980.*

■ **12. gr.** Við járnblendiverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

■ **13. gr.** Iðnaðarráðherra fer með mál, sem snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

**Fylgiskjal.**

**Aðalsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket a/s.**[1]

[1] *Sjá Stjtíð. A 1977, bls. 73 – 91.*

**1981** Nr. 61 4. júní

## Lög um steinullarverksmiðju.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags, er reisi og reki steinullarverksmiðju, og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

■ **2. gr.** Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 14 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.

2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals allt að 21 milljón kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt, þó ekki meira en 25% af heildarlánsfjárþörf vegna stofnkostnaðar.

3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.

☐ Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

■ **3. gr.** Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

■ **4. gr.** Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd,[1] mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað[2] svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

[1] *L. 47/1971.* [2] *L. 46/1980.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Ekki er ríkisstjórninni heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags og aflað hefur verið öruggra viðskiptasambanda.

**1981** Nr. 61 4. júní

## Lög um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju á Reyðarfirði til framleiðslu á kísilmálmi og hafi með höndum þá framleiðslu og skyldan atvinnurekstur.

■ **2. gr.** Til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags skv. 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja aðra aðila sem áhuga hafa á málinu. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta. Verði gerðir samstarfssamningar milli ríkissjóðs og annarra hluthafa skal leggja slíka samninga fyrir Alþingi til staðfestingar.

■ **3. gr.** Í sambandi við hlutafélag samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að kr. 25 000 000 í hlutafé í félaginu á árinu 1982 og taka lán í því skyni.

☐ Áður en ráðist verður í framkvæmdir við verksmiðjuna og hlutafé félagsins aukið skal stjórn félagsins gera eftirfarandi:

a. Undirbúa frekari hönnun verksmiðjunnar og leita tilboða í byggingu hennar og búnað.

b. Gera ítarlega áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað, svo og nákvæma framkvæmda- og fjármögnunaráætlun, og gera aðrar þær athuganir er máli skipta.

c. Undirbúa samninga um orkukaup, tækniaðstoð og sölu afurða verksmiðjunnar eftir því sem þurfa þykir.

☐ Stjórn félagsins skal gera skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir og skal sú skýrsla lögð fyrir næsta Alþingi. Samþykki Alþingi niðurstöður skýrslunnar er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að kr. 200 000 000 í hlutafé til viðbótar.

☐ Þegar ákvörðun um að leggja fram viðbótarhlutafé hefur verið tekin er ríkisstjórninni heimilt að kveðja aðra aðila til samstarfs skv. 2. gr. laganna.

■ **4. gr.** Í sambandi við stofnun hlutafélags samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni enn fremur heimilt:

1. Að taka lán í því skyni að greiða hlutafjárframlag sitt, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna.

2. Að láta byggja og reka höfn, sem félagið hafi aðgang að við Mjóeyri í Reyðarfirði.

3. Að láta leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Mjóeyri.

4. Að láta leggja raflínu að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Mjóeyri til flutnings á rafmagni til byggingar og reksturs verksmiðju félagsins, til hafnarinnar og til almennra nota þar á staðnum.

**1982** Nr. 70 17. maí

5. Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að kr. 300 000 000 eða taka lán að sömu fjárhæð og endurlána félaginu til byggingar verksmiðjunni.

6. Að lækka stimpilgjöld vegna stofnlána sem félagið tekur og fella niður stimpilgjöld af hlutabréfum í félaginu.

7. Fjárhæðir í 3. gr. og 5. tölulið þessarar greinar miðist við lánskjaravísitölu 1. mars 1982.

□ Heimildum ríkissjóðs skv. 1., 2., 4. og 5. tölulið hér að framan verður ekki beitt fyrr en samþykki Alþingis skv. 3. mgr. 3. gr. hefur verið veitt.

■ **5. gr.** Í sambandi við stofnun hlutafélags samkvæmt 1. gr. er landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs og hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, hreppsnefnd Helgustaðahrepps og bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar, sem umráða- og hagsmunaaðilum, heimilt að selja ríkissjóði kristfjárjarðirnar Sómastaði, Sómastaðagerði og Framnes í Reyðarfjarðarhreppi.

□ Andvirði hinna seldu jarða skal varið til félagslegra framkvæmda í Reyðarfjarðarhreppi, Helgustaðahreppi og Eskifjarðarkaupstað. Ráðstöfun söluandvirðis skal háð samþykki félagsmálaráðuneytisins, og ráðstöfun söluandvirðis skal vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

□ Fjármálaráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs kristfjárjarðirnar Sómastaði, Sómastaðagerði og Framnes í Reyðarfjarðarhreppi ásamt mannvirkjum og ræktun og leigja hlutafélagi skv. 1. gr. lóð úr landi jarðanna undir starfsemi þess og selja hafnarsjóði skv. 10. gr. úr landi jarðanna hentugt jarðnæði vegna hafnar við Mjóeyri í Reyðarfirði.

□ Verð jarðanna, mannvirkja á þeim svo og ræktunar fer eftir því sem um semst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

■ **6. gr.** Tala stofnenda hlutafélagsins skal vera óháð 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978 og tala hluthafa skal vera óháð 1. mgr. 17. gr. laganna. Enn fremur er félagið undanþegið ákvæði 2. mgr. 47. gr. um kjör meiri hluta stjórnar á hluthafafundi.

■ **7. gr.** Stjórn félagsins skipa 7 menn hið fæsta og 9 menn hið flesta og varamenn þeirra.

□ Alþingi kýs hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins og varamenn þeirra til eins árs í senn. Iðnaðarráðherra tilnefnir formann stjórnar úr hópi þingkjörinna stjórnarmanna.

□ Í upphafi, er lög þessi hafa verið samþykkt, skal Alþingi kjósa 7 stjórnarmenn og 7 varamenn þeirra. Þegar aðrir hluthafar en ríkissjóður hafa eignast 10% og allt að 20% hlutafjár félagsins skulu þeir kjósa einn stjórnarmann og síðan einn stjórnarmann fyrir hver 10% hlutafjár til viðbótar. Þegar aðrir hluthafar en ríkissjóður hafa eignast þrjá stjórnarmenn fækkar stjórnarmönnum ríkissjóðs um einn í sex, og þegar aðrir hluthafar hafa eignast fjóra fulltrúa fækkar stjórnarmönnum ríkissjóðs í fimm. Allar breytingar á stjórn félagsins miðast við aðalfund félagsins.

□ Atkvæði formanns ræður úrslitum máls þegar atkvæði eru á jöfnu á stjórnarfundum.

■ **8. gr.** Hlutafélagi skv. 1. gr. ber að greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld sem almennt eru álögð hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda skv. lögum á hverjum tíma.

□ Félagið skal greiða árlegt gjald, er nemi allt að 1% af aðstöðugjaldsstofni. Gjald þetta kemur í stað aðstöðugjalds á atvinnurekstur félagsins skv. lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga,[1] og annarra gjalda er leysa kynnu aðstöðugjaldið af hólmi.

□ Alþingi skal ákveða skiptingu gjaldsins og ráðstöfun áður en rekstur verksmiðju félagsins hefst.

□ Gjaldið skal lagt á og innheimt á sama hátt og aðstöðugjald og greiðast á sömu gjalddögum og aðstöðugjald. Taka má gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. desember 1885.

[1] *Nú l. 91/1989.*

■ **9. gr.** Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingavörum og varahlutum til verksmiðju félagsins og reksturs hennar og tengdra mannvirkja skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning. Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og/eða söluskatt af vöru eða þjónustu, sem keypt er innanlands vegna byggingar verksmiðjunnar, í þeim tilgangi að efla aðstöðu innlendra aðila til samkeppni um verkefni í sambandi við bygginguna.

□ Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á hráefnum og rekstrarvörum, sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, skal undanþeginn tollum á innflutning og útflutning og söluskatti, svo og sala til útlanda á framleiðsluvörum félagsins.

□ Rafmagn til reksturs verksmiðjunnar skal undanþegið söluskatti og verðjöfnunargjaldi á raforku.

■ **10. gr.** Höfnin við Mjóeyri skal vera í eigu hafnarsjóðs Reyðarfjarðarhrepps eða sérstaks hafnarsjóðs, sem stofnað yrði til skv. ákvæðum hafnalaga, og tryggi Reyðarfjarðarhöfn eða nýr hafnarsjóður hlutafélaginu afnot af höfninni með kjörum sem ríkisstjórnin samþykkir.

■ **11. gr.** Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Mjóeyri af hennar völdum.

□ Hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur skulu í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd[1] og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað,[2] og þá staðla sem settir eru skv. þeim.

□ Hlutafélagið skal kosta rannsóknir sem hlutaðeigandi stjórnvöld telja nauðsynlegar til að fylgjast með áhrifum af rekstri verksmiðjunnar á umhverfi hennar.

□ Ef ágreiningur rís um eðli og umfang nauðsynlegra rannsókna skv. 3. mgr. sker ráðherra úr um ágreininginn.

[1] *L. 47/1971.* [2] *L. 46/1980.*

■ **12. gr.** Við kísilmálmverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

■ **13. gr.** Iðnaðarráðherra fer með mál, sem snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

1982 Nr. 70 17. maí

**1946 Nr. 24 23. apríl**

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f.[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1965, d. 2016.*

**1977 Nr. 19 10. maí**

## Lög um heimild til að selja Húseiningum h/f húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði.[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 1978.*

**1989 Nr. 45 23. maí**

## Lög um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg.

■ **1. gr.** Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti: Prentsmiðjan Gutenberg hf.

□ Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, þ. e. prentsmiðjuna sjálfa ásamt öllu fylgifé hennar, til hins nýja hlutafélags,

b. að láta fara fram mat á eignum ríkisprentsmiðjunnar til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Við stofnun eru öll hlutabréf í hlutafélaginu eign ríkissjóðs.

■ **2. gr.** Hlutverk félagsins skal vera að vinna prentverk fyrir Alþingi, Stjórnarráð og ríkisstofnanir. Félagið annast einnig almennt prentverk, svo og skylda starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

■ **3. gr.** Fastráðnir starfsmenn ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, á því ekki við um þá starfsmenn.

■ **4. gr.** Verði hlutabréf ríkissjóðs í Gutenberg hf. seld öll eða að hluta skal leita samþykkis Alþingis fyrir þeirri sölu.

■ **5. gr.** Iðnaðarráðherra fer með eignarhluta ríkisins í félaginu.

■ **6. gr.** Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

□ Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag og greiðir það opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

□ Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna og skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundinum.

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Hlutafélag skv. 1. gr. yfirtekur ríkisprentsmiðjuna Gutenberg 1. janúar 1990.

**1961 Nr. 49 29. marz**

## Lög um verkstjóranámskeið.

■ **1. gr.** Halda skal, að fengnu samþykki ráðherra, námskeið í verkstjórn árlega, eða oftar, ef þörf krefur.

■ **2. gr.** Stjórn námskeiðanna annast þrír menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, samkvæmt tilnefningu Verkstjórasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Ráðherra skipar formann námskeiðsstjórnar úr hópi tilnefndra stjórnarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

□ Ráðherra iðnaðarmála fer með yfirstjórn þessara mála.

■ **3. gr.** Ráðherra ákveður með reglugerð inntökuskilyrði á námskeiðin.

■ **4. gr.** Ráðherra setur ákvæði um það með reglugerð,[1)] að fengnum tillögum Verkstjórasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands, hvaða námsgreinar skuli kenna og hverjar prófkröfur skuli vera, svo og um það, hvernig kennslu, prófum, einkunnagjöf og útgáfu prófskírteina skuli hagað, um skólagjald og annað, er að kennslu og undirbúningi lýtur.

[1)] *Rg. 178/1962, sbr. 184/1963.*

■ **5. gr.** Próf skulu haldin að loknu námskeiði.

□ Ráðherra skipar prófdómendur, að fengnum tillögum stjórnar námskeiðanna.

□ Skýrslur um prófið, ásamt fullu nafni hvers próftaka, fæðingarstað, degi og ári, svo og einkunnum þeim, sem hann hefur hlotið, skal rita í bækur, sem ráðuneytið löggildir til þess. Prófdómendur og stjórn námskeiðanna skulu staðfesta skýrslurnar með undirskrift sinni.

■ **6. gr.** Stjórn verkstjóranámskeiðanna skal hafa samstarf við samtök framleiðenda og aðra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta, og gera árlega tillögur um, hvar, hvenær og með hvaða sniði verkstjóranámskeið skulu haldin næsta ár á eftir.

□ Kostnaðaráætlun skal fylgja slíkum tillögum hverju sinni.

□ Iðnaðarmálastofnun Íslands skal annast framkvæmd námskeiðanna í umboði námskeiðsstjórnar og hafa á hendi fjárreiður þeirra og varðveita gögn þau og muni, sem námskeiðunum tilheyra.

■ **7. gr.** Jafnframt verkstjóranámskeiðum skal stjórn námskeiðanna heimilt að starfrækja bréfaskóla í verkstjórn, ef henta þykir.

■ **8. gr.** Kostnaður við verkstjóranámskeið og bréfaskóla samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.

**1961 Nr. 102 28. des.**

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frá 20. marz 1883, endurskoðaða í Bruxelles 14. desember 1900, Washington 2. júní 1911, Haag 6. nóvember 1925 og í London 2. júní 1934.

□ Samþykkt þessi er prentuð á íslenzku og frönsku sem fylgiskjal með lögum þessum.

■ **2. gr.** Þegar samþykkt sú, er um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfest af Íslands hálfu, skulu ákvæði hennar hafa lagagildi hér á landi.[1)]

[1)] *Augl. C 5/1962. Í Stjtíð. C 17/1984 eru birtar 13. – 30. gr. Stokkhólmsgerðar samþykktarinnar. Þær greinar hafa ekki öðlast lagagildi og eru því ekki prentaðar hér.*

**Fylgiskjal.**

**Parísarsamþykkt um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar frá 20. marz 1883, endurskoðuð í Bruxelles 14. desember 1900, í Washington 2. júní 1911, í Haag 6. nóvember 1925 og í London 2. júní 1934.**

■ **1. gr.** 1. Lönd þau, er samþykkt þessi nær til, stofna með sér samband til verndar eignarréttinda á sviði iðnaðar.

□ 2. Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar tekur til

einkaleyfa, smáeinkaleyfa, iðnteikninga og iðnlíkana, vörumerkja, firmanafna og til upplýsinga um uppruna eða upprunaheiti og varna gegn óréttmætri samkeppni.

☐ 3. Hugtakið „vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar" skal hér tekið í víðtækustu merkingu þess orðs og á eigi aðeins við iðnað og verzlun í eiginlegri merkingu, heldur nær einnig yfir á svið landbúnaðar og úrvinnsluiðnaðar, yfir allar framleiddar vörur og náttúrugæði, svo sem: vín, korn, tóbaksblöð, ávexti, húsdýr, jarðefni, ölkelduvatn, öl, blóm og mjöl.

☐ 4. Undir „einkaleyfi" teljast hinar ýmsu tegundir einkaleyfa, viðurkenndar af lögum landa þeirra, sem aðilar eru að sambandinu, svo sem aðkomin einkaleyfi, einkaleyfi til endurbóta, viðbótarleyfi og skírteini, o. s. frv.

■ **2. gr.** 1. Borgarar hvers sambandslands skulu, að því er varðar vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, njóta í öllum hinum löndum sambandsins þeirra hlunninda, sem viðkomandi lög veita nú eða kunna að veita í framtíðinni sínum eigin borgurum, enda sé í engu hróflað við þeim réttindum, sem samþykkt þessi gerir sérstaklega ráð fyrir. Þar af leiðandi skulu þeir verða aðnjótandi þeirrar sömu verndar og hinir síðarnefndu, og sömu lögverndar gegn allri ágengni á réttindi þeirra, að því tilskildu, að þeir gangist undir skilyrði þau og formsatriði, sem lögð eru á landsmenn.

☐ 2. Þó skal eigi hægt að setja borgurum sambandslandanna nein skilyrði um heimili eða búsetu í landi, þar sem verndar er óskað, til þess að þeir njóti hvers konar lögverndar eignarréttinda á sviði iðnaðar.

☐ 3. Hvert sambandsland um sig hefur þó áskilið sér rétt til þess að setja í löggjöf sinni ákvæði, að því er snertir hina lögformlegu og framkvæmdalegu aðferð og réttindi og enn fremur, í samræmi við reglurnar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, að gefa nánari fyrirmæli um val lögheimilis eða útnefningu umboðsmanns.

■ **3. gr.** Borgarar landa, sem ekki eru í sambandinu, en eru búsettir eða eiga traust og starfandi iðnaðar- eða verzlunarfyrirtæki á landssvæði einhvers sambandslandanna, njóta sömu réttinda og þegnar landa innan sambandsins.

■ **4. gr.** A. 1. Hver sá, sem hefur eftir settum reglum lagt fram beiðni fyrir einkaleyfi, smáeinkaleyfi, skrásetningu iðnteikningar eða iðnlíkans og vörumerkis í einhverju landi innan sambandsins, eða löglegur umboðsmaður hans eða framsalshafi, skal njóta forgangsréttar til þess að leggja beiðnina fram í hinum löndunum, með þeim fresti, er kveðið er á hér á eftir.

☐ 2. Hver sú beiðni, sem jafngildir eðlilegri beiðni í heimalandi, samkvæmt landslögum sérhvers ríkis innan sambandsins eða samkvæmt milliríkjasamningi ýmissa ríkja sambandsins, telst skapa forgangsrétt.

B. Samkvæmt þessu verður beiðni, sem borin er upp síðar í hinum sambandslöndunum, innan þessa frests, ekki talin ógild af völdum neins konar aðgerða, er koma til innan þess tíma, þ. e. einkum með annarri beiðni, auglýsingu eða hagnýtingu á uppgötvuninni, með því að bjóða til sölu teikningar eða líkön, með notkun vörumerkis, og skulu aðgerðir þessar eigi gefa tilefni til neins réttar þriðja aðila né heldur til einkaeignar. Um rétt, sem þriðji aðili hefur öðlazt fyrir dagsetningu fyrstu beiðni, sem forgangsréttur byggist á, fer eftir landslögum hvers sambandslands.



C. 1. Hinn framangreindi frestur til forgangsréttar er tólf mánuðir fyrir einkaleyfi og smáeinkaleyfi, og sex mánuðir fyrir iðnteikningar og iðnlíkön og fyrir vörumerki.

☐ 2. Frestur þessi telst hefjast þann dag, er fyrsta beiðni er borin upp, að þeim degi ótöldum.

☐ 3. Ef síðasti dagur frestsins er lögboðinn frídagur eða dagur, sem skrifstofa er eigi opin til móttöku á beiðnum í því landi, sem verndar er óskað, er fresturinn framlengdur til næsta virks dags þar á eftir.

D. 1. Hverjum þeim, er vill notfæra sér forgangsrétt fyrri beiðni, er skylt að gefa yfirlýsingu, er gefur til kynna dagsetningu beiðninnar og land það, er hún hefur verið borin upp í. Hvert land fyrir sig ákveður, hvenær slík yfirlýsing skal gefin í síðasta lagi.

☐ 2. Þessara atriða skal getið í tilkynningum þeim, er viðkomandi yfirvöld gefa út, einkum um einkaleyfi og lýsingar þar að lútandi.

☐ 3. Sambandslöndin geta krafizt þess af þeim, sem gefur yfirlýsingu um forgangsrétt, að hann leggi þeim til afrit af umsókninni (lýsingu, teikningum, o. s. frv.), sem lögð hefur verið fram áður. Afritið, staðfest samkv. frumriti af yfirvöldum þeim, er veitt hafa umsókn þessari viðtöku, skal undanþegið löggildingu, og má í sérhverju tilfelli leggja það fram ókeypis, hvenær sem er, innan 3ja mánaða frá framlögn síðari beiðni. Heimilt er að krefjast, að vottorð fylgi um dagsetningu beiðninnar frá fyrrnefndum yfirvöldum og einnig að þýðing fylgi.

☐ 4. Ekki skal krefjast þess, að önnur formsatriði, sem snerta yfirlýsingu um forgangsrétt, séu uppfyllt, þegar beiðnin er lögð fram. Hvert sambandsland fyrir sig ákveður, hverjar vera skuli afleiðingar vanrækslu á uppfyllingu formsatriða þeirra, er þessi grein gerir ráð fyrir, þó þannig, að afleiðingar þær geti ekki varðað meiru en missi forgangsréttar.

☐ 5. Síðar má krefjast frekari sannana til styrktar yfirlýsingunni.

E. 1. Þar sem beiðni hefur verið borin upp um skrásetningu á iðnteikningu eða iðnlíkani í einhverju landi, með kröfu um forgangsrétt, sem byggður er á beiðni um smáeinkaleyfi, gildir aðeins frestur um forgangsrétt, er veitist fyrir iðnteikningar og iðnlíkön.

☐ 2. Enn fremur er heimilt að leggja fram í einhverju landi beiðni um skrásetningu smáeinkaleyfis, samkvæmt forgangsrétti, byggðum á framlögn beiðni um einkaleyfi, og öfugt.

F. Ekkert land innan sambandsins má synja beiðni um einkaleyfi af þeirri ástæðu, að hún innihaldi margfaldar forgangskröfur, svo framarlega sem um er að ræða eina uppgötvun í skilningi laga viðkomandi lands.

G. Ef fram kemur við athugun, að beiðni um einkaleyfi er margföld, getur beiðandi skipt beiðninni í vissan fjölda aukabeiðna, þannig að dagsetning upprunalegu beiðninnar haldist fyrir sérhverja hinna og, ef þurfa þykir, einnig hlunnindi þau, er forgangsréttur veitir.

H. Forgangsrétti má eigi synja á þeim forsendum, að viss atriði uppgötvunarinnar, sem forgangsréttar er krafizt fyrir, séu eigi talin meðal þeirra krafna, sem settar eru fram í upprunalandinu, svo framarlega sem umsóknarskjölin í heild skýra greinilega frá ofannefndum atriðum.

1961 Nr. 102 28. des.

■ **4. gr. a.** 1. Einkaleyfi, sem sótt er um í hinum ýmsu löndum sambandsins, af borgurum sambandsins, verða óháð einkaleyfum fengnum fyrir hina sömu uppgötvun í öðrum löndum, hvort sem þau lönd eru í sambandinu eða eigi.

□ 2. Þetta ákvæði skal túlkað þröngt, einkum í þeim skilningi, að einkaleyfi, sem sótt er um innan forgangsfrestsins, séu óháð, bæði að því er lýtur að orsökum synjunar eða afturköllunar og eðlilegs gildistíma.

□ 3. Ákvæðið tekur til allra einkaleyfa, sem til eru við gildistöku þess.

□ 4. Sama gildir, ef ný lönd gerast aðilar, að því er varðar einkaleyfi, sem þá eru í gildi hjá báðum aðilum.

□ 5. Einkaleyfi, fengin með forgangsrétti, skulu njóta í hinum ýmsu löndum sambandsins sama gildistíma og þau nytu, ef þau væru veitt eða um þau beðið án forgangsréttar.

■ **4. gr. b.** Uppfinningamaðurinn hefur rétt til að vera nefndur sem slíkur í einkaleyfisbréfinu.

■ **5. gr.** A. 1. Þótt einkaleyfishafi flytji inn í land það, sem einkaleyfið hefur verið gefið út í, vörur framleiddar í einhverju landi sambandsins, hefur það eigi í för með sér leyfismissi.

□ 2. Samt sem áður er sérhverju landi innan sambandsins heimilt að gera nauðsynlegar lagalegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir misnotkun, sem leitt gæti af beitingu einkaréttar þess, er einkaleyfið veitir, svo sem ef einkaleyfishafi hagnýtir sér ekki einkaleyfið.

□ 3. Þessar ráðstafanir skulu eigi gera ráð fyrir einkaleyfismissi, nema veiting á nauðungarleyfum nægi ekki til þess að koma í veg fyrir slíka misnotkun.

□ 4. Beiðni verður þó aldrei borin fram um nauðungarleyfi, fyrr en þrjú ár eru liðin frá útgáfudegi einkaleyfisins, og leyfi þetta má eigi veita, ef einkaleyfishafi hefur lögmætar afsakanir fram að bera. Engar ráðstafanir til ógildingar eða afturköllunar einkaleyfis mega koma til innan tveggja ára frá því að fyrsta nauðungarleyfið er veitt.

□ 5. Ákvæði þau, er hér fara á undan, taka til smáeinkaleyfa eftir því sem við á.

B. Vernd á iðnteikningum og iðnlíkönum er ekki undir neinum kringumstæðum hægt að afturkalla, hvorki vegna þess, að einkarétturinn hefur eigi verið notaður, né vegna innflutnings á vörum, sem svara til þeirra, sem verndaðar eru.

C. 1. Ef notkun skrásetts vörumerkis er lögboðin í einhverju landi, má ekki afnema skrásetninguna, nema eftir hæfilegan frest og ef viðkomandi hefur eigi lögmætar afsakanir fyrir aðgjörðarleysi sínu.

□ 2. Nú notar eigandi vörumerkis merkið í formi, sem er frábrugðið í atriðum, sem eigi breyta aðaleinkennum merkisins, í því formi, sem það hafði verið skráð í, í einhverju landi sambandsins, og hefur það ekki í för með sér ógildingu skrásetningarinnar, né rýrir þá vernd, sem veitt er merkinu.

□ 3. Þótt iðnfyrirtæki eða verzlunarfyrirtæki, sem álitin eru sameigendur vörumerkis, samkvæmt ákvæðum laga lands þess, er verndar er óskað í, noti á sama tíma sama vörumerki á svipaðri eða sams konar framleiðslu, tálmar það eigi skrásetningu, né dregur á neinn hátt úr vernd, sem umræddu merki er veitt í hvaða landi sambandsins sem er, svo framarlega sem sú notkun villir eigi um fyrir almenningi eða er gagnstæð almenningshagsmunum.

D. Ekki skal þess krafizt, að neitt merki né athugasemd um einkaleyfi, smáeinkaleyfi, skrásetningu vörumerkis, iðnteikningar né iðnlíkans sé sett á framleiðsluna, til þess að réttarvernd fáist.

1961 Nr. 102 28. des.

■ **5. gr. a.** 1. Veita skal frest, sem eigi sé skemmri en þrír mánuðir, til greiðslu á gjöldum, sem gert er ráð fyrir til viðhalds eignarréttindum á sviði iðnaðar, gegn greiðslu á aukagjaldi, ef landslög gera ráð fyrir því.

□ 2. Fyrir einkaleyfi skuldbinda lönd sambandsins sig meðal annars til þess annaðhvort að lengja frestinn í sex mánuði að minnsta kosti, eða gera ráð fyrir endurnýjun einkaleyfis, sem fallið hefur úr gildi vegna vangreiðslu á gjöldum, en ráðstafanir þessar eru í öllum tilfellum háðar skilyrðum, sem landslög viðkomandi lands setja.

■ **5. gr. b.** Í engu sambandslandanna skal telja ágengni á rétt einkaleyfishafa:

1. Notkun um borð í skipum annarra sambandslanda á tækjum, sem einkaleyfi hans er fyrir, í skipsskrokk, í vélaútbúnaði skips, stjórntækjum, lausareiða eða öðrum varahlutum, er skip þessi fara um stundarsakir eða af tilviljun inn fyrir landhelgi landsins, svo fremi sem tæki þessi séu eingöngu notuð í þarfir skipsins.

2. Notkun á tækjum, sem einkaleyfið er fyrir, í byggingu eða starfsemi flutningstækja frá öðrum sambandslöndum, á landi eða í lofti, eða notkun á varahlutum tækja þessara, er þau koma um stundarsakir eða af tilviljun inn í landið.

■ **6. gr.** A. Öll vörumerki, sem skrásett hafa verið löglega í upprunalandinu, skulu viðurkennd til skráningar og vernduð í óbreyttu ástandi í hinum sambandslöndunum, með þeim undantekningum, er hér fara á eftir. Lönd þessi mega krefjast, áður en þau ganga til endanlegrar skrásetningar, vottorðs um skrásetningu í upprunalandinu, sem gefið skal út af viðkomandi yfirvöldum. Engrar löggildingar er þörf á vottorði þessu.

B. 1. Þó má synja eða afturkalla:

1. Vörumerki, sem eru til þess fallin að skerða rétt, sem þriðji aðili hefur öðlazt í landi því, er verndar er óskað í.

2. Vörumerki, sem skerða öll sérkenni eða eingöngu eru merki eða upplýsingar, sem í verzlun má nota til þess að auðkenna tegund, gæði, magn, hlutverk, verðgildi, upprunastað framleiðslunnar eða framleiðsludag, eða sem eru orðin að vana í daglegu máli eða í algildum og heiðarlegum venjum viðskiptalífs lands þess, er verndar er óskað í. Við mat á aðaleinkennum vörumerkis skal tekið tillit til allra aðstæðna, þar á meðal til þess, hve lengi vörumerkið hefur verið í notkun.

3. Vörumerki, sem eru gagnstæð almennu siðgæði eða allsherjarreglu, einkum þau, er í eðli sínu geta blekkt almenning. Vörumerki skal ekki teljast gagnstætt lögum og reglu fyrir þá sök eina, að það sé eigi samræmanlegt einhverju ákvæði laga um vörumerki, nema í því tilfelli, að þetta ákvæði sjálft fjalli um lög og allsherjarreglu.

□ 2. Eigi má synja skrásetningu í hinum sambandslöndunum á vörumerkjum fyrir þá sök eina, að þau í einstökum atriðum séu frábrugðin vernduðum vörumerkjum í upprunalandinu, ef þessi atriði eigi breyta aðalsérkennum þeirra, né heldur villa um það, hvort merkin séu þau sömu og skráð voru í upprunalandinu.

C. Upprunaland nefnist sambandsland það, þar sem beiðandi á traust og starfandi iðnaðar- eða verzlunar-

fyrirtæki og – ef hann á eigi slíkt fyrirtæki – sambandsland það, er hann hefur búsetu í, og – ef hann hefur eigi búsetu í landi innan sambandsins – land þjóðernis hans, ef hann er borgari sambandslands.

D. Þegar vörumerki hefur verið löglega skrásett í upprunalandinu, síðan í einu eða fleiri löndum innan sambandsins, skal sérhvert þessara vörumerkja teljast óháð vörumerkinu í upprunalandinu frá þeim degi, er það hefur verið skrásett, svo fremi sem það er samkvæmt lögum lands þess, er vörumerkin eru flutt til.

E. Endurnýjun á skrásetningu vörumerkis í upprunalandinu hefur í engu tilfelli í för með sér skyldu á endurnýjun á skrásetningu í hinum sambandslöndunum, þar sem vörumerkið hefur verið skráð.

F. Beiðnir um vörumerki, sem gerðar hafa verið innan þess frests, sem getið er í 4. gr., skulu njóta forgangsréttar, jafnvel þótt skrásetningu í upprunalandinu sé ekki lokið fyrr en frestur sá er útrunninn.

■ **6. gr. a.** 1. Sambandslöndin skuldbinda sig til að synja eða ógilda annaðhvort með stjórnarathöfnum, ef landslög leyfa, eða eftir ósk þeirra, sem hagsmuna hafa að gæta, skrásetningu vörumerkis, sem felur í sér eftirmynd, eftirlíkingu eða þýðingu, sem valdið geta misgripum á því og vörumerki, sem rétt yfirvöld í landi skrásetningarinnar telja öllum kunnugt vera sem eign aðila, sem hefur rétt til að njóta góðs af samþykkt þessari og sem er notað fyrir sams konar eða svipaða framleiðslu. Sama gildir, er aðalhluti vörumerkisins er eftirprentun á slíku alkunnu vörumerki eða eftirlíking, sem til þess er fallin að valda misskilningi.

□ 2. Lágmarksfrestur til þriggja ára skal veittur til þess að krefjast afnáms þessara vörumerkja.

□ 3. Enginn sérstakur frestur skal settur til þess að krefjast afnáms vörumerkja, sem skrásett eru í vondri trú.

■ **6. gr. b.** 1. Sambandslöndin samþykkja að synja eða ógilda skrásetningu eða að banna, með viðeigandi ráðstöfunum, notkun, án leyfis viðkomandi yfirvalda, hvort heldur er sem vörumerki eða sem hluta af vörumerkjum – skjaldarmerkja, fána eða annarra ríkistákna sambandslandanna, opinberra merkja og stimpla, er þau hafa tekið upp, svo og hvers konar eftirlíkingu frá sjónarmiði skjaldarmerkjafræði.

□ 2. Banni á notkun opinberra merkja (tákna) og gæzlu- og öryggisstimpla skal aðeins beita í þeim tilfellum, að vörumerkin, sem þau koma fyrir í, séu ætluð til notkunar á sams konar eða svipuðum vörutegundum.

□ 3. Til framkvæmdar á þessum ákvæðum samþykkja sambandslöndin að senda hvert öðru, fyrir milligöngu alþjóðaskrifstofunnar, skrá yfir ríkistákn, opinber merki og eftirlits- og öryggisstimpla, sem þau óska nú eða síðar meir að sett verði algjörlega, eða með vissum takmörkunum, undir vernd þessarar greinar, svo og allar síðari breytingar, er gerðar verða á skrá þessari. Sérhvert sambandsland skal í tæka tíð veita almenningi afnot af hinum sendu skrám.

□ 4. Sérhvert sambandsland getur, innan 12 mánaða frá móttöku tilkynningarinnar og fyrir milligöngu alþjóðaskrifstofunnar, sent viðkomandi landi mótmæli þau, sem það kann að vilja hafa uppi.

□ 5. Viðvíkjandi alkunnum ríkistáknum skulu reglur þær, sem gert er ráð fyrir í málsgrein 1, aðeins eiga við vörumerki skrásett eftir 6. nóvember 1925.

□ 6. Viðvíkjandi ríkistáknum, sem vera má, að eigi séu alkunn, og opinberum merkjum og stimplum, gilda ákvæði þessi aðeins um vörumerki, sem skrásett eru síðar en tveimur mánuðum eftir móttöku tilkynningarinnar, sem gert er ráð fyrir í málsgr. 3.

□ 7. Löndin hafa heimild til að láta afmá merki, þótt skrásett hafi verið fyrir 6. nóvember 1925, ef þau innihalda ríkistákn, séu aðilar ekki í góðri trú.

□ 8. Borgarar hvers lands, sem hafa fengið leyfi til þess að nota ríkistákn, merki eða stimpla síns lands, geta notað þau, jafnvel þótt þau séu lík slíkum táknum annars lands.

□ 9. Sambandslöndin skuldbinda sig til að banna í verzlun óleyfilega notkun á skjaldarmerkjum hinna sambandsríkjanna, þegar þessi notkun er líkleg til að villa um heimildir á uppruna framleiðsluvaranna.

□ 10. Ákvæði þau, er hér fara á undan, hindra löndin eigi í framkvæmd heimildar til að synja eða ógilda, með því að notfæra sér 3ja lið málsgreinar 1, staflið B, 6. gr., vörumerki, sem í óleyfi innihalda skjaldarmerki, þjóðfána, heiðursmerki eða önnur ríkistákn, eða opinber merki og stimpla, sem eitthvert sambandsland hefur tekið upp.

■ **6. gr. c.** 1. Þegar framsal á vörumerki er eigi gilt samkvæmt lögum einhvers sambandslands, nema samtímis yfirfærslu á fyrirtæki eða firmavirði sem vörumerkið er fyrir, nægir, til þess að framsal sé gilt, að sá hluti fyrirtækisins eða firmavirðisins, sem staðsettur er í því landi, sé fenginn í hendur framsalshafa, með einkarétti til að framleiða og selja þar framleiðslu þá, er ber hið framselda vörumerki.

□ 2. Ákvæði þetta skyldar ekki sambandslöndin til þess að viðurkenna framsal á öllum vörumerkjum, ef notkun þess af hendi framsalshafa væri í raun til þess fallin að villa um fyrir almenningi, einkum að því er varðar framleiðslustað, eðli og höfuðeinkenni framleiðsluvaranna, sem vörumerkið er notað fyrir.

■ **7. gr.** Eðli framleiðsluvörunnar, sem vörumerkið skal notast á, getur eigi í neinu tilfelli hindrað skrásetningu vörumerkisins.

■ **7. gr. a.** 1. Sambandslöndin skuldbinda sig til að viðurkenna við umsókn og vernda sameignarvörumerki, sem eru í eigu samtaka, sem eigi brjóta í bága við lög upprunalandsins, jafnvel þótt samtök þessi eigi engin iðn- eða verzlunarfyrirtæki.

□ 2. Sérhvert sambandsland er dómbært um þau sérstöku skilyrði, sem sett eru fyrir vernd sameignarvörumerkis, og það getur synjað um vernd, ef vörumerki þetta er andstætt almenningshagsmunum.

□ 3. Þó má eigi synja neinum samtökum, sem eigi brjóta í bága við lög upprunalandsins, um vernd á slíkum vörumerkjum, fyrir þá sök, að samtökin hafi eigi búsetu í landi því, er verndar er óskað í, eða að þau séu eigi stofnsett samkvæmt lögum þess lands.

■ **8. gr.** Firmanafn er verndað í öllum löndum sambandsins, án þess að þörf sé að sækja um það eða skrásetja það, hvort sem það er hluti af vörumerki eða ekki.

■ **9. gr.** 1. Á allar framleiðsluvörur, sem ólöglega

bera vörumerki eða firmanafn, skal lagt hald við innflutning í þeim sambandslöndum, þar sem vörumerki þetta eða firmanafn hefur rétt til lögverndar.

☐ 2. Lagt skal hald á slíkar vörur jafnt í því landi, sem merkið var notað í, og í því landi, sem varan hefur verið flutt til.

☐ 3. Hald skal lagt á eftir beiðni hins opinbera ákæranda, annarra þar til bærra yfirvalda, eða aðila, sem hagsmuna hefur að gæta, hvort sem það er einstaklingur eða persóna að lögum hvers lands.

☐ 4. Yfirvöldin skulu eigi vera skylduð til þess að leggja hald á vörur, sem settar eru á land og flytja á áfram til annars lands.

☐ 5. Ef lög einhvers lands leyfa eigi að hald sé lagt á vöru við innflutning, skal í þess stað koma bann á innflutningi eða hald lagt á vöruna í landinu sjálfu.

☐ 6. Ef löggjöf einhvers lands leyfir hvorki, að hald sé lagt á við innflutning né innanlands eða að innflutningur sé bannaður, skal, meðan beðið er eftir að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á lögunum, í þess stað beitt þeim aðgerðum og ráðum, sem lög landsins tryggja landsmönnum í slíkum tilfellum.

■ **10. gr.** 1. Ákvæði undanfarandi greinar skulu taka til allrar framleiðsluvöru, sem á óréttmætan hátt ber, sem upprunatáknun, nafn ákveðins staðar eða lands, þegar upplýsingar þessar eru tengdar firmanafni, sem er tilbúningur einn, eða firmanafni, sem notað er í sviksamlegum tilgangi.

☐ 2. Sérhver framleiðandi, iðnrekandi eða kaupsýslumaður, sem fæst við framleiðslu og tilbúning á eða verzlun með vöru þessa og búsettur er annaðhvort á þeim stað, sem ranglega hefur verið tilfærður sem upprunastaður, eða í því héraði, þar sem staður þessi er, eða í landi því, sem ranglega er tilgreint, eða í landi því, þar sem hin ranga upprunatáknun er færð í nyt, er í öllum tilfellum viðurkenndur sem aðili, er hagsmuna hefur að gæta, hvort sem um einstakling er að ræða eða lögpersónu.

■ **10. gr. a.** 1. Sambandslöndunum er skylt að tryggja borgurum sambandsins virka vernd gegn óréttmætri samkeppni.

☐ 2. Sérhver samkeppni, sem brýtur í bága við heiðarlegar venjur í iðnaði og verzlun, er álitin óréttmæt.

☐ 3. Sérstaklega skal banna:

1. Sérhvern verknað, sem er þannig, að hann – án tillits til þess hvaða ráð eru notuð – er til þess fallinn að stuðla að því, að villzt sé á fyrirtæki keppinautar, vörum hans eða iðnaðar- eða verzlunarstarfsemi hans.

2. Allar rangar upplýsingar í verzlunarstarfi, að því leyti, sem þær eru til þess fallnar að koma óorði á fyrirtæki keppinautar, vörur hans eða iðnaðar- eða verzlunarfyrirtæki hans.

■ **10. gr. b.** 1. Sambandslöndin skuldbinda sig til þess að tryggja borgurum hinna sambandslandanna nægilega lögvernd, til þess að stemma algjörlega stigu við öllum þeim gjörðum, sem vísað er til í greinum 9, 10 og 10 a.

☐ 2. Þau skuldbinda sig enn fremur til þess að sjá fyrir ákvæðum, sem leyfa stéttarfélögum og öðrum félagssamtökum, sem hafa umboð fyrir viðkomandi iðnrekendur, framleiðendur eða kaupsýslumenn, og sem eigi brjóta í bága við lög lands síns, aðgang að dómstólum eða framkvæmdavaldi, með það fyrir augum, að stemma stigu við gjörðum þeim, sem vísað er til í greinum 9, 10 og 10 a, að svo miklu leyti sem lög þess lands, er verndar er óskað í, heimila stéttarfélögum og öðrum félagssamtökum þess lands.

1961 Nr. 102 28. des.

■ **11. gr.** 1. Sambandslöndin skulu, í samræmi við eigin landslög, veita bráðabirgðavernd einkaleyfishæfum uppgötvunum, smáeinkaleyfum, iðnteikningum og iðnlíkönum, svo og vörumerkjum fyrir framleiðsluvörur, sem sýndar verða á opinberum eða opinberlega viðurkenndum alþjóðavörusýningum, sem haldnar eru á landssvæði einhvers þeirra.

☐ 2. Þessi bráðabirgðavernd framlengir eigi frest þann, er 4. gr. gerir ráð fyrir. Ef gerð er krafa til forgangsréttarins síðar meir, geta viðkomandi yfirvöld hvers lands fyrir sig ákveðið, að fresturinn hefjist á þeim degi, er varan hefur verið sett á sýninguna.

☐ 3. Til sönnunar á því, hver hluturinn er, sem sýndur var, og hvaða dag hann kom á sýninguna, getur hvert land krafizt gagna þeirra, sem það álítur nauðsynleg.

■ **12. gr.** 1. Sérhverju sambandslandi er skylt að koma á fót sérstakri stjórnardeild fyrir lögvernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og aðalskrifstofu fyrir opinberar tilkynningar á einkaleyfum fyrir uppgötvanir, smáeinkaleyfum, iðnteikningum eða iðnlíkönum og vörumerkjum.

☐ 2. Deild þessi skal gefa út opinbert tímarit. Hún gefur einnig út reglulega:

a. Nöfn þeirra, sem einkaleyfi hafa öðlazt, með stuttri skýrgreiningu á uppgötvuninni, sem leyfið er fyrir.

b. Eftirprentanir af skrásettum vörumerkjum.

■ **13. gr.** 1. Alþjóðaskrifstofan, stofnsett í Bern undir heitinu „Bureau international pour la Protection de la Propriété industrielle", er sett undir yfirráð svissnesku sambandsstjórnarinnar, sem ákveður tilhögun hennar og hefur eftirlit með starfsemi hennar.

☐ 2. Hið opinbera tungumál alþjóðaskrifstofunnar er franska.

☐ 3. Alþjóðaskrifstofan sameinar á einn stað hvers konar upplýsingar varðandi lögvernd eignarréttinda á sviði iðnaðar; hún safnar þeim saman og gefur þær út. Hún athugar sameiginleg hagsmunamál og mál, sem sambandið hefur áhuga á, og hefur á hendi ritstjórn – með hjálp þeirra gagna, sem hin ýmsu stjórnarvöld sjá henni fyrir – á tímariti á frönsku, um mál varðandi tilgang sambandsins.

☐ 4. Eintökum rits þessa skal skipt á milli stjórnarvalda sambandslandanna á sama hátt og öllum skjölum útgefnum af alþjóðaskrifstofunni, í hlutfalli við fjölda framlagseininga, samkvæmt því sem hér fer á eftir. Aukaeintök og skjöl, sem kann að verða beðið um, annaðhvort af hinum nefndu stjórnarvöldum eða af fyrirtækjum eða einstaklingum, skulu greidd sérstaklega.

☐ 5. Alþjóðaskrifstofan skal ætíð vera til taks fyrir sambandslöndin, um að veita þeim þær sérstöku upplýsingar, er þau þurfa á að halda, um mál varðandi alþjóðlega skipan eignarréttinda á sviði iðnaðar. Framkvæmdastjóri alþjóðaskrifstofunnar semur árlega skýrslu um stjórn hennar, sem send skal til allra sambandslandanna.

☐ 6. Hin venjulegu útgjöld alþjóðaskrifstofunnar skulu sambandslöndin greiða sameiginlega. Þar til annað verð-

ur ákveðið, mega þau ekki fara fram úr 120 þús. svissneskum frönkum. Upphæð þessa má hækka eftir þörfum, með einróma ákvörðun einhverrar þeirrar ráðstefnu, er 14. gr. gerir ráð fyrir.

☐ 7. Hin venjulegu útgjöld taka ekki til kostnaðar við ráðstefnur sendifulltrúa né stjórnarfulltrúa, né heldur kostnaðar við sérstök störf eða útgáfu, framkvæmd samkvæmt ákvörðunum ráðstefnu. Kostnaður þessi, sem eigi má fara fram úr 20 000 svissneskum frönkum, skiptist á sambandslöndin í hlutfalli við framlag það, sem þau greiða til starfsemi alþjóðaskrifstofunnar, samkvæmt ákvæðum málsgreinar 8, sem hér fer á eftir.

☐ 8. Til þess að ákveða framlagshlut hvers lands í þessum heildarkostnaði er sambandslöndunum og þeim, sem síðar meir munu gerast aðilar að sambandinu, skipt í sex flokka, sem hver um sig skal bera framlag í hlutfalli við fjölda eininga, þ. e.:

1. flokkur 25 einingar,
2. flokkur 20 einingar,
3. flokkur 15 einingar,
4. flokkur 10 einingar,
5. flokkur 5 einingar,
6. flokkur 3 einingar.

Þessir stuðlar eru margfaldaðir með fjölda landa í hverjum flokki og summa margfeldanna, sem þannig er fengin, sýnir þann fjölda eininga, sem deilt skal í heildarkostnaðinn. Deildin sýnir þá upphæð hverrar einingar.

☐ 9. Sérhvert sambandsland tiltekur, um leið og það gengur í sambandið, flokk þann, er það kýs að vera sett í. Samt sem áður getur sérhvert sambandsland lýst yfir síðar, að það óski eftir að flytjast í annan flokk.

☐ 10. Svissneska sambandsstjórnin hefur umsjá með útgjöldum alþjóðaskrifstofunnar, innir af hendi nauðsynlegar fyrirframgreiðslur og semur árlega reikninga, sem sendir eru til stjórnarvalda allra hinna sambandslandanna.

■ **14. gr.** 1. Samþykkt þessa skal öðru hverju endurskoða, til þess að gera á henni endurbætur, sem bætt geta kerfi sambandsins.

☐ 2. Í þessu skyni skal af og til halda ráðstefnu fulltrúa sambandslandanna.

☐ 3. Stjórnarvöld lands þess, er ráðstefnan er haldin í, undirbúa störf ráðstefnu þessarar með aðstoð alþjóðaskrifstofunnar.

☐ 4. Framkvæmdastjóri alþjóðaskrifstofunnar situr fundi ráðstefnanna og tekur þátt í umræðum, án atkvæðisréttar.

■ **15. gr.** Samþykkt er, að sambandslöndin áskilji sér gagnkvæman rétt til þess að gera með sér, hvert í sínu lagi, sérstakt samkomulag um lögvernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, svo fremi sem slíkt samkomulag brjóti eigi í bága við ákvæði þessarar samþykktar.

■ **16. gr.** 1. Löndum þeim, sem eigi eru aðilar að samþykkt þessari, skal veitt aðild, ef þau beiðast þess.

☐ 2. Aðild þessi skal tilkynnt svissnesku sambandsstjórninni eftir stjórnmálalegum leiðum, og tilkynnir hún síðan öllum stjórnum aðildarríkjanna.

☐ 3. Slík aðild veitir með fullum rétti aðild að öllum ákvæðum og hlunnindum, sem þessi samþykkt kveður á um, og tekur gildi einum mánuði eftir að svissneska sambandsstjórnin hefur sent tilkynninguna til hinna sambandslandanna, nema þess sé óskað í umsókn um aðild, að gildistakan komi síðar til framkvæmda.

■ **16. gr. a.** 1. Sérhvert sambandsland getur hvenær sem er tilkynnt skriflega til svissnesku sambandsstjórnarinnar, að þessi samþykkt nái til allra eða hluta af nýlendum sínum, verndarríkjum, umboðsstjórnarríkjum eða til hvers annars landssvæðis á áhrifasvæði þess, eða landssvæða, er lúta yfirráðum þess, og skal samþykktin taka til allra landssvæðanna, sem nefnd eru í tilkynningunni, einum mánuði eftir að svissneska sambandsstjórnin hefur tilkynnt það hinum sambandslöndunum, nema þess sé óskað í tilkynningunni, að það komi til síðar. Ef slík tilkynning er eigi gerð, nær samþykktin eigi til þessara landssvæða.

☐ 2. Sérhvert sambandsland getur hvenær sem er tilkynnt skriflega til svissnesku sambandsstjórnarinnar, að þessi samþykkt nái eigi lengur til allra eða hluta af landssvæðum þeim, sem urðu tilefni til tilkynningar þeirrar, er um fjallar í undanfarandi málsgrein, og hættir samþykktin að taka til nefndra landssvæða í tilkynningunni 12 mánuðum eftir að svissnesku sambandsstjórninni berst tilkynningin.

☐ 3. Allar tilkynningar til svissnesku sambandsstjórnarinnar samkv. ákvæðum málsgreina 1 og 2 þessarar greinar skal hún senda til allra landa sambandsins.

■ **17. gr.** Framkvæmd gagnkvæmra skuldbindinga, sem samþykkt þessi inniheldur, er eftir því, sem nauðsyn krefur, háð því, að gætt sé formsatriða og reglna, sem settar eru í stjórnskipunarlögum þeirra sambandslanda, sem skyld eru til að sjá um framkvæmd þeirra, enda geri þau það með eins stuttum fresti og unnt er.

■ **17. gr. a.** 1. Samþykktin helzt í gildi um ótakmarkaðan tíma, þar til ár er liðið frá þeim degi, er henni var sagt upp.

☐ 2. Uppsögn þessi skal send svissnesku sambandsstjórninni. Hún skal eigi gilda nema gagnvart viðkomandi landi, enda haldi samþykktin gildi sínu fyrir hin sambandslöndin.

■ **18. gr.** 1. Þessi samningur skal fullgiltur og fullgildingarskjölunum komið fyrir í London eigi síðar en 1. júlí 1938. Hann gengur í gildi milli ríkja þeirra, sem hafa fullgilt hann, einum mánuði síðar. Ef hann hefur verið fullgiltur í nafni sex ríkja að minnsta kosti, skal hann þó taka gildi milli þeirra ríkja, einum mánuði eftir að staðfesting sjötta ríkisins hefur verið tilkynnt þeim af svissnesku sambandsstjórninni og fyrir þau ríki, sem síðar mundu staðfesta hann, einum mánuði eftir tilkynningu á hverri staðfestingu.

☐ 2. Lönd, sem ekki leggja fram staðfestingarskjölin innan frests þess, er vísað er til í undanfarandi málsgrein, eiga rétt til aðildar með skilyrðum 16. greinar.

☐ 3. Í viðskiptum landa þeirra, sem hann nær til, kemur þessi samningur í staðinn fyrir Parísarsamþykkt frá 1883 og síðari endurskoðanir.

☐ 4. Að því er varðar lönd þau, er þessi samningur nær eigi til, en sem sambandssamþykkt í París, endurskoðuð í Haag 1925, nær til, gildir sú samþykkt áfram.

☐ 5. Á sama hátt gildir áfram Parísarsamþykktin, endurskoðuð í Washington 1911, að því er varðar lönd þau, er þessi samningur nær eigi yfir, né Parísarsamþykktin, endurskoðuð í Haag.

1961 Nr. 102 28. des.

**1961** Nr. 102 28. des.

■ **19. gr.** Þessi samningur skal undirritaður í einu eintaki, sem geymt verður í skjalasafni ríkisstjórnar konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands. Staðfest afrit sendir hún síðan hverri ríkisstjórn sambandslandanna.

## 1978 Lög um Iðntæknistofnun Íslands.

Nr. 41 18. maí

■ **1. gr.** Iðntæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun, undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins.

□ Stofnunin hefur aðalaðsetur í Reykjavík, en heimilt er að setja á stofn útibú annars staðar.

■ **2. gr.** Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að tækniþróun og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði með því að veita iðnaðinum sem heild, einstökum greinum hans og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála, og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar.

□ Stofnuninni er heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum, sem hafa þörf fyrir þá sérþekkingu, er stofnunin hefur yfir að ráða.

□ Hlutverki sínu skal stofnunin gegna meðal annars með því að vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, hagnýtum rannsóknum, tilraunum og prófunum, tæknilegu eftirliti og stöðlun. Stofnunin annast samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir.

□ [Iðntæknistofnun Íslands skal heimilt með samþykki stjórnar stofnunarinnar og iðnaðarráðherra að eiga minnihlutaðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum sem séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaða ábyrgð og hagnýti niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem Iðntæknistofnun vinnur að hverju sinni.][1]

[1] *L. 77/1986, 1. gr.*

■ **3. gr.** Stofnunin skiptist í aðaldeildir og sérdeildir.

□ Deildaskipting skal ákveðin í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

□ Þegar settar eru á stofn sérdeildir, skulu heildarsamtök iðnaðarins, samtök einstakra greina hans eða aðrir aðilar, eftir því sem við á, tilnefna einn eða fleiri tengimenn fyrir hverja sérdeild. Þeir skulu m. a. fylgjast með tengslum sérdeildar við iðnaðinn.

□ Stjórn stofnunarinnar ákveður, hvernig tilnefningu tengimanna við einstakar sérdeildir skuli hagað.

■ **4. gr.** Iðnaðarráðherra skipar stjórn stofnunarinnar sem hér segir: Einn fulltrúa án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, einn fulltrúa ófaglærðs starfsfólks í iðnaði, samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnverkafólks, einn fulltrúa faglærðs starfsfólks í iðnaði samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands.

□ Varamenn í stjórn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

□ Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna og ákveður stjórnarlaun.

□ Stjórnarmenn skulu skipaðir til 2ja ára í senn.

■ **5. gr.** Stjórn Iðntæknistofnunar Íslands hefur með höndum stjórn stofnunarinnar, markar henni stefnu og fer, ásamt forstjóra, með tengsl stofnunarinnar við iðnaðarráðuneytið.

■ **6. gr.** Iðnaðarráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar hennar. Skal hann skipaður til 4ra ára í senn.

□ Forstjóri sér um daglega stjórn stofnunarinnar. Hann gerir tillögur til stjórnar um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar.

■ **7. gr.** Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra aðaldeilda til fjögra ára í senn.

□ Framkvæmdastjórar aðaldeilda sjá um daglega stjórn þeirra í samráði við forstjóra.

■ **8. gr.** Framkvæmdanefnd stofnunarinnar skal skipuð forstjóra og framkvæmdastjórum aðaldeilda, framkvæmdastjóra Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins[1] og framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins.

□ Forstjóri stofnunarinnar skal vera formaður nefndarinnar.

□ Hlutverk framkvæmdanefndar skal vera að tryggja hagkvæmt samstarf milli deilda stofnunarinnar innbyrðis, við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins[1] og Rannsóknaráð ríkisins, m. a. með því að gangast fyrir myndun verkefnahópa.

[1] *Sjá nú l. 38/1986, um Útflutningsráð Íslands.*

■ **9. gr.** Tekjur stofnunarinnar skulu vera sem hér segir:

a. Framlag í fjárlögum.

b. Hluti af jöfnunargjaldi, frá og með 1979.[1]

c. Tekjur fyrir selda þjónustu, samkvæmt gjaldskrá sem iðnaðarráðherra staðfestir. Hámark gjaldskrár skal miðað við raunverulegan heildarkostnað vegna þjónustunnar, en heimilt er að taka tillit til aðstæðna viðtakanda og eðlis þjónustunnar.

d. Greiðslur frá aðilum vegna stórra verkefna, samkvæmt samningi hverju sinni.

e. Framlög til sérstakra verkefna og aðrar tekjur.

[1] *Sbr. nú l. 78/1980.*

■ **10. gr.** Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar í umboði stjórnar og í samráði við framkvæmdastjóra viðkomandi deildar.

□ Starfslið stofnunarinnar skal ráðið:

a. Með fastri ráðningu.

b. Með lausri ráðningu, þ. e. með tilteknum uppsagnarfresti.

c. Með ráðningu til ákveðins tíma, t. d. til ákveðinna verkefna.

□ Um launakjör starfsfólks fer samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

■ **11. gr.** Sérfræðingum og ráðunautum Iðntæknistofnunar Íslands er heimilt að kenna sérgreinar sínar við Háskóla Íslands, Tækniskóla Íslands, iðnskóla og hliðstæða skóla, samkvæmt nánari reglum, sem stjórn stofnunarinnar kann að setja um slíka starfsemi.

□ Starfsmönnum stofnunarinnar er óheimilt að taka að sér aukastörf, sem skoðast geta sem samkeppni við stofnunina, nema með samþykki stjórnar.

■ **12. gr.** Stofnuninni og starfsfólki hennar er óheimilt að láta þriðja aðila í té upplýsingar um rannsóknir, tilraunir, prófanir eða önnur verkefni, sem stofnunin vinnur samkvæmt beiðni og gegn greiðslu nema fyrir liggi skriflegt samþykki verkbeiðanda.

■ **13. gr.** Stofnunin tekur við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands.

□ Aðild framangreindra stofnana að Rannsóknaráði ríkisins, sbr. 2. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, skal haldast.[1]

[1] *Sjá nú l. 48/1987, III. kafla.*

**1978** Nr. 41 18. maí

**1978** Nr. 41 18. maí

■ **14. gr.** Iðnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

■ **15. gr.** Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 31 16. apríl 1971, um Iðnþróunarstofnun Íslands, VI. kafli laga nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Gjald samkvæmt 45. gr. laga nr. 64 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, skal innheimt til loka ársins [1979][1] og renna til Iðntæknistofnunar Íslands.

[1] *L. 118/1978, 1. gr.*

**1987** Nr. 76 19. ágúst

## Lög um Iðnlánasjóð.

■ **1. gr.** Tilgangur Iðnlánasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í iðnaði með því að veita stofnlán og styðja við almennt umbótastarf í iðnaði.

■ **2. gr.** Iðnlánasjóður er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með iðnaðarmál.

■ **3. gr.** Iðnaðarráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn, til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, en hina eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og stjórnar Félags ísl. iðnrekenda. Ráðherra skipar einn hinna þriggja stjórnarmanna formann sjóðsstjórnar.

□ Reikningar Iðnlánasjóðs skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

□ Eftir hver áramót gefur stjórn sjóðsins ráðherra ítarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári, og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

■ **4. gr.** Iðnaðarbanki Íslands h. f. hefur á hendi, samkv. sérstökum samningi, daglegan rekstur Iðnlánasjóðs.

□ Allur kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans.

■ **5. gr.** Tekjur Iðnlánasjóðs eru:

1. 0.25% gjald, er innheimtist af iðnaðinum í landinu. Skal það lagt á sama stofn og aðstöðugjald er á lagt samkvæmt V. kafla laga nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga,[1] og skal hækkun gjaldsins úr 0,05% í 0,25% koma til framkvæmda á árinu 1985 á gjaldstofn ársins 1984. Undanþegin gjaldi þessu eru mjólkurbú svo og allur kjöt- og fiskiðnaður, þó ekki lagmetisiðnaður. Gjald þetta skal á lagt af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins.

Gjalddagi skal vera 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

Gjald þetta skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts og tekjuútsvars.

Verja skal 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi frá 1. jan. 1968 til að greiða fyrir hagrannsóknum í þágu iðnaðarins og aðgerðum, sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Stjórn sjóðsins ráðstafar þessu fé í samráði við Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna.

2. Framlag ríkissjóðs, 50 milljónir króna (0,5 millj. nýkr.) á ári, í fyrsta sinn 1973.

3. Vextir.

[1] *Nú l. 91/1989.*

■ **6. gr.** Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í innlendri eða erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til þess að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

□ Iðnlánasjóði er jafnframt heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og fríverslunar. Mega lán þessi vera með betri kjörum en lán sjóðsins almennt, svo sem lægri vöxtum, lengri lánstíma eða afborgunarlaus fyrst í stað, allt eftir því, sem nánar yrði ákveðið í reglugerð.[1]

□ Ef Iðnlánasjóður býður út almennt skuldabréfalán samkvæmt þessari grein, mega skuldabréfin, svo og vextir af þeim, vera undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.[2]

□ Eigi er Iðnlánasjóði heimilt að endurlána erlent lánsfé, nema með gengisákvæði.

□ Þegar um lántökur til almennrar starfsemi sjóðsins er að ræða, skal þó heimilt að skipta gengisáhættu hlutfallslega á ákveðna flokka útlána, enda sé lánsféð þá endurlánað með almennum útlánsvöxtum Iðnlánasjóðs.

□ Þegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinna framkvæmda, skal féð endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs. Þó er sjóðnum heimilt að endurlána lánsfé frá Iðnþróunarsjóði án gengisákvæða, enda tryggi stjórn Iðnlánasjóðs hag hans með öðrum hætti.

[1] *Rg. 160/1966.* [2] *Nú l. 75/1981.*

■ **7. gr.** Stofna skal í Iðnlánasjóði vöruþróunar- og markaðsdeild, er hafi eftirfarandi tilgang:

– að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins,

– að örva nýsköpun,

– að auka útflutning iðnaðarvara.

■ **8. gr.** Hlutverk sitt skal vöruþróunar- og markaðsdeild rækja m. a. með eftirfarandi aðgerðum:

1. Lánum til vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.

2. Lánum til útflutnings- og markaðsstarfsemi.

3. Framlagi til Útflutningsráðs Íslands skv. 4. tl. 9. gr. laga þessara.

4. Framlögum til nýrra útflutningsverkefna, þróunarverkefna og til rannsókna í iðnaði. Árleg framlög og/eða styrkir mega aldrei leiða til skerðingar á höfuðstól deildarinnar.

5. Kaupum og sölu á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja.

□ Lán skv. 1. og 2. tl. er heimilt að hafa afborgunarlaus í allt að þrjú ár, og jafnframt er heimilt að afskrifa lánin heppnist verkefnið ekki. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um starfsemi vöruþróunar- og markaðsdeildar.

■ **9. gr.** Ráðstöfunarfé vöruþróunar- og markaðsdeildar er:

1. Eigið fé Iðnrekstrarsjóðs 1. júlí 1984.

2. ⅓ hlutar af því gjaldi, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu, sbr. 1. tl. 5. gr. laganna.

3. Framlag ríkissjóðs, er skal að lágmarki vera jafnhátt gjaldi skv. 2. tl. þessarar greinar.

4. ⅔ hlutar af því gjaldi, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu, sbr. 1. tl. 5. gr. laganna, og skal þeim hluta ráðstafað óskiptum til Útflutningsráðs Íslands.

5. Afborganir, verðbætur og vextir af lánum vöruþróunar- og markaðsdeildar.

6. Aðrar tekjur.

■ **10. gr.** Stjórn sjóðsins er heimilt að veita ábyrgð á lánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eftir nánari reglum, er stjórn sjóðsins setur. Ábyrgðir, sem kynnu að falla á Iðnlánasjóð, skulu dregnar frá ráðstöfunarfé vöruþróunar- og markaðsdeildar.

■ **11. gr.** Stofna skal í Iðnlánasjóði lánadeild iðngarða,[1)] er hafi þann tilgang að lána stofnlán til sveitarfélaga, félagssamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðarmannvirki í því skyni að efla íslenskan iðnað eða skapa með öðrum hætti starfsaðstöðu til handa iðnfyrirtækjum, sem greiða iðnlánasjóðsgjald skv. 5. gr., enda öðlist þau á fullnægjandi hátt að mati stjórnar Iðnlánasjóðs leigu- og/eða kauprétt að þeirri aðstöðu eða mannvirki, sem lánað er til. Umsækjendur um lán til iðngarða geri stjórn Iðnlánasjóðs fullnægjandi grein fyrir áformum sínum samhliða lánsumsókn.

[1)] *Rg. 105/1967 (um lánadeild veiðarfæraiðnaðar).*

■ **12. gr.** Tekjur lánadeildar iðngarða eru:

1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.

2. Á fyrstu fjórum starfsárum lánadeildarinnar, frá og með 1980 til og með ársins 1983, renni allt að 250 milljónum króna (2,5 millj. nýkr.) á ári af umráðafé Iðnlánasjóðs til deildarinnar.

3. Andvirði sérstakra lána, sem stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, aflar til deildarinnar, sbr. 6. gr.

4. Vextir og vísitöluálag.

■ **13. gr.** Almenn lánakjör Iðnlánasjóðs skulu gilda um lán úr lánadeild iðngarða, en að öðru leyti setur iðnaðarráðherra, í samráði við stjórn Iðnlánasjóðs, með reglugerð[1)] nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar. Í reglugerðinni skal þess gætt að með aðstöðu innan iðngarðs sé fyrirtækjum, sem eiga í samkeppni í sömu grein, ekki mismunað eða stuðlað að neikvæðri samkeppni innan byggðarlaga eða á landsvísu.

[1)] *Rg. 584/1980.*

■ **14. gr.** Við Iðnlánasjóð skal starfrækt deild er nefnist tryggingardeild útflutningslána.

☐ Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána skal vera:

1. Að taka að sér að tryggja lán er bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánum sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.

2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum eða þjónustu.

3. Að tryggja, þegar sérstaklega stendur á, samkeppnislán til innlendra aðila er kaupa vélar, tæki og aðrar fjárfestingarvörur sem framleiddar eru innanlands.

4. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis.

■ **15. gr.** Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður iðgjöld og tryggingarhlutföll tryggingardeildar útflutningslána en þau skulu háð samþykki iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra. Við ákvörðun þeirra skal miða við að þau standi undir rekstri deildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs er nemi a. m. k. 10% af ábyrgðum deildarinnar á hverjum tíma. Starfsemi deildarinnar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

1987 Nr. 76 19. ágúst

☐ Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Nægi fé deildarinnar, þar með talinn varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vantar úr Ríkisábyrgðasjóði. Nú fellur greiðsla á Ríkisábyrgðasjóð vegna þess og skal þá miðað við að iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána breytist þannig að deildin geti endurgreitt Ríkisábyrgðasjóði það sem sjóðurinn hefur innt af hendi á næstu tveimur árum. Iðnlánasjóður getur veitt deildinni lán til að gera henni kleift að standa við skuldbindingar sínar.

■ **16. gr.** Greiðsluskilmálar lána, sem tryggingardeild útflutningslána tryggir, skulu vera í samræmi við almennar viðskiptavenjur hér á landi sem erlendis með hliðsjón af vörugerð, eðli þjónustu, markaðsaðstæðum og öðru sem máli skiptir.

☐ Heildarskuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána vegna trygginga á útflutningslánum og kröfum mega aldrei nema hærri fjárhæð en jafnvirði 100 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR).

☐ Stjórn Iðnlánasjóðs skal halda sérstaka stjórnarfundi um málefni tryggingardeildar útflutningslána. Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra tilnefna fulltrúa sem boðaðir skulu á þá stjórnarfundi sem haldnir eru um málefni deildarinnar og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt.

☐ Stjórn Iðnlánasjóðs setur tryggingardeild útflutningslána nánari starfsreglur sem háðar skulu samþykki iðnaðarráðherra.

■ **17. gr.** Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Iðnlánasjóðs og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

■ **18. gr.** Iðnlánasjóður veitir stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.
4. Til hagræðingar í iðnrekstri í samræmi við ákvæði 6. gr.
5. Til framkvæmda, er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.
6. Til kaupa á tölvubúnaði og tölvukerfum.

☐ Iðnlánasjóði er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með að mati sjóðsstjórnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa.

☐ Nú lætur lánbeiðandi smíða vélar innanlands, og er sjóðsstjórninni þá heimilt að veita honum bráðabirgðalán, meðan á smíði stendur, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.

☐ Þeir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum, samkv. 5. gr. laga þessara, skulu að öðru jöfnu hafa forgang að lánum úr sjóðnum.

■ **19. gr.** Upphæð lána má nema allt að 70 af hundraði kostnaðarverðs, enda sé það, að dómi sjóðsstjórnarinnar, ekki hærra en eðlilegt má teljast, samkvæmt verðlagi á hverjum tíma.

☐ Byggingar og vélar skulu metnar til lántöku á kostnað

**1987** Nr. 76 19. ágúst

lántaka, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar kann að verða fyrir mælt í reglugerð.

□ Um lánveitingar til nýrrar framleiðslu, svo og um lánveitingar, sem sjóðsstjórnin telur leika vafa á, hvort veita skuli, skal hún leita álits sérfróðra manna. Allan kostnað vegna slíkra athugana og álitsgerða skal lánbeiðandi bera, enda hafi honum verið tilkynnt um það fyrir fram.

■ **20. gr.** Lán má veita úr sjóðnum gegn þessum tryggingum:

1. Gegn öruggu veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum.

2. Gegn 1. veðrétti í þeim vélum og tækjum, sem lánað er til.

3. Gegn ríkisábyrgð eða ábyrgð þriðja aðila, er sjóðsstjórn telur fullnægjandi.

□ Sjóðsstjórninni er auk þess rétt að taka frekari tryggingar en hér eru tilgreindar, svo að lán verði fulltryggt að hennar dómi.

□ Sjóðsstjórnin getur neitað að taka veð í nýjum vélum, ef vafasamt er um endursölumöguleika þeirra, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga þessara.

□ Hús og vélar eru því aðeins fullgild veð fyrir lánum úr Iðnlánasjóði, að þau séu vátryggð í vátryggingarstofnun, sem sjóðurinn tekur gilda.

□ Iðnlánasjóður getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og veðið hafi ekki rýrnað.

■ **21. gr.** Óheimilt er stjórn Iðnlánasjóðs og trúnaðarmönnum hennar að láta óviðkomandi aðilum í té nokkuð af þeim upplýsingum, sem gefnar eru í sambandi við lántökubeiðnir eða lántökur úr sjóðnum.

■ **22. gr.** Lánstími má eigi vera lengri en 25 ár. Lán til vélakaupa skulu þó ekki vera lengri en til 10 ára, nema sérstakar ástæður mæli með og örugg trygging fyrir hendi, að mati sjóðsstjórnar. Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður að öðru leyti lánskjör með þeirri undantekningu þó er greinir í 22. gr.[1)]

[1)] *Svo í Stjtíð., en á væntanlega að vera 23. gr.*

■ **23. gr.** Sjóðsstjórnin ákveður, að fengnu áliti bankastjórnar Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnaðarráðherra, vexti af lánum Iðnlánasjóðs.

■ **24. gr.** Umsóknir um lán úr Iðnlánasjóði skulu vera skriflegar og fylgi þeim:

1. Ítarleg lýsing á því, hvernig verja eigi lánsfénu.

2. Upplýsingar um tryggingar, sem lánsbeiðandi getur veitt fyrir láni.

3. Rekstrar- og efnahagsreikningur lánsbeiðanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.

4. Aðrar upplýsingar, sem lánsbeiðandi telur máli skipta.

□ Rétt er, að sjóðsstjórnin óski eftir þeim upplýsingum, sem hún telur sig þurfa til þess að geta ákveðið, hvort óhætt sé og réttmætt að veita umbeðið lán.

■ **25. gr.** Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Iðnlánasjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigendaskiptin þegar í stað.

■ **26. gr.** Nú er lán úr Iðnlánasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að það er eigi svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins fallnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

**1987** Nr. 76 19. ágúst

■ **27. gr.** Þegar lán er fallið í gjalddaga, hefur Iðnlánasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögræðislögum, nr. 68 30. maí 1984, 39. gr., eða láta leggja Iðnlánasjóði það út til eignar, ef þörf gerist.

■ **28. gr.** Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Iðnlánasjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

■ **29. gr.** Iðnlánasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélags.

■ **30. gr.** Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Iðnlánasjóðs, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögum þessum.

■ **31. gr.** Ákvæði 1. tl. 5. gr., 3. tl. 8. gr., 2. tl., 3. tl. og 4. tl. 9. gr. skulu tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1988.

## Lög um Iðnþróunarsjóð.

**1970** Nr. 9 13. febr.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland (Nordisk Industrialiseringsfond for Island), sem gerður var í Reykjavík 12. desember 1969.[1)] Texti samningsins fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim og skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

□ [Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningnum sem gerðar voru í Reykjavík 29. apríl 1980.

□ Texti breytinganna fylgir lögum þessum og teljast þær hluti af þeim. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar[2)] skulu ákvæði samningsins þannig breytt hafa lagagildi hér á landi.][3)]

□ [Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningi, dags. 12. desember 1969, um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland, sbr. viðbótarsamning, dags. 29. apríl 1980.

□ Texti breytinganna fylgir lögum þessum og teljast þær hluti af þeim. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar[4)] skulu ákvæði samningsins þannig breytt hafa lagagildi hér á landi.][5)]

[1)] *Augl. C 8/1970.* [2)] *Augl. C 13/1980.* [3)] *L. 43/1980, 1. gr.* [4)] *Augl. C 7/1986.* [5)] *L. 59/1985, 1. gr.*

■ **2. gr.** Sjóður sá, er um ræðir í samningi þessum, sbr. 1. gr., skal á Íslandi nefnast Iðnþróunarsjóður. Heimili sjóðsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.

■ **3. gr.** Iðnaðarráðherra skal skipa fulltrúa Íslands í stjórn sjóðsins svo og einn varamann. Menn þessir skulu skipaðir til þriggja ára í senn.

■ **4. gr.** Iðnaðarráðherra skipar fimm menn í framkvæmdastjórn sjóðsins eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Landsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands h. f., Iðnlánasjóðs, Útvegsbanka Íslands[1)] og Búnaðarbanka Íslands, sem hver tilnefnir einn mann. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt, og skal skipunartími aðalmanna og varamanna vera þrjú ár. Ráðherra skipar formann fram-

kvæmdastjórnar, en hún skiptir með sér verkum að öðru leyti.

[1] *Sjá l. 7/1987, 14. gr.*

■ **5. gr.** Stjórn sjóðsins ræður honum framkvæmdastjóra að fengnum tillögum framkvæmdastjórnarinnar.

■ **6. gr.** Sjóðurinn er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarsjóða á sama hátt og Seðlabanki Íslands.

□ Sjóðurinn er og undanþeginn stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum, sem hann kann að taka á sig.

■ **7. gr.** Iðnaðarráðherra getur, að tillögu stjórnar sjóðsins, sett með reglugerð nánari ákvæði um rekstur sjóðsins.[1]

[1] *Rg. 343/1986, sbr. 254/1987.*

**Fylgiskjal.**

**Samningur um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa ákveðið í sambandi við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) að stofna norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

**1.** [**Tilgangur.** Tilgangur sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi og skal hann leggja megináherslu á tækni- og iðnþróun og samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og hinna Norðurlandanna.][1]

[1] *L. 59/1985, fylgiskjal A.*

**2. Stofnfé.** Stofnfé sjóðsins skal vera jafnvirði 14 milljóna Bandaríkjadollara. Af stofnfénu skal hvert Norðurlandanna leggja fram eftirfarandi hluta:

| | *Milljónir Bandaríkjadollara* |
|---|---|
| Danmörk | 2,7 |
| Finnland | 2,7 |
| Ísland | 0,5 |
| Noregur | 2,7 |
| Svíþjóð | 5,4 |

□ Stofnféð skal lagt fram vaxtalaust til ráðstöfunar í jafnstórum árlegum fjárhæðum á 4 ára tímabili frá gildistökudegi samningsins.

□ Sjóðurinn skal innheimta framlögin hjá hinum norrænu ríkjum í samræmi við áðurgreinda skiptingu eftir því, sem starfsemi hans krefur.

□ Frá 10. ári skal sjóðurinn eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15 árum í samræmi við áðurgreinda skiptingu til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar jafnvirði framlaga þeirra. Skal endurgreiðslu þessara framlaga að fullu lokið að enduðum 25 árum frá stofnun sjóðsins.

□ [Ábyrgð Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á skuldbindingum sjóðsins er takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á sama hátt ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins og ber auk þess eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða og lántöku, sbr. 4. lið.][1]

□ Þegar Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð eiga ekki lengur hlutdeild í stofnfé sjóðsins, samkvæmt áður nefndum ákvæðum um endurgreiðslu, fellur samningur þessi úr gildi, og sjóðurinn verður eign og undir stjórn íslenzka ríkisins.

[1] *L. 43/1980, fylgiskjal A.*

**3.** [**Gengisákvæði.** Reikningseining sjóðsins skal vera jöfn einum Bandaríkjadal. Lán, sem tekin eru í öðrum gjaldmiðli en Bandaríkjadal, skulu endurlánuð í sama gjaldmiðli. Lán, sem veitt eru af eigin fé sjóðsins, má veita í öðrum gjaldmiðli eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins.][1]

[1] *L. 59/1985, fylgiskjal B.*

**4.** [**Starfshættir.** Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

a. að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila,

b. að ábyrgjast lán sem veitt eru af öðrum aðilum,

c. að kaupa í sérstökum tilvikum hlutabréf í nýjum og starfandi fyrirtækjum, enda verði að því stefnt að selja hlutabréfin strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir,

d. að veita í sérstökum tilvikum lán með hagstæðum kjörum eða framlög, m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna, vöruþróunar og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meira en 10% af stofnfénu. Frá og með árinu 1980 er í sama tilgangi heimilt að ráðstafa til viðbótar 10% af eigin fé sjóðsins eins og það var í byrjun ársins 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

□ Fé til ofangreindrar starfsemi fær sjóðurinn af stofnfé sínu, tekjum og með lántökum. Ákvarðanir um lánveitingar, hlutabréfakaup og ábyrgðir skulu vera í samræmi við almenn viðskiptasjónarmið.

□ Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjár og eigin fjár. Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða sem hafa sama tilgang og sjóðurinn. Sama gildir um kaup á hlutabréfum.

□ Þess skal ávallt gætt að á móti óendurgreiddum stofnframlögum og lánum til sjóðsins standi lán með fullnægjandi tryggingum.

□ Sjóðurinn skal hafa náið samstarf við íslenskar lánastofnanir.][1]

[1] *L. 59/1985, fylgiskjal C.*

**5. Stjórn.** Sjóðurinn skal hafa stjórn, framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórn. Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, einum frá hverju landi. Varamaður skal skipaður fyrir hvern stjórnarmann. Stjórnin kýs sér formann til eins árs í senn. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði. Til ákvörðunar þarf meiri hluta atkvæða og skal atkvæði íslenzka stjórnarmannsins vera þar með.

□ Stjórnin tekur ákvarðanir um málefni sjóðsins. Stjórnin getur, eftir því sem hún telur heppilegt, falið framkvæmdastjórninni að taka ákvarðanir um starfsemi sjóðsins.

□ Framkvæmdastjórn skipa framkvæmdastjóri sjóðsins og fimm fulltrúar íslenzka bankakerfisins.

□ Framkvæmdastjóri sjóðsins ber ábyrgð á ráðningu starfsfólks og daglegum rekstri.

□ Aðsetur sjóðsins er í Reykjavík. Seðlabanki Íslands skal veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu.

**6. Sjóðsslit.** Ef aðstæður skapast, sem að verulegu leyti raska forsendum þessa samnings, skulu ríkisstjórnir Norðurlanda ráðgast hver við aðra um áframhaldandi

1970 Nr. 9 13. febr.

**1970** Nr. 9 13. febr.

starfsemi sjóðsins. Ef ákveðið er að leggja sjóðinn niður, skulu ríkisstjórnirnar, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, taka ákvörðun um, hvernig farið skuli með fjárhagslegar skuldbindingar samkvæmt samningnum.

**7. Gildistaka.** Samningurinn tekur gildi samtímis samningi um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA), þó í fyrsta lagi, þegar Norðurlöndin hafa afhent ríkisstjórn Íslands fullgildingarskjöl sín til vörzlu.

□ Til staðfestingar þessu hafa eftirgreindir fulltrúar, samkvæmt sérstöku umboði undirritað þennan samning í Reykjavík, hinn 12. desember 1969, í einu eintaki á dönsku. Samningsaðilar munu fljótlega, með því að skiptast á orðsendingum, koma sér saman um finnskan, íslenzkan, norskan og sænskan texta, sem skulu vera jafngildir danska textanum. ...

**1973** Nr. 54 25. apríl

## Lög um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns tækni- og iðnþróunarsjóðs, sem gerður var í Osló 20. febrúar 1973. Texti samningsins fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim, og skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.[1)]

[1)] *Augl. C 18/1973 og C 7/1974.*

■ **2. gr.** Sjóðurinn er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum hér á landi.

□ Sjóðurinn er undanþeginn stimpilgjöldum af lánum og öðrum fjárskuldbindingum, er hann kann að taka á sig hér á landi.

**Fylgiskjal.**

**Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa ákveðið að stofna norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð sem þátt í þróun samstarfs á sviði iðnaðar og hafa gert með sér svofelldan samning:

**Markmið.**

■ **1. gr.** Markmið sjóðsins er að styrkja og auka nýtingu á norrænum auðlindum á sviði tækni og iðnþróunar með því að efla og auka samstarf samningsaðilanna, svo og með því að styðja fjárhagslega framkvæmdir, sem hafa þýðingu fyrir tvö eða fleiri Norðurlandanna, og alþjóðlegar framkvæmdir, sem hafa þýðingu fyrir Norðurlönd í heild.

**Fjármagn.**

■ **2. gr.** Fjármagn sjóðsins, sem upphaflega er 10 milljónir sænskra króna, er framlag að upphæð 2,2 milljónir sænskra króna frá Danmörku, 1,6 milljónir sænskra króna frá Finnlandi, 0,1 milljón sænskra króna frá Íslandi, 1,6 milljónir sænskra króna frá Noregi og 4,5 milljónir sænskra króna frá Svíþjóð.

□ Norræna ráðherranefndin kveður á eftir þörf um áframhaldandi fjárframlög til sjóðsins og um rétt sjóðsins til þess að veita fjárhagsábyrgðir umfram fyrirliggjandi fjármagn og veita margra ára stuðning, jafnframt því sem nefndin skiptir framlögum til sjóðsins milli samningsaðila.

**Starfsvið.**

■ **3. gr.** Ráðherranefndin ákveður almenna stefnuskrá og verkefnaröðun í starfsemi sjóðsins.

□ Ráðherranefndin ákveður stofnskrá sjóðsins.

■ **4. gr.** Endurskoðandi þess ríkis, þar sem sjóðurinn er staðsettur, hefur eftirlit með fjármálum sjóðsins.

□ Ráðherranefndin gefur Norðurlandaráði árlega skýrslu um starfsemi sjóðsins.

**Lokaákvæði.**

■ **5. gr.** Samning þennan skal fullgilda og skulu fullgildingarskjölin, svo skjótt sem við verður komið, afhent norska utanríkisráðuneytinu.

□ Samningur þessi skal varðveittur í norska utanríkisráðuneytinu, sem sendir hverjum samningsaðila staðfest afrit.

□ Samningurinn tekur gildi þann dag, er ráðherranefndin ákveður.

■ **6. gr.** Æski einhver samningsaðila að segja samningnum upp, skal skrifleg tilkynning um það send ríkisstjórn Noregs, er tafarlaust skal skýra hinum samningsaðilunum frá því, svo og hvenær tilkynningin hafi borizt.

□ Samningurinn fellur úr gildi við lok þess almanaksárs, er einhver samningsaðila segir honum upp, svo framarlega að uppsagnartilkynningin hafi borizt norsku ríkisstjórninni eigi síðar en 30. júní það ár, en ella við lok næsta almanaksárs.

■ **7. gr.** Eftir viðtöku uppsagnartilkynningar skulu allir samningsaðilar hafa samráð sín á milli um niðurfellingu þeirra réttinda og skyldna, sem samningsaðilum voru fengin samkvæmt samningnum.

□ Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess höfðu umboð, undirritað samning þennan.

□ Gjört í Osló, hinn 20. febrúar 1973, í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslenzku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

**1976** Nr. 61 31. maí

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til aðildar að Iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni skal heimilt[1)] að gerast aðili fyrir Íslands hönd að Iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal, sem ákveðið hefur verið að stofna á vegum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).

[1)] *Augl. C 17/1976, sbr. C 6/1977.*

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að leggja fram á næstu 5 árum framlag Íslands til sjóðsins, jafnvirði samtals 846 045 sérstakra dráttarréttinda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (Special Drawing Rights).

■ **3. gr.** Viðskiptaráðherra skipar fulltrúa Íslands í stjórnarnefnd sjóðsins og annan til vara.

**1989** Nr. 14 7. mars

## Lög um norrænan þróunarsjóð.

■ **1. gr.** Stofna skal norrænan þróunarsjóð samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs sem undirritaður var í Stokkhólmi 3. nóvember 1988.

■ **2. gr.** Sjóðurinn skal undanþeginn ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur

**1989** Nr. 14 7. mars

í erlendum gjaldeyri eða gjaldeyrisviðskipti, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvelda starfsemi sjóðsins eða efndir skuldbindinga hans.

■ **3. gr.** Sjóðurinn skal vera undanþeginn aðstöðugjaldi, landsútsvari, tekjuskatti og eignarskatti, svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

■ **4. gr.** Lánssamningar, sem sjóðurinn er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum hins opinbera.

■ **5. gr.** Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um norrænan þróunarsjóð.[1)]

[1)] *Augl. C 15/1988.*

**1964** Nr. 36 15. maí

**Lög um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.**

■ **1. gr.** [Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum iðnfyrirtækja, sem skylt er að greiða iðnlánasjóðsgjald samkvæmt ákvæðum laga um Iðnlánasjóð.][1)]

□ Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar, sem Iðnlánasjóður stofnar til samkv. ákvæðum þessarar greinar, og takmarkast ábyrgðin eigi af ákvæðum 1. mgr. 6. gr. laga um Iðnlánasjóð.

[1)] *L. 87/1968, 1. gr.*

■ **2. gr.** Lán samkv. lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum og vélum iðnfyrirtækja. Áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat hinna veðsettu eigna, þar sem þær skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðast við rýrnun eignarinnar frá því, að hún varð til.

□ Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu áliti stjórnar Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnaðarmálaráðherra.

■ **3. gr.** Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði laga nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.[1)]

[1)] *Nú l. 76/1987.*

■ **4. gr.** Ráðherra setur í reglugerð[1)] nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og skilyrði fyrir lánveitingum, svo sem ákvæði um lánstíma og hámark veðskulda af matsverði veðs að höfðu samráði við bankana.

[1)] *Rg. 102/1965, sbr. 51/1969.*

**1972** Nr. 47 26. maí

**Lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána.**

■ **1. gr.** Iðnfyrirtækjum er heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar, sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn.

■ **2. gr.** Veðréttur samkvæmt 1. gr. fellur niður í hinum veðsettu vörum, þegar veðsali selur þær eða afhendir grandlausum viðsemjanda til eignar. Sé viðsemjandi ekki grandlaus, ber hann ábyrgð á kröfu veðhafa, hafi viðsemjandinn greitt veðsala andvirði vörunnar, áður en veðrétturinn var niður fallinn.

□ Ákvæði þetta gildir ekki, þegar veðsali selur iðnfyrirtæki sitt ásamt hinum veðsettu vörum.

■ **3. gr.** Ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 18/1887,[1)] 1. gr. laga nr. 65/1957[1)] og 2. gr. laga nr. 87/1960 skulu gilda um veðrétt þennan, eftir því sem við á.

[1)] *Ath. l. 39/1978, 54. gr. fellir úr gildi 7. gr. l. 18/1887.*

■ **4. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld af veðbréfum fyrir lánum þeim, sem um ræðir í 1. gr.

□ Við endursölu skulu skuldaskjöl, sem tryggð eru með veði samkvæmt 1. gr., undanþegin stimpilgjaldi.

**1972** Nr. 47 26. maí

# IV. f. Vatnsréttindi og orkumál.

**1923** Nr. 15 20. júní

**Vatnalög.**

**I. kafli. Orðaskýringar.**

■ **1. gr.** Í lögum þessum merkja:

**Almenningur:** Sá hluti vatns, sem liggur fyrir utan vatnsbelti landareignanna.

**Fallvatn:** Sá hluti vatnsfalls (fossar, hávaðar, strengir), sem hagkvæmt verður talið að virkja í einu lagi til orkunýtingar.

**Frumdrættir:** Mælingar, uppdrættir, lýsingar og önnur gögn til ákvörðunar á aðaldráttum fyrirhugaðra mannvirkja.

**Fullnaðardrættir:** Mælingar, uppdrættir og önnur gögn til fullkominnar ákvörðunar á fyrirhuguðum mannvirkjum.

**Hérað:** Kaupstaður, sýsla eða hreppur.

**Iðja:** Iðnaður, annar en handiðn.

**Iðjuver:** Land eða lóð, hús og önnur mannvirki, ásamt tækjum til afnota við iðju.

**Iðjuhöldur:** Eigandi iðjuvers.

**Lágflæði:** Venjulegt lægsta vatnsyfirborð.

**Landareign:** Land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verzlunarstaða.

**Orkuveita:** Útbúnaður til að veita orku úr einum stað í annan.

**Orkuver:** Land eða lóð, hús og önnur mannvirki ásamt tækjum til afnota við orkuvinnslu eða breytingar einnar tegundar orku í aðra.

**Sérleyfi:** Leyfi samkvæmt sérleyfislögum.

**Vatnsvirki:** Mannvirki um vatn, í eða yfir vatni eða við það.

**Vatnsmiðlun:** Geymsla á vatni til þess að breyta eðlilegu vatnsmagni straumvatns.

**Vatnsvirkjari:** Sá maður, sem kemur fyrir neyzluvatnsæðum.

**II. kafli. Almenn ákvæði um vatnsréttindi.**

■ **2. gr.** Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.

■ **3. gr.** 1. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hvort land í miðjan farveg, og sé ekki vöxtur í vatni, nema önnur lögmæt skipun sé þar á gerð.

2. Eigi breytast merki, þótt farvegur breytist.

■ **4. gr.** 1. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka, er hann verður talinn áframhald af, 115 metra út í vatn (netlög).

2. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 metrar á breidd, þá skal miðlína þess ráða merkjum, nema önnur lögmæt skipun hafi verið á gerð.

3. Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði, þá fylgir vatnsbotn landi sem þurrt land væri.

4. Ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni, þá fylgja

þeim netlög sem áður segir. Nú á maður eyjar, hólma eða sker fyrir landi annars manns, og er sundið mjórra en 230 metrar, og ræður þá miðlína sundsins merkjum.

5. Jafnan skal miða við lágflæði í vatni.

6. Ef breyting verður á vatnsbotni, þá skulu netlög vera sem áður voru þau.

■ **5. gr.** Nú liggja tvær landareignir eða fleiri að vatni sama megin, og skulu þá netlög hverrar um sig ákveðin svo, ef eigi hefir áður verið skipun á gerð, að hver botndepill fylgi þeim bakka, sem hann er næstur.

■ **6. gr.** 1. Rétt er að matsmenn ákveði og setji merki milli landareigna, að því leyti sem merki fara eftir ákvæðum 3. – 5. gr.

2. Þinglýsa skal matsgerð samkvæmt 1. lið og bóka í landamerkjabók sem aðrar landamerkjaheimildir.

■ **7. gr.** 1. Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.

2. Óheimilt er manni, nema sérstök heimild eða lagaleyfi sé til þess:

a. að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmagni, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð,

b. að gerstífla straumvatn eða gera mannvirki í vatni eða yfir því,

c. að veita vatni úr landi sínu í annarra land, ef tjón eða hætta er af því búin eign annars manns eða réttindum, óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta að nokkru ráði fyrir hagsmuni ríkis eða almennings.

■ **8. gr.** 1. Nú breytist farvegur án þess af mannavöldum sé, og er þá landeiganda hverjum, sem mein verður að breytingunni, rétt að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Ef til þess þarf afnot af landi annars manns, eru þau heimil, en þá getur sá maður krafizt bóta fyrir tjón og óþægindi, sem verkið bakar honum. Ef ágreiningur verður, þá skulu matsmenn skera úr.

2. Nú líða svo tvö ár frá lokum þess almanaksárs, er breytingin varð, að aðilja er eigi sagt til þess, að vinna eigi verk það, er í 1. lið greinir, og skal þá, þegar verkið er unnið, bæta þann kostnað, sem að loknum áðurnefndum fresti hefir verið ráðizt í til þess að rækta farveginn og annars slíks, eða til ráðstafana, sem gerðar kunna að hafa verið til þess að nota vatnið í nýja farveginum. Nú er því lýst yfir innan 2 ára, að vinna eigi verkið, sbr. 1. lið, en verkið þó ekki unnið innan 5 ára frá því breyting varð, og má þá líta svo á sem engin yfirlýsing hafi fram komið.

3. Nú hefir sama ástand haldizt í 20 ár eða lengur, og skal þá um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo.

■ **9. gr.** Fara skal um jarðvatn, regnvatn og leysinga, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slík minni háttar vötn, sem eigi hafa stöðugt afrennsli ofanjarðar, svo sem hér segir, enda sé eigi önnur lögmæt skipun á gerð.

1. Landeiganda er rétt að hagnýta sér slíkt vatn eða ráðstafa því með öðrum hætti, enda fari það eigi í bága við ákvæði 15. gr., stífla frárennsli úr því, hlaða upp bakka þess eða gera garð um það, ræsa það fram ofanjarðar eða neðan og bera ofan í það, án þess að hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem eigi er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

2. Landareign, sem lægra liggur, fylgir skylda til að hlíta því, að vatnið renni um hana í þeim farvegi og með þeim hætti, er náttúran hefir markað því.

3. Nú verður breyting á farvegi eða vatnsmagni af völdum náttúrunnar eða þriðja manns, og verður þeim mein að, sem land eiga að, og skal þeim þá rétt að færa vatnið í samt lag, en gera skal það innan árs frá lokum þess árs, er breytingin varð, enda sé tjón það, er af verkinu hlýzt, bætt eftir mati, nema samkomulag verði.

4. Ef vatn liggur á tveim landareignum eða fleiri, þá má enginn landeigandi fara svo með það, að hinum verði mein að.

■ **10. gr.**[1] Um hveri, laugar og ölkeldur skal fara eftir 9. gr., með þeim takmörkunum, sem hér segir:

a. Óheimilt er landeiganda að spilla hverum, laugum og ölkeldum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé nauðsynlegt talið samkvæmt matsgerð til varnar því landi eða landsnytjum.

b. Skylt er landeiganda að láta af hendi nauðsynlegt vatn, land og efni úr landi til sundlaugar og sundskála til afnota í almenningsþarfir. Bætur fyrir laugavatn, land og landafnot, átroðning og annað tjón eða óþægindi skal greiða eftir mati, nema samkomulag verði.

[1] *Sbr. l. 58/1967.*

■ **11. gr.** Öllum er heimilt að taka vatn til heimilisþarfa og bús, þar sem landeiganda er meinlaust, svo og að nota vatn til sunds og umferðar, einnig á ísi, enda fari það eigi í bága við lög, samþykktir eða annað lögmætt skipulag.

■ **12. gr.** 1. Gera má maður brunna og vatnsból á landareign sinni, en gæta skal hann þess, að eigi sé minnkuð eða heft aðsókn vatns að brunnum annarra manna eða vatnsbólum, nema eigi sé annars kostur eða vatnsból yrði ella mun dýrara eða vatnsaðdrættir erfiðari.

2. Eigi má heldur gera önnur mannvirki, ef ætla má, að þau hafi slíkar verkanir sem mælt var.

3. Ágreiningur um það, hvort fyrirtæki fari í bága við fyrirmæli 1. og 2. liðs þessarar greinar, skal til lykta leiddur með matsgerð.

■ **13. gr.** Skylt er mönnum að ganga svo frá brunnum og öðrum vatnsgeymum, að mönnum, skepnum og landi annarra manna stafi eigi hætta af.

■ **14. gr.** 1. Landeiganda einum er heimil ístaka af vatni á landi sínu.

2. Eigi má torvelda eða hefta umferð um ísinn að nauðsynjalausu með ístökunni. Svo skal og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að afstýra hættu, svo sem með því að setja girðingar eða merki. Nánari fyrirmæli um þessi efni getur ráðherra sett eða falið héraðsstjórnum að setja.

■ **15. gr.** Rétt landareignar til vatns, sem á henni er til:

a. heimilisþarfa, svo sem til drykkjar, suðu, þvotta, böðunar, til að vökva garða og til varnar við eldsvoða,

b. búsþarfa, svo sem til að vatna skepnum, ullar- og fiskþvottar, og

c. jarðræktar, svo sem til vökvunar túna og áveitu, má eigi skilja við eignina, nema sérstök lagaheimild komi til.

■ **16. gr.** 1. Nú eru vatnsréttindi af hendi látin án þess að eignarréttur að landi sé jafnframt látinn, og fer þá eftir reglum um landkaup.

1923 Nr. 15 20. júní

2. Nú lætur maður af hendi hluta landareignar, er liggur að vatni eða á, og er þá vatnsbotn og vatnsréttindi falin í kaupinu, nema öðruvísi semji, þó svo, að sá hluti landareignarinnar, sem eftir verður, haldi óskertum vatnsréttindum samkvæmt 15. gr. og hafi næg og kauplaus landsafnot til hagnýtingar þeim.

3. Ef sameignarlandi er skipt eignarskiptum eða afnota, þá skulu hverri eign fylgja svo auðnotuð vatnsréttindi sem unnt er og nægt land eða næg og kauplaus landsafnot til hagnýtingar vatnsréttindum hennar samkvæmt 15. gr.

**III. kafli. Um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar.**

■ **17. gr.** Eiganda landareignar, er vatnsréttindi fylgja, er rétt að veita til sín vatni, sem um hana rennur eða á henni er, um föst veitutæki til heimilis- og búsþarfa á eigninni eða til iðnaðar og iðju, sem á henni er rekin, enda sé ekki meira vatni veitt en þörf er á, eða vatni því, sem afgangs verður, veitt í vatnslegið svo nærri upptökum veitunnar, að öðrum, sem tilkall eiga til vatnsins, verði sem minnst tjón eða bagi að.

■ **18. gr.** 1. Nú er vatn of lítið til að fullnægja þörfum þeim, er í 17. gr. segir, og á þá hver sú landareign, er tilkall hefir til þess vatns, sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Heimilisþörf gengur fyrir búsþörf og búsþörf fyrir iðnaðar- eða iðjuþörf.

2. Ef menn skilur á um það, hversu hver þurfi mikils vatns, skal skera úr því með mati.

3. Ráðherra getur, að undangengnu mati samkvæmt 2. lið, skipað svo fyrir, ef nauðsyn þykir á vera vegna fyrirmæla 1. liðs, að vatnsveituvirkjum verði breytt, að þau skuli lögð niður eða afnot þeirra takmörkuð.

■ **19. gr.** 1. Ef vatn, sem veitt er um sömu veitutæki, er notað til að fullnægja fleiri en einni af þörfum þeim, sem í 1. lið 18. gr. segir, þá skal fara um það vatn sem það væri allt haft til að fullnægja rétthæstu þörfinni.

2. Ef skortur er á vatni til að fullnægja þörfum þeirra landareigna, er tilkall fylgir til sama vatns, má þó fara eftir ákvæðum 2. og 3. liðs 18. gr.

■ **20. gr.** Heimilt er bæjarstjórn að koma upp vatnsveitu til þess að fullnægja þörf almennings í kaupstöðum á vatni samkvæmt 18. gr.

■ **21. gr.** Þá er bæjarstjórn hefir komið upp vatnsveitu um kaupstað, hefir hún einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitunni er ætlað að ná yfir og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans.

■ **22. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 93/1947, 10. gr., sbr. 8. gr.*

■ **23. gr.** 1. Bæjarstjórn leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu, á vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er bæjarstjórn leggur í götur, vegi eða opin svæði, leggur húseigandi vatnsæðar til sín á sinn kostnað.

2. Nú stendur svo á, að sérstaklega kostnaðarsamt er að leggja vatnsæð frá aðalæð yfir lóð manns, og getur hann þá krafið sig undanþeginn vatnsskatti, ef hann kýs að vera án vatnsins. Ef ágreiningur verður, skal skorið úr honum með mati.

■ **24. gr.** 1. Í reglugerð má kveða á um notkun vatnsins og meðferð, svo og um meðferð á vatnsæðum, tilhögun húsæða, löggilding vatnsvirkjara, sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð mála út af þeim, svo og önnur atriði, er vatnsveituna varða.



2. Reglugerðir allar, þær er bæjarstjórn gerir um vatnsveitu og vatnsskatt, skal senda ráðherra til staðfestingar.[1)] Þegar reglugerð hefir fengið staðfesting ráðherra, þá er hún lögmæt vatnsveitureglugerð.

[1)] *Sjá t. d.: Reykjavík, rg. 39/1959; Ísafjörður, rg. 218/1972; Egilsstaðir, rg. 402/1973, sbr. 87/1988; Húsavík, rg. 135/1979; Eskifjörður, rg. 797/1982, sbr. 392/1984 og 138/1990; Hafnarfjörður, rg. 181/1958, sbr. 506/1975; Siglufjörður, rg. 147/1982; Grindavík, rg. 806/1983; Dalvík, rg. 303/1984; Seyðisfjörður, rg. 197/1985; Selfoss, rg. 336/1985; Akureyri, rg. 623/1989. Rg. um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts, sjá t. d. rg. 249/1971, sbr. 669/1980 (Reykjavík), 197/1972, sbr. 86/1979 (Blönduós), 53/1973 (Mosfellsbær), 22/1975 (Selfoss).*

■ **25. gr.** 1. Bæjarstjórn er rétt að taka vatn það, er hún þarf til veitunnar, úr brunnum, uppsprettum eða vötnum í landareignum annarra manna, enda séu þær ekki sviptar vatni því, er þeim er metið nauðsynlegt til þarfa þeirra, er í þessum kafla getur, nema þeim sé séð fyrir því með öðrum hætti, þeim eigi óhagfelldari.

2. Rétt er eiganda eða notanda þeirrar landareignar, sem vatn er tekið úr samkvæmt 1. lið, að leggja til sín og á sinn kostnað vatnsæðar úr vatnsveitu kaupstaðarins, enda greiði hann kaupstaðnum aukakostnað af því, nema öðruvísi semji. Svo er honum og skylt að hlíta þeim reglum, sem settar eru eða verða settar í löglega gerðum fyrirmælum um vatnsveituna.

3. Haga skal vatnsveitu svo, að spjöll verði sem minnst á atvinnu manna eða veiðitækjum, ef veiði er í vatninu. Ef spjöll verða, þá skal þau að fullu bæta.

4. Ef ágreiningur verður um einhver þeirra atriða, er í grein þessari getur, skal skorið úr með mati.

■ **26. gr.** Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot hvar sem er og hvenær sem er í þarfir vatnsveitu kaupstaðar, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, svo og mannvirki, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

■ **27. gr.** Ef nauðsynlegt þykir til þess að fyrirbyggja óhreinkun vatns, sem tekið er til vatnsveitu handa kaupstað, þá er mönnum jafnskylt að láta af hendi land og láta í té landsafnot og mannvirki, svo og að þola eignarkvaðir, óhagræði og takmarkanir, sem í 26. gr. segir, gegn fullum bótum eftir mati, nema um semji.

■ **28. gr.** 1. Rétt er hreppsnefnd að koma upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum almennings í hreppnum á vatni, samkvæmt 17. gr. Áður en fyrirtækið er afráðið, skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að veitunni og áætlun um stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist ella úr sveitarsjóði.

2. Ekki má ákveða að koma upp vatnsveitu á kostnað hrepps, nema rannsókn sú, er í 1. lið getur, leiði í ljós, að hagfellt sé, að öllu athuguðu, fyrir að minnsta kosti helming af fasteignum í hreppnum að gera veituna og starfrækja hana, eða það verði samþykkt á lögmætum hreppsfundi. Á þær fasteignir í hreppnum, sem ekki nota veituna samkvæmt framanskráðu, má ekki vatnsskatt leggja.

3. [Þá er hreppsnefnd hefir löglega samþykkt að

koma upp vatnsveitu samkvæmt 1. og 2. lið, skal senda samþykktina ásamt öllum þeim gögnum, sem í sömu liðum segir, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþykktina getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.][1]

4. Hreppsnefnd semur reglugerðir[2] allar um vatnsveituna, þar á meðal gjaldskrá um vatnsskatt.[3]

5. Um vatnsveitur þessar fer að öðru leyti eftir ákvæðum 20. – 27. gr.

6. Þar sem ekki er hægt í hrepp að veita neyzluvatni með kleifum kostnaði, skal hreppsnefnd heimilt að gera brunna til almennings notkunar, og fer um kostnað af því, notkun, viðhald og önnur réttindi eins og að framan er mælt um vatnsveitur, að því leyti sem við á.

[1] *L. 108/1988, 16. gr.* [2] *Rg. fyrir vatnsveitur hreppa, sjá t. d.: Kópasker, rg. 114/1977, sbr. 282/1989; Reykjahlíð í Skútustaðahreppi, rg. 106/1984; Breiðdalsvík, rg. 301/1984; Vatnsleysustrandarhreppur, rg. 387/1984; Árskógshreppur, rg. 45/1985; Tálknafjörður, rg. 308/1985; Vopnafjarðarhreppur, rg. 224/1986; Austur-Landeyjahreppur, rg. 471/1986; Höfðahreppur, rg. 150/1987; Hraungerðishreppur, rg. 165/1987; Þórshöfn, rg. 338/1988; Andakílshreppur, rg. 437/1988; Hólmavíkurhreppur, rg. 283/1989.* [3] *Rg. um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts, t. d.: 135/1972 (Eyrarbakki), 416/1973, sbr. 198/1978 (Hvammstangi), 27/1975 (Stokkseyri), 388/1984 (Vatnsleysustrandarhreppur).*

■ **29. gr.** 1. Nú vill löggilt kauptún, sem ekki er hreppur út af fyrir sig, eða hverfi, koma sér upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum sínum á vatni samkvæmt 17. gr., og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla vatnsveituna, gert með sér félag, er nefnist vatnsveitufélag, en lög félagsins kallast vatnsveitusamþykkt.[1] Um félagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem fyrirmæli þessa kafla taka ekki til þess.

2. Stjórn vatnsveitufélags semur samþykktir þess, þar á meðal gjaldskrá.

3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 20. – 27. gr.

[1] *Samþ. fyrir vatnsveitufélög, t.d.: 49/1971 (Múlakotsbæir), 240/1971 (Skálavatnsveita), 236/1972 (Varmahlíð), 271/1976 (Árneshverfi í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu).*

■ **30. gr.** 1. Nú eiga 2 eða fleiri fasteign, og vilja sumir stofna til vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa á eigninni, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta fasteignar eiga, ákveðið að gera veituna, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulega þátt í kostnaði öllum af henni, ef metið verður, að fasteigninni muni verða meira hagræði af veitunni en sem kostnaðinum nemur.

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd og umsjón verksins, eða um niðurjöfnun kostnaðar, þá skal skera úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverjir skuli hafa umsjón eða framkvæmd á hendi, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Rétt er að stofnkostnaður ásamt vöxtum sé greiddur í jöfnum afborgunum á 15 árum, ef aðili óskar þess. Hver aðilja, sem vill, getur beiðzt staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má taka tillög lögtaki, ef matsgerðin verður staðfest.

■ **31. gr.** 1. Ef maður getur ekki aflað sér vatns í landareign sinni til heimilis- og búsþarfa, eða þar er að mun kostnaðarsamara eða bagameira að afla þess en af landareign annars manns, þá er honum rétt að afla þess þaðan, enda sé þar vatn afgangs frá heimilis- og búsþörfum. Er honum rétt að fara yfir land annars manns í því skyni, en gera skal hann svo lítinn usla sem unnt er og bæta tjón á landi eða vatnsbóli og kosta gerð þess og viðhald að sínum hluta, eftir mati, nema samkomulag verði.

2. Gera má maður brunn eða annað vatnsból í landi annars manns, ef svo er ástatt sem í 1. lið segir. Um bætur fer þá og sem þar segir, eftir því sem við á.



■ **32. gr.** 1. Nú þarf maður að taka vatn af landi annars manns í vatnsveitu til þarfa eignar sinnar, samkvæmt 17. gr., og er honum það rétt, enda sé vatn nægt, er eigi sé notað til samkynja þarfa þeirrar eignar.

2. Ef lögnáms þarf samkvæmt 25., 26. eða 27. gr., getur ráðherra veitt leyfi til þess. Fer þá um mat og endurgjald sem í þeim gr. segir.

3. Beita má ákvæðum 2. liðs 25. gr., ef vatn er tekið samkvæmt 1. lið þessarar greinar.

■ **33. gr.** Nú þarf maður vatnsveitu til námuvinnslu, verksmiðjuiðnaðar eða annarrar iðju, og er honum þá rétt að taka til þess vatn eftir þörfum, enda sé enginn með því sviptur vatni til þarfa þeirra, er í 17. gr. segir. Svo er honum og heimilt, ef ráðherra leyfir, að heimta af hendi látið nauðsynlegt land og landsafnot til veitunnar, gegn endurgjaldi eftir mati, nema aðiljar verði ásáttir.

Ákvæðum 2. liðs 25. gr. og 27. gr. má beita svo sem við á.

■ **34. gr.** Hverjum þeim, sem ekki hefir tekið í öndverðu þátt í vatnsveitufyrirtæki, er rétt að gera það síðar, enda verði það metið, að vatn sé til þess nægilegt og að það valdi eiganda veitunnar eigi verulegu óhagræði að öðru leyti. En hlíta skal hann þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um notkun vatnsins og meðferð veitunnar. Svo skal hann og greiða endurgjald fyrir vatnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði.

■ **35. gr.** Vatnsveitur, sem gerðar hafa verið með heimild í eldri lögum, skulu sæta þeim reglum, er þar segir. Þó skulu fyrirmæli 34. gr. einnig taka til slíkra vatnsveitna.

**IV. kafli. Um áveitur.**

■ **36. gr.** Landeiganda er heimilt að hagnýta sér vatn, sem er á landareign hans eða um hana rennur, til áveitu í ræktunarskyni á hana sjálfa eftir þörfum, enda sé enginn sviptur með því neyzluvatni (15. gr. a – b) né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um útvegun neyzluvatns né því spillt fyrir neinum, svo að veruleg óþægindi séu að.

■ **37. gr.** Þar sem merkivötn skilja landareignir, er hvorri rétt að nota vatnið eftir þörfum sínum. Þarfir samkvæmt 17. gr. ganga fyrir áveituþörf. Ef vatn er svo lítið, að ekki nægi báðum eða öllum, skal ákveða skipti og notkun þess með mati.

■ **38. gr.** Réttur til hagnýtingar á vatni til áveitu verður ekki frá landareign skilinn, sbr. þó 37. gr., nema vatnið sé tekið til neyzlu (15. gr. a – b) eða til áveitu á aðrar landareignir samkvæmt 39. gr. Ef ágreiningur verður um það, hve mikið vatn þurfi til að fullnægja áveituþörf landareignar, skal skera úr því með mati.

■ **39. gr.** 1. Nú er ekki nógu mikið, nógu gott eða nógu auðtekið vatn fyrir hendi innan landareignar til áveitu á hana sjálfa, og er þá eiganda hennar eða notanda rétt að krefjast áveituvatns eftir þörfum úr öðrum landareignum, með þessum takmörkunum:

a. að enginn sé fyrir það sviptur vatni til þarfa samkvæmt 17. gr. né neinum bakaðir óhæfilegir erfiðleikar um útvegun slíks vatns, né því spillt fyrir neinum, svo að veruleg óþægindi séu að,

b. að ekki þurfi að nota sama vatn til áveitu á þá landareign sjálfa, sem vatnið er tekið í, nema arður af notkun þess til áveitu þar yrði mun minni en arður af notkun þess til þeirrar áveitu utan landareignarinnar, sem vatnsins er krafizt til.

2. Nú rís ágreiningur um, hvort taka vatns til áveitu utan landareignar þeirrar, sem vatnið er tekið í, fari í bága við framangreindar takmarkanir, og getur þá hvor aðili látið meta, hvort taka vatnsins sé heimil samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. Ef taka vatnsins er metin heimil, en talið er að af henni stafi auknir erfiðleikar um útvegun vatns til þarfa samkvæmt 17. grein eða spjöll á því vatni eða skaði að vatnstökunni að öðru leyti, þá skulu ákveðnar fullar bætur fyrir allt þetta.

■ **40. gr.** Sá, sem þarf að hafa afnot af landi annars manns til þess að koma upp, halda við eða starfrækja áveitu, getur látið matsgerð fara fram, ef samkomulag næst eigi. Ef tjón það, sem verkið í heild sinni bakar öðrum en áveitueiganda, er metið mun minna en hagnaður sá, sem áveitueigandi hefir af því, og ekki er talið hallkvæmara að framkvæma verkið með öðrum hætti en til er stofnað, skulu landsafnotin heimiluð, en meta skal fullar bætur fyrir.

■ **41. gr.** 1. Áveitum skal haga svo, að ekki sé neinum til baga veitt meira vatni úr fornum farvegi en nota þarf. Svo skal veita á land og af landi, að öðrum sé sem minnst mein að, og fella vatn aftur í fornan farveg, ef unnt er, og svo nærri upptöku sem gerlegt þykir.

2. Nú telur einhver sér mein að áveitu annars manns og samkomulag næst ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, krafizt matsgerðar. Nú telur matsnefnd að vísu skaða að áveitunni, en þó mun minni þeim hag, sem hinn hefir af henni, og skal áveitan þá engu að síður heimil, en fullar bætur skal meta.

■ **42. gr.** Nú þykir hentugt að stofna og starfrækja áveitu í ræktunarskyni á fleiri landareignir í einu lagi, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, gert með sér áveitufélag. Um félagsstofnunina fer eftir ákvæðum XI. kafla. Lög félagsins nefnast áveitusamþykkt, en áveitan nefnist samáveita.

■ **43. gr.** Þegar löggilt áveitusamþykkt hefir verið sett, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveituverkinu er ætlað að ná til, skyldir að leyfa landsafnot til mannvirkja, er áveituna varða, svo sem land undir skurði og efni úr landinu, hvort sem er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola allar þær kvaðir, óhagræði eða takmarkanir á afnotarétti, sem áveituverkið hefir í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir. Ef eigi næst samkomulag um bætur, skal ákveða þær með mati.

■ **44. gr.** Kostnaði öllum af samáveitu skal stjórn hennar jafna niður á landareignir þær, sem áveitan nær yfir, aðallega eftir stærð þess lands, er vatn næst yfir. Þó skal taka tillit til þess, hvernig land liggur við áveitunni og hver not geta orðið af henni fyrir það, í samanburði við aðrar landareignir. Matsnefnd skal skera úr, ef ágreiningur verður um niðurjöfnun.

■ **45. gr.** Ef einhver vill gerast hluttakandi í samáveitu eftir að henni hefir verið komið á, með þeim hætti, að hann fái vatn til áveitu á land sitt, þá á hann rétt til þess, ef það er að dómi matsmanna samáveitunni bagalaust. En skylt er honum þá að taka þátt í kostnaði öllum af áveitunni, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að réttri tiltölu við aðra aðilja.



■ **46. gr.** 1. Nú er samþykkt gerð um samáveitu, og skal þá hver landeigandi greiða stofnkostnað og árlegan kostnað af samáveitunni eða þeim hluta, sem eftir niðurjöfnun samkvæmt 44. gr. kemur á landareign hans.

2. [Nú telur stjórn áveitufélags eða landþurrkunar- og áveitufélags nauðsynlegt að taka lán til stofnkostnaðar samáveitu og er þá hlutaðeigandi sveitarstjórn heimilt að ábyrgjast lán þetta.][1)]

3. Leiguliði á jörð, sem samáveitan nær til, er skyldur, að viðlögðum ábúðarmissi, að standa landsdrottni árlega skil á upphæð, er samsvari umsjónar- og viðhaldskostnaði, að viðbættum ársvöxtum af stofnkostnaði áveitunnar, að þeim hluta, er kemur á býli hans samkvæmt niðurjöfnun.

[1)] *L. 108/1988, 17. gr.*

■ **47. gr.** Nú hefir staðfest samþykkt verið gerð um samáveitu, en eigandi einhverrar þeirrar landareignar, sem áveitan á að ná til samkv. samþykktinni, neitar að taka þátt í kostnaði við áveituna, og getur þá stjórn samáveitunnar krafizt þess, að landareignin sé tekin lögnámi handa áveitufélaginu.

■ **48. gr.** 1. Nú eiga menn landareign í félagi, og vilja sumir veita á hana vatni, en sumir eigi, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta landareignar eiga, ákveðið að framkvæma fyrirtækið, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í öllum kostnaði af því, ef metinn verður mun meiri hagnaður en kostnaður.

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiptingu kostnaðar, þá skal skorið úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverjir skuli hafa á hendi framkvæmd og umsjón verksins, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Stofnkostnaði ásamt vöxtum skal skipt í jafnar árgreiðslur, ef aðili óskar þess, þannig að honum sé lokið á 15 árum. Beiðast má maður staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má taka tillög lögtaki, ef matsgerð verður staðfest.

**V. kafli. Um notkun vatnsorku.**

■ **49. gr.** 1. Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

2. Eigi má umráðamaður vatnsréttinda virkja hluta af fallvatni, sem hefir meira en 500 eðlishestöfl, nema leyfi ráðherra komi til, og má binda leyfið þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg til þess að hagkvæm virkjun á fallvatninu geti síðar farið fram, eða synja um leyfið, ef ekki þykir gerlegt að setja fullnægjandi skilyrði um þetta.

3. Nú vill umráðamaður vatnsréttinda virkja fallvatn, sem nemur meira en 500 eðlishestöflum, og skal hann þá beiðast leyfis ráðherra áður byrjað sé á framkvæmd verksins og jafnframt senda frumdrætti af hinum fyrir-

huguðu mannvirkjum. Leyfi má binda þeim skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkja, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni, þar á meðal sérstaklega það, að unnt verði seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í héraði því eða landshluta, sem orkuverið eða veitan er í. Enn fremur má setja skilyrði um það, að almenningi í nágrenni við veituna sé veittur kostur á orku úr henni með þeim hætti, að ráðherra skuli setja gjaldskrá um verð á orku, ef orka verður seld almenningi frá verinu, eða úrskurða ágreining um orkuverð, svo að báða aðilja skuldbindi, enda þótt engin gjaldskrá hafi verið sett.

■ **50. gr.** 1. Rétt er eiganda landareignar að gera stíflu í vatnsfarvegi og veita vatni úr eðlilegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnsorkunota samkvæmt 49. gr., enda séu ekki gerðar skemmdir á landi annarra manna um nauðsyn fram. Eigi má veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, en öllu skal því veitt í fornan farveg áður en landareigninni sleppir, nema samlög séu milli fleiri landareigna um orkuvinnslu.

2. Vatnsorku þeirri, sem unnin er samkvæmt 49. gr., má umráðamaður hennar breyta í raforku og veita um landareign sína eftir raforkutaugum ofan jarðar eða neðan.

3. Ef nauðsyn þykir á vera, getur ráðherra veitt lögnám með þeim hætti, sem í 55. gr. segir.

■ **51. gr.** 1. Þar sem merkivötn skilja landareignir, hafa eigendur beggja jafnan rétt til að nota vatn úr þeim samkvæmt 49. og 50. gr.

2. Nú nægir merkivatn ekki báðum landareignum, og hefir þá eigandi hvorrar fyrir sig rétt til svo mikils af vatnsorkunni, sem svarar hálfu rennsli merkivatnsins og fallhæð þeirri, sem er fyrir landi hans, enda hafi ekki önnur lögmæt skipun verið á gerð.

■ **52. gr.** 1. Nú vill eigandi annars vatnsbakka gera stíflu í vatni til orkunýtingar og þarf að nota til þess land hinum megin, og skal hann þá bjóða eiganda þess lands að gera stíflu með sér og nota vatnið að réttri tiltölu. Nú verða þeir á þessa skipun sáttir, en skilur á um framkvæmd verksins, skiptingu kostnaðar eða vatnsnot, og skal þá skera úr með mati.

2. Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í stíflugerð, og getur hinn þá fengið leyfi ráðherra, samkvæmt 50. gr., 3. lið, til afnota af landi hans til að framkvæma verkið og nota vatnið. Skal þá venjulega áskilja það í leyfi, að stíflu verði svo hagað, að sá, sem ekki tók þátt í verkinu, megi síðar hagnýta sér þann hluta vatns, sem hann á tilkall til, án þess að breyta þurfi stíflu að mun, en kostnað, sem leiðir sérstaklega af slíkri tilhögun, skal sá greiða. Meðan hann notar ekki vatnsorku þá, sem hann á tilkall til, má sá, er stíflu gerði, hagnýta sér hana kauplaust. Nú hagnýtir sá, er ekki tók þátt í stíflugerð, sér síðar vatnið, eða lætur annan gera það, að einhverju leyti eða öllu, og skal hann þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldskostnaði eftir mati, nema um semji.

■ **53. gr.** 1. Nú eiga menn í félagi tilkall til orku úr sama fallvatni, enda taki 52. gr. eigi til þess, og verða þeir ekki ásáttir, hvernig það skuli notað til orkuvinnslu, og getur þá ráðherra heimilað, að þeir, sem tilkall eiga til meira en helmings vatnsorkunnar, talinnar eftir vatnsmagni og fallhæð, leysi til sín tilkall minni hlutans. Þetta er þó því skilyrði bundið, að hagnýting fallvatnsins í heild sinni sé að mun hallkvæmari en hagnýting hluta innleysenda út af fyrir sig, og að ekki sé skertur réttur þriðja manns, er hann kann að hafa fengið yfir vatnsréttindunum áður en lausnar var krafizt.

2. Sá hluti vatnsorkuréttar, er maður leysir til sín samkvæmt 1. lið, skal metinn sem hluti alls réttarins. Þó skal taka til greina, hvort sá hluti virkjunarkostnaðar, sem sérstaklega varðar innleysta vatnsorkuréttinn, er tiltölulega mikill eða lítill.

3. Ágreiningi um atriði þau, er í grein þessari getur, skal ráða til lykta með mati.

■ **54. gr.** 1. Ráðherra er rétt að taka lögnámi sérhvert fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til að vinna úr því orku til almenningsþarfa, svo og orkuver eða orkuveitur, ef nauðsynlegt þykir til að fá hallkvæma skipun á orkuveitum um eitthvert svæði, og að veita orku eftir taugum ofan jarðar eða neðan til neyzlustaðanna, enda sé gætt fyrirmæla 49. gr., 1. liðs, um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla.

2. Nú hefir ráðherra framkvæmt lögnám samkvæmt 1. lið, og skal þá fullt endurgjald koma til handa þeim, er tjón bíða af vatnstöku eða orkuver eða orkuveitu áttu. Skal svo og öllum þeim, er fengið hafa orku frá veri því eða veitu, sem lögnámi var tekin, ger kostur á eigi minni orku en þeir hafa áður fengið frá verinu eða veitunni og ekki með lakari kjörum en samningar standa til. Ef menn greinir á um efni þau, er í þessum lið segir, skal skera úr með mati.

3. Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ráðherra, eftir því sem á stendur, notað hvort sem er með því að framkvæma virkjunina sjálfur eða leyfa öðrum það samkvæmt sérleyfislögum, ef því er að skipta.

4. Þegar fallvatn er tekið samkvæmt þessari grein, skal þess gætt, að héruðum í grennd við fallvatnið sé ekki gert örðugt um að afla sér nauðsynlegrar orku.

■ **55. gr.** Þegar ráðherra hefir ákveðið að gera eða leyft að gera orkuver eða orkuveitu samkvæmt 54. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hvers konar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.

■ **56. gr.** 1. Þá er ráðherra hefir ákveðið að koma upp eða leyft að koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu, er honum eða eftir atvikum leyfishafa samkvæmt 54. gr., 3. lið, áskilinn einkaréttur til að veita raforku um svæði það, sem orkutaugarnar eiga að ná yfir, og til þess að selja raforku á því svæði. Um orkuver og orkuveitur, sem fyrir eru í því takmarki, fer þá eftir ákvæðum 57. gr.

2. Ráðherra skal auglýsa þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um stofnsetning orkuvers eða orkuveitu og um takmörk veitunnar.

■ **57. gr.** 1. Nú eiga einstakir menn, félög eða héruð orkuver eða orkuveitur í því takmarki, sem auglýsing samkvæmt 56. gr., 2. lið, er gefin út fyrir, og skulu þá eigendur þeirra skýra ráðherra frá því innan 3 mánaða

1923 Nr. 15 20. júní

frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, og ákveður hann þá staðartakmörk þess fyrirtækis um leið og hann veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rétt en þeir höfðu áður, og er því ekki til fyrirstöðu, að ráðherra stofnsetji og starfræki orkuver eða orkuveitur innan takmarka fyrirtækisins.

2. Orkuver, er gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 28 20. okt. 1913 og lögum nr. 51 3. nóv. 1915 eru undanþegin niðurlagsákvæði 1. liðs þessarar greinar.

■ **58. gr.** Nú vill héraðsstjórn koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu til þess að fullnægja þörf almennings í héraðinu á raforku, og skal hún þá beiðast samþykkis ráðherra til þess og jafnframt senda honum, áður en byrjað er á verkinu, frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim. Samþykki ráðherra má binda skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkjanna, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til að tryggja jafnrétti notenda og almenningshagsmuni, þar á meðal sérstaklega það, að unnt sé seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í landshluta þeim, sem héraðið er í.

■ **59. gr.** Þegar héraðsstjórn hefir ákveðið að koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu og fengið til þess samþykki ráðherra, er henni rétt að taka lögnámi fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til afnota í því skyni, enda sé gætt fyrirmæla 49. gr., 1. liðs, um vatn það, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Fyrirmælum 55. gr. má og beita hér. Um bætur og annað fer eftir 54. gr., 2. lið.

■ **60. gr.** Þegar héraðsstjórn hefir komið upp orkuveitu samkvæmt 58. gr., getur ráðherra veitt henni einkarétt, samkvæmt 56. gr., um tiltekið árabil; þó aldrei lengur en orkuveitan fullnægir allri eftirspurn eftir orku í takmarki sínu. Um orkuver, sem þar kunna að vera fyrir, fer eftir ákvæðum 57. gr.

■ **61. gr.** 1. Héraðsstjórn leggur orkutaugar svo, að sérhver, sem óskar að fá til sín orku í takmarki orkuveitunnar, nái til þeirra á jafnhentugum stað sem aðrir notendur yfirleitt. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef nauðsyn þykir til vegna staðhátta. Frá orkutaugum þessum leggur húseigandi heimtaug til sín á sinn kostnað, nema héraðsstjórn hafi ákveðið, að orkuveita skuli kosta þær að einhverju leyti eða öllu.

2. Nú vill einhver, sem býr utan takmarks orkuveitu, hvort sem er innan héraðs eða utan, fá orkutaug til sín, og er honum það rétt, ef orkuveitan er aflögufær, enda beri hann sjálfur allan aukakostnað, er veitan heim til hans hefir í för með sér. Ef ágreiningur verður, sker ráðherra úr.

3. Heimilt er héraðsstjórn að gera þeim mönnum betri kjör um heimtaugar, er gerast notendur orku innan tiltekins tíma frá því er starfræksla orkuveitu hefst, en þeim, er síðar koma til.

■ **62. gr.** 1. Gjald fyrir raforku skal ákveða í gjaldskrá, er héraðsstjórn semur og ráðherra staðfestir. Gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki. Gjaldskrá skal endurskoða ekki sjaldnar en 5. hvert ár.

2. Ef árskostnaður af orkuveitu verður meiri en það, sem inn kemur fyrir notkun hennar yfir árið samkvæmt gjaldskrá, má greiða það, sem til vantar, úr héraðssjóði. Þegar þannig stendur á, er heimilt að krefja aukagjalds af notendum utanhéraðs, er nemi jafnmiklum hluta af gjaldi þeirra yfir árið samkvæmt gjaldskránni, sem tillag héraðssjóðs nemur miklum hluta af árstekjum orkuveitunnar samkvæmt gjaldskrá, þeim, er fengnar hafa verið innanhéraðs.



3. Ef árstekjur af orkuveitu verða meiri en árskostnaður af henni, að meðtalinni hæfilegri fyrningu, er heimilt að láta afganginn renna í sjóð héraðsins. Nú nemur tekjuafgangur sá, sem þannig er ráðstafað, meira en 10% af tekjuupphæð þeirri allri, sem komið hefir inn samkvæmt gjaldskrá fyrir notkun orkuveitunnar yfir árið, og eiga notendur utanhéraðs þá rétt til endurgreiðslu á því, sem umfram verður, að sínum hluta.

■ **63. gr.** Héraðsstjórn getur sett reglur,[1)] með samþykki ráðherra, um notkun raforkunnar, meðferð á raforkutækjum og önnur atriði, er orkuveitu varða.

[1)] *Um reglugerðir fyrir héraðsrafmagnsveitur, sjá tilvitnanir við 27. gr. orkulaga nr. 58/1967.*

■ **64. gr.** 1. Nú vill löggilt kauptún, sem eigi er hreppur út af fyrir sig, eða hverfi koma sér upp orkuveri eða orkuveitu til að fullnægja þörfum sínum á raforku, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem nota ætla orkuveituna, gert með sér félag, er nefnist orkuveitufélag, en lög félagsins nefnast orkuveitusamþykkt. Um félagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem ekki er sérstaklega um mælt í þessum kafla.

2. Samþykki ráðherra slíku félagi til handa má, auk þess, sem segir í 58. gr., binda þeim skilyrðum, sem ákveðin kunna að verða í sérleyfislögum.

3. Að öðru leyti gilda reglur í 58. – 63. gr. þannig, að í stað héraðsstjórnar kemur stjórn orkuveitufélags og í stað héraðs kemur orkuveitufélag.

■ **65. gr.** 1. Nú vill einstakur maður afla sér raforku og þarf að taka í því skyni til notkunar fallvatn, sem annar hefir umráð yfir, og getur þá ráðherra leyft það, ef hann á ekki kost nægilegrar raforku úr neinni veitu, sem fyrir er, og hefir ekki umráð yfir öðru fallvatni, eða honum yrði mun kostnaðarsamara að virkja það, enda verði hagur hans af vatnstökunni talinn mun meiri en tjón hins af missi þess. Þó skal gæta fyrirmæla 49. gr., 1. liðs, um vatn til notkunar samkvæmt III. og IV. kafla.

2. Ráðherra getur veitt leyfi til lögnáms samkv. 55. gr.

3. Ef taka á til notkunar fallvatn, sem nemur meira en 500 eðlishestöflum, eða hluta úr því, getur ráðherra enn fremur sett þau skilyrði, er í 49. gr., 2. og 3. lið, segir.

4. Um bætur fer samkvæmt 54. gr., 2. lið.

■ **66. gr.** Nú er fallvatn tekið lögnámi samkvæmt 54., 59., 64. og 65. gr., og er þá eiganda þeirrar landareignar, sem það er í, rétt að krefjast þess, enda hafi rétturinn til orkunýtingar ekki verið áður skilinn frá eigninni, að honum verði látin í té raforka til þarfa sinna, í stað endurgjalds í peningum, frá orkuverinu. Samsvarandi gildir, ef svo er ástatt, sem í 53. gr. segir, þó svo, að heimta má endurgjald í orku, þótt orkunýtingarréttur hafi verið skilinn við landareign.

■ **67. gr.** Nú vill landsdrottinn ekki kosta raforkuveitu, og getur leiguliði þá gert veituna á sinn kostnað, en landsdrottni skal þá skylt að kaupa veitutækin eftir mati, þegar leiguliði fer frá jörðinni, enda sé orka þá vís framvegis, eigi skemur en næstu 5 ár, og seld frá orkuveri eftir staðfestri gjaldskrá, og sé kostnaður við heimtaugar

ekki meiri en yfirleitt fyrir aðra notendur orku frá því veri.

**VI. kafli. Um vatnsmiðlun.**

■ **68. gr.** 1. Ráðherra er heimilt að gera mannvirki og aðrar ráðstafanir til miðlunar á vatnsmagni í vatnsfalli til orkunýtingar eða í öðrum tilgangi.

2. Þegar ákveðið hefir verið að framkvæma miðlun samkvæmt 1. lið, hefir ráðherra heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr.

3. Nú hefir ráðherra komið á stofn miðlun samkvæmt framanskráðu, og getur hann þá ákveðið, að eigendur orkuvera og annarra atvinnufyrirtækja, sem hafa not af miðluninni, skuli greiða árgjald í ríkissjóð, er ákveðið sé þannig, að allir þeir, sem hafa not af miðluninni, greiði að tiltölu réttri við hagnað sinn, og þó ekki meira en hagnaðinum nemur, og ekki heldur meira allir til samans en það, sem þarf til að ávaxta stofnkostnað fyrirtækisins með 6% árlega, kosta viðhald þess og starfrækslu og fyrna stofnkostnaðinn á 40 – 60 árum. Ef ágreiningur verður um niðurjöfnun stofnkostnaðar, skal skera úr með mati.

4. Ráðherra getur sett þær ákvarðanir um afnot vatnsfalla þeirra, er miðlunin tekur til, sem honum þykja nauðsynlegar til að afstýra eða ráða bót á tjóni eða óhagræði fyrir almenning eða einstaka menn.

■ **69. gr.** 1. Ráðherra getur veitt öðrum heimild til að framkvæma vatnsmiðlun með þeim skilmálum, er þurfa þykir, til þess að gætt sé hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna.

2. Umráðamenn vatnsréttinda skulu að öðru jöfnu ganga fyrir öðrum um leyfi til vatnsmiðlunar, ef þeir vilja virkja vatn, sem þeir hafa umráð yfir eða gera með sér félag í því skyni.

■ **70. gr.** 1. Nú vill hérað, orkuveitufélag eða einstakir menn eða félög framkvæma vatnsmiðlun til afnota handa orkuveri, sem þeim er heimilað eða leyft að koma upp samkvæmt V. kafla, og skal þá líta svo á, sem miðlunarfyrirtækið sé einn liður í orkuverinu, þannig að öll ákvæðin í V. kafla 58. – 65. gr. ná til miðlunarfyrirtækisins að því leyti sem þau geta átt við. Þó skal ávallt þurfa sérstakt leyfi til miðlunar:

a. Þegar fyrirtækið getur haft í för með sér skaðleg áhrif á umferð um vatnsfall eða veiði eða notkun vatnsins til áveitu eða annars, svo að verulega muni um.

b. Þegar það veldur því, að land eða landsnytjar komast svo undir vatn eða spillast svo, að telja megi verulegt tjón að.

c. Þegar það getur að öðru leyti valdið öðrum tjóni eða skaðlegri breytingu á landsháttum, svo að verulegt megi teljast.

d. Þegar forræðis eða afnota þarf af landi annarra eða réttindum, enda verði ekki allir rétthafar sáttir á framkvæmd verksins.

2. Framangreind ákvæði taka og til breytinga á eldri miðlunarvirkjum.

3. Það, sem mælt er í lögum þessum um vatnsmiðlun, tekur og til mannvirkja og fyrirtækja til aukningar á vatnsmagni með veitu úr öðru vatni.

4. Bætur fyrir tjón af miðlunarvirkjum skal greiða eftir mati, ef ekki verður samkomulag. Enn fremur má binda miðlunarleyfi þeim skilyrðum, að leyfishafi greiði fyrir fram bætur að öllu leyti eða einhverju eða setji tryggingu fyrir þeim.



■ **71. gr.** Nú þykir efasamt, hvort svo er ástatt, sem í 70. gr., 1. lið a – d, segir, og getur þá sá, er miðlun vill framkvæma, svo og hver sá, er telur hana varða hag sinn, krafizt matsgerðar um það mál. Skulu matsmenn bjóða ráðherra með 4 vikna fyrirvara að vera við matið, og auglýsa stað og stund, með þeim hætti, er þeir telja fullnægjandi, þeim, er ætla má, að eigi hagsmuna að gæta, ef miðlunin kemur til framkvæmda.

■ **72. gr.** Leyfi til vatnsmiðlunar, sem veldur almenningi eða einstökum mönnum baga eða tjóni, má venjulega ekki veita, nema telja megi tjónið eða bagann lítils virði, borið saman við þann hagnað, sem fyrirtækið hefir í för með sér, enda sé einnig tekinn til greina í þessu efni áætlaður kostnaður af framkvæmd þess.

■ **73. gr.** Af hendi landsstjórnarinnar skal hafa sérstakt eftirlit með öryggi mannvirkja þeirra, sem gerð eru til söfnunar vatni í miðlunarskyni, og er eigendum mannvirkjanna jafnan skylt að framkvæma tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar verða til öryggis, svo og að haga framkvæmdum öllum eftir þeim fyrirskipunum, sem gerðar verða vegna hagsmuna ríkis, almennings eða einstakra manna.

■ **74. gr.** 1. Mannvirki þau, sem leyft er að koma upp samkvæmt 69. eða 70. gr., má eigi niður leggja, nema ráðherra leyfi.

2. Þegar mannvirki er lagt niður, þá er eiganda skylt að gera þær ráðstafanir, sem ráðherra heimtar, til að afstýra hættu eða tjóni þar í grennd eða á eignum, sem neðar liggja við vatnsfallið.

3. Greiða skal bætur fyrir tjón eða óhagræði, sem niðurlagningin veldur, eftir mati, ef ekki semur. Bótaskyldan hvílir á eiganda miðlunarvirkja.

**VII. kafli. Um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna.**

■ **75. gr.** 1. Rétt er ríkinu, héruðum, vatnafélögum[1)] og einstökum mönnum að hleypa niður vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg, flóðgarða og fyrirhleðslur eða önnur mannvirki í vatni eða við það í því skyni að verja land eða landsnytjar við spjöllum af landbroti eða árennsli vatns.

2. Nú þarf sá, er vill framkvæma mannvirki slík sem í 1. lið segir, til þess afnot af landi annarra manna, og getur þá ráðherra veitt heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr.

3. Nú þykir tjón eða hætta búin eign annars manns eða réttindum af mannvirkjum slíkum sem í 1. lið segir, eða að af þeim mundu stafa óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta hagsmunum almennings, og má þá því aðeins framkvæma verkið, að leyfi ráðherra komi til. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja vegna hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna. Bæta skal tjón og spjöll á eignum annarra, sem leiðir af framkvæmdum samkvæmt þessari grein. Bætur skal ákveða með mati, ef eigi semur.

[1)] *Samþ. fyrir vatnafélög, t. d.: 86/1973 (Hlíðarhr. og Tunguhr., N-Múlasýslu), 248/1974 (Landvörn, Dyrhólahr., V-Skaftafellssýslu) og 651/1981 (Norðurá í Norðurárdalshr., Mýrasýslu).*

■ **76. gr.** 1. Nú framkvæmir ríkið fyrirtæki þau, er í 75. gr. segir, og getur ráðherra þá ákveðið, að þeir, sem hafa hag á landi sínu eða landsnytjum af þeim, skuli taka þátt í kostnaði öllum eða í þeim hluta kostnaðar, sem ráðherra ákveður, svo og í viðhaldi eftirleiðis að tiltölu við það, hvers virði hagurinn verður hverjum þeirra talinn eftir mati.

2. Sams konar ákvörðun má og taka, ef slík fyrirtæki þykja nauðsynleg, þegar einhver þeirra, sem hlut á að máli, hrindir þeim í framkvæmd, og allir þeir landeigendur eða réttinda, sem hag hafa af fyrirtækinu á landi sínu eða landsnytjum, geta ekki komið sér saman um að vinna verkið í félagi.

3. Tillagsskyldu slíka sem áður greinir má og með sama hætti leggja á til að standa straum af tiltölulegum hluta kostnaðar af mannvirkjum eða öðrum framkvæmdum, er í senn miða til varnar við spjöllum af vatnavöxtum eða flóði, til þurrkunar lands, fyrirgreiðslu umferðar eða notkunar vatnsorku.

■ **77. gr.** Tillög samkvæmt 76. gr. má taka lögtaki. Nú hefir aðili, sem hag hefir af framkvæmdinni, eigi berum orðum samþykkt fyrirtækið, og skal honum þá heimilt að greiða þann hluta, er á eign hans kemur, með árlegum greiðslum, er samsvari 15. hluta upphæðarinnar, að viðbættum vöxtum af því, er eftir stendur hverju sinni. Ef lán hefir verið tekið til fyrirtækisins, þá skulu vextir vera hinir sömu, sem greiddir eru af lánsfénu, en ella 5% árlega.

**VIII. kafli. Um þurrkun lands.**

■ **78. gr.** 1. Veita má maður bagalegu vatni af landi sínu í rásir og farvegi, þó að mein verði að á landi því, er við tekur, enda megi hann ekki við það losna með öðrum hentugum hætti. Með sama skilorði má maður og veita vatni í skurði í landi annarra eða grafa þar skurði í því skyni, en jafnan skal þá skurðum svo langt fram haldið, að eigi verði verulegt tjón á landi annarra manna. Bæta skal tjón, er hlýzt af veitunni, en taka skal þó til greina gagn þeirra af skurðum, er bóta krefja.

2. Ekki má veita vatni úr skurðum eða vatnsrásum, sem alstaðar eða sumstaðar eru opnir, í lokræsi á landareign annarra manna, nema matsnefnd telji bagalaust.

■ **79. gr.** 1. Ef skurðir um landareign annars manns eru honum einnig til gagns, þá er honum skylt að taka þátt í kostnaði að skurðgreftri og viðhaldi skurðanna, sbr. 80. gr.

2. Nú vill maður veita bagalegu vatni frá sér yfir landareign annars manns samkvæmt 78. gr., og má þá setja honum það skilyrði, að hann greiði hinum fyrrnefnda upp í skurðkostnaðinn sem svarar því gagni, er hann hefir af skurðinum, og jafnan skal hann kosta viðhald skurðsins að sínum hluta.

■ **80. gr.** Ef einhver vill veita bagalegu vatni frá sér samkvæmt 78. gr. yfir landareign annars manns, og þeim semur ekki, þá skal matsnefnd skera úr því, hvort þá fráveitu verði að telja hagkvæma og hvort hagurinn megi teljast meiri en óhagræði hins. Ef hagurinn verður talinn mun meiri, þá skal ákveða stefnu skurðsins, lengd hans, dýpt og breidd, hvenær hann skuli gerður, hvort hann skuli vera opinn eða lokaður og hvað gera skuli við uppmoksturinn. Þá skal og meta bætur og skera úr því, hvort landeigandi skuli taka þátt í kostnaði og viðhaldi, og að hve miklu leyti.

■ **81. gr.** Ráðherra getur heimilað lögnám á mannvirkjum, landi og réttindum, ef skilyrði 72. gr. eru fyrir hendi, í því skyni að þurrka vatn, tjarnir eða mýrlendi eða til þess að víkka eða rétta farveg eða til að veita burt vatni með öðrum hætti, til að auka land eða bæta það.

■ **82. gr.** 1. Ákvæði 48. gr. taka og til landþurrkunar.

2. Rétt er mönnum að gera með sér félag til þess að þurrka land. Slík félög nefnast landþurrkunarfélög og lög þeirra landþurrkunarsamþykktir. Um félög þessi fer eftir 42. – 44., 46. og 47. gr., svo sem við á, og XI. kafla laga þessara.

**IX. kafli. Um óhreinkun vatna.**

■ **83. gr.** 1. Bannað er að láta í vötn frá iðjuverum, eða sleppa um vötn í skurði eða aðrar veitur, nokkra þá hluti, fasta, fljótandi eða loftkennda, sem spilla mundu botni vatns eða bakka eða vatninu sjálfu, svo að hættulegt sé mönnum eða búpeningi eða spilli veiði í vatninu. Bannað er og að láta slík efni á ís eða svo nærri vatni, að hætt sé við að þau berist í það.

2. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu banni með þeim skilyrðum, er hér segir:

a. Ef neyzluvatni er spillt, skal leyfið bundið því skilyrði, að iðjuhöldur leggi til annað jafngott vatnsból eða greiði kostnað af því að koma upp öðru vatnsbóli jafngóðu.

b. Ef veiði er spillt, skal skylda iðjuhöld til að láta viðeldi í vatnið, sem nægi til þess að veiði haldist eigi minni en var, ella bæta veiðispjöllin fullum bótum.

c. Iðjuhöldur skal að öðru leyti bæta það tjón, sem hljótast kann af fráfærslu óhreinindanna frá iðjuveri hans.

3. Bætur skal greiða eftir mati, nema um semji.

4. Leyfi samkvæmt 2. lið má taka aftur bótalaust hvenær sem er eða breyta skilyrðum, ef nauðsyn þykir til vera vegna hagsmuna almennings eða einstakra manna.

5. Nýtt leyfi þarf til hverrar þeirrar breytingar, sem frekari spjöll geta af hlotizt, þótt áður hafi verið veitt leyfi samkvæmt 2. lið.

■ **84. gr.** Bannað er annars að láta sleppa í vötn um skurði eða með öðrum hætti eða að henda í þau, á ís eða svo nærri þeim, að hætt er við að í þau berist, þeim efnum, sem í 83. gr. segir, ef hætt er við að þau spilli vatni, botni þess eða bakka, flóðhæð eða framrás.

■ **85. gr.** Ráðherra eða sá, er hann veitir heimild til þess, getur sett reglur til verndar gegn skaðlegri óhreinkun vatns, þó eigi verði af völdum iðjuvera, þegar vatn er óhreinkað í annarri sveit en þeirri, sem hætta stendur af því, enda geti sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, ekki orðið ásáttar, hvað gera skuli. Áður en slíku máli er til lykta ráðið, skal leita álits þeirra heilbrigðisnefnda eða hreppsnefnda, sem málið varðar.

**X. kafli. Um holræsi.**

■ **86. gr.** Heimilt er bæjarstjórn að leggja holræsi til þess að taka við skólpi og afrennsli í kaupstaðnum.

■ **87. gr.** 1. Bæjarstjórn er rétt að leggja gjald á hús og lóðir í kaupstaðnum til þess að standa straum af holræsakostnaði. Gjald má miða við virðingarverð fasteigna eða við stærð lóða eða við hvorttveggja.

2. Sérstaka ívilnun má veita, ef lóð er svo háttað, að erfiðara er að koma skólpi eða afrennsli frá henni í holræsi en frá öðrum lóðum yfirleitt, og sérstakt aukagjald má á leggja, ef skólp frá einhverri lóð er svo á sig

1923 Nr. 15 20. júní

komið, að telja má meiri útgjöld stafa eða munu stafa af því en öðru skólpi.

3. Eigandi lóðar ábyrgist holræsagjald, en heimilt er honum að hækka leigu eftir lóð eða mannvirki á henni sem gjaldi eða gjaldauka svarar, þótt leiga hafi áður verið ákveðin.

4. Holræsagjald skal ákveða í reglugerð. Gjald má taka lögtaki, þegar ráðherra hefir staðfest hana. Í reglugerð má ákveða, að gjaldið skuli tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

■ **88. gr.** 1. Bæjarstjórn leggur holræsi svo, að lóðareigandi hver nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til, enda verður maður eigi krafinn um holræsagjald fyrr en svo er.

2. Skylt er lóðareigendum og húseigendum að gera samkvæmt reglugerð á sinn kostnað holræsi, er flytji frá húsum og lóðum skólp allt út í aðalræsi. Ef maður vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarstjórn tiltekur, skal hún láta vinna verkið á hans kostnað.

3. Nú stendur svo á, að sérstaklega kostnaðarsamt er að leggja holræsi frá aðalræsi yfir lóð manns, og getur hann þá krafið sig undanþeginn holræsagjaldi, ef hann getur komið skólpi frá sér með öðrum hætti, er heilbrigðisnefnd telur fulltryggan, enda verði ekki metið, að það baki nágrönnum óþægindi eða tjón. Að öðrum kosti skal leggja holræsi um lóð hans, enda skal bæjarsjóður þá taka þátt í kostnaði þar af eftir mati, nema samkomulag verði.

■ **89. gr.** Í reglugerð má kveða á um gerð og lagningu bæði aðalræsa og lóðarræsa, að regnvatni skuli í þau veita, um umsjón þeirra, um skyldu manna til að leggja holræsi innanhúss, um gerð þeirra og notkun, um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð mála út af þeim, svo og annað, er að meðferð holræsa lýtur.

■ **90. gr.** Reglugerðir[1] allar um holræsi og holræsagjald, sem bæjarstjórn semur, skal senda ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir hlotið staðfestingu ráðherra, er hún lögmæt holræsareglugerð.

[1] *Rg. um holræsi, holræsagerð og holræsagjöld fyrir kaupstaði, sjá t. d.: Reykjavík, rg. 169/1960; Ólafsvík, rg. 64/1965, sbr. 678/1980; Borgarnes, rg. 170/1973; Ísafjörður, rg. 372/1973, sbr. 335/1975; Siglufjörður, rg. 163/1972, sbr. 201/1976; Eskifjörður, rg. 796/1982; Njarðvík, rg. 356/1975; Hafnarfjörður, rg. 507/1975; Egilsstaðir, rg. 469/1977; Grindavík, rg. 808/1983; Garðakaupsstaður, rg. 558/1987; Húsavíkurkaupstaður, rg. 560/1987; Ólafsfjarðarkaupstaður, rg. 192/1988; Akureyri, rg. 87/1990.*

■ **91. gr.** 1. Heimilt er hreppsnefnd að leggja holræsi um hrepp eða hluta úr hreppi á kostnað hreppssjóðs. Áður en fyrirtækið er afráðið, skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu, og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að því og áætlun um stofnkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar, ef fyrirtækið kemst í framkvæmd, en greiðist ella úr hreppssjóði.

2. [Þá er hreppsnefnd hefir samþykkt að leggja holræsi skv. 1. lið skal senda samþykktina ásamt þeim gögnum, sem í sama lið greinir, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþykktina getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.][1]

3. Hreppsnefnd semur samþykktir[2] allar um holræsi, þar á meðal um holræsagjald.

4. Um holræsi þessi fer að öðru leyti eftir ákvæðum 87. – 90. gr.

[1] *L. 108/1988, 18. gr.* [2] *Rg. um holræsi, holræsagerð og holræsagjöld fyrir hreppa, sjá t.d.: Bíldudalur, rg. 167/1975; Suðureyri, rg. 100/1977; Hólmavík, rg. 72/1977; Hrísey, rg. 56/1973; Þórshöfn, rg. 671/1980; Kirkjubæjarklaustur, rg. 136/1979; Eyrarbakki, rg. 351/1975; Breiðdalsvík, rg. 302/1984; Höfðahreppur, rg. 223/1986; Búlandshreppur, rg. 558/1987; Skeggjastaðahreppur, rg. 337/1988; Stöðvarhreppur, rg. 400/1989.*

1923 Nr. 15 20. júní

■ **92. gr.** 1. Nú vill löggilt kauptún, sem ekki er sérstakur hreppur eða hverfi, leggja holræsi um kauptúnið eða hverfið, og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla ræsin, gert með sér félag, er nefnist holræsafélag, en lög félagsins nefnast holræsasamþykkt. Um félagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti, sem ákvæði þessa kafla taka ekki til þess.

2. Stjórn félagsins semur samþykktir þess, þar á meðal ákvæði um holræsagjald.

3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 87. – 90. gr., að því leyti, sem við á.

■ **[22. gr.]**[1] Taki orkuveitusvæði, sem ráðherra hefur

ákveðið, aðeins yfir einn kaupstað eða einn hrepp eða hluta úr hreppi, eða íbúatala kaupstaðarins eða hreppsins er ¾ af íbúatölu alls orkuveitusvæðisins a. m. k., hefur bæjarstjórn eða sveitarstjórn forgangsrétt til að reka héraðsveitu á því orkuveitusvæði og að hljóta til þess einkarétt samkv. 18. gr.[2]

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú 21. gr.*

■ **[23. gr.]**[1] Alls staðar annars staðar en um getur í 19. gr.[2] og þar sem bæjar- eða sveitarstjórn neytir eigi réttar síns samkv. þeirri grein, hafa Rafmagnsveitur ríkisins forgangsrétt til að reka héraðsrafmagnsveitu og hljóta til þess einkarétt samkvæmt 18. gr.[3]

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú 22. gr.* [3] *Nú 21. gr.*

■ **[24. gr.]**[1] Nú óskar einstakur maður eða félag að reka héraðsrafmagnsveitu á tilteknu orkuveitusvæði og hljóta til þess einkarétt samkv. 18. gr.,[2] og skal ráðherra þá tilkynna það hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn og Rafmagnsveitum ríkisins, eins og við á, og veita þeim hæfilegan frest til að ákveða, hvort þær vilja nota rétt sinn samkv. 19. og 20. gr.[3] Hafi þær eigi innan þess frests, sem þeim var settur, tilkynnt ráðherra, að þær ætli að nota rétt sinn samkv. 19. og 20. gr.,[3] getur ráðherra veitt umsækjanda einkaréttinn, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum laga og reglugerða þar að lútandi. Einkarétturinn veitist um tiltekið árabil.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú 21. gr.* [3] *Nú 22. og 23. gr.*

■ **[25. gr.]**[1] Áður en einkaréttur er veittur, auglýsir ráðherra þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um veitingu einkaréttarins og um takmörk orkuveitusvæðisins.

☐ Nú eiga einstakir menn, félög eða héruð rafmagnsveitur á því svæði, sem auglýsing samkv. 1. málsgrein nær til, og skulu þá eigendur þeirra skýra ráðherra frá því innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, og ákveður hann þá staðartakmörk þess fyrirtækis, um leið og hann veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rétt en þeir höfðu áður og er því ekki til fyrirstöðu, að einkarétthafi stofnsetji og starfræki orkuveitu innan takmarka fyrirtækisins.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[26. gr.]**[1] Héraðsrafmagnsveitu, sem hlotið hefur einkarétt samkv. 18. gr.,[2] er skylt að selja raforku öllum, sem þess óska, innan takmarka orkuveitusvæðis hennar, með þeim skilyrðum, sem nánar eru ákveðin í lögum þessum og í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú 21. gr.*

■ **[27. gr.]**[1] Um héraðsrafmagnsveitu, sem hlýtur einkarétt samkv. 18. gr.,[2] skal setja reglugerð, sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir, og skal þar m. a. setja ákvæði um stjórn og rekstur veitunnar, orkuveitusvæði hennar, skilmála fyrir raforkusölunni, löggildingu rafvirkja og sektir fyrir brot á reglugerðinni.[3]

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú 21. gr.* [3] *Augl. 441/1988 (um rafverktakaleyfi). Reglugerðir fyrir rafveitur, sjá t. d.: Reykjavík, rg. 451/1977, sbr. 776/1983 og 132/1989. Siglufjörður, rg. 62/1949. Reyðarfjörður, rg. 15/1949. Suðurnes, rg. 89/1990. Húsavík, rg. 470/1979, sbr. 117/1985. Selfoss, rg. 57/1989, sbr. 144/1990.*

■ **[28. gr.]**[1] Gjald fyrir raforku frá héraðsrafmagnsveitu, sem fellur undir ákvæði 24. gr.,[2] skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir. Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimtaugargjald, sem greiðist þegar heimtaug er lögð. Gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú 27. gr.*

■ **[29. gr.]**[1] Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán allt að 80% stofnkostnaðar héraðsrafmagnsveitna, að fenginni umsögn Orkustofnunar.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

## V. kafli. Um hitaveitur.

■ **[30. gr.]**[1] Ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi, með þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, til þess að starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði, frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa. Þeir aðilar, sem nú hafa einkaleyfi til að starfrækja hitaveitu, skulu halda þeim rétti.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[31. gr.]**[1] Einkaleyfi það, sem um ræðir í 27. gr.,[2] getur sveitarfélag, með samþykki ráðherra, framselt einstaklingum eða félögum að einhverju eða öllu leyti um ákveðið tímabil í senn með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæður þykja til.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú 30. gr.*

■ **[32. gr.]**[1] Einkaleyfisumsókn samkvæmt 27. og 28. gr.[2] skulu fylgja fullnægjandi uppdrættir að fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun.

☐ Einkaleyfi skal því aðeins veita, að ráðherra telji, að fengnu áliti Orkustofnunar, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega réttar, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa.[3]

☐ Nú hefur einkaleyfi verið veitt til þess að starfrækja hitaveitu samkvæmt lögum þessum, og skal þá, áður en veitan tekur til starfa, setja henni gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

☐ Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimæðargjald.

☐ Gjaldskrána ber að endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú 30. og 31. gr.* [3] *Reglugerðir fyrir hitaveitur, sjá t. d.: Reykjavík, rg. 406/1989. Siglufjörður, rg. 244/1977. Seyðisfjörður, rg. 561/1981. Suðurnes, rg. 89/1990. Hveragerði, rg. 799/1983. Akureyri, rg. 186/1989. Hvammstangi, rg. 386/1973, sbr. 331/1985. Reykjahlíð, rg. 432/1985. Selfoss, rg. 57/1989, sbr. 144/1990. Mosfellshreppur, (nú Mosfellsbær), rg. 418/1986. Ytri-Torfustaðahreppur, rg. 417/1986. Hafnarhreppur, rg. 184/1988. Ólafsfjörður, rg. 58/1989. Dalvík, rg. 356/1989.*

■ **[33. gr.]**[1] Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán, er aðilar þeir, sem um ræðir í 27. og 28. gr.,[2] kunna að taka til að koma upp hitaveitu samkvæmt ákvæðum þessara laga. Má ábyrgðin þó aldrei fara fram úr 80% upphaflegs stofnkostnaðar hitaveitunnar. Í tryggingu fyrir ábyrgðinni getur ríkissjóður krafizt 1. veðréttar í hitaveitunni, svo og árlegum tekjum hennar, ef aðrar tryggingar eru ekki fyrir hendi, er ríkisstjórnin metur gildar.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú 30. og 31. gr.*

■ **[34. gr.]**[1] Jarðeigendur, sem eiga land, þar sem leiðslur hitaveitu sveitarfélags verða lagðar, svo og lóðareigendur og lóðarleigjendur í hlutaðeigandi umdæmi eru skyldir til að láta af hendi land, landsafnot og mannvirki, sem þarf til þess að veita megi vatninu um veitusvæðið. Þeim er einnig skylt að þola grjóttak,

malartekju og aðra jarðefnatöku, svo og eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem bygging og rekstur hitaveitunnar kann að hafa í för með sér. Fullar bætur komi fyrir eftir mati, ef samkomulag næst ekki.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[35. gr.]**[1] Bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefur rétt til þess að löggilda menn, er hún telur hæfa, til að annast pípulagningavinnu við veituna, og skulu þeir í starfi sínu fara eftir reglum, er sveitarstjórn setur.

□ Nú hefur sveitarfélag notfært sér framangreinda heimild, og mega þá engir aðrir en þeir, sem fengið hafa slíka löggildingu, taka að sér pípulagnir við hitaveituna.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[36. gr.]**[1] Nú vill sveitarfélag – eða samtök þeirra – koma upp hitaveitu samkvæmt 27. gr.[2] og telur fjárhagslega afkomu fyrirtækisins ekki tryggða, nema öll hús innan veitusvæðisins verði hituð frá veitunni, og getur ráðherra þá, að fenginni umsögn Orkustofnunar, ákveðið, að öll hús innan veitusvæðisins skuli hituð frá hitaveitunni, og einnig heimilað eignarnám á utanhússpípulögnum samhitunarkerfa, sem einkaleyfisheimild samkv. 27. gr.[2] náði ekki til. Fer um eignarnám það að lögum. Nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum vegna tengingar við hitaveituna skulu kostaðar af húseigendum.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú 30. gr.*

■ **[37. gr.]**[1] Nú hafa einstaklingar eða félög komið upp hitaveitu með leyfi hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar samkvæmt 28. gr.,[2] og getur ráðherra þá, við lok leyfistíma, heimilað eignarnám á eignum hitaveitunnar, ef sveitarstjórn óskar þess og ekki næst samkomulag um yfirtöku einkaleyfisins og eignanna. Fer um slíkt eignarnám að lögum.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú 31. gr.*

■ **[38. gr.]**[1] Nú hefur félag komið á hitaveitu í þágu almennings fyrir gildistöku laga þessara og annast rekstur hennar, og hefur félagið þá sömu réttindi og skyldur samkvæmt þessum lögum sem sveitarfélag væri.

□ Rétt á bæjarstjórn eða hreppsnefnd að kaupa slíka hitaveitu eftir mati, ef samkomulag næst ekki um verð mannvirkisins.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

**VI. kafli.** ...[1]

[1] *L. 60/1979, 15. gr.*

**VII. kafli. Um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim.**

■ **[49. gr.]**[1] Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns, er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt samkvæmt matsgerð til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita, sem heimil er að lögum.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[50. gr.]**[1] Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð, að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta skv. sérstakri heimild.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[51. gr.]**[1] Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði, sem hætta stafar af.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[52. gr.]**[1] Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbækur, er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað, sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

□ Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók, þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafizt þess, að borkjarnar og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

□ Ef Orkustofnun mælir svo fyrir, er þeim, sem lætur bora, skylt að tilkynna henni þegar í stað, er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[53. gr.]**[1] Ráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði til öryggis gegn hættu og tjóni af jarðhitasvæðum og jarðhitamannvirkjum og til varnar gegn spjöllum á hverum og laugum á jarðhitasvæðum almennt.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[54. gr.]**[1] Orkustofnun annast eftirlit af hálfu ríkisins með jarðhitasvæðum og jarðhitamannvirkjum, sbr. 50. gr.[2]

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú 53. gr.*

**VIII. kafli. Um jarðboranir ríkisins.** ...[1]

[1] *L. 107/1985, 7. gr.*

**IX. kafli. Um Rafmagnsveitur ríkisins.**

■ **[58. gr.]**[1] Ríkisstjórnin starfrækir rafmagnsveitur, sem eru eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir umsjón þess ráðherra, er fer með raforkumál. Stofnunin skal heita Rafmagnsveitur ríkisins.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[59. gr.]**[1] Rafmagnsveitur ríkisins taka við eignum og rekstri Rafmagnsveitna ríkisins og Héraðsrafmagnsveitna ríkisins, sem stofnaðar voru með lögum nr. 12 2. apríl 1946, með þeim réttindum og skuldbindingum, sem því fylgir.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[60. gr.]**[1] Ráðherra skipar forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins. Nefnist hann rafmagnsveitustjóri ríkisins. Rafmagnsveitustjóri ríkisins hefur á hendi stjórn á rekstri fyrirtækisins og framkvæmdum þess undir umsjón þess ráðherra, sem fer með raforkumál.

□ Ráðherra ræður aðra fasta starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins, að fengnum tillögum forstjóra þeirra. Fast starfsfólk Rafmagnsveitna ríkisins skal taka laun samkv. ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna[2] nr. 55/1962. Nánari ákvæði um starfssvið rafmagnsveitustjóra ríkisins skulu sett í reglugerð.

□ Ráðherra skipar rafmagnsveitustjóra til ráðuneytis nefnd þriggja manna og skal einn þeirra tilnefndur af Orkuráði, en tveir af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, annar þeirra sem fulltrúi strjálbýlis, en hinn þéttbýlis. Um starfssvið nefndarinnar skal nánar ákveðið í reglugerð.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú l. 94/1986.*

■ **[61. gr.]**[1] Rafmagnsveitur ríkisins skulu hafa það verkefni – annaðhvort einar sér eða í samvinnu við önnur fyrirtæki – að framleiða, dreifa og selja raforku, hvort heldur er í heildsölu eða smásölu á tilteknu orkuveitusvæði, enda gegni önnur héraðsrafmagnsveita eigi því hlutverki.

□ Til þess að ná tilgangi þessum hafa Rafmagnsveitur ríkisins heimild til hvers konar samninga við aðra aðila, enda sé í öllu fylgt fyrirmælum laga þessara við gerð þeirra.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[62. gr.]**[1] Rafmagnsveitur ríkisins afla fjár til nýrra mannvirkja með heimtaugargjöldum neytenda, með lántökum og ráðstöfun fjár úr fyrninga- og varasjóði rafmagnsveitnanna.

□ Rafmagnsveitur ríkisins fá enn fremur stofntillag, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum, til byggingar veitna í strjálbýli, þegar áætlanir sýna, að tekjur af veitunni muni ekki nægja til að standa straum af tilkostnaði hennar.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[63. gr.]**[1] Áður en hafizt er handa um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, skal rafmagnsveitustjóri hafa í samvinnu við Orkustofnun athugað, á hvern hátt verði heppilegast fullnægt raforkuþörf þeirra notenda, sem hinni fyrirhuguðu orkuveitu er ætlað að ná til.

□ Að lokinni þeirri athugun sendir rafmagnsveitustjóri ráðherra tillögur sínar um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir.

□ Tillögum sínum lætur rafmagnsveitustjóri fylgja fullnægjandi kostnaðaráætlanir, greinargerð um skilyrði til orkuvinnslu eða orkukaupa og orkusölu og nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af virkjunum, svo og tillögur um fjáröflun til framkvæmda.

□ Ef ráðizt er í framkvæmdir, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[64. gr.]**[1] Nú telur ráðherra, að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra, rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða auka við hin fyrri orkuver eða orkuveitur á vegum Rafmagnsveitna ríkisins eða festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ráðherra fylgja nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af þessum virkjunum.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar gr. getur rafmagnsveitustjóri látið gera minni háttar aukningu á orkuveri og orkuveitu, er hann telur þess brýna þörf, áður en samþykki Alþingis er fengið, og tekið til þess bráðabirgðalán, að fengnu samþykki ráðherra.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[65. gr.]**[1] Ráðherra setur, að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra og umsögn Efnahagsstofnunarinnar,[2] gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

□ Í gjaldskrá skal tilgreina:

1. Verð í heildsölu fyrir orku, sem seld er héraðsrafmagnsveitum.
2. Verð fyrir orku, selda beint til notenda.
3. Heimtaugargjöld notenda.
4. Önnur gjöld.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Sjá nú l. 54/1974, 4. gr.*

■ **[66. gr.]**[1] Tekjum Rafmagnsveitna ríkisins af raforkusölu skal varið til að mæta rekstrarkostnaði þeirra og óhjákvæmilegri eignaaukningu, þar með talin orkukaup, stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur, fyrning eigna. Enn fremur er heimilt að leggja allt að 10% í varasjóð.

□ Tekjuafgangur sá, sem eftir verður, þegar fé hefur verið lagt í varasjóð, skal renna í Orkusjóð.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[67. gr.]**[1] Rafmagnsveitustjóri skal árlega senda ráðherra efnahags- og rekstrarreikning rafmagnsveitnanna. Í reikningi þessum skal m. a. aðgreint, hvernig kostnaður skiptist á vinnslu, aðalorkuflutning og dreifingu raforkunnar.

□ Enn fremur sendir rafmagnsveitustjóri kostnaðarreikning yfir þau virki, sem eru í smíðum, og skýrslu um starfsemina. Hann skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðherra svo snemma að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um nýjar framkvæmdir, lántökur og önnur fjárframlög.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[68. gr.]**[1] Ráðherra setur með reglugerð[2] nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga að því er varðar Rafmagnsveitur ríkisins, þar á meðal um:

1. Stjórn og fjárreiður, reikningshald og fyrningar, um meðferð varasjóðs, svo og um skýrslugerðir.
2. Starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna.
3. Skilyrði, sem Rafmagnsveitur ríkisins mega setja héraðsrafmagnsveitum, sem kaupa raforku frá þeim, um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja til tryggingar öruggum rekstri, svo og til að tryggja Rafmagnsveitum ríkisins greiðslu fyrir þá orku, er þær selja, og til að stuðla að aukinni raforkunotkun og góðri hagnýtingu orkunnar.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Rg. 112/1968, sbr. 430/1988 (fyrir Rafmagnsveitur ríkisins).*

## X. kafli. Um Orkusjóð.

■ **[69. gr.]**[1] Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[70. gr.]**[1] Orkusjóður tekur við öllum eignum Raforkusjóðs og Jarðhitasjóðs, eins og þær eru við gildistöku þessara laga, og öllum skuldbindingum beggja sjóðanna.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[71. gr.]**[1] Tekjur Orkusjóðs eru:

a. Vextir af fé sjóðsins.

b. Fé það, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.

c. Rekstrarhagnaður af Rafmagnsveitum ríkisins og jarðborunum ríkisins.

d. Endurgreiddur kostnaður af rannsóknum, jarðhitaleit og jarðborunum, sbr. 73. gr.[2]

□ Orkusjóður tekur auk þess lán til starfsemi sinnar, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum eða með heimild í sérstökum lögum.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú 76. gr.*

■ **[72. gr.]**[1][2] Stjórn Orkusjóðs er í höndum Orkuráðs, undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með raforkumál. Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 menn í Orkuráð til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi kjörinna ráðsmanna. Orkumálastjóri er framkvæmdastjóri Orkusjóðs.

□ Orkuráð semur árlega fjárhags- og greiðsluáætlun fyrir Orkusjóð og sendir ráðherra svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis.

□ Orkuráð gerir tillögur um lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði, samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins, og leitar staðfestingar ráðherra á þeim tillögum. Orkuráð gerir enn fremur tillögur um ráðstöfun stofntillaga til lagningar rafmagnsveitna í strjálbýli, skv. 2. mgr. 59. gr.[3]

[1] *L. 53/1985 2. gr.* [2] *Reglur 68/1947 (um stjórn, gæzlu og meðferð raforkusjóðs).* [3] *Nú 62. gr.*

1967 Nr. 58 29. apríl

■ **[73. gr.]**[1] Orkusjóður skal vera í vörzlu Seðlabanka Íslands, sem hefur á hendi daglegan rekstur hans og bókhald, ársuppgjör og skýrslugerð.

□ Seðlabankinn skal hafa lokið gerð reikninga Orkusjóðs fyrir 1. marz ár hvert og hafa afhent þá Orkuráði til úrskurðar.

□ Allur kostnaður við rekstur Orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[74. gr.]**[1][2] Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda Íslands með fjárhagslegum stuðningi við framkvæmdir á sviði orkumála.

□ Úr Orkusjóði er heimilt:

1. Að veita Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum rafmagnsveitum til almenningsþarfa lán til að koma upp nýjum raforkumannvirkjum, og skulu þau veitt af því fé, sem Orkusjóði er veitt í fjárlögum í því skyni eða aflað með lántökum í þeim tilgangi.

2. Að veita einstökum bændum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán að upphæð allt að [¾ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana][3] og línulagna heim að bæjarvegg.

3. [Að veita einstökum bændum, sem búa utan þess svæðis, er samveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum. Lán þetta má nema kostnaðarverði rafstöðvarinnar að meðtöldum kostnaði við flutninga og uppsetningu.][4]

4. [Að veita opinberum aðilum, félögum og einstaklingum lán til að leita og afla jarðvarma með jarðvísindalegum forrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum til að meta árangur borana.][5]

5. Að veita Rafmagnsveitum ríkisins eða héraðsrafmagnsveitum af eigin fé sjóðsins eða fjárveitingum, er hann hlýtur í því skyni, styrk til að koma upp veitum í dreifbýli, enda sýni kostnaðaráætlanir, að veiturnar geti ekki borið sig fjárhagslega án sérstakra óendurkræfra fjárframlaga. Styrkinn skal veita sem stofntillag, er má nema allt að þeirri fjárhæð, sem byggingarkostnaður veitunnar er umfram það, er hún getur staðið undir.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Reglur 97/1954 (um veitingu einkarafstöðvalána úr raforkusjóði (vatnsaflsstöðvar)), reglur 98/1954 (um veitingu mótorrafstöðvalána úr raforkusjóði).* [3] *L. 51/1973, 1. gr., 1. mgr.* [4] *L. 51/1973, 1. gr., 2. mgr.* [5] *L. 32/1983, 2. gr.*

■ **[75. gr.]**[1] [Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Orkuráðs, vexti og önnur útlánakjör Orkusjóðs. Lán, sem veitt eru samkvæmt 71. gr., 4. tl.,[2] skulu vera verðtryggð og til hæfilega langs tíma. Lánstími skal þó ekki vera lengri en 10 ár.

□ Áður en tillaga er gerð um lánveitingu úr Orkusjóði skal Orkuráð leita umsagnar sérfróðra aðila um jarðfræðilegar og vinnslutæknilegar líkur á árangri og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarma.

□ Ef tiltekin borun, sem lánað hefur verið til skv. 4. tl. 2. mgr. 71. gr.,[2] reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en gert var ráð fyrir skv. áætlunum sérfræðinga, kostnaður óeðlilega hár og ávinningur af notkun borholunnar til vinnslu jarðvarma því minni en upphaflega var gert ráð fyrir og fjárhagslegri afkomu lántaka stefnt í hættu af þessum sökum, er ráðherra heimilt, að fenginni tillögu Orkuráðs, að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka, skv. 4. tl. 2. mgr. 71. gr.[2]][3]

[1] *L. 53/1985, 2. gr.* [2] *Nú 74. gr.* [3] *L. 32/1983, 3. gr.*

■ **[76. gr.]**[1] Ef ráðizt er í framkvæmdir, sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlanagerðum á vegum Orkustofnunar, skal þessi rannsóknar- og undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra og endurgreiðast Orkusjóði. Endurgreiðslu skal að fullu lokið eigi síðar en fimm árum eftir að hafizt er handa um hagnýtingu framkvæmdanna.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[77. gr.]**[1] Orkustofnun getur haft eftirlit með þeim framkvæmdum, sem Orkusjóður veitir fé til.

□ Er skylt að láta stofnuninni fyrirfram í té fullnægjandi upplýsingar um hið fyrirhugaða verk og gefa henni kost á að fylgjast í hvívetna með framkvæmd þess. Orkustofnun getur sett þau skilyrði um framkvæmd verksins, er hún telur þörf á til að stuðla að sem beztum árangri. Ber að hlýða fyrirmælum hennar í þessum efnum. Ber að stöðva greiðslur úr Orkusjóði til verksins, ef út af er brugðið og Orkustofnun óskar þess.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

## XI. kafli. Almenn ákvæði.

■ **[78. gr.]**[1] Matsgerðir samkvæmt lögum þessum skulu dómkvaddir menn framkvæma. Um matsgerðir fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaga nr. 15 frá 1923, nema annað sé fram tekið í lögum þessum.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[79. gr.]**[1] Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem settar verða samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og stöðva afhendingu rafmagns og hitaorku, ef ekki er staðið í skilum á greiðslu fyrir þau á settum gjalddaga.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[80. gr.]**[1] Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins, Orkusjóður og jarðboranir ríkisins eru undanþegin tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[81. gr.]**[1] Brot gegn lögum þessum varða sektum.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[82. gr.]**[1] Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga skal setja í reglugerð, þar á meðal ákvæði um skyldu einstaklinga, fyrirtækja og stofnana til að láta Orkustofnun í té skýrslur um atriði, er orkumál varða og Orkustofnun þarf á að halda til að geta sinnt hlutverki sínu; um skyldu til samningsgerðar um samrekstur orkuvera, þar sem tveir eða fleiri aðilar annast vinnslu raforku inn á samtengt kerfi.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[83. gr.]**[1] Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

[1] *L. 53/1985, 2. gr.*

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Ríkissjóður leggur hlutafélaginu[1] til stofnfé eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, allt að jafnvirði 4 000 000,00 kr. (miðað við verðlag í janúar 1985) árlega árin 1986, 1987 og 1988.][2]

[1] *Sbr. 7. – 9. gr. þ. l.* [2] *L. 53/1985, brbákv.*

**1985 Nr. 107 31. des. Lög um Jarðboranir hf.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að stofna með Reykjavíkurborg hlutafélag er yfirtaki rekstur Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar samkvæmt samningi milli iðnaðarráðherra og borgarstjórans í Reykjavík um sameiningu fyrirtækjanna, dags. 8. maí 1985, sbr. sameiginlega bókun aðila, dags. 8. október 1985. Eignaraðild aðila skal við stofnun hlutafélagsins vera jöfn.

□ Tilgangur hlutafélagsins er að eiga og reka jarðbora, svo og skyld starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

■ **2. gr.** Ríkissjóður yfirtekur við stofnun hlutafélagsins áhvílandi skuldir Jarðborana ríkisins.

■ **3. gr.** Fjöldi stofnenda hlutafélagsins og hluthafa í félaginu skal vera óháður takmörkunum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Að öðru leyti fer um stofnun og stjórn félagsins samkvæmt hlutafélagalögum og fer iðnaðarráðherra með eignaraðild ríkisins að félaginu.

■ **4. gr.** ...[1] Hlutabréf í félaginu og skuldabréf útgefin í tengslum við stofnun þess skulu undanþegin stimpilgjöldum.

[1] *L. 1/1988, 9. gr.*

■ **5. gr.** Stjórn hlutafélagsins skal setja gjaldskrá fyrir þjónustu þá sem fyrirtækið innir af hendi. Gjaldskrá fyrirtækisins skal ákveðin þannig að tekjur af starfseminni standi undir rekstrarkostnaði, fjármagnskostnaði og skili eigendunum eðlilegum arði af hlutafé.

□ Starfa skal sérstök samráðsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá félaginu og tveimur fulltrúum tilnefndum af Sambandi íslenskra hitaveitna. Verkefni nefndarinnar er að vera vettvangur samráðs milli Jarðborana hf. og hitaveitna í landinu um fjárhagsleg og tæknileg málefni, svo og almenn samskipti við hitaveitur í landinu.

■ **6. gr.** Fastráðnir starfsmenn Jarðborana ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir áður gegndu hjá ríkisfyrirtækinu. 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, á því eigi við um þá starfsmenn.

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt fellur VIII. kafli orkulaga, nr. 58/1967, um Jarðboranir ríkisins, úr gildi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Í 12 mánuði frá stofnun Jarðborana hf. er iðnaðarráðherra rétt að selja sveitarfélögum, samtökum þeirra eða fyrirtækjum í þeirra eign hlut í félaginu.

□ Við stofnun hlutafélagsins skal uppgjör fara fram svo sem samningurinn hefði öðlast gildi 1. júní 1985 og stofnun hlutafélagsins farið fram á þeim degi.

**1979 Nr. 60 31. maí Lög um Rafmagnseftirlit ríkisins.**

■ **1. gr.** Eftirlit af hálfu ríkisins með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum skal vera í höndum stofnunar, er nefnist Rafmagnseftirlit ríkisins.

□ Skal Rafmagnseftirlit ríkisins rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi.

□ Rafmagnseftirlit ríkisins heyrir undir ráðherra þann, sem fer með orkumál.

■ **2. gr.** Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Rafmagnseftirlits ríkisins. Nefnist hann rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins.

□ Rafmagnseftirlitsstjóri skal veita stofnuninni forstöðu og jafnframt vera ráðunautur ráðherra um allt, sem að lögum þessum lýtur.

□ Ráðherra setur rafmagnseftirlitsstjóra erindisbréf.

■ **3. gr.** Ráðherra skipar og ræður starfsmenn stofnunarinnar, að fengnum tillögum rafmagnseftirlitsstjóra.

■ **4. gr.** Raforkuvirki, hvort heldur til vinnslu, umbreytingar, flutnings eða nýtingar raforku, með svo hárri spennu, þeim straumstyrk eða þeirri tíðni, að lífshætta eða hætta á heilsutjóni eða eignatjóni geti stafað af, skulu vera þannig úr garði gerð, notuð, haldið við og eftir þeim litið, að hætta af þeim verði svo lítil sem við verður komið.

■ **5. gr.** Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu fyrir eignir manna eða hættu á truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja. Þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana er til verulegra hagsbóta fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafist verður um ný virki á þeim tíma þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

□ Rafmagnseftirlitsstjóri sker úr ágreiningi um:

a. hvort raforkuvirki hafa í för með sér hættu fyrir eignir manna eða hættu á truflunum við starfrækslu eldri virkja,

b. hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum hættum og truflunum,

c. hver eigi að koma þeim í verk og

d. hvort, og að hve miklu leyti, eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

□ Úrskurði rafmagnseftirlitsstjóra má áfrýja til ráðherra.

□ Áfrýjun frestar ekki framkvæmd aðkallandi öryggisaðgerða.

■ **6. gr.** Rafmagnseftirlit ríkisins skal ætíð hafa óhindraðan aðgang að þeim raforkuvirkjum, sem það hefur eftirlit með, og rétt til að gera þær athuganir og rannsóknir, er það telur nauðsynlegar. Því er heimilt að kanna tæki og aðra hluta raforkuvirkja hjá verslunum, framleiðendum og öðrum, er hafa þau til sölu eða leigu.

□ Rafmagnseftirlitið getur hvenær sem er tekið í sína vörslu eða innsiglað viðurkenningarskyld tæki og aðra hluta raforkuvirkja, sem ekki eru færðir til prófunar í tæka tíð eða ástæða er til að ætla, að notaðir verði án heimildar Rafmagnseftirlitsins.

■ **7. gr.** Ráðherra setur í reglugerð[1] um raforkuvirki ákvæði til varnar gegn hættu og tjóni af þeim og til varnar gegn truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru eða síðar kunna að koma.

□ Í reglugerð skal setja ákvæði um:

1979 Nr. 60 31. maí

a. Gerð, setningu og starfrækslu raforkuvirkja og annarra mannvirkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón, hætta eða tilfinnanleg truflun geti stafað af.

b. Takmörkun á eða bann við innflutningi, sölu og notkun tækja og einstakra hluta raforkuvirkja, sem fullnægja ekki settum skilyrðum.

c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um raforkuvirki, sem fyrir hendi eru, um ný virki og aukningu eldri virkja, svo og að hlíta fyrirmælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.

d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með innflutningi og sölu raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innanlands. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra og efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki. Er engum heimilt að nota merkið nema með leyfi Rafmagnseftirlits ríkisins og eftir þeim reglum, sem það setur um notkun þess.

e. Prófun og viðurkenningu raffanga, sem flutt eru til landsins eða smíðuð innanlands.

f. Löggildingu til rafvirkjunarstarfa og um menntun og hæfni eftirlitsmanna með raforkuvirkjum.

g. Skyldu stjórna rafveitna til að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, sem notuð eru í sambandi við rafveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði laga og reglugerða, og um heimild handa Rafmagnseftirliti ríkisins, eða rafveitum í umboði þess, að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuvirkja og loka fyrir rafstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, sem hlíta ekki ákvæðum reglugerðarinnar, svo og að taka löggildingu um lengri eða skemmri tíma af þeim, sem hafa gerst brotlegir við reglugerðina.

h. Ábyrgð eigenda, umráðamanna og notenda raforkuvirkja á ástandi og meðferð þeirra.

i. Í reglugerð skal einnig setja ákvæði um hönnun og frágang raforkuvirkja með tilliti til umhverfis, endurbætur á raski við nýlagnir og samstarf við náttúruverndaraðila þar að lútandi.

j. Í reglugerð má einnig setja ákvæði um fræðslu og upplýsingar til almennings um hættur af rafmagni og leiðir til að verjast þeim.

[1] *Rg. 264/1971, sbr. 177/1978, 462/1979, 621/1980, 640/1981, 217/1982, 185/1984, 243/1986, 346/1986, 378/1987 og 116/1990, sjá og námsskrá 372/1986. Rg. 52/1963 (um háspennusæstrengi).*

■ **8. gr.** Undanþegin eftirliti Rafmagnseftirlits ríkisins eru raforkuvirki í farartækjum, svo sem skipum, bifreiðum og flugvélum.

□ Ef ágreiningur verður um, hvort tiltekin raforkuvirki falla undir Rafmagnseftirlit ríkisins eða ekki, sker ráðherra úr.

■ **9. gr.** Til rekstrar Rafmagnseftirlits ríkisins skal fjár aflað á eftirfarandi hátt:

1. Eigendur raforkuvera og rafveitna skulu árlega greiða til Rafmagnseftirlits ríkisins gjald allt að 1,2% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku, söluskatti og verðjöfnunargjaldi. Ef eigandi raforkuvers notar sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar, og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, skal hann greiða gjald af áætlaðri notkun.

2. Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess.

3. Þeir, sem flytja inn til landsins eftirlitsskyld rafföng og hluta þeirra eða framleiða þau innanlands, greiði til eftirlitsins gjald, sem af innfluttum rafföngum og hlutum greiðist af tollverði viðkomandi vöru en af innlendri framleiðslu af verksmiðjuverði vörunnar. Má gjald þetta nema allt að ¾% af viðkomandi verði.

4. Sérstök prófunar- og skrásetningargjöld af slíkum eftirlitsskyldum rafföngum.

□ Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjöld þessi. Heimil er stöðvun á rekstri og notkun virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga.

■ **10. gr.** Með dómi er heimilt að gera upptæk þau rafföng, sem framleidd eru, seld, afhent eða notuð andstætt öryggisfyrirmælum Rafmagnseftirlits ríkisins.

■ **11. gr.** Öll gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

■ **12. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum.

■ **13. gr.** Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga skal setja í reglugerð.

■ **14. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

■ **15. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi, jafnframt fellur úr gildi VI. kafli orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 um varnir gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum og eftirlit með þeim.

1979 Nr. 60 31. maí

## Lög um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð.[1]

1963 Nr. 54 20. apríl

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 2050.*

## Lög um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

1980 Nr. 53 28. maí

### I. kafli. Markmið.

■ **1. gr.** Með lögum þessum er stefnt að jöfnun hitunarkostnaðar og lækkun á heildarkostnaði við upphitun húsnæðis í landinu, m. a. með eftirfarandi ráðstöfunum:

a. Greiðslu olíustyrks vegna þeirra sem búa við olíukyndingu.

b. Hagkvæmari orkunotkun og orkusparnaði.

c. Aukinni notkun innlendra orkugjafa í stað olíu.

■ **2. gr.** Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

### II. kafli. Um olíustyrk.

■ **3. gr.** Þeir sem eingöngu nota gasolíu sem orkugjafa til hitunar íbúðar eiga rétt á olíustyrk, sbr. 4. gr.

□ Olíustyrkur skal vera 20 þús. kr. á ársfjórðungi og er heimilt að breyta honum miðað við breytingu á gasolíuverði og verði annarra orkugjafa.

■ **4. gr.** Olíustyrkir skulu greiddir húsráðanda ársfjórðungslega vegna þeirra íbúa sem hafa fasta búsetu (lögheimili) í viðkomandi íbúð meirihluta styrktímabils.

□ Fjöldi styrkja reiknast þannig:

a. Fyrir einn íbúa greiðast 2 olíustyrkir.

b. Fyrir tvo íbúa greiðast 3 olíustyrkir.

c. Fyrir þrjá íbúa greiðast 3½ olíustyrkur.

d. Fyrir fjóra íbúa greiðast 4 olíustyrkir.

e. Fyrir fimm íbúa greiðast 4½ olíustyrkur.

f. Fyrir sex íbúa greiðast 5 olíustyrkir.

g. Fyrir sjö íbúa eða fleiri greiðast 5½ olíustyrkur.

□ Við framangreinda styrki bætist ½ olíustyrkur vegna

**1980** Nr. 53 28. maí

lífeyrisþega, sem njóta bóta samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar, og annarra lífeyrisþega sem hafa svipaðar heildartekjur.

□ Olíustyrkur skal ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

■ **5. gr.** Heimilt er að greiða árlega einn olíustyrk, sbr. 3. gr., á hvert olíukynditæki sem hefur verið sótthreinsað og stillt á árinu.

■ **6. gr.** Þeir sem kost eiga á hitaveitu, fjarvarmaveitu eða rafhitun eiga ekki rétt á olíustyrk. Viðkomandi orkuveita sker úr um hvort húseign á kost á öðrum orkugjafa en olíu. Ráðuneytið sker úr um vafaatriði.

■ **7. gr.** Heimilt er:

a. að greiða styrk vegna skólahúsnæðis, sem hitað er með olíu. Árlegur styrkur má nema 465 kr. á hvern rúmmetra upphitaðs húsrýmis, og er heimilt að breyta honum, sbr. 3. gr.,

b. að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu,

c. að styrkja aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Skal styrkurinn vera sá sami og veittur er til hitunar íbúða skv. lögum þessum.

■ **8. gr.** Olíustyrkir skv. 4. gr. skulu greiddir til sveitarfélaga, sem annast úthlutun þeirra til húsráðenda. Sveitarfélögum er skylt að senda ráðuneyti ársfjórðungslega skilagrein um úthlutun olíustyrkja. Vanræki sveitarfélag slíkt er heimilt að fresta greiðslum til þess þar til úr hefur verið bætt. Skylt er orkuveitum, að olíusölum meðtöldum, að gefa upplýsingar um orkusölu til einstakra húseigna.

**III. kafli. Um orkusparnað.**

■ **9. gr.** Orkustofnun skal gera áætlun um hagkvæma orkunotkun og orkusparnað í húshitun. Í áætluninni skal gerð grein fyrir orkunotkun húsnæðis í landinu, möguleikum til orkusparnaðar, hagkvæmni einstakra aðgerða og heildarkostnaði miðað við tiltekin orkusparnaðarmarkmið.

■ **10. gr.** Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins skal halda námskeið um þætti sem varða hagkvæma orkunýtingu í húshitun.

■ **11. gr.** Til fræðslu og upplýsingastarfsemi um orkusparnað skal verja árlega upphæð sem nemur a. m. k. ½ hundraðshluta af áætlaðri heildarupphæð olíustyrkja til einstaklinga skv. 3. gr.

■ **12. gr.** Heimilt er að veita sveitarfélögum, þar sem olía er notuð til húshitunar, styrki vegna tækniþjónustu á sviði orkusparnaðar og til að undirbúa aðgerðir, sem stuðlað geta að hagkvæmari orkunotkun.

■ **13. gr.** Húsnæðismálastofnun er heimilt að veita einstaklingum lán til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði, sem hitað er með olíu.

**IV. kafli. Um nýtingu innlendra orkugjafa.**

■ **14. gr.** Orkustofnun skal í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins gera húshitunaráætlun fyrir tímabilið 1981 – 1983 um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar í stað olíu. Skal þar gera tillögur um árlegar framkvæmdir í orkumálum, sem nauðsynlegar teljast til þess að sem flestir landsmenn búi við innlenda orkugjafa eða njóti orku frá olíukyntri fjarvarmaveitu í árslok 1983.

■ **15. gr.** Til að tryggja að innlendir orkugjafar séu samkeppnishæfir við olíukyndingu er heimilt að veita varmaveitum framlag til að jafna þann mun sem orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

**1980** Nr. 53 28. maí

**V. kafli. Um gildistöku og reglugerð.**

■ **16. gr.** [Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laganna og er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.[1)]][2)]

[1)] *Rg. 323/1980 (um úthlutun olíustyrks). Rg. 510/1980 (um framlag til varmaveitna til nýtingar innlendra orkugjafa).* [2)] *L. 57/1985, 1. gr.*

■ **17. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu greiðslur olíustyrks fyrir 2. ársfjórðung 1980 og síðar fara eftir ákvæðum þeirra. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 13/1977 um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Í þeim tilvikum, sem hitunarkostnaður með raforku reynist hærri en hitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk, er ríkisstjórninni heimilað að jafna þennan mismun með sérstökum styrk.

## Lög um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.[1)]

**1976** Nr. 20 5. maí

[1)] *Hér er eingöngu tekinn upp IV. kafli laganna.*

**IV. kafli. Fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga o. fl.**

■ **13. gr.** Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast allt að 500 millj. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri vegna orkuframkvæmda á vegum sveitarfélaga á árinu 1976.

■ **14. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að innlend skuldabréfalán, allt að 200 millj. kr., er sveitarfélög bjóða út vegna mikils háttar hitaveituframkvæmda á árinu 1976 skuli hljóta sömu meðferð og ríkisskuldabréf skv. 1. gr. laga nr. 7/1974 um skattalega meðferð verðbréfa o. fl.

□ Heimild þessi gildir einnig þótt skuldabréfin séu verðtryggð enda fullnægi þau ákvæðum laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

## Lög um Landsvirkjun.

**1983** Nr. 42 23. mars

■ **1. gr.** Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Á ríkissjóður 50% eignarhluta í fyrirtækinu, Reykjavíkurborg 44,525% og Akureyrarbær 5,475%.

□ Hver eigandi um sig er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins en um innbyrðis skiptingu á ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum. Eiganda er óheimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis sameigendanna.

■ **2. gr.** Tilgangur Landsvirkjunar er:

1. Að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna svo og til iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu.

2. Að byggja og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins.

3. Að annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur á orkusvæði Landsvirkjunar.

4. Að vinna að því, í samvinnu við rafveitur á orku-

svæði sínu, að raforka komi í stað annarra orkugjafa eftir því sem hagkvæmt er talið.

5. Að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

■ **3. gr.** Orkusvæði Landsvirkjunar er landið allt eftir því sem raforkuver hennar og stofnlínukerfi spanna.

□ Landsvirkjun er heimilt með samningum að kaupa raforkuver og stofnlínukerfi af öðrum aðilum og starfrækja þessi mannvirki.

□ Verkefni og orkusvæði Landsvirkjunar skal nánar tilgreint í reglugerð.

■ **4. gr.** Landsvirkjun er eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar sem fyrirtækið hefur eignast fyrir setningu laga þessara.

□ Samkvæmt sameignarsamningi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, dagsettum 27. febrúar 1981, tekur Landsvirkjun hinn 1. júlí 1983 við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun.

■ **5. gr.** Ríkissjóður, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafa lagt Landsvirkjun til stofnframlög, sbr. 4. gr. og sameignarsamning aðila frá 27. febrúar 1981.

□ Landsvirkjun greiðir eigendum arð af sérstökum eiginfjárframlögum sem þeir hafa lagt fram til Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar og munu leggja fram til Landsvirkjunar.

□ Eiginfjárframlög skv. 2. mgr. skulu framreiknuð til verðlags hvers tíma samkvæmt byggingarvísitölu og ákveður stjórn Landsvirkjunar arðgreiðsluna sem hundraðshluta þeirrar fjárhæðar.

□ Arðgreiðslan skal ákveðin með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins.

■ **6. gr.** Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981 um raforkuver og samkvæmt sérstöku samkomulagi við ríkisstjórn Íslands, dagsettu 11. ágúst 1982, eftirtalin raforkuver að fengnu leyfi ráðherra orkumála skv. 7. gr.: Blönduvirkjun með allt að 180 MW afli. Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli. Villinganesvirkjun með allt að 40 MW afli.

□ [Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981, eftirtalin raforkuver, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra skv. 7. gr. þessara laga: Búrfellsvirkjun, með allt að 310 MW afli, Sultartangavirkjun, með allt að 130 MW afli, Hrauneyjafossvirkjun, með allt að 280 MW afli, Sigölduvirkjun, með allt að 200 MW afli, Kröfluvirkjun, með allt að 60 MW afli.

□ Landsvirkjun er heimilt, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, að gera ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsársvæðinu, m. a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga.][1)]

□ Landsvirkjun ber að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Einnig ber Landsvirkjun að kappkosta styrkingu og frekari uppbyggingu meginstofnlínukerfis síns með það fyrir augum að tryggja sem best rekstraröryggi Landsvirkjunarkerfisins í heild.

[1)] *L. 74/1990, 4. gr.*

■ **7. gr.** Til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem fer með orkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru raforkuver eða meginstofnlínur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim, sem fer með orkumál, uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim.

1983 Nr. 42 23. mars

□ Getur ráðherra krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkja sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

■ **8. gr.** Stjórn Landsvirkjunar skal skipuð níu mönnum. Sameinað Alþingi kýs fjóra stjórnarmenn hlutfallskosningu, borgarstjórn Reykjavíkur kýs þrjá stjórnarmenn og bæjarstjórn Akureyrar kýs einn. Sameiginlega skipa eignaraðilar níunda manninn og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun formanns, skal hann skipaður af Hæstarétti.

□ Varamenn, jafnmargir, skulu kosnir og skipaðir á sama hátt.

□ Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera 4 ár í senn. Heimilt er að endurskipa stjórnarmenn.

□ Nánari ákvæði um starfshætti stjórnarinnar og starfskjör stjórnarmanna skulu sett í reglugerð.

□ Ráðherra sá sem fer með orkumál tilnefnir einn mann ásamt varamanni til setu á fundum stjórnar og skal hann hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

■ **9. gr.** Stjórn Landsvirkjunar hefur á hendi yfirstjórn á rekstri fyrirtækisins, framkvæmdum þess og undirbúningi þeirra.

□ Stjórn Landsvirkjunar ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu.

□ Forstjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins og skal hann eiga sæti á stjórnarfundum.

□ Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

□ Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og forstjóra skulu sett í reglugerð.

■ **10. gr.** Halda skal í aprílmánuði ár hvert ársfund Landsvirkjunar. Fulltrúar á ársfundi skulu vera sem hér segir:

Fjórir menn tilnefndir af ráðherra orkumála, fjórir menn kosnir af Reykjavíkurborg, fjórir menn kosnir af Akureyrarbæ og fjórir kosnir á aðalfundi hverra hinna einstöku landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í reglugerð skal nánar kveðið á um kosningu fulltrúa á ársfund. Varamenn skulu skipaðir eða kosnir á sama hátt og aðalmenn.

□ Stjórn og forstjóri Landsvirkjunar skulu sitja ársfundinn.

□ Verði um að ræða fjölgun eignaraðila skal taka skipan ársfundar til endurskoðunar.

■ **11. gr.** Á ársfundinum skal kynna afkomu Landsvirkjunar og áætlanir og ræða þau atriði er þar koma fram. Skal þar sérstaklega fjalla um mál er varða öryggi í vinnslu og flutning raforku um landið svo og atriði er varða raforkuverð. Þá skal á ársfundi ræða raforkumál er varða einstaka landshluta eftir því sem ástæða er til.

□ Nánari ákvæði um fundarsköp og starfssvið ársfundarins skal setja í reglugerð.

■ **12. gr.** Stjórn Landsvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og staðfesta reikninga fyrirtækisins. Enn fremur er eignaraðilum hverj-

**1983** Nr. 42 23. mars

um um sig heimilt að tilnefna endurskoðanda til að endurskoða reikningana. Ársskýrsla fyrirtækisins skal lögð fyrir eignaraðila til staðfestingar innan þriggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs.

□ Nánari ákvæði um reikningshald og endurskoðun skal setja í reglugerð.

■ **13. gr.** Sama gjaldskrá skal gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á afhendingarstöðum Landsvirkjunar.

□ Stjórn Landsvirkjunar setur, að fenginni tillögu Þjóðhagsstofnunar, gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. Í gjaldskrá skal raforkuverðið við það miðað að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

□ Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við almenningsrafveitur og iðjuver innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma, við iðjuver sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess er fer með orkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.

□ Landsvirkjun gerir samrekstrarsamninga við aðra raforkuframleiðendur sem tengjast stofnlínukerfi fyrirtækisins.

■ **14. gr.** Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju, þarf Landsvirkjun að leita samþykkis eignaraðila.

□ Af hálfu ríkisins þurfa iðnaðar- og fjármálaráðherra að staðfesta slíkt samþykki.

■ **15. gr.** Heimilt er vegna virkjanaframkvæmda skv. 1. mgr. 6. gr. að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld, sérstakt tímabundið vörugjald og söluskatt af efni, vélum og tækjum til virkjana og stofnlína þeim tilheyrandi. Sama skal gilda um eldsneytisaflstöðvar.

□ Niðurfelling gjalda skv. 1. mgr. nær ekki til vinnuvéla vegna framkvæmdanna. Þó skal heimilt að endurgreiða gjöld vegna notkunar vinnuvéla við virkjunarframkvæmdir skv. 1. mgr. Við ákvörðun endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum skal höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við virkjunarframkvæmdirnar.

□ Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar og getur þar m. a. kveðið á um fyrningargrunn og fyrningarhlutföll vegna endurgreiðslna gjalda af vinnuvélum.

■ **16. gr.** [Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sveitarfélaga. Þó skal Landsvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum Landsvirkjunar samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.][1)]

[1)] *L. 108/1988, 21. gr.*

■ **17. gr.** [Sveitarfélögum, samtökum þeirra og sameignarfélögum þeirra er heimilt að gerast eignaraðilar að Landsvirkjun með þessum skilyrðum:][1)]

1. Sá sem hyggst hagnýta sér rétt til að gerast eignaraðili skal tilkynna það stjórn Landsvirkjunar með 12 mánaða fyrirvara.

2. Sá sem eignaraðildar óskar tekur á sig þær skuldbindingar sem fylgja eignaraðild í Landsvirkjun.

3. Sá sem eignaraðildar óskar skal leggja fram verðmæti er nema skulu minnst 1% af endurmetnum höfuðstól Landsvirkjunar í upphafi þess árs er eignaraðild kemur til framkvæmda.

□ Áður en eignaraðild kemur til framkvæmda skal hinn nýi eignaraðili inna af hendi framlag sitt til fyrirtækisins. Verði eignarhlutur ríkisins samkvæmt þessu undir helmingi skal ríkisstjórnin leggja Landsvirkjun til nýtt fjárframlag eða taka að sér greiðslu skulda, þannig að tryggð verði helmingseign af hálfu ríkisins.

□ Ef nýr eignaraðili á minni hlut í Landsvirkjun en sá sem minnstan hlut á við gildistöku laga þessara, þarf ekki að leita samþykkis hans til lántöku, sbr. 14. gr.

□ Ef fjölgun eignaraðila leiðir til þess að nýr eignaraðili hafi jafnan eða stærri hlut en sá aðili sem minnstan hlut á við gildistöku laga þessara, skal taka skipan stjórnar til endurskoðunar og fjölga stjórnarmönnum án þess þó að stjórnarhlutdeild raskist milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar.[2)]

[1)] *L. 108/1988, 22. gr.* [2)] *Í 22. gr. l. 108/1988 segir m. a.: „17. gr. laganna orðist svo: ... ", en virðist hafa átt að vera „1. málsliður 17. gr. laganna orðist svo: ... " Því er 17. gr. prentuð hér svo sem hún var upphaflega í l. 42/1983, með þeirri breytingu er leiðir af 22. gr. l. 108/1988.*

■ **18. gr.** Ráðherra getur heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms.

■ **19. gr.** Mál er varða framkvæmd laga þessara og aðild ríkisins að Landsvirkjun falla undir ráðherra þann er fer með orkumál.

■ **20. gr.** Nýr sameignarsamningur um Landsvirkjun milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, sem gerður var 27. febrúar 1981, tekur gildi hinn 1. júlí 1983. Fellur þá úr gildi sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun, dags. 1. júlí 1965.

□ Eignaraðilar undirbúi, í samráði við stjórn Landsvirkjunar, reglugerð[1)] fyrir fyrirtækið þar sem setja skal nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Reglugerðina setur ráðherra sá sem fer með orkumál.

□ Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um Landsvirkjun nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969 og lög nr. 37 frá 16. apríl 1971, svo og önnur ákvæði í lögum eða reglugerðum sem brjóta í bága við lög þessi. Einnig falla úr gildi, hinn 1. júlí 1983, lög um Laxárvirkjun nr. 60 frá 20. maí 1965.

[1)] *Rg. 760/1983.*

**1983** Nr. 42 23. mars

**Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.**[1)]

**1959** Nr. 35 23. maí

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 2058 – 2059.*

**Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.**[1)]

**1963** Nr. 51 20. apríl

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 2059.*

**1921 Nr. 73 27. júní**

## Lög um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.[1)]

[1)] *Sjá um texta laganna, Lagasafn 1965, d. 2096.*

**1950 Nr. 63 25. maí**

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja.[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 2060.*

**1952 Nr. 74 25. nóv.**

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana.[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 2060.*

**1935 Nr. 98 3. maí**

## Lög um virkjun Fljótaár.

■ **1. gr.** Bæjarstjórn Siglufjarðar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Fljótaá í Skagafjarðarsýslu, til þess að vinna úr ánni raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Siglufjarðar og gera afspennistöð í Siglufirði og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda.

■ **2. gr.** Rétt sinn til virkjunar og rekstrar raforkustöðvarinnar og sölu rafmagns getur bæjarstjórnin afhent öðrum, með samþykki atvinnumálaráðherra, enda sé gætt ákvæða 27. og 28. gr. laga 46/1925,[1)] eftir því sem við getur átt.

[1)] *Nú orkulög 58/1967.*

■ **3. gr.** Ef bærinn reisir og rekur raforkustöðina við Fljótaá, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, samkv. reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

■ **4. gr.** Ef hreppsnefndir Holtshrepps og Haganeshrepps óska þess, er Siglufjarðarkaupstað skylt að veita þessum hreppum rétt til að taka þátt í virkjun Fljótaár, allt að 200 hö. fyrir hvorn hrepp um sig. Taka hrepparnir þá að sér hlutfallslegan hluta sameiginlegs virkjunarkostnaðar.

■ **5. gr.** Óheimilt er Siglufjarðarkaupstað, umfram stofnkostnað og 6% vexti af útlögðum kostnaði, að torvelda eða leggja fjárhagslegar álögur eða kvaðir af nokkru tagi á rafmagn það, sem Holtshreppur og Haganeshreppur kunna að fá samkv. 4. gr. úr Fljótaá. Sama gildir um Holtshrepp og Haganeshrepp eða sýslufélagið um rafmagn það, er Siglufjarðarkaupstaður kann að virkja eða láta virkja úr Fljótaá, eða um mannvirki í sambandi við virkjunina.

□ [Virkjun sú, sem rekin er samkvæmt lögum þessum, Skeiðsfossvirkjun, er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána, sem virkjunin tekur, eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi, svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skal Skeiðsfossvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum virkjunarinnar skv. öðrum lagafyrirmælum.][1)]

[1)] *L. 36/1985, 1. gr.*

■ **6. gr.** [Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs sex millj. króna lán fyrir Siglufjarðarkaupstað til virkjunar samkvæmt lögum þessum, þar með taldar háspennulínur og afspennistöðvar.][1)]

[1)] *L. 35/1943, 1. gr.*

**1921 Nr. 20 27. júní**

## Lög um eignarnám á vatnsréttindum í Andakílsá o. fl.

■ **1. gr.** Sýslunefndunum í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu er heimilað að taka eignarnámi vatnsréttindi í Andakílsá og Skorradalsvatni og landspildur við Andakílsá og Skorradalsvatn, svo sem þarf til virkjunar á Andakílsfossum.

□ Heimild þessi kemur til framkvæmdar þegar sýslunefndirnar hafa ákveðið að koma upp vatnsorkuveri við fossana og raforkuveitu þaðan út um sýslurnar og fengið samþykki ráðherra til fyrirtækisins.

■ **2. gr.** Heimild sú, er ræðir um í 1. gr., er takmörkuð á þann hátt, að enginn sé með virkjuninni sviptur vatni, sem hann þarf að nota til heimilis- eða búsþarfa eða til áveitu í ræktunarskyni, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

■ **3. gr.** Þegar ráðherra hefir veitt samþykki samkvæmt 1. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hvers konar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhaldi þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.

■ **4. gr.** Um framkvæmd eignarnámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.[1)]

[1)] *Nú l. 11/1973.*

**1947 Nr. 92 5. júní**

## Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að reisa 2400 ha. raforkuver við Fossá í Fróðárhreppi og leggja háspennulínu þaðan til Ólafsvíkur og Sands;

2. að reisa 1500 ha. raforkuver við Gönguskarðsá við Sauðárkrók, og

3. að koma upp aðalspennistöð fyrir Voga og Vatnsleysuströnd á Reykjanesi.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að sex milljónir króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að tveim milljónum króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

■ **3. gr.** Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.[1)]

[1)] *Nú orkulög 58/1967.*

**1949 Nr. 34 16. maí**

## Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í 1900 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Blönduóss og Skagastrandar;

2. að virkja Þverá úr Þiðriksvallavatni í Strandasýslu í

**1949** Nr. 34 16. maí

allt að 1400 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu þaðan til Hólmavíkur;

3. að virkja vatnsfallið Þrándargil í Laxárdal í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Búðardals.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 11 milljónum króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 3½ milljón króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

■ **3. gr.** Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjanirnar og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

■ **4. gr.** Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem um ræðir í 1. og 2. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.[1)]

[1)] *Nú orkulög 58/1967.*

**1951** Nr. 12 9. febr.

## Lög um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Fossá í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu til raforkuvinnslu í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Bolungarvíkur;

2. að virkja Grímsá í Skriðdal í Suður-Múlasýslu til raforkuvinnslu í allt að 750 hestafla orkuveri fyrir Egilsstaði, Eiða og nágrenni.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 5 milljónir króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði skv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 1,6 milljónir króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

■ **3. gr.** Framkvæmdir skv. 1. gr. mega ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar áætlanir um orkuverin og orkuveituna og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

■ **4. gr.** Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitu, sem um ræðir í 1. – 2. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.[1)]

[1)] *Nú orkulög 58/1967.*

**1956** Nr. 65 8. maí

## Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 4000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakauptúns. Enn fremur frá Búðakauptúni til Stöðvarfjarðar og frá Egilsstöðum um Eiða að Lagarfossi;

2. að virkja Hvammsá eða Selá í Vopnafirði til raforkuvinnslu í allt að 500 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu frá orkuveri til Vopnafjarðarkauptúns;

3. að virkja eftirfarandi ár í Vestur-Barðastrandarsýslu:

a. Fossá í Suðurfjörðum eða Seljadalsá við Bíldudal í allt að 450 hestafla orkuveri,

b. Suðurfossá á Rauðasandi í allt að 850 hestafla orkuveri, og leggja frá orkuverunum aðalorkuveitur til Bíldudals, Patreksfjarðar og um nálægar byggðir;

4. að virkja Sandá í Þistilfirði til raforkuvinnslu í allt að 2900 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Þórshafnar og Raufarhafnar, eða leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjuninni um Norður-Þingeyjarsýslu;

5. að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1500 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Hafnarkauptúns og um nálægar byggðir;

6. að virkja Víðidalsá eða Bergsá í Vestur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1800 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitu til Hvammstanga;

7. að leggja aðalorkuveitu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja;

8. að leggja háspennulínu frá væntanlegu raforkuveri við Fossá í Fróðárhreppi, um Fróðárhrepp og Eyrarsveit, um Helgafellssveit að Hrísum og niður Þórsnes til Stykkishólms;

9. ...[1)]

10. að virkja Haukadalsá í Dalasýslu í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa fimm syðstu hreppum Dalasýslu;

11. að virkja Múlaá í Geiradalshreppi í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa nálægum hreppum eða leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu við Þverá í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness, til þess að veita þaðan raforku um nálæga hreppa og suður um Dalasýslu, enda sé tryggt, að eftir sem áður sé nægileg raforka fyrir orkusvæði Þverár í Strandasýslu;

12. að leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu til Fljótsdalshéraðs til að tengja saman orkuveitusvæði Norðurlands og Austurlands;

13. að leggja aðalorkuveitu um Gönguskörð til Húnavatnssýslu til að tengja saman Gönguskarðsárvirkjunina og Laxárvatnsvirkjunina;

14. að leggja aðalorkuveitu frá Hvolsvelli að Skógaskóla;

15. að gera ráðstafanir til að auka flutningsgetu eldri aðalorkuveitna.

[1)] *L. 111/1970, 5. gr.*

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 130 millj. kr., til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. laga nr. 22/1952, með síðari breytingum. Af þeirri upphæð má taka nokkurn hluta eða hana alla sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna.[1)]

[1)] *Nú orkulög 58/1967.*

■ **3. gr.** Framkvæmdir samkvæmt 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjanirnar og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

■ **4. gr.** Um stofnun og rekstur þessara orkuvera og

**1956** Nr. 65 8. maí

þeirra orkuveitna, sem um ræðir í lögum þessum, fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.[1)]

[1)] *Nú orkulög 58/1967.*

**1976** Nr. 66 31. maí

## Lög um Orkubú Vestfjarða.

■ **1. gr.** Ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum skal heimilt að setja á stofn orkufyrirtæki, er nefnist Orkubú Vestfjarða.

■ **2. gr.** Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

□ Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni.

■ **3. gr.** Orkubú Vestfjarða er sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum.

□ Eignarhluti ríkissjóðs skal vera 40%, en eignarhlutir sveitarfélaganna skulu nema samtals 60%.

□ Eignarhlutdeild sveitarfélaganna skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra.

□ Eignarhlutföllum verður ekki breytt nema til samræmis við íbúafjölda, sbr. 9. gr., og engum sameignarfélaga er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

□ Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

□ Heimili þess og varnarþing er á Ísafirði.

■ **4. gr.** Sameigendur beri einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Orkubús Vestfjarða gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum.

■ **5. gr.** Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum skulu afhenda Orkubúi Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi, enda yfirtaki fyrirtækið samkvæmt samkomulagi skuldir vegna mannvirkja þeirra, sem það tekur við.

■ **6. gr.** Iðnaðarráðherra veitir Orkubúi Vestfjarða einkaleyfi til þeirrar starfsemi, sem felst í tilgangi fyrirtækisins samkvæmt 2. gr. Ráðherra er þó heimilt, að fengnu áliti stjórnar Orkubús Vestfjarða, að ákveða, að rekstur einstakra orkumannvirkja skuli vera undanþeginn, svo sem bygging og rekstur mannvirkja til raforkudreifingar, jarðvarmaveitna og fjarvarmaveitna með kyndistöðvum innan þeirra sveitarfélaga, sem þess óska.

■ **7. gr.** Stjórn Orkubús Vestfjarða skal skipuð 5 mönnum. Á aðalfundi skulu fulltrúar sveitarfélaganna kjósa 3 menn og jafnmarga til vara. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skulu skipa einn mann hvor og einn mann hvor til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum.

□ Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur félagið.

■ **8. gr.** Stjórn Orkubús Vestfjarða hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri.

□ Stjórn Orkubús Vestfjarða ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu. Framkvæmdastjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins. Skal hann eiga sæti á stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt.

**1976** Nr. 66 31. maí

■ **9. gr.** Aðalfund Orkubús Vestfjarða skal halda fyrir 1. júní ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með tveggja vikna fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti fulltrúar sameignaraðila, sem fara með atkvæðisrétt í hlutfalli við eignarhlutdeild umbjóðenda sinna. Fyrir aðalfund skal leggja skrá um skiptingu eignarhlutdeildar sameignaraðila og atkvæðisrétt samkvæmt manntali 1. desember árið áður. Fulltrúar sveitarfélaganna fara með eitt atkvæði fyrir hvern íbúa í hverju viðkomandi sveitarfélagi. Fulltrúi ríkisins fer með atkvæðisrétt sem svarar til 40% heildaratkvæða. Afl atkvæða ræður á aðalfundi.

□ Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Lagðir skulu fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosning stjórnar skv. 7. gr.
4. Kosning eins endurskoðanda, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan. Varamenn skal velja með sama hætti.

■ **10. gr.** Stjórn Orkubús Vestfjarða setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda.

□ Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.

□ Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

■ **11. gr.** Heimilt er stjórn Orkubús Vestfjarða að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni.

□ Stjórnin getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af bruttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

■ **12. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á lánum er Orkubú Vestfjarða tekur til orkuframkvæmda, að fjárhæð allt að 2500 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

□ Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er kæmi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr. Lánið endurlánar ríkisstjórnin Orkubúi Vestfjarða með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

■ **13. gr.** Orkubú Vestfjarða er undanþegið tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sýslu- og sveitarfélaga.

■ **14. gr.** Ráðherra getur heimilað Orkubúi Vestfjarða að taka eignarnámi jarðhitaréttindi, vatnsréttindi, lönd og mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fer eftir lögum nr. 11/1973.

■ **15. gr.** Þegar eftir að heimild samkvæmt 1. gr. þessara laga er notuð, skal iðnaðarráðherra beita sér fyrir, að sameignarsamningur sé gerður milli aðila og stofnfundur fyrirtækisins haldinn samkvæmt reglum 9. gr. eftir því sem við á.

□ Iðnaðarráðherra setur reglugerð,[1)] þar sem nánar

**1976** Nr. 66 31. maí

skal ákveðið um framkvæmd þessara laga og starfsemi Orkubús Vestfjarða. Skal stjórn Orkubús Vestfjarða undirbúa reglugerðina í samráði við eignaraðila.

[1] *Rg. 192/1978.*

■ **16. gr.** Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 47/1948, um hitaaflsstöð og hitaveitu á Ísafirði, lög nr. 54/1954, um orkuver Vestfjarða, ásamt síðari breytingu, sbr. lög nr. 32/1973, svo og aðrar heimildir í lögum fyrir Rafmagnsveitur ríkisins til virkjunar fallvatna á Vestfjörðum.

**1970** Nr. 111 30. des.

## Lög um virkjun Lagarfoss.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði til raforkuvinnslu [í allt að 10.000 hestafla orkuveri][1] og leggja þaðan aðalorkuveitu að Egilsstaðakauptúni til tengingar þar við veitukerfi Grímsárvirkjunar.

[1] *L. 29/1972, 1. gr.*

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, er Rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 180 milljónum króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

■ **3. gr.** Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, sbr. 1. gr.

■ **4. gr.** Óski sveitarstjórnir á Austurlandi að gerast eignaraðilar að virkjun Lagarfoss og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu, er ráðherra heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins.

□ Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

**1985** Nr. 102 31. des.

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu, sem til var stofnað með lögum nr. 21 frá 10. apríl 1974, til Landsvirkjunar samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um kaup á Kröfluvirkjun, dags. 26. júlí 1985.

□ Með mannvirkjum Kröfluvirkjunar skal fylgja réttur til virkjunar og hagnýtingar á þeirri jarðhitaorku, sem finnast kann á Kröflusvæðinu, að afli sem svarar allt að 70 MW eins og um ræðir í nefndum samningi.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja til Landsvirkjunar eignir Jarðvarmaveitna ríkisins við Bjarnarflag og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu ásamt rétti til virkjunar og hagnýtingar jarðhitaorku á því svæði, innan marka sem um semst, í samræmi við ákvæði í framangreindum samningi. Mun Landsvirkjun, ef sala þessi fer fram, taka við gufuveitunni í Bjarnarflagi til eignar og rekstrar ásamt skuldbindingum um gufuöflun til kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn, sbr. 4. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 80 frá 15. ágúst 1966, svo og skuldbindingum um gufuafhendingu vegna Hitaveitu Skútustaðahrepps og Léttsteypunnar hf. samkvæmt samningum ríkisins og eigenda jarðanna Reykjahlíðar og Voga, dags. 18. mars og 4. maí 1971, sbr. yfirlýsingu aðila 1. júlí 1975 og 23. júní 1982.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1985 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 21 frá 10. apríl 1974, um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

**1985** Nr. 102 31. des.

**1974** Nr. 100 31. des.

## Lög um Hitaveitu Suðurnesja.

■ **1. gr.** Ríkissjóður Íslands og sjö sveitarfélög á Suðurnesjum, sbr. 2. gr., skulu setja á stofn [fyrirtæki],[1] er nefnist Hitaveita Suðurnesja.

□ ...[1]

□ Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

□ Heimili þess og varnarþing er í Keflavík.

[1] *L. 91/1984, 1. gr.*

■ **2. gr.** [Hitaveita Suðurnesja er sameignarfyrirtæki ríkisins og eftirtalinna sveitarfélaga sem eiga fyrirtækið í þessum hlutföllum:

| | |
|---|---|
| Ríkissjóður Íslands | 20,00% |
| Keflavíkurkaupstaður | 38,68% |
| Njarðvíkurkaupstaður | 12,83% |
| Grindavíkurkaupstaður | 11,17% |
| Miðneshreppur | 6,99% |
| Gerðahreppur | 6,07% |
| Vatnsleysustrandarhreppur | 3,57% |
| Hafnahreppur | 0,69% |

□ Sameigendur bera einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum. Verði síðar ákveðið að krefjast viðbótarframlags frá eigendum skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutföll. Eignarhlutföllum verður ekki breytt og engum sameignarfélaga er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.][1]

[1] *L. 101/1985, 1. gr.*

■ **3. gr.** [Tilgangur Hitaveitu Suðurnesja skal vera

a. að virkja jarðhita í Svartsengi og annars staðar á Reykjanesi ef hagkvæmt þykir,

b. að reisa og reka orkuver, aðveitur og orkudreifikerfi á starfssvæði hennar og annast sölu á orku til notenda,

c. önnur nýting á jarðgufu og heitu grunnvatni.][1]

□ Verkefni Hitaveitu Suðurnesja skulu nánar tilgreind í reglugerð.[2]

[1] *L. 91/1984, 2. gr.* [2] *Rg. 89/1990.*

■ **4. gr.** Ríkissjóður skal afhenda Hitaveitu Suðurnesja öll mannvirki sín í Svartsengi og þar í nánd, þar á meðal borholur fyrir heitt og kalt vatn, og allar áætlanir og undirbúningsframkvæmdir vegna virkjana á Svartsengissvæðinu. Náist eigi samkomulag um mat á verðmætum þessum, skal gerðardómur þriggja manna, sem sýslumaðurinn í Gullbringusýslu dómkveður, skera úr. Sama gildir um mannvirki og önnur verðmæti, er aðrir eignaraðilar afhenda.

■ **5. gr.** [Stofnsjóður Hitaveitu Suðurnesja skiptist á sameigendur í þeim hlutföllum er um getur í 2. gr.][1]

[1] *L. 101/1985, 2. gr.*

■ **6. gr.** Iðnaðarráðherra veitir Hitaveitu Suðurnesja einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu innan sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að fyrirtækinu. Ráðherra er þó heimilt að ákveða, að bygging og rekstur dreifiveitu á Keflavíkurflugvelli skuli vera þar undanþegin.

□ [Enn fremur veitir iðnaðarráðherra Hitaveitu Suðurnesja einkaleyfi til starfrækslu rafveitu á starfssvæði

hennar eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á veitukerfum þeirra.][1]

[1] *L. 91/1984, 3. gr.*

■ **7. gr.** [Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð níu mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa hvor einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Sveitarfélög þau, sem aðilar eru að fyrirtækinu, skipa hvert einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Fulltrúar sveitarfélaganna skulu skipaðir til fjögurra ára og hefst kjörtímabil þeirra 1. ágúst næstan eftir almennar sveitarstjórnarkosningar en lýkur 31. júlí fjórum árum síðar. Fulltrúar ríkissjóðs skulu skipaðir til eins árs í senn frá aðalfundi til aðalfundar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Við afgreiðslu mála skal að jafnaði viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu, miðað við eignarhlutfall skv. 2. gr., enda komi fram ósk að minnsta kosti eins stjórnarmanns þar um, og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist samþykkt. Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur fyrirtækið.][1]

[1] *L. 101/1985, 3. gr.*

■ **8. gr.** Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri þess.

□ Stjórn Hitaveitu Suðurnesja ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu. Framkvæmdastjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins. Skal hann eiga sæti á stjórnarfundum, og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt.

□ Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og framkvæmdastjóra skulu sett í reglugerð.

■ **9. gr.** Aðalfund skal halda fyrir 1. apríl ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með a. m. k. viku fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti 3 fulltrúar frá hverjum eignaraðila nema 6 frá ríkissjóði. Fulltrúa þessa kjósa viðkomandi sveitarstjórnir hlutbundinni kosningu, en fulltrúa ríkissjóðs skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, þrjá hvor.

□ Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Lagðir skulu fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosinn skal einn endurskoðandi til eins árs, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan.
4. [Skipun fulltrúa ríkissjóðs í stjórn fyrirtækisins til næsta aðalfundar.][1]
5. Önnur mál.

[1] *L. 101/1985, 4. gr.*

■ **10. gr.** [Stjórn Hitaveitu Suðurnesja setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda.][1]

□ Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.

□ Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

[1] *L. 101/1985, 5. gr.*

■ **11. gr.** Heimilt er stjórn Hitaveitu Suðurnesja að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Stjórnin getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki a. m. k. fimm þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af bruttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

■ **12. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur ábyrgð á lánum, er Hitaveita Suðurnesja tekur til hitaveituframkvæmda, að fjárhæð allt að 2000 milljónum kr. eða jafnvirði þeirra fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

□ Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er kæmi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr. Lánið endurlánar hún Hitaveitu Suðurnesja með þeim kjörum og skilmálum, sem ríkisstjórnin ákveður.

■ [**13. gr.** Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að stækka raforkuver sitt í Svartsengi um allt að 6 MW og reisa og reka flutningslínur til þess að tengja orkuverið við orkuflutningskerfi Suðurnesja.

□ Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur ábyrgð á lánum, er Hitaveita Suðurnesja tekur í þessu skyni, allt að kr. 1000 millj. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

□ Af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt.][1]

□ [Heimild til Hitaveitu Suðurnesja um að standa að virkjun jarðvarma til raforkuframleiðslu skal háð því skilyrði að áður hafi verið gerður samrekstrarsamningur við Landsvirkjun er tryggi að slíkt orkuver falli á hagkvæman hátt að heildarrekstri raforkukerfisins. Nái aðilar ekki samkomulagi skal ágreiningi skotið til iðnaðarráðherra.][2]

[1] *L. 26/1980, 2. gr.* [2] *L. 91/1984, 4. gr.*

■ [**14. gr.**][1] [Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja skal undanþegin stimpilgjöldum.][2]

[1] *L. 26/1980, 2. gr.* [2] *L. 108/1988, 19. gr.*

■ [**15. gr.**][1] Ráðherra getur heimilað Hitaveitu Suðurnesja að taka eignarnámi jarðhitaréttindi, vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum nr. 11/1973.

[1] *L. 26/1980, 2. gr.*

■ [**16. gr.**][1] Þegar eftir gildistöku laga þessara skal stjórn fyrirtækisins skipuð og sameignarsamningur gerður milli aðila. Skal hvoru tveggja lokið fyrir 1. janúar 1975.

□ Iðnaðarráðherra setur reglugerð,[2] þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd þessara laga og starfsemi Hitaveitu Suðurnesja. Skal stjórn Hitaveitu Suðurnesja undirbúa reglugerðina í samráði við eignaraðila.

[1] *L. 26/1980, 2. gr.* [2] *Rg. 89/1990.*

**[Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** Ríkissjóði er heimilt að selja Hitaveitu Suðurnesja háspennulínur í eigu Rafmagnsveitna ríkisins frá spennistöð við Elliðaár til Njarðvíkur, svo og raforkuveitukerfi sín og stofnana ríkisins, aðveitur og dreifiveitur innan sveitarfélaga þeirra sem aðild eiga að fyrirtækinu. Á sama hátt er sveitarfélögum þeim, sem aðild eiga að fyrirtækinu, heimilt að selja því raforkuveitukerfi sín eða leggja þau fram sem stofnframlög og breytist þá eignarhlutdeild eigenda í samræmi við það.

□ Náist ekki samkomulag um mat á verðmætum þessum skal gerðardómur þriggja manna skera úr. Tilnefnir stjórn Hitaveitu Suðurnesja einn mann í gerðardóminn, seljandi einn, en oddamaður skal skipaður af Hæstarétti.][1]

[1] *L. 91/1984, 5. gr.*

**1974** Nr. 100 31. des.

■ [**II.** Er lög þessi hafa öðlast gildi skulu sveitarfélögin skipa menn í stjórn Hitaveitu Suðurnesja í samræmi við 7. gr. laganna. Kjörtímabili þeirra stjórnarmanna lýkur 31. júlí 1986.][1)]

[1)] *L. 101/1985, 7. gr.*

**1977** Nr. 26 11. maí

## Lög um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að veita Andakílsárvirkjun s/f leyfi til þess að reisa og reka vatnsaflsstöð við Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði með allt að 13,5 MW afli og orkuveitu til tengingar við orkuflutningskerfið í Borgarfirði.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er Andakílsárvirkjun tekur, allt að 2200 millj. króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr.

□ Einnig er ríkisstjórninni heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán, er komi að hluta til eða að öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. málsgr. þessarar greinar, og endurlána Andakílsárvirkjun.

□ Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða kjör og skilmála sjálfskuldarábyrgðar og endurláns.

■ **3. gr.** Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, sbr. 1. gr.

■ **4. gr.** Andakílsárvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stimpilgjaldi, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga.

□ Andakílsárvirkjun skal þó greiða sýslusjóðum og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Andakílsárvirkjunar samkvæmt öðrum lögum.

■ **5. gr.** Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 20. júní 1923, orkulaga, nr. 58 frá 29. apríl 1967, svo og eftir samþykktum Andakílsárvirkjunar s/f.

□ Setja skal Andakílsárvirkjun reglugerð, sem stjórn virkjunarinnar semur og ráðherra staðfestir. Skal þar m. a. setja ákvæði um stjórn og rekstur Andakílsárvirkjunar, orkuveitusvæði og skilmála fyrir orkusölu.

**1979** Nr. 57 31. maí

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykholtsdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi: Landspildu úr landi Deildartungu, ásamt jarðhitaréttindum, þinglesna eign Sigurbjargar Björnsdóttur (Deildartunguhver).

□ Lega lands þess, sem taka skal eignarnámi, svo og mörk þess, eru sýnd á uppdrætti, sem fylgir lögum þessum og er hluti þeirra.[1)]

[1)] *Um fylgiskjal, sjá Stjtíð. A 1979, bls. 196 – 7.*

■ **2. gr.** Um framkvæmd eignarnámsins og ákvörðun bóta skal farið eftir ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms.

□ Verði reist jarðhitastöð á hinu eignarnumda landi skuldbindur eignarnemi sig til að láta eignarnámsþola í té við stöðvarvegg samtals 10 l/sek. af vatni úr hvernum án endurgjalds.

■ **3. gr.** Þegar eignarnemi hefur tekið við hinu eignarnumda er ríkissjóði heimilt að afhenda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hin eignarnumdu verðmæti til afnota eftir því sem almenningsþörf krefur og um semst, og verði þá m. a. höfð hliðsjón af hagsmunum íbúa Reykholtsdalshrepps.

□ Hitaveita Akraness og Borgarness greiði ríkissjóði eignarnámsbætur og allan kostnað hans af aðgerðum þessum.

**1979** Nr. 57 31. maí

**1981** Nr. 60 4. júní

## Lög um raforkuver.

■ **1. gr.** Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar – að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 MW afl, – að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW afl, – að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m. a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga, – að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjun) með allt að 130 MW afli, [– að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl, – að stækka Kröfluvirkjun í allt að 60 MW afl].[1)]

□ Ríkisstjórninni er heimilt að semja við Landsvirkjun m. a. um að reisa og reka eftirtaldar vatnsaflsvirkjanir. Uns þeir samningar hafa tekist skulu Rafmagnsveitur ríkisins hafa með höndum rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir í nánu samráði við Landsvirkjun.

Virkjun Blöndu í Blöndudal (Blönduvirkjun) með allt að 180 MW afli, – virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) með allt að 330 MW afli, – virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

□ [Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 76 MW afli, í tveimur áföngum (38 MW hvor áfangi), enda liggi fyrir samningur um rekstur hvors áfanga virkjunarinnar um sig sem hluta af raforkukerfi landsins.][2)]

□ Einnig getur ríkisstjórnin heimilað Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og/eða öðrum aðilum, er standa að virkjun jarðvarma, að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum eða stækka slík orkuver, sem fyrir eru, um samtals 50 MW, enda fullnægi aðili skilyrðum sem ríkisstjórnin kann að setja fyrir slíkum heimildum í því skyni að tryggja hagkvæman heildarrekstur raforkukerfisins.

□ Virkjunaraðila er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatna- og háhitasvæðum þeirra virkjana, sem lög þessi taka til, í því skyni að tryggja rekstur orkuveranna gegn truflunum og til að ná fram áætlaðri vinnslugetu.

□ Virkjunaraðila er einnig heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja framangreind orkuver við núverandi landskerfi og Rafmagnsveitum ríkisins og/eða Landsvirkjun er heimilt að styrkja landskerfið að því marki, sem nauðsynlegt er talið til að flytja orkuna til afhendingarstaða út frá landskerfinu.

□ Ríkisstjórnin getur enn fremur heimilað Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun og Orkubúi Vestfjarða að reisa varastöðvar með samtals allt að 50 MW afli á næstu 10 árum í því skyni að tryggja viðunandi öryggi notenda gagnvart bilunum.

[1)] *L. 74/1990, 1. gr.* [2)] *L. 74/1990, 2. gr.*

**1981** Nr. 60 4. júní

■ **2. gr.** [Röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum skal ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og skal þess gætt að orkuöflunin verði með sem hagkvæmustum hætti fyrir þjóðarbúið. Við val á virkjunarkostum skal einnig leitast við að auka öryggi í vinnslu og flutningi á raforku um landið. Áður en iðnaðarráðherra ákveður röð framkvæmda skulu liggja fyrir greinargerðir frá Landsvirkjun, Orkustofnun og öðrum aðilum sem hann kveður til.][1)]

[1)] *L. 74/1990, 3. gr.*

■ **3. gr.** Heimilt er að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af efni, vélum og tækjum til virkjana og orkuveitna skv. 1. gr.

■ **4. gr.** [Virkjunar- og rekstraraðili skv. 1. gr. er undanþeginn tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis og sveitarfélaga að því er varðar framkvæmdir skv. 1. gr. Þó skal greiða sveitarfélögum þau gjöld sem rekstraraðila er gert að greiða vegna húseigna samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.][1)]

[1)] *L. 108/1988, 20. gr.*

■ **5. gr.** Ráðherra getur tekið eignarnámi eða heimilað virkjunaraðila að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda, samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Um mat eignarnámsbóta skal fara eftir ákvæðum 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

**[Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** Takist samningar um að reisa nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar, dags. 13. mars 1990, milli ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL-aðilanna um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver með um 200 þús. tonna framleiðslugetu á ári skal mæta orkuþörf þess með því að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun:

1. Fljótsdalsvirkjun.
2. Stækkun Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni.
3. Stækkun Króflu virkjunar og 1. áfanga Nesjavallavirkjunar takist samningar við Hitaveitu Reykjavíkur um samrekstur virkjunarinnar við raforkukerfi landsins.

■ **II.** Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að verja allt að 300 milljónum króna á árinu 1990 til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar, stækkunar Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stofnlína eins og nauðsynlegt er til þess að unnt verði að sjá nýju álveri fyrir nægri raforku árið 1994 og taka að láni þá fjárhæð eða jafnvirði hennar í erlendri mynt.][1)]

[1)] *L. 74/1990, ákvæði til bráðabirgða.*

**1932** Nr. 27 23. júní

## Lög um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.[1)]

[1)] *Tilvitnanir til liða í 1. gr. eiga við greinina eins og hún var upphaflega orðuð í l. 27/1932.*

■ **1. gr.** [Til þess að bæta samgöngur um vatnasvæði Þverár og Markarfljóts í Rangárvallasýslu og varna skemmdum af ágangi vatns, skal gera þessi mannvirki:

1. Nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að veita Markarfljóti, Álum, Affalli og Þverá að Markarfljótsbrú.
2. Nauðsynlegar endurbætur og lenging varnargarðsins hjá Seljalandi til varnar landspjöllum undir Eyjafjöllum.
3. Varnargarða innan Háamúla í Fljótshlíð og sunnan Markarfljótsbrúar undir Eyjafjöllum, eftir því sem þurfa þykir til að verjast eyðingu gróðurlendis á þessum slóðum.
4. Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki til varnar gegn yfirvofandi stórfelldum skemmdum á vatnasvæðinu að dómi atvinnumálaráðherra.
5. Flóðgáttir til áveitu, þar sem öruggt er og nauðsyn þykir.][1)]

[1)] *L. 18/1943, 1. gr.*

■ **2. gr.** Vegurinn frá vegamótum Fljótshlíðarvegar fyrir vestan Garðsauka um brýr þær, sem taldar eru í 1. gr., skal vera þjóðvegur, og kostar ríkissjóður að öllu mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr. 1. – 5. lið.

□ Brýr á Þverá og Affall skal gera sem fulltraustar bráðabirgðabrýr.

□ Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem talin eru í 1. gr. 6. og 7. lið, skal kosta þannig:

[Ríkissjóður kostar að öllu leyti mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr., 1. og 2. lið.

Ríkissjóður kostar að ⅞ hlutum mannvirki þau, sem talin eru í 3. lið, en sýslufélag Rangárvallasýslu að ⅛ hluta.

Ríkissjóður kostar að ¾ hlutum fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem talin eru í 4. og 5. lið, og sýslufélag Rangárvallasýslu að ¼ hluta.][1)]

[1)] *L. 18/1943, 2. gr.*

■ **3. gr.** Sýslunefnd Rangárvallasýslu veitist heimild til að jafna niður, að einhverju eða öllu leyti, þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að inna af hendi samkvæmt 2. gr., á þær jarðir í sýslunni, sem hagnað hafa af fyrirhleðslunni.

□ Við niðurjöfnun þessa skal aðallega miðað við þær auknar nytjar, sem jarðirnar hafa fengið vegna fyrirhleðslanna. Skal sýslunefnd afla ábyggilegra skýrslna um þetta áður en jafnað er niður gjaldinu, og skulu skýrslurnar gefnar af tveim óvilhöllum mönnum, er til þess skulu sérstaklega dómkvaddir. Verði þeir eigi sammála um einhver atriði, dómkveður héraðsdómari, ef hann á hér eigi hagsmuna að gæta, ella næsti héraðsdómari, þriðja manninn sem oddamann.

□ Niðurjöfnun sýslunefndar geta jarðeigendur, sem gjaldið er jafnað niður á, skotið til atvinnumálaráðherra, er lætur rannsaka málavöxtu og leggur á þá fullnaðarúrskurð.

■ 4. gr. Sé gjald það, sem þannig er jafnað niður á jarðir þær, sem hér eiga hlut að máli samkvæmt 3. gr., eigi greitt með þeim hætti, er sýslunefnd áskilur, getur hún látið taka eignarnámi jörð þá, sem vanskilin stafa frá, og verður sýslufélagið eigandi jarðarinnar. Greiðir það jarðeiganda það, sem umfram er af matsverði jarðarinnar gjaldi því og kostnaði, sem honum ber að greiða.

□ Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hér segir, dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn, sem ekki eru við fyrirtækið riðnir. Um mat þetta, og yfirmat, þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaganna frá 20. júní 1923.

■ **5. gr.** Ríkisstjórnin sér um framkvæmd allra þeirra mannvirkja, er um ræðir í þessum lögum, en umsjón og viðhald mannvirkja þeirra, er um ræðir í 1. gr., 6. og 7.

**1932** Nr. 27 23. júní

lið, að þeim loknum, annast sýslunefnd, þó með þeirri undantekningu, er um getur í 7. gr. Kostnaði, sem af viðhaldi leiðir, getur sýslunefnd jafnað niður á hlutaðeigandi jarðir, eftir sömu reglum og í 3. gr. segir um niðurjöfnun á stofnkostnaðarhlutdeild sýslufélagsins.

□ Leiguliði á jörð skal skyldur, ef jarðeigandi krefst, að viðlögðum ábúðarmissi, að greiða hinn árlega niðurjafnaða viðhaldskostnað, en af stofnkostnaði eigi meira en vexti af því, sem jarðeigandi hefir lagt fram.

■ **6. gr.** Bætur fyrir skemmdir á landi, er sannað þykir, að fyrirhleðslur þær, sem gerðar eru til þess að veita vötnum í farveg Markarfljóts, hafi beinlínis valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slíkar skaðabætur eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanna stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, eða ef um verulegt tjón er að ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd matsins og greiðslu skaðabóta, svo sem fyrir er mælt í vatnalögunum frá 20. júní 1923.

■ **7. gr.** Viðhald mannvirkja þeirra, sem gerð verða skv. lögum þessum, skal kosta af sýslufélagi Rangárvallasýslu og ríkissjóði í sömu hlutföllum og stofnkostnað. Framkvæmd viðhaldsins annast ríkisstjórnin.

■ **8. gr.** Ákvæði laga þessara um viðhald flóðgátta og mannvirkja til varnar ágangi vatns skulu einnig gilda að því er snertir mannvirki, sem gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 69 14. nóv. 1917, um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

■ **9. gr.** Ríkisstjórnin skal hafa eftirlit með því, að mannvirkjum þeim, er gerð verða, sé vel við haldið, og skal sýslunefnd Rangárvallasýslu skylt að hlíta fyrirskipunum hennar hér að lútandi.

□ Um viðhaldið og allt það, er þar til heyrir, skal sýslunefnd gera samþykkt, og skulu þar greindar þær jarðir allar, sem verkið nær til samkvæmt ákvæðum þessara laga. Samþykktin öðlast gildi, er hún hefir hlotið staðfesting atvinnumálaráðuneytisins.

□ Sektir má ákveða í samþykktinni fyrir brot gegn henni, og renna þær í sérstakan sjóð, til viðhalds fyrirhleðslunum. Með mál út af brotum gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.

■ **10. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til framkvæmda þeirra, sem taldar eru í 1. – 4. lið 1. gr. laga þessara.

## Lög um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

**1945** Nr. 113 31. des.

■ **1. gr.** Til þess að varna yfirvofandi, stórfelldum skemmdum af ágangi vatns úr Héraðsvötnum á undirlendi Skagafjarðar vestan Vatna skulu gerðar fyrirhleðslur með nauðsynlegum flóðgáttum.

■ **2. gr.** Ríkissjóður greiðir kostnað af fyrirhleðslunni og öðrum framkvæmdum en flóðgáttum að ⅞ hlutum, en sýslufélag Skagafjarðar annast um greiðslu ⅛ hluta. Kostnaður af flóðgáttum greiðist af ríkissjóði að ¾ hlutum, en sýslufélaginu að ¼ hluta. Viðhald mannvirkja þeirra, sem þegar eru gerð og gerð verða samkvæmt lögum þessum, greiðist einnig af áðurnefndum aðilum og í sömu hlutföllum.

■ **3. gr.** Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist heimild til að jafna niður að einhverju eða öllu leyti þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að annast um greiðslu á samkv. 2. gr., á þær jarðir, sem eiga lönd, hús og mannvirki í hættu, ef Héraðsvötnin brytust vestur í Svartá og norður Vallhólminn. Við niðurjöfnun þessa skal aðallega miðað við fasteignamat þeirra landa, húsa og annarra mannvirkja, sem hættan vofir yfir.

**1945** Nr. 113 31. des.

■ **4. gr.** Sýslunefndin kýs 3 óvilhalla menn til að kveða á um, hvaða jarðir falli undir ákvæði laga þessara, og semja gjaldskrá, er sýni hundraðshluta hverrar jarðar í fyrirhleðslukostnaðinum. Eigendur þeirra jarða, sem matsgerð þessi tekur til, geta krafizt yfirmats. Í yfirmat dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn. Gjaldskrána skal endurskoða á 10 ára fresti.

■ **5. gr.** Gjald það, sem jafnað er niður á jarðirnar samkvæmt 3. gr., greiðist af jarðareigendum. Nú er gjaldið ekki greitt af jörð, svo sem sýslunefnd hefur áskilið, og getur hún þá látið fara fram fjárnám í jörðum til lúkningar skuldinni.

■ **6. gr.** Ríkisstjórnin sér um byggingu og viðhald þeirra mannvirkja, er um ræðir í 1. gr.

■ **7. gr.** Bætur fyrir landspjöll við framkvæmd fyrirhleðslunnar eða spjöll, sem sannað þykir, að fyrirhleðslan hafi beinlínis valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slíkar skaðabætur eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðsmanna stjórnarvalda þeirra, er bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, enda sé um verulegt tjón að ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd og greiðslu skaðabóta svo sem fyrir er mælt í vatnalögunum frá 20. júní 1923.

■ **8. gr.** Heimilt er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að fela framkvæmdir þær, er um ræðir í 3. og 5. gr., félagi, sem hefur það markmið að vinna að fyrirhleðslu Héraðsvatna og í eru jarðeigendur þeir, er lög þessi taka sérstaklega til, enda starfi félagið samkvæmt samþykkt, er ráðherra staðfestir. Skylt er félaginu að taka að sér áðurgreindar framkvæmdir, ef sýslunefndin óskar þess.

■ **9. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, ...[1] og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

[1] *L. 10/1983, 66. gr.*

## Lög um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

**1975** Nr. 43 26. maí

■ **1. gr.** Vinna skal að heftingu landbrots og hindra önnur spjöll á nytjalandi af völdum vatna með fyrirhleðslum og lagfæringum á árfarvegum, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

□ [Landgræðsla ríkisins fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um, fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.][1]

[1] *L. 36/1979, 1. gr.*

■ **2. gr.** Í hverri sýslu skal starfa matsnefnd skipuð fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Vegagerðar ríkisins.

□ Matsnefndir skulu fylgjast með landbroti og hættu á landspjöllum af völdum vatna. Þær skulu taka við erindum frá landeigendum, sem telja nytjalönd sín eyðast eða vera í yfirvofandi hættu af þessum sökum.

□ [Matsnefndir skulu semja álitsgerð um allar nauðsynlegar varnarframkvæmdir samkvæmt 1. gr. fyrir 1. maí ár

1975 Nr. 43 26. maí

hvert. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður við fyrirhleðslur og aðrar lagfæringar á árfarvegum í sýslunni fyrir næsta ár eða fleiri, ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Enn fremur sé gefin stutt lýsing á tilhögun fyrirhugaðra framkvæmda á hverjum stað.

☐ Álitsgerðina skal matsnefnd senda til Landgræðslu ríkisins, en afrit af henni til Vegagerðar ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, búnaðarsambands sýslunnar og þeirra landeigenda, sem hlut eiga að máli.][1)]

[1)] *L. 36/1979, 2. gr.*

■ **3. gr.** Vegagerð ríkisins skal annast verkfræðilegan undirbúning, þegar um meiri háttar framkvæmdir er að ræða samkvæmt ákvæðum þessara laga.

☐ Í því skyni skal hún, þegar við verður komið, afla sér sérhæfðra starfskrafta á þessu sviði svo og til að gera vatnafræðilegar athuganir á því, hvernig heppilegast er að vinna gegn ágangi vatna.

■ **4. gr.** Ríkissjóður greiðir ⅞ hluta kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir samkvæmt því, sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Landeigendur, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu eða landsnytjum, greiða ⅛ hluta, sem skiptist á milli þeirra að tiltölu við það, hvers virði hagurinn verður hverjum þeirra talinn. Verði ekki samkomulag um skiptingu á kostnaðarhluta landeigenda, skera matsnefndir úr. Ef ágreiningur verður innan matsnefndar, skipar ráðherra oddamann og ræður þá afl atkvæða niðurstöðu. Framkvæmdum má fresta, ef ekki er samkomulag um þær eða kostnaðarskiptingu milli landeigenda.

■ **5. gr.** Nú þarf með fyrirhleðslum eða á annan hátt að stöðva landbrot, sem stofnar opinberum mannvirkjum, svo sem vegum, í hættu, og greiðir ríkissjóður þá allan kostnað, enda þótt í landi einstaklinga sé. Á sama hátt greiðir ríkissjóður að fullu kostnað við framkvæmdir, sem vinna þarf til þess að hindra landbrot eða ágang vatns, sem hefst vegna aðgerða opinberra aðila, t. d. þar sem þrengt er að ám við vega- og brúargerðir, straumrennsli breytist vegna efnistöku úr árfarvegi o. s. frv.

■ **6. gr.** Þar sem framkvæmdir samkv. lögum þessum kunna að snerta veiði eða fiskræktarmöguleika í viðkomandi vatni, er skylt að kynna framkvæmdaáætlanir fyrir stjórn viðkomandi veiðifélags, þannig að henni gefist kostur á að gefa um þær umsögn.

■ **7. gr.** Nú telur matsnefnd, að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir, vegna yfirvofandi skemmda á nytjalandi, og skal það þá heimilt, enda komi samþykki landbúnaðarráðuneytisins til. Framlög til slíkra framkvæmda skulu njóta forgangs á fjárlögum næsta árs.

■ **8. gr.** [Vegagerð ríkisins sér um byggingu og viðhald mannvirkja samkvæmt fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni í samráði við Landgræðslu ríkisins.][1)] Vegagerðin skal og annast greiðslu á hluta ríkisins af framkvæmdakostnaði, að því marki, sem fjárlög heimila.

[1)] *L. 36/1979, 3. gr.*

■ **9. gr.** Bætur fyrir landspjöll vegna framkvæmda, t. d. ef vatni er veitt á land annars manns, skal telja með kostnaði við verkið. Bætur skal ákveða með mati eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, ef eigi semur.

■ **10. gr.** Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

# IV. g. Veitingar.

## Lög um veitinga- og gististaði.

1985 Nr. 67 28. júní

■ **1. gr.** Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

☐ Lög þessi taka til sölu á gistingu, sölu veitinga annarra en áfengis og leigu á samkomusölum í atvinnuskyni.

☐ Enginn má stunda rekstur skv. 2. mgr. nema hafa til þess leyfi.

■ **2. gr.** Til þess að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum þarf umsækjandi að:

a. vera fjárráða,

b. hafa forræði á búi sínu,

c. vera heimilisfastur á Íslandi og hafa verið það síðustu ár.

☐ Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita félagi fullnægi ábyrgðarmaður þess ofangreindum skilyrðum.

☐ Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi skal falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

☐ Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

☐ Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um menntun starfsfólks veitinga- og gististaða sem lög þessi taka til og binda leyfi skv. lögum þessum skilyrðum er að því lúta.

■ **3. gr.** Lögreglustjóri veitir leyfi samkvæmt lögum þessum, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits.

☐ Leyfið er veitt til fjögurra ára í senn og skal þá endurnýjað. Leyfið skal vera bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt.

☐ Synja má leyfisumsókn geri sérstakar aðstæður starfsemina óæskilega. Umsækjanda skal tilkynnt slík ákvörðun skriflega og ástæður tilgreindar.

☐ Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

■ **4. gr.** Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi þarf til skv. lögum þessum skal sótt um nýtt leyfi. Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi.

■ **5. gr.** Þrotabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram meðan á skiptum stendur.

■ **6. gr.** Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda starfsemi áfram í allt að eitt ár eftir andlát leyfishafa án nýs leyfis.

■ **7. gr.** Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi er hann hefur veitt:

a. ef skilyrðum 2. gr. er ekki lengur fullnægt,

b. ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

☐ Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega.

■ **8. gr.** Flokkun gististaða er sem hér segir:

a. Hótel.

Gististaður þar sem gestamóttaka er opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera með hverju herbergi. Undanþágu má þó

**1985** Nr. 67 28. júní

veita fyrir hluta herbergja. Þó skal alltaf vera handlaug í hverju herbergi og fullbúin snyrting nærliggjandi.

b. Gistiheimili.

Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.

c. Gistiskáli.

Svefnpokagisting í herbergjum eða svefnskálum.

d. Gisting á einkaheimilum.

Gisting á heimili leigusala.

☐ Gistileyfi veitir einnig rétt til veitingasölu samkvæmt ákvæðum þar um.

■ **9. gr.** Flokkun veitingastaða er sem hér segir:

a. Veitingahús.

Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fullkomna þjónustu.

b. Skemmtistaður.

Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi, fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk og fullkomna þjónustu.

c. Veitingastofa, greiðasala.

Veitingastaður með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk og takmarkaða þjónustu.

d. Veisluþjónusta, veitingaverslun.

Máltíðasala, ekki til neyslu á staðnum.

e. Einkasalir, félagsheimili og útisamkomur.

Tækifærisveitingar á opinberum samkomum eða einkasamkomum. Leyfi bundin við einstök tækifæri.

■ **10. gr.** Rekstraraðilar, er undir þessi lög falla, skulu veita stjórnvöldum upplýsingar skv. nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustunni almennt og/eða rekstri veitinga- og gistihúsa sérstaklega sem atvinnugreinar.

■ **11. gr.** Lögreglustjóri heldur skrá yfir veitt leyfi skv. lögum þessum. Á skránni skal vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin er rekin, hvenær leyfið var afhent, hvenær það gekk í gildi og annað það er ráðuneytið kann að ákveða.

■ **12. gr.** Um eftirlit fer skv. lögum og reglugerðum um hollustuhætti og heilbrigðismál,[1] eftirlit og aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum[2] og brunamál.[3]

[1] *Sbr. l. 81/1988.* [2] *Sbr. l. 46/1980.* [3] *Sbr. l. 74/1982.*

■ **13. gr.** Gististað er heimilt að halda farangri gesta til tryggingar ógreiddum og ófrágengnum skuldum.

☐ Sé skuld ekki gerð upp er heimilt að selja viðkomandi eigur til skuldalúkningar.

■ **14. gr.** Ráðherra setur með reglugerð[1] nánari reglur um framkvæmd laga þessara eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku þeirra. Um gerð reglugerðarinnar skal hafa samráð við Samband veitinga- og gistihúsa og Hollustuvernd ríkisins.

[1] *Rg. 288/1987.*

■ **15. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum með heimild í þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

■ **16. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53/1963 og 2. gr. laga nr. 57/1982.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 53 20. apríl 1963 skulu halda gildi sínu þann tíma sem þau kveða á um.

**Lög um byggingu gistihúss í Reykjavík.**[1] **1946** Nr. 36 29. apríl

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 2082 – 2083.*

# IV. h. Veiði.

**Tilskipun um veiði á Íslandi.** **1849** 20. júní

■ **1. gr.** Á Íslandi skulu héðan í frá jarðeigendur einir eiga dýraveiði ...,[1] nema öðruvísi sé ákveðið í tilskipun þessari. Svo skulu og veiðiítök þau, er menn hafa fengið að lögum fyrir utan landareign sína, standa óröskuð að öllu.

☐ Nú eiga fleiri jörð saman, og er henni skipt í parta milli þeirra eftir merkjum, þá er svo um veiði á hverjum parti sem heil jörð væri. En ef ekki er skipt jörðu eftir merkjum, þá er öllum eigendum veiði jafnheimil á þeirri jörðu, nema þeir hafi gert annan samning sín í milli, og skal hann þó eigi lengur standa en þeir eiga jörð saman.

[1] *L. 63/1954, 39. gr.*

■ **2. gr.** Á afréttum, sem fleiri eiga saman, ber veiði þeim mönnum, sem afrétt heyrir til. Á almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.

■ **3. gr.**[1] Á landi skulu veiði ráða rétt landamerki jarðar hverrar. Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60[2] faðma frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans. Nú liggja eyjar eða hólmar undir jörð, þá skal mæla lóðhelgi jarðar á sama hátt frá landi og jafnt í allar áttir frá eyjum og hólmum. Ef jarðir þær eða eyjar eða hólmar, sem ekki er einn eigandi að, liggja tveim megin við firði og víkur eða sund, og er ekki hundrað faðma tólfrætt í milli, þá á hver jarðeigandi veiði út á miðjan fjörðinn eða víkina eða sundið. Þar sem varplönd eru eða látur eða lagnir, fer um það sem síðar segir.

[1] *Sbr. l. 76/1970, II. kafli.* [2] *Sbr. l. 39/1914, 2. gr. og l. 15/1923, 4. gr.*

■ **4. gr.** Enginn jarðeigandi má skilja að veiðiréttinn og lóðina; því fylgir veiðirétturinn jörðum, þá er þær eru byggðar, sem notkunarréttur, er ekki verður frá lóðinni skilinn. En ábúandi má ekki heldur ljá neinum veiði þá að staðaldri án leyfis jarðeiganda, sem skal eiga kost á að ákveða allt nákvæmar í leigumálanum um veiði þá, er leiguliði fær með ábúðinni, eftir því sem þeim semur um.[1]

☐ Ef fleiri eru ábúendur á einni jörð, skal svo fara um veiði, meðan ábúð þeirra stendur, sem fyrir er mælt í 1. gr., þá er fleiri eiga jörð saman.

[1] *Sbr. l. 64/1976, 24. gr.*

■ **5. gr.** Nú drepur maður dýr ...,[1] eða veiðir með einhverjum hætti í annars manns landi, þar sem hann á ekki veiði, þá veiðir hann þeim, er þar á veiði, og skal hann hafa skaða sinn að öllu bættan, eftir því sem skynsamir menn meta og óvilhallir. Sá skal skaða bæta, er skaða gerði, og sektast hann þar á ofan um hálfan ríkisbankadal eða meir, allt að 10 ríkisbankadölum, eftir því sem á stendur, og skal það þá mestu ráða, ef hann hefir brotið oftar en í það skipti.

[1] *L. 63/1954, 39. gr.*

■ **6. gr.** Ef maður er á lóð sinni og skýtur þaðan dýr ...,[1] sem í annars manns veiðilandi eru, eða drepur með öðrum hætti, þá er sem hann hefði veitt í annars manns

**1849** 20. júní

landi. Sama liggur við, ef sá maður, sem veiði á, særir dýr ...[1] á sínu landi og eltir í annars manns land, eða fer þangað, sem hann á ekki veiði, til að sækja dýr ...,[1] er þar gefast upp.

[1] *L. 63/1954, 39. gr.*

■ **7. gr.** Birni má hver maður elta og veiða hvar sem hann finnur, og á sá björn, er fyrst kemur banasári á hann. En sá, er þar á veiði, og þeir menn, er að veiði bjarnarins voru, skulu ekki hafa nema endurgjald fyrir aðstoð sína.

□ Hreina[1] má og veiða og elta, hvar sem er.

[1] *Sjá þó l. 28/1940.*

■ **8. gr.**[1] Um refaveiði er það leyft, að vinna gren í annars manns landi og drepa bæði refi þá, er þar eru, og yrðlinga þeirra, með hverjum hætti, sem unnt er. Vilji maður leggja refaboga á annars manns landi, eða gera þar refagildrur eða skothús til að skjóta þaðan refi, skal hann segja til ábúanda, og er hann skyldur til að leggja á samþykki sitt, nema hann kjósi heldur að eyða sjálfur refum í landi sínu með slíkum hætti. En ef hann synjar leyfis og vinnur þó ekkert að, til að eyða refunum, og óvilhallir menn meta svo, að hann geti eigi beðið skaða af refaveiði þeirri, er til var stofnað, þá er hann sekur um 2 rbd., og skyldur til að þola, að hinn geri veiðivélar þær, er nú var getið.

[1] *Sjá l. 52/1957.*

■ **9. gr.** ...[1]

[1] *L. 74/1941.*

■ **10. gr.** Á slíkan hátt skal friðhelga eggver annarra fugla,[1] ef skynsömum mönnum og óvilhöllum sýnast þau einkar arðmikil.

[1] *L. 33/1966, 9. gr.*

■ **11. – 14. gr.** ...[1]

[1] *L. 74/1941.*

■ **15. gr.**[1] Sýslumenn skulu ótilkvaddir af eiganda hvert ár á manntalsþingum lýsa friðhelgi þeirra staða, þar sem landselaveiði eða útsela nú er tíðkuð með nótum eða öðrum hætti. Vilji maður taka upp nýja staði til selveiða og friðhelga, þá skal hann segja til sýslumanni, og skal hann þá lýsa friðhelgi þeirra hvert ár á manntalsþingum, ef skynsömum mönnum og óvilhöllum sýnast þeir vel hentir til slíkrar veiði. Enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa mílu frá látrum eða lögnum; en ef skotið er, eignast sjóður sveitar þeirrar veiðina. [Sá, er brýtur móti grein þessari, skal gjalda sektir og skaðabætur eftir 5. gr. og þar á ofan 50 – 150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er, og renna sektir allar að ⅓ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að ⅔ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skipt eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.][2]

[1] *Sbr. l. 30/1925 og l. 76/1970, IX. kafli.* [2] *L. 25/1925.*

■ **16. gr.**[1] Vöðuseli og annan farsel má hver maður skjóta eða veiða í nótum, hvar sem hann vill, og þó ekki nær annars manns landi en hundrað faðma tólfrætt frá stórstraumsfjörumáli, þar sem nótlög eru, né heldur skjóta nær eggveri eða látrum en áður segir. Nú vill maður leggja nót af landi eða í nótlögum annars manns, þá skal hann semja þar um við þann, er veiði á, og stendur það. En ef hann synjar veiðinnar, og sýnist óvilhöllum mönnum, að hann hefði getað leyft sér að skaðlausu, eða nóteiganda þykir eigandi veiðinnar selja of dýrt leyfi sitt, skal nóteigandi leita sýslumanns, og skal hann bjóða þeim, sem veiði á, að leyfa nótlögin og nefna til menn og kveða á leiguna. Nú leggur maður nót fyrir farsel í nótlögum annars manns og hefir ekki til leyfi þess, er veiði á, eða aðra heimild, þá veiðir hann honum. Með ábyrgð hans og upptöku nótanna skal fara eftir fyrirmælum 12. gr. Skutulveiði er heimil hvar sem stendur, nema þar er látur eru eða nótlög. Þar sem menn eru að skutulveiði má ekki skjóta nær með byssu en svo, að óvilhöllum mönnum eigi þyki skaði að, og aldrei í vaðinn; en ef nokkur gerir það, gjaldi 5 rbd. fyrir hvert skot.

[1] *Sbr. l. 30/1925 og l. 76/1970, IX. kafli.*

■ **17. gr.** Það skal vera skylda þeirra manna, sem leiðbeina útlendum skipum inn á hafnir, að segja skipstjórnarmönnum hvar friðheilög eggver eða selveiði þar er í grennd við kauptúnin, og hvert bann við er lagt, ef skotið er of nærri þeim úr fallbyssum eða öðrum byssum. Nú er skotið af skipi, og ber ekki nauðsyn til, þá verður skipstjórnarmaður sekur um það; en eiga skal hann heimting til endurgjalds að leiðsögumanni, ef hann var á skipi þá er skotið var, og hinn getur sannað, að leiðsögumaður hefir ekki sagt honum til sem vera ber.

■ **18. gr.** Nú hefir maður orðið sekur um ólöglega veiði, annaðhvort með dómsatkvæði eða amtmannsúrskurði[1] og brýtur hann oftar en í það skipti, þá skal hann í hvert skipti hafa fyrirgert netum og öðrum veiðitólum, er hann hefir viðhaft, og eignast sveitarsjóðurinn þau, hver sem sök sækir, yfirvald konungs eður sá, sem skaða beið. Allar sektir, sem goldnar eru eftir tilskipun þessari, eignast sveitarsjóðirnir.

[1] *Sbr. nú l. 74/1974.*

■ **19. gr.** Ef brotið er móti 11. – 15. gr.[1] í tilskipun þessari, skal fara með sakir þær sem opinber lögreglumál; því skal valdsmaður konungs rannsaka málið og dæma hinn seka, hvort sem sá, er skaða beið, eða aðrir út í frá, segja honum til afbrotsins, eða hann fær vitneskju um það á annan hátt, nema sá hinn seki kjósi heldur að málið sé útkljáð á þann hátt, sem mælt er í 10. gr. tilskipunarinnar 24. jan. 1838.[2] Þó skal sá, er skaða beið, eiga kost á að höfða sök og sækja á sinn kostnað, ef honum svo sýnist, t. a. m. ef valdsmanni skyldi þykja skýrslur þær, sem fram eru komnar, ónógar til opinberrar málssóknar.

□ Öll mál önnur, er höfðuð eru um afbrigði þessarar tilskipunar, skal til dóms sækja á sama hátt og lögreglumál, þau er ekki eru opinber.

[1] *Sbr. nú l. 74/1974.* [2] *Sbr. nú augl. A 96/1969; l. 74/1974, 112. gr.*

■ **20. gr.** Ef maður veiðir heimildarlaust, og verður það uppvíst, þá er málið er rannsakað, að hann hafi framið nokkurn þann misverka um leið, er stórglæpasök fylgir, skal til taka veiðisektina í dómsatkvæði því, er gert er um stórglæpasökina.

■ **21. gr.** Með þessari tilskipun er allt það aftekið sem lög hafa verið hingað til um fuglaveiði og dýraveiði og selveiði, en allar greinir laganna um fiskveiði, sem ekki er breytt í þessari tilskipun, og um hvalveiði skulu fyrst um sinn standa óraskaðar.

**1849** 20. júní

1957 Nr. 52 5. júní

## Lög um eyðingu refa og minka.

■ **1. gr.** [Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varða eyðingu refa og minka. Skipar umhverfisráðherra veiðistjóra er hafa skal sérmenntun á sviði náttúrufræði sem nýtist honum í starfi. Kostnaður við embætti veiðistjóra greiðist úr ríkissjóði.

□ Heimilt er ráðherra að fela veiðistjóra önnur störf er miða að stjórn á stærð villtra dýrastofna.][1)]

[1)] *L. 47/1990, 7. gr.*

■ **2. gr.** Veiðistjóri skal, svo sem kostur er, afla upplýsinga um refa- og minkastofninn og útbreiðslu hans í landinu, leiðbeina veiðimönnum, er fást við eyðingu refa og minka, halda námskeið fyrir veiðimenn og skipuleggja aðgerðir á stærri svæðum, þegar nauðsyn þykir, og gera tilraunir með ný tæki og vinnsluaðferðir, er líklegar þykja til þess að eyða dýrum þessum. Hann skal árlega gera yfirlit um veiðiaðgerðir í landinu og árangur þeirra, enda er sýslumönnum skylt að senda honum allar veiðiskýrslur og upplýsingar, er veiðistjóri þarf vegna starfs síns. Yfirlit þetta skal birta ár hvert opinberlega.

□ Skylt er veiðistjóra að gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um allt það, er hann telur að stuðla megi að útrýmingu refa og minka.

■ **3. gr.** Sýslumenn og bæjarfógetar skulu ásamt veiðistjóra sjá um, að stjórnir bæja og sveita annist eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði. Eigi fleiri sveitir eða bæir sameiginlegt upprekstrarland, skal fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags eyðingu nefndra vargdýra, og skal kostnaði við eyðingu jafnað á þá aðila, er upprekstrarrétt eiga án tillits til þess, hvort upprekstrarréttur er notaður eða ekki.

□ Nú hefur hreppur farið í eyði, og skal þá sýslumaður sjá um framkvæmd laga þessara á því svæði á kostnað ríkissjóðs, sem svarar hluta hreppsins.

■ **4. gr.** Sérhver sveitar- og bæjarstjórn eða stjórn upprekstrarfélags, sbr. 3. gr., skal á hverju vori sjá um grenja- og minkaleitir í heima- og afréttarlöndum hreppsins (bæjarfélagsins), hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins (bæjarfélagsins), og sjá um vinnslu grenja og minkabæla.

■ **5. gr.** Stjórnir sveita, bæja eða upprekstrarfélaga skulu ráða veiðimenn, einn eða fleiri, til þess að leita að og vinna greni og minkabæli á þeim svæðum, sem þeim ber skylda til.

□ Ráða skal sérstakan mann eða menn (skotmenn) til þess að vinna greni. Heimilt er einnig að ráða vökumann, sem skotmaður tekur gildan, til þess að vera með skotmanni á greni.

□ Þar sem betur þykir henta, skal að fengnu samþykki skotmanns ráða sérstakan mann eða menn til þess að vinna mink og minkabæli. Skal sýslumaður, í samráði við veiðistjóra, hafa eftirlit með því, að veiðimenn þessir geri tvisvar á ári að minnsta kosti skipulagða leit á þeim slóðum í lögsagnarumdæminu, sem minka er helzt von, í því skyni að eyða mink.

□ Veiðimenn þeir, sem hér um ræðir, skulu reiðubúnir til starfs, þegar þörf krefur og hvenær sem greni eða minkabæli finnst.

■ **6. gr.** Óheimilt er öðrum en skotmönnum, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 5. gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.

■ **7. gr.** Þegar greni finnst, sem lagt er í, hvort heldur í grenjaleit eða á öðrum tíma, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er, fyrr en skotmaður er kominn á vettvang. Ef einn maður finnur grenið, og geti hann ekki komið vitneskju til skotmanns nema fara sjálfur, skal hann hraða för sinni og tilkynningu um fundinn svo sem frekast er unnt. Kostnaður við slíkt telst með öðrum refaeyðingarkostnaði.

■ **8. gr.** [Skotmenn og vökumenn, sem liggja á grenjum, sbr. 5. gr., skulu taka laun fyrir störf sín samkvæmt samningi við aðila þá, er sjá um að vinna greni. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr og yrðlinga, þegar ráðningarkjör veiðimanna þessara eru ákveðin.

□ Á sama hátt skal semja um kaup þeirra manna, er taka að sér að vinna minka og minkabæli, sbr. 5. gr.][1)]

[1)] *L. 47/1980, 1. gr.*

■ **9. gr.** [Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr (fullorðin dýr og yrðlinga), hlaupadýr og mink skal ákveðið ár hvert af [umhverfisráðherra],[1)] eftir því sem fé er veitt á fjárlögum og að fenginni umsögn veiðistjóra. Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi, enda séu honum færðar sannanir fyrir að dýrin hafi verið unnin.][2)]

[1)] *L. 47/1990, 7. gr.* [2)] *L. 47/1980, 2. gr.*

■ **10. gr.** Stjórnir sveitar- og bæjarfélaga skulu halda skrá yfir öll þekkt greni ásamt lýsingu á þeim. Gera má vörður eða skotbyrgi við greni, þar sem þörf er, og skulu skotmenn halda þeim við. Heimilt er að eyðileggja greni, sem torunnin eru, og lagfæra önnur, sem eru auðunnin. Um slíkar aðgerðir skal hafa samráð við oddvita eða veiðistjóra. Ekki má láta hunda hlaupa á greni á grenjavinnslutímanum. Varast skal einnig að hafa þar óþarfa umgang og hark.

■ **11. gr.** Skylt er oddvitum og bæjarstjórum að sjá um eitrun fyrir refi og minka samkvæmt fyrirmælum [umhverfisráðuneytis][1)] og á þeim svæðum, er veiðistjóri telur líklegust til árangurs hverju sinni. Skal veiðistjóri hafa eftirlit með því, að eitrun sé framkvæmd eins og til er ætlazt. Skal við eitrun fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum veiðistjóra. Héraðslæknar og lyfjaverzlanir láta oddvitum í té eitur samkvæmt fyrirmælum landbúnaðar- og heilbrigðismálaráðuneytisins.

[1)] *L. 47/1990, 7. gr.*

■ **12. gr.** Oddvitar, bæjarstjórar eða formenn upprekstrarfélaga skulu árlega gera skýrslur um eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði, og skulu skýrslurnar, í tvíriti, fylgja reikningum yfir veiðikostnað til sýslumanns. Óheimilt er að greiða reikninga þessa nema veiðiskýrslur fylgi.

■ **13. gr.** [Stjórnir sveitarfélaga eða aðrir sem annast eyðingu refa og minka samkvæmt lögum þessum skulu ár hvert gera sundurliðað reikningsyfirlit um kostnað við starfsemi þessa. Skulu reikningar lagðir fyrir sýslumann til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslumaður reikninga rétta og hóflega og endurgreiðir þá ríkissjóður sveitarfélögum ¾ hluta útlagðs kostnaðar við framkvæmd laga þessara.][1)]

□ ...[2)]

[1)] *L. 108/1988, 24. gr.* [2)] *L. 47/1990, 7. gr.*

■ **14. gr.** [Umhverfisráðuneytið][1)] setur að fengnum tillögum veiðistjóra reglugerð um meðferð og notkun eiturs til eyðingar refa og minka, um boga, gildrur, skotvopn og notkun þeirra.[2)] Enn fremur um skýrsluhald vegna refa- og minkaveiða.

□ Einnig er ráðuneytinu heimilt eftir tillögum veiðistjóra að setja fyllri ákvæði í reglugerð um efni þau, sem um ræðir í lögum þessum.

□ Stjórnarvaldsreglur um eyðingu refa og minka, sem

**1957** Nr. 52 5. júní

settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, halda gildi sínu, þar til nýjar reglur hafa verið settar.

[1)]*L. 47/1990, 7. gr.* [2)]*Rg. 177/1958.*

■ **15. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum ...,[1)] nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ Nú vanrækir sveitar- eða bæjarstjórn að framfylgja fyrirmælum þessara laga, og skal þá [umhverfisráðuneytinu][2)] heimilt að svipta það sveitar- eða bæjarfélag framlagi því úr ríkissjóði, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, eitt ár í senn.

[1)]*L. 75/1982, 46. gr.* [2)]*L. 47/1990, 7. gr.*

**1937** Nr. 29 13. júní

## Lög um útrýmingu sels í Húnaósi.

■ **1. gr.** Veiðifélag Vatnsdalsár skal hafa einkarétt til að útrýma sel úr Húnaósi. Ræður stjórn félagsins mann eða menn til starfans.

■ **2. gr.** Presturinn í Steinnesi fái bætur fyrir missi heimatekna vegna selveiði í Húnaósi. Ríkissjóður greiðir bæturnar eins og þær eru metnar.

**1925** Nr. 30 27. júní

## Lög um selaskot á Breiðafirði og uppidráp.

■ **1. gr.** Öll selaskot skulu hér eftir bönnuð á Breiðafirði og fjörðum þeim, sem inn úr honum ganga, fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli, sunnan Breiðafjarðar, í Stagley og frá Stagley hálfa mílu frá Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu. ...[1)]

□ Í selalátrum á bannsvæðinu er engum öðrum en eigendum eða umráðamönnum látranna heimilt að rota seli eða drepa uppi.

[1)]*L. 61/1932, 94. gr.*

■ **2. gr.** Brot gegn 1. gr. varða sektum og skaðabótum eftir 5., 15., og 16. gr. í tilskipun 20. júní 1849, þó svo, að viðbótarsekt sú, sem ákveðin er í niðurlagi 15. gr., skal vera 50 – 150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er eða uppi er drepinn, og renna að ⅓ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að ⅔ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal upptæk og andvirði hennar skipt eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.

**1949** Nr. 26 3. maí

## Lög um hvalveiðar.

■ **1. gr.** [Rétt til að stunda hvalveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, til að landa hvalafla, þótt utan þeirrar landhelgi sé veitt, og til að verka slíkan afla í landi eða í fiskveiðilandhelgi Íslands, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Slík leyfi má aðeins veita íslenskum ríkisborgurum. Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar.][1)]

□ Ef um félag er að ræða, skal meira en helmingur hlutafjárins vera í eigu manna, sem uppfylla skilyrði fyrstu málsgreinar þessarar greinar, enda sé stjórn félagsins skipuð slíkum mönnum, er eigi heimilisfang og varnarþing á Íslandi.

□ Leyfishafi skal á hverjum tíma veita allar þær upplýsingar um starfsemi sína og starfsháttu, sem atvinnumálaráðuneytið[2)] telur nauðsynlegar.

[1)]*L. 40/1979, 1. gr.* [2)]*Nú sjávarútvegsráðuneytið.*

■ **2. gr.** Erlend skip má ekki nota til hvalveiða nema með leyfi atvinnumálaráðherra.[1)] Skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn. Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt.

[1)]*Nú sjávarútvegsráðherra.*

**1949** Nr. 26 3. maí

■ **3. gr.** Óheimilt er að veiða:

a. Hvalkálfa og hvali, sem kálfar fylgja.

b. Tilteknar tegundir hvala og hvali undir tiltekinni lágmarksstærð, eftir því, sem atvinnumálaráðuneytið[1)] ákveður nánar í reglugerð með hliðsjón af alþjóðasamningum um hvalveiðar, sem Ísland er eða kann að gerast aðili að.[2)]

[1)]*Nú sjávarútvegsráðuneytið.* [2)]*Alþjóðasáttmáli um skipan hvalveiða, augl. A 55/1947.*

■ **4. gr.** Með reglugerð[1)] getur atvinnumálaráðuneytið[2)]:

a. Bannað hvalveiðar á tilteknum svæðum.

b. Takmarkað veiðar við ákveðinn tíma árs.

c. Takmarkað heildarveiðimagn, veiðimagn ákveðins fyrirtækis, leiðangurs eða landstöðvar.

d. Takmarkað veiðibúnað.

e. Bannað íslenzkum ríkisborgurum og þeim, sem heimilisfang eiga á Íslandi, að taka þátt í hvalveiðum, sem ekki eru háðar jafnströngum fyrirmælum og þeim, sem á Íslandi gilda.

f. Sett hvers konar önnur ákvæði, sem talin eru nauðsynleg vegna þátttöku Íslands í alþjóðasamningum um hvalveiðar.

[1)]*Rg. 163/1973, sbr. rg. 304/1983 og 239/1984.* [2)]*Nú sjávarútvegsráðuneytið.*

■ **5. gr.** Verkun hvalafla má einungis fara fram á þeim stöðum, sem atvinnumálaráðuneytið[1)] samþykkir. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um fyrirkomulag verkunarinnar, þannig, að af henni hljótist sem minnst ónæði fyrir aðra. Jafnframt skulu sett fyrirmæli um nýtingu hvals til fullnustu.

[1)]*Nú sjávarútvegsráðuneytið.*

■ **6. gr.** Atvinnumálaráðuneytið[1)] setur reglur um eftirlit með hvalveiðum samkvæmt lögum þessum, og skal þar gert ráð fyrir, að skipaðir verði opinberir eftirlitsmenn, er laun taki úr ríkissjóði.

□ Jafnframt skal ákveða gjald fyrir leyfi samkvæmt 1. gr. laga þessara til að standast kostnaðinn af eftirlitinu.

[1)]*Nú sjávarútvegsráðuneytið.*

■ **7. gr.** Útgerðarmaður hvalveiðiskips ber ábyrgð á því, að ekki sé brotið í bága við lög þessi með notkun skipsins.

■ **8. gr.** Atvinnumálaráðuneytið[1)] getur gefið sérstakt leyfi til hvalveiða í vísindalegu augnamiði. Leyfið skal háð þeim skilyrðum, sem ráðuneytið ákveður, og þarf þá ekki að fylgja fyrirmælum laga þessara.

[1)]*Nú sjávarútvegsráðuneytið.*

■ **9. gr.** Ráðningarkjör hvalveiðimanna skulu ákveðin þannig, að tekjur byggist að miklu leyti á tegund, stærð og verðmæti veiddra hvala, en ekki einungis á fjölda þeirra.

□ Engin laun má greiða fyrir ólöglega hvalveiði, jafnvel þótt fullnægjandi ástæður séu færðar fyrir veiði hvalsins.

■ **10. gr.** [Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða ákvæðum leyfisbréfa settum samkvæmt þeim skulu varða sektum 2000 – 40 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

**1949** Nr. 26 3. maí

□ Auk þess má láta brot varða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

□ Brot samkvæmt framansögðu skulu og varða upptöku á veiðitækjum skipsins, byssum, skotlínu, skutlum og skotfærum, svo og öllum afla skipsins.

□ Lagt skal löghald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður hefur verið greitt að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr, ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

□ Til tryggingar greiðslu sektar skv. þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.][1]

[1] *L. 40/1979, 2. gr.*

**1966** Nr. 33 26. apríl

## Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun.

### I. kafli. Um veiðirétt og stjórn friðunar- og veiðimála.

■ **1. gr.** Með fuglaveiðum er í lögum þessum átt við þann verknað, er felst í því að handsama eða drepa villta fugla. Þar sem rætt er um rétt til fuglaveiða í lögunum, er þó einnig átt við rétt til eggjatöku.

■ **2. gr.** 1. Landeiganda einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir.

□ 2. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá ábúðinni réttur til fuglaveiða, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki.

□ 3. Eigi má skilja rétt til fuglaveiða að nokkru eða öllu leyti við landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til fuglaveiða við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.

■ **3. gr.** 1. Nú er landareign í óskiptri sameign, og eru þá landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.

□ 2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá hver sameigandi fuglaveiðar á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

■ **4. gr.** 1. Á landi skulu fuglaveiðum ráða rétt landamerki jarðar hverrar.

□ 2. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hver fuglaveiðar í miðjan farveg.

□ 3. Nú liggur landareign að sjó, og á þá landeigandi fuglaveiðar á haf út, 115 m frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans. Ef firðir, vogar eða sund, sem eigi eru 230 m á breidd, skipta landareignum, þá á hver landeigandi fuglaveiðar út á miðjan fjörðinn, voginn eða sundið.

□ 4. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og á þá landeigandi fuglaveiðar 115 m út frá bakka þess (netlög), og skal jafnan miða við lágflæði í vatni. Ef stöðuvatn er merkivatn, og er eigi 230 m á breidd, þá skal miðlína þess ráða fuglaveiðum.

□ 5. Nú liggja eyjar, hólmar eða sker í sjó eða stöðuvötnum undir landareign, og fylgja þeim þá netlög sem áður segir.

■ **5. gr.** 1. Landeigendum, sem land eiga að stöðuvatni, eru einum heimilar fuglaveiðar í almenningi vatnsins, og eru þær þeim öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess, að réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis.

□ 2. Öllum íslenzkum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra.

□ 3. Öllum íslenzkum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í íslenzkri landhelgi utan netlaga lögbýla. Landhelgi er talin í lögum þessum með sama hætti og í 6. gr. laga nr. 58/1954.[1]

[1] *Sjá nú l. 41/1979.*

■ **6. gr.** Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrirfram og sýni skilríki sín, verði því við komið.

■ **7. gr.** 1. [Umhverfisráðuneytið][1] hefur yfirumsjón allra mála, er varða fuglaveiðar og fuglafriðun.

□ 2. Til aðstoðar ráðuneytinu um stjórn þeirra er fuglafriðunarnefnd. [Umhverfisráðuneytið][1] skipar nefndina til fjögurra ára í senn, og skal hún skipuð 5 mönnum. Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tillögum Hins íslenzka náttúrufræðifélags, annar eftir tillögum Sambands dýraverndunarfélaga Íslands, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar, auk deildarstjóra dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík, er skal vera formaður nefndarinnar.

□ 3. Tillagna fuglafriðunarnefndar skal leitað við setningu reglugerða og annarra ákvæða um fuglaveiðar og fuglafriðun, og ber nefndinni að gera tillögur til ráðuneytisins um hvað eina, er hún telur ástæðu til, í sambandi við þau mál.

□ 4. Ísland er aðili að alþjóða-fuglaverndunarráðinu (The International Council for Bird Preservation), og skal fuglafriðunarnefnd koma fram fyrir Íslands hönd í þeim samtökum.[2]

□ 5. Meðlimir fuglafriðunarnefndar fá þóknun fyrir störf sín, eftir því sem ráðuneytið ákveður, og útlagðan kostnað fær nefndin greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðuneytið samþykkir.

[1] *L. 47/1990, 5. gr.* [2] *Augl. A 14/1956 (um aðild Íslands að alþjóðasamn. um fuglaverndun).*

### II. kafli. Friðunarákvæði og veiðitímar.

■ **8. gr.** 1. Á Íslandi skulu allar villtar fuglategundir, að undanskildum þeim tegundum, er taldar eru í 2. málsgr., vera friðaðar allt árið.

□ 2. Á eftirgreindum árstímum skal heimilt að veiða þær tegundir, sem hér eru taldar:

a. Allt árið: kjói, svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur, hrafn.

b. Frá 20. ágúst til 15. marz: dílaskarfur, toppskarfur, grágæs, heiðagæs, blesgæs, helsingi.

c. Frá 1. september til 31. marz: lómur, fýll, súla, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, grafönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, skúmur, hvítmáfur, bjartmáfur, hettumáfur, rita.

d. Frá 1. september til 19. maí: álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.

e. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.

□ 3. Friðun sú, sem fólgin er í ákvæðum 1. og 2. málsgr., tekur einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla, sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

■ **9. gr.** 1. Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ¼ km frá stórstraumsfjörumáli.

□ 2. Lögreglustjórar skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.

□ 3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðháttum, um, að hún sé rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir lögreglustjóri varplandið ókeypis á næsta manntalsþingi.

■ **10. gr.** 1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjófugla, sem taldir eru í 2. málsgr. 8. gr., en þeir eru súla, dílaskarfur, toppskarfur, fýll, skúmur, hvítmáfur, rita, álka, langvía, stuttnefja, teista og lundi, hefur talizt eða telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma, er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum.

□ 2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talið æðarvarp), skal, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, að ávallt séu skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþága þessi til eggjatöku tekur þó ekki til skeiðandar, skutulandar og straumandar. Um æðaregg skulu gilda þau sérákvæði, að þau má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

□ 3. Í kríu- og hettumáfsvörpum skal heimilt að taka egg þessara fugla, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp.

■ **11. gr.** 1. Nú valda fuglar verulegu tjóni í ræktuðu landi, veiðivötnum og ám, fiskiræktarstöðvum eða á öðrum hliðstæðum nytjum, og eru þá friðunarákvæði laga þessara ekki til fyrirstöðu því, að ráðuneytið geti, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt einstökum handhöfum fuglaveiðiréttar tímabundið leyfi til að veiða slíka fugla á hvaða tíma árs sem er. Undanþáguheimild þessi tekur þó eigi til sjaldgæfra tegunda, svo sem arnar, fálka og snæuglu.

□ 2. Þar sem grágæsir valda miklum og almennum spjöllum á nytjagróðri, getur ráðuneytið, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt hreppstjórum fyrir hönd veiðiréttarhafa í umdæmum sínum undanþágu frá friðunarákvæðum laga þessara, að því er veiði grágæsa varðar. Þá skal og taka grágæsareggja heimil, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., án þess að sækja þurfi um leyfi til eggjatökunnar.

□ 3. Fugla þá, sem veiddir eru, og egg, sem tekin eru samkvæmt undanþáguheimildum þeim, sem felast í 1. og 2. málsgrein, má hvorki bjóða til sölu, selja né kaupa.

1966 Nr. 33 26. apríl

■ **12. gr.** 1. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt einstaklingum undanþágu frá friðunarákvæðum 8. og 9. gr. til að safna fuglum, eggjum og hreiðrum til vísindalegra þarfa eða í þágu opinberra almenningssafna, svo og vegna útungunar og eldis tiltekinna tegunda.

□ 2. Ef nauðsyn krefur og sérstaklega stendur á, getur deildarstjóri dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt einstaklingum heimild til að safna friðuðum fuglum handa safninu, svo og eggjum þeirra, innan takmarka þess leyfis, er hann hefur hlotið samkvæmt heimild 1. málsgreinar.

■ **13. gr.** 1. Ef nauðsyn krefur og fuglafriðunarnefnd leggur til, getur ráðuneytið veitt undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. Slíkar undanþágur má takmarka við tiltekin svæði.

□ 2. Á sama hátt má auka friðun einstakra fuglategunda og takmarka slík ákvæði við tiltekin svæði.

■ **14. gr.** Friðunarákvæði þau, sem felast í lögum þessum, skulu gilda hvarvetna á Íslandi, svo og innan íslenzkrar landhelgi á hafinu kringum Ísland.

**III. kafli. Um fuglaveiðasamþykktir.**

■ **15. gr.** [Sveitarstjórnum][1] veitist heimild til, hverri í sínu [sveitarfélagi],[1] að gera samþykktir um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

[1] *L. 108/1988, 57. gr.*

■ **16. gr.** 1. Þá er [sveitarstjórn][1] hefur gert frumvarp til samþykktar samkv. 15. gr., skal oddviti hennar kveðja til fundar alla þá héraðsbúa, er hagsmuna hafa að gæta í sambandi við hlunnindi þau, er um ræðir í 10. gr. Oddviti stýrir fundinum eða sá maður, er hann kveður til þess.

□ 2. Á fundinum leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, er [sveitarstjórn][1] hefur gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, sendir [oddviti eða bæjarstjóri][1] það ráðuneytinu til staðfestingar, og er þá öllum, er boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast aðilar að samþykktinni. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri á því efnisbreytingar, ef [sveitarstjórn][1] fellst á þær. En ef [sveitarstjórn][1] vill ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundur þá á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

□ 3. Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðuneytinu til staðfestingar, og virðist ráðuneytinu hún brjóta í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðuneytisins. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

□ 4. Staðfestri samþykkt má breyta á sama hátt og til hennar var stofnað.

[1] *L. 108/1988, 58. gr.*

■ **17. gr.** 1. Í samþykkt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess, að ákvæða hennar sé gætt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

□ 2. [Brot gegn löggiltri samþykkt varða sektum. Mál,

sem rísa út af téðum brotum, skulu rekin að hætti opinberra mála.][1)]

[1)] *L. 75/1982, 47. gr. A.*

■ **18. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 108/1988, 59. gr.*

■ **19. gr.** Fuglaveiðasamþykktir, sem gerðar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu ógildar, unz þær hafa verið staðfestar af ráðuneytinu að nýju.[1)]

[1)] *Eldri fuglaveiðasamþykktir: 88/1955 (Grímsey), 89/1955 (Vestmannaeyjar), 83/1962 (Drangey).*

**IV. kafli. Um veiðitæki og veiðiaðferðir.**

■ **20. gr.** Við fuglaveiðar má eigi nota önnur skotvopn en þau, er skjóta má með fríhendis frá öxl. Hlaupvíðari haglabyssur en cal. 12 má eigi nota til fuglaveiða.

■ **21. gr.** 1. Eigi má nota flugvélar, bifreiðar eða önnur vélknúin farartæki á landi til fuglaveiða eða til að elta uppi eða reka fugla. Farartæki þessi má þó nota til að flytja veiðimenn, veiðihunda og veiðitæki að og frá veiðistað.

□ 2. Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni, sbr. þó 24. gr., og til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga hraðar en 9 sjómílur á klukkustund.

■ **22. gr.** 1. Eigi má nota net til fuglaveiða í sjó eða vötnum.

□ 2. Nú festast fuglar í netum, sem ætluð eru til annarra veiða (fisk- eða selveiða), og ber þá að greiða þá úr netunum og sleppa þeim, ef þeir eru lifandi, þegar netanna er vitjað. En fugla sem finnast dauðir í slíkum netum, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt.

□ 3. Eigi má nota net til fuglaveiða á landi. Þó skal heimilt að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þessa veiðiaðferð má þó ekki stunda, nema verið sé yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum eða þeirra sé vitjað minnst tvisvar á dag. Heimilt skal að nota háfa til lunda- og bjargfuglaveiða.

■ **23. gr.** 1. Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), stingi eða króka (gogga), öngla, boga, gildrur, blys eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar.

□ 2. Nú hefur maður komið sér upp veiðitækjum samkvæmt fuglaveiðasamþykkt, sbr. síðasta málslið 21. gr. laga nr. 63/1954,[1)] sem óheimilt verður að nota eftir þessum lögum, og skal þá ríkissjóði skylt að greiða honum bætur, ef hann krefst, fyrir veiðitækin samkvæmt mati.

[1)] *Eldri lög um fuglaveiðar og fuglafriðun.*

■ **24. gr.** Þar sem grágæsir valda tilfinnanlegu tjóni á nytjagróðri, getur ráðuneytið, samkvæmt tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt þeim handhöfum fuglaveiðiréttar, sem hafa fengið leyfi samkvæmt heimild 11. gr. til að veiða grágæsir á friðunartíma þeirra, tímabundið leyfi til að veiða grágæsir með því að reka þær í netgirðingar, þegar þær eru í sárum. Við þær veiðar er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 21. gr., að nota vélknúna báta, ef aðstaða er þannig, að þess þurfi.

■ **25. gr.** Eigi má nota eitur til að tortíma fuglum. Að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar getur ráðuneytið með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, að því er varðar notkun eiturs eða svæfandi lyfja, í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks, hrafns og kjóa.[1)]

[1)] *Rg. um eyðingu svartbaks og hrafns með tríbrómetanóli og fenemali nr. 100/1973, sbr. rg. 73/1974 og 140/1990.*

■ **26. gr.** Skipum og bátum skal óheimilt að þeyta eimflautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg.

■ **27. gr.** 1. Forðast skal að trufla fugla, sem friðunar njóta samkvæmt lögum þessum, við hreiður, svo að skaði geti hlotizt af á eggjum þeirra eða ungum.

□ 2. Um mynda- og kvikmyndatökur af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum við hreiður þeirra skulu sett sérákvæði í reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 97/1968.*

■ **28. gr.** 1. Náttúrufræðistofnun Íslands í Reykjavík hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi í vísindalegum tilgangi, og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til að veiða fugla í net eða gildrur til merkinga. Má slíkt leyfi jafnt ná til friðaðra fugla sem ófriðaðra. Til merkinganna má eigi nota önnur merki en þau, er stofnunin lætur í té.

□ 2. Hverjum þeim, sem finnur eða handsamar merktan fugl, ber að senda merkið, hvort sem það er íslenzkt eða útlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands, ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

**V. kafli. Um inn- og útflutning, kaup og sölu fugla.**

■ **29. gr.** Fugla, sem eru alfriðaðir samkvæmt lögum þessum, má eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Gildir þetta jafnt um lifandi fugla og dauða, ef þeir hafa verið deyddir eða þeim hefur verið náð á ólöglegan hátt, svo og einstaka hluta þeirra.

■ **30. gr.** Ráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að fugla, sem samkvæmt lögum þessum eru friðaðir tiltekna tíma árs, megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf fyrr en daginn eftir að veiðitími þeirra hefst, og eigi lengur en í 14 daga, eftir að honum lýkur. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til fugla, sem hafa verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum innan 7 daga frá því, að veiðitíma þeirra lýkur.

■ **31. gr.** Egg, eggskurn og hreiður þeirra fugla, sem samkvæmt lögum þessum njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, má eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

■ **32. gr.** 1. Fugla, egg, eggskurn og hreiður skal óheimilt að flytja úr landi. Þó getur menntamálaráðuneytið, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, enda gangi trúnaðarmaður frá Náttúrufræðistofnun Íslands úr skugga um, að innihald sendinga af þessu tagi sé í samræmi við veitt leyfi. Auk þess skal Náttúrufræðistofnun Íslands heimilt að flytja út fuglahami og egg án þess að leyfi ráðuneytis komi til, þegar um er að ræða skipti við erlend söfn eða aðrar hliðstæðar stofnanir.

□ 2. Útflutningsbann fyrri málsgreinar tekur hvorki til rjúpna né alifugla, sem kynnu að verða fluttir úr landi.

■ **33. gr.** Ráðuneytinu er heimilt að ákveða með

1966 Nr. 33 26. apríl

1966 Nr. 33 26. apríl

reglugerð, að innflutta fugla megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeir hafi verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum á þann hátt, að auðsætt sé, að þeir séu innfluttir. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til erlendra búrfugla eða alifugla, sem til landsins kunna að verða fluttir.

■ **34. gr.** Fugla, egg, eggskurn og hreiður skal mönnum óheimilt að hafa í vörzlum sínum, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

■ **35. gr.** 1. Óheimilt er að taka hami af fuglum og setja þá upp, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt.

□ 2. Þó er með öllu óheimilt að taka og setja upp hami af örnum, fálkum og snæuglum nema í þágu opinberra almenningssafna íslenzkra.

■ **36. gr.** Nú notar ráðuneytið heimild 30. og 33. gr. og kveður þá á um með reglugerð, hvernig fuglar þeir, er þar um ræðir, skuli auðkenndir (plúmberaðir) og hverjir skuli annast auðkenninguna, svo og gjald fyrir hana og hver greiða skuli.

**VI. kafli. Refsiákvæði og réttarfar.**

■ **37. gr.** 1. [Hver sá, sem sekur gerist um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snæugla, fálki eða haftyrðill, enda sé síðasttalda tegundin veidd í varpstað (í Grímsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Sama gildir um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðitækjum er heimil samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, sem sekur hefur reynst um brot á lögunum.][1)]

□ 2. Tilraun til ólöglegra fuglaveiða sætir refsingu sem fullframið brot. Hlutdeild í ólöglegum fuglaveiðum er refsiverð.

□ 3. Það eru ólöglegar fuglaveiðar samkvæmt lögum þessum, ef maður veiðir fugla, þar sem hann á ekki veiðirétt, ef maður stundar fuglaveiðar með ólöglegum veiðiaðferðum eða ef maður veiðir fugla andstætt friðunarákvæðum laga þessara.

[1)] *L. 75/1982, 47. gr. B.*

■ **38. gr.** [Ólögleg eggjataka varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka og haftyrðils, svo og æðaregg. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.][1)]

[1)] *L. 75/1982, 47. gr. C.*

■ **39. gr.** [Brot á ákvæðum 29. – 35. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggjaskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.][1)]

[1)] *L. 75/1982, 47. gr. D.*

■ **40. gr.** [Eigi má maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, svo og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 17. gr. og 37. – 39. gr., varða sektum, varðhaldi eða fangelsi.][1)]

[1)] *L. 75/1982, 47. gr. E.*

■ **41. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 75/1982, 47. gr. F.*

■ **42. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

1966 Nr. 33 26. apríl

## Lög um eyðingu svartbaks.

1965 Nr. 50 18. maí

■ **1. gr.** Veiðistjóri hefur, undir yfirstjórn [umhverfisráðuneytis],[1)] stjórn allra aðgerða við eyðingu svartbaks.

[1)] *L. 47/1990, 6. gr.*

■ **2. gr.** Veiðistjóri skal, svo sem kostur er, afla upplýsinga um svartbaksstofninn, leiðbeina mönnum við eyðingu hans, skipuleggja eyðingaraðgerðir, gera tilraunir með nýjar vinnsluaðferðir og vernda æðarvörp gegn ágengni svartbaks.

■ **3. gr.** Ráða skal sérstaka menn til eyðingar svartbaks, til lengri eða skemmri tíma eftir ástæðum. Skulu menn þessir starfa undir stjórn veiðistjóra, og sér hann um ráðningu þeirra.

■ **4. gr.** Hinir ráðnu veiðimenn skulu vera vel útbúnir að öllum tækjum og lyfjum, sem bezt henta við eyðingu svartbaks. Eru hinum ráðnu mönnum leyfilegar eyðingaraðgerðir hvar sem er, svo sem í varpstöðvum svartbaksins og annarra fugla, við árósa, fiskvinnsluhús, sláturhús eða á öðrum stöðum, þar sem svartbakur heldur sig mikið.

■ **5. gr.** Heimilt er veiðistjóra að fela áðurnefndum ráðnum mönnum eyðingu minka, refa og hvers konar vargfugla, sem herja á æðarvörp, ef nauðsyn þykir.

■ **6. gr.** Hinir ráðnu veiðimenn skulu fara eftir þeim fyrirmælum, sem sett hafa verið. Skal veiðistjóri fylgjast með, að þau séu haldin.

□ Veiðimönnum er skylt að halda skýrslur um störf sín og séu þær látnar fylgja reikningum.

■ **7. gr.** Laun, bílakostnaður svo og nauðsynlegur áhaldakostnaður manna, sem ráðnir eru við svartbakseyðingu, skulu greidd úr ríkissjóði, sem ver til eins árs í senn vissri fjárupphæð til eyðingar svartbaks. Fjárupphæð þessi greiðist til [umhverfisráðuneytis],[1)] er sér um greiðslu til veiðimanna samkvæmt reikningum staðfestum af veiðistjóra.

[1)] *L. 47/1990, 6. gr.*

■ **8. gr.** Hvarvetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur.

■ **9. gr.** Jarðarábúendum og öðrum er óheimilt að varna því, að svartbaksveiðar fari fram, eða hindra starfsemi við eyðingu hans á nokkurn hátt, séu veiðarnar framkvæmdar af til þess ráðnum mönnum samkvæmt lögum þessum, nema á vissum árstímum í námunda við æðarvörp, selalagnir eða á öðrum friðlýstum svæðum.

■ **10. gr.** Óheimilar eru öðrum en veiðimönnum ráðnum samkv. 3. gr. svartbaksveiðar án vitundar og leyfis viðkomandi landeiganda eða umráðamanns. Skulu veiðimenn ávallt gera viðkomandi landeigendum aðvart um ferðir sínar, ef þess er nokkur kostur, og gæta fyllstu varúðar við veiðarnar. Þeim er stranglega bannað að skjóta aðrar fuglategundir á friðlýstum tíma. Einnig er svartbaksskyttum bannað að skjóta aðrar fuglategundir án leyfis landeiganda eða umráðamanns. Skylt er veiðimönnum að fjarlægja eða grafa niður öll hræ af þeim fuglum, sem þeir vinna og ná til.

■ **11. gr.** Fyrir hvern unninn svartbak, ungan (grámáf) og fullorðinn fugl, á veiðimaður 20 krónur í verðlaun.

**1965** Nr. 50 18. maí

Engin verðlaun skal greiða fyrir ófleyga svartbaksunga. Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi.

☐ Veiðimenn skulu leggja fram hægri væng fuglsins til sönnunar því að hafa unnið hann. Skal sá, er gjald þetta greiðir, brenna vænginn strax og greiðsla hefur farið fram.

■ **12. gr.** Veiðimenn skulu gefa eiginhandarkvittun fyrir greidd verðlaun. Skulu kvittanir þessar staðfestar með undirskrift þess, er verðlaunin greiðir, og fylgja árlegu reikningsyfirliti til [félagsmálaráðuneytisins].[1)]

[1)] *L. 108/1988, 29. gr.*

■ **13. gr.** Um hver áramót skulu oddvitar (bæjarstjórar) senda veiðistjóra skýrslu yfir tölu fugla, sem þeir hafa greitt verðlaun fyrir á árinu.

■ **14. gr.** [Þau sveitarfélög, sem samkvæmt lögum þessum greiða verðlaun fyrir unna svartbaka, skulu gera árlegt reikningsyfirlit um þau gjöld. Yfirlitin skulu síðan send félagsmálaráðuneytinu sem annast innheimtu á hluta ríkissjóðs, ⅔.][1)]

[1)] *L. 108/1988, 30. gr.*

■ **15. gr.** ...

## 1970 Lög um lax- og silungsveiði.

Nr. 76 25. júní

### I. kafli. Orðaskýringar.

■ **1. gr.** Merking orða í þessum lögum er sem hér segir:

*Alifiskur:* Fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.

*Almenningur í stöðuvatni:* Sá hluti stöðuvatns, sem liggur fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra, sem að vatninu liggja.

*Á:* Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.

*Áll:* Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni, þar sem dýpi er mest milli grynninga eða sandeyra, sem eigi teljast bakkar. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem vatnsmestur er.

*Bakki:* Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettar, gróið land eða eyrar, sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði.

*Dráttur:* Staður í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

*Félagsveiði:* Félagsskapur eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

*Fiskeldi:* Geymsla, fæðsla og gæzla alifisks.

*Fiskihverfi:* Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefur verið.

*Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, sbr. 2. mgr. 44. gr.

*Fiskur:* Lax (Salmo salar), silungur (S. trutta og S. alpinus) og regnbogasilungur (S. irideus) eða annar vatnafiskur, ef ræktaður verður.

*Fiskvegur:* Hvers konar mannvirki, er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.

*Föst veiðivél:* Veiðitæki, sem fest er í vatni og fiskur getur ánetjazt í eða króazt, svo sem lagnet, króknet, kista og girðing.

*Göngusilungur:* Silungur, er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).

*Jörð:* Lögbýli samkvæmt ábúðarlögum.

*Kvísl:* Hluti af straumvatni, sem fellur sér milli bakka.

*Lögn:* Staður í vatni, þar sem fastri veiðivél verður við komið.

*Ós í á:* Sá staður, þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.

*Ós í sjó:* Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumslágflæði.

*Ós í stöðuvatn:* Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatni.

*Ós úr stöðuvatni:* Sá staður, þar sem straumlína ár hefst í stöðuvatni.

*Ósasvæði:* Svæði í straumvatni, er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar, þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.

*Sjór:* Salt vatn utan árósa.

*Straumlína, (strengur):* Lína, sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess, þar sem straumur er mestur.

*Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði, sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumslágflæði.

*Stöðuvatn:* Ósalt vatn, sem eigi er í greinilegur straumur, annar en sá, sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

*Vatn:* Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

*Vatnasilungur:* Silungur, sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjarsilungur og murta.

*Veiðihlutur:* Hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

*Veiðimagn:* Samanlögð þyngd veiddra fiska.

*Veiðimál:* Hvers konar mál, er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

*Veiðitala:* Tala veiddra fiska.

*Veiðivatn:* Á eða stöðuvatn, sem veiði er í eða mætti í vera, ef fiskur væri ræktaður þar.

*Veiðivél:* Sjá föst veiðivél.

### II. kafli. Um veiðirétt.

■ **2. gr.** 1. Landeiganda er einum heimil veiði í vatni á landi sínu, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum þessum.

☐ 2. Nú hefur maður fengið veiðiskírteini, slíkt er getur í 22. gr., og er honum þá veiði heimil hvar sem er til fiskræktar eða vísindalegra rannsókna. Eigi má drepa fisk, sem veiddur er vegna fiskræktar. Veiðieiganda er rétt að hagnýta sér fisk, sem veiddur er til vísindalegra rannsókna. Að öðru leyti ber veiðieiganda ekki endurgjald fyrir veiði þessa.

☐ 3. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúð, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki að fengnu áliti veiðimálastjóra.

☐ 4. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 5. mgr. 14. gr., annan en stangarveiðirétt, en hann má skilja við landareign um tiltekið tímabil, er þó má eigi vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til og veiðimálastjóri og veiðimálanefnd mæli með því, að leyfið sé veitt.

☐ 5. Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign skv. 4. mgr. og er þá löglegt, að landeigandi afsali sér jafnframt afnotarétti til annarrar veiði í því vatni það tímabil, er stangarveiði er við landareignina skilin.

**1970** Nr. 76 25. júní

1970 Nr. 76 25. júní

■ **3. gr.** 1. Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign, áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna þeirra, er þau ella mundu hafa fylgt samkv. 1. mgr. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, er ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, enda krefjist ¾ hlutar þeirra innlausnar. Nú á maður fleiri jarðir en eina, og hefur hann þá eitt atkvæði fyrir lögbýli hvert, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati. Erfðafestuhafi skal fara með atkvæði jarða í erfðafestu í stað eiganda. Nú er landareign í óskiptri sameign, og kemur þá fulltrúi frá eigendum, er fer með eitt atkvæði fyrir þá jörð.

□ 2. Nú er innlausnar krafizt samkvæmt 1. mgr., en eigi af hálfu allra þeirra landeigenda, er innlausnarrétt eiga, og getur þá eigandi veiðiréttar krafizt þess, að þeir landeigendur, sem innlausnar krefjast, leysi til sín veiðirétt hinna, er eigi vilja innleysa.

□ 3. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því sem segir í 94. og 96. gr.

■ **4. gr.** 1. Nú er landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign, og er þá sameigendum öllum veiði jafnheimil. Rétt er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skipta á veiði, annaðhvort svo, að hvor eða hver hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skulu skipti lengur standa en fimm ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskipti.

□ 2. Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og skal réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, þegar landskipti fara fram, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði eigi samkomulag um aðra skipan. Að öðru leyti fara landskiptin fram í samræmi við landskiptalög, nr. 46 27. júní 1941.

■ **5. gr.** Búendum, sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt, er einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsþarfa á sama hátt sem verið hefur, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum eigi einkaeign. Eigi má leigja veiði í slíkum vötnum eða leyfa hana með öðrum hætti. Veiðifélagi við slík vötn er heimilt að ráðstafa veiði í samræmi við lög þessi.

■ **6. gr.** Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er hvorum landeiganda heimil veiði í því veiðivatni innan þeirra marka, er lög þessi segja til um. Eigi er landeiganda rétt að standa að veiði hinum megin ár, en bjarga má hann veiði og veiðitæki að hinu landinu.

■ **7. gr.** Nú leggst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, og hverfur þá veiðiréttur til þess, sem land á undir, sbr. þó 7. og 8. gr. laga nr. 15 1923.

■ **8. gr.** 1. Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatns, og er hún þeim öllum jafnheimil. Nú er forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, og skal sú venja gilda framvegis.

□ 2. Nú hefur dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanförnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.

□ 3. Rétt er að skipta veiði þeirri, er getur í þessari grein, eftir 4. gr.

■ **9. gr.** Eigi má maður leyfa öðrum veiði fyrir sameignarlandi eða í félagsvatni (4. gr., 1. mgr.) eða almenningi (8. gr., 1. og 2. mgr.), en veiðifélagi skal þó heimilt að leyfa veiði á slíkum stöðum.

**III. kafli. Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur.**

■ **10. gr.** 1. Skrásetja skal veiðivötn.

□ 2. Í skránni skal greina:

a. Nafn veiðivatns og legu.

b. Hvaða jörðum fylgi veiðiréttur í vatni og frá hvaða jörðum veiði hafi stundað verið.

c. Veiðiaðferðir, er tíðkaðar hafa verið í vatni.

d. Fastar veiðivélar, er notaðar voru í vatni síðasta veiðitíma, áður en lög þessi tóku gildi, og svo þær, er síðar eru teknar til notkunar.

e. Lagnir, drætti og hrygningarstaði í vatni.

f. Fossa og aðrar fyrirstöður fyrir fiskför í vatni.

g. Önnur atriði, sem máli skipta um veiði í vatni og þörf þykir að skrásetja.

□ 3. Veiðimálastjóri hefur með höndum skrásetningu veiðivatna. Öllum veiðieigendum er skylt að gefa honum þær skýrslur, sem hann óskar, um þau atriði, er skrásetja þarf.

□ 4. Ráðherra er rétt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skrásetningu veiðivatna. Í reglugerðinni má ákveða, hver veiðivötn skuli skrásetja.

■ **11. gr.** 1. Ákveða má í samþykkt veiðifélags eða reglugerð, er ráðherra setur,[1)] að merkja skuli tilteknu merki öll ádráttarnet og lagnet, sem nota á til veiði í tilteknu vatni, og svo lagnet, er nota á til silungsveiða í sjó.

□ 2. Eftirlitsmaður með veiði hefur með höndum merkingu veiðarfæra eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn.

[1)] *Reglur 205/1990.*

■ **12. gr.** 1. Hver sá, sem veiði stundar, skal gefa skýrslu um veiði sína. Eigandi veiðiréttinda eða veiðifélag skal heimta veiðiskýrslur af veiðimanni og senda þær veiðimálastjóra.

□ 2. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er veiðimálastjóri setur, og skal hann sjá um, að þeir menn, sem skýrslur eiga að gefa, geti fengið skýrslueyðublöð ókeypis. Kostnaður af prentun eyðublaða greiðist úr ríkissjóði.

□ 3. Eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu safna veiðiskýrslum hver í sínu umdæmi og senda þær veiðimálastjóra.

■ **13. gr.** 1. Ráðherra er heimilt að fyrirskipa, að hver sá, sem kaupir lax eða silung, veiddan innanlands, til sölu innanlands eða utan, og svo gistihús, matsöluhús, sjúkrahús og þess háttar stofnanir, er kaupa þessa vöru, skuli á mánuði hverjum gefa skýrslu um þessi kaup. Ráðherra setur nánari reglur um slíka skýrslugerð.

□ 2. Ráðherra er rétt að setja reglur um merkingu lax og silungs, sem boðinn er til sölu.

**IV. kafli. Um friðun lax og göngusilungs.**

■ **14. gr.** 1. Eigi má veiða lax í sjó.

□ 2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.

□ 3. Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi árið 1932,

1970 Nr. 76 25. júní

eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og er þá sú veiði leyfileg.

☐ 4. Veiði lax og göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er. Ráðherra setur reglur[1] um þessa veiði.

☐ 5. Nú liggur veiðivatn svo nærri sjávarveiði, slíkri sem getur í 3. mgr., að veiðimálastjóri telji, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, en veiðieigendur í vatninu, einn eða fleiri, vilja leysa sjávarveiðina til sín, og er ráðherra þá rétt að leyfa það, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 94. og 96. gr.

☐ 6. [Rétt er ráðherra að takmarka eða banna[2] veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða -stjórnir mæli með henni.][3]

☐ 7. Með sama skilorði og í 6. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax og silungur geti veiðzt í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

[1] *Reglur 205/1989 (um netaveiði göngusilungs í sjó).* [2] *T. d. augl. 283/1979 og 355/1984.* [3] *L. 108/1988, 31. gr.*

■ **15. gr.** 1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur veiðitæki, þau er lax má veiða.

☐ 2. Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns á tímabilinu frá 1. marz til 1. október en 1000 metra, ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 $m^3$ á sekúndu, en 2000 metra, ef vatnsmagnið er meira. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að setja reglur um veiðitæki og möskvastærð netja við slíka ósa. Þó getur ráðherra að fengnu áliti veiðimálastjóra leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

■ **16. gr.** 1. Eigi má hafa ádrátt í ósi straumvatns eða ósasvæði.

☐ 2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.

☐ 3. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá banni því, er ræðir um í 1. og 2. mgr., þar sem svo hagar til, að veiði í ós eða við er eigi talin skaðvænleg.

☐ 4. Ráðherra er rétt, með samþykki veiðimálanefndar, hlutaðeigandi veiðifélags og eftir tillögum veiðimálastjóra, að banna alla veiði eða tilteknar veiðiaðferðir upp eða niður frá ósi, enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatni. Bann þetta skal standa tiltekinn tíma, og má binda það því skilorði, að veiðieigendur eða ábúendur greiði bætur þeim aðila, sem öðrum fremur missir af veiði vegna slíks banns. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 94. gr., ef eigi semur.

■ **17. gr.** Í straumvatni eða hluta straumvatns, þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum, skal fiskur eiga frjálsa för eftir miðju vatni, og nefnist þar gönguhelgi. Hún tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik, en helming af breidd óss eða ósasvæðis. Þó skal fiskur eiga frjálsa för eftir aðalstraumlínu, þótt skemmra liggi frá bakka en nemi þriðjungi af breidd vatns. Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlínu, og má skjóta þeim ágreiningi til mats samkvæmt 94. gr.

■ **18. gr.** 1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 20. september ár hvert. Nú telst sannað, að fiskur hrygni í veiðivatni í september, og er ráðherra þá rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að ákveða, að veiðitíma ljúki fyrr í því vatni. Ádráttarveiði er eigi heimil eftir 31. ágúst.

☐ 2. Á tímabili því, er getur í 1. mgr., má hvergi stunda laxveiði lengur en 3 mánuði. Rétt er ráðherra að setja nánari reglur um veiðitíma í vatni hverju, að fengnum tillögum stjórnar hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar og með samþykki veiðimálastjóra.

☐ 3. Göngusilung má einungis veiða frá 1. apríl til 20. september ár hvert. Þá er sérstaklega stendur á, getur ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra leyft, að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet, á stöng og færi.

☐ 4. Frá 1. apríl og þar til laxveiði hefst, má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en stöng og færi, lagnet og ádráttarnet.

☐ 5. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl og þar til laxveiðitími hefst, og er þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í vatn aftur.

☐ 6. Á friðunartíma þeim, sem getur í þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivatni, sbr. þó 3. mgr.

■ **19. gr.** 1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagsmorguns kl. 10. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags engin hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að tefla á viðkomandi veiðisvæði. Með sama skilorði má lengja friðunartímann um allt að 24 stundir, verði talin hætta á þverrandi fiskstofni í fiskihverfinu eða til jöfnunar fiskgengd í því vatni. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma með sama hætti og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

☐ 2. Ráðherra er rétt að ákveða, að friðun sú, sem getur í 1. mgr., skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengd í því vatni.

☐ 3. Ráðherra er rétt, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að leyfa veiðifélagi að veiða lax til flutnings á hrygningarstaði. Einnig getur hann leyft, eftir tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, veiðifélagi að veiða göngulax og flytja hann upp fyrir ólaxgenga fossa eða mannvirki, er hindra fiskför um vötn. Kostnað, er af þessu leiðir, má greiða úr fiskræktarsjóði að ⅓ hluta.

■ **20. gr.** 1. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að friða tiltekin svæði í vatni, þar sem fiskur safnast saman til

hrygningar eða vegna fyrirstöðu á göngu, svo sem undir fossum, enda telji veiðimálastjóri, að veiði á þeim stöðum sé hættuleg fiskstofni vatnsins. Friðun þessa má binda við tiltekinn tíma. Slík friðun er því skilyrði háð, að veiðieigendur eða ábúendur í fiskihverfi greiði bætur þeim aðila, sem missir verulega og öðrum fremur af veiði vegna friðunar. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 94. gr., ef eigi semur.

☐ 2. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að friða heilt vatn gegn allri veiði eða einstökum veiðiaðferðum, enda sé sú friðun nauðsynleg til verndar fiskstofni þess vatns, en leita skal hann samþykkis hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar.

■ **21. gr.** 1. Eigi má veiða lax minni en 35 cm að lengd og eigi göngusilung minni en 20 cm að lengd.

☐ 2. Nú veiðist lax eða göngusilungur minni en segir í 1. mgr., og skal þá þeim er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

■ **22. gr.** 1. Þrátt fyrir ákvæði 16. – 21. gr. svo og ákvæði 38. gr. er leyfilegt að veiða lax og silung til klaks og vísindalegra rannsókna, hvenær sem er, hvar sem er og án tillits til stærðar.

☐ 2. Til veiði þeirrar, er getur í 1. mgr., þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Veiðiskírteini skal gefið út handa einstaklingi eða veiðifélagi, og gildir það um tiltekinn tíma. Veiðiskírteini til klaks veitir eigi rétt til veiði í öðru fiskihverfi en því, sem klakið er í, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða veiðifélags, og má binda leyfi því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í. Hrogn, sem þannig er aflað, er óheimilt að flytja úr landi nema að fengnu leyfi ráðherra með tilteknum skilyrðum, ef þurfa þykir, enda mæli veiðimálastjóri með útflutningnum.

☐ 3. Rétt er ráðherra að fengnum tillögum veiðimálastjóra að skipa eftirlitsmann með veiði í klak, þegar þurfa þykir, og skal sá, er veiðiskírteini fær, bera kostnað af eftirliti. Með sama skilorði getur ráðherra sett reglur[1] um, hvar og hvernig sleppa skuli aliseiðum eða fiski í veiðivatn.

[1] *Rg. 401/1988.*

■ **23. gr.** 1. Frá 25. september til 20. maí ár hvert er bannað að gefa, selja eða láta af hendi með öðrum hætti lax, kaupa hann, þiggja að gjöf, taka við honum eða flytja hann úr landi.

☐ 2. Bann það, er getur í 1. mgr., tekur eigi yfir:

a. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur erlendis.

b. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur á löglegum tíma, enda sé hann afhentur eða útfluttur frystur, saltaður, reyktur eða niðursoðinn.

c. Lax og göngusilung og seiði þeirra, sem afhent eru til fiskræktar innanlands.

d. Alifisk.

☐ 3. Sá, er sóttur er til sakar fyrir brot gegn banni því, sem felst í þessari grein, er sýkn, ef hann sannar, að fiskur sé veiddur erlendis eða á löglegum tíma.

**V. kafli. Um friðun vatnasilungs.**[1]

[1] *Augl. 163/1957.*

■ **24. gr.** 1. Vatnasilungur, annar en murta, skal vera friðaður fyrir allri veiði eigi skemmri tíma en í 3 mánuði á tímabilinu frá 15. ágúst til 1. marz ár hvert. Veiðimálastjóri skal ákveða lengd friðunartíma í vatni hverju, en leita skal hann umsagnar veiðifélags.

☐ 2. Ráðherra er rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að ákveða allt að tveggja sólarhringa friðun á viku hverri í stöðuvatni.

☐ 3. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að leyfa lagnetjaveiði til heimilisnota á friðunartíma þeim, er getur í 1. mgr., þar sem friðunartími er ákveðinn lengri en 4 mánuðir. Leyfi þetta skal binda nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja, að hrygnandi fiskur verði eigi veiddur á þennan hátt, svo sem skilyrði um fjarlægð lagna frá hrygningarstöðvum.

☐ 4. Ráðherra getur eftir tillögum veiðimálastjóra sett reglur um friðun vatnasilungs, þar sem hann hrygnir að sumarlagi.

■ **25. gr.** 1. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna að nokkru eða öllu silungsveiði á tilteknum svæðum í vatni, þar sem hitasilungur eða ungviði safnast fyrir.

☐ 2. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að takmarka eða fella með öllu niður friðun þá, er getur í 24. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, enda þyki nauðsynlegt að fækka fiski í vatni eða uppræta úr því úrkynjaðan fiskstofn í því skyni að rækta annan stofn kynbetri.

☐ 3. Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni til þess að rækta annan stofn kynbetri eða aðrar fisktegundir en þær, er fyrir voru í vatni, og skal ráðherra heimilt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

☐ 4. Ákvæði greinar þessarar um friðun og undanþágu frá friðun má binda við tiltekið tímabil.

■ **26. gr.** Ákvæði 22. gr. taka einnig yfir veiði vatnasilungs.

**VI. kafli. Um veiðitæki og veiðiaðferðir.**

■ **27. gr.** 1. Í straumvatni má nota þau ein veiðarfæri, sem hér segir: Færi, stöng, lagnet og króknet.

☐ 2. Leyfi veiðimálanefndar og veiðimálastjóra þarf til að taka í notkun til veiða á laxi og silungi veiðarfæri úr nýjum efnum eða úr efnum framleiddum með nýjum aðferðum.

☐ 3. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að leyfa veiði með girðingum, kistum og ádráttarnetjum, þar sem sérstaklega hagar til, enda setji hann með sama skilorði ákvæði um gerð og notkun þessara veiðitækja umfram það, sem segir í lögum þessum.

☐ 4. Ráðherra getur leyft, að reynd séu eða upp tekin önnur veiðarfæri, m. a. til vísindalegra þarfa, enda mæli veiðimálanefnd og veiðimálastjóri með því. Slík leyfi skal binda þeim skilyrðum um gerð veiðitækja og notkun, sem nauðsynleg þykja.

☐ 5. Eigi má fjölga lögnum frá því, sem verið hefur síðustu 5 ár fyrir gildistöku laga þessara. Nú er breytt um veiðiaðferðir og veiði með föstum veiðivélum tekin upp, og skal þá heimilt að nota gamlar lagnir, sem löglegar teljast samkvæmt ákvæðum þessara laga. Einnig er það heimilt, ef veiði hefur ekki verið stunduð um ákveðið árabil, en er tekin upp aftur, eða ef veiði er tekin upp í vatni, þar sem ræktun hefur farið fram, þótt eigi hafi þar áður verið veitt.

☐ 6. Nú þykja ákvæði þessara laga um friðun og veiði-

1970 Nr. 76 25. júní

tæki eigi veita fiskstofni vatns nægilega vernd gegn ofveiði, og er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að fækka föstum veiðivélum í því vatni.

■ **28. gr.** 1. Eigi má veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski, sem fastur er á öngli, í neti eða gildru, og skal gerð þeirra miðuð við þau not ein.

□ 2. Eigi má veiða fisk með því að veita af honum vatni.

■ **29. gr.** 1. Lagnet og króknet skulu liggja frá bakka eða garði, er gengur þvert á straum út frá bakka, beint út í straumvatn eða forstreymis. Leiðara má hafa niður frá krók, og telst hann hluti veiðivélar.

□ 2. Í vatni, sem lax eða göngusilungur fer um, má eigi leggja lagnet svo, að af verði gildra.

□ 3. Lagnet og króknet, sem notuð eru í straumvatni, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm verði milli hnúta, þá er net eru vot. Sama máli gegnir um leiðara frá krókneti eða annarri veiðivél.

□ 4. Eigi má nota tvöföld net. Í straumvatni, sem mikið ber með sér af slýi eða slafaki, má þó hafa net til varnar fyrir reki þessu. Slík varnarnet mega þó hvergi vera nær neti eða garði en 3 m, og skulu þau vera þannig gerð, að fiskur geti ekki ánetjazt í þeim eða króazt. Veiðimálastjóri setur reglur um gerð varnarnetja.

■ **30. gr.** 1. Við veiði með færi og stöng skal nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskur eltir og tekur. Aldrei má við slíka veiði nota krækjur né neitt annað, sem festir í fiski, að honum óvörum og án þess að hann elti það.

□ 2. Eigi má stunda stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti né á vikufriðunartíma þessara veiðitækja. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um, hversu haga skuli veiði og friðun í vatni hverju, en hafa skal hann samráð um það við veiðifélag. Nú verða öll net tekin upp ákveðið tímabil veiðitímans, samkvæmt ákvörðun stjórnar veiðifélags, og getur hún þá um það tímabil leyft stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt var með föstum veiðivélum eða ádrætti.

□ 3. Eigi má stunda stangarveiði nær föstum veiðivélum né stöðum, þar sem veitt er með ádrætti, en 100 metra. Þó má bilið ekki vera skemmra en sem svarar fimmfaldri lengd veiðivélarinnar, sem næst liggur.

□ 4. Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álits veiðifélags.

□ 5. Nú rís ágreiningur um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða leigu eftir veiði milli notenda veiðiréttar í vatni, slíku er ræðir um í 4. mgr., og er þá þeim, er telur sig vanhaldinn, rétt að krefjast mats samkvæmt 94. gr. laga þessara.

■ **31. gr.** 1. Girðing í straumvatni, sem lax eða göngusilungur fer um, skal þannig gerð, að hlið sé á henni, eigi minna en 5 m breitt við inngang í gildru eða veiðikró. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að hlið skuli höfð á girðingu, þar sem hún liggur yfir ál, sem ætla má, að mikil fiskför sé um. Hlið þessi skulu standa opin þann tíma viku, sem vatn er friðað samkvæmt 19. gr. Eigi má hafa nema einn leiðara við girðingu, og telst hann hluti veiðivélarinnar.

□ 2. Inngangur í veiðikrær skal vita undan straumi, og má leiðari frá girðingu aldrei liggja á móti straumi né girðingu að öðru leyti vera þannig hagað, að hætta sé á, að hún taki fisk, sem forstreymis gengur.

■ **32. gr.** 1. Laxakista eða silunga skal þannig gerð, að í þeirri hlið kistu, er mest veit móti straumi, séu eigi færri en tíu spelar sívalir, er standi lóðrétt og nái frá botni kistunnar til yfirborðs vatns. Slár má því einungis hafa milli spela, að þær gangi þvert á þá, og sé aldrei minna bil en 50 cm á milli slánna.

□ 2. Garður sá, sem gengur milli lands og kistu, skal einnig vera gerður úr spelum, og skal spelum og slám á milli þeirra vera svo fyrir komið sem segir í 1. mgr. Á garði þessum skal vera hlið, þar sem straumur er mestur eða ætla má að fiskur eigi greiðasta för í þeim hluta ár, er garðurinn nær yfir. Má hliðið eigi þrengra vera en 50 cm og ná frá botni til yfirborðs vatns.

□ 3. Garður sá, sem gengur forstreymis frá kistu, skal vera gerður úr spelum, og skal spelum og þverslám í garðinum svo hagað sem segir í 1. mgr. Veiðimálastjóri getur skipað fyrir um, að sett skuli hlið á garð þennan, þar sem ætla má, að fiskför verði mest í þeim hluta straumvatns, er garðurinn nær yfir. Hlið þessi skulu svo gerð sem fyrir er mælt í 2. mgr.

□ 4. Kistum skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að ganga að þeim til eftirlits.

■ **33. gr.** 1. Eigi má draga ádráttarnet yfir meira en ⅔ hluta af breidd straumvatns í senn, og skal fiskför því jafnan vera frjáls og óhindruð um þriðjung af breidd vatnsins, sbr. 17. gr.

□ 2. Fyrirstöðunet eða annað, er tálmar undankomu fisks, má eigi nota við ádrátt. Eigi má ádráttarnet vera tvöfalt.

□ 3. Eigi má hafa ádrátt nær fastri veiðivél en 200 metra.

■ **34. gr.** 1. Aldrei má föst veiðivél, né nokkur hluti hennar, ná lengra út frá bakka en svo, að utan hennar verði ⅔ hlutar af breidd ár, ¾ af breidd óss eða ósasvæðis, sbr. 17. gr., og skal mælt þvert á meginstraumstefnu. Aldrei má veiðivél ná lengra út en í aðalstraumlínu eða í miðjan höfuðál óss eða ósasvæðis.

□ 2. Í vatni, sem lax eða göngusilungur fer um, skulu lagnet, króknet og net í öðrum veiðivélum eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm verði milli hnúta, þá er net eru vot. Í kistum og görðum að kistum má eigi vera skemmra á milli spela en 4,5 cm.

□ 3. Garður að lagneti og krókneti skal þannig gerður, að fiskur geti eigi ánetjazt eða orðið fastur í honum. Veiðimálastjóri setur nánari ákvæði um gerð garðs.

□ 4. Eigi má hafa fleiri en eitt lagnet, einn krók, kistu eða veiðikró í veiðivél hverri.

□ 5. Þann tíma viku, sem fiskur er friðaður gegn veiði samkvæmt 19. gr., skulu kistur og veiðikrær vera tryggilega lokaðar, en lagnet og króknet verða tekin öll upp úr vatni og á land flutt. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að á garði að lagneti, krókneti, kistu eða veiðikró skuli höfð fleiri hlið en áður getur, og skulu þau standa opin þann tíma viku, er vötn eru friðuð samkvæmt 19. gr. Hlið á girðingum að kistu eða veiðikró skulu standa opin á sama tíma. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um þetta efni.

□ 6. Þá er veiðitíma er lokið ár hvert, skal taka veiðivélar upp úr vatni, svo fljótt sem unnt er. Veiðimála-

1970 Nr. 76 25. júní

stjóra eða eftirlitsmanni er rétt að taka upp veiðivél á kostnað eiganda, er eigi tekur hana upp á réttum tíma.

■ **35. gr.** 1. Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömu megin í straumvatni eða sitt frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivéla frá bakka og út á vatn. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar. Ráðherra er rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með því.

□ 2. Lengd fastrar veiðivélar skal miða við það, að meðalrennsli sé í straumvatni.

□ 3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar.

□ 4. Nú hagar svo til að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, en hvorugur vill víkja, og skal mat skera úr ágreiningi. Þar sem föst veiðivél er sett, skal lögn vera löggilt af lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna getur ráðherra sett.

■ **36. gr.** 1. Í þann hluta straumvatns, sem fiskur á frjálsa för um fram hjá fastri veiðivél, má eigi láta grjót eða aðra hluti, er tálma för fisksins fram hjá veiðivélinni. Eigi má heldur dýpka farveg straumvatns niður frá fastri veiðivél eða upp frá henni, svo að þar verði dýpi meira en utan veiðivélarinnar.

□ 2. Nú hefur veiðieigandi brotið gegn ákvæðum 1. mgr., og skal honum þá skylt, þá er krafizt er, að nema farartálmann á brott eða fylla farveg svo, að í samt lag komist. Verk þetta má eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri láta vinna á kostnað veiðieiganda, ef hann lætur eigi vinna það sjálfur. Veiðivél skal þá og upp tekin, og má eigi setja hana niður fyrr en straumvatn er komið í samt lag og áður.

□ 3. Bannað er að styggja eða teygja fisk í fasta veiðivél, ádráttarnet eða á veiðistað, svo sem með hávaða, grjótkasti eða ljósum.

■ **37. gr.** Nú rennur straumvatn í kvíslum, og skal þá svo haga veiði í kvísl hverri sem væri hún sérstakt vatn. Þó getur ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra leyft að leggja veiðivél út í miðja kvísl, ef eigi er lagt nema í eina.

■ **38. gr.** 1. Í stöðuvatni má nota þau veiðitæki ein, er hér segir: Færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Þó getur ráðherra leyft, að notuð séu önnur veiðitæki samkvæmt því, sem segir í 4. mgr. 27. gr.

□ 2. Eigi má hafa ádrátt í almenningi stöðuvatns. Ráðherra er þó rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessu, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með því.

□ 3. Ráðherra er rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að setja reglur um fjölda, gerð og notkun þeirra veiðitækja, sem leyfð eru samkvæmt 1. mgr., og um lágmarksstærð silungs, er veiða má.

□ 4. Veiði í stöðuvatni, sem lax og göngusilungur fer um, skal hlíta sömu ákvæðum sem í straumvatni væri um fjarlægð veiðivéla og gönguhelgi.

□ 5. Nú veiðist vatnasilungur minni en leyfilegt er að veiða samkvæmt reglum þeim, er getur í 3. mgr., og skal þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

1970 Nr. 76 25. júní

**VII. kafli. Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum.**

■ **39. gr.** 1. Ráðherra er rétt að leyfa, að gerður sé fiskvegur í vatni eða meðfram vatni, enda samþykki veiðimálastjóri gerð fiskvegar og hafi umsjón með framkvæmd verksins.

□ 2. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land, landsafnot, vatn eða afnot vatns, er með þarf til fiskvegar, og þola verður hann þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

□ 3. Um breytingu á fiskvegi eða vatnsmagni í honum fer eftir því, sem segir í 1. og 2. mgr.

■ **40. gr.** 1. Eigi má veiða eða styggja fisk í fiskvegi né nær neðra mynni hans en 50 metra né nær efra mynni hans en 30 metra. Ákvæði þetta tekur þó eigi yfir veiði til klaks eftir veiðitíma né yfir veiði til vísindaþarfa, enda hafi sá, er veiðir, fengið veiðiskírteini samkv. 22. gr.

□ 2. Eigi má spilla fiskvegum né tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá.

■ **41. gr.** 1. Nú er stífla gerð í veiðivatni eða önnur mannvirki, sem tálma fiskför í vatninu og eru eigi lögleg veiðitæki, og skal þá þeim, er gera lætur, skylt að gera fiskveg í vatninu eða meðfram því, til þess að fiskur geti átt jafngreiða för um það og áður. Honum er og skylt að halda fiskveginum við. Gerð fiskvegar er háð samþykki veiðimálastjóra, og skal verkið unnið undir umsjón hans.

□ 2. Ákvæði 1. mgr. gilda eigi:

a. Ef vatn er eigi fiskgengt af öðrum ástæðum.

b. Ef mannvirki lýtur að því að bæta veiðiskilyrði eða lífsskilyrði í veiðivatni, og það hefur verið samþykkt á aðalfundi veiðifélags, enda sé það háð samþykki veiðimálastjóra á sama hátt sem fiskvegur.

c. Ef talið er í matsgerð, að gerð fiskvegar og viðhald hafi meiri kostnað í för með sér en hagnaði af veiði nemur, enda séu þá veiðispjöll þau, er af mannvirkinu leiðir, bætt fullum bótum.

□ 3. Heimilt er eignarnám, svo sem segir í 2. mgr. 39. gr., til fiskvegar, sem gerður er samkvæmt þessari grein.

■ **42. gr.** Nú er vatni veitt úr veiðivatni til áveitu, vatnsveitu eða annarra áþekkra nota eða vatni er veitt í veiðivatn úr áveituskurði, vatnsveituskurði, öðrum skurði eða leiðslu, og getur þá veiðimálastjóri krafizt þess, að búið sé svo um skurð eða leiðslu, að fiskur eða fiskseiði gangi eigi í. Kostnað af umbúnaði þessum greiðir eigandi veitu.

■ **43. gr.** Nú verða tíðar breytingar á vatnsmagni veiðivatns vegna vatnsmiðlunar, og skal þá haga miðlun þannig, að sem minnst tjón hljótist á fiskstofni veiðivatns. Svo skal og til haga, þá er uppistöður eru tæmdar, svo sem vegna hreinsunar. Hafa skal samráð við veiðimálastjóra um þetta.

**VIII. kafli. Um veiðifélög.**

■ **44. gr.** 1. Skylt er mönnum að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi, svo fljótt sem kostur er. Rétt er félagi:

a. Að ákveða, að veiða skuli með tilteknum veiðitækjum, eftir því sem segir í lögum þessum.

b. Að láta stunda veiði.

c. Að selja á leigu rétt til stangarveiði í öllu fiskihverfinu eða hluta þess.

d. Að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum.

☐ 2. Veiðifélagi er skylt að stunda fiskrækt, eftir því sem við á. Fiskrækt telst friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutningur fisks í veiðivatn, auðveldun á gönguleiðum fisks, eftirlit með veiði og annað, er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans.

☐ 3. Um slíkan félagsskap, sem getur í grein þessari, skal fara svo sem mælt er í kafla þessum.

■ **45. gr.** 1. Félagssvæði veiðifélags getur tekið yfir:

a. Heilt fiskihverfi.

b. Einstakt veiðivatn í fiskihverfi.

c. Hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti.

d. Veiðivötn á afrétti, sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landssvæði.

☐ 2. Veiðifélag skal taka til allrar veiði á félagssvæðinu.

☐ 3. Nú er félagssvæði hluti straumvatns, og er rétt, að félagssvæði nái svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á.

■ **46. gr.** 1. Veiðimálastjóri og veiðimálanefnd ákveða félagssvæði veiðifélags innan marka laganna.

☐ 2. Frumkvæði að stofnun veiðifélags hafa:

a. Einn eða fleiri ábúendur eða eigendur jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði í samráði við veiðimálastjóra og veiðimálanefnd.

b. Veiðimálastjóri í samráði við veiðimálanefnd.

☐ 3. Veiðimálastjóri hlutast til um boðun stofnfundar.

■ **47. gr.** 1. Nú ber að stofna félag við vatn, sem veiði er í, og skal kveðja til fundar ábúendur allra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði svo og eigendur eyðijarða. Ef félag á eða hefur til afnota land, sem veiðiréttur fylgir, skal boða formann félags. Nú hefur veiðiréttur verið skilinn frá landareign að fullu, og skal boða handhafa veiðiréttar. Þá menn, er veiði kunna að eiga í almenningi stöðuvatns samkvæmt 2. mgr. 8. gr., er eigi skylt að boða, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, þá er stofnað hefur verið, ef þeir sanna rétt sinn. Eigi skulu þeir hafa atkvæðisrétt um málefni, er varða aðrar veiðiaðferðir en dorgarveiði.

☐ 2. Nú ber að stofna veiðifélag við vatn, sem verið hefur veiðilaust, og skal boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni á hinu fyrirhugaða félagssvæði.

☐ 3. Fund skal boða skriflega eða í símskeyti eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Fundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður.

■ **48. gr.** 1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 47. gr., skal leggja fram bréf með ákvörðun veiðimálastjóra og veiðimálanefndar um félagsstofnun ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félags og verkefni, kjósa stjórn og bóka fundargerð.

☐ 2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati við gildistöku laga þessara, skal hafa eitt atkvæði. Nú býr maður á fleiri en einni jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók.

☐ 3. Nú er stofnað veiðifélag, sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum, og skal koma eitt atkvæði fyrir hvert lögbýli við gildistöku laga þessara, sem á veiðirétt á þeim afréttum eða rétt á til upprekstrar á þá.

■ **49. gr.** 1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal setja félaginu samþykkt á stofnfundi eða á öðrum fundi, sem boðaður er á sama hátt sem stofnfundur. Atkvæði ⅔ félagsmanna þarf til þess, að samþykkt sé gerð. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók. Nú verður samþykkt eigi gerð vegna ónógrar fundarsóknar eða af öðrum ástæðum, og skal boða til annars fundar á sama hátt og að framan greinir. Ræður þar afl atkvæða. Um félagsmál, sem eigi er sérstaklega ákveðið í lögum, gildir afl atkvæða.

☐ 2. Nú er eigi gerð lögmæt samþykkt samkvæmt 1. mgr., og er þá veiðimálastjóra og veiðimálanefnd rétt að setja félaginu samþykkt, sem gildir, unz félagið setur sér lögmæta samþykkt með þeim hætti, er í 1. mgr. segir. Nú greinir veiðimálastjóra og veiðimálanefnd á, og sker ráðherra úr.

☐ 3. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.

b. Félagssvæði. Skulu þar taldar, svo að eigi verði um villzt, allar þær jarðir, sem eru á félagssvæðinu.

c. Verkefni félags.

d. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.

e. Reikninga félags og endurskoðun.

f. Meðferð á afla félags eða arði og greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

☐ 4. Í samþykkt má ákveða, að veiðifélag starfi í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns samkvæmt c-lið 1. mgr. 45. gr. Hver deild ráðstafar veiði í sínu umdæmi með þeim takmörkunum, sem aðalfundur setur.

■ **50. gr.** 1. Á fundi, boðuðum á sama hátt og stofnfundur, skal gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma á í hlut hverrar jarðar eða jarðarhluta, er veiðiréttur fylgir í vatni á félagssvæði. Við niðurjöfnun veiði eða arðs af henni skal m. a. taka tillit til aðstöðu við netjaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni, til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks.

☐ 2. Arðskrá skal leggja undir úrskurð fundarmanna, og skal greiða atkvæði um hana, eins og segir í 1. mgr. 49. gr. Í arðskrá skal greina tímamark fyrir gildistöku hennar. Nú verður arðskrá eigi löglega samþykkt, og skal stjórn veiðifélags óska eftir mati samkvæmt 94. gr. Einnig er félagsmanni, sem telur gengið á hlut sinn með arðskrá, rétt að krefjast mats samkvæmt 94. gr. Tekur mat gildi tveimur mánuðum eftir birtingu í ábyrgðarbréfi frá stjórn veiðifélags eða á annan sannanlegan hátt, enda sé yfirmats eigi krafizt. Nú fer yfirmat fram, og tekur það gildi frá þeim tíma, er yfirmatsmenn ákveða.

☐ 3. Rétt er félagsmanni að krefjast endurskoðunar á

arðskrá fimm árum eftir setningu hennar í fyrsta skipti, en síðar á átta ára fresti.

■ **51. gr.** Kostnað af starfsemi veiðifélags skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli sem þeir taka arð.

■ **52. gr.** Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt og arðskrá til staðfestingar.[1)] Nú þykja samþykkt og arðskrá eigi þannig úr garði gerðar, að staðfesta megi, og sendir ráðherra þær aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Annars kostar staðfestir hann þær, eða þá er lagfært hefur verið það, er ábótavant þykir, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Líða skulu minnst sex mánuðir frá stofnfundi félags og þar til samþykkt er staðfest. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

[1)] *Samþ., t. d. 273, 585, 586 og 587/1981, 823 og 824/1983, 5 og 321/1984, 228 og 456/1986, 152 og 154/1987, 31 – 35/1989 og 301 – 302/1989. Arðskrár, t. d. 68 og 69/1982, 14/1984 og 535/1986, 540 – 541/1987, 59 – 60/1989 og 303/1989.*

■ **53. gr.** Nú hefur veiðifélag verið stofnað samkvæmt 47. og 48. gr., og getur þá sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt stofnunina fyrir ráðherra, áður en sex mánuðir eru liðnir frá stofnfundi félags. Vefenging, sem síðar berst um stofnun félags, skal eigi tekin til greina. Nú hefur vefenging fyrir ráðherra verið borin fram á lögmætum tíma, en hann tekur hana eigi til greina, og er þá rétt að skjóta málinu til dómstóla, áður en sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu samþykktar.

■ **54. gr.** Nú hefst veiði fyrir landi jarðar, er liggur að fiskihverfi veiðifélags, en utan félagssvæðis, og skal leggja þá jörð við það félagssvæði, og er ábúanda hennar þá skylt að gerast félagi. Boða skal ábúanda slíkrar jarðar á fund, og á hann þar atkvæði um málið.

■ **55. gr.** Skylt er stjórn veiðifélags að gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi félagsins og þær skýrslur aðrar, er veiðimálastjóri kann að æskja.

■ **56. gr.** 1. Aðalfund skal halda árlega og aukafund, þá er félagsstjórn telur ástæðu til eða ¼ félagsmanna æskir og tilgreinir fundarefni. Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða fund í tvo mánuði, og er þeim, er fund vilja halda, rétt að boða hann.

□ 2. Fund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Þó má boða fund í félagi, sem hefur færri en 30 félagsmenn, með símtölum eða á annan þann hátt, sem tíðkast um boðun funda í því héraði.

□ 3. Á fundi skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn.

□ 4. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki ⅔ félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt eða arðskrá, og skal þess getið í fundarboði. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

□ 5. Um endurskoðun arðskrár skal að öðru leyti fara eins og segir í 50. gr.

■ **57. gr.** 1. Þá er veiðifélag hefur verið stofnað með löglegum hætti, skal hverjum manni óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnar.

□ 2. Í samþykkt félags má setja ákvæði, er banna félagsmanni og öðrum þeim, sem á félagssvæði búa, að hafa undir hendi ádráttarnet, nema sannað geti, að net eigi að nota til veiði í vatni utan félagssvæðis.

□ 3. Ákvæði 1. mgr. tekur eigi til þess manns, sem fengið hefur veiðiskírteini samkvæmt 22. gr.

■ **58. gr.** Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að veita veiðifélagi undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 31. gr. laga þessara um hlið á girðingum, 1. mgr. 34. gr. um lengd fastra veiðivéla út í vatn og 4. mgr. 34. gr. um fjölda veiðitækja við garð og binda undanþágu þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

■ **59. gr.** 1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.

□ 2. Eignir veiðifélags skulu teljast til jarða á félagssvæðinu í arðskrárhlutfalli. Ef ágreiningur verður vegna eignarhluta í veiðifélagi, sker mat úr, sbr. 94. gr.

■ **60. gr.** 1. Nú starfar veiðifélag við fiskihverfi, þar sem áður var engin veiði eða svo lítil, að hún var eigi talin í skýrslum um undanfarin 10 ár, og er þá félaginu rétt að gera samþykkt á lögmætum félagsfundi um fullnaðarfriðun fisks í því fiskihverfi eða friðun gegn allri veiði eða tilteknum veiðiaðferðum.

□ 2. Samþykkt um friðun samkvæmt 1. mgr. gildir um 5 ár í senn, nema meiri hluti félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr eða ráðherra mæli svo fyrir. Leita skal staðfestingar ráðherra á samþykkt samkvæmt 52. gr.

■ **61. gr.** 1. Nú vill veiðifélag með ráði og samþykki veiðimálastjóra auka friðun eða láta vikufriðun gilda aðra daga oftar[1)] í straumvatni en neðar, auka fjarlægð milli fastra veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt, stytta hámarkslengd þeirra, draga úr veiðni veiðitækja, fækka þeim eða kveða á um meiri lágmarksstærð fisks, sem veiða má, og er það rétt, ef allir félagsmenn hverfa að einu ráði eða lögmætur félagsfundur samþykkir með ⅔ atkvæða félagsmanna, enda fari um fundarboðun og atkvæðagreiðslu eins og mælt er í 49. gr. laga þessara, og fundarefnis sé getið í fundarboði.

□ 2. Samþykkt samkvæmt 1. mgr. öðlast gildi, þá er ráðherra staðfestir hana, enda mæli veiðimálanefnd með samþykkt.

[1)] *Svo í Stjtíð. Á sýnilega að vera „ofar".*

## IX. kafli. Um klak- og eldisstöðvar ríkisins og fiskeldi.

■ **62. gr.** Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt á fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum.

■ **63. gr.** Klak- og eldisstöðvar ríkisins afla seiða til fiskræktar og gera tilraunir um klak og eldi fisks. Þær skulu og veita fræðslu um meðferð klaks og um fiskeldi, eftir því sem við verður komið.

■ **64. gr.** Klak- og eldisstöðvum þeim, er getur í 62. og 63. gr., skal heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, sbr. 22. gr., að afla stofnfisks til klaks í hvaða veiðivatni sem er, enda séu svo mörg seiði sett í vatn í staðinn, að því sé að dómi veiðimálastjóra að fullu bættur skaðinn.

■ **65. gr.** Þeir, sem rækta vilja fisk í veiðilausu vatni, skulu ganga fyrir öðrum um kaup á seiðum.

■ **66. gr.** Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og uppdrættir af ráðgerðum mannvirkjum. Er slíkum skilríkjum hefur verið skilað og þau teljast fullnægjandi, skal veiðimálastjóri gefa út viðurkenningu á eldisstöðinni, og öðlast hún þar með réttindi samkvæmt því, sbr. 70. gr. Ráðherra er rétt að setja skilyrði í reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 403/1986, sbr. 597/1989. Rg. 401/1988.*

■ **67. gr.** Skylt er að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar eða starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

■ **68. gr.** 1. Nú er vatn tekið úr veiðivatni til afnota í eldisstöð, og skal búa svo um vatnsleiðslur að eldistjörn og frá, að fiskur gangi eigi úr veiðivatni í leiðslur. Umbúnaður slíkra vatnsleiðslna skal háður samþykki veiðimálastjóra.

□ 2. Nú er straumvatn stíflað vegna eldisstöðvar, og fer um gerð stíflu samkvæmt 41. gr.

■ **69. gr.** Nú truflar vatnstaka til eldisstöðvar göngu fiska í veiðivatni, og skal þá haga vatnstöku svo, að hún valdi sem minnstri truflun. Tilhögun vatnsveitu skal háð samþykki veiðimálastjóra.

■ **70. gr.** Ákvæði 21., 27., 28. og 38. gr. taka eigi yfir fisk í eldisstöðvum.

■ **71. gr.** Forráðendur eldisstöðvar skulu gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar.

■ **72. gr.** Nú veldur eldisstöð rýrnun á veiði í vatni, og skal bæta tjónið eftir mati, ef eigi semur.

■ **73. gr.** Ráðherra er rétt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva á sama hátt og ákveðið er í 6. og 7. mgr. 14. gr., enda hafi gönguseiðum verið sleppt frá stöðinni í því skyni, að fiskur gangi aftur upp í hana úr sjó.

■ **74. gr.** Ráðherra er rétt, samkvæmt meðmælum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að heimila eldisstöð laxveiði í sjó innan 200 metra frá frárennsli hennar, enda hafi gönguseiðum verið sleppt í frárennslið í því skyni, að þau gangi í sjó og komi aftur upp í eldisstöðina að sjávarvist lokinni.

**X. kafli. Um innflutning á lifandi fiski og hrognum.**

■ **75. gr.** 1. Ráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, og sé hann formaður, veiðimálastjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Hún skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað, er að fisksjúkdómum lýtur.

□ 2. [Deildarstjóri Rannsóknadeildar fisksjúkdóma og dýralæknir fisksjúkdóma skulu vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.][1)]

[1)] *L. 50/1986, 17. gr.*

■ **76. gr.** Bannað er að flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni. Ráðherra er rétt að leyfa innflutning lifandi hrogna slíkra fiska, enda mæli fisksjúkdómanefnd með því og telji eigi hættu á, að sjúkdómar flytjist til landsins með slíkum hrognum, og þeim fylgi heilbrigðisvottorð frá viðkomandi yfirvöldum.

■ **77. gr.** Eigi má flytja til landsins lifandi skrautfiska né hrogn þeirra. Rétt er ráðherra að leyfa tilteknum aðilum slíkan innflutning, enda samþykki fisksjúkdómanefnd það hverju sinni og sé fyrir hendi heilbrigðisvottorð, sem hún metur gilt.

■ **78. gr.** 1. Sótthreinsa skal hrogn, ílát og umbúðir um hrogn eða skrautfiska, sem flutt eru til landsins samkvæmt 76. og 77. gr., baða skrautfiska úr lyfjablöndu, ef ástæða þykir til, svo og hafa hrogn og fisk í sóttkví, ef nauðsynlegt þykir. Fisksjúkdómanefnd gefur fyrirmæli um sótthreinsun og sóttkví og hefur eftirlit með henni.

□ 2. Nú er fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi, og skal sá flutningur háður fyrirmælum yfirdýralæknis.

■ **79. gr.** Fisksjúkdómanefnd er rétt, ef ástæða þykir til, að fyrirskipa sótthreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt sé að flytja hann inn í landið, enda sé vottorð eigi lagt fram um, að veiðitæki og veiðibúnaður hafi verið sótthreinsaður erlendis. Enn fremur er nefndinni rétt að banna, ef ástæða þykir til, innflutning á dauðum vatnafiski, ferskum eða frystum.

■ **80. gr.** Nú kemur upp næmur sjúkdómur í veiðivatni eða í klak- og eldisstöð eða grunsamlegt þykir, að næmur sjúkdómur leynist í fiski á slíkum stöðum, og er ráðherra rétt að fengnum tillögum fisksjúkdómanefndar að gera hvers konar ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

■ **81. gr.** Ráðherra er rétt eftir tillögum fisksjúkdómanefndar að setja reglur[1)] um heilbrigðiseftirlit í klak- og eldisstöðvum, um töku sýnishorna, um sóttvarnaraðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum, svo og kveða nánar á um önnur ákvæði þessa kafla, eftir því sem þurfa þykir.

[1)] *Rg. 403/1986, sbr. 597/1989 (um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum). Rg. 401/1988 (um flutning og sleppingar laxfiska o. fl.).*

**XI. kafli. Um álaveiðar.**

■ **82. gr.** Ráðherra er rétt að setja reglur um álaveiðar að fengnum tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Í reglum þessum má mæla fyrir um gerð veiðitækja og veiðitíma, og skal þess gætt, að lax og silungur veiðist eigi í blóra við ál.

**XII. kafli. Um ófriðun sels.**

■ **83. gr.** Rétt er að skjóta eða styggja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum.

■ **84. gr.** 1. Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær ósi vatns, er lax eða göngusilungur fer um, en 7 km, og getur þá ráðherra ófriðað þau eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, enda sýni mat, að arður af laxveiði eða göngusilungi í ánni sé meiri en arður af selveiði.

□ 2. Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða svo nærri ósi vatns sem segir í 1. mgr., en lax- og silungsveiði í vatninu er metin minna virði en selveiðin, og er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að ófriða þau, enda hafi fiskrækt verið stunduð við

vatnið svo lengi og með þeim árangri, að mat þyki sýna, að laxveiði eða göngusilungs í vatninu verði arðsamari en selveiðin.

■ **85. gr.** 1. Fyrir missi selveiðinytja þeirra, er getur í 84. gr., skulu koma fullar bætur.

□ 2. Bætur greiða eigendur laxveiði eða göngusilungs í því fiskihverfi, er í hlut á. Skulu þær vera árgjald, sbr. þó 3. mgr. Bætur skulu ákveðnar með mati, ef eigi semur, og greiða veiðieigendur þær í arðskrárhlutfalli. Sýslumaður jafnar niður gjaldi og innheimtir á manntalsþingi. Fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkvæmt 2. gr., og greiðir þá leigutaki bætur í stað leigusala.

□ 3. Nú eykst eftir ófriðun sels lax- eða göngusilungsveiði jarðar, er bætur hlýtur samkvæmt 2. mgr., og skal sá hagsauki þá dreginn frá bótum, enda krefjist mats einhver, sem bætur skal greiða. Nú sýnir mat, að arður af lax- eða silungsveiði jarðar hefur aukizt sem nemur arði af selveiði, og skulu bætur fyrir hana niður falla.

**XIII. kafli. Um stjórn veiðimála og eftirlit.**

■ **86. gr.** 1. Ráðherra hefur yfirstjórn allra veiðimála.

□ 2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálastjóri og veiðimálanefnd.

■ **87. gr.** 1. Veiðimálastjóri skal vera kunnáttumaður um vatnalíffræði og veiðimál. Ráðherra skipar veiðimálastjóra, og tekur hann laun úr ríkissjóði.

□ 2. Veiðimálastjóri hefur með höndum þessi störf:

a. Hann annast þau verkefni, sem honum eru falin í lögum þessum.

b. Hann annast rannsókn vatna og fiska og sér um skrásetningu veiðivatna.

c. Hann annast merkingu vatnafiska, en getur gefið öðrum leyfi til merkinga með skilyrðum, sem hann setur.

d. Hann safnar skýrslum um veiði og fiskrækt.

e. Hann gerir eða lætur gera uppdrætti að klakstöðvum, eldisstöðvum og fiskvegum og hefur umsjón með gerð slíkra mannvirkja.

f. Hann gerir tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði, sem sett eru samkvæmt lögum um friðun, fiskeldi eða veiði.

g. Hann veitir leiðbeiningar um veiðimál og er ráðherra til aðstoðar um allt, sem að þeim lýtur.

■ **88. gr.** 1. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina til 4 ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangarveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd, og skipar ráðherra í nefndina í hans stað. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

□ 2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál og fer með þau mál, sem henni er falið í lögum þessum. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun, fiskeldi og veiði.

□ 3. Fundur er ályktunarfær, ef minnst þrír menn eru á fundi.

□ 4. Atkvæði þriggja nefndarmanna þarf til þess, að ákvörðun veiðimálanefndar sé lögmæt.

■ **89. gr.** 1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn með veiði, þar sem þurfa þykir. Um tölu þeirra og skipun skal leita tillagna veiðimálastjóra.

□ 2. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna veiðiskýrslum, hver í sínu umdæmi, og gefa veiðimálastjóra þær skýrslur um veiði og vötn, er hann kann að æskja. Þeir skulu gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur veiðimálastjóri í erindisbréfi.

□ 3. Veiðimálastjóri gefur út skilríki handa eftirlitsmönnum.

□ 4. Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn og meðfram því, eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp úr veiðivatni ólögleg veiðitæki eða veiðitæki, sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

□ 5. Nú leikur grunur á, að fiskur sé ólöglega veiddur, og getur eftirlitsmaður krafizt þess, að sá, er hefur hann undir höndum, geri eftirlitsmanni grein fyrir, hvar hann hafi fengið fiskinn, ella telst fiskurinn ólöglegt veiðifang.

□ 6. Nú leikur grunur á, að ólöglegt veiðifang sé geymt í verzlun, reykhúsi, frystihúsi eða í öðru geymsluhúsi, og er eftirlitsmanni heimilt án undangengins úrskurðar dómara að gera leit að slíku veiðifangi og taka það í sína vörzlu, ef þurfa þykir, en gera skal hann dómara þeim, er í hlut á, þegar við verður komið, en hann skal þegar taka málið til meðferðar.

■ **90. gr.** 1. [Ráðherra ákveður kaup eftirlitsmanna að fengnum tillögum veiðimálastjóra. Greiðist það að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af veiðieigendum í hlutfalli við veiði þeirra næstliðið ár. Sýslumaður jafnar gjaldinu niður og innheimtir það af veiðieigendum. Má taka gjaldið lögtaki.][1)]

□ 2. Rétt er ráðherra að skipa eftirlitsmann með veiði, þar sem sérstaklega stendur á, enda æski þess eigendur eða notendur veiði og greiði kostnað af eftirliti.

[1)] *L. 108/1988, 32. gr.*

**XIV. kafli. Um Fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar.**

■ **91. gr.** 1. Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður, til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Tekjur sjóðsins eru:

a. Fjárveiting úr ríkissjóði.

b. Gjald af skírum veiðitekjum, 2%, er innheimtist af veiðifélögum.

c. Tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins, eftir ákvörðun ráðherra.

d. 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings.

e. Aðrar tekjur.

□ 2. Með stjórn Fiskræktarsjóðs fara veiðimálanefnd og veiðimálastjóri. Ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum skulu háðar samþykki ráðherra. Ráðherra er rétt að setja Fiskræktarsjóði starfsreglur.[1)] Nú greinir veiðimálanefnd og veiðimálastjóra á og sker ráðherra úr.

[1)] *Rg. 124/1971.*

■ **92. gr.** 1. Lán og styrki skal veita úr Fiskræktarsjóði til framkvæmda, er lúta að fiskrækt og fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu.

1970 Nr. 76 25. júní

□ 2. Þessar framkvæmdir njóta styrks, er nemi allt að ⅓ af áætluðum kostnaði:

1. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn.

2. Klakhús og eldisstöðvar.

■ **93. gr.** Veita skal lán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins samkv. lögum nr. 75 27. apríl 1962,[1] um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, til framkvæmda þeirra, sem getur í 92. gr. Lán skulu og veitt til að reisa íbúðarhús við eldisstöðvar samkvæmt lögum nr. 75 27. apríl 1962,[1] þegar fiskur hefur verið alinn þar í 3 ár og skilyrði til eldis hafa reynzt hagkvæm. Lán til íbúðarhúsa við eldisstöðvar skulu hlíta sömu reglum sem lán til íbúðarhúsa á nýbýlum.

[1] *Nú l. 45/1971.*

## XV. kafli. Um matsgerðir og skaðabætur.

■ **94. gr.** 1. Nú greinir menn á, hvar um sé að tefla sjó, straumvatn, stöðuvatn, á, ós, ósasvæði, kvísl, ál, takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta af vatni, svo sem ós, ósasvæði, kvísl, ál, foss, lögn eða veiðistað, legu aðalstraumlínu eða önnur slík efni, sem getur í lögum þessum, og skal þá skera úr ágreiningi með mati.

□ 2. Mat samkvæmt 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma tveir menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, er meta skal. Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, en ráðfæra skal hann sig við veiðimálastjóra, áður en hann framkvæmir dómkvaðningu. Nú varðar mat merkivatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari dómkveður matsmenn.

□ 3. Mati má skjóta til yfirmats, áður en liðnir eru tveir mánuðir frá birtingu mats. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn meðal dómara Hæstaréttar, en annan eftir tillögu veiðimálanefndar.

□ 4. Rétt er að skjóta ágreiningi, er getur í 1. mgr., beint til yfirmatsmanna, enda séu aðilar ásáttir um það.

□ 5. Matsmenn ákveða kostnað af mati og skiptingu hans á aðila.

□ 6. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, telst kostnaður af því til matskostnaðar.

■ **95. gr.** 1. Nú hefur veiðieigandi, er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana að mestu eða öllu fyrir þá sök, að lögin fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og á hann þá kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 94. gr.

□ 2. [Matsmenn skv. 1. mgr. skulu leita umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Skaðabætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða -sjóðum.][1]

□ 3. Nú hefur maður í öðrum tilvikum en í 1. mgr. segir orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laga þessara, og á hann kröfu til skaðabóta eftir mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, eftir ákvörðun matsnefndar, og má taka þær lögtaki. Ákveða má þeim, er tjón hefur beðið, bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæði sínu.

[1] *L. 108/1988, 33. gr.*

■ **96. gr.** Um fjárhæð og greiðslu bóta eða endurgjald, er greinir í lögum þessum, fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.[1]

[1] *L. 11/1973.*

## XVI. kafli. Refsiákvæði og réttarfars.

■ **97. gr.** 1. Það varðar mann sektum og varðhaldi, ef miklar sakir eru, ef:

a. Hann veiðir ólofað í vatni annars manns.

b. Hann hittist með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, nema sannað sé, að hann hafi átt þar lögmæt erindi.

c. Hann veiðir á tíma, þegar veiði er bönnuð, eða á stöðum, þar sem veiði er bönnuð.

d. Hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, eða fylgir eigi settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð.

e. Hann veiðir fisk, sem er minni en leyft sé að veiða, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er sleppa skal.

f. Hann brýtur ákvæði 23., 30. eða 38. gr.

g. Hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn.

h. Hann notar sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði.

i. Hann hlítir eigi settum reglum um veiðifélög eða samþykktum þeirra.

j. Hann hlítir annars eigi lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

□ 2. Brot gegn ákvæðum 14. gr. innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi varðar fésektum allt að 500 000 kr. og auk þess varðhaldi, ef miklar sakir eru.

■ **98. gr.** Brot þau, er getur í c-, d- og h-liðum 97. gr., teljast fullframin, jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé, að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

■ **99. gr.** Nú veiðir maður ólofað í vatni annars manns, og skal sá, er misgert var við, fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

■ **100. gr.** Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem eru notuð með ólöglegum hætti, skulu upptæk ger. Eins fer um ólöglegt veiðifang, sbr. þó 99. gr.

■ **101. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum og andvirði upptækra veiðitækja renna í ríkissjóð.

■ **102. gr.** 1. Rétt er dómsmálaráðherra að fela Landhelgisgæzlunni löggæzlu samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við verður komið.

□ 2. Rétt er dómsmálaráðherra, samkvæmt tillögu landbúnaðarráðherra, að skipa sakadómara í Reykjavík til þess að rannsaka og dæma brot gegn lögum þessum.

## XVII. kafli. Niðurlagsákvæði.

■ **103. gr.** Veiðifélag, sem löglega hefur verið stofnað samkvæmt eldri lögum, skal haldast, en breyta skal samþykktum þess samkvæmt 1. – 2. mgr. 49. gr.

# IV. i. Reki.

1281 **Jónsbók.**
**Rekabálkr.**
**Kap. 1.**
Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla ok þara, nema með lögum sé frá komit. Ef við rekr á fjöru manns, þá skal hann marka viðarmarki sínu, því er hann hefir sýnt áðr grönnum sínum ... Eigi er lögmark ella. Rétt er at maðr vaði til ok marki þar tréit, ef hann kemr því eigi ór flæðarmáli, ef þat er við þá fjöru er festa má reka á, ok á hann þá, þó at á annars fjöru komi. En hinn er fjöru á skal gera honum orð, ef hann veit hverr á, eða lýsa at kirkju. ... Ef við eða hval rekr í gegnum merkiósa upp á land, ok á sá maðr þat er land á fyrir ofan. Ef vötn eða lón ganga fyrir ofan fjöru manns, ok kasti þar hval eða viði yfir malarkamb eða eyrartanga upp í vatnit, þá á sá maðr er vatn á eða jörð fyrir ofan, ef á land rekr; helgar þar festr hval, en við mark sem annars staðar. Nú brýtr nýja ósa út í gegnum fjöru manns, ok rekr þar hval eða við upp á jörð, ok á sá er fjöru á fyrir utan. En þó at brjóti nýja ósa í gegnum fjöru manns, þá skal hinn forni ráða. Nú verpr tré eða hval á jörð upp, ok á sá bæði er reka á. En ef þar er jörð gróin yfir viði eða beinum, þá á sá er jörð á.[1] Þar er tré eru í jörðu hálf ofarr en nú gengr flóð til, ok á sá maðr þar tré ok bein er jörð á fyrir ofan. En ef tré eða bein eða tálkn er í flæðarmáli, þó at sandi sé yfir orpit eða í grjóti fast, þá á sá þat allt er fjöru á. Nú eru ósar at merkjum, þá á hvárr þeira reka allan til miðs óss. Ef rekann festir í miðjum ósinum, þá á hálfan hvárr þeira. Nú rekr við eða hval upp eptir þeim ósi ok kastar á svarðfast land, eða festir í vatnsbökkum fyrir ofan rekamark, þá á sá er jörð á eða eyrar, ef þar festir, nema festi í miðju vatninu, þá skal jafnt hverfa rekinn til hvárs tveggja lands, allt þat er þar rekr. Ef birkivið rekr út at merkiósum, ok á sá þann við er jörð á fyrir ofan reka þann er tréit kemr á. Ef við rekr at á ofan ok festir í eyrum eða rekr á land upp, þá á sá þann við er jörð á, nema einn maðr eigi allan skóg, þá á sá.

[1] *Sbr. Alþingisdóm um 1300.*

**Kap. 2. Um viðreka ok veiði fyrir útan netlög.**
Hverr maðr má flytja ok fénýta sér við þann allan er hann finnr fljótanda fyrir annars landi út frá rekamarki. Taka má maðr við ok hval þar við annars land at flytja er eigi er ván at festi, nema svá sé nær þeiri fjöru er festa má reka á, at sjá mundi mega þaðan fisk á borði, ef eigi bæri land fyrir. Svá á allar flutningar at taka. Ef maðr flytr við sinn á annars fjöru, ok skal sá við eigi þar lengr liggja en þrjár nætr, ef þat er rekafjara, nema nauðsyn banni, ella bæti ... skaðabót þeim er reka á. Rétt er honum at færa upp á land ór fjöru ok hafa þaðan flutt innan tólf mánaða þaðan frá. Allir menn eigu at veiða fyrir utan netlög at ósekju. ... Ef maðr kaupir reka af landi manns at lögmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjörr en svá, þá á landeigandi af fjöru þeiri alnarlöng kefli öll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, ok svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr, er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel. Hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn í land en fimm, þá á rekamaðr. Landeigandi á ok flutningar allar ok at varðveita skotmannshlut ... ok hvali þá alla er fyrir mönnum hlaupa á land, ok veiðar allar í netlögum ok í fjörunni. Ef við flýtur í netlögum, þann á rekamaðr. En ef útar er viðrinn, ok má þó sjá fisk á borði, þá á sá maðr, er jörð á, ok allt þat er þar flýtr. En fjörumaðr þat, sem í netlögum er, hvárt sem net er lagit af landi eða skeri. Ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, ok á sá þat ok reka þann, er fylgir, er meginland á næst, nema með lögum sé frá komit. 1281

**Kap. 3. Um festing á hval.**
Ef hval rekr á fjöru manns, þá skal sá er á landi býr þar næst festa hval þann, hverr sem fjöru á, ok hafa slíkt af hval sem fyrr skilr leiguliða,[1] þó at landsdrottinn búi sjálfr á jörðu. Hann skal festa hval þeim festum at eigi sé ósterkari en reip þau tíu er tveggja manna afli haldi hvert, ok sé þá borinn annarr endir um stokk eða stein. Rétt er honum at skera festar af sjálfum hvalnum. Ok ef svá er festr, þá ábyrgist hann eigi, þó at út taki hvalinn ef sumr er festarstúfr á landi, en sumr í hval, ok á hann hvalinn er áðr átti, þó at á annars fjöru komi. Hann skal flytja brott hvalinn, hvárt er hann vill á skipi eða eykjum, ok neyta engis þar, nema vatns ok haga. En ef sex skynsamir menn sanna þat með eiðum, at hvalr sé verr festr en nú var talt, þá á sá ekki í, þó at út taki, er festi, ok ábyrgist at öllu, ef annarr á hval. Hann á þegar at senda mann þann er fari fullum dagleiðum þeim er reka á. En landbúi skal þá skera hval ok þeir menn er hann fær til, til fjórðungs, þar til er rekamaðr kemr til eða hans umboðsmaðr, þá skulu þeir ráða þeim er óskorinn er. En ef þar eigu fleiri í reka, þá skal hann þeim orð gera er mest á í, en hinna hlut skal hann varðveita ok selja sem hann eigi sjálfr, ok ábyrgist við sínum handvömmum. Nú skerr maðr hval á fjöru sinni ok rekr þar fjósir út, tálkn eða bein, ok rekr á annars fjöru, þá á sá þat er fjöru á, ef lengra er frá fjörumarki hins en tvau hundruð faðma. Svá er ok um garnar ok seymi ok allt þat er fémætt slítr út af hval. En ef urgur eru í hvalfjósum þeim er út sleit, þá helga þær þeim er átti í fyrstu. Nú þó at hvalr sé minni en festingarhvalr eigi af at takast, þá er sá jafnskyldr er á jörðu býr at festa hinn minna sem hinn meira. Allt skal hann þat færa ór flæðarmáli er fémætt rekr á fjöru þá, sem hann ætti land ok reka, ella ábyrgist hann at öllu við rekamann. Lauss er sá maðr við reka varðveizlu er á jörðu býr, ef rekamaðr hefir öðrum umboð fengit, ok skal sá þá fyrir sjá ok ábyrgjast svá sem hinn skyldi. Ef nokkurr maðr kallar sá til meira hvals en fyrr hefir haft, er menn vitu þó at nokkut á í reka, þá skal honum þó til handa skipta þeim hval er hann kallar til yfir þat er rekamaðr veit, hálfu minna en hann kallar til. ... Nú prófast sem annar hvárr hafi logit, gjaldi sá hval tvennum gjöldum þeim er á ok kostnað sinn allan þann sem hann hefir fyrir haft. ... Nú kemr hvalr eða tré á rekamark, þá eigi svá hverr sem reka á undir.

[1] *Sbr. Landsleigubálk, kap. 6.*

**Kap. 4. Um skot, ef þat finnst í hval, ok ef leynt er skotinu.**
Ef hval rekr á fjöru manns, ok á fjörumaðr þann allan, ef eigi er skot í. En ef skot finnst í þat er þingborit mark er á, þá á skotmaðr hálfan, ef hann kemr til áðr hans hlutr

1281 er virðr ok veginn ok af fjöru fluttr. En svá skal maðr skots leita sem hann ætti skots ván í hval á annars fjöru. En sá á vætt spiks af skotmannshlut er finnr skot. Ef fjörumaðr veit hverr skot á, þá skal hann gera honum orð, ef hann er svá nær at fara má tvívegis þangat þann dag er þá er, ef hann færi árdegis. En ef hann gerir eigi skotmanni orð þegar skot finnst, – því at svá mikit skal hafa af síðarra degi sem þá var af fyrra er maðr var sendr, – þá sekist hann mörk, hafi hálfa konungr, en hálfa skotmaðr, ok slíkan hval sem honum væri at lögum orð ger. Landeigandi á at skera til fjórðungs skotmannshlut, þar til er skotmaðr kemur til, ok ábyrgjast þann hval við skotmann. Síðan skal skotmaðr ráða sínum hval hinum óskorna ok ábyrgjast sjálfr þann. ...

**Kap. 5. Um skotmannshlut, hversu fara skal.**

Hvervetna þess er skotmaðr kemr svá til skothvals at sumr er óskorinn, þá skal hann ráða hinum óskorna jafnan, en hinn er skar skal hafa fjórðung af þeim er hann skar, ok svá skal jafnan fara, ef hann kemr til fyrr en hans hlutr sé allr virðr ok veginn ok af fjöru fluttr. Nú kemr engi at kalla til skots þess er þar er fundit, þá skal landeigandi varðveita skotit ok hafa þá hálfan skotmannshlut, hversu sem hann kemr kaupi við skurðarmenn. Skothval skulu virða ... skynsamir menn ... Nú eru fleiri skot í hval en eitt, þá á sá hvalinn er fyrstr kom banaskoti á ok þingborit mark hafi. Ekki sakar, ef í spik kemr. Ef maðr veiðir hval þann er áðr er helvænn af þingbornu skoti, ok á sá þó skotmannshlut, er fyrri skaut hvalinn, en hinn fyrir starf sitt. ... Þeir skulu æ skothval virða er næstir búa því er skot finnst. Sá maðr á at varðveita skotmannshlut er land á, ef annarr á reka, en hálft á hvárr þeirra bein ok tálkn. Landeigandi á heimting við rekamann, ef hvalr er seldr áðr skot finnst, en skotmaðr við hann. Ef hval slítr út þann er menn hafa skorit ok finnst skot í, hvar sem á land rekr, þá á skotmaðr heimtu at öllum þeim er fjöru áttu þar er sá hvalr kom, ok svá þó at menn skeri á floti eða skeri, ok skeri til helmingar, ef lögliga er virðr, en æ til fjórðungs, ef eigi er virðr. Sá maðr er skot hefir at varðveita skal sýna ok segja til marks á skotinu ... eða umboðsmaðr hans, ok svá til nafns síns, ok svá hve mikit fé skoti fylgir. ...

**Kap. 6. Um fiskhelgi ok ábyrgð á flutningarhval.**

Ef maðr finnr hval á floti, þá skal hann flytja hvert er hann vill, ef þat er útar fyrir annars landi en fisk sér á borði. Þat skal þorskr vera flattr, álnar í öxarþærum. Á því borði skal sjá er til lands veit þaðan sem fjarar lengst. Ef menn koma til þá er hann hefir festar í borit hval, þá er hann eigi skyldr við þeim at taka, ef hann fær fluttan hval. En þó at þeir beri festar í, þá eigu þeir eigi at heldr. En ef þeir koma eigi hval til lands er níttu liði hinna, þá skulu þeir ábyrgjast hvalinn við þá. ...

**Kap. 7. Um flutningarhval ok griðmenn finna.**

Þess hvals er fluttr er eigu flytjendr þriðjung, en landeigandi tvá hluti,[1] nema skot finnist í, þá á skotmaðr þriðjung. Skal skotmannshlutr svá fara at öllu sem um rekahval. En þeir menn sem fyrst bera festar í hval eigu at hafa finnanda spik, þótt fleiri sé at flutningu. Þat eru þrír tigir átta fjórðunga vætta, hálft hvárt spik ok rengi, ef hann er tvítugr eða lengri óskerðr, eða svá skerðr at hann sé þá eigi minni en tvítugr þess kyns heill. Þat skal allt af flutningarþriðjungi takast. Ok ef þeir hafa nokkut skorit á skip sitt, en flytja þat er eptir er, þá skulu þeir þat 1281
fyrir finnandaspik hafa, en skipta sem öðrum hval þat sem meira er. Ef landeigandi er at flutningu, þá á hann kost at flytja á sitt land. En ef þangat er lengra, þá ábyrgist hann hval við sína lagsmenn, ef þeir missa fyrir þat. Ef landeigendr eru fleiri at flutningu, þá skal á þess manns land flytja er næst á land. ... Ef griðmenn manns finna hval á floti ok á bóndi verk þeira allt, þá á hann hvalinn. En ef hann átti, fiski þeira at eins, þá á hann eigi meira í hval en sýslan dvaldist, sú er hann átti eptir því sem ... bændr virða, ok skiphlut sinn, ok ábyrgist þeir þó skip sem áðr. Nú flytja menn hval ór almenning, ok eignast þeir eigi, nema þeir beri fyrr festar á land en þeir láti hval lausan ok festi sem fyrr segir, ella er þat rekahvalr. Nú rekr hval svá mjök fyrir veðri eða straumi at hann ræðr skipinu, en eigi skipit honum, þá er sem þeir hafi ófundit hval.

[1] *Konungsbréf 23. júní 1779.*

**Kap. 8. Um rangfluttan hval ok ef í fiskhelgi er.**

Ef menn flytja hval þaðan frá landi manns er sjá má fisk á borði, þá á sá hval er áðr átti. ... Í fjörðum eða sundum, þar er maðr flytr hval svá at sjá má fisk á borði frá fleirum löndum en einu, þá eigu þeir allir jafnt, er svá nær eigu lönd, þó at einn flyti á sitt land, nema af einhvers landi standi svá mikit veðr, at þangat mátti eigi flytja. Ef menn reka hvali á land manns, þá eigu þeir tvá hluti, en landeigandi þriðjung. Ef menn finna hval í vökum útar en fisk sér á borði, þá á sá er fyrstr finnr allan þann er hann kemr á ís upp. Nú koma menn til ok bera vápn á hvali þá ok festa við ísbrún svá at eigi má sökkva, þá eigu þeir er veiða, en þeir sem síðarr koma til, ok neitta hinir þeira liði ok sökkr hvalr, þá ábyrgist þeir er fyrr kómu við þessa eptir manntali þenna hval. Ok hvatki er þeir fá svá, þá skulu þeir þar á land bera er þeir vilja. En ef landsdrottinn[1] telr at, at þeir spilla þar eng hans eða haga, bæti skaða ... þeim er gras á. En ef leggr á hölkn eða fjöru, þar sem engi er skaði at, flyti brott at ósekju. Nú finnr maðr hval í ísum nær landi, ok þó fyrir útan netlög, þá á hann hálfan ef kvikr er, en landeigandi allan ef dauðr er. Nú gengr vök allt at landi sú er menn sæfa hvali í fyrir útan netlög, ok renna þeir á land upp, þá á svá at fara um eiginorð þeira sem menn reki upp með skipum. Ef menn skjóta þingbornum skotum hvali í vökum, þá eigu þeir eigi heldr en aðrir menn, nema dauða reki á land, þá eigu þeir skothlut. Hverr maðr á veiði sína fyrir útan netlög. Þat er veiðr, ef maðr flytr á skipi til lands, en flutning ella. Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir útan netlög, þá á sá allan er veiðir.

[1] *Konungsbréf 23. júní 1779.*

**Kap. 9. Um selveiðar ok skot þat eigi er þingborit.**

Ef maðr hittir net í látrum sínum ok sel í, þá á hann net ok svá sel, þar til er hinn leysir ... net út ... Nú lýstr maðr sel ok finna þann aðrir menn, þá á hálfan sá er laust, en hálfan sá er finnr á floti, en sá skutil sinn er skaut, ef skutill fylgir. Nú rekr á land hafrhval, björn, rostung, sel eða hnísu ok finnst skot í, þá á sá þriðjung er skaut, ... ok skal sá er á landi býr því er á rekr lýsa því skoti ... innan mánaðar. Nú hittir maðr á sel eða hnísu eða aðra fiska, útan hval, fyrir ofan marbakka, ok færir þeim er á jörðu býr, hafi fimmtung af, en jörð fjóra hluti. En ef hann færir brott, þá færi hann aptr. ...

**1281** **Kap. 11. Um almenningshval, ef fluttr er, hverir eigu.**

Ef menn flytja hval ór almenning, þá skulu þeir fylgja festum til lands, ef þeim er óhætt fyrir stormi eða brimi. Nú skiljast þeir fyrir þat við at þeim er eigi óhætt, þá eigu þeir þó hval, ef á þat land rekr er þeir vildu flytja. En ef annars staðar kemr, þá er þat rekhvalr.

**Um 1300** **Alþingisdómur um rekamark.**

Þat var lögtekit um rekamark á Öxarárþingi af báðum lögmönnunum ok allri lögréttunni á dögum Hákonar kóngs, sem væri í almenniligu flæðarmáli þá sjór ræðr sér. En hvat hann æsir brim eðr vind eðr kastar yfir malarkamb eðr eyrartanga eðr á land upp, þar sem svá við víkr, þá eignast þat landeigandi, hvárt þat er tré eðr hvalr.

**1779** 23. júní **Konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi.**

■ **1)** Ef skotinn hvalur er fluttur til lands á grýtta eða sönduga staði, ellegar fjörur, er öðrum tilheyra, og kann þar að skerast og burt flytjast, svo landeiganda sé enginn skaði að, þá á hann engan hlut í hvalnum; þó á að borga honum þann velvilja, er hann kynni við þvílík tækifæri að auðsýna veiðimönnunum, eftir því sem þeir geta við hann á sáttir orðið.

■ **2)** Sé þvílíkur veiddur hvalur fluttur á land á nokkrum þeim stað, hvar skurður, björgun og burtfærsla hans á einhvern hátt spillir annars engjum eða haga, þá skulu veiðimenn betala landeiganda þann skaða og jarðarspell með einum áttunda parti af sjálfum hvalnum.

**1778** 4. maí **Opið bréf um rekatilkall á Íslandi.**

■ **1)** ...[1)]

[1)] *L. 42/1926, 35. gr.*

■ **5)** Af öllum þeim hvölum, sem reka á land með skoti í, skal skiptast einn hlutur fyrir skotmanninn, eða svo kallaður skotmannshlutur, hvar með fara skal eftir rekabálksins 4. og 5. kap. Komi skotmaður ekki áður en liðið sé ár og dagur frá því skotinu var löglega lýst á alþingi,[1)] eignast sýslumenn[2)] helming þessa hlutar á bændaeignum, sem þeim léntur er með úrlausn af 26. marz 1737; en hinn annar helmingurinn skal fylgja lóðinni fyrir bjarglaun og annað starf og kostnað. Að öðru leyti er sýslumönnunum í sjálfsvaldi að varðveita sjálfir þennan hlut, frá því honum er skipt og til þess ár og dagur er liðið. En á Vorum klaustrum og umboðsjörðum eignast klausturog umboðshaldarar[2)] þennan hlut, þegar eins stendur á, og eins þær almennu stiftanir, svo sem biskupsstólarnir, kirkjurnar, hospitölin, sem og staðarhaldararnir á því andlega góssi.

[1)] *Nú í Hæstarétti, l. 75/1973, 60. gr.* [2)] *Nú ríkissjóður, skv. l. 24/1877, 1. gr.*

# IV. j. Námar.

**1973** Nr. 24 17. apríl **Námulög.**

■ **1. gr.** Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna, sem þar finnast í jörðu eða á, þó með þeim takmörkunum, sem lög þessi tilgreina.

□ Nú er jörð í ábúð, og fer þá um rétt ábúanda til jarðefna eftir ábúðarlögum.[1)]

[1)] *L. nr. 64/1976.*

■ **2. gr.** Á öðrum landssvæðum en í 1. gr. segir, sem ekki eru í einkaeign, eign félaga, sveitarfélaga eða landshluta, hefur ríkið eitt rétt til jarðefna.

□ Um námuréttindi á landgrunninu umhverfis Ísland fer eftir sérlögum og að öðru eftir þessum lögum.

■ **3. gr.** Landeiganda samkvæmt 1. gr. er innan þeirra marka, sem síðar segir, rétt að vinna án leyfis á eða í landareign sinni jarðefni, svo sem grjót, möl, mó, surtarbrand, leir og önnur slík jarðefni.

□ Við nám jarðefna skal gæta þess vandlega, að framkvæmdin valdi eigi hættu mönnum, munum né búpeningi. Sama gildir um frágang námu að verki loknu.

□ Sveitarstjórn sú, sem í hlut á, skal hafa eftirlit með því, að fyrirmælum þessum sé hlítt, og er henni rétt að kippa því, sem ábótavant er í þessu efni af hendi námueiganda, í lag á hans kostnað.

■ **4. gr.** Nú vill landeigandi vinna málma eða málmblendinga úr jörðu, framkvæma jarðboranir eftir jarðefnum, grafa námubrunn, 10 m eða dýpri, eða gera námugöng, og skal hann senda ráðherra frumdrætti að fyrirhuguðum framkvæmdum, námuteigum og mannvirkjagerð og gera grein fyrir fjárhagslegri og tæknilegri aðstöðu sinni til framkvæmdanna. Landeigandi skal, ef ráðuneytið óskar þess, leggja fram sérfræðilegt álit um mengunarhættu, sem kynni að vera samfara leit og vinnslu jarðefna, svo og jarðfræðilega álitsgerð um áhrif borana eftir jarðefnum á verðmæti hagnýtingar, sem hafin er á jarðhita í nágrenninu. Ráðherra er rétt að setja landeiganda þau skilyrði, sem hann telur nauðsynleg frá öryggislegu og tæknilegu sjónarmiði.

□ Námueiganda ber að kaupa tryggingu hjá vátryggingarfélagi, sem ráðherra metur gilt, til greiðslu á hvers konar fébótum vegna skaðabótaverka, sem unnin eru á vegum námueiganda í sambandi við námureksturinn og málmleitina.

■ **5. gr.** Námueiganda er skylt að hlíta á sinn kostnað því eftirliti með leit og vinnslu jarðefna, sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum eða sérstökum ákvörðunum ráðherra.

□ Ráðherra fer með eftirlit með málmleit og námurekstri og fylgist með því, að sveitarfélög vanræki ekki skyldur sínar samkvæmt 3. málsgr. 3. gr.

■ **6. gr.** Nú vill landeigandi selja eða leigja námuréttindi í landi sínu, þau er í 1. mgr. 4. gr. segir, í hendur félagsskap, þar sem hann er þátttakandi, og þarf til þess leyfi ráðherra.

□ Nú vill landeigandi í öðrum tilvikum en þeim, er í 1. mgr. segir, selja eða leigja námuréttindi ásamt afmörkuðum námuteigi, hvort sem er frá jörð eða sér í lagi með öðrum hætti, og skal sveitarfélag það, þar sem námuréttindi eru, hafa forkaupsrétt eða forleigurétt, en að því frágengnu ríkið.

□ Að öðru leyti skal beita ákvæðum laga um kauprétt á jörðum.

□ Eigi er heimilt að selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, sveitarfélaga, sjóða né almannastofnana, nema að fengnu samþykki ráðherra.

■ **7. gr.** Rétt er ráðherra að láta leita jarðefna hvar sem er á landi hér. Er landeiganda eða umráðaaðilja lands skylt að veita þeim mönnum, sem ráðherra gerir út í því skyni, óhindraðan aðgang að landareign þeirri, sem í hlut á, og ber honum að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkunum á umráðarétti og óþægindum, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveða skal með eignarnámsmati, ef samkomulag næst ekki.

■ **8. gr.** Ráðherra er rétt, þá er almannahagur krefst þess, að taka eignarnámi[1)] námuréttindi til eignar eða afnota ásamt nauðsynlegum landssvæðum og mannvirkjum til athafna vegna námurekstrarins.

□ Ef eignarnám á hluta af eign hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi hins hluta eignarinnar, er skylt, ef eigandi krefst þess, að láta eignarnámið taka til allrar eignarinnar.

□ Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um jarðefni og kostnaðar af leit og vinnslu.

□ Rétt er, ef námueigandi krefst þess og ráðherra samþykkir, að meta endurgjald fyrir vinnsluréttinn:

a. Tiltekinn hluta óskírs (brúttó) verðmætis þess, sem unnið er.

b. Tiltekinn hluta skírs (nettó) verðmætis þess, sem unnið er.

□ Er ráðherra hefur tekið landareign eignarnámi, skal þó fyrri eigandi eiga forgangsrétt að sérleyfi næst á eftir ríkinu.

□ Sveitarstjórn er heimilt með samþykki ráðherra að taka eignarnámi til eignar eða afnota malar- og grjótnámur ásamt nauðsynlegu landi, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu.

[1)] *Sbr. lög nr. 11/1973.*

■ **9. gr.** Nú stundar aðili, hvort heldur er almannaaðili eða einkaaðili, löglega leit og vinnslu jarðefna, og eru þá landeigendur og leiguliðar á þeim svæðum, sem nauðsynleg eru til vinnslu og hagnýtingar jarðefnanna, skyldir eftir úrskurði ráðherra að þola mannvirki, lagningu vega, vatnstöku og vatnsleiðslur og svo önnur afnot af löndum sínum, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdanna.

□ Nú næst ekki samkomulag um fullt endurgjald, og skal ákveða það með eignarnámsmati.[1)]

[1)] *Sbr. lög nr. 11/1973.*

■ **10. gr.** Rétt er ráðherra að veita íslenzkum aðiljum sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi, enda sé fullnægt ákvæðum 7., 8. og 9. gr. laga þessara, ef um einkaeign er að tefla.

□ Íslenzkir aðiljar teljast:

a. Stofnanir, sem hlíta stjórn íslenzka ríkisins.

b. Íslenzk sveitarfélög.

c. Íslenzkir ríkisborgarar.

d. Samtök, sem hlíta fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna, er hafa aðsetur á Íslandi, enda séu a. m. k. þrír fimmtu samtakamanna íslenzkir ríkisborgarar.

e. Hlutafélög, sem hlíta stjórn íslenzkra ríkisborgara einna, er aðsetur hafa á Íslandi, enda eigi íslenzkir ríkisborgarar eða aðrir, sem verða samkvæmt grein þessari settir á bekk með þeim, hlutabréf, er samsvara þremur fimmtu hlutafjár, og fari á aðalfundum hlutafélaga með a. m. k. þrjá fimmtu allra atkvæða.

f. Önnur félög með takmarkaða ábyrgð, enda séu þrír fimmtu hlutar félaga íslenzkir ríkisborgarar eða aðiljar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim, leggi fram þrjá fimmtu hluta stofnfjár, félagið eigi heimilisfang á Íslandi og hlíti stjórn íslenzkra ríkisborgara, búsettra þar.

g. Félög með ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu félagar allir íslenzkir ríkisborgarar eða aðiljar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim.

□ Rétt er ráðherra, að fengnu samþykki Alþingis, að veita erlendum aðilja sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi undir því skilorði, er í 1. mgr. segir.

■ **11. gr.** Sérleyfi má eigi veita, fyrr en ráðherra hefur fengið í hendur fullkomna frumdrætti að fyrirhuguðum framkvæmdum og sannað hefur verið fyrir honum, að tryggð hafi verið öflun fjár, sem að mati hans nægir til framkvæmdanna, og að væntanlegur sérleyfishafi njóti aðstoðar manna með nægilega sérþekkingu til framkvæmdanna.

□ Rétt er ráðherra að setja það skilyrði, að sérleyfishafi undirgangist að hlíta varnarþingi á Íslandi og setji tryggingu, sem ráðherra metur gilda, fyrir fjárskuldbindingum sínum við íslenzka aðilja.

□ Ákvæði 2. mgr. 4. gr. eiga hér við.

■ **12. gr.** Í sérleyfi skal tilgreina:

a. Að samþykktir sérleyfishafa, ef um félag er að tefla, séu viðurkenndar af ráðherra.

b. Tímalengd sérleyfis, sem má vera allt að 40 árum.

c. Staðarmörk leitar- og vinnslusvæðis.

d. Hvort sérleyfi tekur til allra jarðefna eða tiltekinna tegunda og þá hverra.

e. Að ráðherra samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum.

f. Að sérleyfishafi noti íslenzkt vinnuafl, nema ráðherra veiti leyfi til annars.

g. Hvenær leitarstarfsemi skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær henni skal vera lokið.

h. Að vinnslustarfsemi skuli hefjast fyrir lok leitartímabils og að sérleyfi skuli vera fyrirgert, ef hún stöðvast samfleytt í þrjú ár, nema ráðherra veiti undanþágu.

i. Að sérleyfishafi sendi ráðherra tilkynningu um jarðboranir, sem hann lætur framkvæma, um þykkt og gerð berglaga og svo um fundin jarðefni, enda fylgi sýnishorn af jarðefnum og berglögum.

j. Að sérleyfishafa beri að hlíta því eftirliti, sem ráðherra ákveður, og greiða kostnað af því.

k. Að sérleyfi verði eigi framselt, nema að fengnu samþykki ráðherra.

l. Um greiðslur til ríkisins fyrir námurekstur á ríkislendum, sbr. 8. gr.

m. Um opinber gjöld.

n. Hvernig skuli ráðstafa vinnslumannvirkjum og vinnslutækjum að sérleyfistíma loknum.

o. Um frágang á starfsstöðvum að vinnslutíma loknum.

■ **13. gr.** Leyfishafi hefur fyrirgert leyfi sínu, ef einhverju skilyrði, sem greinir í lögum þessum, er eigi fullnægt. Sama er og, ef sérstakir skilmálar í sérleyfi eða samningum í sambandi við leyfið eru eigi haldnir eða bú sérleyfishafa er tekið til skuldaskila eða gjaldþrotameðferðar.

□ Rétt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum greinar þessarar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

1973 Nr. 24 17. apríl

**1973** Nr. 24 17. apríl

■ **14. gr.** Ráðherra er rétt að banna útflutning óunninna jarðefna, ef hann telur, að útflutningur þeirra efna skaði íslenzka framleiðsluhagsmuni eða vinnsla efnanna sé æskileg í landinu.

□ Ráðherra er rétt að setja reglugerð um þau efni, sem greinir í lögum þessum.

■ **15. gr.** Brot gegn lögum þessum varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Við framkvæmd 3. mgr. 3. gr. má beita dagsektum.

**1940** Nr. 16 12. febr.

## Lög um mótak.

■ **1. gr.** Bæjar- og sveitarfélög geta eitt ár í senn öðlazt rétt til þess að vinna mó í annarra landi með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem lög þessi ákveða.

■ **2. gr.** Bæjarfélag eða sveitar, sem öðlast vill rétt þann, er í 1. gr. getur, skal senda skriflega umsókn um það til atvinnumálaráðuneytisins.

□ Í umsókn skal vera:

1. Greinargerð um legu mólandsins, nafn eiganda þess eða forráðamanns, atvinnu hans og heimilisfang, svo og nafn ábúanda landsins.

Nú er land í sameign, og skal þá greina alla eigendur. Ef land er eign félags eða stofnunar, nægir að greina formann eða forráðamann.

2. Lýsing á mólandinu og næsta umhverfi þess. Greint skal frá hvers konar mannvirkjum, skurðum og ræktunarástandi, hvaða not eigendur eða ábúendur hafa undanfarið haft af hinu umrædda svæði (heyskap, beit o. s. frv.). Umsóknninni fylgi í 2 eintökum kort eða frumdráttur (riss) af svæði því, er um ræðir, þar sem sjálft mólandið er skýrt afmarkað.

3. Áætlun um mómagn það, sem umsækjandi ráðgerir, að tekið verði upp.

4. Hvort umsækjanda sé kunnugt um, að aðrir eigi rétt til mótaks á þessum stað, og þá hverjir.

5. Ástæður umsækjanda fyrir því, að hann telur sér nauðsynlegt að fá mótak á þeim stað, sem um er sótt. Skal þar tekið fram, hvort umsækjandi eigi eða hafi til afnota nothæft móland, eða hvort önnur mólönd gætu komið til greina.

□ Umráðendur landsins, sem nefndir eru í 1. tölul. þessarar greinar, eru skyldir til að veita umsækjanda nauðsynlegar upplýsingar, að því leyti sem þeim er unnt.

■ **3. gr.** Nú hefir ráðuneytinu borizt umsókn samkvæmt 2. gr., og skal það þá tilkynna efni hennar réttum aðilum samkvæmt 1. tölul. 2. gr., svo og sýslumanni þeirrar sýslu, þar sem mólandið er, og ber honum að tilkynna það oddvitum annarra bæjar- eða sveitarfélaga, sem ætla má, að hefðu hagsmuna að gæta í því sambandi. Æski þeir að fá mótak á sama stað, skulu þeir sækja um það innan mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar.

■ **4. gr.** Að loknum umsóknarfresti tekur ráðuneytið umsóknirnar til athugunar, og skal sá öðlast, að öðru jöfnu, rétt til mótaks, sem flutningur á mónum yrði kostnaðarminnstur, enda eigi hann ekki, svo kunnugt sé, kost mótaks á öðrum jafnhentugum eða hentugri stað, og metur ráðuneytið það. Skal tilkynna umsækjanda leyfisveitinguna, svo og aðilum samkvæmt 1. tölul. 2. gr.

■ **5. gr.** Þegar lokið er undirbúningi þeim, sem í 2. – 4. gr. segir, skal mæla út handa umsækjanda hæfilegt móland, þó aldrei stærra en svo, að eftir verði a. m. k. 5000 teningsmetrar af mó í hverri landareign á hentugum stað handa ábúanda. Þá skal og velja heppilegt land til þurrkvallar og ákveða nauðsynlega framræsluskurði, vegi og önnur mannvirki vegna mótaksins utan mótakssvæðis. Gæta skal þess, að mótakssvæði megi að afloknu mótaki koma að sem fyllstum notum til ræktunar.

■ **6. gr.** Gjald vegna mótaks samkvæmt lögum þessum skal ákveðið um land allt af 2 mönnum. Nefnir atvinnumálaráðuneytið annan og Búnaðarfélag Íslands hinn. Tveir varamenn skulu nefndir á sama hátt.

□ Matsmenn skulu tilkynna aðilum úrslit matsins þegar er verða má í ábyrgðarbréfi.

□ Skjóta má ákvörðun matsmanna til yfirmats. Yfirmatsmenn skulu vera þrír. Nefnir hæstiréttur formann yfirmatsnefndar og atvinnumálaráðherra og Búnaðarfélag Íslands sinn manninn hvort. Varamenn skulu nefndir með sama hætti.

□ Beiðni um yfirmat skal vera komin til yfirmatsmanna innan mánaðar frá því að aðilum varð kunnugt um matið. Ef einn eða annar aðila áfrýjar, er yfirmatsmönnum skylt að úrskurða einnig kröfur hins eða hinna, þótt hann eða þeir hafi ekki áfrýjað á réttum tíma.

□ Hafi annar en eigandi afnot jarðar, ákveða matsmenn, hvort og hvernig gjaldinu skuli skipt með þeim.

■ **7. gr.** Umsækjandi greiðir allan kostnað af útmælingu og undirmati, þar með talin þóknun matsmanna. Matsmenn ákveða þátttöku hvers umsækjanda í ferðakostnaði.

□ Yfirmatsmenn ákveða, hvernig aðilar bera kostnað af yfirmati.

■ **8. gr.** Sýslumaður sýslu þeirrar, þar sem mólandið er, sér um útmælingu þess. Skal hann fá trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands til að annast útmælingu, ef unnt er.

□ Hefja má móvinnsluna jafnskjótt sem útmæling hefir farið fram.

■ **9. gr.** Þeim, er samkv. lögum þessum hefir öðlazt rétt til mótaks, er skylt:

1. Að selja ekki unninn mó dýrar en við kostnaðarverði, að viðbættum 10%. Skulu haldnir reikningar yfir reksturinn. Við hann má ekki reikna hærra kaupgjald en goldið er eftir gildandi kauptaxta á staðnum.

2. Að hefja mótak innan tímabils, sem sýslumaður ákveður, þegar útmæling fer fram, enda getur annar umsækjandi krafizt þess að fá mótak á þeim stað, ef út af er brugðið, nema gildar ástæður séu til að dómi ráðuneytisins.

3. Að valda eigi ónauðsynlegum átroðningi og greiða þóknun fyrir notkun hreppsvega eftir ákvörðun sýslumanns, svo og ábyrgjast skaða, er verða kann á skepnum vegna vanrækslu á ákvæðum 5. tölul. þessarar greinar.

4. Að sjá um, að mórinn sé tekinn í samfelldum gröfum, og gæta þess, að sem minnst fari til spillis.

5. Að skila unnu mólandi samsumars framræstu, plægðu og herfuðu.

■ **10. gr.** Allur unninn mór og mannvirki skal flutt

**1940** Nr. 16 12. febr.

burt, ef þess er kostur, fyrir 1. maí næsta ár eftir að mótakið hefir farið fram, nema móvinnandi fái réttindi til mótaks það ár eða óðruvísi semjist. Sé þessu ekki til að dreifa, getur aðili eftir þann tíma látið flytja þetta burt á kostnað móvinnanda, eða hirt mó þann, sem eftir kann að liggja. Jafnan verður mór og mannvirki að hafa verið flutt burt innan 30. júní árið eftir móvinnsluna.

■ **11. gr.** Sæki sami móvinnandi aftur um mótekju á svæði samfelldu því landi, er honum var útmælt árið áður, á hann, meðan mótak er nóg, forgangsrétt að því.

**1990** Nr. 73 18. maí

**Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.**

■ **1. gr.** Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

□ Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera.

■ **2. gr.** Enginn má leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

■ **3. gr.** Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

■ **4. gr.** Leyfi til hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár. Í leyfisbréfi skal m. a. ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar.

■ **5. gr.** Með reglugerð skal iðnaðarráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um þau leyfi sem um ræðir í 3. og 4. gr.

■ **6. gr.** Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, enda liggi ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þeir, sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni, skulu innan sex mánaða sækja um leyfi skv. 4. gr.

# IV. k. Almenn ákvæði og ýmsir atvinnuvegir.

**1954** Nr. 103 17. des.

**Lög um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi.**

■ **1. gr.** Ákvæði í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi, eru úr gildi numin.

**1969** Nr. 9 1. apríl

**Lög um aðgerðir í atvinnumálum.**

■ **1. gr.** Í hverju kjördæmi landsins skal vera ein atvinnumálanefnd nema í Norðurlandskjördæmi vestra og Norðurlandskjördæmi eystra, þar sem vera skal ein sameiginleg nefnd. Hver nefnd skal skipuð 3 mönnum völdum af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 völdum af Alþýðusambandi Íslands og 2 völdum af ríkisstjórn Íslands, og er annar þeirra formaður nefndarinnar.

**1969** Nr. 9 1. apríl

■ **2. gr.** Hlutverk atvinnumálanefndanna skal vera að fylgjast sem bezt með atvinnuástandi og þróun atvinnumála á starfssvæði hverrar nefndar og gera tillögur til Atvinnumálanefndar ríkisins um eflingu atvinnulífsins og aukningu atvinnu. Auk þess gegna nefndirnar því hlutverki í sambandi við veitingu lána og styrkja, sem nánar getur í 6. gr.

■ **3. gr.** Atvinnumálanefnd ríkisins skal skipuð 9 mönnum. Skulu 3 valdir af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 af Alþýðusambandi Íslands og 3 af ríkisstjórn Íslands, og skipar hún einn þeirra formann nefndarinnar.

■ **4. gr.** Atvinnumálanefnd ríkisins skal hafa með höndum athugun á öllum skýrslum og tillögum, sem henni berast frá atvinnumálanefndum kjördæmanna, og skal á grundvelli þeirra eða að eigin frumkvæði taka ákvarðanir um úrbætur í atvinnumálum eftir því, sem á hennar valdi er, og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar, fjárfestingarsjóða, annarra lánastofnana og annarra aðila, er hlut kunna að eiga að máli, í þeim tilgangi að útrýma atvinnuleysi og efla heilbrigðan atvinnurekstur, svo að atvinna sé betur tryggð í landinu í framtíðinni.

■ **5. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð 300 milljónir króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til atvinnuaukningar og eflingar atvinnulífs í landinu. Féð skal vera í umsjá Atvinnujöfnunarsjóðs, sem fer með það samkvæmt reglum, sem um það eru settar af Atvinnumálanefnd ríkisins.

■ **6. gr.** Verja skal fé því, sem aflað er samkvæmt 5. gr., eftir ákvörðunum Atvinnumálanefndar ríkisins til lána og styrkja til atvinnuframkvæmda, er að öðru jöfnu leiða til sem mestrar atvinnuaukningar og eru jafnframt arðbærar, en geta ekki fengið nægilegt fjármagn frá fjárfestingarsjóðum og öðrum lánastofnunum. Við veitingu lána og styrkja til atvinnufyrirtækja skal einnig hafa í huga hagkvæmni í uppbyggingu hinna einstöku atvinnugreina. Heimilt skal að veita styrki til greiðslu tæknilegra athugana og undirbúnings framkvæmda og í sérstökum öðrum tilvikum, sem nánar er kveðið á um í starfsreglum nefndarinnar. Styrkveitingar og lánskjör skulu háð samþykki allra nefndarmanna, þeirra er fund sækja, þegar ákvarðanir eru teknar.

□ Atvinnumálanefndir kjördæmanna geta átt frumkvæði að því að hvetja fyrirtæki eða sveitarfélög til að sækja um lán eða styrki og veitt aðstoð við undirbúning umsókna. Áður en Atvinnumálanefnd ríkisins tekur ákvarðanir um lánveitingar eða styrki, skal ávallt leitað álits hlutaðeigandi kjördæmanefndar. Eigi skal Atvinnumálanefnd ríkisins samþykkja veitingu láns eða styrks, ef fyrir liggur neikvæð umsögn kjördæmanefndar.

□ Atvinnumálanefnd ríkisins setur sér nánari starfsreglur, þar á meðal um veitingu lána eða styrkja.

■ **7. gr.** Starfstími atvinnumálanefnda í kjördæmum og Atvinnumálanefndar ríkisins skal vera til ársloka 1970. Þá skulu óinnheimtar skuldir vegna lána- og styrktarstarfsemi samkvæmt lögum þessum svo og eignir í skuldabréfum og reiðufé falla til Atvinnujöfnunarsjóðs, enda ber hann ábyrgð á innheimtu skuldanna og endurgreiðslu þess lánsfjár, sem aflað hefur verið samkvæmt 5. gr. laga þessara.

**1939 Nr. 21 12. júní**

## Lög um ostrurækt.

■ **1. gr.** Atvinnumálaráðherra skal heimilt að ákveða í reglugerð, að tiltekin svæði í fjörðum inni skuli um tiltekinn tíma friðuð til ostruræktar fyrir hvers konar veiðum, öðrum en ostruveiðum. Enn fremur skal þar ákveðið, hvernig og á hvaða árstíma heimilt sé að stunda ostruveiðar.

□ Slík friðun skal þó því skilyrði bundin, að hún komi ekki í bága við veiðiskap, sem fyrir er á svæðinu, hvort heldur er um að ræða veiði nytjafiska eða skelfiskatekju, nema samkomulag náist við þá, er þar eiga hagsmuna að gæta, og enn fremur, að forstjóri fiskveiðideildar rannsóknarstofnunar atvinnuveganna telji ostrurækt nytjavænlega hér við land.

■ **2. gr.** Enginn má stunda ostrurækt á friðlýstu svæði nema með leyfi atvinnumálaráðherra.

□ Leyfi þessi má veita innlendum og erlendum félögum og einstaklingum, og skulu þau bundin við ákveðin svæði og til ákveðins árafjölda. Enn fremur getur atvinnumálaráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfum þessum, sem hann telur nauðsynleg til verndar hagsmunum ríkis, almennings eða einstakra manna.

■ **3. gr.** Sérhver, sem á land eða hefur land til afnota, er liggur að friðlýstu svæði, er skyldur til að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem ostruræktin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir af hálfu leyfishafa. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna. Kostnað við matið greiðir leyfishafi. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 30 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt af 4 dómkvöddum mönnum.

□ Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn af leyfishafa.

■ **4. gr.** Heimilt er að undanþiggja tilrauna-ostrur (móðurdýr) öllum innflutningsgjöldum.

■ **5. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1000 krónum.

□ Fara skal um slík mál sem almenn lögreglumál.

**1985 Nr. 69 1. júlí**

## Lög um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

■ **1. gr.** Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er hafi það markmið að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi. Hlutafé félagsins verði að minnsta kosti 200 milljónir króna.

■ **2. gr.** Til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal kveðja innlenda aðila sem áhuga hafa á málinu.

■ **3. gr.** Viðskiptabönkum, vátryggingafélögum, líftryggingafélögum og fjárfestingarlánasjóðum skal, þrátt fyrir ákvæði í lögum sem hamla eða banna þessum aðilum hlutabréfakaup í eigin nafni, heimilt að gerast hluthafar í hlutafélagi því sem stofnað verður samkvæmt 1. gr.

■ **4. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi sem ræðir um hér að framan:

**1985 Nr. 69 1. júlí**

1. Að leggja fram í reiðufé 100 milljónir króna sem hlutafé í félagi samkvæmt 1. gr. Ef nauðsynlegt reynist til þess að náð verði því lágmarkshlutafé sem greinir í 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að leggja fram sem hlutafé allt að 100 milljónum króna til viðbótar framangreindu 100 milljóna króna framlagi. Framlag ríkissjóðs skal tekið af fé ríkissjóðs eða af lánsfé sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.

2. Að veita einstaklingum og félögum í atvinnurekstri lán til allt að fjögurra ára til kaupa á hlutabréfum í hlutafélagi skv. 1. gr. Skal heimilt að lána af fé ríkissjóðs eða af lánsfé, sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni, til greiðslu á allt að helmingi hlutafjárloforða þessara aðila enda séu boðnar fram fullnægjandi tryggingar. Lánin skulu vera verðtryggð og bera venjulega vexti.

3. Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 500 milljónum króna er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar. Leitað skal heimildar til lántöku í lánsfjárlögum hverju sinni.

■ **5. gr.** Hlutabréf í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skulu undanþegin stimpilgjöldum.

■ **6. gr.** Forsætisráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélagi samkvæmt 1. gr.

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Fjöldi stofnenda hlutafélagsins og hluthafa í félaginu má vera óháður takmörkunum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Að öðru leyti fer um stofnun og stjórn félagsins samkvæmt hlutafélagalögum.

**1989 Nr. 52 29. maí**

## Lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

■ **1. gr.** Á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr málmi, gleri eða plastefni skal leggja skilagjald sem innheimt skal við tollafgreiðslu. Má gjaldið nema allt að 10 krónum á hverja umbúðaeiningu og er ráðherra heimilt að hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á verði drykkjarvaranna frá gildistöku laga þessara. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum. Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti leggja á umsýsluþóknun sem í fyrstu nemur 1% af skilagjaldi, en ráðherra er heimilt að hækka hana í allt að 5% af skilagjaldi.

□ Að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, eiga við um álagningu, innheimtu, viðurlög, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt þessari grein.

■ **2. gr.** Iðnaðarráðherra skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags sem taki að sér umsýslan skilagjaldsins svo og söfnun og endurvinnslu einnota umbúða er falla undir lög þessi. Til samvinnu um stofnun og starfsemi hlutafélagsins skal iðnaðarráðherra heimilt að kveðja til aðila sem áhuga hafa á málinu. Heimilt er að semja við félagið um að það fái umsýsluþóknun skilagjaldsins til að standa undir rekstri sínum og auk þess skilagjald af þeim umbúðum sem eigi er skilað. Ríkissjóði er heimilt að eiga aðild að félaginu og leggja fram allt að 12 milljónum króna.

□ Félagið skal hafa einkarétt til framangreindrar starfsemi hér á landi.

■ **3. gr.** Skilagjald skal endurgreiða neytendum við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum. Sömuleiðis skal greiða samsvarandi til einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka sem taka að sér að safna slíkum umbúðum til eyðingar eða endurvinnslu.

□ Félagið skal sjá til þess að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar.

□ Félagið skal kappkosta að ná sem bestum skilum á skilagjaldsskyldum umbúðum og hafa samstarf við sveitarfélög, einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök um sérstakar hreinsunarherferðir þar sem áhersla verður lögð á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða. Enn fremur verði leitað samstarfs við þá aðila sem aðstöðu hafa til úrvinnslu umbúðanna.

□ Félagið skal greiða 5% af árlegum tekjuafgangi til Náttúruverndarráðs.

■ **4. gr.** Í reglugerð, sem [umhverfisráðherra][1] setur, skal kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, m. a. varðandi fjárhæð, innheimtu og endurgreiðslu skilagjaldsins, gerð og efnisval skilagjaldsskyldra umbúða fyrir drykkjarvörur og upphæð umsýsluþóknunar. Við ákvörðun umsýsluþóknunar skal við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfsemina og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé.

□ [Umhverfisráðherra][1] er heimilt að ákveða í reglugerð bann við notkun einnota drykkjarvöruumbúða sem torvelt er að eyða eða koma til endurvinnslu samkvæmt lögum þessum.

[1] *L. 47/1990, 13. gr.*

■ **5. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ Með mál vegna slíkra brota skal farið að hætti opinberra mála.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

1989 Nr. 52 29. maí

# V. EINKAMÁLARÉTTUR.

## V. a. Persónuréttindi.

1984 Nr. 68 30. maí

**Lögræðislög.**

**I. kafli.**

■ **1. gr.** Maður er sjálfráða 16 ára gamall, nema sviptur sé sjálfræði, og fjárráða 18 ára gamall, nema sviptur sé fjárræði. Sá sem er sjálfráða og fjárráða er lögráða.

■ **2. gr.** Nú gengur maður, sem ólögráða er fyrir ásku sakir, í hjónaband, og er hann þá lögráða upp frá því, nema sviptur sé lögræði.

**II. kafli.**

■ **3. gr.** Svipta má mann lögræði, sjálfræði einu saman, fjárræði einu sér eða hvoru tveggja:

a. Ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisljóleika eða geðsjúkdóms.

b. Ef hann stofnar efnahag sínum eða vandamanna sinna í hættu með óhæfilegri eyðslusemi, annarri ráðlausri breytni eða hirðuleysi um eignir sem eru í umráðum hans.

c. Ef hann sökum ofdrykkju, notkunar ávana- og fíkniefna eða annarra lasta er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé, verður öðrum til byrði, vanrækir framfærsluskyldur eða raskar þráfaldlega opinberum hagsmunum.

d. Ef nauðsyn ber til að vista hann án samþykkis hans í sjúkrahúsi sökum fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni.

e. Ef hann vegna líkamlegs vanþroska, heilsubrests eða annarra vanheilinda á óhægt með að ráða persónulegum högum sínum eða fé og æskir sjálfur lögræðissviptingar af þeim sökum.

□ Veita skal lögræðissviptum manni á ný sjálfræði, fjárræði eða hvort tveggja eftir því sem við á ef aðstæður lögræðissviptingar eru ekki lengur fyrir hendi.

■ **4. gr.** Mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar skulu rekin fyrir bæjarþingi eða aukadómþingi.

■ **5. gr.** Sóknaraðili að lögræðissviptingarmáli getur verið:

a. Maki varnaraðila, ættingjar hans í beinan legg og systkin.

b. Lögráðamaður aðila.

c. Sá sem skyldur er að lögum að framfæra aðila og sá sem framfærslurétt hefur á hendur honum að lögum.

d. Sá sem næstur er erfingi aðila að lögum eða samkvæmt erfðaskrá sem ekki er afturtæk.

e. Félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila.

f. Dómsmálaráðuneytið, þegar gæsla almannahags gerir þess þörf eða þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila er það hefur fengið á annan hátt.

□ Enn fremur getur maður sjálfur óskað eftir úrskurði dóms um að hann skuli vera sviptur lögræði.

1984 Nr. 68 30. maí

■ **6. gr.** Kröfu um lögræðissviptingu skal bera upp við héraðsdómara (í Reykjavík borgardómara) þar sem maður sá, er krafan varðar, á heima eða dvelst. Nú er hvorki kunnugt um heimili hans né dvalarstað og skal þá með mál farið þar sem varnaraðili átti síðast heimili eða dvalarstað.

□ Krafa skal vera skrifleg og tilgreina hvort krafist sé sviptingar sjálfræðis, fjárræðis eða hvors tveggja. Þar skal grein gerð fyrir aðild sóknaraðila, ástæðum sem taldar eru vera til sviptingarinnar og öðru því sem máli skiptir. Kröfugerð fylgi skrifleg gögn eftir því sem við verður komið.

□ Sóknaraðili getur afturkallað kröfu sína á hvaða stigi máls sem er.

■ **7. gr.** Dómari skal taka málið fyrir svo fljótt sem unnt er. Hann kallar varnaraðila fyrir dóm og kynnir honum kröfuna nema ástandi hans sé svo háttað samkvæmt vottorði yfirlæknis á sjúkrahúsi eða annars embættislæknis að það sé tilgangslaust.

□ Dómari skipar varnaraðila verjanda og gefur honum kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði. Óskylt er þó að skipa verjanda ef varnaraðili samþykkir kröfu um lögræðissviptingu, nema svo standi á sem í a-lið 1. mgr. 3. gr. segir. Þá er óskylt að skipa verjanda ef varnaraðili hefur sjálfur ráðið sér lögmann til þess að gæta réttar síns, svo og ef maður óskar þess sjálfur að hann verði sviptur lögræði.

□ Dómari getur krafið sóknaraðila um gögn til stuðnings kröfu hans. Hann getur einnig aflað gagna af sjálfsdáðum. Ef sérstök ástæða er til getur hann leitað aðstoðar lögreglustjóra til öflunar gagna.

□ Nú hefur maður sjálfur óskað eftir lögræðissviptingu og metur dómari allt að einu hvort ástæða sé til sviptingar.

□ Eftir að gagnaöflun er lokið og varnaraðila eða verjanda hans hefur verið gefinn kostur á að flytja eða leggja fram vörn kveður dómari upp úrskurð í málinu.

■ **8. gr.** Nú er maður sviptur lögræði og birtir dómari þá eða lætur birta úrskurð fyrir varnaraðila eða verjanda hans.

□ Dómari skal geta lögræðissviptingar á skrá er hann heldur um lögræðissvipta menn í lögsagnarumdæmi sínu. Hann skal og þegar senda dómsmálaráðuneytinu eftirrit af úrskurðinum, en það heldur spjaldskrá um lögræðissvipta menn hér á landi.

□ Ef um fjárræðissviptingu er að tefla skal dómari einnig annast um að niðurstaða úrskurðarins sé þegar birt í Lögbirtingablaði. Ef sá, sem sviptur er fjárræði, á fasteign eða hér skrásett skip eða hann rekur atvinnu sem geta ber eða getið er á verslanaskrá, þá skal skrá

athugasemd um úrskurðinn á varnarþingi fasteignar eða skips og á verslanaskrá. Dómari sendir eftirrit af úrskurðinum yfirlögráðanda og öðrum þeim stjórnvöldum sem um hann þurfa að vita.

■ **9. gr.** Nú telur sá, sem lögræðissviptingar krafðist, að ástæður til sviptingar séu ekki lengur fyrir hendi og getur hann þá borið fram tilmæli til héraðsdómara, þar sem hinn lögræðissvipti maður dvelst, um að lögræðissvipting verði úr gildi felld. Slík tilmæli getur hinn lögræðissvipti einnig borið fram, en óskylt er að sinna þeim nema sex mánuðir hið skemmsta séu liðnir frá sviptingu.

□ Tilmæli skulu vera skrifleg og studd gögnum um breyttar aðstæður hins lögræðissvipta. Ef lögræðissvipting hefur verið reist á ástæðum er greinir í a-lið 1. mgr. 3. gr. skal tilmælunum að jafnaði ekki sinnt nema þeim fylgi meðmæli læknis.

□ Dómari gefur þeim, er málið varðar, kost á að tjá sig um tilmæli um niðurfellingu lögræðissviptingar og að afla gagna er málið varða, og er einnig heimilt að afla gagna af sjálfsdáðum. Að gagnaöflun lokinni kveður dómari upp úrskurð um það hvort lögræðissvipting skuli úr gildi felld eða ekki.

□ Þegar lögræðissvipting er felld úr gildi annast dómari um að afskráning og aflýsing lögræðissviptingar fari fram.

■ **10. gr.** Dómsathöfnum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, má skjóta til æðra dóms með kæru, og fer um hana eftir reglum II. kafla laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, eftir því sem við á.

□ Eigi frestar kæra framkvæmd úrskurðar.

□ Eftirrit af dómi Hæstaréttar skal senda dómsmálaráðuneytinu og héraðsdómara málsins. Nú er úrskurði héraðsdóms breytt í Hæstarétti og gerir héraðsdómari þá þegar þær ráðstafanir sem við eiga, sbr. 4. mgr. 9. gr.

■ **11. gr.** Í málum samkvæmt þessum kafla skal engin dómgjöld greiða.

□ Eigi skal greiða gjald fyrir birtingu úrskurðar né skráningu hans eða afskráningu. Þóknun skipaðs verjanda og annan málskostnað skal greiða úr ríkissjóði.

□ Ef kæra til Hæstaréttar hefur verið bersýnilega tilefnislaus má þó gera kæranda að endurgreiða ríkissjóði kærumálskostnaðinn.

**III. kafli.**

■ **12. gr.** Sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli sérstaklega fyrir á annan veg.

■ **13. gr.** Sjálfráða maður verður ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

□ Þó má hefta frelsi manns ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Slík frelsisskerðing má eigi standa lengur en tvo sólarhringa nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins.

□ Með samþykki dómsmálaráðuneytisins má vista mann gegn vilja sínum til meðferðar í sjúkrahúsi ef fyrir hendi eru ástæður þær sem greinir í 2. mgr. og vistun þykir óhjákvæmileg að mati læknis. Um slíka vistun fer skv. 14. – 17. gr. hér á eftir.

■ **14. gr.** Beiðni um sjúkrahúsvistun manns gegn samþykki hans geta þeir aðilar lagt fram sem taldir eru í a-, b- og e-liðum 1. mgr. 5. gr. hér að framan.

■ **15. gr.** Beiðni um vistun skal beina til dómsmálaráðuneytis.



□ Beiðni skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja gögn um aðild beiðanda, sbr. 5. gr., um ástæður fyrir kröfugerð og annað er máli skiptir. Með beiðni skal fylgja læknisvottorð þar sem gerð er grein fyrir sjúkdómnum og nauðsyn vistunar. Læknisvottorð skal að jafnaði eigi vera eldra en þriggja daga þegar það berst ráðuneytinu.

■ **16. gr.** Dómsmálaráðuneytið skal þegar í stað taka beiðni um vistun til afgreiðslu. Það skal kanna málavexti, og getur eftir því sem ástæða er til aflað skýrslna þeirra manna sem málinu eru kunnugir.

□ Dómsmálaráðuneytið skal án óþarfs dráttar ákveða hvort vistun skuli heimiluð eða ekki. Ákvörðun skal vera skrifleg og skal tilkynnt þeim er beiðni ber fram, en þar að auki yfirlækni á hlutaðeigandi stofnun ef beiðni er samþykkt.

■ **17. gr.** Á vegum dómsmálaráðuneytisins skal starfa trúnaðarlæknir sem ráðuneytið getur leitað umsagnar hjá ef þörf krefur áður en heimild er veitt til vistunar. Trúnaðarlæknir ráðuneytisins hefur jafnan heimild til að kanna ástand sjúklings sem dvelst í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

■ **18. gr.** Heimilt er þeim, sem vistaður hefur verið í sjúkrahúsi án samþykkis síns skv. 14. – 17. gr. hér að framan, að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina og skal trúnaðarlæknir ráðuneytisins sjá um að sjúklingum sé gerð grein fyrir þeim rétti.

□ Krafa skal vera skrifleg og borin upp við héraðsdómara sem greinir í 1. mgr. 6. gr. hér að framan.

□ Dómari skal taka málið fyrir án tafar. Hann kynnir beiðnina dómsmálaráðuneytinu sem skal láta dómaranum í té gögn þau sem vistunin er reist á ásamt athugasemdum sínum ef því er að skipta. Dómari skal gefa sóknaraðila kost á að skýra mál sitt.

□ Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort vistun skuli haldast eða hún falli niður.

□ Að öðru leyti fer um mál þessi samkvæmt II. kafla laga þessara eftir því sem við á.

■ **19. gr.** Vistun manns í sjúkrahúsi má eigi gegn vilja hans haldast lengur en nauðsyn krefur.

□ Vistun lýkur þegar yfirlæknir telur hennar ekki lengur þörf, og eigi síðar en 15 sólarhringum frá því hún hófst, nema áður hafi verið gerð krafa fyrir dómi um að hann verði sviptur sjálfræði.

**IV. kafli.**

■ **20. gr.** Fjárráða maður ræður einn fé sínu, nema öðruvísi sé sérstaklega um mælt í lögum.

■ **21. gr.** Ófjárráða maður ræður sjálfur sjálfsaflafé sínu sem hann hefur þegar unnið fyrir. Maður, sem sviptur hefur verið fjárræði, ræður þó aðeins því sjálfsaflafé sem hann hefur unnið sér inn eftir að úrskurður gekk um sviptinguna.

□ Ófjárráða maður ræður sjálfur gjafafé sínu, þar með taldar dánargjafir, nema gefandi hafi mælt fyrir á annan veg eða lög kveði sérstaklega öðruvísi á. Ef maður hefur verið sviptur fjárræði ræður hann þó aðeins því gjafafé sem hann hefur fengið eftir að úrskurðurinn gekk um sviptingu fjárræðis.

□ Ef um tiltölulega mikið sjálfsaflafé eða gjafafé er að

tefla eða fari hinn ófjárráða maður ráðlauslega með féð getur yfirlögráðandi, án tillits til fyrirmæla gefanda ef því er að skipta, tekið eða heimilað lögráðamanni að taka féð að nokkru eða öllu leyti til varðveislu og ræður hinn ófjárráða maður þá ekki því fé meðan sú ráðstöfun helst.

□ Forráð ófjárráða manns yfir sjálfsaflafé og gjafafé taka einnig til arðs af því fé, svo og verðmætis er í stað þess kemur. Ekki heimila þau ófjárráða manni að stofna til skuldar né veðsetja fjármuni.

■ **22. gr.** Löggerningar ólögráða manns, sem hann hafði ekki heimild til að gera, binda hann ekki.

□ Nú hefur maður verið sviptur lögræði og binda hann þá ekki löggerningar sem fara í bág við lögræðissviptingu og hann gerir eftir uppkvaðningu úrskurðar, enda hafi úrskurðurinn, ef um fjárræðissviptingu er að tefla, verið birtur í Lögbirtingablaði innan tveggja vikna frá uppkvaðningu. Gildir skulu eldri löggerningar, nema sá maður, sem löggerningnum er beint til, hafi vitað um lögræðissviptinguna eða mátt vera um hana kunnugt.

■ **23. gr.** Nú hefur ólögráða maður sjálfur gert samning sem hann skorti heimild til að gera og getur þá hinn aðili samningsins riftað honum, nema samningurinn hafi annaðhvort verið staðfestur af lögráðamanni eða honum hafi verið fullnægt svo skuldbindandi sé fyrir hinn ólögráða mann.

□ Nú veit maður að hann semur við ólögráða mann og hefur ekki ástæðu til að ætla að samþykki lögráðamanns sé fyrir hendi og getur hann þá ekki riftað samningnum fyrr en liðinn er tilskilinn frestur til að afla staðfestingar lögráðamanns ef um slíkan frest hefur verið samið, en ella hæfilegur tími til þeirrar málaleitunar.

□ Ef maður hefur gert vinnusamning við ósjálfráða mann og svo er ástatt sem segir í upphafi undanfarandi málsgreinar þá getur hann ekki riftað samningnum meðan hinn ósjálfráða maður efnir hann af sinni hálfu.

□ Ákvörðun um riftun samnings má jafnt tilkynna hinum ólögráða manni sjálfum sem lögráðamanni hans.

■ **24. gr.** Nú veldur lögræðisskortur ógildingu samnings og skal þá hvor aðila skila aftur þeim verðmætum sem hann hefur veitt viðtöku. Ef ekki er unnt að skila hlut aftur skal aðili greiða verð hans eftir því sem hér segir:

a. Samningsaðili hins ólögráða manns skal greiða fullt verð hlutarins. Honum ber þó eigi að bæta hlut sem hann átti að skila aftur samkvæmt samningi aðila ef rýrnun eða eyðilegging hlutarins stafar af eiginleikum hans sem fyrir hendi voru þegar hann var afhentur. Hafi aðili fengið hlutinn eða verðmætið að gjöf eða til geymslu frá hinum ólögráða manni má færa niður bætur úr hendi hans eftir því sem sanngjarnt þykir.

b. Hinn ólögráða maður skal greiða fégjald að því leyti sem verðmætin hafa orðið honum að notum.

□ Nú hefur hinn ólögráða maður haft svik í frammi eða á annan hátt brotið af sér við gerð samnings eða afhendingu umsaminna verðmæta eða hann hefur á saknæman hátt valdið því að hlutur hefur farið forgörðum er honum bar samkvæmt samningnum eða vegna riftunar samningsins að skila aftur og skal hann þá bæta samningsaðila sínum tjón hans. Dómstólar geta þó fært bótafjárhæð niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags hins ólögráða manns og annarra atvika.

□ Nú sannast í opinberu máli að hinn ólögráða maður hefur gerst sekur um refsivert athæfi í sambandi við gerð samnings eða framkvæmd og skal hann þá bæta tjón eftir almennum reglum.

1984 Nr. 68 30. maí

**V. kafli.**

■ **25. gr.** Foreldrar barns, sem er ósjálfráða fyrir ásku sakir, og þeir, sem barni koma í foreldris stað, ráða persónulegum högum þess. Nefnast þau lögráð forsjá, og fer um hana samkvæmt ákvæðum barnalaga, nr. 9/1981.

■ **26. gr.** Þeir, sem fara með forsjá barns samkvæmt því sem segir í 36., 37. og 38. gr. laga nr. 9/1981, skulu einnig hafa á hendi fjárhald þess meðan það er ófjárráða fyrir ásku sakir.

■ **27. gr.** Nú er maður með dómsúrskurði sviptur lögræði (sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja) og skal þá yfirlögráðandi skipa honum lögráðamann.

□ Svo skal og yfirlögráðandi skipa þeim manni lögráðamann sem ófjárráða er fyrir ásku sakir er lögborins lögráðamanns nýtur eigi eða hann æskir lausnar frá starfi af ástæðum sem yfirlögráðandi metur gildar, svo og er fjármálum barns þykir ekki nægilega borgið í höndum hans.

■ **28. gr.** Skipa má ólögráða manni sérstakan lögráðamann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann er þess gerist þörf. Skal það jafnan gert er fastur lögráðamaður hefur eiginna hagsmuna að gæta við þann erindrekstur.

■ **29. gr.** Skipaður lögráðamaður skal vera lögráða og fjár síns ráðandi, ráðvandur og ráðdeildarsamur og að öðru leyti vel til starfans fallinn.

□ Nú hefur foreldri ákveðið hver vera skuli að því látnu lögráðamaður barns er það hefur forsjá fyrir og skal þá skipa hann lögráðamann, nema annað þyki hentara vegna hagsmuna barnsins.

■ **30. gr.** Sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík borgarfógetar, eru yfirlögráðendur, hver í sínu lögsagnarumdæmi, en dómsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lögráð varða.

□ Lögráðamönnum er skylt að hegða sér eftir fyrirmælum yfirlögráðenda og dómsmálaráðuneytisins.

■ **31. gr.** Lögráðamaður ósjálfráða manns ræður persónulegum högum hans, þar á meðal vistráðum og vinnusamningum, nema öðruvísi sé mælt í lögum. Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ósjálfráða mann svo sem sjálfráða hefði hann gert.

■ **32. gr.** Lögráðamaður ófjárráða manns ræður fyrir fé hans, nema lög mæli um á annan veg. Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ófjárráða mann svo sem fjárráða hefði hann gert.

■ **33. gr.** Lögráðamaður skal varðveita og ávaxta með trúmennsku og hagsýni það fé skjólstæðings síns sem er í umráðum hans. Hann skal bæta skjólstæðingi sínum tjón af lögráðamannsstörfum sínum ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi.

■ **34. gr.** Lögráðamaður hefur ekki ráðstöfunarrétt á því fé skjólstæðings síns sem yfirlögráðandi hefur tekið í sínar vörslur.

■ **35. gr.** Ekki er unnt að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann.

□ Dómsmálaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á vegna hagsmuna hins ófjárráða.

■ **36. gr.** Lögráðamaður skal leita samþykkis yfirlög-

**1984** Nr. 68 30. maí

ráðanda til allra ráðstafana varðandi fjárhaldið sem eru mikils háttar eða óvenjulegar, svo sem kaup og sölu á lausafé ef um tiltölulega mikið verðmæti er að tefla, leigu á fasteign um óvenjulega langan tíma eða með öðrum óvenjulegum kjörum og til ráðningar forstjóra fyrir atvinnufyrirtæki ófjárráða manns. Samþykki yfirlögráðanda þarf og til þess að gengið sé á eignir ófjárráða manns til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru.

■ **37. gr.** Samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að binda ófjárráða mann við kaup eða sölu fasteignar eða skips, til lagningar veðbanda eða annarra eignarhafta á fasteign eða skip, svo og til kaupa eða sölu á atvinnufyrirtæki.

□ Fasteign, skip eða atvinnufyrirtæki ófjárráða manns skal eigi láta af hendi nema honum sé auðsýnilegur hagur að því.

■ **38. gr.** Reiðufé ófjárráða manna skal ávaxta tryggilega eins og best er á hverjum tíma að mati dómsmálaráðuneytis.

□ Lána má fé ófjárráða manna gegn fyrsta veðrétti í fasteign, en ekki má lánsfjárhæðin fara fram úr ⅔ hlutum af fasteignamati eignarinnar.

■ **39. gr.** Í veðskuldabréfum fyrir láni af fé ófjárráða manna skal meðal annars taka fram að lánið sé allt þegar afturkræft ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana, og má þá bjóða veðið upp án dóms eða sáttar og aðfarar.

■ **40. gr.** Lögráðamaður skal gera yfirlögráðanda grein fyrir fjárhaldinu og ráðstöfunum sínum hvenær sem hann krefst þess, svo og er fjárhaldi slítur.

□ Ef starf lögráðamanns ófjárráða manns er sérstaklega umfangsmikið getur yfirlögráðandi með samþykki dómsmálaráðuneytisins ákveðið honum þóknun fyrir fjárhaldið af árlegum tekjum skjólstæðings hans.

□ Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari fyrirmæli um störf lögráðamanna og eftirlit yfirlögráðanda með þeim.

■ **41. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984.

□ Jafnframt falla úr gildi lög nr. 95 5. júní 1947, um lögræði, og lög nr. 26 21. maí 1979, um breytingu á þeim lögum, svo og 4. tl. 2. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

**1925** Nr. 54 27. júní

## Lög um mannanöfn.[1)]

[1)] *Sjá 2. gr. l. 22/1990 (um veitingu ríkisborgararéttar).*

■ **1. gr.** Hver maður skal heita einu íslenzku nafni eða tveim og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla ævi.

■ **2. gr.**[1)] Ættarnafn má enginn taka sér hér eftir.

[1)] *Sjá skrá 12/1915 (um ættarnöfn, sem eigi má taka upp).*

■ **3. gr.**[1)] Þeir íslenzkir þegnar og niðjar þeirra, sem bera ættarnöfn, sem eldri eru en frá þeim tíma, er lög nr. 41 10. nóv. 1913, komu í gildi,[2)] mega halda þeim, enda hafi þau ættarnöfn, sem yngri eru en frá síðastliðnum aldamótum, verið tekin upp með löglegri heimild, sbr. 9. gr. þeirra laga. Sama er og um þá erlenda menn, er til landsins flytjast.[1)]

□ Þeir íslenzkir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, sem upp eru tekin síðan lög nr. 41 1913 komu í gildi,[2)] mega halda þeim alla ævi.

□ Konur þeirra manna, sem rétt hafa til þess að bera ættarnöfn, mega nefna sig ættarnafni manns síns.

[1)] *Sjá skrár 138/1915, 167/1916, 151/1917, 139/1918, 329/1919, 139/1920, 163/1921, 148/1922, 298/1923, 147/1924 og 133/1925 (um ættarnöfn, er upp hafa verið tekin 1915 – 1925).* [2)] *Þ. e. 1. jan. 1915.*

**1925** Nr. 54 27. júní

■ **4. gr.** Ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rétt eru að lögum íslenzkrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sé fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr.

■ **5. gr.** Nú hefir maður hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs.

■ **6. gr.** Stjórnarráðið gefur út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti, að lokinni útgáfu hins almenna manntals.

■ **7. gr.** [Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum. Með mál út af lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.][1)]

[1)] *L. 10/1983, 67. gr.*

**1989** Nr. 121 28. des.

## Lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

### I. kafli. Gildissvið laganna.

■ **1. gr.** Lög þessi taka til hvers konar kerfisbundinnar skráningar og annarrar meðferðar á persónuupplýsingum. Lögin eiga við hvort heldur sem skráning er vélræn eða handunnin. Lögin taka til skráningar af hálfu atvinnurekenda, fyrirtækja, félaga, stofnana og til skráningar á vegum opinberra aðila.

□ Með kerfisbundinni skráningu upplýsinga er átt við söfnun og skráningu ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild.

□ Með persónuupplýsingum er átt við upplýsingar sem varða einkamálefni, fjárhagsmálefni eða önnur málefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

□ Ákvæði laganna eiga við um upplýsingar um einkamálefni er varða tiltekinn aðila, þótt hann sé ekki nafngreindur, ef hann er sérgreindur með nafnnúmeri, kennitölu eða öðru skráningarauðkenni sem unnt er að persónugreina með eða án greiningarlykils.

■ **2. gr.** Skráning samkvæmt lögum nr. 30/1956 og skráning í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita fellur utan marka laga þessara.

### II. kafli. Almennar reglur um heimild til skráningar.

■ **3. gr.** Kerfisbundin skráning persónuupplýsinga, er 1. gr. tekur til, er því aðeins heimil að skráningin sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.

■ **4. gr.** Óheimilt er að skrá eftirtaldar upplýsingar er varða einkamálefni einstaklinga:

a. upplýsingar um litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir og trúarbrögð,

b. upplýsingar um það hvort maður hafi verið grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað,

c. upplýsingar um kynlíf manna og heilsuhagi, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun,

d. upplýsingar um veruleg félagsleg vandamál,

e. upplýsingar um svipuð einkalífsatriði og greinir í a – d.

□ Skráning upplýsinga þeirra, er greinir í 1. mgr., er heimil standi til þess sérstök heimild samkvæmt öðrum lögum. Þá er skráning upplýsinga skv. 1. mgr. og heimil ef hinn skráði hefur sjálfur látið upplýsingar í té eða upplýsinga er aflað með samþykki hans. Það er skilyrði slíkrar skráningar að upplýsinga sé aflað við þær aðstæður að hinum skráða geti eigi dulist að ætlunin er að skrá viðkomandi upplýsingar.

□ Þótt skilyrðum 2. mgr. sé eigi fullnægt getur tölvunefnd heimilað skráningu upplýsinga þeirra er greinir í 1. mgr. ef ótvírætt er að skráningaraðila sé brýn nauðsyn vegna starfsemi sinnar að skrá upplýsingarnar. Tölvunefnd bindur heimild til slíkrar skráningar þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni.

### III. kafli. Um aðgang að skráðum upplýsingum.

■ **5. gr.** Án sérstakrar heimildar í öðrum lögum er eigi heimilt að skýra frá upplýsingum þeim sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr. nema með samþykki hins skráða eða einhvers er heimild hefur til að skuldbinda hann.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar getur tölvunefnd þó heimilað að skýra megi frá upplýsingum þeim er greinir í 1. mgr. 4. gr. ef sýnt er fram á að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin á að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að þeim sé haldið leyndum.

□ Öðrum upplýsingum, sem falla undir ákvæði laga þessara en þeim sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr., er því aðeins heimilt að skýra frá án samþykkis hins skráða að slík upplýsingamiðlun sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans.

□ Án sérstakrar lagaheimildar er eigi heimilt að skýra frá upplýsingum um atvik sem eldri eru en fjögurra ára nema sýnt sé fram á að aðgangur að upplýsingunum geti haft úrslitaþýðingu við mat á tilteknu atriði sem upplýsingarnar tengjast.

□ Heimilt er að skýra frá upplýsingum ef eigi er unnt að rekja þær til ákveðinna einstaklinga eða lögpersóna.

**Samtenging skráa.**

■ **6. gr.** Eigi er heimilt að tengja saman skrár er falla undir ákvæði laga þessara nema um sé að ræða skrár sama skráningaraðila. Með sama aðila er hér átt við sama einstakling, fyrirtæki, félag eða stofnun hins opinbera. Með samtengingu skráa er jafnt átt við vélræna sem handunna færslu upplýsinga milli skráa.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að tengja við skrá upplýsingar um nafn, nafnnúmer, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og póstnúmer enda þótt slíkar upplýsingar séu sóttar í skrár annars aðila.

□ Tölvunefnd getur veitt undanþágu frá samtengingarbanni 1. mgr. ef fullnægt er skilyrðum þeim, sem fram koma í 2. – 4. mgr. 5. gr., um heimild tölvunefndar til að veita aðgang að skráðum upplýsingum. Skal þá ótvírætt að þeir hagsmunir, sem ætlunin er að vernda með samtengingunni, vegi þyngra en tillitið til hagsmuna hinna skráðu. Tölvunefnd getur bundið heimild til samtengingar nánari skilyrðum, þar með talið skilyrðum um það hvernig upplýsingarnar verði notaðar og að skýra beri hinum skráða frá því að samtenging kunni að fara fram.

■ **7. gr.** Heimilt er að veita lækni eða tannlækni, er hefur mann til læknismeðferðar, upplýsingar úr sjúkraál sjúkrahúss eða öðrum sjúklingaskrám varðandi hinn skráða. Þá er og heimilt, þegar læknir á í hlut, að veita upplýsingar um aðra menn, einkum vandamenn hins skráða, þegar slíkt er talið skipta máli vegna læknismeðferðar á hinum skráða manni.

■ **8. gr.** Nú sýnir tiltekinn aðili fram á að honum sé þörf á ákveðnum skráðum upplýsingum, er falla undir ákvæði laga þessara, vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja og getur tölvunefnd þá heimilað að þeim er slíka hagsmuni hefur verði látnar upplýsingarnar í té, enda sé þá ótvírætt að þörfin á því að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að upplýsingunum verði haldið leyndum. Þetta á þó ekki við um upplýsingar sem þagnarskylda ríkir um samkvæmt sérstökum lagaákvæðum.

### IV. kafli. Um rétt skráðra aðila.

■ **9. gr.** Telji aðili að persónuupplýsingar um hann séu færðar í tiltekna skrá getur hann óskað þess við skrárhaldara að honum sé skýrt frá því sem þar er skráð. Er skylt að verða við þeim tilmælum án ástæðulausrar tafar.

□ Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um efni upplýsinga þykja eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir ótvíræðum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þar með töldum hagsmunum hins skráða sjálfs. Ef svo er háttað um nokkurn hluta upplýsinga, en eigi aðra, skal beiðanda veitt vitneskja um þá hluta sem eigi þykir varhugavert að skýra frá.

■ **10. gr.** Um skyldu læknis til þess að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni hans, fer eftir ákvæðum læknalaga nr. 53 frá 19. maí 1988.

■ **11. gr.** Ákvæði 9. gr. taka ekki til skrár eða skráningar sem einvörðungu er stofnað til í þágu tölfræðilegra útdrátta. Tölvunefnd getur einnig ákveðið að aðrar skrár séu undanþegnar ákvæðum þessum ef ætla má að ákvæði 2. mgr. 9. gr. muni hafa í för með sér að tilmælum um upplýsingar úr slíkum skrám verði almennt hafnað.

■ **12. gr.** Upplýsingar skv. 9. gr. skulu veittar skriflega ef þess er óskað. Skrárhaldari skal verða við tilmælum skráðs aðila og skýra honum frá því sem um hann er skráð sem fyrst og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því að krafa um slíkt kom fram, en skýra ella hinum skráða skriflega frá ástæðum þess að tilmælum hans hefur eigi verið sinnt.

□ Ef skrárhaldari hafnar kröfum aðila um að skýra frá efni skráðra upplýsinga, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 9. gr., er skrárhaldara skylt að vekja athygli hins skráða á rétti hans til þess að bera ágreininginn undir úrlausn tölvunefndar, sbr. ákvæði 13. gr.

■ **13. gr.** Heimilt er að bera ágreining um rétt til aðgangs að upplýsingum samkvæmt þessum kafla laganna undir tölvunefnd sem úrskurðar um ágreininginn.

■ **14. gr.** Nú telur skráður aðili að upplýsingar um hann í skrám, er lög þessi taka til, séu rangar eða villandi. Getur hann þá krafist þess að sá er ábyrgur er fyrir skráningu færi þær í rétt horf, afmái þær eða bæti við þær, eftir því sem við á hverju sinni. Hið sama gildir ef aðili telur að á skrá séu upplýsingar sem eigi er heimilt að skrásetja eða upplýsingar sem eigi hafa lengur þýðingu.

□ Nú neitar sá sem ábyrgur er fyrir skrá að fallast á kröfu um leiðréttingu skv. 1. mgr. eða hefur eigi svarað slíkri kröfu innan fjögurra vikna frá því að hún sannanlega kom fram og getur hinn skráði þá óskað þess við tölvunefnd að nefndin kveði á um það hvort og að hvaða

1989 Nr. 121 28. des.

marki taka beri til greina kröfu hans um að leiðrétta upplýsingarnar eða afmá þær. Fallist tölvunefnd á kröfu manns um að afmá eða leiðrétta upplýsingar leggur hún fyrir skrárhaldara að afmá upplýsingarnar eða leiðrétta þær.

□ Í neitun skrárhaldara skv. 2. mgr. um leiðréttingu eða afmáun rangra eða villandi upplýsinga skal hinum skráða gerð grein fyrir því að ágreining í þeim efnum geti hann borið undir tölvunefnd.

□ Þegar um upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust skv. V. kafla er að ræða skal skrárhaldari senda án tafar öllum þeim, er fengið hafa slíkar upplýsingar frá honum síðustu sex mánuði, svo og hinum skráða, skriflega leiðréttingu. Hinn skráði skal og fá í hendur greinargerð frá skrárhaldara um hverjir hafi móttekið rangar upplýsingar og hverjum leiðréttingar hafi verið sendar. Tölvunefnd getur, þegar um aðrar upplýsingar er að ræða, lagt fyrir skrárhaldara að senda öllum þeim skriflega tilkynningu um leiðréttinguna er á síðustu sex mánuðum, áður en krafa um leiðréttingu kom fram, fengu rangar upplýsingar úr skrá. Skrárhaldari skal þá jafnframt upplýsa hinn skráða um það hverjir fengið hafa tilkynningu um slíka leiðréttingu.

□ Þegar sérstaklega stendur á getur tölvunefnd ákveðið að skylda skrárhaldara skv. 4. mgr. til þess að senda skriflega leiðréttingu er taki til lengri tíma en síðustu sex mánaða áður en krafa um leiðréttingu kom fram.

**V. kafli. Skráning upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.**

■ **15. gr.** Söfnun og skráning upplýsinga, sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögpersóna, í því skyni að miðla öðrum upplýsingum um það efni, er óheimil án starfsleyfis er tölvunefnd veitir. Þeim einum má veita starfsleyfi sem að mati tölvunefndar er líklegur til að geta uppfyllt skyldur skrárhaldara samkvæmt lögum þessum.

■ **16. gr.** Starfsleyfishafa skv. 15. gr. er einungis heimilt að skrá upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt geta haft þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða. Aldrei er heimilt að taka í slíka skrá upplýsingar þær sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr. laganna.

□ Upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust, sem eldri eru en fjögurra ára, er óheimilt að skrá eða miðla nema ótvírætt sé að viðkomandi upplýsingar hafi verulega þýðingu við mat á fjárhag eða lánstrausti hins skráða. Áður en slíkar upplýsingar eru skráðar eða þeim miðlað skal það tilkynnt viðkomandi aðila og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir innan tiltekins frests frá móttöku tilkynningar. Skal sá frestur að lágmarki vera ein vika frá móttöku tilkynningar. Beri aðili fram andmæli er skráning eða miðlun upplýsinga aðeins heimil að fengnu samþykki tölvunefndar.

■ **17. gr.** Eigi er heimilt að færa í skrá samkvæmt kafla þessum aðrar upplýsingar en nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, kennitölu, nafnnúmer, fyrirtækjanúmer, stöðu og atvinnu eða aðrar upplýsingar sem hægt er að fá úr opinberum skrám án þess að skýra hinum skráða frá því.

□ Ef önnur atriði en þau sem greind eru í 1. mgr. eru tekin á skrá ber starfsleyfishafa að skýra skráðum aðila, sem í fyrsta skipti er tekinn á skrá, frá því innan fjögurra vikna frá skráningu og greina honum frá heimild hans til þess að fá skýrslu um efni skráningar, sbr. 18. gr.

■ **18. gr.** Nú telur aðili að upplýsingar um hann séu skráðar skv. 15. gr. og er starfsleyfishafa þá skylt að skýra aðila sem fyrst, og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því krafa kom fram um slíkt, frá því sem þar er skráð og því mati sem starfsleyfishafinn hefur látið frá sér fara á síðustu sex mánuðum varðandi hagi beiðanda.

□ Ef starfsleyfishafi skv. 15. gr. hefur í vörslum sínum frekari upplýsingar um hinn skráða en þær sem beiðni skv. 1. mgr. lýtur að er honum skylt að gera beiðanda grein fyrir þeim og jafnframt fyrir rétti hins skráða aðila til þess að fá að kynna sér efni skrár af eigin raun.

□ Hinn skráði aðili getur gert kröfu til þess að fá skrifleg svör skv. 1. mgr. frá skrárhaldara, en skráður aðili á eigi kröfu til þess að honum sé skýrt frá hvaðan upplýsingar eru fengnar.

■ **19. gr.** Upplýsingar um fjárhag og atriði, er varða mat á lánstrausti, má aðeins láta öðrum í té skriflega, sbr. þó 1. og 2. mgr. 18. gr. Þegar fastir viðskiptavinir eiga í hlut er þó heimilt að veita almennar upplýsingar munnlega eða á annan svipaðan hátt, en nafn og heimilisfang fyrirspyrjanda skal þá skráð og gögn um það varðveitt í a. m. k. sex mánuði.

□ Upplýsingarit um fjárhagsmálefni og lánstraust mega aðeins geyma almennar upplýsingar og þau má aðeins senda til áskrifenda. Áður en starfsleyfishafi birtir nafn tiltekins aðila í slíku upplýsingariti skal starfsleyfishafi að eigin frumkvæði tilkynna viðkomandi aðila skriflega um það að upplýsingar um hann muni birtast í næstu útgáfu ritsins.

□ Upplýsingar um skuldastöðu manna má því aðeins veita öðrum að um sé að ræða almennt aðgengilegar upplýsingar eða gjaldfallna skuld eða skuldir sama aðila við tiltekinn kröfuhafa sem eru a. m. k. 20 000,00 kr. eða hærri og skuldari hefur með aðfararhæfri sátt fallist á að greiða eða verið dæmdur til greiðslu hennar eða önnur réttargerð hafin til fullnustu hennar. Dómsmálaráðherra getur að fenginni umsögn tölvunefndar breytt með reglugerð framangreindri fjárhæð.

□ Upplýsingar um skuldastöðu aðila má ekki veita með þeim hætti að þær geti verið grundvöllur mats á fjárhagslegri stöðu annars en þess er upplýsingarnar varðar.

■ **20. gr.** Um leiðréttingu eða afmáun rangra og villandi upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust gilda ákvæði 14. gr.

**VI. kafli. Nafnalistar og nafnáritanir. Markaðs- og skoðanakannanir.**

■ **21. gr.** Sala eða önnur afhending úr skrám á nöfnum og heimilisföngum tiltekinna hópa einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða félaga er óheimil án starfsleyfis sem tölvunefnd veitir. Þá er og óheimilt án slíks starfsleyfis að annast um fyrir aðra áritanir nafna og heimilisfanga, svo sem með límmiðaáritun, eða aðra útsendingu tilkynninga til þeirra sem greinir í fyrri málslið þessarar málsgreinar.

□ Starfsleyfishafi skv. 1. mgr. má aðeins hafa á skrám sínum eftirtaldar upplýsingar:

1. nafn, heimilisfang, kennitölu, nafnnúmer, fyrirtækjanúmer og starf,
2. upplýsingar sem almennur aðgangur er að í opinberum skrám, svo sem fyrirtækjaskrám.

□ Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn tölvunefndar, í reglugerð reist frekari skorður við því hvað greina megi í skrám þessum.

■ **22. gr.** Ef skrá skv. 21. gr. er notuð til áritunar og útsendingar bréfa, tilkynninga, dreifirita eða þess háttar er skylt að fram komi á áberandi stað á útsendu efni að því sé dreift eftir skrá í vörslu viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. Enn fremur að þeir sem kynnu að óska eftir því að losna undan slíkum sendingum framvegis geti skrifað eða hringt til þessa aðila og fengið nöfn sín afmáð af útsendingarskrá.

□ Skylt er skrárhaldara að verða tafarlaust við beiðnum um að nöfn einstaklinga eða fyrirtækja séu máð af útsendingarskrá, sbr. 1. mgr. Ef beiðni um að má nafn af útsendingarskrá berst sendanda ofangreinds pósts er honum skylt að koma slíkri kröfu á framfæri við skrárhaldara.

□ Tölvunefnd getur sett reglur um merkingar skv. 1. mgr.

■ **23. gr.** Nú fær skrárhaldari skv. 21. gr. í hendur félagaskrár eða skrár yfir fasta viðskiptamenn eða svipaðar skrár og er honum þá óheimilt án samþykkis þess sem afhent hefur gögnin að láta þau af hendi við aðra eða skýra öðrum frá upplýsingum sem í skránum eða gögnunum felast.

■ **24. gr.** Þeir sem í atvinnuskyni annast markaðs- og skoðanakannanir um atriði, sem falla undir ákvæði laga þessara, skulu hafa til þess starfsleyfi, sem tölvunefnd veitir. Starfsleyfishafi skal, a. m. k. sjö sólarhringum áður en könnun er framkvæmd, senda tölvunefnd lýsingu á fyrirhugaðri könnun ásamt spurningalista.

□ Öðrum en starfsleyfishöfum skv. 1. mgr. er óheimilt að annast kannanir þær, sem um ræðir í 1. mgr., án heimildar tölvunefndar.

□ Þeim sem annast markaðs- og skoðanakannanir skv. 1. og 2. mgr. ber við framkvæmd könnunar að gæta eftirtalinna atriða:

a. Gera skal þeim sem spurður er grein fyrir því að honum sé hvorki skylt að svara einstökum spurningum né spurningalistanum í heild.

b. Ef svör eru ekki eyðilögð að könnun lokinni skulu þau geymd þannig frágengin að ekki megi rekja þau til ákveðinna aðila.

c. Aldrei skal spyrja annarra spurninga en þeirra sem hafa greinilegan tilgang með hliðsjón af viðfangsefni því sem verið er að kanna.

d. Óheimilt er að nota upplýsingar þær, sem skráðar hafa verið, til annars en þess sem var tilgangur könnunar.

e. Óheimilt er að veita öðrum aðgang að upplýsingum þeim sem skráðar hafa verið.

□ Tölvunefnd setur frekari skilyrði um framkvæmd slíkra kannana, meðferð og varðveislu gagna ef hún telur það nauðsynlegt.

**VII. kafli. Um tölvuþjónustu.**

■ **25. gr.** Þeim sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra er óheimilt án starfsleyfis, sem tölvunefnd veitir, að varðveita eða vinna úr eftirtöldum upplýsingum um einkamálefni:

a. upplýsingum sem falla undir ákvæði 1. mgr. 4. gr.,

b. upplýsingum sem falla undir ákvæði V. kafla,

c. upplýsingum sem falla undir ákvæði 3. mgr. 6. gr.

□ Með tölvuþjónustu er átt við sérhvern starfsþátt í sjálfvirkri gagnavinnslu með tölvutækni.

□ Starfsleyfishafa skv. 1. mgr. er, án samþykkis frá skráreiganda, óheimilt að nota upplýsingar þær, sem hann hefur veitt viðtöku, til annars en að framkvæma þá þjónustu sem samningur hans og skráreiganda varðar eða afhenda öðrum upplýsingarnar til vinnslu eða geymslu. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna skyndilegrar bilunar í tölvubúnaði, er aðila þó heimilt að láta framkvæma tölvuvinnslu hjá öðrum enda þótt síðargreindi aðilinn hafi ekki starfsleyfi til slíkrar vinnslu. Gögnin og vinnslan skulu þó eftir sem áður vera á ábyrgð þess sem upphaflega tók að sér verkið að því er varðar ákvæði laga þessara.

□ Starfsleyfishafa er skylt að beita viðeigandi ráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar verði misnotaðar eða þær komist í hendur óviðkomandi. Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um vörslu og meðferð tölvugagna hjá þeim sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra.

■ **26. gr.** Starfsmenn í þjónustu starfsleyfishafa skv. 25. gr. eru þagnarskyldir um atriði sem þeir komast að við störf sín og skulu þeir undirrita þagnarheit áður en þeir taka til starfa.

□ Nú vinnur tölvuþjónustufyrirtæki, sem ekki er rekið af opinberum aðila, að verkefnum fyrir slíkan aðila og eru starfsmenn þess þá þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við framkvæmd verkefnisins, með sama hætti og þeir opinberu starfsmenn sem unnið hafa að því. Brot starfsmanns varðar, þegar svo stendur á, refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

**VIII. kafli. Söfnun upplýsinga hér á landi til úrvinnslu erlendis.**

■ **27. gr.** Kerfisbundin söfnun og skráning persónuupplýsinga hér á landi til geymslu eða úrvinnslu erlendis er óheimil. Tölvunefnd getur þó heimilað hana ef sérstaklega stendur á.

□ Skrá eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær sem greinir í 1. mgr. 4. gr., má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis nema samþykki tölvunefndar komi til.

□ Leyfi skv. 1. og 2. mgr. má því aðeins veita að tölvunefnd telji að afhending skráa eða gagna skerði ekki til muna þá vernd sem lög þessi búa skráðum mönnum eða lögpersónum.

□ Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn tölvunefndar, ákveðið í reglugerð að ákvæði 1. og 2. mgr. eigi ekki við um tilteknar skrár eða upplýsingasvið eða gagnvart tilteknum löndum ef slíkt er nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða tillit til alþjóðlegrar samvinnu á þessu sviði mælir með því.

**IX. kafli. Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra.**

■ **28. gr.** Beita skal virkum ráðstöfunum er komi í veg fyrir að upplýsingar séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna.

□ Afmá skal skráðar upplýsingar sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu miðað við það hlutverk sem skrá er ætlað að gegna. Skrár, sem sífellt eru í notkun, skulu geyma upplýsingar sem á hverjum tíma eru réttar, en úreltar upplýsingar skal afmá.

□ Tölvunefnd getur leyft að afrit eða útskriftir úr skrám verði varðveittar í Þjóðskjalasafni eða öðrum skjalasöfnum með nánari ákveðnum skilmálum.

■ **29. gr.** Nú geyma tilteknar skrár upplýsingar sem líklegt þykir að muni hafa notagildi fyrir erlend ríki og

skal þá koma við öryggisráðstöfunum sem gera kleift að eyðileggja skrár án tafar ef styrjöld brýst út eða uggvænt þykir að til styrjaldarátaka komi.

**X. kafli. Um eftirlit með lögum þessum.**

■ **30. gr.** Til þess að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim skal dómsmálaráðherra skipa fimm manna nefnd sem kölluð er tölvunefnd í lögum þessum. Nefndina skal skipa til fjögurra ára í senn. Formaður nefndarinnar, varaformaður og einn nefndarmaður að auki skulu vera lögfræðingar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja skilyrðum til að vera dómari. Einn nefndarmanna skal vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Hann skal tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands. Varamenn skal skipa með sama hætti til fjögurra ára í senn og skulu þeir fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

□ Tölvunefnd er að höfðu samráði við dómsmálaráðherra heimilt að ráða nefndinni nauðsynlegt starfslið.

■ **31. gr.** Tölvunefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Nefndin hefur að eigin frumkvæði, eða eftir ábendingum frá skráðum aðilum, eftirlit með því að til skráningar sé stofnað og skrár notaðar með þeim hætti sem fyrir er mælt í lögum þessum. Tölvunefnd veitir, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, starfsleyfi, heimildir eða samþykki til einstakra athafna. Þá úrskurðar nefndin í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma.

□ Úrlausnir tölvunefndar samkvæmt lögum þessum verða eigi bornar undir aðrar stjórnvaldsstofnanir.

■ **32. gr.** Tölvunefnd getur krafið skrárhaldara og þá er á hans vegum starfa allra þeirra upplýsinga sem nefndinni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar með taldar upplýsingar til ákvörðunar um það hvort tiltekin starfsemi falli undir ákvæði laganna.

□ Tölvunefnd og starfslið hennar hefur vegna eftirlitsstarfa sinna án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem skráning fer fram eða þar sem skráningargögn eru varðveitt eða þau eru til vinnslu.

■ **33. gr.** Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila að hætta skráningu eða láta ekki öðrum í té upplýsingar úr skrám sínum eða gögnum, enda gangi skráning eða upplýsingagjöf í berhögg við ákvæði laga þessara að mati tölvunefndar. Þá getur tölvunefnd og, að sömu skilyrðum fullnægðum, mælt svo fyrir að upplýsingar í skrám verði afmáðar eða skrár í heild sinni eyðilagðar.

□ Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að afmá skráningu um einstök atriði eða leiðrétta hana, enda sé um atriði að ræða sem annaðhvort er óheimilt að taka á skrá eða tölvunefnd telur röng eða villandi.

□ Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að afmá eða leiðrétta upplýsingar sem skráðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara ef skráning þeirra gengur í berhögg við ákvæði laga þessara eða upplýsingarnar eru rangar eða villandi.

□ Tölvunefnd getur, ef sérstaklega stendur á, lagt fyrir skráningaraðila að afmá upplýsingar sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu.

□ Tölvunefnd getur bannað skráningaraðila að viðhafa tiltekna aðferð við söfnun og skráningu upplýsinga og miðlun þeirra, enda telji nefndin að sú aðferð, sem viðhöfð er, hafi í för með sér verulega hættu á að skráning eða upplýsingamiðlun verði röng eða villandi. Sömu heimild hefur tölvunefnd ef hún telur hættu á að teknar verði á skrá eða miðlað verði úr skrám upplýsingum sem óheimilt er að skrá eða miðla.

1989 Nr. 121 28. des.

□ Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að koma við sérstökum úrræðum til tryggingar því að eigi verði tekin á skrá atriði sem óheimilt er að skrá eða miðlað verði upplýsingum um slík atriði. Hinu sama gegnir um atriði sem eru röng eða villandi. Með sama hætti getur tölvunefnd lagt fyrir skráningaraðila að koma við ráðstöfunum til tryggingar því að skráðar upplýsingar verði ekki misnotaðar eða komist til vitundar óviðkomandi aðila.

□ Ef aðili sinnir eigi fyrirmælum tölvunefndar skv. 1. – 6. mgr. þessarar greinar getur tölvunefnd afturkallað starfsleyfi, samþykki eða heimild sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati með fullnægjandi hætti.

■ **34. gr.** Dómsmálaráðherra getur í reglugerð kveðið á um samstarf tölvunefndar við erlendar eftirlitsstofnanir um geymslu eða úrvinnslu hér á landi á gögnum er safnað hefur verið erlendis, þar á meðal um sérstaka tilkynningarskyldu á slíku.

■ **35. gr.** Tölvunefnd getur sett reglur um form og efni tilkynninga og umsókna samkvæmt lögum þessum.

□ Nú er tölvunefnd ætlað að veita starfsleyfi samkvæmt lögum þessum eða samþykki til einstakra aðgerða og er henni þá heimilt að binda starfsleyfið eða samþykkið skilyrðum eða tímabinda það.

□ Dómsmálaráðherra getur ákveðið gjald er greiða skal fyrir veitingu starfsleyfa og einstakra heimilda.

■ **36. gr.** Tölvunefnd skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal birta yfirlit yfir þau starfsleyfi, samþykki og heimildir sem nefndin hefur veitt, reglur sem hún hefur sett og úrskurði sem hún hefur kveðið upp. Í ársskýrslunni skal og greina frá þeirri starfsemi nefndarinnar annarri sem ætla má að almenningur láti sig varða eða hafi hagsmuni af að vita.

**XI. kafli. Um refsingar og önnur viðurlög.**

■ **37. gr.** Brot á eftirtöldum ákvæðum laga þessara varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum:

a. brot á 3. – 6. gr.,
b. brot á 9. og 12. gr.,
c. brot á 2. og 4. mgr. 14. gr.,
d. brot á 15. – 20. gr.,
e. brot á 21. – 24. gr.,
f. brot á 26., 27. og 1. mgr. 32. gr.

□ Sömu refsingu varðar að vanrækja að fara að fyrirmælum tölvunefndar skv. 33. gr.

□ Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði sem sett eru fyrir starfsleyfi, heimild eða samþykki samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni sem sett hefur verið samkvæmt lögunum eða stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim.

□ Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda skv. 38. gr., enda sé brot drýgt til hagsbóta fyrir

**1989** Nr. 121 28. des.

lögðaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögðaðilanum.

■ **38. gr.** Starfsleyfishafa skv. 15., 21., 24. og 25. gr. má auk refsingar skv. 37. gr. með dómi svipta starfsleyfi ef sök er mikil. Að öðru leyti eiga hér við ákvæði 1. og 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

□ Gera má upptæk með dómi tæki sem stórfelld brot á lögum þessum hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

■ **39. gr.** Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

**XII. kafli. Lagaframkvæmd og gildistaka.**

■ **40. gr.** Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

**1981** Nr. 44 26. maí

## Lög um horfna menn.

**I. kafli. Um heimild skiptaráðanda til að úrskurða, að um bú horfins manns skuli fara sem um dánarbú.**

■ **1. gr.** Nú hverfur maður, og atvik benda eindregið til þess, að hann sé látinn. Getur skiptaráðandi þá úrskurðað að kröfu aðilja, sem lögmætra hagsmuna hefir að gæta, að um bú mannsins fari sem væri hann látinn.

□ Gögn um hvarf manns skulu lögð fyrir skiptaráðanda, þar sem maðurinn átti síðast heimilisvarnarþing eða þar sem hann dvaldist síðast. Skiptaráðandi leysir úr því með úrskurði, hvort gögn þessi séu fullnægjandi. Sömu aðiljar og greinir í 1. málsgr. geta skotið úrskurði skiptaráðanda til Hæstaréttar innan 8 vikna frá uppsögu úrskurðarins. Bú manns verður eigi tekið til skipta fyrr en áfrýjunarfresti er lokið, en skiptaráðandi getur ákveðið, að frá uppsögu dómsins fari um eigur hins horfna svo sem segir í II. kafla, að svo stöddu.

□ Í úrskurði skiptaráðanda skal greina, hvaða dag skuli telja dánardægur manns, en við þann dag skal miða, er sennilegast þykir, að andlát manns hafi borið að höndum.

**II. kafli. Um varðveislu og ráðstöfun á fjármunum horfins manns.**

■ **2. gr.** Nú telur skiptaráðandi eigi fært að taka bú horfins manns til skiptameðferðar samkv. 1. gr., og skal þá skipa hinum horfna manni fjárráðamann, ef þörf krefur, eftir atvikum að ósk aðilja þeirra, er greinir í 1. gr. Gilda reglur lögræðislaga um sérstaklega skipaða lögráðamenn um skipun fjárráðamanns og umsýslu hans.

■ **3. gr.** Um varðveislu og stjórn á eignum horfins manns fer með sama hætti og um eigur ófjárráða manna samkv. lögræðislögum.

□ Yfirlögráðandi ákveður, hvort og að hverju marki sé heimilt að nota eigur hins horfna manns eða arð af þeim til framfærslu barna hans og maka eða til menntunar barna. Þegar sérstaklega stendur á, er unnt að ákveða, að fé þetta verði notað til framfærslu eða menntunar annarra, sem háðir hafa verið framfærslu af hálfu hins horfna manns.

■ **4. gr.** Nú er hinn horfni maður í hjúskap, og lýtur þá hjúskapareign hans og séreign stjórn maka hans eða maka og fjárráðamanns í sameiningu, ef skipaður hefir verið.

□ Nú tæmist maka hins horfna arfur eftir að hann hverfur eða hann hlýtur verðmæti að gjöf, og ber þá að halda því fé utan skipta á hjúskapareignum, ef til skipta kemur með honum og hinum horfna manni eða erfingjum hans.

**III. kafli. Dómur um, að horfinn maður skuli talinn látinn.**

■ **5. gr.** Unnt er að ákveða með dómi samkvæmt þessum kafla, að horfinn maður skuli talinn látinn, enda hafi á undan farið opinber stefna í Lögbirtingablaði um, að slíkt mál verði höfðað, og að fullnægðum öðrum þeim skilyrðum, sem greinir hér á eftir.

■ **6. gr.** Kröfu um, að opinber stefna verði gefin út, er unnt að bera upp við héraðsdómara, í Reykjavík borgardómara, þegar 3 ár eru liðin frá því, að síðast spurðist til hins horfna manns eða vitað var, að hann væri á lífi.

□ Nú þykir sýnt, að hinn horfni maður hafi ratað í lífsháska eða miklar líkur eru að öðru leyti á, að hann sé látinn, t. d. vegna þess að skip eða loftfar, sem hann hefir verið á eða í, hefir farist, og er frestur samkvæmt 1. málsgr. þá 4 mánuðir.

□ Söknaraðilar samkvæmt 1. málsgr. geta verið maki hins horfna, niðjar hans, þ. á m. kjörniðjar, aðrir erfingjar og aðrir þeir, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta af því að fá dómsúrlausn um, að hinn horfna mann skuli telja látinn. Dómsmálaráðuneytið getur og haft uppi kröfu, þegar gæsla almannahags gerir þess þörf eða þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla vandamanna.

■ **7. gr.** Mál til úrlausnar um, að horfinn mann skuli telja látinn, má höfða hér á landi, ef síðasta lögheimili hins horfna var hér á landi eða ef síðasti kunni dvalarstaður hans var hér.

□ Nú var síðasta heimilisfang hins horfna eða síðasti kunni dvalarstaður utan Íslands, og má allt að einu höfða mál hér á landi, ef annað tveggja er:

a. að söknaraðili er maki hins horfna, og eigi makinn heimili hér á landi og sé íslenskur ríkisborgari eða hafi verið það, er hjúskapur var stofnaður, eða

b. að hinn horfni eigi eigur hér á landi, en þá hefir dómur aðeins gildi að því er þær varðar.

■ **8. gr.** Mál skal höfða fyrir héraðsdómi, þar sem hinn horfni átti síðast heimilisfang eða dvaldist, eða fyrir héraðsdómi, sem dómsmálaráðuneyti ákveður.

■ **9. gr.** Dómurinn skipar lögmann til að gæta hagsmuna hins horfna manns, og greiðist þóknun hans og önnur útgjöld eftir reglunum um gjafvörn. Dómurinn getur þó ákveðið, að þetta hvort tveggja sé greitt af eigum hins horfna manns.

■ **10. gr.** Þegar dómara hefir borist krafa samkvæmt 6. gr. og gögn með henni, kveður hann söknaraðila, maka hins horfna og nánustu ættingja hans og vandamenn, til dómþings, svo og aðra þá, sem ætla má að geti veitt upplýsingar um hvarf manns þess, er talinn er horfinn. Taka skal dómskýrslur af mönnum þessum eftir því sem dómari telur þörf á. Enn fremur skal kveðja réttargæslumann samkv. 9. gr. á dómþingið.

□ Nú þykir dómara fram komin sönnunargögn eigi fullnægjandi, og getur hann þá veitt söknaraðila færi á að

**1981** Nr. 44 26. maí

koma að frekari gögnum. Nú sinnir hann því ekki eða gögnin þykja ella eigi viðhlítandi og hafnar dómari þá kröfu með úrskurði.

■ **11. gr.** Nú telur dómari fram komin nægileg sönnunargögn fyrir því, að maður sá, sem krafa lýtur að, hafi verið horfinn um það tímabil, er segir í 6. gr., og eigi þykir á hinn veg sannað, að hann sé látinn. Gefur dómari þá út opinbera stefnu, er birta skal í Lögbirtingablaði og í blöðum og öðrum fjölmiðlum, ef þörf þykir á, og skal þar greint frá því, að dómþing verði háð á nánar greindum degi og stað, þar sem fjallað verði um kröfu um, að dómur verði upp kveðinn þess efnis, að tiltekinn maður verði talinn látinn. Í stefnu skulu einnig þeir, sem upplýsingar geta gefið í málinu, hvattir til að tilkynna dóminum um vitneskju þeirra. Fer um útgáfu stefnunnar eftir meginreglum 218. gr. laga nr. 85/1936.

□ Frá birtingu stefnu skulu líða 3 mánuðir, uns dómþing verður háð samkv. 12. gr.

■ **12. gr.** Dómari kveður sóknaraðila og réttargæslumann til dómþings þess, sem ákveðið er í hinni opinberu stefnu samkv. 11. gr. Skulu þar lögð fram stefna og frekari gögn, ef því er að skipta, og veita skal sóknaraðila og réttargæslumanni hins horfna kost á að reifa gögn og flytja mál með sama hætti og almennt er um einkamál í héraði.

□ Að svo búnu kveður dómari upp dóm í málinu, ef fallist er á að telja skuli hinn horfna mann látinn, en úrskurð, ef kröfu aðilja er hrundið.

□ Í dómi, sem kveður á um, að horfinn mann skuli telja látinn, skal tekin afstaða til þess, frá hvaða tíma telja skuli andlát manns. Skal í því efni miða við síðasta dag í þeim mánuði, sem frestur rann út samkv. 6. gr. 1. málsgr., eða þann dag, þegar sennilegast er, að andlát manns hafi borið að höndum, sbr. 6. gr. 2. málsgr., eða síðasta dag þess mánaðar, er 4 mánaða frestur rennur út samkv. þeirri málsgrein, eftir atvikum.

□ Nú hverfur sóknaraðili frá kröfu sinni um, að dómur kveði á um, að horfinn maður skuli talinn látinn, og skal þá veita dómsmálaráðuneyti kost á að halda áfram málinu.

■ **13. gr.** Úrskurði dómara samkvæmt 10. og 12. gr. verður skotið til Hæstaréttar samkvæmt reglum um kæru, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Dómi samkvæmt 12. gr. verður áfrýjað til Hæstaréttar innan 8 vikna frá uppsögu dóms. Sóknaraðili, réttargæslumaður og erfingjar hins horfna geta skotið úrskurði eða dómi til Hæstaréttar, svo og aðrir þeir, sem hagsmuna hafa að gæta af úrslitum máls, og enn fremur dómsmálaráðuneytið.

□ Dómi um, að horfinn mann skuli telja látinn, verður eigi fullnægt, fyrr en áfrýjunarfresti er lokið, án þess að máli sé áfrýjað.

**IV. kafli. Dánarlíkur, sem dómur samkvæmt III. kafla er reistur á, reynast rangar.**

■ **14. gr.** Nú kemur í ljós eftir að dómur hefir gengið, er kveður svo á, að horfinn maður skuli talinn látinn, að maður þessi er á lífi. Getur hann þá næstu 5 ár eftir það tímamark, sem dómur miðar réttaráhrif dánarlíkna við, endurheimt eign sína frá þeim, sem fengið hefir hana að arfi.

□ Nú er leitt í ljós, að hinn horfni hefir látist á öðrum tíma en við er miðað í dóminum, og getur þá sá aðili, sem rétt hefði átt til arfs, ef raunverulegt dánardægur hefir verið lagt til grundvallar, krafist eignar úr hendi þess, sem fengið hefir eign í hendur sem arf, innan sömu tímamarka og þeirra, sem greinir í 1. málsgrein.

■ **15. gr.** Erfingi skal aðeins afhenda það, sem hann hefir veitt viðtöku samkvæmt 14. gr.

□ Nú hefir erfingi afhent eign til annars aðilja eða neytt hennar, eða eytt henni og skal hann þá svara til verðmætis eignar, er hún var afhent eða hennar var neytt, eða henni eytt, en þó skal eigi miðað við hærri fjárhæð en núvirði eignar, sem sambærileg er að tegund og gæðum. Fjárkröfu gegn erfingja má færa niður eða fella hana niður, ef neysla munar var eðlileg, miðað við tegund hans og aðstæður, eða ef ósanngjarnt væri að láta erfingja svara til verðmætisins alls, miðað við fjárhag hans.

□ Nú hefir munur farist erfingja að ósekju, og er hann þá laus úr ábyrgð.

□ Aðili getur ekki krafið erfingja um arð af eign, sem til hefir fallið, áður en krafa um endurheimt var höfð uppi.

■ **16. gr.** Ákvæði 14. og 15. gr. eiga einnig við eftir því sem við getur átt, þegar bú manns er tekið til skipta samkvæmt 1. gr. laga þessara.

■ **17. gr.** Nú hefir vátryggingarfélag greitt vátryggingarfjárhæð á grundvelli dóms samkvæmt 12. gr., og hinn horfni kemur fram. Getur það þá endurheimt goldnar fjárhæðir innan þeirra fresta, sem greindir eru í 14. gr. Hægt er að lækka kröfu, ef féð hefir, svo sem eðlilegt má þykja og eins og á stendur, verið notað til framfærslu aðilja. Ákvæði 1., 3. og 4. málsgr. 15. gr. eiga við um þessa endurheimtukröfu, að breyttu breytanda.

□ Kröfu þess manns, sem komið hefir fram, á hendur vátryggingarfélagi, má lækka sem nemur þeirri fjárhæð, sem vátryggingarfélag getur ekki endurheimt samkvæmt 1. málsgr.

□ Vátryggingarfélag getur valið þann kost að endurheimta eigi kröfu sína á hendur viðtakanda fjár. Þegar svo stendur á, gengur sá maður, sem horfinn var, inn í rétt vátryggingarfélagsins samkvæmt þessari grein.

■ **18. gr.** Lífeyrir og annar slíkur framfærslueyrir, sem greiddur hefir verið á grundvelli dóms samkvæmt 12. gr., verður eigi endurkrafinn úr hendi þess, er við tók.

□ Nú kann sá, sem horfinn var talinn og fram hefir komið, að eiga rétt á hendur þeim, sem greiðslu hefir innt af hendi samkv. 1. málsgr., og lækkar þá krafa hans um þá fjárhæð, sem greidd hefir verið.

■ **19. gr.** Nú hefir erfingi gerst sekur um svik í sambandi við móttöku verðmæta horfins manns, og er hann þá bótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Sama gildir um þá, sem veitt hafa verðmætum þeim móttöku, sem greinir í 17. og 18. gr.

■ **20. gr.** Nú hefir maki þess manns, sem talinn er látinn samkvæmt dómi, sbr. 12. gr., gifst að nýju, og haggar það ekki gildi hins nýja hjúskapar, þótt hinn horfni maður reynist á lífi. Ef makinn hefir eigi gifst að nýju, heldur hjúskapurinn við mann þennan gildi sínu.

■ **21. gr.** Nú stendur sá maður, sem talinn hefir verið látinn með dómi samkvæmt 12. gr., til arfs eftir annan mann og arfahluta þeim, sem honum bar, hefir verið úthlutað til annars erfingja. Getur maður þessi þá krafið erfingja um verðmæti þau, sem þeir hafa hlotið, innan frests þess, er greinir í 14. gr., 1. málsgr. Ákvæðin í 15.

1981 Nr. 44 26. maí

1981 Nr. 44 26. maí

gr. og 17. gr. eiga hér við eftir því sem við getur átt, sbr. og 19. gr.

□ Ákvæði þetta haggar ekki við gildi 56. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

■ **22. gr.** Nú er dvalarstaður erfingja kunnur, en ekki er þó unnt að koma arfi til hans, og ber þá að varðveita hann samkvæmt 3. gr.

**V. kafli. Gildistaka og brottfallin lög.**

■ **23. gr.** Lög þessi taka gildi þegar í stað.

□ Falla þá úr gildi lög nr. 23/1922 um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má, að farist hafi af slysum og lög nr. 61/1980 um breyting á þeim lögum, svo og 3. töluliður 2. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

□ Nú hefir mál verið höfðað samkvæmt lögum nr. 23/1922, er lög þessi taka gildi, og fer þá um það mál samkvæmt þeim lögum og lögum um meðferð opinberra mála, sbr. og lög nr. 61/1980. Réttaráhrif slíks máls og eldri mála ráðast og af þeim lögum. Ákvæðum IV. kafla þessara laga verður einnig beitt um dóma og úrskurði eftir eldri lögum, þegar svo stendur á sem þar segir.

# V. b. Sifjaréttindi.

1972 Nr. 60 29. maí

## Lög um stofnun og slit hjúskapar.

**I. kafli. Hjónavígsluskilyrði.**

■ **1. gr.** Karl eða kona, sem eru yngri en 18 ára, mega ekki stofna til hjúskapar, nema leyfi dómsmálaráðuneytis komi til.

■ **2. gr.** Nú er annað hjónaefna yngra en [18 ára][1] og má þá eigi vígja það án samþykkis foreldra nema það hafi verið gift áður.

□ Nú er annað foreldra látið, geðveikt eða hálfviti eða fer ekki með foreldraráð eða miklir örðugleikar eru á að ná til þess, og nægir þá samþykki hins. Nú gegnir þessu um báða foreldra, og þarf þá samþykki lögráðamanns.[2]

[1] *L. 64/1979, 1. gr.* [2] *L. 68/1984.*

■ **3. gr.** Nú er maður sviptur lögræði, og getur hann þá eigi stofnað til hjúskapar að svo förnu án samþykkis lögráðamanns.

■ **4. gr.** Nú synjar foreldri eða lögráðamaður samþykkis til hjúskapar, og getur dómsmálaráðuneyti þá leyft vígsluna, ef ekki var gild ástæða til synjunar.

■ **5. gr.** Geðveikur maður eða hálfviti getur ekki stofnað til hjúskapar, nema dómsmálaráðuneyti leyfi.

■ **6. gr.** Hvorki má vígja skyldmenni í beinan legg né systkin.

■ **7. gr.** Kjörforeldri og kjörbarn mega ekki stofna til hjúskapar, nema ættleiðing sé niður felld.

■ **8. gr.** Eigi má vígja mann og skyldmenni þess í beinan legg, er hann áður átti, nema dómsmálaráðuneyti leyfi.

■ **9. gr.** Eigi má vígja mann, sem giftur er fyrir.

■ **10. gr.** Nú hefur hjónaefni verið gift, og má þá eigi vígja það, nema bú hjónanna hafi verið tekið til opinberra skipta eða einkaskiptum sé lokið. Þetta gildir þó ekki, ef fullkomin séreignaskipan hefur verið á fjármálum hjóna. Dómsmálaráðuneyti getur leyst undan þessu skilyrði, ef sérstaklega stendur á.

**II. kafli. Könnun á hjónavígsluskilyrðum.**

1972 Nr. 60 29. maí

■ **11. gr.** Áður en hjónavígsla fer fram, skulu hjónaefni sanna, að könnun hafi átt sér stað á hjónavígsluskilyrðum samkvæmt því, sem segir í þessum kafla, og að lög tálmi ekki ráðahagnum. Dómsmálaráðuneyti setur nánari reglur um könnun á hjónavígsluskilyrðum,[1] þ. á m. um þau skilríki, sem rétt er að krefja hjónaefni um við gæzlu þessara skilyrða, svo sem læknisvottorð og yfirlýsingu hjónaefna um, að þau viti ekki um tálma á hjúskap þeirra.

[1] *Rg. 155/1973 (um könnun hjónavígsluskilyrða).*

■ **12. gr.** Löggildir vígslumenn samkvæmt ákvæðum þessa kafla annast um könnun á hjónavígsluskilyrðum, og fer hún fram í lögsagnarumdæmi, þar sem annað hjónaefna á lögheimili. Nú á hvorugt lögheimili hér á landi, og fer könnun þá fram þar í umdæmi, sem annað þeirra dvelst. Til tryggingar krefur vígslumaður hjónaefni um vottorð tveggja áreiðanlegra svaramanna, er báðir ábyrgjast, að enginn tálmi sé á fyrirhuguðum hjúskap.

■ **13. gr.** Hjónavígsla má ekki fara fram, nema fyrir liggi vottorð frá vígslumanni samkvæmt 12. gr. um, að hjónavígsluskilyrðum sé fullnægt. Vottorð þetta má þó ekki vera meira en fjögurra mánaða gamalt.

□ Nú er annað hjónaefna hættulega sjúkt, og má hjónavígsla þá fara fram, þótt könnun hjónavígluskilyrða hafi ekki átt sér stað.

□ Nú er vígslumanni kunnugt um hjúskapartálma, og má hann þá eigi vígja hjónaefni, þótt fullgildu vottorði samkvæmt 1. málsgr. sé til að dreifa.

**III. kafli. Hjónavígsla.**

■ **14. gr.** Hjúskapur er lögmætur, hvort sem hann er stofnaður fyrir presti (forstöðumanni safnaðar) eða veraldlegum vígslumanni.

■ **15. gr.** Kirkjuleg hjónavígsla er heimil:

1. Innan þjóðkirkjunnar, ef annað hjónaefna heyrir henni til.

2. Innan annars löggilts trúfélags hér á landi, ef annað hjónaefna heyrir trúfélaginu til.

□ Dómsmálaráðuneyti getur veitt erlendum evangelísk-lútherskum mönnum sama rétt til kirkjulegrar hjónavígslu sem innlendir trúbræður þeirra njóta.

■ **16. gr.** Prestar þjóðkirkjunnar annast kirkjulega hjónavígslu innan kirkju sinnar. Hinu sama gegnir um presta eða forstöðumenn annarra hérlendra trúfélaga, sem fengið hafa löggildingu dómsmálaráðuneytis til að annast hjónavígslu. Þjóðkirkjuprestum, sem látið hafa af prestsembætti, er heimilt að framkvæma hjónavígslu í umboði viðkomandi sóknarprests þjóðkirkjunnar.

□ Kirkjumálaráðuneyti setur, að fengnum tillögum biskups, reglur um, hvaða prestar innan þjóðkirkjunnar hafi heimild til hjónavígslu og hvenær þeim sé skylt að framkvæma hjónavígslu.

■ **17. gr.** Borgaraleg hjónavígsla er öllum kræf, jafnt þeim, sem eiga kröfu á kirkjulegri vígslu, sem öðrum.

■ **18. gr.** Borgaralega hjónavígslu framkvæma sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík yfirborgardómari og borgardómarar. Þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður utan Reykjavíkur, er hann einnig vígslumaður. Fulltrúar greindra embættismanna, sem löggiltir eru til dómsstarfa, eru einnig vígslumenn.

■ **19. gr.** Kirkjumálaráðuneytið getur löggilt íslenzka presta til að framkvæma hjónavígslur erlendis.

☐ Utanríkisráðuneyti getur, að höfðu samráði við dómsmálaráðuneyti, sett reglur um heimild starfsmanna í íslenzkum sendiráðum, er hafa diplómatíska stöðu, til að framkvæma hjónavígslur erlendis, svo og um heimild ræðismanna Íslands erlendis í sama skyni.

☐ Ákvæði laga þessara um hjónavígsluskilyrði, könnun þeirra, svo og hjónavígslu, gilda einnig um hjónavígslur samkvæmt 1. og 2. málsgrein. Könnun hjónavígsluskilyrða getur farið fram af hálfu vígslumanna samkvæmt 1. og 2. málsgrein.

☐ Heimilt er að ákveða með samningi við erlent ríki, að hjónabönd, sem til er stofnað hér á landi fyrir presti frá viðkomandi ríki eða starfsmönnum í sendiráði þess hér á landi eða fyrir útsendum ræðismanni þess hér, séu gild hér á landi.

■ **20. gr.** Borgaraleg hjónavígsla fer fram í skrifstofu vígslumanns, nema vígslumaður og hjónaefni verði á annað sátt.

☐ Kirkjuleg hjónavígsla fer fram í kirkju, nema vígslumaður og hjónaefni samþykki annað.

■ **21. gr.** Hjónavígsla skal fara fram í viðurvist tveggja vitna.

☐ Vígslumaður spyr hjónaefni, sem bæði eru viðstödd, hvort fyrir sig, hvort þau vilji stofna til hjúskapar, og lýsir þau hjón, er þau hafa játað því.

☐ Ráðuneyti þau, sem í hlut eiga, setja nánari reglur um framkvæmd borgaralegrar[1)] og kirkjulegrar hjónavígslu, og má leggja sektir við vangæzlu þeirra reglna.

[1)] *Augl. A 25/1890 (um reglur fyrir því hvernig veraldlegir valdsmenn eigi að gefa saman hjón).*

■ **22. gr.** Hjónavígsla er gild, ef lögmætur vígslumaður hefur framkvæmt hana, enda hafi hann gætt þeirra reglna, sem greinir í 2. málsgrein 21. gr.

☐ Nú er hjónavígsla ógild samkvæmt 1. málsgrein, og getur dómsmálaráðuneyti þá lýst hana gilda, ef sérstakar ástæður mæla með því.

■ **23. gr.** Um færslu embættisbóka í sambandi við hjónavígslur og skil á skýrslum um það efni fer eftir þeim lögum og öðrum réttarreglum, sem um það efni gilda eða sett kunna að verða. Sama er um greiðslu,[1)] sem hjónaefnum er skylt að gjalda fyrir hjónavígslu, svo og um greiðslu fyrir vottorð. Heimilt er að kveða nánar á um þessi efni í reglugerð, er dómsmálaráðuneyti setur.

☐ Nú framkvæmir forstöðumaður (prestur) löggilts trúfélags hjónavígslu, og gilda þá framangreindar reglur um þá hjónavígslu, en heimilt er að öðru leyti að viðhafa þá helgisiði, er reglur eða venjur trúfélags segja til um.

[1)] *Sjá l. 79/1975, 20. gr.*

## IV. kafli. Ógilding hjúskapar.

■ **24. gr.** Nú brýtur hjúskapur í bága við ákvæði 6. eða 9. gr., og skal þá ógilda hann með dómi. Ef hjúskapur gengur í berhögg við ákvæði 9. gr., er ekki unnt að ógilda hann, ef fyrra hjúskap er lokið, áður en mál er höfðað.

☐ Mál til ógildingar hjúskapar samkvæmt þessum ákvæðum má höfða af hendi dómsmálaráðherra eða annars hvors hjóna. Ef ógilding hjúskapar er reist á ákvæði 9. gr., er málshöfðun einnig heimil því hjóna úr eldra hjúskap, sem tvíkvænishjúskapur gengur í berhögg við.

■ **25. gr.** Annað hjóna getur krafizt ógildingar hjúskapar síns:

1. Hafi það verið viti sínu fjær, þegar vígsla fór fram, eða að öðru leyti svo ástatt um það, að það mátti þá eigi skuldbinda sig til hjúskapar að lögum.

2. Hafi það af vangá látið vígja sig öðrum en þeim, sem það hafði bundizt hjúskaparorði, eða hafi það verið vígt án þess að það ætlaðist til þess.

3. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður komið því til að eiga sig með því að villa vísvitandi á sér heimildir eða leyna atvikum úr lífi sínu, er mundu hafa fælt hitt frá hjúskapnum, ef vitað hefði.

4. Hafi það verið neytt til vígslunnar.

☐ Mál til ógildingar verður ekki höfðað eftir að 6 mánuðir eru liðnir frá því að ástandi lauk, sem lýst er í 1. lið, frá því að sóknaraðili komst að raun um ógildingarástæðu samkvæmt 2. eða 3. lið eða frá því að nauðung létti samkvæmt 4. lið. Hvernig sem á stendur, verður ógildingarmál ekki höfðað, eftir að liðin eru 3 ár frá hjónavígslu.

■ **26. gr.** Ógilding hjúskapar hefur sömu áhrif að lögum og lögskilnaður, nema annars sé getið í lögum.

■ **27. gr.** Við skipti vegna ógildingar hjúskapar tekur hvort hjóna að óskiptu verðmæti úr hjúskapareign, sem svarar til þess, er það flutti í búið, er til hjúskapar var stofnað, og til þess, sem síðar hefur bætzt því vegna gjafar eða arfs, og enn fremur virði þess, sem það hefur flutt frá séreign sinni til hjúskapareignar sinnar. Nú hrökkva eigur bús ekki til að fullnægja kröfum hvors um sig, og ber þá að lækka þær að tiltölu. Nú hefur annað hjóna gefið hinu eitthvað til séreignar, og er þá sú gjöf afturtæk.

■ **28. gr.** Nú sætir hjúskapur ógildingu, og var annað hjónaefna grandlaust um ógildingarástæðu, þegar hjónavígsla fór fram, en hitt eigi, og getur þá hið fyrrnefnda krafizt hæfilegra bóta af hinu. Bætur ber að miða við kjör beggja og atvik að öðru leyti.

■ **29. gr.** Nú deyr annað hjóna, áður en hjónaband sætir ógildingu, sem ógildanlegt er samkvæmt 24. gr., og getur þá hitt eða erfingjar hins látna krafizt þess, að sérreglum um fjárskipti vegna ógildingar verði beitt. Auk þess getur það hjóna, sem lifir, krafizt bóta samkvæmt 28. gr.

☐ Sama rétt á það hjóna, sem gat höfðað mál samkvæmt 25. gr., þegar hitt hjóna andast, áður en ógilding hefur átt sér stað, enda séu málshöfðunarfrestir ekki liðnir. Nú er ógildingarmál höfðað og maki andast eftir það, og er þá erfingjum hans heimilt að krefjast þess, að sérreglum um fjárskipti vegna ógildingar verði beitt.

☐ Kröfur samkvæmt 1. og 2. málsgrein ber að hafa uppi innan 6 mánaða frá andláti.

■ **30. gr.** Nú andast það hjóna, sem stofnað hefur til hjúskapar andstætt ákvæði 9. gr., áður en hjúskapur sætir ógildingu, og skal þá líta svo á, að réttur gagnvart þriðja manni til bóta, lífeyris og eftirlauna eða annars verðmætis, sem því hjóna, er lifir, er ætlaður, beri eftirlifandi maka úr þeim hjúskap, sem tvíkvænishjúskapur braut í bága við, nema annað sé ljóst af atvikum.

## V. kafli. Hjónaskilnaðir.

■ **31. gr.** Nú eru hjón sammála um að leita skilnaðar að borði og sæng, og ber þá að veita þeim leyfi til slíks skilnaðar, enda séu þau á eitt sátt um skipan forráða fyrir börnum, um framfærslueyri með börnum og milli hjóna innbyrðis og annað tveggja sé samkomulag um fjárskipti eða skiptaráðandi hafi tekið eigur bús til uppskriftar og skiptameðferðar.

1972 Nr. 60 29. maí

■ **32. gr.** Nú sýnir annað hjóna af sér mikla vanrækslu á framfærsluskyldum sínum gagnvart hinu eða börnum, sem því er skylt að framfæra, eða brýtur að öðru leyti mjög í bága við skyldur sínar gagnvart þeim, og á þá hitt rétt á leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

□ Sama gegnir, ef ósamlyndi milli hjóna er orðið svo magnað, að eigi þyki mega una frekari samvistum, enda skal þá veita skilnað, nema ósamlyndi sé aðallega að kenna leyfisbeiðanda.

□ Nú er til að dreifa lögskilnaðarástæðu samkvæmt ákvæðum þeim, er fara hér á eftir, og getur maki þá krafizt skilnaðar að borði og sæng í stað lögskilnaðar, ef svo býður við að horfa.

■ **33. gr.** Nú takast aftur samvistir með hjónum, sem skilið hafa að borði og sæng, og falla þá niður réttaráhrif skilnaðarins.

■ **34. gr.** Nú hafa hjón verið skilin að borði og sæng og hafa eigi verið samvistum, sbr. 33. gr., og á þá hvort þeirra um sig kröfu til að fá lögskilnað, þegar eitt ár er liðið frá því, að þau hlutu leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

■ **35. gr.** Nú hafa hjón slitið samvistir vegna ósamlyndis, og getur þá hvort þeirra krafizt lögskilnaðar, þegar samvistaslit hafa staðið í 3 ár.

■ **36. gr.** Nú hefur annað hjóna slitið samvistir gegn vilja hins og án fullnægjandi tilefnis, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar, þegar samvistaslit hafa staðið í 2 ár.

■ **37. gr.** Nú er annað hjóna horfið og ekki hefur spurzt til þess í 3 ár, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar.

■ **38. gr.** Nú hefur annað hjóna stofnað til hjúskapar andstætt ákvæðum 9. gr., og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar á hjúskap sínum, er tvíkvænishjúskapur gengur í berhögg við.

■ **39. gr.** Nú hefur annað hjóna orðið bert að hjúskaparbroti eða atferli, sem jafna má til þess, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar, nema það hafi lagt samþykki sitt á verknaðinn eða stutt að framgangi hans.

□ Ákveða má, að aðeins verði dæmt til skilnaðar að borði og sæng eða veitt leyfi til hans í stað lögskilnaðar, þegar tillitið til barna hjóna eða aðrar veigamiklar ástæður mæla með því.

□ Mál skal höfða eða afhenda umsókn um leyfi til skilnaðar innan 6 mánaða frá því, að maka varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 2 ára frá því, að hann var framinn.

■ **40. gr.** Nú hefur annað hjóna sótzt eftir lífi hins eða orðið uppvíst að misþyrmingu á því eða börnunum, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar, enda hafi það ekki lagt samþykki á verknaðinn eða sjálfviljugt stutt að framgangi hans.

□ Höfða skal mál eða afhenda umsókn um leyfi til lögskilnaðar innan eins árs frá því, að maka varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 3 ára frá því, að hann var framinn.

■ **41. gr.** Nú hefur íslenzkur dómstóll dæmt annað hjóna til refsivistar í 2 ár eða lengur eða til öryggisgæzlu, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar, nema það hafi lagt samþykki sitt á verknaðinn eða sjálfviljugt stuðlað að framgangi hans. Nú hefur erlendur dómstóll kveðið upp dóminn, og er þá heimilt að telja þann dóm hafa sömu réttaráhrif, ef tillitið til háttsemi þeirrar, sem maður er talinn sekur um, og atvika máls að öðru leyti mælir með því.

□ Mál skal höfða eða afhenda umsókn um lögskilnað innan eins árs frá því, að krefjanda varð kunnugt um dóminn, og eigi síðar en 3 árum frá uppsögn hans.



■ **42. gr.** Nú hefur annað hjóna verið haldið geðveiki 3 ár eða lengur, og getur hitt þá krafizt lögskilnaðar. Ef sérstakar ástæður mæla með því, má dæma til lögskilnaðar eða veita leyfi til hans, þótt sjúkdómurinn hafi ekki staðið í 3 ár.

■ **43. gr.** Leyfi til skilnaðar að borði og sæng samkvæmt 31. gr. veita bæjarfógetar og sýslumenn, í Reykjavík yfirborgardómari, og lögreglustjórarnir í Bolungarvík og á Keflavíkurflugvelli.

□ Leyfi til skilnaðar að borði og sæng samkvæmt 32. gr. veitir dómsmálaráðuneyti. Nú hefur ráðuneytið synjað um leyfi, og má þá krefjast skilnaðar að borði og sæng samkvæmt þessu ákvæði fyrir dómstólum.

□ Dómsmálaráðuneyti veitir leyfi til lögskilnaðar samkvæmt 34. gr. Lögskilnaðar samkvæmt öðrum ákvæðum má leita hvort heldur fyrir dómsmálaráðuneyti eða dómstólum. Synjun ráðuneytis er því ekki til fyrirstöðu, að lögskilnaðar sé leitað fyrir dómstóli.

■ **44. gr.** [Áður en mál er höfðað til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar eða beiðst er leyfis til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar skal leita um sættir með hjónum og kanna grundvöll að framhaldandi sambúð. Prestar leita um sættir með hjónum eða löggiltir forstöðumenn trúfélaga. Nú er annað eða bæði hjóna utan trúfélaga eða hvort heyrir til sínu trúfélagi og má þá yfirvald leita um sættir. Mál er ekki unnt að höfða eða leyfi hægt að veita nema sáttatilraun hafi átt sér stað á síðustu 6 mánuðum.][1)]

□ Nú sækir annað hjóna ekki sáttafund, þótt það hafi fengið kvaðningu tvívegis, og er þá nægilegt að reyna sættir með hinu. Nú er annað hjóna erlendis, og þarf þá ekki að reyna sættir með því.

□ Skylt er hjónum að sækja sjálf sáttafund, ef þau dvelja hér á landi og eiga hvorugt lengri leið en 100 kílómetra til fundarstaðar. Nú búa þau í meiri fjarska, og skal þá reyna sátt með hvoru í sínu lagi. Nú sækir annað hjóna ekki löglega boðaðan sáttafund, og varðar það sektum, nema lögmæt forföll hamli.

□ Dómsmálaráðuneyti setur nánari reglur um framkvæmd sátta, og má þar m. a. tiltaka, hversu lengi sáttatilraunir geti staðið. Ákveða má í reglunum, að könnun á málefnum hjóna og sáttatilraun í stofnun um fjölskylduráðgjöf komi í stað sátta samkvæmt 1. málsgrein.

[1)] *L. 132/1989, 1. gr.*

■ **45. gr.** Áður en leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng eða til lögskilnaðar, skal yfirvald reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skipan foreldraráða yfir börnum og um framfærslueyri og um aðra skilnaðarskilmála. Hjón skulu og staðfesta samkomulag um þessi efni fyrir yfirvaldi, svo og staðfesta umsókn um skilnað og lýsa horfi sínu til hennar. Umsókn um skilnaðarleyfi skal fylgja vottorð um, að sættir hafi verið reyndar, svo og endurrit úr hjónaskilnaðarbók, eftir því sem við á.

□ Dómsmálaráðuneyti setur nánari reglur um umleitun yfirvalds samkvæmt 1. málsgrein.

■ **46. gr.** Þeir skilnaðarskilmálar, sem hjón hafa komið sér saman um eða ákveðnir hafa verið með öðrum hætti í tilefni leyfis til skilnaðar að borði og sæng, skulu

einnig gilda eftir að lögskilnaður er fenginn, nema annars sé getið. Framfærslueyrir með maka eftir lögskilnað kemur þó ekki til greina, nema þessa sé sérstaklega getið.

■ **47. gr.** Þegar úrlausn er veitt um skilnað að borði og sæng og lögskilnað, ber að taka afstöðu til foreldraráða yfir sameiginlegum börnum hjóna, svo og um rétt foreldris til umgengni við börn.

□ Nú eru hjón á einu máli um forræði barna, og skal þá skipa máli í samræmi við það, nema í bága komi við þarfir barna.[1] Í síðastgreindu tilviki, svo og þegar foreldra skilur á, skal ráða málefnum þessum til lykta, að fenginni umsögn barnaverndarnefndar, eftir sanngirni og því, sem bezt hentar þörfum barnanna. Forræði barns skal vera óskipt hjá öðru hvoru foreldrinu.

□ Nú eru foreldrar ásáttir um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti þess foreldris við barn, sem ekki fær forræði þess, og skal dómsmálaráðuneyti þá staðfesta þá skipan, nema það komi í bága við þarfir barnsins. Ef foreldra greinir á um umgengnisréttinn, kveður dómsmálaráðuneyti svo á eftir ósk þess foreldris, sem ekki fær forræði barns, að það skuli eiga rétt til umgengni við barn, nema sérstök atvik mæli gegn því, og mælir nánar fyrir um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar, þegar ástæða þykir til þess, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns við framkvæmd á rétti til umgengni.

□ Nú torveldar það hjóna, sem hefur forræði barns, að hitt hjóna fái að umgangast barnið, og er þá hægt að knýja það, að viðlögðum [allt að 1000][2] kr. dagsektum, að láta af tálmunum. Öðrum réttarfarsúrræðum verður ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti.

[1] *Sjá VIII. kafla l. 9/1981.* [2] *L. 10/1983, 68. gr.*

■ **48. gr.** Samningi um forræði barna, svo og ákvörðun dóms um forræðið, má breyta með dómi, ef það telst réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til þarfa barna. Dómsmálaráðuneyti getur með sama skilorði breytt ákvörðunum sínum í þessu efni. Ágreiningsefni út af umgengnisrétti lúta ávallt úrlausn dómsmálaráðuneytis.

■ **49. gr.** Við úrlausn um skilnað að borði og sæng og um lögskilnað ber að taka ákvörðun um skyldu hjóna til að greiða framfærslueyri hvort með öðru. Eftir að lögskilnaður er veittur, verður öðru hjóna ekki gert að skyldu að greiða hinu framfærslueyri, nema sérstaklega standi á.

■ **50. gr.** Nú næst ekki samkomulag um greiðslu framfærslueyris samkv. 49. gr., og leysir þá dómsmálaráðuneyti eða dómstóll úr ágreiningnum. Framfærslueyri ákveður dómsmálaráðuneyti, ef það leysir úr máli, en yfirvald, ef dómstóll kveður á um skyldu til greiðslu framfærslueyris.

□ Við úrlausn samkvæmt 1. málsgrein skal við það miða, hvað ætla megi að krefjandi geti aflað sér sjálfur, svo og við það, hvað telja megi hitt hjóna aflögufært um. Þá skal einnig taka tillit til atvika að öðru leyti, þ. á m. hversu lengi hjúskapur hafi staðið og hvort krefjanda sé þörf á menntun eða endurhæfingu.

□ Skylda til greiðslu framfærslueyris fellur niður þegar sá, sem rétt á til framfærslueyris, giftist af nýju eða þegar annað hvort hjónanna andast.

■ **51. gr.** Nú hafa hjón komið sér saman um skyldu til greiðslu framfærslueyris eða um fjárhæð hans, og er þá unnt að breyta þessum samningi með dómi, enda sé sýnilega ósanngjarnt vegna breyttra aðstæðna að halda samningnum til streitu.

1972 Nr. 60 29. maí

■ **52. gr.** Ákvæði dóms eða úrlausn ráðuneytis um framfærsluskyldu annars hjóna með hinu er unnt að breyta, ef verulega breyttar aðstæður og atvik að öðru leyti mæla með slíkri breytingu.

□ Yfirvald getur breytt ákvörðun sinni um fjárhæð framfærslueyris, ef atvik mæla með því.

■ **53. gr.** Dómsmálaráðuneyti eða dómstóll geta ákveðið til bráðabirgða, hvernig fara skuli um forræði fyrir börnum hjóna, sem krafizt hafa skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Ákvæði 47. gr. eiga hér við að sínu leyti. Breyta má þessum ákvæðum vegna breyttra aðstæðna. Ákvörðun samkvæmt þessu ákvæði bindur ekki hendur úrskurðarvalds, þegar skipa skal forræði barna til frambúðar.

■ **54. gr.** Nú hafa hjón vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar komið sér saman um fjárskipti sín, framfærsluskyldu eða aðra skilnaðarskilmála, og er þá unnt með dómi að lýsa samning óskuldbindandi, ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, sem til hans var stofnað.

□ Dómsmál ber að höfða innan eins árs frá fullnaðardómi til skilnaðar eða frá útgáfu leyfisbréfs.

□ Nú er freistað að hnekkja samningi með stoð í almennum reglum um fjármunaréttarsamninga, og gilda þá greindir tímafrestir ekki.

**VI. kafli. Ákvæði er lúta að fjárskiptum vegna skilnaðar o. fl.**

■ **55. gr.** Um fjárskipti vegna skilnaðar fer samkvæmt VII. kap. laga nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, og samkvæmt skiptalögum, nr. 3/1878, einkum 6. kap., svo og ákvæðum þeim, sem í þessum kafla greinir.

■ **56. gr.** Um rétt maka til lífeyris eftir skilnað fer samkvæmt ákvæðum lífeyrissjóðslaga og annarra laga, sem um það gilda.

■ **57. gr.** Nú stafa eigur bús, er skipta á vegna skilnaðar að borði og sæng, lögskilnaðar eða úrskurðar um slit á fjárfélagi, að mestu leyti frá öðru hjóna, er flutt hefur þær í bú með þeim hætti, er segir í 27. gr., og er þá heimilt að kveða svo á samkvæmt kröfu þess hjóna, að búi skuli skipta samkvæmt meginreglum 27. gr. að nokkru eða öllu leyti, enda teljist helmingaskipti á þessum verðmætum bersýnilega ósanngjörn, einkum vegna þess að hjúskapur hafi staðið skamma stund og hafi ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu.

■ **58. gr.** Nú getur maki ekki innan marka þess hluta bús, sem fellur til hans, fengið nauðsynleg búsgögn og annað lausafé, sem er nauðsynlegt til að halda uppi heimili, og er þá heimilt samkvæmt kröfu hans að kveða svo á, að búshluti hans skuli aukast, enda séu ekki horfur á, að hann geti á annan hátt aflað sér þessara nauðsynja.

■ **59. gr.** Unnt er að leggja maka muni út eftir virðingu, þótt verðmæti þeirra fari fram úr búshluta hans. Sá, er útlagningu fær, verður að greiða hinu þá fjárhæð, sem fram yfir er rétta tiltölu. Skiptaréttur getur ákveðið, þegar sérstaklega stendur á, að fjárhæð þessi sé greidd með afborgunum um tiltekinn tíma gegn tryggingu, er skiptaréttur áskilur, og með þeim vaxtakjörum, er hann tiltekur.

■ **60. gr.** Nú höfðu hjón á leigu íbúðarhúsnæði, er hjúskap þeirra lauk, og fer þá eftir samkomulagi þeirra, hvort þeirra heldur áfram að búa í húsnæðinu. Nú greinir þau á, og skal þá dómsmálaráðuneyti eða dómstóll ákveða eftir öllum aðstæðum, hvort þeirra haldi áfram leigumála, og skal tillit sem mest tekið til þarfa hjóna og barna, sem hvort þeirra um sig hefur forræði fyrir.

**VII. kafli. Um réttarfar í hjúskaparmálum o. fl.**

■ **61. gr.** Hjúskaparmál eru hér nefnd þau mál, sem höfðuð eru til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar eða til sönnunar því, að hjónaband sé gilt eða ógilt.

■ **62. gr.** Sá einn getur höfðað hjúskaparmál, sem öðlast vill dóm til viðurkenningar á því, að hann sé eða sé ekki í hjónabandi, eða sá, sem krefst ógildingar hjónabands eða hjónaskilnaðar.

■ **63. gr.** Nú höfðar annar maður en annað hvort hjóna mál til ógildingar því hjónabandi, og verður þá að stefna báðum hjónunum. Málið má höfða þar, sem lögsækja má annað hjóna samkvæmt 67. gr.

■ **64. gr.** Dómsmálaráðuneyti getur vegna gæzlu almennra hagsmuna látið hjúskaparmál til sín taka, hvort heldur í héraði eða æðri dómi, svo og stefnt máli fyrir æðri dóm, þó að það hafi eigi komið við málið í héraðsdómi.

□ Nú er hjúskaparmál þannig vaxið, að komið virðist geta við almenna hagsmuni, og ber dómara þá að skýra dómsmálaráðuneyti frá málavöxtum.

■ **65. gr.** Hjón eiga forræði hjúskaparmáls, nema svipt séu lögræði vegna geðveiki eða vitskorts.

□ Nú er annað hjóna eða bæði svipt lögræði vegna geðveiki eða vitskorts, og kemur þá lögráðamaður í stað þess, er sviptur er lögræði, enda hafi hann samþykki yfirlögráðanda til sóknar máls.

■ **66. gr.** Hjúskaparmál má höfða hér á landi, ef stefndur á hér heima þá er mál er höfðað, eða eigi bæði hjónin þá íslenzkt ríkisfang, eða hafi síðasta sameiginlegt ríkisfang beggja verið íslenzkt, enda eigi þau nú ekki bæði ríkisfang í öðru og sama landi.

□ Hjúskaparmál má og höfða hér á landi, hafi síðasta heimilisfang beggja hjóna verið hér og hafi stefndur annaðhvort yfirgefið sækjanda án lögmætra ástæðna eða skipt um heimilisfang eftir að ógildingar- eða skilnaðarástæða varð til.

□ Gera má aðra skipun á hér nefndum reglum, ef svo semst um við annað ríki.

■ **67. gr.** Mál skal höfða í þeirri þinghá, sem stefndur er heimilisfastur.

□ Nú hefur stefndur farið af landi brott eða ókunnugt er um dvalarstað hans, og skal þá mál höfða í þeirri þinghá, sem hjónin áttu bæði síðast heima í, eða þar sem sækjandi á heima.

□ Nú á mál eigi undir tiltekið varnarþing lögum samkvæmt, og ákveður þá dómsmálaráðuneyti, hvar mál skuli höfða.

■ **68. gr.** Nú er ógildingarmál höfðað að tilhlutun dómsmálaráðuneytis, og fer þá um rekstur þess að hætti opinberra mála, hvort sem refsingar er krafizt eða ekki, sbr. lög nr. 82/1961, 2. gr.[1)]

□ Dómsmálaráðuneyti getur látið fresta málssókn til ógildingar tvíkvænishjúskap, sérstaklega ef ætla má, að fyrra hjúskap verði bráðlega slitið.

□ Hjúskaparmál, sem einstaklingur sækir, fer að hætti einkamála, ef eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

[1)] *Nú l. 74/1974, 2. gr., 9. tl.*

1972 Nr. 60 29. maí

■ **69. gr.** Héraðsdómari leitar um sættir með hjónum í hjúskaparmálum. Þó getur sáttaumleitun af hendi prests beggja eða annars komið í stað sáttaumleitunar fyrir dómi, ef um hjónaskilnaðarsök er að ræða og báðir aðiljar eru á eitt sáttir um að leita prests. Nú hefur prestur eigi reynt sátt, áður en málið kemur fyrir dóm, og skal þá fresta málinu, ef aðiljar krefjast, svo að sátt megi reyna fyrir presti.

□ Nú leitar dómari eigi sátta samkvæmt 1. málsgrein, og skal hann þá samt reyna að ná samkomulagi um skilnaðarskilmála, áður en mál er dómtekið.

■ **70. gr.** Nú þykir dómara ástæða til að skipa öðrum aðilja eða báðum málsvara, og skal þá greiða málsvaralaun af almannafé, að svo miklu leyti sem þau verða eigi lögð á sækjanda.

■ **71. gr.** Dómari getur kvatt sækjanda í dóm, án tilefnis af hendi stefnds, til að skýra málavexti og vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur sækjandi eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist án gildra ástæðna undan að bera um málavexti eða vinna eið, og skal þá frávísa málinu.

□ Dómari getur og kvatt stefndan í dóm til þess að bera um málavexti eða heitfesta hann vegna skýrslu hans. Nú kemur stefndur eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist án gildra ástæðna undan að bera eða vinna eið, og metur þá dómari samkvæmt 72. gr., hverju það varði.

□ Ákvæði 124. gr. 1. málsgr. laga nr. 85/1936 gilda hér, eftir því sem við á.

■ **72. gr.** Nú játar stefndur atriði sem máli skiptir, og kemur játningin þá aðeins til álita sem sönnunargagn.

□ Slíkt hið sama gildir um útivist stefnds, þögn og óákveðnar yfirlýsingar.

■ **73. gr.** Hvor tveggja aðili getur gert nýjar dómkröfur og flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli, unz mál er dómtekið, enda þarf eigi að leita sátta að nýju vegna nýrra dómkrafna.

□ Nú hefur hjúskaparmál verið dæmt að efni til, og er dómur bindandi úrslit sakarefnis með þeim hætti, er segir í 195. gr. laga nr. 85/1936, nema öðruvísi segi í lögum þessum.

■ **74. gr.** Aðildareiður er eigi heimill í hjúskaparmáli, nema svo standi á sem lýst er í 71. gr.

■ **75. gr.** Nú þarf í hjúskaparmáli að sanna geðveiki annars hjóna, og skal þá leita bréflegrar yfirlýsingar sérfróðs embættismanns eða annars löggilts læknis, sé eigi kostur sérfræðings, og eftir atvikum bera mál undir læknaráð.

■ **76. gr.** Hjúskaparmál skulu sótt og varin og vitni spurð fyrir lokuðum dyrum, nema báðir aðiljar séu á eitt sáttir um annað.

□ Eigi má heldur án leyfis beggja aðilja birta almenningi á nokkurn hátt annað af því, er gerzt hefur í slíkum málum, en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu sætir ...[1)] sekt til ríkissjóðs.

[1)] *L. 10/1983, 68. gr.*

■ **77. gr.** Nú hefur öðrum aðilja eða báðum verið skipaður málsvari, og skal þá einnig kveðja hann til að hlýða á dómsuppsögn, enda nægir að kveðja málsvara einan til, sé aðili staddur utanlands eða sé ókunnugt um dvalarstað hans eða sé aðili sviptur lögræði vegna geðveiki.

■ **78. gr.** Áfrýja skal héraðsdómi í hjúskaparmáli til æðri réttar innan 3 mánaða frá dómsuppsögn.

**1972** Nr. 60 29. maí

□ Uppreisn verður eigi veitt nema til gagnáfrýjunar dómi í aðalmáli, sem áfrýjað er innan lögmælts áfrýjunarfrests.

□ Hvorugur málsaðili má ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests, nema því aðeins að gagnaðili og dómsmálaráðuneyti hafi bréflega fallið frá áfrýjun.

■ **79. gr.** Hjúskaparmál verður eigi höfðað eftir dauða annars hjóna.

□ Nú deyr annað hjóna, áður en dómur gengur í hjúskaparmáli, og fellur þá málið niður.

■ **80. gr.** Nú er svo ákveðið í lögum þessum, að mál skuli höfða innan lögmælts tíma, og fer þá um það samkvæmt 103. gr. laga nr. 85/1936 og 115. gr. laga nr. 82/1961,[1)] hvenær mál telst höfðað.

□ Nú er máli vísað frá dómi eða það fellt niður án kröfu sækjanda, og getur sækjandi þá höfðað mál að nýju innan 6 vikna, þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sé þá liðinn.

[1)] *Sbr. nú l. 74/1974.*

■ **81. gr.** Nú er beiðzt hjónaskilnaðar eða mál höfðað til ógildingar hjúskapar eða skilnaðar, og getur þá dómsmálaráðuneyti, ef ástæður þykja til og annað hjóna krefst þess, boðið hinu hjóna að raska eigi eignum þeim, sem til skipta koma, unz kveðið er á um skilnað eða ógildingu.

□ Nú sinnir maki eigi boði ráðuneytis samkvæmt 1. málsgrein, og getur hitt hjóna þá þegar krafizt fjárslita að lögum, sbr. 39. gr. laga nr. 20/1923.

□ Enn getur dómsmálaráðuneyti, ef sérstaklega stendur á og annað hjóna krefst þess, leyft því að slíta um stund samvistir við hitt og jafnframt gert því að greiða framfærslueyri með krefjanda og þeim börnum, sem hjá honum eru og hinu ber að framfæra. Fer þá um ákvörðun framfærslueyris samkvæmt 47. og 50. gr. laganna.

**VIII. kafli. Gildistaka o. fl.**

■ **82. gr.** Lög þessi taka gildi 1. janúar 1973.

■ **83. gr.** Ákvæði 22. gr., 2. málsgr. gilda einnig um hjónabönd, sem til er stofnað fyrir gildistöku laga þessara.

■ **84. gr.** Nú er sett fram krafa um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað fyrir gildistöku laga þessara, og skal þá dæma um þá kröfu eða umsókn eftir eldri lögum. Ef bæði hjón óska þess, er þó unnt að beita reglum þessara laga.

□ Nú sætir hjúskapur ógildingu eftir gildistöku þessara laga, og fer þá um réttaráhrif þeirrar ógildingar eftir ákvæðum þessara laga.

■ **85. gr.** Nú er veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng í gildistíð eldri laga, og fer þá um lögskilnað á grundvelli þess leyfis eftir eldri lögum. Þó getur hvort hjóna um sig krafizt lögskilnaðar eftir 1. janúar [1974][1)] án tillits til þessa ákvæðis.

□ Í þeim tilvikum, er greinir í 1. málsgrein, er heimilt að beita ákvæðum þessara laga, ef bæði hjónin óska þess.

[1)] *L. 17/1973, 1. gr.*

■ **86. gr.** Ákvæðum 47. gr. ber að beita um samninga og ákvarðanir um foreldraráð, einnig þegar samningur var gerður eða ákvörðun tekin í gildistíð eldri laga.

■ **87. gr.** Ákvæðum 51. og 54. gr. verður aðeins beitt um samninga, sem gerðir eru eftir gildistöku laga þessara.

□ Breyting á úrlausnum um framfærslueyri, sem fram fara fyrir gildistöku laganna, hlítir ákvæðum þessara laga.

■ **88. gr.** Ákvæðum VI. kafla laga þessara verður beitt um fjárskipti, ef leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða til lögskilnaðar er gefið út eftir gildistöku laganna, svo og ef dómur, sem fellst á kröfu um skilnað eða ógildingu hjúskapar, er sagður upp eftir greint tímamark eða úrskurður gengur um slit fjárfélags eftir það.

**1972** Nr. 60 29. maí

## Lög um réttindi og skyldur hjóna.

**1923** Nr. 20 20. júní

**I. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **1. gr.** Hjón skulu hvort öðru trú vera og styðja hvort annað og sameiginlega gæta hagsmuna fjölskyldunnar.

■ **2. gr.** Skylt er hjónunum hvoru eftir getu sinni og svo sem samir hag þeirra, að hjálpast að því að framfæra fjölskylduna með fjárframlögum, vinnu á heimilinu og á annan hátt. Til framfærslu teljast útgjöld til heimilisþarfa og uppeldis barnanna, og enn útgjöld til sérþarfa hvors hjóna.

■ **3. gr.** Ef útgjöld til sérþarfa annars hjóna og til framfærslu þeirrar og fyrirsjár, sem því að öðru leyti eftir venjunni og hag þeirra ber að hafa fyrir fjölskyldunni, nema meiru en því er skylt af hendi að inna samkvæmt 2. gr., þá skal hitt hjónanna gjalda því peningafúlgu, sem með þarf, hæfilega upphæð í hvert skipti. Frá þessu skal þó víkja, ef öðruvísi þarf með að fara, af því að það hjóna, er í hlut á, hefur reynzt ófallið til að fara með peninga, eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

■ **4. gr.** Framlag til sérþarfa annars hjónanna samkvæmt 2. og 3. gr. verður eign þess.

■ **5. gr.** Nú vanrækir annað hjóna framfærsluskyldu sína að mun, og skal þá eftir kröfu hins gera því að greiða hinu peningafúlgu samkvæmt ákvæðum 3. gr., eða þar fram yfir, ef það eftir öllum atvikum þykir sanngjarnt.

■ **6. gr.** Nú fara útgjöld þau, er annað hjóna hefir haft á almanaksárinu til framfærslu fjölskyldunnar, bersýnilega fram úr því, sem því var skylt að leggja fram samkvæmt 2. gr., og skal þá, komi krafa fram um það, skylda hitt hjónanna til að greiða þá upphæð, sem ætla má að svari til þess, sem ofgreitt er, nema öðruvísi sé um samið eða telja verður að gert hafi verið ráð fyrir öðru. Krafan verður að koma fram áður ár sé liðið frá lokum almanaksársins.

□ Bótanna getur aðeins það hjónanna krafizt, sem greiðsluna hefir lagt fram, og því aðeins, að þær verði greiddar án tjóns fyrir skuldheimtumenn hins.

■ **7. gr.** Nú hafa hjón slitið samvistir sökum ósamkomulags, og gilda þá ákvæði 2. greinar á samsvarandi hátt. Framlag það, sem annað hjónanna samkvæmt þeim á að greiða til framfærslu hins og barna þeirra, sem hjá því eru, skal, ef þess er krafizt, tiltaka í peningum. Það hjóna, sem aðallega á sök á því, að sambúðinni er slitið, getur þó ekki krafizt fjárframlags sér til framfæris, nema sérstakar ástæður mæli með því.

■ **8. gr.** Þegar þannig er ástatt, sem segir í 7. gr., má, ef krafa kemur fram og að svo miklu leyti sem svara

þykir til lífskjara hjónanna og annarra ástæðna, skylda annað þeirra til að láta hitt fá til afnota lausafé það, sem við sambúðarslitin var sameiginleg búslóð beggja eða vinnutæki hins.

□ Nú eru munir, sem eru eign annars hjónanna, samkvæmt þessu fengnir hinu til afnota, og getur þá eigandinn ekki með samningi við aðra takmarkað afnotarétt þennan á nokkurn hátt.

□ Það hjóna, er í hlut á, getur látið afhenda sér hlutinn til umráða með fógetagerð.

■ **9. gr.** Valdsmaður ákveður fjárframlag samkvæmt 5. og 7. gr. Nú breytist hagur annars eða beggja að mun, og getur valdsmaður þá, ef annað hjóna krefst þess, hvenær sem er breytt úrskurði sínum. Valdsmaður gerir einnig fyrirskipanir þær, er getur í 6. og 8. gr.

□ Um innheimtu úrskurðaðra framlaga skal fara eftir þeim ákvæðum, sem um það eru sett í löggjöfinni. Framlög þau, sem úrskurðuð eru samkvæmt 6. gr., má taka lögtaki.

■ **10. gr.** Nú hafa hjón samið um framlög samkvæmt 5., 6., 7. og 8. gr., en sá samningur er annaðhvort bersýnilega ósanngjarn eða hagur hjónanna breyttur að mun, og er úrskurðarvaldið þá eigi bundið við þann samning.

■ **11. gr.** Hjónum er skylt að segja hvort öðru til um efnahag sinn, svo að ákvörðun verði tekin um framfærsluskyldu þeirra.

■ **12. gr.** Meðan sambúðin varir er hvoru hjónanna um sig heimilt á ábyrgð beggja að gera þá samninga við aðra, sem nauðsynlegir eru vegna heimilisþarfa eða barnanna og vanalegt er að gera í þeim tilgangi. Slíkt hið sama gildir um samninga konunnar vegna sérþarfa hennar. Samningar þeir, er hér um ræðir, teljast gerðir á ábyrgð beggja hjóna, nema atvik segi öðruvísi til.

□ Ef sá, er samdi við annað hjóna, vissi eða átti að sjá, að því var eigi brýn þörf á því, er um var samið, þá er hitt hjónanna eigi bundið við samninginn.

■ **13. gr.** Nú misbeitir annað hjóna rétti þeim, sem það hefir samkvæmt 12. gr., og getur valdsmaður þá eftir kröfu hins svipt það réttinum. Veita skal því hann þó aftur, verði hjónin ásátt um það eða kringumstæður breytast.

□ Úrskurður valdsmanns gildir ekki gagnvart þeim, sem ókunnugt er um hann, nema úrskurðurinn hafi verið skráður í kaupmálabókina samkvæmt reglum í IX. kafla laga þessara.

■ **14. gr.** Nú getur annað hjóna meðan sambúðin varir, vegna fjarveru eða veikinda, eigi gætt hagsmuna sinna, og er hinu þá heimilt, sé það ekki falið öðrum, að framkvæma fyrir þess hönd það, sem þolir eigi bið. Það getur þannig innheimt tekjur hins og jafnvel selt eða veðsett eignir þess, sé ekki hjá því hægt að komast til þess að framfleyta heimilinu. Fasteign má þó eigi selja eða veðsetja nema samþykki valdsmanns komi til.

■ **15. gr.** Nú er lausafé, sem er séreign annars hjóna, með samþykki þess notað við atvinnurekstur hins, og eru þá samningar nothafa við þriðja mann um muni þessa gildir gagnvart eiganda munanna, nema samningsaðili nothafa sæi eða ætti að sjá, að nothafa var óheimilt að gera samninginn.

## II. kafli. Um foreldravald.

■ **16. gr.** Um foreldravald hjóna, sem eru samvistum eða hafa slitið samvistir án þess að hafa fengið leyfi til þess, fer samkvæmt 20. og 21. gr. laga nr. 57 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.[1)]

□ En um foreldravald hjóna, skilinna að borði og sæng og lögskilinna, fer eftir 56., sbr. 58. og 76., sbr. 78. gr. laga nr. 39 27. júní 1921,[2)] um stofnun og slit hjúskapar.

[1)] *Nú l. 9/1981.* [2)] *Nú l. 60/1972, 47., 48. og 53. gr.*

## III. kafli. Um fjármál hjóna.

■ **17. gr.** Hvort hjóna um sig öðlast hjúskaparrétt yfir öllu því, sem hitt á við giftinguna eða eignast síðar, að svo miklu leyti sem það er ekki séreign. Fjármunir þeir, sem hjúskaparréttur annars nær til, er hjúskapareign hins.

□ Nú á annað hjóna réttindi, sem eigi má afhenda eða eru að öðru leyti persónulegs eðlis, og koma þá reglurnar um hjúskapareign að svo miklu leyti til framkvæmda, sem þær fara eigi í bága við sérreglur þær, sem um þau réttindi gilda.

■ **18. gr.** Hvort hjónanna ræður hjúskapareign sinni með þeim takmörkunum, sem til eru teknar í 19. – 22. gr.

□ Nú er hjúskapnum eða fjárfélagi hjónanna slitið, eða þau skilin að borði og sæng, og getur þá hvort þeirra eða erfingjar þess krafizt helmings af hreinni hjúskapareign beggja hjóna, þó með þeim undantekningum, sem lögin ákveða.

■ **19. gr.** Hvort[1)] hjónanna um sig er skylt að fara svo með hjúskapareign sína, að hinu verði eigi til tjóns vegna óhæfilegra athafna þess.

[1)] *Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera „Hvoru".*

■ **20. gr.** Hvorugu hjóna um sig er heimilt, án samþykkis hins, að afhenda eða veðsetja fasteign úr hjúskapareign sinni, búi fjölskyldan á eigninni eða sé eignin notuð við atvinnurekstur beggja hjóna eða hins. Slíka eign má heldur eigi leigja eða byggja, nema samþykki hins komi til, ef það leiðir til þess, að eignin verði eigi framvegis nothæf til bústaðar beggja eða til atvinnurekstrar hins. Sé það hjóna, er í hlut á, ólögráða, þarf samþykki lögráðamanns, eða sé hitt hjóna lögráðamaður þess, þá samþykki sérstaks lögráðamanns. Nú er eigi hægt að fá umsögn hins hjónanna án verulegra erfiðleika eða mikils dráttar, og getur þá lögráðamaður veitt samþykkið, sé hann til, en ella valdsmaður.

□ Nú hefir annað hjóna gert slíkan samning án áskilins samþykkis, og getur þá hitt fengið samningnum hrundið með dómi, hafi samningsaðilja fyrrnefnds hjóna verið eða átt að vera það ljóst, að því var samningurinn óheimill. Mál verður þó að höfða innan 6 mánaða frá því, að því hjóna, er brotið var á móti, varð kunnugt um samninginn, og í síðasta lagi áður ár er liðið frá þinglestri samningsins.

■ **21. gr.** Hvorugt hjóna má, án samþykkis hins, afhenda eða veðsetja lausafé úr hjúskapareign sinni, teljist féð til búsgagna á sameiginlegu heimili hjónanna, til nauðsynlegra vinnutækja hins eða sé notað til þarfa barnanna. Samþykki þess hjóna, er í hlut á, er gilt, þótt það sé ófjárráða eða svipt fjárræði, sé það eigi geðveikt eða hálfviti. Þegar þannig stendur á eða

sé það verulegum erfiðleikum bundið eða valdi það löngum drætti að ná samþykki hins hjónanna, þarf eigi að leita þess.

□ Nú hefir annað hjóna gert slíkan samning án áskilins samþykkis, og getur þá hitt fengið honum hrundið með dómi, nema samningsaðili, kaupandi eða veðhafi, væri grandalaus. Mál verður þó að höfða innan 6 mánaða frá því hitt hjónanna fékk vitneskju um samninginn og í síðasta lagi áður en ár er liðið frá því að hluturinn var afhentur eða samningurinn um lausafjárveðsetninguna þinglesinn.

■ **22. gr.** Nú neitar það hjóna, er í hlut á, eða lögráðamaður þess, þegar svo stendur á sem segir í 20. og 21. gr., að veita samþykki sitt, og getur valdsmaður þá, komi krafa fram um það, samþykkt samningsgerðina, hafi nægar ástæður eigi verið til neitunarinnar.

■ **23. gr.** Séreign er:

1. Allt það, sem gert er að séreign með kaupmála.

2. Gjafir, sem gefnar eru öðru hjónanna með því skilyrði, að þær skuli vera séreign, svo og arfur, enda þótt skylduarfur sé, hafi arfleifandi sett slíkt ákvæði í erfðaskrá.

3. Það, sem kemur í stað hluta þeirra, sem nefndir eru í 1 og 2, nema öðruvísi sé ákveðið svo gilt sé.

□ Tekjur af séreign eru hjúskapareign, nema öðruvísi sé löglega ákveðið.

■ **24. gr.** Hvort hjónanna um sig getur krafizt þess, að hitt taki þátt í samningu skrár um hjúskapareign og séreign beggja. Dómstólarnir skera úr því, eftir öllum atvikum, hvert sönnunargildi skráin hefir.

**IV. kafli. Um ábyrgð á skuldum.**

■ **25. gr.** Hvort hjónanna um sig ber, bæði með hjúskapar- og séreign sinni, ábyrgð á skuldbindingum þeim, sem á því hvíla, hvort sem þær eru stofnaðar á undan hjónabandinu eða meðan það stendur.

■ **26. gr.** Kröfur á hendur konunni, þeirrar tegundar, sem getur í 12. gr., fyrnast á tveimur árum, beri maðurinn jafnframt ábyrgð á þeim.

■ **27. gr.** Nú er fjárfélagi hjóna slitið, þau skilin að borði og sæng eða hjónabandinu algerlega slitið, og er þá ekki hægt að krefja konuna um meira til greiðslu þess konar skulda, sem getur í 26. gr., en séreign hennar og hjúskapareign námu, er skipti fóru fram, að frádregnum öðrum skuldum, er þá hvíldu á henni.

■ **28. gr.** Ákvæðin í 26. og 27. gr. koma eigi til greina, hafi konan tekið á sig víðtækari ábyrgð.

**V. kafli. Um kaupmála og aðra gerninga hjóna í milli.**

■ **29. gr.** [Með kaupmála, sem gerður er á undan hjúskap, eða meðan hjúskapur stendur, geta aðilar ákveðið, að munir, sem annað hjóna á eða eignast kann og annars yrðu hjúskapareign, skuli verða séreign þess. Í kaupmála má enn fremur ákveða, að um séreign, sem annað hjóna hlaut samkvæmt kaupmála, skuli fara sem hjúskapareign þess eftir lát þess hjóna, sem fyrr andast. Hjónum er einnig heimilt að ákveða að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við ákvarðanir arfleifanda eða gefanda, að séreign skuli vera hjúskapareign.][1)]

[1)] *L. 10/1962, 1. gr.*

■ **30. gr.** Gjafir milli hjónaefna sem viðtakandi á að fá við giftinguna, og gjafir hjóna í milli eru því aðeins gildar, að um þær sé gerður kaupmáli.

□ Þetta tekur þó eigi til venjulegra gjafa, séu þær eigi um hóf fram, miðað við efni gefanda, og heldur eigi til slíkra gjafa sem lífsábyrgðar, lífeyris eða þvílíkra framfærslutrygginga af hendi annars hjóna til handa hinu.

□ Með kaupmála er eigi hægt að ákveða svo gilt sé, né heldur á annan hátt, að það, sem annað hjónanna framvegis kann að eignast, skuli endurgjaldslaust verða eign hins.

■ **31. gr.** Nú hefir annað hjóna haft tekjuafgang á umliðnu almanaksári, og getur það þá þar til næsta ár er á enda afsalað hinu endurgjaldslaust helminginn af tekjuafganginum án þess að til þess þurfi kaupmála. Afsalið er þó því aðeins gilt gagnvart skuldheimtumönnum afsala, að hann hafi tiltekið í skjali, er af honum sé undirritað, upphæð tekjuafgangsins enda leiki enginn vafi á um það, að hann hafi haldið eftir nægilegum efnum til greiðslu allra skuldbindinga sinna.

■ **32. gr.** Nú hafa hjón, án kaupmála, komið sér saman um afhending eignar annars til hins, og er sá samningur þá því aðeins gildur gagnvart skuldheimtumönnum þess, er afhenti, að kaupmála þurfi eigi til slíkrar ráðstöfunar.

■ **33. gr.** Nú hefir annað hjóna gefið hinu gjöf, og getur þá sá, er þá átti kröfu á hendur gefanda, gengið að hinu hjónanna meðan gjöfin eða verð hennar hrekkur til, nema það sannist, að gefandi hafi haldið eftir áreiðanlega nógum efnum til greiðslu skuldbindinga sinna. Hafi að einhverju leyti komið endurgjald fyrir gjöfina, dregst það frá verði hennar. Hitt hjónanna er þó laust úr allri ábyrgð, sanni það, að munir þeir, sem um er að ræða, hafi farið forgörðum án þess því verði um kennt.

□ Ákvæði greinar þessarar taka ekki til gjafa þeirra, er getur í 2. málsgr. 30. gr.

■ **34. gr.** Það hjónanna, sem veitir hinu aðstoð við atvinnurekstur þess, getur, þótt eigi sé svo um samið, krafizt hæfilegrar borgunar fyrir vinnu sína, þegar það, eftir tegund vinnunnar og öðrum atvikum, virðist sanngjarnt að borgun sé greidd. Þó fyrnist sú krafa á einu ári.

■ **35. gr.** Nú hefir annað hjóna falið hinu stjórn eigna sinna eða nokkurs hluta þeirra, og er hinu – nema öðruvísi sé um samið eða annað ráðgert – þá heimilt, innan hæfilegra takmarka, að nota tekjurnar til framfærslu fjölskyldunnar, án þess að þurfa að gera sérstök reikningsskil fyrir. Slíkt umboð er afturkræft hvenær sem er.

■ **36. gr.** Um samkomulag hjóna um framfærsluskyldu og samninga, sem gerðir eru með skilnað að borði og sæng eða algerðan skilnað fyrir augum, gilda þau ákvæði, sem um það eru sérstaklega sett.

■ **37. gr.** Kaupmálar skulu vera skriflegir og undirritaðir af aðiljum. Nú er annarhvor aðili ólögráða, og þarf þá einnig undirskrift lögráðamanns.

■ **38. gr.** Til þess að kaupmáli sé gildur, verður að skrá hann í kaupmálabókina samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í IX. kafla.

**VI. kafli. Um slit á fjárfélagi.**

■ **39. gr.** Hvort hjóna um sig getur krafizt, að fjárfélagi sé slitið:

1. Þegar hitt hjónanna með vangæzlu á fjármálum sínum, misbeiting á ráðum yfir hjúskapareign sinni eða með annarri óhæfilegri framkomu rýrir hjúskapareign sína eða gefur tilefni til ótta um, að svo muni fara.

2. Þegar bú hins hjónanna er tekið til gjaldþrotaskipta.

■ **40. gr.** Nú eru hjón sammála um að krefjast slita á fjárfélagi, og á þá að gera skriflega kröfu um það til skiptaréttarins á þeim stað, sem bóndi er búsettur eða dvelur. Skiptarétturinn tekur slíka beiðni til greina með úrskurði svo fljótt sem unnt er.

■ **41. gr.** Nú krefst annað hjóna slita á fjárfélagi, og á þá að stíla þá kröfu til skiptaréttarins á þeim stað, þar sem hitt býr eða dvelur. Sé ókunnugt um bústað þess eða dvalarstað, stílast krafan til skiptaréttarins á þeim stað, þar sem það síðast átti heima eða dvaldi svo kunnugt sé.

□ Umsókninni skulu, að svo miklu leyti sem því verður við komið, fylgja skrifleg sönnunargögn fyrir ástæðum þeim, sem krafan um slitin á fjárfélaginu er byggð á. Nú þykir þörf ítarlegri sannana, og skal skiptarétturinn þá benda umsækjanda á það og getur skorað á hann að útvega frekari sannanir.

□ Verði því við komið, skal veita hinu hjónanna tækifæri til þess að koma fram með álit sitt um fjárslitakröfuna, og getur skiptarétturinn í því skyni kallað það fyrir sig. Nú neitar það hjóna að láta álit sitt í ljós eða sækir ekki boðaðan fund án gildra forfalla, og má þá líta svo á, að það treystist eigi til að mótmæla greinargerð beiðandans. Nú á það hjóna eigi heimili eða dvalarstað hér á landi svo að kunnugt sé um, og getur skiptarétturinn þá skipað valinkunnan mann, sem, ef kostur er á, skal vera ættingi eða vinur þess hjóna, til þess að gefa skýrslu fyrir þess hönd áður en úrskurður er upp kveðinn.

■ **42. gr.** Þegar svo stendur á, sem segir í 41. gr., úrskurðar skiptarétturinn eftir skýrslum þeim og sönnunargögnum, sem fyrir liggja, hvort krafan um slit á fjárfélagi skuli til greina tekin eða eigi.

□ Ákvörðun skiptaréttarins má áfrýja til æðri réttar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru um áfrýjun skiptaréttarúrskurða.

□ Nú úrskurðar skiptaréttur, að slit á fjárfélagi skuli fram fara, og verður framkvæmd þess úrskurðar þá ekki tafin með áfrýjun hans. Þó getur hvorugt hjónanna krafizt greiðslu á hluta sínum úr hjúskapareign hins fyrr en málið er endanlega til lykta leitt.

■ **43. gr.** Nú er krafa um slit á fjárfélagi tekin til greina, og skiptist þá hjúskapareign beggja hjóna milli þeirra samkvæmt 6. kap. skiptalaganna frá 12. apríl 1878 og VII. kafla laga þessara. Meðan á skiptum stendur, heldur hvort hjónanna yfirráðum yfir hjúskapareign sinni, nema 2. liður 63. gr. skiptalaganna komi til framkvæmda, en er skylt að gera skiptaréttinum reikningsskil fyrir stjórn sinni frá þeim tíma, er krafan um slit á fjárfélagi kom fram.

□ Þegar eftir að krafa um slit á fjárfélagi hefir verið afhent skiptaréttinum, er heimilt að beita 2. lið 63. gr., sbr. 57. gr. skiptalaganna.

■ **44. gr.** Það, sem öðru hjóna hlotnast við skiptin eða það eignast eftir að krafa um slit á fjárfélagi er fram komin, verður séreign þess.

■ **45. gr.** Skiptaréttinum ber að sjá um, að hin framkomna krafa um slit á fjárfélagi sé tilkynnt til skrásetningar í kaupmálabókina.

■ **46. gr.** Fyrir meðferð á kröfu um slit á fjárfélagi og skrásetning hennar í kaupmálabókina skal gjalda alls 10 kr. í ríkissjóð um leið og krafan er afhent.

**VII. kafli. Um skipti.**



■ **47. gr.** Nú eiga skipti fram að fara vegna dauða annars hjóna, og fer þá um uppgerð og skipti hjúskapar- og séreignar hins látna eftir þeim reglum, sem settar eru um meðferð venjulegra dánarbúa. Hjúskapareign þess hjónanna, sem eftir lifir, skiptist aftur á móti eftir þeim reglum, sem settar eru í 5. kap. skiptalaganna, og eigi það séreign, á að draga hana undir skiptin, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til þess að fullnægja reglum þeim, sem settar eru í þessum kafla.

□ Þegar skiptarétturinn skiptir með hjónum, sem bæði eru á lífi, ber að halda hjúskapareign hvors hjónanna aðgreindri og fara eftir reglum í 6. kap. skiptalaganna, þannig, að hvort hjónanna um sig hefir þá aðstöðu, sem bónda er veitt með 63. – 68. gr. skiptalaganna. Eigi hjónin einnig séreign, ber sömuleiðis að draga hana undir skiptin, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til þess að fullnægja reglum þeim, sem settar eru í þessum kafla.

■ **48. gr.** Við skiptin skal hvoru hjónanna úthlutað svo miklu af hjúskapareign sinni, að það nægi til greiðslu skuldbindinga þeirra, sem á því hvíldu þegar krafan um slit á fjárfélagi kom fram, þegar hjónin skildu að borði og sæng eða þegar hjónabandinu var slitið, þar á meðal til greiðslu hluta þess af sameiginlegum skuldbindingum hjónanna, hafi sérstakir fjármunir eigi verið teknir frá til greiðslu þeirra samkvæmt 57. gr.

□ Skuldir, sem annað hjóna hefir bakað sér með vanhirðu á fjármálum sínum eða með annarri óhæfilegri aðferð, eða skuldir, sem það hefir stofnað til þess að eignast eða bæta séreign eða réttindi þau, sem getur í 2. málsgr. 17. gr. og haldið er utan skiptanna, er því aðeins hægt að krefjast greiðslu á af hjúskapareign þess hjóna, að önnur efni þess hrökkvi ekki til greiðslu þeirra.

□ Erfingjar þess hjóna, sem látið er, hafa einnig réttindi þau, er ræðir um í 1. málsgr. greinar þessarar.

■ **49. gr.** Afgangur sá af hjúskapareign hvors hjónanna, sem fram kemur við uppgerð þá, er fram fer samkv. 48. gr., skiptist jafnt á milli hjónanna, að svo miklu leyti, sem annað leiðir eigi af ákvæðum 54. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar[1] eða af reglum þeim, sem settar eru hér á eftir.

[1] *Nú l. 60/1972, VI. kafli.*

■ **50. gr.** Hvoru hjónanna um sig er heimilt, og sé annað dáið, þá því, sem eftir lifir, að taka af óskiptu muni, sem aðeins eru ætlaðir því til notkunar, enda sé verð þeirra eigi óhæfilega hátt, borið saman við efnahag hjónanna.

■ **51. gr.** Nú hefir öðru hjóna verið lagt fé af hjúskapareign þess til greiðslu skulda þeirra, er getur í 2. málsgr. 48. gr., og getur þá hitt hjónanna eða erfingjar þess krafizt endurgjalds fyrir það af hjúskapareign beggja hjónanna, eins og hún verður þegar allar skuldir eru frá dregnar.

■ **52. gr.** Nú hefir annað hjóna að verulegum mun rýrt hjúskapareign sína með vanhirðu á fjármálum sínum, misbeiting á ráðum sínum yfir hjúskapareigninni eða annarri óhæfilegri aðferð, og getur þá hitt hjónanna eða erfingjar þess krafizt endurgjalds af hjúskapareign beggja, þegar skipti fara fram, eins og hún verður að frádregnum skuldum.

□ Hrökkvi hún eigi, má heimta helminginn af því, sem eftir verður, greiddan af þeim efnum þess brotlega, sem

eru í séreign þess og ekki þarf til greiðslu annarra skulda þess.

■ **53. gr.** Sama rétt til endurgjalds og þann, er felst í 52. gr., hefir og hvort hjóna um sig, svo og erfingjar þess, ef hitt hjónanna hefir varið fé af hjúskapareign sinni til þess að öðlast eða bæta séreign eða réttindi þau, sem getur í 2. málsgr. 17. gr. og eigi koma undir skiptin.

■ **54. gr.** Nú hefir annað hjóna notað fjármuni af séreign sinni í þarfir hjúskapareignar sinnar, og getur það eða erfingjar þess, þegar skipti fara fram, þá krafizt endurgjalds fyrir það af hjúskapareigninni, eins og hún verður að frádregnum skuldum.

■ **55. gr.** Nú hefir við skiptin eigi fengizt full greiðsla á endurgjaldskröfum samkvæmt 51. – 54. gr., og er þá eigi síðar hægt að krefjast þess, sem eftir stendur.

■ **56. gr.** Nú eru fallnar í gjalddaga bætur, sem dæmdar hafa verið öðru hjóna samkvæmt 74. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar,[1] og má þá krefja greiðslu, þegar skipti fara fram, af því, sem hinu seka hlotnast við skiptin og eigi gengur til greiðslu annarra skulda, sem á því hvíla.

[1] *Hliðstætt ákvæði er ekki í l. 60/1972.*

■ **57. gr.** Nú koma fram skuldir, sem bæði hjónin bera ábyrgð á, og getur þá hvort þeirra sem er krafizt, að hitt greiði þann hluta skuldanna, sem að lokum á að lenda á því, eða að það setji tryggingu fyrir borguninni eða að fjármunir séu teknir frá til greiðslu þeirra.

■ **58. gr.** [Hvoru hjónanna um sig er heimilt, og sé annað dáið, þá því, sem eftir lifir, að taka af óskiptu muni, sem aðeins eru ætlaðir því til notkunar, enda sé verð þeirra eigi óhæfilega hátt, borið saman við efnahag hjónanna.

□ Nú er annað hjóna dáið og fjármunir búsins lítils virði, og getur þá það þeirra, sem eftir lifir, tekið af hjúskapareign beggja nauðsynleg búsgögn, verkfæri og aðra lausa muni, að svo miklu leyti sem það verður talið nauðsynlegt til þess að það geti haldið áfram atvinnu sinni. Þetta gildir, þó að verð greindra muna fari fram úr lögmæltum hluta þess í hjúskapareignunum.

□ Munir þeir, sem maki tekur samkvæmt 1. og 2. málsgr., eru ekki taldir með við ákvörðun bús- og erfðahluta.][1]

[1] *L. 10/1962, 2. gr.*

■ **59. gr.** Auk heimildar þeirrar, sem hjónum er veitt í 2. málsgr. 59. gr. og 64. gr. skiptalaganna til þess að krefjast ákveðinna muna við skiptin, getur hvort hjónanna sem er, eða þegar annað er dáið, þá það, sem eftir lifir, krafizt að fá hlut sinn í hjúskapareignunum greiddan eftir virðingu í lausafé því, sem því er nauðsynlegt til þess að geta haldið áfram atvinnu sinni.

■ **60. gr.** Nú hefir annað hjóna við skiptin gefið eftir nokkuð af sínum hluta í hjúskapareign sinni eða hins, og geta skuldheimtumenn þess – sé það eigi alveg vafalaust, að það hafi haft nægilega fjármuni, þegar úthlutunin fór fram, til þess að fullnægja þáverandi skuldheimtumönnum sínum – þá gengið að hinu hjónanna að sama skapi sem það hefir fengið fé fram yfir búshluta sinn.

**VIII. kafli. Um óskipt bú.** ...[1]

[1] *L. 8/1962, 62. gr. 6. tl. Sjá nú II. kafla s. l.*

**IX. kafli. Um skrásetning kaupmála.**

■ **78. gr.** Valdsmaður heldur:

1. Dagbók yfir tilkynningar á kaupmálum til skrásetningar, og skal jafnskjótt og kaupmáli er afhentur til skrásetningar skrá kaupmálann í þá bók í réttri töluröð. Valdsmaður undirskrifar í hvert skipti það, sem bókað er.

2. Kaupmálabók með nafnaskrá, og skal skrá í hana alla kaupmála, sem afhentir eru til skráningar, orði til orðs og eftir aldri.

□ Nánari reglur um fyrirkomulag og hald bóka þessara setur dómsmálaráðherra.[1]

[1] *Reglur 2/1924.*

■ **79. gr.** Þegar kaupmálinn hefir verið skráður í kaupmálabókina, er rituð á hann athugasemd um innritunina og tilkynningardag.

■ **80. gr.** Gildi skrásetningar telst frá tilkynningardegi þeim, er dagbókin greinir.

■ **81. gr.** Gjöld þau, er nú skal greiða við þinglestur á kaupmálum, skal framvegis greiða um leið og krafa er gerð um innritun skjalsins.

■ **82. gr.** Skrásetning kaupmálans, sem hvort hjónanna um sig getur krafizt, á fram að fara við varnarþing bóndans. Nú á hann ekkert varnarþing hér á landi, og kemur þá bæjarþing Reykjavíkur í þess stað. Ekki þarf að skrá kaupmála af nýju, þótt hjónin flytjist í annað lögsagnarumdæmi.

■ **83. gr.** Dómsmálaráðuneytið sér um, að haldin sé í einu lagi skrá yfir alla innritaða kaupmála. Valdsmanni ber því, þegar kaupmáli er innritaður, að senda viðkomandi skrifstofu tilkynningu um, að kaupmáli sé gerður, og tilgreini stöðu, nafn og heimili aðilja og innritunardag kaupmálans.

□ Hver sem er getur, komi hann fram með skriflega beiðni um það, er tilgreini nöfn aðilja og ef unnt er stöðu þeirra, gegn ...[1] gjaldi fengið upplýsingar úr skrá þessari, um hvort kaupmáli sé gerður, og ef svo er, hvar og hvenær hann sé innritaður.

□ Nánari ákvæði um fyrirkomulag og innihald skrár þessarar setur dómsmálaráðherra. Í lok hvers mánaðar skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu það, sem í þeim mánuði hefir verið tekið í skrána. Til að standa straum af þeim útgjöldum, greiðist ...[1] við skráning kaupmálans.

[1] *L. 79/1975, 25. gr.*

■ **84. gr.** Samsvarandi ákvæði þeim, sem sett eru í 78. – 83. gr., gilda um tilkynningar skráðar skv. 13. og 46. gr.

**X. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **85. gr.** Nú er annað hjóna svipt fjárræði, og hefir þá hitt hjónanna, ef það er fjárráða, ásamt lögráðamanni forræði fyrir hjúskapareign hins fjárræðissvipta.

■ **86. gr.** Nú getur annað hjóna sakir fjarveru eða veikinda, eigi gætt hagsmuna sinna, og má þá skipa því lögráðamann, til þess til bráðabirgða að annast hagsmuni þess, og koma þá ákvæðin í 14. gr. eigi til greina.

■ **87. gr.** ...[1]

[1] *L. 42/1949, 35. gr. Nú l. 8/1962.*

**XI. kafli. Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **90. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1924. [Frá 1. september 1961 gilda þau einnig um hjón, sem gengið hafa að eigast fyrir 1. janúar 1924.][1]

[1] *L. 25/1961, 1. gr.*

■ **91. gr.** Nú gera lög ráð fyrir helmingafélagi hjóna, og skulu þau þá koma til framkvæmda á samsvarandi hátt, sé hjúskapareign með hjónunum.

## Barnalög.

### I. kafli. Gildissvið laganna.

■ **1. gr.** Lög þessi taka til allra barna, en um kjörbörn eru einnig sérlög. Einstök ákvæði laganna ná til stjúpbarna og fósturbarna samkvæmt því sem í þeim segir.

□ Réttarstaða barna er í hvívetna hin sama nema lög mæli annan veg.

□ Í lögum þessum er mælt fyrir um framfærslu barna að einkarétti, en ekki gagnvart hinu opinbera, nema sérstaklega sé getið.

### II. kafli. Faðerni skilgetins barns.

■ **2. gr.** Það barn er skilgetið, sem alið er í hjúskap móður barnsins eða svo skömmu eftir hjúskaparslit, að það sé hugsanlega getið í hjúskapnum, enda sé ekki vefengt á þann hátt, sem síðar segir, að barn sé skilgetið.

□ Nú giftast foreldrar óskilgetins barns eftir fæðingu þess, og telst barnið þá skilgetið.

□ Eigi raskar það réttarstöðu barns, þótt hjúskapur foreldra þess sæti ógildingu með dómi.

■ **3. gr.** Barn, sem 2. gr. tekur til, telst barn eiginmanns móður barnsins, uns faðerni er hnekkt samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

■ **4. gr.** Mál til vefengingar á faðerni barns geta höfðað eiginmaður móður barns, móðir þess, barnið sjálft og lögráðamaður barns, sem sérstaklega er skipaður, ef því er að skipta. Enn fremur að eiginmanni látnum sá erfingi hans, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum.

□ Eiginmaður móður barnsins skal höfða mál innan eins árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik, sem orðið getur efni til þess að vefengja faðerni barns, og þó eigi síðar en innan fimm ára frá fæðingu barnsins. Nú er eiginmaður látinn, en málshöfðunarfrestur þó ekki liðinn, og getur þá sá, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hinn látna, höfðað vefengingarmálið innan 6 mánaða frá því, að hann fékk vitneskju um fæðingu barnsins og dauða eiginmannsins.

□ Dómsmálaráðherra getur heimilað, að mál verði höfðað eftir lok fresta þeirra, sem greinir í 2. málsgr., ef alveg sérstaklega stendur á.

■ **5. gr.** Dómari metur á grundvelli sönnunargagna máls, hvort vefengingarkrafa samkvæmt 4. gr. verði tekin til greina.

■ **6. gr.** Vefengingarmál skulu rekin og dæmd þar á dómþingi, sem segir í 46. gr. Þeir dómarar fjalla um mál, sem dæma almenn einkamál.

□ Játning aðilja kemur aðeins til greina sem sönnunargagn, og er aðildareiður óheimill.

□ Nú er eiginmaður móður barns látinn, áður en mál er höfðað, og má þá beina máli gegn búi hans.

□ Um meðferð og rekstur mála þessara fer að öðru leyti samkvæmt því sem segir í 56. gr.

### III. kafli. Faðerni óskilgetinna barna.

■ **7. gr.** Það barn er óskilgetið, sem ekki hefir réttarstöðu skilgetins barns samkvæmt 2. gr., svo og barn, sem faðerni þess hefir sætt vefengingu með dómi eftir reglum II. kafla.

■ **8. gr.** Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni barns fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins. Ef barnsfaðir er yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er uppi látin, skal hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns.

□ Nú bjuggu móðir barns og maður, sem hún lýsti föður þess, saman samkvæmt því, er greinir á þjóðskrá, eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum, við fæðingu barnsins, og jafngildir það þá faðernisviðurkenningu.

□ Nú hafa maður, sem kona hefir lýst föður að barni sínu, og móðir barns tekið síðar upp sambúð samkvæmt því, er greinir í 2. málsgr., og jafngildir það faðernisviðurkenningu, enda sé barnið feðrað.[1)]

[1)] *Svo í Stjtíð., en á að vera „ófeðrað".*

■ **9. gr.** Nú er þann veg háttað sálrænum högum lýsts barnsföður, að varhugavert er að taka mark á yfirlýsingu hans, og skal dómur þá ganga á mál.

□ Hið sama er, ef upp kemur, að fleiri menn en hinn lýsti faðir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barnsins, enda verði eigi talið fyrirfram, að faðerni annarra en þess, er gangast vill við faðerni, sé útilokað.

■ **10. gr.** Nú er faðernisviðurkenning fengin með nauðung, svikum, misneytingu eða hún á rót að rekja til mistaka eða hún er málamyndagerningur, og er þá hægt að kröfu þess, sem gengist hefir við barni, eða lögráðamanns hans að dæma hana ógilda. Sama er, ef gögn koma fram, er sýna, að maður þessi geti ekki verið faðir barnsins.

□ Nú er mál höfðað samkv. 1. málsgr., og á þá 51. gr. við.

■ **11. gr.** Dómsmálaráðherra getur mælt svo fyrir, að faðernisviðurkenning, sem fengin er erlendis, sé jafngild faðernisviðurkenningu, sem fengist hefir hér á landi.

■ **12. gr.** Sá maður telst faðir óskilgetins barns, sem sannað er, að hafi haft samfarir við móður þess á getnaðartíma barns, nema gögnum sé til að dreifa, sem geri það lítt sennilegt, að hann sé faðir barnsins.

□ Nú sannast að móðir barns hefir haft samfarir við fleiri menn en einn á getnaðartíma barnsins, og verður þá varnaraðili í barnsfaðernismáli því aðeins dæmdur faðir barns, að verulega meiri líkur séu á, að hann sé faðir barnsins, en annar eða aðrir, sem til greina hafa komið.

□ Aðildareiður er óheimill.

□ Í dómsmáli út af faðerni barns verður varnaraðili ekki dæmdur meðlagsskyldur, nema hann sé dæmdur faðir barns.

□ Dómsmálaráðherra kveður í reglugerð á um framkvæmd blóðrannsókna og mannerfðafræðilegra rannsókna í barnsfaðernismálum, sbr. 51. gr.

■ **13. gr.** Um meðferð og rekstur máls til ákvörðunar á faðerni barna fer að ákvæðum IX. kafla laga þessara.

### IV. kafli. Framfærsla barna.

■ **14. gr.** Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra börn sín. Framfærslu barna skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barna. Ákvæði þetta á einnig við um kjörbörn og kjörforeldra.

□ Skylt er stjúpforeldri að framfæra stjúpbarn sitt, svo sem eigið barn þess væri. Sama á við um sambúðarforeldri.

□ Nú er barn í fóstri, sbr. 35. gr. laga nr. 53/1966, án meðlagsgreiðslna, og er þá fósturforeldri skylt að framfæra fósturbarn sitt með sama hætti og væri það eigið barn þess.

■ **15. gr.** Nú fullnægir foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni, og getur valdsmaður þá úrskurðað það til greiðslu framfærslueyris með því.

1981 Nr. 9 15. apríl

☐ Framfærslueyri skal ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þ. á m. aflahæfi þeirra.

☐ Nú hefir faðir barns sætt dómi fyrir brot samkvæmt XXII. kafla almennra hegningarlaga gagnvart móður þess, og telja verður, að barn sé getið við þessa háttsemi, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barns að öllu leyti.

■ **16. gr.** Í meðlagsúrskurði skal auk fulls nafns meðlagsskylds foreldris tilgreina nafnnúmer þess og fæðingarstað, svo og heimilisfang þess, stöðu og atvinnustað á þeim tíma, sem meðlagsúrskurður er gefinn út.

☐ Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri nemur, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í lögum um almannatryggingar, né heldur takmarka meðlagsskyldu meðlagsskylds foreldris við lægri lágmarksaldur en þann, er greinir í 17. gr. laga þessara. Frá gildistöku laga þessara skal greiða meðlag með barni, skilgetnu og óskilgetnu, þar til það nær framangreindum aldri, þótt annað aldurstakmark hafi verið ákveðið í meðlagsúrskurði.

☐ Aðiljar þeir, er greinir í 23. gr., 2. mgr., geta skotið úrskurði valdsmanns um meðlag til dómsmálaráðuneytis innan 3 mánaða frá því, að úrskurður gekk. Úrskurður ráðuneytisins er fullnaðarúrskurður um fjárhæð meðlags.

■ **17. gr.** Framfærsluskyldu lýkur, er barn verður 18 ára. Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma, ef barn giftist, nema valdsmaður ákveði annað. Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar barns er heimilt að ákveða allt til þess, er barn nær 20 ára aldri.

☐ Ákvæði 20. gr., 1. málsgr., eiga við um ákvarðanir valdsmanns samkv. 1. málsgr.

■ **18. gr.** Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrirfram, nema annað sé löglega ákveðið.

■ **19. gr.** Heimilt er að úrskurða framfærsluskyldan (meðlagsskyldan) aðilja til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

☐ Framlög samkvæmt 1. málsgr. verða því aðeins úrskurðuð, að krafa um það sé uppi höfð við valdsmann innan þriggja mánaða frá því, að svara varð til útgjalda, nema eðlileg ástæða hafi verið til að bíða með slíka kröfu.

■ **20. gr.** Valdsmaður getur breytt meðlagsúrskurði, ef rökstudd beiðni kemur fram um það, enda sé sýnt fram á, að hagir foreldra eða barns hafi breyst, sbr. og 24. gr.

☐ Ákvörðun um framfærslueyri, sem eindagaður er, áður en beiðni er uppi höfð, verður þó ekki breytt, nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess, og almennt ekki lengra aftur í tímann en í eitt ár, frá því að beiðni var sett fram.

■ **21. gr.** Samningar um framfærslueyri með börnum eru því aðeins gildir, að valdsmaður staðfesti þá. Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, og eigi má takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barna en þann, sem greinir í 17. gr.

■ **22. gr.** Staðfestur samningur um framfærslueyri, sbr. 21. gr., er því ekki til fyrirstöðu, að valdsmaður skipi máli annan veg en samningur kveður á um, enda telji hann að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhögg við þarfir barns.

■ **23. gr.** Framfærslueyrir samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyrir barni. Nú er greidd af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu, og skal þá varðveita fúlguféð með þeim hætti, sem fyrir er mælt almennt um fé ófjárráða, sbr. 38. gr. laga nr. 95/1947,[1] eða í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.

☐ Sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, getur krafist þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða hafi haft hana, er forsjárskyldu lauk, eða hafi barnið í fóstri samkvæmt lögmætri skipan. Nú hefir verið innt af hendi framfærsluframlag af hendi almannavalds, og hefir þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann, sem í 1. málslið greinir.

[1] *Nú l. 68/1984.*

■ **24. gr.** Ákvörðun á framfærslueyri með börnum við skilnað foreldra hlítir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt, þ. á m. um breytingu á ákvörðunum um framfærslueyri.

**V. kafli. Barnsfararkostnaður o. fl. greiðslur, er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu.**

■ **25. gr.** Valdsmaður getur úrskurðað föður barns til að greiða framfærslueyri með konu samtals í þrjá mánuði fyrir og eftir fæðingu barns.

☐ Nú sýkist kona vegna meðgöngu eða barnsfara, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlega styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en 9 mánuði eftir fæðingu.

☐ Skylda má menn til greiðslu framlaga samkvæmt þessari grein, þótt barn fæðist andvana.

■ **26. gr.** Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður sem um getur í 3. málsgr. 15. gr., skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngu og barnsförum stafar.

☐ Valdsmaður getur enn fremur úrskurðað þann sem valdur er að þunga konu til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar.

■ **27. gr.** Framlög þau, sem greind eru í 25. gr. og 26. gr., 1. málsgr., eru gjaldkræf þegar við ákvörðun á þeim, ef barn er þá fætt, og endranær á því tímamarki, er valdsmaður ákveður. Framlög samkv. 26. gr., 2. málsgr., eru gjaldkræf við úrskurðun þeirra.

☐ Framlög samkv. 1. málsgr. verða ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að beiðni var sett fram, nema alveg sérstakar ástæður leiði til annars.

☐ Framlög samkv. 25. og 26. gr. tilheyra móður barns eða þeirri opinberu stofnun, er staðið hefir straum af útgjöldum þeim, sem hér getur verið um að ræða.

**VI. kafli. Greiðsla framfærslueyris og innheimtuúrræði.**

■ **28. gr.** Framfærslueyrir (meðlag) með börnum, sem valdsmaður hefir úrskurðað, er lögtakskræfur, sbr. 1. og 7. gr. laga nr. 29/1885. Hinu sama gegnir um greiðslur, sem valdsmaður úrskurðar samkv. 19., 25. og 26. gr., sbr. 27. gr.

☐ Greiðslur samkv. 1. málsgrein, sem samningur aðilja tekur til, staðfestur af valdsmanni, eru einnig lögtakskræfar.

■ **29. gr.** Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og

öðrum þeim aðiljum, sem greinir í 31. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni, skilgetnu eða óskilgetnu, samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns, er greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði hverju sinni, sbr. 14. gr. og 73. gr. laga nr. 67/1971, 3. gr. laga nr. 96/1971, 1. og 2. gr. laga nr. 85/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 62/1974.

□ Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður löglega birtur. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um, að barn verði ekki feðrað, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1980. Á sama hátt getur barnsmóðir fengið meðlag með barni þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, sbr. 45. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

□ [Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, t. d. vegna fjárhagsörðugleika, getur valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins, enda leggi það fram hið erlenda skilnaðarleyfi eða skilnaðardóm fyrir valdsmanninn. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær eftir því sem fært reynist.][1)]

□ Um kröfu þessa svo og endurgreiðslu hennar gilda að öðru leyti ákvæði 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980, þ. á m. um endurgreiðslu ríkissjóðs á meðlögum, er Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

[1)] *L. 44/1985, 1. gr.*

■ **30. gr.** Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna framfærslueyris, sbr. 25. gr., 1. málsgr., fer svo sem segir í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

□ Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur, sem greinir í 19. gr., og barnsmóðir um greiðslur samkvæmt 25. gr., 2. málsgr. og 26. gr., 1. málsgr., þessara laga, enda fer um endurkröfurétt Tryggingastofnunarinnar eftir því sem fyrir er mælt í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

□ Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, má ákveða hámark þeirra greiðslna, sem Tryggingastofnunin innir af hendi samkv. 1. og 2. málsgr.

■ **31. gr.** Þeir, sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmætum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri samkvæmt 28. – 30. gr.

■ **32. gr.** Um skyldu foreldris til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlög og um innheimtuúrræði þeirrar stofnunar segir í 5. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971.

**VII. kafli. Lögsaga íslenskra dómstóla um faðerni barna o. fl.**

■ **33. gr.** Mál um faðerni barna er heimilt að höfða hér á landi, ef varnaraðili á hér lögheimili eða dvelst hér á landi eða dánarbú hans sætir eða hefir sætt skiptameðferð hér á landi.

□ Slík mál má enn fremur höfða hér á landi, ef móðir barns eða barnið á lögheimili hér á landi.

□ Víkja má frá reglum 1. og 2. málsgr. með samningum við erlent ríki.

□ Um varnarþing í faðernismálum fer eftir því sem segir í IX. kafla um slík mál.

■ **34. gr.** Nú er barnsfaðernismál höfðað gegn manni, sem staddur er erlendis og tekur eigi til varna í máli, og metur dómari þá eftir að gagna hefir verið aflað með þeim hætti, sem fyrir er mælt um mál þessi, hvort unnt sé að leyfa barnsmóður að styrkja framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Að svo búnu tekur hann mál til efnisúrlausnar. Nú er varnaraðili dæmdur faðir barns, og er þá unnt að kveða upp úrskurð um meðlag og barnsfararkostnað á grundvelli dómsins, en úrskurð skal kveða upp á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins greiðslur þær, er hún innir af hendi samkvæmt þessu. Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns.

□ Nú færir barnsmóðir fullnægjandi sönnur að mati valdsmanns, þar sem hún á lögheimili, á faðerni barns samkv. 2. og 8. gr., sbr. 11. gr., en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans, og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og barnsfararkostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns eftir því sem fært reynist.

□ Nú hefir faðir barns forsjá þess, en meðlagsúrskurður verður eigi gefinn út á hendur barnsmóður af því að hún er heimilisföst erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hennar. Skal valdsmaður þá úrskurða honum meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins, og fer það að öðru leyti svo sem segir í 2. mgr.

**VIII. kafli. Foreldraskyldur, forsjá barns og umgengnisréttur.**

■ **35. gr.** Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barna og þörfum. Foreldrum ber að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og ala með þeim iðjusemi og siðgæði.

□ Barnið á rétt á forsjá foreldra sinna uns það verður sjálfráða, en einstakar forsjárskyldur geta þó haldist lengur, ef þarfir barns krefjast þess. Um framfærsluskyldu segir í 17. gr.

□ Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðilja til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Þeir, sem hafa forsjá barns á hendi, hafa rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins, sbr. 24. gr. laga nr. 95/1947.[1)]

□ Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því, að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

□ Foreldrum ber að hafa samráð við börn sín, áður en persónulegum málefnum þeirra er ráðið til lykta, eftir því sem gerlegt er, þ. á m. með tilliti til þroska barns.

□ Ákvæði þessarar greinar eiga við um kynforeldri, kjörforeldri, stjúpforeldri og fósturforeldri, sbr. 14. gr., 3. málsgr., svo og um sambúðarforeldri, þ. e. karl eða konu, sem er í sambúð við kynmóður barns eða kynföður samkvæmt því er greinir á þjóðskrá eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum.

[1)] *Nú l. 68/1984, 26. gr.*

■ **36. gr.** Skilgetið, ósjálfráða barn á rétt á forsjá foreldra, sem búa samvistum, og eru þau forsjárskyld við barnið.

□ Nú eru foreldrar skildir að borði og sæng eða lögskild-

ir, og fer þá um forsjá barns samkvæmt því, er segir í skilnaðarbréfi eða dómi, sbr. 38. gr.

□ Nú gengur lögskilið foreldri, sem hefir forsjá barns síns, í hjúskap að nýju, og er forsjá barns þá einnig í höndum stjúpforeldris. Ef lögskilið foreldri stofnar til sambúðar, sbr. 35. gr., 6. málsgr., er forsjá barns einnig hjá sambúðarforeldri. Ákvæði þessarar málsgreinar á einnig við um sambúðarfólk, er slítur samvistir, þar sem öðru foreldri hefir verið fengin forsjá barns.

□ Nú er annað foreldri látið, og hefir hitt þá forsjá barns og stjúpforeldri að auki, ef foreldri gengur að nýju í hjúskap, og að sínu leyti sambúðarforeldri, ef foreldri hefir stofnað til sambúðar, sbr. 35. gr., 6. málsgr. Nú eru báðir kynforeldrar barns látnir, en stjúpforeldri eða sambúðarforeldri er á lífi, og hefir það þá forsjá barns, nema önnur skipan sé á gerð af hálfu almannavalds.

■ **37. gr.** Ósjálfráða barn ógiftra foreldra, sem saman búa, sbr. 8. gr., 2. mgr., á rétt á forsjá þeirra beggja, og eru þau forsjárskyld við það samkvæmt 35. gr.

□ Nú búa foreldrar óskilgetins barns eigi saman, sbr. 8. gr., 2. mgr., og á þá barnið rétt á forsjá móður, sem er forsjárskyld við það, samkvæmt 35. gr., eða föður, ef honum hefir verið falin forsjá barnsins. Stjúpforeldri hefir einnig forsjá barns, ef því er að skipta, svo og sambúðarforeldri, sbr. 35. gr., 6. málsgr. Nú andast móðir barns eða faðir, sem falin hefir verið forsjá barnsins, og fer þá stjúpforeldri (sambúðarforeldri) með forsjá barnsins, en ella hitt kynforeldrið, nema almannavald geri aðra skipan á.

□ Umsjá[1] forsjá barna foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 8. gr., 2. málsgr. og 35. gr., 6. málsgr., og slíta samvistir, fer sem í 38. gr. segir.

□ Foreldri ósjálfráða barns, sem eigi er skilgetið, getur óskað þess, að dómsmálaráðuneytið kveði svo á, að því sé falin forsjá barns síns, þ. á m. ef hitt foreldri barns er ekki hæft til að hafa á hendi forsjá þess, svo og ef hitt foreldri barns hefir veitt samþykki sitt til að barn sé ættleitt. Ráðuneytið ræður þessu máli til lykta eftir því sem best hentar hag barns, og skal þá m. a. tekið tillit til tengsla barns við foreldri að undanförnu.

[1] *Svo í Stjtíð., en á að vera „Um".*

■ **38. gr.** Nú slíta foreldrar, sem eru giftir, eða búa saman, sbr. 8. gr., 2. málsgr. og 35. gr., 6. málsgr., samvistir. Ákveða þau þá, hvort þeirra fari með forsjá barns, nema í bága komi við þarfir barnsins. Í síðastgreinda tilvikinu, svo og þegar foreldra skilur á, skal ráða málefni til lykta með úrlausn dómsmálaráðuneytis, að fenginni umsögn barnaverndarnefndar, eftir sanngirni og því, sem best hentar hag og þörfum barns. Forsjá barns skal vera óskipt hjá öðru foreldrinu. Nú er hvorugt foreldra hæft til að fara með forsjá barns að dómi barnaverndarnefndar (barnaverndarráðs), og skal dómsmálaráðuneytið þá skipa máli eftir því sem best hentar hag og þörfum barnsins.

□ Forsjármálum skal ávallt skipa, þegar leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng og við úrlausn um lögskilnað. Dómsmálaráðuneyti eða dómstóll getur ákveðið til bráðabirgða, hvernig fara skuli um forsjá barns foreldra, sem krafist hafa skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Dómsmálaráðuneytið getur og mælt fyrir um slíka skipan vegna samvistarslita foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 8. gr., 2. málsgr. og 35. gr., 6. málsgr. Ákvæði 1. málsgr. eiga hér við að sínu leyti. Breyta má þessum ákvörðunum vegna breyttra aðstæðna. Ákvörðun til bráðabirgða bindur ekki hendur úrskurðarvalds, þegar skipa skal forsjá barns til frambúðar.

□ Um ákvörðun framfærslueyris með barni vegna samvistarslita foreldra fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla, sbr. m. a. 24. gr.

■ **39. gr.** Samningi foreldra um forsjá barns, sbr. 38. gr., má breyta með ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, ef aðiljar eru sammála um að ráðuneytið leysi úr málinu, eða með dómi. Breyting skal því aðeins á gerð, að slíkt teljist réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins.

□ Nú hefir dómsmálaráðuneytið mælt fyrir um, hvernig haga skuli forsjá barns, og getur ráðuneytið þá að ósk annars foreldris breytt ákvörðun sinni í þessu efni, ef breyting þykir réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins. Sama er að sínu leyti um dómstól, sem kveðið hefir á um það, að annað foreldri skuli hafa forsjá barns.

■ **40. gr.** Nú er forsjá barns aðeins í höndum annars foreldris, og á barnið þá rétt á umgengni við hitt foreldra sinna, enda er foreldri skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum, er að því lúta. Ef sérstök atvik valda því að mati dómsmálaráðuneytisins, að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag þess og þörfum, getur ráðuneytið kveðið svo á, að umgengnisréttar njóti ekki við.

□ Ef foreldrar verða sammála um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti, skal eftir því farið, nema sú skipan komi í bága við hag og þarfir barnsins að mati dómsmálaráðuneytisins. Ef foreldra greinir á um þetta efni, kveður dómsmálaráðuneytið á um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt, nema ráðuneytið telji rétt að synja um umgengnisrétt, eins og á stendur, sbr. 1. málsgr. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar, þegar ástæða þykir til þess, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins.

□ Nú torveldar það foreldri, sem hefir forsjá barns, að hitt fái að umgangast barnið, og getur dómsmálaráðuneytið þá knúið það að viðlögðum allt að 200 króna dagsektum, er renni til ríkissjóðs, til að láta af tálmunum. Öðrum lagaúrræðum verður eigi beitt til framdráttar umgengnisrétti.

□ Nú er annað foreldri barns látið eða bæði, og geta nánir ættingjar látins foreldris þá krafist þess, að dómsmálaráðuneytið mæli fyrir um umgengnisrétt þeirra við barn. Ráðuneytið ræður máli til lykta eftir því sem best hentar hag barnsins.

□ Ágreiningsefni út af umgengnisrétti lúta ávallt úrlausn dómsmálaráðuneytisins, sem breytt getur ákvörðunum sínum að ósk annars foreldris, ef hagur og þarfir barns gera slíkt réttmætt.

■ **41. gr.** Nú hefir forsjármáli eigi verið ráðið til lykta, og getur dómsmálaráðuneytið þá að ósk annars foreldris lagt svo fyrir, að það foreldra, sem barn hefir hjá sér, megi ekki fara úr landi með barnið.

□ Nú á annað foreldra umgengnisrétt við barn, og má hitt foreldra þá eigi flytjast með barnið úr landi, nema

því foreldra, sem umgengnisréttinn á, sé veitt færi á að tjá sig um málið og þ. á m. bera mál undir dómsmálaráðuneytið.

■ **42. gr.** Foreldrar geta falið öðrum forsjá barna að nokkru leyti eða öllu. Þeir geta þó hvenær sem er tekið í sínar hendur forsjá barnsins, nema almannavald telji barninu hentara, að ráðstöfun haldist, sbr. lög 53/1966, 36. gr., 3. málsgr. Ákvæði þetta á ekki við um ættleiðingu.

□ Ef sá, sem fer með forsjá barns, misbeitir forráðum sínum eða vanrækir forsjárskyldur, svo sem vegna drykkjuskapar, eða hann er óhæfur af öðrum ástæðum til forsjár, getur dómsmálaráðuneytið svipt hann forsjá barns og falið öðrum forsjá þess, sbr. lög 53/1966, m. a. 26. og 36. gr. Nú er annað foreldri slíkum annmarka háð, og má þá fela hinu að fara með forsjá barnsins.

□ Almannavald getur svipt foreldri, annað eða bæði, forsjá barns eftir því sem lög mæla fyrir um.

**IX. kafli. Mál til faðernis barna.**

**a. Faðerni óskilgetinna barna.**

■ **43. gr.** Barnsfaðernismál má höfða á heimilisvarnarþingi móður eða föður, sbr. og 3. málsgr.

□ Nú á móðir ekki varnarþing hér á landi, og skal þá höfða mál á varnarþingi varnaraðilja eða því varnarþingi, sem hann átti síðast hér á landi, ef hann er farinn af landi eða ókunnugt er, hvar hann er niður kominn, eða á varnarþingi, þar sem með bú hans er farið.

□ Höfða má mál á varnarþingi barns, ef varnarþingi hér á landi samkvæmt 1. og 2. málsgrein er ekki til að dreifa, eða fyrir öðrum dómstóli hér á landi samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

□ Nú flyst aðili úr lögsagnarumdæmi, áður en nokkrar aðiljaskýrslur eru teknar í máli, og má þá vísa máli til dómstóls á þeim stað, þar sem varnarþing verður eftir flutning aðilja.

■ **44. gr.** Sóknaraðili barnsfaðernismáls er móðir barns eða barnið sjálft. Nú hefir móðir barns höfðað mál, og sóknaraðili andast, áður en máli er lokið, og getur þá einstaklingur eða það sveitarfélag, sem við framfærslu barns hefir tekið að nokkru eða öllu, haldið áfram málinu.

□ Varnaraðili máls er sá maður eða þeir menn, sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns. Nú er varnaraðili látinn, áður en mál er höfðað, og má þá höfða það á hendur búi hans, að tilstefndum skiptaráðanda eða skiptaforstjóra, ef opinber skipti eru á höfð, en ella gegn erfingjum.

□ Ef víst má þykja eða líklegt, að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns, skal stefna þeim báðum eða öllum.

□ Nú er málsaðili yngri en 18 ára, og skal lögráðamaður þá koma fram fyrir hönd skjólstæðings síns í málinu. Sama er, ef málsaðili er sviptur lögræði.

■ **45. gr.** Barnsfaðernismál er höfðað, þegar dómari hefir veitt viðtöku ósk frá réttum aðilja um, að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð.

□ Meðan á rannsókn og meðferð barnsfaðernismáls stendur, á barnsmóðir kröfu á liðsinni barnaverndarnefndar, eftir því sem dómari telur þörf á. Sama er um barn, ef það er sóknaraðili.

□ Sóknaraðili barnsfaðernismáls skal hafa gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti.

■ **46. gr.** Barnsfaðernismál eru rekin og dæmd á bæjarþingi eða aukadómþingi. Dómendur í málum þessum eru héraðsdómarar utan Reykjavíkur, en yfirsakadómari og sakadómarar í Reykjavík.

□ Mál þessi sæta almennri meðferð einkamála, nema annan veg sé mælt í lögum.

■ **47. gr.** Dómari semur og gefur út stefnu í málum þessum og sér um birtingu hennar, og gildir það einnig, þegar ákveðið er að draga inn í mál nýja varnaraðilja. Ekki er þörf á stefnu í máli, ef varnaraðili kemur fyrir dóm eftir kvaðningu dómara.

□ Birta má stefnu í Lögbirtingablaði, ef varnaraðili á hvorki heimili hér á landi né dvelst hér.

□ Lögreglumenn eru skyldir til að veita dómara lið til að leita uppi lýstan barnsföður og færa hann fyrir dómara til skýrslutöku, og eru viðkomendur skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana.

■ **48. gr.** Læknir eða ljósmóðir, sem tekur við barni, skal þegar skrá skýrslu um öll þau atriði, er af má ráða um þroska barnsins, eftir því sem nánar segir í stjórnvaldsreglum um störf þessi. Spyrja skal móður um faðerni barns og skrá skýrslu hennar um það, og skal sú skýrsla greind í kirkjubók (manntalsbók). Gæta skal þess, að fram komi, ef barn er óskilgetið, að móðir lýsi tiltekinn mann föður barns, en eigi má fortakslaust greina hann föður, nema viðurkenning hans liggi fyrir eða önnur úrlausn um faðerni barns.

■ **49. gr.** Dómari skal af sjálfsdáðum afla allra upplýsinga og gagna til skýringar málinu.

□ Dómari ákveður, hverjir skuli kvaddir til aðiljayfirheyrslu og hverjir skuli krafðir vættis í málinu, svo og hverra yfirlýsinga og álitsgerða skuli leitað af hendi sérkunnáttumanna og svo annarra sönnunargagna.

□ Ákvæði laga nr. 85/1936 um útivist málsaðilja eða áhrif þess að hreyfa eigi andmælum við staðhæfingum gilda eigi um mál samkvæmt þessum kafla.

□ Dómari getur ákveðið að taka skýrslur af vitnum án þess að málsaðiljar séu viðstaddir, en jafnan skal tilkynna málsaðiljum hvenær dómþing fari fram, þar sem vitni komi fyrir dóm.

■ **50. gr.** Nú er maður yfirheyrður sem málsaðili eða vitni í barnsfaðernismáli, og er honum þá skylt að gefa skýrslu um samneyti sitt við barnsmóður á getnaðartíma barns.

□ Barnsmóður er skylt að skýra frá því í slíku máli, hverjir hafi átt samneyti við hana á getnaðartíma barns.

□ Aðiljum máls er skylt, eftir kröfum dómara, að mæta fyrir dómi og gefa skýrslu, konunni þó ekki ef hún er sóknaraðili máls, enda skal vísa máli frá dómi, ef hún neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa fyrir dómi, eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn sem dómari mælir fyrir um.

■ **51. gr.** Dómari getur mælt fyrir um, að blóðrannsókn sé gerð á móður barns og barninu svo og varnaraðiljum, og enn fremur aðrar sérfræðilegar kannanir, þ. á m. mannerfðafræðilegar rannsóknir. Eru viðkomendur skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana. Dómari getur kveðið svo á, að blóðrannsókn og mannerfðafræðileg rannsókn skuli fram fara á foreldrum og eftir atvikum

1981 Nr. 9 15. apríl

systkinum barnsmóður og varnaraðilja, svo og á öðrum börnum barnsmóður og öðrum börnum lýsts barnsföður.

■ **52. gr.** Dómari leysir úr sakarefni án tillits til þeirra krafna, sem uppi eru hafðar í málinu.

□ Um lyktir barnsfaðernismáls og efnislega úrlausn fer svo sem segir í 12. gr.

■ **53. gr.** Dómþing í barnsfaðernismálum skulu háð fyrir luktum dyrum. Fulltrúi barnaverndarnefndar getur sótt dómþing með barnsmóður eða barni.

□ Nú er dómur í barnsfaðernismáli prentaður eða birtur með öðrum hætti opinberlega, og skal þá gæta leyndar um nöfn þeirra, stöðu og heimili sem greindir eru í dóminum.

■ **54. gr.** Dómari barnsfaðernismáls annast um birtingu dóms.

■ **55. gr.** Nú er óskað endurupptöku á barnsfaðernismáli, sem dæmt hefir verið í héraði, en ekki áfrýjað til Hæstaréttar, og skal þá héraðsdómari, þar sem leyst hefir verið úr máli, meta það, hvort endurupptaka verði leyfð. Ber að beita við það mat meginreglum 59. gr. laga nr. 75/1973. Ákvörðun héraðsdóms sætir kæru, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Umsókn um endurupptöku skal berast héraðsdómi eigi síðar en einu ári eftir að málsaðili fékk vitneskju um atvik þau, sem umsókn styðst við, og þó eigi síðar en 5 árum frá fæðingu barns. Dómsmálaráðherra getur lengt fresti þessa, ef alveg sérstaklega stendur á.

□ Nú hefir barnsfaðernismál sætt dómi Hæstaréttar, og ákveður Hæstiréttur þá samkvæmt 59. gr. laga nr. 75/1973, hvort endurupptaka skuli leyfð. Ákvæði 1. málsgr. um fresti til að hafa uppi kröfu, eiga hér einnig við, þó svo, að ráðherra leitar umsagnar Hæstaréttar, áður en afstaða er tekin til lengingar frests. Ef endurupptaka er leyfð getur Hæstiréttur ákveðið, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju í héraðsdómi.

□ Nú er endurupptaka leyfð, og er þá heimilt í nýjum efnisdómi að taka ákvörðun um endurgreiðslu meðlaga og annarra fjárgreiðslna, sem inntar hafa verið af hendi samkv. fyrri dómi.

**b. Mál til vefengingar á faðerni skilgetinna barna.**

■ **56. gr.** Um aðild máls fer svo sem segir í 4. gr. um málsmeðferð eftir því sem mælt er fyrir um í 6. gr. og um úrslit samkvæmt því sem á er kveðið í 5. gr.

□ Nú er mál höfðað af eiginmanni, og ber þá að öðru leyti að beita almennum reglum um meðferð einkamála í héraði. Ákvæði 44. gr., 2. og 4. málsgr., 49. gr., 3. málsgr., 52. gr., 1. málsgr., 53. gr. og 54. gr. og 55. gr. eiga þó við um þessi mál. Nú telur dómari, að kröfur eiginmanns séu studdar verulegum rökum, og má þá einnig beita ákvæðum 51. gr. Nú er barn sóknaraðili vefengingarmáls, og á þá 3. málsgr. 45. gr. við um mál.

**X. kafli. Gildistaka og brottfallin lög.**

■ **57. gr.** Lög þessi taka gildi 1. janúar 1982.

□ Dómsmálaráðherra getur sett fyrirmæli um einstök atriði, er varða framkvæmd laganna. Dómsmálaráðuneytið skal kynna almenningi efni laga þessara, þegar eftir setningu þeirra.

■ **58. gr.** Við gildistöku laga þessara falla úr gildi, sbr. þó 2. málsgr., lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna nr. 57/1921 og lög nr. 91/1971, er breyta þeim lögum, svo og lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 87/1947 ásamt breytingarlögum nr. 32/1954, 27/1971 og 92/1971, svo og 22. gr. 2. – 4. málsgr. og 23. gr. laga um lögræði nr. 95/1947. Þá fellur enn fremur úr gildi XVIII. kafli laga nr. 85/1936, sbr. þó 2. málsgr.

□ Ákvæði II., III. og IX. kafla laga þessara, að undanskilinni 4. og 54. gr. taka til þeirra barna einna, sem fædd eru eftir gildistöku laganna. Ákvæðum 4. og 54. gr. laganna skal þó einnig beitt varðandi börn sem fædd eru fyrir gildistöku laganna. Hinu sama gegnir um ákvæði IV., V. og VI. kafla, um framfærslueyri og önnur framlög en þó aðeins að því er varðar tímabilið eftir gildistöku laganna, nema annars sé sérstaklega getið. Reglur 16. – 23. gr. eiga einnig við, þegar tiltekinn maður eða menn hafa verið dæmdir meðlagsskyldir með barni án þess að skorið hafi verið úr um faðerni samkv. löggjöf, er gilti fyrir gildistöku laganna.

□ Eiginmaður móður getur höfðað mál samkv. 4. gr., uns 2 ár eru liðin frá gildistöku laga þessara, þótt meira en 5 ár séu liðin frá fæðingu barns.

□ Lög þessi raska eigi ákvörðunum á faðerni eða meðlagsskyldu, sem átt hafa sér stað fyrir gildistöku laganna.



## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.[1]



[1] *Sbr. l. 62/1954, 98/1969 og 95/1973.*

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum,[1] að samningur sá, er undirritaður var í Stokkhólmi þann 6. febrúar 1931 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, skuli öðlast gildi.

[1] *Augl. A 85/1931.*

**Fylgiskjal.**

**Samningur.**

**I. Hjúskapur.**

■ **1. gr.**[1] Vilji ríkisborgari einhvers samningsríkjanna ganga í hjúskap fyrir vígslumanni einhvers hinna ríkjanna, skal dæma um rétt hans til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, enda hafi hann átt heimilisfesti í því ríki í síðastliðin tvö ár og eigi enn, en að öðrum kosti eftir lögum þess ríkis, sem hann á ríkisfesti í.

□ Eigi að beita lögum þess ríkis, sem hlutaðeigandi á ríkisfesti í, má sanna rétt hans til að ganga í hjúskap með vottorði frá yfirvöldum í því ríki.

[1] *Sbr. l. 95/1973.*

■ **2. gr.**[1] Um lýsingu og vígslu gilda lög ríkis vígslumanns þess, er gengið er í hjúskapinn fyrir.

[1] *Sbr. l. 98/1969.*

■ **3. gr.** Um réttaráhrif hjúskapar milli þeirra, sem eiga ríkisfesti í einhverju samningsríkjanna, eða áttu hana, er þau gengu í hjúskapinn, skal, að því er snertir fjármál hjónanna, dæma eftir lögum þess af ríkjunum, er hjónin tóku sér heimilisfesti í, er þau gengu í hjúskapinn. Hafi hvorttveggja hjónanna síðar tekið sér heimilisfesti í einhverju hinna ríkjanna, skal beita lögum þess ríkis í stað hinna, enda sé eigi um að ræða áhrif löggernings, er fyrr var gerður.

□ Um heimild annarshvors hjóna til að ráða yfir fasteign eða yfir réttindum, sem sett eru á borð með þeim, skal, ef

eignin er í einhverju af ríkjunum, jafnan dæma eftir lögum þess ríkis.

■ **4. gr.** Kaupmálar milli þeirra, sem eiga ríkisfesti í samningsríkjunum, og áttu hana, er þau gengu í hjúskapinn, og sem þá tóku sér heimilisfesti í einhverju af ríkjunum, skulu metnir gildir, að því er form þeirra snertir, í sérhverju samningsríkjanna, ekki aðeins þegar laga þeirra hefir verið gætt, er samkvæmt 3. gr. ráða fjármálum hjónanna, heldur einnig er kaupmálinn fullnægir fyrirmælum um form í því ríki, er báðir aðiljar eða annar þeirra á ríkisfesti í.

□ Sérhvert ríkjanna getur gert það að skilyrði fyrir gildi kaupmála gagnvart þriðja manni, að honum hafi verið þinglýst eða hann tilkynntur til dómstóls samkvæmt þeim lögum, er þar gilda.

■ **5. gr.** Beiðni um slit á fjárfélagi hjóna, sem svo er ástatt um sem segir í 4. gr., skal úrskurða í því ríki, er hvorttveggja hjónanna á heimilisfesti í. Ef þau eiga heimilisfesti hvort í sínu ríki, skal beiðnina úrskurða í því ríki, er það hjóna á heimilisfesti í, sem kröfunni er beint gegn, eða eigi það heimilisfesti í Finnlandi, þá í ríki þeirra laga, er samkvæmt 3. gr. ráða fjármálum hjónanna.

■ **6. gr.** Beri samkvæmt lögum einhvers þess ríkis, er hér ræðir um, að dæma um réttaráhrif hjúskapar eftir hinni eldri hjúskaparlöggjöf, þá eiga 3. – 5. gr. ekki við um þau hjónabönd.

■ **7. gr.**[1] Um skilnað hjóna, sem eiga ríkisfesti í samningsríkjunum, að borði og sæng eða um lögskilnað þeirra, skal úrskurða í því ríki, er hvorttveggja þeirra á heimilisfesti í, eða þar, sem þau síðast bæði áttu heimilisfesti samtímis, enda sé annað þeirra enn heimilisfast þar.

□ Verði málið eigi úrskurðað, samkvæmt fyrstu málsgrein, í neinu af ríkjunum, eða verði eigi úrskurðað, samkvæmt fyrstu málsgrein, um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað að undangengnum skilnaði að borði og sæng milli hjóna, sem ekki eiga ríkisfesti í Finnlandi, má úrskurða málið í ríki, sem annaðhvort hjónanna á ríkisfesti í.

□ Lögskilnað að undangengnum skilnaði að borði og sæng má jafnan veita í ríki því, sem hvorttveggja hjónanna á ríkisfesti í.

[1] *Sbr. l. 62/1954.*

■ **8. gr.** Í sambandi við kröfu um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað getur sama yfirvald eða annað gert ákvarðanir um sambúðarslit um stundarsakir, um búskipti, skaðabótagreiðslur, framfærsluskyldu og foreldravald.

□ Ágreining, er síðar rís um framfærsluskyldu og foreldravald, skal úrskurða í ríki því, sem það hjónanna, er kröfunni er beint gegn, á heimilisfesti í. Þetta gildir einnig að því er tekur til breytinga á ákvörðun, sem gerð hefir verið í einhverju af hinum ríkjunum. Séu lög þess ríkis, þar sem úrskurður gekk um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað, því til fyrirstöðu, að síðar sé ákveðið eða hækkað meðlag til maka, sem skilinn er að borði og sæng eða lögskilinn, verður eigi heldur tekin ákvörðun um það í hinum ríkjunum.

■ **9. gr.**[1] Við úrskurði þá, sem ræðir um í 7. og 8. gr., skal í hverju ríkjanna beita þeim lögum, sem þar gilda. Þó skal úrskurður um búskipti og um skaðabætur jafnan fara eftir lögum þeim, er ráða fjármálum hjónanna samkvæmt 3. gr. Skilnað að borði og sæng má eigi veita finnskum ríkisborgara nema hann eigi og hafi í síðastliðin tvö ár átt heimilisfesti í ríki því, þar sem skilnaðar er leitað.

□ Skilnaður að borði og sæng, sem veittur hefir verið í einhverju ríkjanna, veitir sama rétt til lögskilnaðar í hinum ríkjunum eins og hann hefði verið veittur þar.

[1] *Sbr. l. 95/1973.*

■ **10. gr.**[1] Um úrskurð mála um ógildingu hjúskapar hjóna, sem eiga, eða áttu, er þau gengu í hjúskapinn, ríkisfesti í samningsríkjunum, skal beita ákvæðum 7. – 9. gr. eftir því, sem við á. Skilyrði ógildingarinnar skal þó meta eftir þeim lögum, sem ráða rétti sækjanda til að ganga í hjúskapinn, eða sé mál höfðað gegn hvorutveggja hjónanna, þá eftir öðrumhvorum þeim lögum, sem réðu rétti þeirra til að ganga í hjúskapinn.

[1] *Sbr. l. 95/1973.*

**II. Ættleiðing.**

■ **11. gr.** Vilji ríkisborgari einhvers samningsríkjanna, sem heimilisfesti á í einhverju þeirra, ættleiða mann, sem ríkisfesti á í einhverju ríkjanna, skal sækja um leyfi til þess í því ríki, er ættleiðandi á heimilisfesti í.

■ **12. gr.** Við úrskurð slíkrar umsóknar skal í hverju ríkjanna beitt þeim lögum, sem þar gilda. Sé ættleiðingur yngri en 18 ára og eigi hann heimilisfesti í því ríki, sem hann á ríkisfesti í, má eigi veita leyfi til ættleiðingar hans í öðru ríki, fyrr en hlutaðeigandi yfirvöldum, sem eftirlit hafa með börnum í ríki því, sem hann á ríkisfesti í, hefir verið gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt um málið.

■ **13. gr.** Um slit ættleiðingar milli ríkisborgara samningsríkjanna, er stofnað hefir verið til í einhverju þeirra, skal útkljáð í því ríki, sem ættleiðandi á heimilisfesti í eða eigi hann ekki heimilisfesti í neinu samningsríkjanna, þá í því ríki, sem ættleiðingur á heimilisfesti í.

□ Við úrslit þessa máls skal í hverju ríkinu beitt þeim lögum, sem þar gilda.

**III. Lögráð.**

■ **14. gr.** Lögráð ólögráða ríkisborgara samningsríkjanna, er heimilisfesti eiga í einhverju hinna ríkjanna, heyra undir yfirvöldin í hinu síðarnefnda ríkinu, nema fæddur lögráðamaður eða skipaður fari þegar með lögráðin í einhverju hinna ríkjanna.

□ Sama gildir um sviptingu lögræðis og lögráð lögræðissviptra manna.

■ **15. gr.** Skipa má lögráðamann til bráðabirgða og gera aðrar bráðabirgðaráðstafanir í hverju ríkjanna um sig.

■ **16. gr.** Úrskurða skal málefni þau, sem ræðir um í 14. og 15. gr., í hverju ríki eftir þeim lögum, sem þar gilda.

■ **17. gr.** Um áhrif ólögræðis í fjármálum og um heimildir lögráðamanns fer eftir lögum þess ríkis, þar sem með lögráðin er farið.

□ Ákvæði þetta gildir ekki um hæfi manna til að gangast undir víxil- eða checkskuldbindingar.

■ **18. gr.** Með samkomulagi hlutaðeigandi ráðuneyta má flytja lögráð til einhvers hinna ríkjanna, ef hinn ólögráði maður hefir öðlazt þar heimilisfesti eða það telst heppilegt af öðrum ástæðum.

**1931** Nr. 29 8. sept.

■ **19. gr.** Um afnám lögræðissviptingar, sem ákveðin hefir verið í einhverju samningsríkjanna, skal úrskurða í því ríki, þar sem með lögráðin er farið, ef hinn lögræðissvipti er ríkisborgari einhvers af samningsríkjunum.

□ Við úrskurðinn skal í hverju ríki beita lögum þeim, er þar gilda.

■ **20. gr.** Verði ríkisborgari einhvers samningsríkisins sviptur lögræði í einhverju hinna ríkjanna, eða verði lögræðissvipting hans afnumin, þá skal tafarlaust tilkynna það hlutaðeiganda ráðuneyti þess ríkis, sem hann á ríkisfesti í.

■ **21. gr.** Ákvæðum 17., 19. og 20. gr. skal beitt eftir því sem við á, er ríkisborgari einhvers samningsríkisins, er heimilisfesti á í Danmörku og eigi hefir áður verið sviptur lögræði í einhverju ríkjanna, er settur undir tilsjón (Lavværgemaal) í Danmörku. Tilsjón þessi er því eigi til fyrirstöðu, að lögræðissvipting fari fram í einhverjum hinna ríkjanna, er hlutaðeigandi tekur sér heimilisfesti í.

**IV. Almenn ákvæði.**

■ **22. gr.**[1] Úrskurðir umboðsstjórnar og aðfararhæfir dómsúrskurðir, er gengið hafa í einhverju ríkjanna samkvæmt 5., 7., 8., 10., 11., 13., 14., 15., 19. og 21. gr., skulu gilda í hinum ríkjunum án sérstakrar staðfestingar og án rannsóknar á því, hvort úrskurðurinn sé réttur eða forsendur hans, þær er taka til heimilisfesti eða ríkisfesti í einhverju samningsríkjanna.

[1] *Sbr. l. 95/1973.*

■ **23. gr.** Samning þennan skal fullgilda og skal skipzt á fullgildingarskjölunum í Stokkhólmi eins fljótt og auðið er.

□ Samningurinn gengur í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan á eftir afhendingu fullgildingarskjalanna.

□ Sérhvert ríkjanna getur sagt samningnum upp við hvert hinna með 6 mánaða fresti, þannig að hann gangi úr gildi 1. janúar eða 1. júlí. ...

**Lokaákvæði.**

Í sambandi við undirskriftina í dag undir samning þann milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, er hefir að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, hafa umboðsmenn samningsríkjanna gefið eftirfarandi yfirlýsingu:

Milli samningsríkjanna er samkomulag um:

1. að samningurinn skyldar eigi yfirvöld neins samningsríkjanna til að gefa þá í hjúskap, er sakir ófrávíkjanlegs ákvæðis í löggjöf hlutaðeigandi ríkis mega eigi ganga í hjúskap vegna skyldleika eða mægða;

2. að sá, sem eigi hefir náð 21 árs aldri, en hefir fengið lögræði eftir finnskum lögum við það að ganga í hjúskap, eða eftir íslenzkum lögum við skilnað að borði og sæng eða við hjúskaparslit, skuli eigi talinn ólögráður vegna æsku, þótt hann taki sér heimilisfesti í öðru samningsríkjanna en annaðhvort Finnlandi eða Íslandi.

**1954** Nr. 62 21. apríl

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 6. febr. 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að samningur sá, er undirritaður var í Stokkhólmi 26. marz 1953, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum og fjallar um breyting á samningi milli sömu ríkja frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, er staðfestur var með lögum nr. 29 8. sept. 1931, skuli öðlast gildi.[1]

[1] *Augl. A 76/1954.*

**Fylgiskjal.**

**Samningur.**

■ **2. gr.**[1] Um lýsingu, þar með talin tilhögun á gæzlu vígsluskilyrða, og um vígslu gilda lög ríkis vígslumanns þess, er gengið er í hjúskapinn fyrir.

□ Lýsingar samkvæmt þeim lögum er þó ekki krafizt, ef lýsing, sem enn er í gildi, hefur verið framkvæmd samkvæmt lögum einhvers hinna ríkjanna og bæði hjónaefni hafa reynzt eiga rétt til að ganga í hjúskap samkvæmt þeim lögum, sem beita skal í vígsluríki við mat á því atriði. Þetta gildir einnig, þótt aðeins annað hjónaefna sé borgari í öðru samningsríki en ríki vígslumanns, og hitt á ríkisfesti í vígsluríki.

[1] *Sbr. l. 98/1969.*

■ **7. gr.** Krafa um skilnað að borði og sæng eða fullan lögskilnað hjóna, sem eru ríkisborgarar í samningsríkjunum, ákvarðast í því ríki, sem bæði hjónanna eiga heimilisfang í, eða þau hafa seinast átt búsetu í samtímis og annað þeirra á enn þá heimilisfang í.

□ Nú er ekki samkvæmt fyrstu málsgrein hægt að ákvarða um málið í neinu ríkjanna, og má þá gera út um málið í því ríki, þar sem annað hjónanna á ríkisfang.

□ Lögskilnað eftir skilnað að borði og sæng má ávallt veita í ríki, sem bæði hjónanna eiga ríkisborgararétt í.

■ **9. gr.**[1] Í sérhverju ríkinu ber að fara eftir þar gildandi lögum um ákvarðanir þær, sem nefndar eru í 7. og 8. gr. Eignaskipti og skaðabætur ákvarðast þó ávallt eftir þeim lögum, sem samkvæmt 3. gr. gilda um fjármál hjónanna.

□ Skilnaður að borði og sæng, sem fengizt hefur í einu ríkjanna, veitir í hinum ríkjunum sama rétt til lögskilnaðar sem skilnaður að borði og sæng, er þar hefur fengizt.

[1] *Sbr. l. 95/1973.*

Samning þennan skal fullgilda og fullgildingarskjölunum komið til varðveizlu í skjalasafni sænska utanríkisráðuneytisins, eins fljótt og auðið er.

Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta almanaksmánaðar, eftir að fullgildingarskjölin hafa verið afhent. Hann telst fullkomna samninginn, dags. 6. febrúar 1931, sem hefur að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráðamennsku, og er því ekki hægt að segja honum upp sérstaklega.

**1954** Nr. 62 21. apríl

**1969** Nr. 98 19. des.

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breyting á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum,[1] að samkomulag það, sem undirritað var í Stokkhólmi 3. nóvember 1969 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og prentað er sem fylgiskjal með lögum þessum og fjallar

**1969** Nr. 98 19. des.

um breyting á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og staðfestur var með lögum nr. 29 8. september 1931, skuli öðlast gildi.

[1] *Augl. C 22/1969.*

**Fylgiskjal.**

**Samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breyting á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.**

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um, að 1., 2. og 10. gr. í Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð skuli hljóða þannig:

■ **1. gr.**[1] Nú óskar ríkisborgari einhvers samningsríkjanna könnunar á hjónavígsluskilyrðum eða lýsingar hjá stjórnvaldi einhvers hinna ríkjanna, og skal þá kanna rétt hans til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, enda eigi annað hjónaefna þar heimili, en ella eftir lögum þess ríkis, þar sem hann á ríkisfang. Ætíð skal þó beita lögum þess ríkis, sem hjónaefnið á ríkisfang í, ef það óskar þess. Nú skal kanna rétt til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, þar sem hjónaefni á ríkisfang, og getur hlutaðeigandi stjórnvald þá krafizt þess, að rétturinn sé sannaður með vottorði, sem gefið var út af stjórnvöldum þess ríkis, sem það á ríkisfang í.

☐ Um könnunina og lýsinguna gilda að öðru leyti lög þess ríkis, sem hlutaðeigandi stjórnvald heyrir til.

[1] *Sbr. l. 95/1973.*

■ **2. gr.** Hafi könnun á hjónavígsluskilyrðum eða lýsing átt sér stað hjá stjórnvaldi einhvers samningsríkjanna, getur stjórnvald í öðru samningsríki, meðan könnun eða lýsing er enn í gildi, framkvæmt hjónavígslu án nýrrar könnunar eða lýsingar. Gildir þetta án tillits til þess, hvort aðilarnir eiga ríkisfang í einhverju samningsríkjanna.

☐ Um hjónavígsluna gilda að öðru leyti lög þess ríkis, sem vígslumaðurinn heyrir til.

■ **10. gr.**[1] Um úrskurð mála um ógildingu hjúskapar hjóna, sem eiga ríkisfang í samningsríkjunum, og áttu ríkisfang þar, er þau gengu í hjúskapinn, skal beita ákvæðum 7. – 9. gr. eftir því sem við á. Ef mál er höfðað af öðru hjóna, skal þó meta skilyrði til ógildingar eftir þeim lögum, sem beitt var við ákvörðun á rétti sækjanda til að ganga í hjúskapinn. Ef mál til ógildingar er höfðað gegn báðum hjónunum, nær ógilding ekki fram að ganga, nema ógildingarástæða sú, sem uppi er höfð, veiti heimild til ógildingar eftir löggjöf þeirra sömu ríkja og réttur hjónanna til að ganga í hjúskap var ákvarðaður eftir.

[1] *Sbr. l. 95/1973.*

Samkomulag þetta skal fullgilda og skal afhenda fullgildingarskjölin sænska utanríkisráðuneytinu.

Samkomulagið gengur í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir afhendingu fullgildingarskjala allra samningsríkjanna.

Danska dómsmálaráðuneytið getur, að höfðu samráði við dómsmálaráðuneyti hinna samningsríkjanna, ákveðið, að samningurinn frá 6. febrúar 1931 ásamt síðari breytingum skuli gilda að því er varðar Grænland. Að því er varðar beitingu samningsins í Færeyjum og á Grænlandi getur danska dómsmálaráðuneytið á sama hátt ákveðið þau frávik, sem sérstakar aðstæður í Færeyjum eða á Grænlandi kunna að krefjast.

**1969** Nr. 98 19. des.

**1973** Nr. 95 20. des.

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum,[1] að samkomulag það, sem undirritað var í Stokkhólmi 20. nóvember 1973, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og prentað er sem fylgiskjal með lögum þessum og fjallar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og staðfest var með lögum nr. 29 8. september 1931, skuli öðlast gildi.

[1] *Augl. C 3/1974.*

**Fylgiskjal.**

**Samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.**

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um, að 1., 9., 10. og 22. gr. í Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð skuli hljóða þannig:

■ **1. gr.** Nú óskar ríkisborgari einhvers samningsríkjanna könnunar á hjónavígsluskilyrðum eða lýsingar hjá stjórnvaldi einhvers hinna ríkjanna, og skal þá kanna rétt hans til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, enda eigi annað hjónaefna þar heimili, en ella eftir lögum þess ríkis, þar sem hann á ríkisfang. Ætíð skal þó beita lögum þess ríkis, sem hjónaefnið á ríkisfang í, ef það óskar þess. Nú skal kanna rétt til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, þar sem hjónaefni á ríkisfang, og getur hlutaðeigandi stjórnvald þá krafist þess, að rétturinn sé sannaður með vottorði, sem gefið var út af stjórnvöldum þess ríkis, sem það á ríkisfang í.

☐ Nú er svo fyrir mælt í lögum samningsríkis, sem hjónaefni á heimilisfesti í, að foreldrar þess eða lögráðamaður samþykki ráðahaginn, og skal þá eftir því farið, þótt slíks samþykkis sé ekki krafist í lögum þess ríkis, þar sem könnun hjónavígsluskilyrða fer fram.

☐ Um könnunina og lýsinguna gilda að öðru leyti lög þess ríkis, sem hlutaðeigandi stjórnvald heyrir til.

■ **9. gr.** Í sérhverju ríkinu ber að fara eftir þar gildandi lögum um ákvarðanir þær, sem nefndar eru í 7. og 8. gr. Eignaskipti og skaðabætur ákvarðast þó ávallt eftir þeim lögum, sem samkvæmt 3. gr. gilda um fjármál hjónanna.

☐ Skilnaður að borði og sæng, sem fengist hefur í einu ríkjanna, veitir í hinum ríkjunum sama rétt til lögskilnaðar sem skilnaður að borði og sæng, er þar hefur fengist.

☐ Nú er ekki til að dreifa reglum um skilnað að borði og sæng í lögum samningsríkis, en í vissum tilvikum byggt á, að umhugsunarfrestur sé undanfari lögskilnaðar, og geta þá hjón, sem veittur hefur verið skilnaður að borði og

**1973** Nr. 95 20. des.

sæng í einhverju hinna samningsríkjanna, fengið lögskilnað í þessu ríki án slíks undanfarandi umhugsunarfrests, enda hafi þau, frá því að skilnaður að borði og sæng var veittur, lifað aðskilin svo lengi, að svarar til slíks umhugsunarfrests, og hafi ekki tekið upp sambúð að nýju.

■ **10. gr.** Þegar fjármál hjóna, sem fengið hafa skilnað að borði og sæng, ákvarðast eftir lögum samningsríkis, sem ekki byggir á reglum um skilnað að borði og sæng, skulu fjárverðmæti, sem öðru áskotnast eftir skilnaðinn, verða séreign þess, en ábyrgð á skuldum miðast við aðstæður eins og þær voru við skilnað að borði og sæng. Að öðru leyti skal farið að lögum þessa ríkis, að því er til búskipta tekur við lögskilnað.

□ Andist annað hjóna, eftir að skilnaður að borði og sæng er veittur, og spurning vaknar um rétt hins eftirlifandi til arfs eftir hið látna samkvæmt reglum um lögerfðir eða samkvæmt erfðaskrá, og beita skal lögum samningsríkis, sem ekki byggir á reglum um skilnað að borði og sæng, skal skilnaður að borði og sæng lagður að jöfnu við lögskilnað, ef hinn fyrrnefndi varir enn.

■ **22. gr.** Úrskurðir umboðsstjórnar og aðfararhæfir dómsúrskurðir, er gengið hafa í einhverju ríkjanna samkvæmt 5., 7., 8., 11.,-13., 14., 15., 19. og 21. gr., skulu gilda í hinum ríkjunum án sérstakrar staðfestingar og án rannsóknar á því, hvort úrskurðurinn sé réttur eða forsendur hans, þær er taka til heimilisfesti eða ríkisfesti í einhverju samningsríkjanna. Þetta á einnig við um aðfararhæfa dómsúrskurði, sem gengið hafa í einhverju ríkjanna og kveða á um ógildi eða ógildingu hjúskapar milli ríkisborgara í samningsríki.

Samningsríkin geta gengið að þessu samkomulagi með því:

a. að undirrita það án fyrirvara um fullgildingu, eða

b. að undirrita það með fyrirvara um fullgildingu ásamt eftirfarandi fullgildingu.

Fullgildingarskjölin skulu sett til vörslu í sænska utanríkisráðuneytinu.

Samkomulagið gengur í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að samningsríkin hafa öll gengið að samkomulaginu.

Til þess að samningnum verði beitt um Færeyjar og Grænland, getur danska dómsmálaráðuneytið, að höfðu samráði við dómsmálaráðuneyti hinna samningsríkjanna, ákveðið þau frávik, sem sérstakar færeyskar eða grænlenskar aðstæður kunna að krefjast.

Til staðfestingar þessu hafa undirritaðir, sem hafa fullgilt umboð, undirritað samning þennan.

Gert í Stokkhólmi hinn 20. nóvember 1973 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og að því er sænskuna varðar í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð.

**1978** Nr. 15 8. maí

## Ættleiðingarlög.

### I. kafli. Veiting ættleiðingarleyfa og lagaskilyrði fyrir þeim.

■ **1. gr.** Dómsmálaráðherra veitir leyfi til ættleiðingar.

■ **2. gr.** Eigi má veita leyfi til ættleiðingar, nema sýnt þyki eftir könnun á málefnum væntanlegs kjörbarns og þeirra, er óska ættleiðingar, að ættleiðing sé barninu til gagns, enda sé það ætlun ættleiðenda að ala upp barnið eða barn hafi verið alið upp hjá þeim eða aðrar sérstakar ástæður liggi til ættleiðingar.

■ **3. gr.** Eigi er manni heimilt að ættleiða barn sitt.

■ **4. gr.** Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum, sem náð hefur 25 ára aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita manni, sem orðinn er tvítugur, leyfi til ættleiðingar.

■ **5. gr.** Hjón skulu bæði standa að ættleiðingu, sbr. þó 2. málsgr., enda er hjónum einum heimilt að ættleiða saman.

□ Öðru hjóna má þó veita leyfi til ættleiðingar, ef hitt er horfið, geðveikt eða fáviti eða geðrænum högum þess að öðru leyti er svo háttað, að það beri ekki skyn á gildi ættleiðingar. Öðru hjóna má og með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn.

□ Meðan ættleiðandi er á lífi, verður kjörbarn hans eingöngu ættleitt af maka hans.

■ **6. gr.** Eigi má ættleiða þann, sem orðinn er tólf ára, án samþykkis hans. Samþykki skal gefa skriflega, og skal barn njóta leiðsagnar um lagaáhrif ættleiðingar, svo sem segir í 10. gr.

■ **7. gr.** Samþykki foreldra þarf til ættleiðingar barns undir 18 ára aldri.

□ Nú hefur annað foreldra eigi forræði barns eða er horfið, geðveikt eða fáviti eða geðrænum högum þess er að öðru leyti svo háttað, að það má eigi láta uppi marktæka yfirlýsingu, og er þá samþykki hins nægilegt. Ef þannig er ástatt um bæði foreldri, þarf samþykki lögráðamanns.

■ **8. gr.** Áður en ákvörðun er tekin um umsókn um ættleiðingarleyfi, skal, ef unnt er, leita umsagnar þess foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu, sbr. 7. gr., enda sé geðrænum högum þess eigi svo háttað, að girði fyrir, að það geti látið uppi yfirlýsingu, sem mark sé takandi á. Nú er sérstakur lögráðamaður skipaður, og skal þá leita umsagnar hans. Enn fremur skal leita umsagnar barnaverndarnefndar, sem í hlut á.

□ Nú er sá, sem ættleiða á, í hjúskap, og skal þá leita umsagnar maka hans.

■ **9. gr.** Nú er sá lögræðissviptur, sem ættleiða á, og skal þá leita umsagnar lögráðamanns, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarbeiðni.

■ **10. gr.** Samþykki til ættleiðingar skal gefa skriflega, og skal viðkomandi staðfesta yfirlýsingu fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytisins eða öðrum opinberum starfsmanni eða stofnun, sem dómsmálaráðuneytið löggildir til þessa.

□ Samþykki er eigi gilt, nema staðfest sé hið fyrsta þremur mánuðum eftir fæðingu barns, nema alveg sérstaklega hagi til.

□ Rita skal á samþykkisyfirlýsingu vottorð starfsmanns dómsmálaráðuneytisins eða annars opinbers starfsmanns eða starfsmanns stofnunar, sbr. 1. málsgr., þess efnis, að viðkomandi hafi fengið fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar og samþykkisyfirlýsingar.

□ Samþykki er gilt, þótt væntanlegir kjörforeldrar séu eigi nafngreindir, ef samþykki lýtur að því að ráð-

stafa barni til ættleiðingar til foreldris, sem barnaverndarnefnd (félagsmálastofnun) ákveður eða annar aðili, sem ráðuneytið kann að löggilda til að hafa milligöngu um ættleiðingar. Endranær er samþykki eigi gilt, nema væntanlegir kjörforeldrar séu nafngreindir.

■ **11. gr.** Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að samþykki, sem gefið er fyrir opinberum starfsmanni eða starfsmanni stofnunar erlendis, jafngildi samþykki, sem gefið er fyrir opinberum starfsmanni eða starfsmanni stofnunar hér á landi, sbr. 1. málsgr. 10. gr., og má að því leyti heimila frávik frá reglum 1. – 3. málsgr. 10. gr.

■ **12. gr.** Nú tekur aðili, sem lögbær er um að láta uppi samþykki samkvæmt 7. sbr. 10. gr., aftur samþykki sitt, áður en gengið er frá ættleiðingarleyfi, og er þá yfirleitt eigi heimilt að gefa út leyfið. Veita má þó leyfi til ættleiðingar, þegar svona stendur á, ef barn hefur verið í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda eða þegar hagir barns mæla að öðru leyti eindregið með því, að það verði ættleitt, og afturköllun á samþykki styðst eigi við skynsamleg rök.

□ Nú fæst ekki samþykki lögbærs aðilja samkv. 7. og 10. gr., og er þá, ef alveg sérstaklega stendur á, heimilt að veita leyfi til ættleiðingar, ef þarfir barns mæla eindregið með því, enda fallist barnaverndarráð á þá skipan mála.

□ Nú hefur barni verið ráðstafað af barnaverndarnefnd, og má þá samkvæmt ósk nefndar og að fengnum meðmælum barnaverndarráðs leyfa ættleiðingu á barni, þótt samþykki samkvæmt 7. og 10. gr. sé ekki til að dreifa, að gættum skilmálum 2. málsgr.

□ Áður en máli er ráðið til lykta samkv. 1. – 3. málsgr., skal leita umsagnar foreldra, sem láta skyldu uppi samþykki samkvæmt 7. gr. Einnig skal leita umsagnar foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu, sbr. 8. gr., nema dómsmálaráðuneyti telji, að slíkt sé til tjóns fyrir barnið eða valdi varhugaverðum drætti á úrlausn máls.

■ **13. gr.** Nú er veitt leyfi til ættleiðingar samkv. 12. gr. án þess að samþykki samkvæmt 7., sbr. 10. gr., liggi fyrir, og skal ráðuneytið þá án tafar skýra þeim aðiljum, sem bærir voru til að samþykkja ættleiðingu, frá leyfi og benda þeim á, að heimilt sé að bera leyfisveitingu undir dómstól.

□ Réttur aðili getur borið framangreinda ákvörðun dómsmálaráðuneytis undir dómstól, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá því að dómsmálaráðuneyti sendi aðilja tilkynningu samkv. 1. málsgr. Stefnandi skal njóta gjafsóknarkjara.

■ **14. gr.** Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal leiða í ljós, hvort innt hafi verið gjald eða ætlun sé að greiða af hendi gjald í sambandi við ættleiðingu af hálfu annars hvors aðiljans, og ef svo er, þá hversu hátt gjaldið sé. Má ganga eftir skriflegum yfirlýsingum aðilja um þetta.

□ Ef ættleiðendum er greitt gjald samkv. 1. málsgr., má binda ættleiðingu því skilyrði, að tryggt sé, að greiðsla renni til kjörbarns eða framfærslu þess.

**II. kafli. Lagaáhrif ættleiðingar.**

■ **15. gr.** Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim, sem eru í kjörsifjum við þá, eins og væri það skilgetið barn kjörforeldra, nema lög mæli annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins og kynforeldra þess, nema lög kveði annan veg á.

□ Nú ættleiðir aðili barn maka síns eða kjörbarn, og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það skilgetið barn þeirra hjóna.

□ Kjörbarn kennir sig til kjörforeldra, nema kjörforeldri óski eftir því, að barn haldi fyrra kenningarnafni. Þó getur kjörbarn, sem náð hefur 12 ára aldri, ráðið því sjálft, hvort það haldi kenningarnafni sínu eða taki upp kenningarnafn annars kjörforeldris. Tilkynna skal presti um ættleiðingu barns og nafnbreytingu til færslu í kirkjubók. Sama gildir um niðurfellingu ættleiðingar.

■ **16. gr.** Foreldravald og önnur lögráð, ásamt réttindum og skyldum þeim samfara, flytjast til ættleiðanda. Lýkur þá framfærsluskyldu kjörbarns og foreldris þess.

□ Um erfðatengsl kjörbarns og kjörforeldris fer að erfðalögum.

**III. kafli. Niðurfelling ættleiðingar.**

■ **17. gr.** Dómsmálaráðherra getur fellt niður ættleiðingu, ef kjörforeldri og kjörbarn eru sammála um að æskja þess. Ef aðili er sviptur lögræði, þarf einnig samþykki lögráðamanns.

□ Nú er kjörbarn ólögráða, og verður ættleiðing þá eigi niður felld samkvæmt 1. málsgr., nema kjörforeldrar og kynforeldrar séu sammála um það, og niðurfelling ættleiðingar verði talin henta best þörfum barns. Ef kjörbarn hefur náð 12 ára aldri, þarf einnig samþykki þess. Samþykkið skal vera skriflegt, og skal barn njóta leiðsagnar um lagaáhrif ættleiðingar, sbr. 10. gr.

□ Nú hafa kjörforeldrar látist, og getur dómsmálaráðherra þá samkvæmt ósk kynforeldra fellt niður ættleiðingu, ef þarfir barnsins mæla með því. Nú hefur kjörbarn náð 12 ára aldri, og þarf þá samþykki þess. Um samþykki fer svo sem segir í 3. málslið 2. mgr.

■ **18. gr.** Unnt er að fella ættleiðingu niður með dómi, sbr. 2. málsgr., ef kjörforeldri brýtur mjög af sér gagnvart barni eða vanrækir stórlega þær skyldur, sem á því hvíla vegna ættleiðingar, svo og ef telja verður að öðru leyti að það varði kjörbarn miklu, að ættleiðing sé felld niður.

□ Mál til niðurfellingar ættleiðingar samkv. 1. málsgr. höfðar kjörbarn. Nú er það ólögráða, geðveikt eða fáviti eða geðrænum högum þess að öðru leyti er svo háttað, að það getur ekki staðið að málssókn, og höfðar lögráðamaður þá málið eða dómsmálaráðherra eða aðili, sem hann felur það. Stefnandi nýtur gjafsóknarkjara.

■ **19. gr.** Nú hafa hjón ættleitt barn saman, og tekur þá niðurfelling ættleiðingar til þeirra beggja, enda sé hjúskap þeirra eigi lokið.

□ Unnt er að fella niður ættleiðingu samkvæmt 18. gr., 1. málsgr., þótt aðeins annað kjörforeldra hafi sýnt af sér atferli, sem þar greinir.

■ **20. gr.** Nú er barn ættleitt öðru sinni, og fellur þá fyrri ættleiðing niður, sbr. þó 15. gr., 2. málsgr.

■ **21. gr.** Nú er ættleiðing felld niður, og falla þá úr gildi lagaáhrif ættleiðingar milli kjörbarns og kjörforeldris og ættmenna kjörforeldris. Þegar sérstaklega stendur á, getur dómstóll, sbr. 18. gr., kveðið svo á, að kjörforeldri skuli greiða fé til framfærslu barnsins.

□ Nú er ættleiðing felld úr gildi samkvæmt 2. eða 3. málsgr. 17. gr., og takast þá að nýju lagatengsl milli barnsins og kynforeldra þess. Ef ættleiðing er felld niður samkvæmt 18. gr., getur dómstóll ákveðið, með hliðsjón af aðdraganda að niðurfellingu ættleiðingar, aldri barns

**1978** Nr. 15 8. maí

og atvikum að öðru leyti, að lagatengsl barns við kynforeldra og ættmenni þess skuli rakna við.

□ Kjörbarni er heimilt þrátt fyrir niðurfellinguna að halda kenningarnafni sínu, er það fékk við ættleiðingu, en getur einnig tekið upp fyrra kenningarnafn sitt.

□ Að öðru leyti veldur niðurfelling ættleiðingar því eigi, að lagatengsl barns við kynforeldri og aðra ættmenn rakni við.

■ **22. gr.** Dómstóll leitar, ef hægt er, eftir áliti þeirra aðilja, sem skyldu samþykkja ættleiðingu í öndverðu eða láta uppi umsögn um ættleiðingarumsókn, áður en máli er ráðið til lykta. Dómstóll getur þó, ef sérstök rök mæla með, ákveðið, að umsagnar skuli ekki leitað, einkum ef ekki er ætlunin að láta lagatengsl barns við kynforeldri og aðra ættmenn rakna við.

**IV. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **23. gr.** Dómsmálaráðherra setur reglur um ættleiðingarumsóknir og getur mælt fyrir um sérstök eyðublöð undir þær og um gögn, er þeim skuli fylgja, og um form og efni samþykkisyfirlýsingar, svo og um könnun á umsóknum þessum, þ. á m. um félagslega könnun á högum aðilja.

■ **24. gr.** Heimilt er að ákveða, með samningum við önnur ríki, að ríkisborgurum þeirra ríkja megi eigi veita leyfi til ættleiðingar hér á landi og að ríkisborgarar þeirra verði eigi ættleiddir hér á landi, nema með skilyrðum, sem greind séu í samningi. Slík samningsákvæði geta einnig tekið til niðurfellingar ættleiðingar, ef ríkisborgari frá ríki því, sem samningur er gerður við, á í hlut.

■ **25. gr.** Dómsmálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að íslenskir ríkisborgarar verði eigi ættleiddir, nema með nánar tilteknum skilyrðum í ríkjum, sem til eru greind í reglugerð, svo og að íslenskir ríkisborgarar megi því aðeins ættleiða barn í ríkjum þessum, að nánar tilteknum skilyrðum sé fullnægt.

□ Með hliðstæðum hætti getur dómsmálaráðherra ákveðið, að ættleiðing verði eigi felld niður í tilteknum erlendum ríkjum, svo að réttaráhrif hafi hér á landi, ef ættleiðandi er íslenskur ríkisborgari.

**V. kafli. Gildistökuákvæði o. fl.**

■ **26. gr.** Lög þessi taka gildi 1. janúar 1979.

□ Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 19/1953, um ættleiðingu, svo og lög nr. 33/1969 og lög nr. 58/1975, um breytingu á þeim.

■ **27. gr.** Ákvæði 10. gr. á ekki við um samþykki, sem látið er uppi fyrir gildistöku laganna.

□ Ákvæði III. kafla laganna eiga einnig við um ættleiðingu, sem til er stofnað fyrir gildistöku laganna.

**1962** Nr. 93 29. des.

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga.[1)]

[1)] *Sjá einnig l. 54/1971.*

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum,[1)] að samningur sá, er undirritaður var í Osló 23. marz 1962 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, skuli öðlast gildi.

[1)] *Augl. C 1/1963.*

■ **2. gr.** Dómsmálaráðherra er heimilt að setja frekari ákvæði, er kunna að vera nauðsynleg til að framfylgja greindum samningi.

■ **3. gr.** ...

**Fylgiskjal.**

**Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga.**

■ **1. gr.** Aðfararhæfum dómi, úrskurði stjórnvalds eða skriflegri skuldbindingu, sem lagt hefur einhverjum á herðar í einu samningsríkjanna að greiða meðlag maka sínum, fyrrverandi maka, skilgetnu barni, stjúpbarni, kjörbarni, óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns, og sé fullnusta heimil í því ríki, skal þegar fullnægt í öðru samningsríki, sé þess farið á leit. Sama gildir um þess háttar dóm, sem ekki er enn aðfararhæfur, og hvern þann úrskurð þess háttar, sem dómstóll, dómari eða „överexekutor" hefur kveðið upp og fullnægt verður eins og aðfararhæfum dómi.

□ Nú hefur með dómi eða úrskurði í ríki því, þar sem fullnustu er leitað, meðlag verið ákveðið lægra eða úrskurðað, að ekki sé um meðlagsskyldu að ræða, og verður þá ekki þar í gegn fullnustu krafizt í því ríki.

■ **2. gr.** Beiðni um fullnustu skal senda yfirvaldi í samningsríki því, þar sem sá dvelst, er meðlagið á að fá, eða í samningsríki því, þar sem dómurinn eða úrskurðurinn var kveðinn upp eða skriflega skuldbindingin gerð.

□ Eigi fullnusta að fara fram í öðru samningsríki en því, þar sem beiðnin kom fram samkv. 1. mgr., skal senda beiðnina til fyrrnefnds ríkis. Í því tilviki er beiðnin send og móttekin af:

í *Danmörku* yfirstjórnvaldi (í Kaupmannahöfn „overpræsidenten", en annars hlutaðeigandi amtmanni) eða, ef óvíst er, hvert yfirstjórnvald á að fjalla um málið, dómsmálaráðuneytinu;

í *Finnlandi* hlutaðeigandi lénsstjórn eða, ef óvíst er, hver lénsstjórn á að fjalla um málið, utanríkisráðuneytinu;

á *Íslandi* dómsmálaráðuneytinu;

í *Noregi* hlutaðeigandi fylkismanni eða, ef óvíst er, hver fylkismaður á að fjalla um málið, félagsmálaráðuneytinu, þegar um er að ræða meðlag með óskilgetnu barni eða móður slíks barns, en annars dómsmálaráðuneytinu;

og í *Svíþjóð* hlutaðeigandi lénsstjórn eða, sé óvíst, hver lénsstjórn á um að fjalla, réttardeild utanríkisráðuneytisins.

□ Beiðni um innheimtu í öðru samningsríki á meðlagi, sem yfirvald hefur greitt fyrir fram, má það yfirvald senda beint til yfirvalds í því ríki, samkvæmt ákvæðinu í 2. mgr., þar sem innheimtan á að fara fram.

□ Skjali á finnsku eða íslenzku skal fylgja staðfest þýðing á dönsku, norsku eða sænsku, að því leyti sem þörf er á.

■ **3. gr.** Yfirvald það, sem framkvæma skal innheimtuna, getur, ef nauðsynlegt þykir, krafizt vottorðs um, að dómurinn, úrskurðurinn eða skuldbindingin fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í 1. mgr. 1. gr. fyrir fullnustu. Vottorð skal gefið út í því ríki, þar sem dómur eða úrskurður hefur verið kveðinn upp eða skuldbinding gerð, og af því yfirvaldi, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr.

□ Hafi upphæð meðlags ekki verið ákveðin í dóminum, úrskurðinum eða skuldbindingunni eða sé í beiðni um fullnustu farið fram á hærri upphæð en ákveðið hefur

**1962** Nr. 93 29. des.

verið, má einnig krefjast vottorðs um upphæð meðlagsins samkvæmt 1. mgr.

■ **4. gr.** Fullnustan fer fram í hverju ríki samkvæmt gildandi lögum þar.

□ Fullnustan fer fram án kostnaðar fyrir rétthafa, nema hún eigi að fara fram samkvæmt reglunum um aðför í fasteign.

□ Innheimt upphæð sendist þeim, sem beiðzt hefur fullnustu, eða öðrum, sem hann ákveður.

■ **5. gr.** Ákvæðin um meðlög ná einnig til meðgjafar vegna kostnaðar við fæðingu og sængurlegu og kostnaðar við sérstaka menntun barns og enn fremur skírn þess, fermingu, veikindi, greftrun og þess háttar.

■ **6. gr.** Málskostnað, sem meðlagsskyldum er gert að greiða vegna ákvörðunar um meðlagsskyldu, má innheimta samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

■ **7. gr.** Samning þennan skal fullgilda og skal afhenda fullgildingarskjölin norska utanríkisráðuneytinu svo fljótt sem verða má.

□ Samningurinn tekur gildi hinn 1. janúar eða hinn 1. júlí næstan eftir afhendingu fullgildingarskjalanna. Með samningi þessum fellur úr gildi samningur frá 10. febrúar 1931 milli samningsríkjanna um innheimtu meðlaga, eins og honum var breytt með samkomulagi hinn 1. apríl 1953.

□ Sérhvert ríkjanna getur gagnvart hverju hinna sagt upp samningnum, og hættir hann þá að gilda hinn 1. janúar eða hinn 1. júlí næstan að liðnum sex mánuðum frá uppsögn.

# V. c. Erfðir.

**1962** Nr. 8 14. marz

**Erfðalög.**

**I. kafli. Um lögarf.**

■ **1. gr.** Lögerfingjar eru þessir:

1. Börn arfleifanda og aðrir niðjar. Óskilgetið barn erfir föður og föðurfrændur og þeir það, ef það er feðrað með þeim hætti, sem segir í löggjöf um óskilgetin börn. Um erfðarétt kjörbarns og arf eftir það fer samkvæmt 5. gr.
2. Foreldrar arfleifanda og niðjar þeirra.
3. Föðurforeldrar og móðurforeldrar arfleifanda og börn þeirra.
4. Maki arfleifanda.

■ **2. gr. I. erfð.** Maki erfir ⅓ hluta eigna, þegar börn eru á lífi, en ⅔ hluta erfa börnin að jöfnu. Ef maka er ekki til að dreifa, taka börn og aðrir niðjar allan arf.

□ Nú hefur barn andazt á undan arfleifanda, og erfa börn þess þá þann hluta, er því hefði borið. Firnari niðjar taka arf með sama hætti.

■ **3. gr. II. erfð.** [Ef arfleifandi á enga niðja á lífi tekur maki allan arf.][1)]

□ Nú er maka ekki til að dreifa, og fellur arfur þá til foreldra að jöfnu. Ef annað foreldri er látið, hverfur hlutur sá, sem því hefði borið, til barns þess eða annarra niðja með sama hætti og segir í 2. gr. Nú á hið látna foreldri enga niðja, og gengur þá hlutur þess til hins foreldrisins.

□ Nú eru báðir foreldrar arfleifanda látnir, og taka þá börn eða aðrir niðjar hvors foreldris um sig þann arf, sem því hefði borið. Ef annað foreldra á enga niðja á lífi, hverfur allur arfur til niðja hins.

[1)] *L. 48/1989, 1. gr.*

**1962** Nr. 8 14. marz

■ **4. gr. III. erfð.** Ef enginn erfingi samkv. 2. eða 3. gr. er á lífi, taka föðurforeldrar og móðurforeldrar sinn helming arfs hvort. Nú er afi arfleifanda eða amma látin, og erfa þá börn þess, sem látið er, þann erfðahlut, sem því hefði borið. Ef móðurforeldrar arfleifanda eru dánir og börn þeirra, taka föðurforeldrar og börn þeirra allan arf og gagnkvæmt.

■ **5. gr.** Kjörbarn og niðjar þess, þar á meðal kjörniðjar, erfa kjörforeldra og ættingja þeirra og gagnkvæmt eftir ákvæðum 2. – 4. gr.

□ Lögerfðatengsl milli kjörbarns og ættingja þess falla niður við ættleiðingu.

■ **6. gr.** Nú hefur það hjóna, sem lengur lifir, verið einkalögerfingi þess, sem fyrr lézt, og það andast án þess að hafa gengið í hjónaband að nýju eða látið eftir sig arfgenga niðja, og skulu þá eignir þess skiptast milli erfingja beggja hjóna að jöfnu, enda hafi maki ekki ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá á annan hátt.

□ Nú á sá maki, sem lengur lifir, enga erfingja á lífi, er hann andast, og ganga eigur hans þá til erfingja skammlífara makans.

□ Þegar rætt er um erfingja skammlífara makans í þessari grein, er átt við þá menn, sem standa til arfs eftir hann, miðað við það tímatakmark, er langlífari makinn féll frá.

**II. kafli. Um óskipt bú.**

■ **7. gr.** [Eftir lát annars hjóna á hitt rétt á að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja nema hið látna hafi mælt svo fyrir í erfðaskrá að skipti skuli fara fram.][1)]

[1)] *L. 48/1989, 2. gr.*

■ **8. gr.** [Heimilt er því hjóna, sem lengur lifir, að sitja í óskiptu búi með ófjárráða niðjum látins maka síns, sem ekki eru niðjar þess, ef sá eða þeir sem fara með forsjá eða lögráð hinna ófjárráða niðja veita samþykki sitt til þess, enda hafi hið látna ekki mælt svo fyrir í erfðaskrá að skipti skuli fara fram. Ef það hjóna, sem lengur lifir, fer með forsjá eða lögráð ófjárráða stjúpniðja sinna á það þó rétt á setu í óskiptu búi eins og mælt er fyrir um í 7. gr.

□ Því hjóna, sem lengur lifir, er heimilt að sitja í óskiptu búi með fjárráða stjúpniðjum sínum ef þeir veita samþykki sitt til þess.

□ Það hjóna, sem lengur lifir, á rétt á setu í óskiptu búi með stjúpniðjum sínum hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða, án þess að aflað sé samþykkis skv. 1. eða 2. mgr., ef hið látna hefur mælt fyrir um þann rétt í erfðaskrá.][1)]

[1)] *L. 48/1989, 3. gr.*

■ **9. gr.** [Því hjóna, sem lengur lifir, verður ekki veitt leyfi til að sitja í óskiptu búi ef bú þess er til gjaldþrotaskipta eða í ljós kemur að eignir þess hrökkva ekki fyrir skuldum. Sama er ef því verður ekki treyst til að hafa forræði bús vegna vanhirðu um fjármál sín.

□ Ef það hjóna, sem lengur lifir, er svipt lögræði verður því ekki veitt leyfi til að sitja í óskiptu búi nema með samþykki yfirlögráðanda.][1)]

[1)] *L. 48/1989, 4. gr.*

■ **10. gr.** [Sá sem óskar setu í óskiptu búi skal sem

fyrst eftir lát maka síns sækja um leyfi til þess hjá sýslumanni í því umdæmi þar sem búskipti eftir hinn látna fara fram.

☐ Í umsókn um leyfi til að sitja í óskiptu búi skal greina nöfn erfingja, kennitölur þeirra og dvalarstaði. Einnig skal yfirlit yfir eignir og skuldir beggja hjóna koma fram í umsókn eða sem fylgigagn með henni. Ef heimild til setu í óskiptu búi er háð samþykki annarra, sbr. 1. eða 2. mgr. 8. gr., skulu yfirlýsingar um samþykki vera ritaðar á umsókn eða fylgja henni. Ef réttur til setu í óskiptu búi byggist á erfðaskrá hins látna, sbr. 3. mgr. 8. gr., skal eintak hennar fylgja umsókn.

☐ Ef sýslumaður telur ástæðu til að ætla að ákvæði 9. gr. geti átt við um hagi þess sem sækir um leyfi til að sitja í óskiptu búi er honum heimilt að skipa ófjárráða erfingjum, sem umsækjandinn er forsjármaður eða lögráðamaður fyrir, sérstakan lögráðamann til að gæta hagsmuna þeirra.

☐ Telji sýslumaður umsækjanda fullnægja skilyrðum til að hljóta leyfi til að sitja í óskiptu búi skal hann veita leyfið og láta umsækjandanum í té skilríki fyrir því.][1)]

[1)] *L. 48/1989, 5. gr.*

■ **11. gr.** [Til óskipts bús teljast hjúskapareignir beggja hjóna og séreign sem samkvæmt ákvæðum laga eða kaupmála á að hlíta reglum um hjúskapareign að öðru hjóna látnu. Sjálfsaflafé og annað verðmæti, sem sá eignast sem situr í óskiptu búi, rennur til búsins nema það eigi að lögum að falla til séreignar hans.

☐ Arfur eða gjöf, sem langlífara maka hlotnast, rennur þó ekki inn í óskipt bú ef hann lýsir því fyrir sýslumanni innan tveggja mánaða frá því hann fékk vitneskju um arf eða gjöf að verðmæti þessi skuli ekki renna inn í óskipta búið. Verða þau þá séreign langlífara maka. Ber að halda þeim og annarri séreign aðgreindum frá eignum óskipta búsins.][1)]

[1)] *L. 48/1989, 6. gr.*

■ **12. gr.** [Maki, sem situr í óskiptu búi, hefur í lifanda lífi eignarráð á fjármunum búsins. Ber hann ábyrgð á skuldum hins látna sem um hans eigin skuldir væri að ræða.][1)]

[1)] *L. 48/1989, 7. gr.*

■ **13. gr.** Maki, sem situr í óskiptu búi, getur krafizt skipta, hvenær sem er.

☐ Nú gengur maki í hjúskap að nýju, og fellur þá niður heimild hans til setu í óskiptu búi.

■ **14. gr.** [Ef maki hefur fengið leyfi til setu í óskiptu búi með ófjárráða stjúpniðjum sínum á grundvelli 1. mgr. 8. gr., er honum skylt að skipta með sér og stjúpniðja, ef hann krefst skipta sér til handa innan þriggja mánaða frá því að hann öðlast fjárræði. Komi ekki krafa fram innan þess tíma getur fjárráða stjúpniðji, sem svo stendur á fyrir, krafist skipta sér til handa með sama hætti og segir í 2. mgr.

☐ Ef fjárráða stjúpniðji hefur samþykkt setu í óskiptu búi, sbr. 2. mgr. 8. gr., getur hann krafist skipta sér til handa með eins árs fyrirvara.][1)]

[1)] *L. 48/1989, 8. gr.*

■ **15. gr.** Erfingi getur krafizt skipta sér til handa, ef hann sannar ...[1)] að maki vanræki framfærsluskyldu sína gagnvart sér eða ýri efni bús með óhæfilegri fjárstjórn sinni eða veiti tilefni til, að óttast megi slíka rýrnun.

☐ Nú hefur maki gefið gjöf úr óskiptu búi, og er gjöf óhæfilega há, miðað við efni búsins, og getur þá erfingi fengið gjöf hrundið með dómi, ef viðtakandi sá eða átti að sjá, að gefandi sat í óskiptu búi og að gjöf var úr hófi fram. Mál til riftunar verður því aðeins höfðað, að búið hafi verið tekið til skipta eða erfingi hafi krafizt skipta. Mál skal höfða, áður en ár sé liðið frá því, að erfingi eða lögráðamaður hans fékk vitneskju um gjöfina, og þó ekki síðar en innan þriggja ára frá afhendingu gjafar.

[1)] *L. 48/1989, 9. gr.*

■ **16. gr.** [Nú andast maður sem á erfðahlut inni í óskiptu búi og geta þá erfingjar hans aðeins krafist skipta sér til handa að því leyti sem hinum látna hefði verið það heimilt.

☐ Skuldheimtumenn erfingja geta ekki krafist búskipta.][1)]

[1)] *L. 48/1989, 10. gr.*

■ **17. gr.** Nú hafa efni bús rýrnað til muna vegna óhæfilegrar fjárstjórnar maka, og geta erfingjar þá við búskipti krafizt endurgjalds út af því úr búinu. Ef rýrnunin verður ekki bætt með þeim hætti, má krefja greiðslu á helmingi þess, er á vantar, úr séreign makans, en sú krafa verður þó að þoka fyrir kröfum skuldheimtumanna.

☐ Ef endurgjaldskröfum verður ekki lokið við skipti milli maka og erfingja hins látna, er ekki unnt að hafa þær uppi síðar.

■ **18. gr.** Hlutur erfingja í óskiptu búi er séreign hans, ef erfingi er í hjúskap eða gengur í hjúskap. Óheimilt er að breyta þessu skipulagi með kaupmála. Eftir lát erfingjans telst eign þessi þó hjúskapareign hans, nema arfleifandi hafi kveðið óðruvísi á eða kaupmáli hjóna standi til annars. Sama er, ef skipti fara fram í lifanda lífi erfingjans.

☐ Erfingi má ekki afhenda hlut sinn í óskiptu búi né skuldfesta hann, og eigi geta heldur skuldheimtumenn hans leitað fullnustu í honum.

■ **19. gr.** Við skipti milli maka, sem situr í óskiptu búi, og erfingja hins látna, skal deila búshluta hins látna milli þeirra, sem standa til erfða eftir hann, samkvæmt almennum reglum.

☐ Nú fara skipti fram eftir lát beggja hjóna, og fellur þá niður lögmæltur erfðaréttur hins langlífara eftir hið skammlífara. Nú er skipt eftir lát beggja hjóna, og leitt er í ljós, að enginn á tilkall til arfs eftir það hjóna, sem fyrr lézt, og renna eignir bús þá til erfingja þess, er síðar féll frá. Ef engir erfingjar þess, er síðar féll frá, eru á lífi, hverfa eignir bús með sama hætti til erfingja þess hjóna, er fyrr lézt.

■ **20. gr.** Maki, sem situr í óskiptu búi, getur aðeins ráðið yfir sínum hluta úr búinu með erfðaskrá. Honum er heimilt að ráðstafa einstökum munum innan þessara eignarmarka, ef það gengur ekki í berhögg við fyrirmæli hins látna maka samkvæmt 2. málsgr. 36. gr.

**III. kafli. Almenn ákvæði um arftöku.**

■ **21. gr.** Barn, sem getið er, áður en arfleifandi fellur frá, tekur arf eftir hann, ef það fæðist lifandi.

■ **22. gr.** Nú voru erfðatengsl milli tveggja manna, sem báðir eru látnir, en ósannað er, hvor þeirra dó fyrr, og skal þá líta svo á, að hvorugur hafi lifað hinn.

**IV. kafli. Brottfall erfðaréttar.**

■ **23. gr.** Nú hefur maður af ásetningi framið brot á ákvæðum almennra hegningarlaga, sem haft hefur í för

1962 Nr. 8 14. marz

með sér dauða annars manns, og má þá ákveða með dómi, að hann hafi fyrirgert sjálfum sér til handa rétti til þess arfs, sem háður var dauða hins.

□ Hafi maður vísvitandi í frammi ofbeldi við foreldri sitt eða annan ættingja í beinum legg upp á við, heitist við hann eða hóti honum óförum, meiði mjög æru hans eða gerist sekur við hann um aðrar stórfelldar mótgerðir, svo að refsivert sé, þá má dæma hann til að hafa fyrirgert erfðarétti sínum eftir þann mann, sem fyrir misgerðinni varð, ef hann krefst þess.

□ Nú hefur maður fyrirgert erfðarétti sínum með framangreindum hætti, og má þá veita honum erfðaréttinn aftur að öllu leyti eða nokkru með erfðaskrá.

■ **24. gr.** Heimilt er samkvæmt kröfu ákæruvalds í opinberu máli að dæma sökunaut, sem gerzt hefur sekur um háttsemi samkvæmt 194. – 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna getnaðar barns, til þess að hafa fyrirgert rétti til arfs sér til handa eftir barnið.

■ **25. gr.** Nú sannast það í opinberu máli, að maður hefur komið því til leiðar með nauðung, svikum eða misneytingu, að annar maður geri erfðaráðstöfun, eða láti hjá líða að gera hana, og er þá heimilt að ákveða í dómi, að hann hafi glatað rétti til annars arfs en skylduarfs eftir þann mann. Sama er, ef maður af ásettu ráði rangfærir, eyðileggur eða kemur undan erfðaskrá eða öðrum erfðagerningi.

■ **26. gr.** Erfðaréttur hjóna á milli fellur niður við skilnað að borði og sæng, við algeran hjónaskilnað og við ógildingu hjúskapar með dómi.

□ Nú voru þeir meinbugir á hjúskap, er annað hjóna andaðist, að hjúskapurinn var ógildanlegur, og tekur þá það hjóna, sem eftir lifir, ekki arf:

1. Ef það sannast í opinberu máli, að stofnun hjúskaparins var refsiverð athöfn af þess hendi. Þó tekur síðari maki tvíkvænings ekki arf, ef fyrri maki er á lífi og er arfgengur.

2. [Ef það krefst skipta eftir 27. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972.][1)]

[1)] *L. 48/1989, 11. gr.*

**V. kafli. Um ráðstöfun á arfi, sem ekki hefur tæmzt, og um erfðaafsöl.**

■ **27. gr.** Erfingja er óheimilt að ráðstafa arfi, sem hann á í vændum.

■ **28. gr.** Heimilt er erfingja að afsala sér arftökurétti í hendur þeim, sem hann á arfsvon að, hvort sem það er gert fyrir nokkuð eða ekkert. Sá, sem afsalar sér arfi, verður að vera fjárráða. Lögráðamaður ófjárráða manns getur veitt fyrirfram greiddum arfi viðtöku fyrir hans hönd, ef samþykki yfirlögráðanda kemur til.

□ Ef ekki er annars getið, skuldbindur afsal niðja þess, er afsalar sér arfi, eins og hann sjálfan.

■ **29. gr.** Nú fær sameiginlegur skylduerfingi hjóna fé sem fyrirfram greiddan arf úr hjúskapareign annars eða beggja, og skal sú greiðsla þá koma til frádráttar arfi hans eftir skammlífara makann, eftir því sem til vinnst, ef skipt er, meðan langlífari makinn er á lífi. Ekki skal þetta þó skerða lögmæta erfðaskrá, sem skammlífari makinn hefur gert. Sá fjárhluti erfingja, sem ekki kemur til frádráttar við arfskipti eftir skammlífara makann, sætir frádrætti, er erfðahluti erfingja eftir langlífari makann er ákveðinn, eftir því sem til vinnst.

□ Framangreindar reglur taka einnig til þess, er maki, sem situr í óskiptu búi, greiðir erfingja fyrirfram fjárhlut úr búinu.

■ **30. gr.** Nú lætur maki stjúpbarni sínu eða niðjum þess í té fjárverðmæti úr hjúskapareign sinni, og má þá semja svo um, að fé þetta sé fyrirfram greiddur arfur eftir hinn makann, sem kemur til frádráttar við arfskipti eftir hann.

■ **31. gr.** [Verðmæti, sem 29. og 30. gr. taka til, skal virða erfingja til frádráttar eftir gangverði þess þegar hann veitti því viðtöku, framreiknuðu til verðlags á þeim tíma sem frádráttur á sér stað við arfskipti. Hafi gangverð verðmæta lækkað til muna, frá því að fyrirframgreiðsla átti sér stað, vegna atvika sem erfingjanum verður ekki um kennt skal þó ekki draga meira frá en sanngjarnt er svo að jöfnuður fáist með erfingjum.][1)]

[1)] *L. 48/1989, 12. gr.*

■ **32. gr.** Nú hlýtur erfingi fyrirfram meira fé frá arfleifanda en nemur erfðahluta hans eftir hann, og verður hann þá ekki skyldaður til að standa búinu skil á mismuninum, nema hann hafi sérstaklega skuldbundið sig til þess.

■ **33. gr.** Fjárframlögum þeim upp í arf, sem 28. – 30. gr. taka til, eða verðmætum þeirra, skal bæta við eigur bús að öðru leyti, þegar búshlutir maka og erfðahlutir eru ákvarðaðir. Nú nemur fyrirframgreiðsla til erfingja hærri fjárhæð en erfðahlut hans, og skal þá aðeins bæta við fjárhæð, sem erfðahlutnum nemur.

**VI. kafli. Um erfðaskrár.**

1. *Arfleiðsluhæfi.*

■ **34. gr.** Hver sá, sem orðinn er fullra 18 ára eða hefur stofnað til hjúskapar, getur aldurs vegna ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá.

□ Erfðaskrá er því aðeins gild, að sá, sem gerir hana, sé svo heill heilsu andlega, að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt.

2. *Arfleiðsluheimild. Skylduarfur.*

■ **35. gr.** Þegar niðjar, þar á meðal kjörniðjar, eða maki taka arf, er arfleifanda óheimilt að ráðstafa meira en ⅓ hluta eigna sinna með erfðaskrá.

■ **36. gr.** Arfleifanda er óheimilt að setja erfingja fyrirmæli um meðferð á skylduarfi, nema lög mæli annan veg.

□ Arfleifandi getur mælt svo fyrir í erfðaskrá, að tiltekinn skylduerfingi hans skuli fá í sinn hlut ákveðna muni úr séreign hans eða hjúskapareign, enda fari verð þessara muna ekki fram úr skylduerfðahluta erfingjans að viðbættum þeim eignarhluta, sem arfleifanda er heimilt að ráðstafa samkvæmt 35. gr.

3. *Um ógildi erfðaskráa.*

■ **37. gr.** Erfðaákvörðun er ógild, ef arfleifandi hefur verið beittur nauðung, svikum eða misneytingu til þess að gera hana. Nú er leitt í ljós, að erfðaskrárákvæði er annars efnis en til var ætlazt, og stafar það af misritun eða öðrum mistökum, og skal þá framkvæma ákvæðið í samræmi við það, sem raunverulega vakti fyrir arfleifanda, ef auðið er að staðreyna arfleiðsluviljann.

■ **38. gr.** Nú stafar erfðaskrárákvæði af misskilningi

hjá arfleifanda, án þess að ákvæði 37. gr. eigi við, og er það þá ógilt, ef telja má, að röng hugmynd arfleifanda hafi ráðið úrslitum um efni ákvæðisins.

■ **39. gr.** Erfðaskrárákvæði, sem mæla fyrir um að spilla eignum arfleifanda, eru ógild, nema eðlileg og skynsamleg ástæða sé til þeirra.

4. *Um form erfðaskráa.*

■ **40. gr.** Erfðaskrá skal vera skrifleg, og skal arfleifandi undirrita hana eða kannast við undirritun sína fyrir notario publico eða tveimur vottum.

□ Ef arfleifandi er ólæs, skal lesa erfðaskrá skilmerkilega fyrir honum.

■ **41. gr.** Arfleiðsluvottar skulu ekki vera yngri en 18 ára. Þeir skulu vera áreiðanlegir og hvorki geðveikir né andlega sljóir. Maka arfleifanda skal ekki kveðja til að votta arfleiðslu né menn, sem eru skyldir arfleifanda að feðgatali eða niðja eða mægðir honum með slíkum hætti, eða systkin hans. Maður, sem er í hliðstæðum sifjatengslum við arfleifanda sakir ættleiðingar, er ekki heldur votthæfur.

□ Nú er maður í sifjatengslum samkvæmt 1. málsgrein við aðilja, sem hagsmuna hefur að gæta við erfðaskrá, og er hann þá ekki hæfur til að votta arfleiðslu. Sama er, ef erfðaskrá varðar hagsmuni hans sjálfs eða aðilja eða stofnunar, sem hann vinnur. Nú eru hagsmunir þessir lítilvægir, og valda þau atvik, sem greind eru í þessari málsgrein, þá ekki vanhæfi. Nú er manni falið í erfðaskrá að standa fyrir skiptum á búi arfleifanda, og getur hann allt að einu vottað arfleiðslu.

□ ...[1]

[1] *L. 86/1989, 16. gr.*

■ **42. gr.** Arfleiðsluvottar skulu geta þess í vottorði, að arfleifandi hafi kvatt þá til að votta arfleiðslu sína, og hafi hann ritað undir erfðaskrá eða kannazt við undirritun sína að þeim báðum viðstöddum. Þá skal það koma fram í vottorði, að vottum sé kunnugt, að hinn vottfesti gerningur sé erfðaskrá. Vottarnir skulu undirrita vottorð sitt svo fljótt sem föng eru á, eftir að arfleifandi hefur kennzt við erfðaskrána.

□ Í arfleiðsluvottorði skal þess enn fremur getið, hvort arfleifandi hafi verið svo heill heilsu andlega, að hann hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá. Einnig er rétt að geta þar annarra atriða, sem áhrif geta haft á mat á gildi erfðaskrár.

□ Arfleiðsluvottar skulu staðsetja og dagsetja vottorð sitt og greina þar nákvæmlega, hvenær arfleifandi hafi ritað undir erfðaskrá eða kennzt við efni hennar. Þeir skulu og greina heimilisföng sín, svo að ekki verði um villzt.

■ **43. gr.** Í áritun notarii publici á erfðaskrá skal geta sömu meginatriða og þeirra, sem greind eru í 42. gr.

□ ...[1]

□ Í reglugerð, sem dómsmálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um umsýslu notarii í sambandi við erfðaskrár.

[1] *L. 86/1989, 16. gr.*

■ **44. gr.** Nú verður maður skyndilega og hættulega sjúkur eða lendir í bráðri hættu, og má arfleiðsla þá fara fram af hans hendi munnlega fyrir tveimur tilkvöddum vottum eða fyrir notario publico. Þeir skulu skrásetja efni erfðaskrár, svo fljótt sem kostur er, og staðfesta með undirritun sinni. Gæta skal hér ákvæða 40. – 43. gr., eftir því sem við getur átt.

□ Erfðaskrá, sem gerð er að hætti 1. málsgreinar, verður ógild, ef arfleifandi hefur ekki endurnýjað hana, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, að honum varð unnt að gera erfðaskrá með venjulegum hætti.



5. *Um vefengingu á erfðaskrám.*

■ **45. gr.** Nú sannast, að arfleifanda brast hæfi, sbr. 34. gr., eða að erfðaskrárákvörðun hefur orðið til með þeim hætti, sem í 37. eða 38. gr. segir, og kemur hún þá ekki til framkvæmda, er erfingi rengir hana.

□ Þegar erfðaskrá, sem er undirrituð af arfleifanda og ber áritun votta, fullnægir ekki ákvæðum 40. – 43. gr. að öðru leyti, og erfingi telur, að ógilda beri erfðaskrá samkvæmt 34. gr. eða 37. – 38. gr., þá verður sá, sem vill byggja rétt á henni, að hrinda staðhæfingu þess, er rengir, með vættisburði arfleiðsluvotta eða öðrum sönnunargögnum.

■ **46. gr.** Um sönnunargildi notarialvottorðs fer sem um önnur opinber skjöl, sbr. 158. gr. laga nr. 85/1936.

□ Nú er yfirlýsing votta í arfleiðsluvottorði fullnægjandi um atriði þau, sem greinir í 42. gr. og 1. málsgr. 44. gr., og skal hún þá talin rétt, nema sá, sem rengir, færi sönnur á hið gagnstæða.

■ **47. gr.** Andmæli gegn gildi erfðaskrár skal bera fram við [sýslumann],[1] skiptaforstjóra eða erfingja, sem skipta einkaskiptum, jafnfljótt og tilefni verður til. Andmæli, sem koma fram eftir skiptalok, skulu ekki tekin til greina, nema það sannist, að erfingi hafi ekki haft tök á að bera þau upp við skiptin eða refsiverðu misferli sé til að dreifa við gerð erfðaskrár eða við skipti erfingja.

[1] *L. 48/1989, 13. gr.*

6. *Um breytingu og afturköllun á erfðaskrám.*

■ **48. gr.** Nú vill arfleifandi breyta einstökum ákvæðum erfðaskrár eða auka við þau, og skal þá gætt sömu reglna og við gerð erfðaskrár.

□ Nú lætur arfleifandi ótvírætt í ljós, að hann taki aftur erfðaskrá sína, og er hún þá fallin úr gildi. Ef erfðaskrá er sameiginleg eða gagnkvæm, er afturköllun því aðeins gild, að hún sé gerð kunn hinum aðiljanum, nema slíkt sé ekki unnt vegna sérstakra ástæðna.

■ **49. gr.** Arfleifandi getur skuldbundið sig gagnvart erfingja sínum eða öðrum aðilja með yfirlýsingu um að gera ekki erfðaskrá eða taka ekki aftur eða breyta erfðaskrá, sem hann hefur þegar gert. Um slíka yfirlýsingu skal gætt reglna 34. gr. og 40. – 43. gr. Nú er arfleifandi ófjárráða, og verður þá samþykki yfirfjárráðanda að koma til.

7. *Um kvaðaarf.*

■ **50. gr.** Nú er sérstök hætta á, að skylduerfingi muni fara ráðleysislega með erfðahlut sinn, og er arfleifanda þá heimilt að setja ákvæði í erfðaskrá um það, hversu fari um skylduarf til einstakra niðja eða maka, svo sem að erfðahlutur lúti reglum um fé ófjárráða, að erfingja sé greidd tiltekin fjárhæð af höfuðstól með vissu millibili eða að óheimilt sé að ráðstafa eign eða leita fullnustu í henni nema með tilteknum hætti. Slík ákvæði í erfðaskrá verða því aðeins gild, að dómsmálaráðuneytið samþykki þau.

□ Dómsmálaráðherra er heimilt að fella niður kvaðir á arfi að nokkru leyti eða öllu, þegar erfingi hefur náð 21 árs aldri og færir sönnur á, að þær ástæður, sem lágu til grundvallar kvöðum, eru ekki framar fyrir hendi. Ráðherra getur einnig leyft, að erfingja séu greiddar hærri

fjárhæðir af arfi en erfðaskrá ákveður, ef brýn nauðsyn erfingja eða fjölskyldu hans krefur.

□ Kvöð á arfi fellur niður í síðasta lagi við andlát erfingja.

■ **51. gr.** [Um varðveislu kvaðaarfs fer sem um fé ólögráða manna, sbr. 39. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984.][1]

□ Nú er arfur bundinn kvöðum, og getur erfingi þá ekki ráðstafað höfuðstólnum með löggerningum, en eindöguðum greiðslum ræður hann samkvæmt almennum reglum, nema erfðaskrá mæli annan veg.

□ Skuldheimtumenn erfingja geta ekki leitað fullnustu í kvaðaarfi, meðan erfingi er á lífi, nema vegna skaðabóta, sem hann hefur verið dæmdur til að gjalda út af refsiverðum verknaði hans eða öðrum verknaði frömdum af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

[1] *L. 48/1989, 14. gr.*

■ **52. gr.** Binda má arf, sem ekki er skylduarfur, kvöðum með erfðaskrá. Ákvæði 2. og 3. málsgr. 50. gr. og 51. gr. eiga við um slíkan arf, nema erfðaskrá geti annars.

8. *Um skýringu á erfðaskrám.*

■ **53. gr.** Nú arfleiðir arfleifandi tvo menn eða fleiri í erfðaskrá, en greinir þar hvorki um erfðahluti þeirra né röð arftaka, og fá arftakar þá allir jafnan erfðahlut.

**VII. kafli. Um dánargjafir.**

■ **54. gr.** Framangreindar reglur um erfðaskrár skulu einnig gilda um þau gjafaloforð, sem ekki er ætlazt til, að komi til framkvæmdar, fyrr en að gefandanum látnum, og gjafir, sem gefnar eru á dánarbeði.

**VIII. kafli. Um erfðarétt erfðafjársjóðs o. fl.**

■ **55. gr.** Nú á maður engan erfingja, og renna þá eigur hans í erfðafjársjóð. Um erfðafjársjóð er nánar mælt í lögum um hann.

□ Dómsmálaráðherra getur vefengt erfðaskrá fyrir hönd sjóðsins. Nú þykir ráðherra sýnt, að erfðaskrá, sem er vefengjanleg, gefi til kynna raunverulegan vilja arfleifanda, og getur hann þá látið hjá líða að rengja erfðaskrána. Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að hafna arfi fyrir hönd sjóðsins til hagsbóta fyrir vandamenn arfleifanda, þegar sérstaklega stendur á, einkum ef arfleifandi hefur ekki verið arfleiðsluhæfur eða ekki getað komið því við að gera erfðaskrá.

■ **56. gr.** Nú er erfingi ekki látinn, svo að sannað sé, né talinn látinn samkvæmt dánarúrskurði, og vitjar hann ekki arfs, sem hann hefur þó ekki hafnað, innan 5 ára frá því, að skorað var á erfingja með opinberri innköllun að segja til erfðaréttar síns, og skal þá skipta þeim erfðahluta, sem úthlutað var til erfingjans við erfðaskiptin, með sama hætti og vera mundi, ef erfinginn hefði ekki lifað við andlát arfleifanda.

□ Nú kallar erfingi til arfs eftir skipti á erfðahluta samkvæmt 1. málsgrein, en innan 10 ára frá birtingu innköllunar til erfingja, og getur hann þá endurheimt það fé, sem erfingi hefur hlotið og hann á tilkall til úr hendi hans. Sá, er arf hefur tekið, er þó ekki skyldur að skila arði af hlut eða svara vöxtum, nema viðtaka arfs af hendi hans sé refsiverð.

**IX. kafli. Gildistaka laganna o. fl.**

■ **57. gr.** ...

■ **58. gr.** Lögum þessum skal beita um erfðaskipti eftir þá menn, sem andast eftir gildistöku laga þessara, nema annars sé getið.

■ **59. gr.** Nú situr maki í óskiptu búi við gildistöku laga þessara, og eiga þá ákvæði laganna við um búið upp frá því. Ákvæði þeirra laga, sem í gildi voru, þegar hið skammlífara andaðist, ráða því þó, hverjir taka arf eftir það.



■ **60. gr.** Erfðagerninga, sem stofnað var til í tíð eldri laga og gildir voru eftir þeim lögum, skal meta gilda, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum laga þessara um hæfi arfleifanda og form gernings. Um arfleiðsluheimild og önnur atriði, er varða efni erfðagernings, skal beita ákvæðum þessara laga.

□ Nú reynir á erfðagerning eftir gildistöku laga þessara, en til hans er stofnað í tíð eldri laga, og skal þá meta hann gildan, þótt hann fullnægi ekki reglum eldri laga um hæfi arfleifanda og form erfðagernings, ef hann fullnægir ákvæðum laga þessara um þau efni.

■ **61. gr.** Sérákvæði í lögum um rithöfundarétt og prentrétt og lögum um ættaróðal og erfðaábúð svo og önnur sérákvæði halda gildi sínu, þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

■ **62. gr.** ...

■ [**63. gr.** Ákvæði 1. mgr. 3. gr., 7. – 10. gr., 16. gr. og 31. gr., eins og þeim er breytt frá 1. júní 1989, gilda ekki um lögerfðarétt, um setu í óskiptu búi eða um uppgjör fyrirframgreidds arfs eftir menn sem látnir eru fyrir þann tíma.

□ Meðan lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., nr. 74/1972,[1] eru enn í gildi skulu þeir menn, sem eru skiptaráðendur samkvæmt fyrirmælum þeirra laga, gegna því hlutverki sem sýslumönnum er falið með lögum þessum.][2]

[1] *L. 74/1972 falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 20. gr.* [2] *L. 48/1989, 16. gr.*

# V. d. Kröfuréttindi.

**Jónsbók.** **1281**

**Mannhelgi.**

**Kap. 8. Um óðs manns víg ok hversu með hann skal fara.**

Ef óðr maðr brýzt ór böndum ok verðr hann manns bani, þá skal bæta af fé hans ... ef til er ... En ef óðr maðr særir mann, þá skal arfi uppi láta vera sárbætr ok læknisfé af fé hins óða.[1]

[1] *Sbr. alm. hgl. 19/1940, 15. – 17. gr., sbr. 264. gr.*

**Kap. 13. Um váðaverk.**

Váðaverk eru með mikilli skynsemd greinandi, með hverjum atburðum er þau kunnu til at falla; því at þar sem maðr tekr manni blóð eða leggr eld á mann, eða þat annat með lækningu, er hvártveggi hyggr heilsubót af verða, þá er þat með öllu bótalaust, þó at hinn fái bana eða mein af. Ok í öllum stöðum þeim er menn skulu sér til þarfenda vinna ok með mönnum til hagligra hluta lið at veita, þá eru þessi váðaverk meirr virðandi en hin, er engin nauðsyn dregr til, nema gáleysi ok mikit skammsýni. Nú þó at tveir menn fari í skóg saman, ok skýzt annars öx á annan at óvilja þess er á skapti helt, ok deyr hann af, þá skal hinn bæta fjórðung bóta[1] erfingja hins dauða ... Ok svá skal hvervitna þessi váðaverk bæta, ef þeir hafast þat at er til nytsemdar heyrir, hvárt er menn fá

1281 af mein eða bana at óvilja þess er gerði ... En öll önnur váðaverk, svá sem skjóta eða kasta yfir skip eða hús eða hæðir, eða aðra þarfleysu at gera, hvárt sem menn fá mein af, sár eða bana, at óvilja þess er gerði, þá skal bæta ... Þat má eigi váðaverk kalla, ef maðr höggr eða lýstr til manns, þó at á annan komi en hann vildi, með því at hann vildi einhverjum illt gera. Nú heldr maðr á vápni, en annar rasar á ok skeinist, bæti eptir dómi eptir atvikum ... En ef annarr hrindr honum á vápn, bæti sá. ... En hvar sem maðr hefir komit vápni sínu, ok hafi hann eigi sjálfr á haldit ..., þá bætir hann engu, þó at menn skeinist á ... Nú gengr maðr til leiks, fangs eða skinndráttar at vilja sínum, þá ábyrgist hann sik sjálfr at öllu, þó at hann fái mein eða skaða af ...

[1] *Sbr. alm. hgl. nr. 19/1940, 15. – 17. gr., sbr. 264. gr.*

**Kvennagiptingar.**

**Kap. 12. (Et. 18). Um arfsísetning ok skuldalykning.**

... Vélakaup skal at vettugi hafa. ...

**Kap. 23. (Frfb. 1).**

... Frá ... ómögum[1] skal maðr eigi seljast arfsali, ok engum þeim er áðr eru á féit komnir ...

[1] *L. 80/1947, I. kafli og l. 20/1923, 20. gr.*

**Kap. 30. (Frfb. 8). Um arfván ok arfsöl.**

... Seljast má maðr arfsali, ef hann vill, ef sá er engi ómagi,[1] er hann á fram at færa, eða fær þeim staðfestu, með því móti, at ... skynsamir menn geri þat kaup með honum ok þeim er við tekr. ... En sá er arfsali vill seljast skal fyrst bjóða frændum sínum nánustum ... við honum at taka, þeim er fullar vörzlur hafi.[2] ...

[1] *L. 80/1947, I. kafli og l. 20/1923, 20. gr.* [2] *Sbr. konúrsk. 3. marz 1814.*

**Kaupabálkr.**

**Kap. 1.**[1]

Þat er nú því næst, at várr skal engi fyrir öðrum taka. Ekki skulum vér oss at gripdeildum gera. Dóms er hverr maðr verðr fyrir sínu at hafa. En sá er fyrir öðrum tekr, þá skal hann þat aptr færa, ok bæti þeim er hann tók fyrir. ...

[1] *Sbr. alm. hgl. 19/1940, 260. gr.*

**Kap. 2. Hverir vitni megu bera ok verjast kröfu.**

... Hvervetna þar sem menn kaupa saman at lögum, þá skal aptr ganga oftalt, en fram vantalt, þar til er þeir hafast réttar tölur við.

**Kap. 4. Um vitafé ok skuldaluktning.**

... Nú kemr sá eigi er féit skyldi taka, en sá kemr er reiða skal, þá skal bjóða fé í eindaga, ef nokkurr er sá þar er um sé boðit ... at taka við fé því, þá skal þeim í hönd selja. En ef engi er sá þar, þá skal hann segja ór ábyrgð sinni, ok hafi sá er áðr hafði ok ábyrgist við handvömmum sínum til þess er sá kemr eptir er á, þá skal honum í hönd selja. ...

**Kap. 14.**[1] **Um kaupfox, ef maðr selr einn grip tveimr mönnum senn.**

Nú skulu haldast ... mál þau er bók mælir eigi í móti ok haldast megu at lögum. Þat má eigi haldast, ef maðr selr manni þat er hann hefir öðrum fyrr selt. En ef sá hefir hönd at er síðarr keypti, þá ... á sá kaup at hafa er fyrr keypti, ef honum fullnast vitni. ... Þá er þeim kaupfox er síðarr keypti. ... Þat er kaupfox, ef maðr kaupir þat er hinn átti ekki í er seldi, nema at þess ráði væri selt er átti. Nú skal hann hitta þann, sem honum seldi ok heimta sitt af honum. ...

[1] *Sbr. l. 39/1922, 59. gr.*

**Kap. 21. Hversu vitafé er ok ábyrgð á láni.** 1281

Sá skal lán ábyrgjast er þiggr ok koma heilu heim. ... Nú lér maðr eða selr þat er honum er lét ok misferr þat, þá skal hinn heimta at hvárum sem hann vill, þeim er seldi eða hinum er keypti, ok svá skal hvervetna þar sem maðr selr eða lér annars eigu.

**Kap. 23. Um skuldskeytingar ok umboð.**

Nú heimtir maðr skuld at manni ... ok skuldskeytir hann hann við annan mann þá hefir hann lokit þeirri skuld sér af hendi, ef ... hinn tók þann skuldarstað. ... Svá ok ef maðr fær manni lögligt umboð at heimta fé sitt, þá skal gjaldandi umboðsmanni svara, en eigi eiganda, nema hann hafi ... sjálfr aptr tekit þat umboð.

**Farmannalög.**

**Kap. 28. Um skips lán eða hross.**

Nú lér maðr manni hross sitt eða skip ok vill sá hafa at þörf sinni er lét var, en hinn ferr til er léði ok tekr af honum lánit, þá gjaldi hann ... er átti skip eða hross. En ef sá hefir víðara eða lengr at veðri færu en honum var lét, þá gjaldi hann ... skaða þann er þeim verðr at er léði. Nú lér hann öðrum mönnum þat skip, þá sekjast þeir er hafa, ef þeir vissu þat at sá á eigi at ljá. Nú hyggja þeir at sá megi ráða skipinu, ok varðar hinum einum þá. Nú koma þeir aptr er með skip manns hafa farit, þá skulu þeir upp setja skipit ok búa svá um sem áðr var. Nú megu þeir eigi upp koma, þá skulu þeir fara ok segja þeim manni er skip þat á, at þeir megu eigi upp koma, ok biðja hann tilfarar ok bjóða lið sitt at. Nú vill hann eigi til fara, ok ábyrgist hann þá sjálfr, en þeir ella er með fóru, ok svá ef þeir búa eigi svá um sem áðr var um búit. Ef maðr lér manni skips eða selr á leigu, þá verðr þeim mönnum öllum heimilt skipit til farar er sá þarf í þá för at hafa.

**Þjófabálkr.**

**Kap. 15. Um ábyrgð á geymslufé.**

Nú selr maðr fé sitt til hirzlu af trúnaði öðrum manni, þá skal sá er við tekr hirða ok varðveita sem sitt fé, þat er hann vill vel varðveita ..., nema hann segi þat, þá er hann tók við, at hann vildi at engu ábyrgjast. ... Svá er ok ef hverfr úr einni hirzlu fé sjálfs hans ok þat er hann hirði ...

**Kap. 16. Um ábyrgð á láni ok ef tveir eigu einn grip.**

Nú ef maðr lér grip sinn, þá skal hverr láni heilu heim koma eða gjalda verð eiganda sem ... skynsamir menn meta, nema hinn týnist, er lét var, með láni, því at eigi mátti hann þat lán ábyrgjast er hann mátti eigi líf sjálfs síns. Eigi á erfingi fyrir þat lán at bæta. Heimilt verðr skip eða hross eða annarr gripr þeim er lét er ok öllum þeim er hann vill í þeiri för, ef hann hefir eigi lengr eða víðara. En engum skal hann ljá, ef hinn hefir þat frá skilt er léði. Nú skal engi lán hafa lengr en lét er. ... Nú þó at maðr fari með eyk annars manns at láni eða leigu, þá skal sá ábyrgjast er hest á, þó at hann geri nokkurum skaða, ef eigi er af þess völdum ok vangæzlu er með ferr. Ef maðr tekr grip manns óleigðan, hest eða skip, hvárt sem er meira skip eða minna, eyki eða aðra hluti þvílíka, bæti skaða allan þann, sem hann hefir af. ... En ef maðr tekr skip manns, þá skal hann einni sök fyrir svara sik ok ómaga sína. Ef fleiri menn eru í einni för, þar er óskil verða ger um hrossreiðir eða hrossa eptirrásir, þá sekjast þeir einir er óskil gera á, en ekki þeir er skil vilja á gera. Ef maðr tekr eyk manns, ok sé eigi öðrum um varðveizlu boðit svá at hann viti, ok færir þeim er á ok fari svá með sem hann ætti, þá sekist hann eigi, ef hann vildi hinum í

**1281** því gagn gera. Nú eigu tveir menn eða fleiri saman eyk eða skip eða aðra gripi, þá ábyrgist sá at öllu er með ferr, en hverjum þeira er heimilt í sína þörf, en eigi á hann at ljá eða byggja at óleyfi þess er á með honum. En ef hann gerir þat, þá svari hann þeim er á með honum, en hinn sé sýkn saka er lét var eða leigði. ...

**1936** Nr. 7 1. febr.

## Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

### I. kafli. Um samningsgerð.

■ **1. gr.** Ákvæðum þessa kafla skal beita ef eigi leiðir annað af löggerningnum sjálfum eða af verzlunartízku eða annarri venju.

■ **2. gr.** Hafi sá maður, sem boðizt hefir til að gera samning (tilboðsgjafi), krafizt svars innan ákveðins frests (samþykkisfrests), verður svar, sem tekur tilboðinu (samþykki), að vera komið til hans áður sá frestur sé liðinn.

□ Sé tilboð gert í bréfi, telst fresturinn frá þeim degi, er bréfið var dagsett. Sé tilboð gert í símskeyti, telst fresturinn frá þeirri stund, er skeytið var afhent á símastöð þess staðar, er það var sent frá.

■ **3. gr.** Hafi sá maður, sem tilboð hefir gert í bréfi eða símskeyti, ekki kveðið á neinn samþykkisfrest, verður samþykkið að vera komið til hans áður en liðinn er sá tími, sem hann mátti ætla að til þess þyrfti, er hann gerði tilboðið. Sé eigi annað ljóst af atvikum málsins, skal frestur þessi reiknaður svo, að gert sé ráð fyrir, að tilboðið komi fram á réttum tíma, að gagnaðili hafi nægilegan tíma til umhugsunar, áður en hann svarar, og að svari hans seinki eigi á leiðinni. Sé tilboð gert í símskeyti, skal einnig svara því með símskeyti, ef svarið kemur eigi jafnsnemma fram með öðrum hætti.

□ Hafi tilboð verið gert munnlega og frestur eigi veittur til samþykkis, verður að samþykkja það þegar í stað.

■ **4. gr.** Komi samþykki of seint fram, skal skoða það sem nýtt tilboð.

□ Þetta gildir þó ekki, ef sendandi samþykkisins ætlar, að samþykkið hafi komið fram í tæka tíð og tilboðsgjafa má vera það ljóst. Ef svo er, skal tilboðsgjafi skýra sendanda, án ástæðulausrar tafar, frá því, ef hann vill eigi taka samþykkinu. Að öðrum kosti telst samningur gerður.

■ **5. gr.** Nú er tilboði hafnað, og skuldbindur það þá eigi tilboðsgjafa lengur, þótt samþykkisfrestur sé enn ekki liðinn.

■ **6. gr.** Svar, sem felur í sér samþykki á tilboði, en vegna viðbótar, takmörkunar eða fyrirvara er í ósamræmi við það, skal skoða sem höfnun hins fyrra tilboðs og um leið sem nýtt tilboð.

□ Þetta gildir þó ekki, ef sendandi samþykkisins ætlar að samþykkið sé í samræmi við tilboðið og tilboðsgjafa má vera það ljóst. Ef svo er, skal tilboðsgjafi skýra sendanda frá því, án ástæðulausrar tafar, ef hann vill eigi taka samþykkinu. Að öðrum kosti telst samningur gerður, þess efnis, sem í samþykkinu fólst.

■ **7. gr.** Sé tilboð eða svar við tilboði kallað aftur, er afturköllunin gild, ef hún kom til gagnaðilja áður en eða samtímis því, að tilboðið eða svarið kom til vitundar hans.

■ **8. gr.** Nú hefir tilboðsgjafi lýst því yfir, að hann muni skoða þögn gagnaðilja síns sem samþykki, eða að það er með öðrum hætti ljóst, að hann væntir ekki skýrra svara, og er gagnaðilja þó samt sem áður skylt að svara fyrirspurn um það, hvort hann vilji samþykkja tilboðið. Geri hann það ekki, er tilboðið fallið niður.

■ **9. gr.** Hafi maður sett orðin „án skuldbindingar", eða önnur orð sömu merkingar, í orðsendingu, sem að öðrum kosti mundi teljast tilboð, þá er sú orðsending eigi tilboð, heldur skal skoða hana sem áskorun um að gera tilboð, þess efnis, sem í orðsendingunni felst. Komi slíkt tilboð, innan sennilegs tíma, frá einhverjum, sem orðsendingunni hefir verið beint til, og sá, sem það tilboð fær, má ætla, að það sé gert vegna orðsendingarinnar, þá skal hann, án ástæðulausrar tafar, skýra tilboðsgjafa frá því, ef hann vill ekki taka tilboðinu. Að öðrum kosti telst hann hafa samþykkt það.

### II. kafli. Um umboð.

■ **10. gr.** Geri umboðsmaður löggerning í nafni umbjóðanda og innan takmarka umboðs síns, þá skapar sá löggerningur rétt og skyldu fyrir umbjóðanda, án þess, að frekari löggerningur, frá umboðsmanni eða umbjóðanda, þurfi til að koma.

□ Sé maður, samkvæmt samningi við annan mann, í stöðu, er eftir lögum eða venju felur í sér heimild til þess að reka erindi hins innan vissra takmarka, þá telst hann hafa umboð til þess að gera þá löggerninga, sem innan þeirra takmarka eru.

■ **11. gr.** Hafi umboðsmaður, er hann gerði löggerning, brotið í bág við þau fyrirmæli, er umbjóðandi gaf honum, og hafi þriðja manni verið þetta ljóst eða mátt vera það ljóst, þá er sá löggerningur ekki skuldbindandi fyrir umbjóðanda, enda þótt hann sé innan takmarka umboðsins.

□ Sama gildir, enda þótt þriðji maður sé grandlaus, ef um þau umboð er að ræða, sem getið er í 18. gr.

■ **12. gr.** Nú vill umbjóðandi afturkalla eitthvert umboða þeirra, sem ræðir um í 13. – 16. gr., og skal hann þá gæta þess, sem fyrir er mælt í greinum þessum, eftir því sem við á, og það eins, þótt hann hafi skýrt umboðsmanninum frá því, að umboðið skuli eigi lengur vera í gildi. Eigi fyrirmæli fleiri en einnar af greinum þessum við um sama umboð, skal þeirra allra gæta.

□ Hafi umboð verið kallað aftur með þeim hætti, sem segir í 13. gr., þá getur þriðji maður sá, er þá afturköllun fékk, eigi borið það fyrir sig, að umboðið hefði einnig átt að afturkalla með öðrum hætti.

■ **13. gr.** Hafi umbjóðandi komið umboðinu til vitundar þriðja manns með yfirlýsingu, sem beint var til þess manns sérstaklega, þá er það umboð afturkallað, er sérstök yfirlýsing umbjóðanda, um að það skuli eigi gilda lengur, er komin til þess þriðja manns.

■ **14. gr.** Umboð, sem umbjóðandi hefir birt í blöðum eða með öðrum álíka almennum hætti, verður afturkallað með yfirlýsingu, er birt sé með sama hætti og umboðið var birt.

□ Verði því eigi við komið, skal birta afturköllun umboðsins með öðrum álíka tryggilegum hætti. Ef umbjóðandi óskar þess, getur hann fengið fyrirmæli valdsmanns þess, er getur um í 17. gr., um það, hversu birtingu þessari skuli hagað.

□ Þinglýsing umboðs telst ekki almenn birting þess.

1936 Nr. 7 1. febr.

■ **15. gr.** Umboð þau, sem ræðir um í 2. málsgr. 10. gr., teljast afturkölluð, er umboðsmaðurinn lætur af starfanum.

■ **16. gr.** Skriflegt umboð, sem fengið er umboðsmanni í hendur, til þess að hann sýni það þriðja manni, er afturkallað, ef því, eftir kröfu umbjóðanda, er skilað honum aftur eða það er eyðilagt.

□ Umboðsmanni er skylt að skila umboðinu aftur, er umbjóðandi krefst þess.

■ **17. gr.** Nú leiðir umbjóðandi líkur að því, að umboð, slíkt sem um er rætt í 16. gr., sé glatað eða að hann af öðrum ástæðum geti ekki fengið það aftur innan hæfilegs tíma, og má þá fá það lýst ógilt.

□ Beiðni um ógildingu skal senda héraðsdómara á lögheimili umbjóðanda eða á þeim stað, er umbjóðandi síðast átti lögheimili. Þyki dómara ástæða til þess að taka beiðnina til greina gefur hann út úrskurð um, að umboðið skuli vera ógilt, þegar úrskurðurinn hefir verið birtur í Lögbirtingablaðinu einu sinni og liðinn er tiltekinn tími, sem eigi má vera lengri en 14 dagar frá þeirri birtingu. Dómarinn getur kveðið svo á í úrskurðinum, að hann skuli, auk birtingarinnar í Lögbirtingablaðinu, einnig birtur með öðrum hætti.

□ Úrskurði dómara samkv. grein þessari verður eigi áfrýjað til æðra dóms.

■ **18. gr.** Umboð, sem felst aðeins í yfirlýsingu umbjóðanda til umboðsmannsins, verður afturkallað, er yfirlýsing umbjóðanda, um að umboðið skuli eigi gilda framar, er komin til umboðsmannsins.

■ **19. gr.** Nú hefir umboð verið afturkallað eða lýst ógilt, en umbjóðandi hefir sérstaka ástæðu til að ætla, að umboðsmaður muni samt sem áður gera löggerning sín vegna við ákveðinn þriðja mann, sem umbjóðandi má ætla, að sé ókunnugt um, að umboðið er fallið úr gildi, og verður hann þá að skýra þriðja manni frá því, ef honum er það unnt. Að öðrum kosti verður löggerningurinn skuldbindandi fyrir hann, ef þriðji maður var grandlaus.

■ **20. gr.** Nú hefir umboð hvorki verið afturkallað né lýst ógilt, en umbjóðandi hefir bannað umboðsmanninum að nota það eða á annan veg gefið til kynna, að hann vilji eigi, að umboðið sé lengur í gildi, og verður þá löggerningur, sem umboðsmaðurinn gerir samkvæmt því umboði, eigi skuldbindandi fyrir umbjóðanda, ef þriðja manni var þetta kunnugt eða honum mátti vera það kunnugt.

■ **21. gr.** Andist umbjóðandi, heldur umboðið samt sem áður gildi sínu, nema sérstakar ástæður sýni, að það skuli falla úr gildi. Löggerningur, sem umboðsmaðurinn gerir samkvæmt umboðinu, verður þó jafnan gildur gagnvart dánarbúi umbjóðanda, ef þriðja manni var ókunnugt um andlát umbjóðanda og áhrif þess á heimild umboðsmannsins til að gera löggerninginn og eigi varð ætlazt til þess, að honum væri þetta kunnugt. Sé um þau umboð að ræða, sem getur um í 18. gr., er löggerningurinn þó því aðeins gildur, að umboðsmanninum hafi eigi heldur verið um þetta kunnugt eða mátt vera það.

□ Nú er dánarbú umbjóðanda tekið til opinberrar skiptameðferðar, og fellur þá umboðið úr gildi.

■ **22. gr.** Hafi umbjóðandi verið sviptur lögræði, öðlast þriðji maður ekki frekari rétt á hendur honum, með löggerningi við umboðsmanninn, en hann hefði öðlazt, ef hann hefði gert gerninginn við umbjóðanda sjálfan. Þegar svo stendur á, að þriðji maður hefði eigi getað borið gerninginn fyrir sig gagnvart umbjóðanda, ef hann hefði vitað um lögræðissviptinguna eða mátt vera um hana kunnugt, þá getur hann eigi heldur borið gerninginn fyrir sig, ef umboðsmanninum var kunnugt um lögræðissviptinguna eða mátti vera um hana kunnugt, er hann gerði gerninginn, og um þau umboð var að ræða, sem getur um í 18. gr.



■ **23. gr.** Ef bú umbjóðanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, öðlast þriðji maður ekki frekari rétt á hendur þrotabúinu, með löggerningi við umboðsmanninn, en hann hefði öðlazt, ef hann hefði gert gerninginn við þrotamanninn sjálfan. Hafi gerningurinn verið gerður samkvæmt umboði, sem ræðir um í 18. gr., getur þriðji maður eigi borið hann fyrir sig, hafi umboðsmanninum verið kunnugt um gjaldþrotin eða mátt vera um þau kunnugt, er hann gerði gerninginn.

■ **24. gr.** Nú hefir umbjóðandi andazt, verið sviptur lögræði eða bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta, og getur þá umboðsmaður samt sem áður gert þá gerninga samkvæmt umboði sínu, sem nauðsynlegir eru til þess að verja búið eða umbjóðanda tjóni, fram til þess, að búið eða lögráðamaður umbjóðanda geta gert þær ráðstafanir, sem gera þarf.

■ **25. gr.** Sá, sem kemur fram sem umboðsmaður annars manns, ábyrgist, að hann hafi nægilegt umboð. Sanni hann eigi, að hann hafi slíkt umboð eða að gerningur sá, sem hann gerði, hafi verið samþykktur af þeim manni, sem hann taldi sig hafa umboð frá, eða að gerningurinn af öðrum ástæðum sé skuldbindandi fyrir þann mann, skal hann bæta það tjón, sem þriðji maður verður fyrir við það, að gerningnum verður eigi beitt gegn þeim manni, sem sagður var vera umbjóðandi.

□ Þetta gildir þó eigi, ef þriðji maður vissi eða mátti vita, að sá maður er gerninginn gerði, hafði eigi nægilegt umboð, né heldur ef sá maður, sem gerninginn gerði, fór eftir umboði, sem var ógilt af ástæðum, sem honum var ókunnugt um og þriðji maður gat eigi búizt við, að honum væri kunnugt um.

■ **26. gr.** Ákvæði þessa kafla um umboð til að gera löggerninga gilda einnig, eftir því sem við á, um umboð til að taka við löggerningum fyrir umbjóðanda hönd.

■ **27. gr.** Um afturköllun prókúruumboðs, sem tilkynnt hefir verið til verzlunarskrár, fer eftir ákvæðum 7. og 32. gr. laga um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð frá 13. nóv. 1903. Hafi afturköllunin verið skrásett og birt með lögboðnum hætti, þarf umbjóðandi eigi einnig að kalla umboðið aftur með öðrum hætti.

**III. kafli. Um ógilda löggerninga.**

■ **28. gr.** Hafi maður með ólögmætum hætti verið neyddur til að gera löggerning, og nauðungin er fólgin í líkamlegu ofbeldi eða hótunum um að beita því þegar í stað, þá er sá löggerningur eigi skuldbindandi fyrir þann mann, sem neyddur var.

□ Nú hefir þriðji maður beitt nauðunginni, en sá maður, sem löggerningnum var beint til, var grandlaus, og verður þá sá, sem neyddur var, ef hann vill bera nauðungina fyrir sig, að skýra honum frá því, án ástæðulausrar tafar, eftir að nauðunginni létti af. Að öðrum kosti er hann skuldbundinn samkvæmt löggerningnum.

■ **29. gr.** Hafi maður með ólögmætum hætti neytt annan mann til að gera löggerning, og þó eigi beitt slíkri

**1936** Nr. 7 1. febr.

nauðung, sem ræðir um í 28. gr., þá er sá löggerningur eigi skuldbindandi fyrir þann, sem neyddur var, ef sá maður, sem tók við löggerningnum, hefir sjálfur beitt nauðunginni eða hann vissi eða mátti vita, að löggerningurinn var gerður vegna ólögmætrar nauðungar af hálfu annars manns.

■ **30. gr.** Löggerningur skuldbindur eigi þann mann, sem gerði hann, ef hann var fenginn til þess með svikum, og sá maður, sem við löggerningnum tók, beitti sjálfur svikunum eða hann vissi eða mátti vita, að gerningurinn var gerður fyrir svik annars manns.

□ Hafi sá, sem tók við löggerningnum, sviksamlega skýrt rangt frá atvikum, sem ætla mátti að skiptu máli um löggerninginn, eða hann hefir sviksamlega þagað yfir slíkum atvikum, skal líta svo á, sem gerningurinn hafi verið gerður fyrir þau svik, nema það sannist, að þessi atriði hafi engin áhrif haft um það, að löggerningurinn var gerður.

■ **31. gr.** [Hafi nokkur maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða léttúð eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér hagsmuna eða áskilja sér þá þannig að bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því er fyrir þá kom eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, skal gerningur sá, er þannig er til kominn, ógildur gagnvart þeim aðila er á var hallað með honum. Sama gildir þótt annar maður en sá, sem gerningurinn var gerður við, eigi sök á misferli því sem getið er í 1. málsl. þessarar greinar, enda sé þeim, er haginn átti að hafa af gerningnum, það kunnugt eða megi vera það kunnugt.][1)]

[1)] *L. 11/1986, 1. gr.*

■ **32. gr.** [Löggerningur, sem vegna misritunar eða annarra mistaka af hálfu þess er gerði hann hefur orðið annars efnis en til var ætlast, er ekki skuldbindandi fyrir þann sem gerði hann ef sá maður, sem löggerningnum var beint til, vissi eða mátti vita að mistök hefðu átt sér stað.

□ Nú er löggerningur sendur í símskeyti og aflagast hann í meðförum símans og er hann þá eigi skuldbindandi fyrir sendanda í þeirri mynd sem hann kemur fram í, og það enda þótt móttakandi sé grandlaus. Sama gildir sé munnlegum löggerningi, sem boðbera er falið að skila, skilað röngum.

□ Eigi sendandi sök á mistökunum skal honum skylt að bæta móttakanda það tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim. Nú fær sendandi vitneskju um mistökin og skal hann þá, án ástæðulausrar tafar, skýra gagnaðilja frá því ef hann ætlar að bera þau fyrir sig. Að öðrum kosti gildir löggerningurinn svo sem hann var er hann kom til móttakanda nema því aðeins að móttakandi hafi vitað um mistökin eða mátt um þau vita.][1)]

[1)] *L. 11/1986, 2. gr.*

■ **33. gr.** [Löggerning, sem ella mundi talinn gildur, getur sá maður, er við honum tók, eigi borið fyrir sig ef það yrði talið óheiðarlegt vegna atvika sem fyrir hendi voru þegar löggerningurinn kom til vitundar hans og ætla má að hann hafi haft vitneskju um.][1)]

[1)] *L. 11/1986, 3. gr.*

■ **34. gr.** [Nú hefur skriflegur löggerningur verið gerður til málamynda og hefur sá maður, sem við gerningnum tók, framselt grandlausum þriðja manni rétt sinn samkvæmt honum og verður það þá eigi borið fram gegn þeim manni að gerningurinn hafi verið gerður til málamynda.][1)]

[1)] *L. 11/1986, 4. gr.*

**1936** Nr. 7 1. febr.

■ **35. gr.** [Hafi kröfuhafi gegn vilja sínum misst kvittun fyrir peningaupphæð er skuldari samt sem áður laus mála ef hann í grandleysi greiðir, á gjalddaga eða eftir, gegn afhendingu kvittunarinnar.][1)]

[1)] *L. 11/1986, 5. gr.*

■ **36. gr.** [Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Hið sama á við um aðra löggerninga.

□ Við mat skv. 1. mgr. skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til.][1)]

[1)] *L. 11/1986, 6. gr.*

■ **37. gr.** [Hafi maður, í því skyni að varna samkeppni, áskilið sér hjá öðrum manni að sá maður reki eigi verslun eða aðra atvinnu, eða hann ráði sig eigi til starfa við slíkt fyrirtæki, þá er það loforð eigi bindandi fyrir þann mann ef telja verður, þegar litið er til allra atvika, að skuldbinding þessi sé víðtækari en nauðsynlegt er til þess að varna samkeppni eða hún skerði með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi þess manns sem tókst þessa skyldu á herðar. Við mat á hinu síðastnefnda atriði skal einnig hafa hliðsjón af því hverju það varðar rétthafann að þessi skuldbinding sé haldin.

□ Hafi starfsmaður við verslun eða annað fyrirtæki tekið á sig slíka skuldbindingu, sem getur um í 1. mgr., gagnvart þeim, sem fyrirtækið rekur, og skuldbinding hans á að gilda eftir að ráðningu hans við fyrirtækið er lokið þá er sú skuldbinding ógild ef honum er sagt upp stöðunni eða vikið úr henni án þess að hann hafi sjálfur gefið nægilega ástæðu til þess eða ef hann sjálfur fer löglega úr stöðunni sakir þess að sá, sem fyrirtækið rekur, vanefnir skyldur sínar við hann.][1)]

[1)] *L. 11/1986, 7. gr.*

**IV. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **38. gr.** Nú er gildi samnings eða annars löggernings samkvæmt lögum þessum komið undir því, að sá maður, sem löggerningnum er beint til, hafi eigi haft eða mátt hafa vitneskju um tiltekin atvik eða að hann að öðru leyti hafi verið grandlaus, og skal þá á það líta, sem hann vissi eða mátti vita á þeirri stund, er löggerningurinn kom til vitundar honum. Þegar sérstaklega stendur á, má þó einnig líta á þá vitneskju, sem hann fékk eða mátti hafa fengið eftir þann tíma, en áður en löggerningurinn hafði áhrif um ráðstafanir hans.

■ **39. gr.** [Nú hefur maður afhent tilkynningu skv. 4., 6., 9., 19., 28. og 32. gr. laga þessara til flutnings með síma, pósti eða öðru því flutningstæki sem gilt þykir að nota og kemur það þá eigi honum að sök þótt þeirri tilkynningu seinki eða hún komist eigi til skila.][1)]

[1)] *L. 11/1986, 8. gr.*

■ **40. gr.** Lög þessi gilda eigi um löggerninga, er lúta að málefnum, sem reglur persónuréttarins, sifjaréttarins eða erfðaréttarins gilda um.

## Vaxtalög.

**1987** Nr. 25 27. mars

**I. kafli. Gildissvið.**

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um vexti af peningakröfum á

sviði fjármunaréttar og á öðrum sviðum réttarins, eftir því sem við getur átt, nema öðruvísi sé kveðið á í lögum.

■ **2. gr.** Auk vaxta taka lög þessi til annars endurgjalds sem áskilið er eða tekið fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar.

■ **3. gr.** Ákvæði II. og III. kafla laga þessara um ákvörðun vaxta gilda því aðeins að ekki leiði annað af lögum, samningum eða venju.

**II. kafli. Almennir vextir.**

■ **4. gr.** Almenna vexti skal því aðeins greiða af peningakröfum fram að gjalddaga þeirra að það leiði af samningum, venju eða lagafyrirmælum.

■ **5. gr.** [Þegar samið er um vexti af peningakröfu, en hundraðshluti þeirra ekki tiltekinn, skulu vextir frá því að til skuldar er stofnað vera á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.][1)]

[1)] *L. 67/1989, 1. gr.*

■ **6. gr.** Sé samið um breytilega vexti í samræmi við hæstu lögleyfða vexti eða hæstu vexti á markaðnum á hverjum tíma skal miða við hæstu gildandi vexti af hliðstæðum lánum sem eru í almennri notkun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eins og þeir eru á hverjum tíma.

■ **7. gr.** [Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað og vera á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Sé skaðabótakrafa miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik varð ber krafan þó vexti frá þeim tíma.][1)]

[1)] *L. 67/1989, 2. gr.*

■ **8. gr.** Viðskiptabönkum og sparisjóðum ber án tafar að tilkynna Seðlabanka Íslands um öll vaxtakjör og breytingar á þeim í því formi sem Seðlabankinn krefst. [Verðbréfafyrirtæki skulu einnig tilkynna Seðlabankanum um breytingar á ávöxtunarkröfum sem gerðar eru fyrir verðbréfasjóði í þeirra umsjá og eignarleigufyrirtækjum skal skylt að upplýsa bankann um almennar breytingar á eignarleigukjörum sem þau bjóða.][1)]

□ Seðlabankinn skal fyrir lok mánaðar birta í Lögbirtingablaði í aðgengilegu formi öll almenn vaxtakjör hvers viðskiptabanka og sparisjóðanna sameiginlega, svo og vegið meðaltal þeirra svo sem áskilið er í lögum þessum og skal hver tilkynning lögð til grundvallar samkvæmt lögunum næsta mánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist.

[1)] *L. 67/1989, 3. gr.*

**III. kafli. Dráttarvextir.**

■ **9. gr.** [Hafi gjalddagi verið fyrir fram ákveðinn skulu dráttarvextir reiknast af peningakröfu frá og með gjalddaga, ef eigi er greitt á gjalddaga, fram að greiðsludegi.

□ Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum.][1)]

□ Nú er ekki samið um gjalddaga kröfu og er þá heimilt að reikna dráttarvexti þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara um greiðslu. Sé sá mánaðardagur, sem greiðslukrafan miðast við, ekki til í næsta mánuði skal skuldari greiða dráttarvexti frá og með síðasta degi þess mánaðar.

□ Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr.[2)] er ætíð heimilt að reikna dráttarvexti frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til heimtu kröfunnar, sbr. þó 15. gr. um skaðabætur.

[1)] *L. 67/1989, 4. gr.* [2)] *Nú 3. mgr., sbr. l. 67/1989, 4. gr.*

■ **10. gr.** Dráttarvextir af peningakröfum í íslenskum gjaldmiðli skulu ákveðnir af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti að hlutfallið milli dráttarvaxta, að viðbættri tölunni 100, og ávöxtunar nýrra almennra útlána skv. 2. mgr. þessarar greinar, að viðbættri tölunni 100, sé á bilinu 1,05 til 1,10.

□ [Seðlabanki Íslands skal eigi sjaldnar en mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingablaði ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. og skulu þeir dráttarvextir gilda uns næsta tilkynning er birt í Lögbirtingablaði.][1)]

□ Viðskiptaráðherra setur, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands, nánari reglur[2)] um grundvöll og útreikning meðalávöxtunar og dráttarvaxta samkvæmt grein þessari og 11. gr.

[1)] *L. 9/1989, 19. gr.* [2)] *Rg. 287/1987, sbr. 12/1990.*

■ **11. gr.** Dráttarvextir af löglegum peningakröfum í erlendum gjaldmiðli skulu ákveðnir af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti að hlutfallið milli dráttarvaxta, að viðbættri tölunni 100, og meðalvaxta viðkomandi gjaldmiðils á innlendum gjaldeyrisreikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum, að viðbættri tölunni 100, sé á bilinu 1,05 til 1,10.

□ Um útreikning Seðlabanka Íslands á meðalávöxtun og ákvörðun dráttarvaxta skv. 1. mgr. greinarinnar, birtingu útreiknings og gildistíma dráttarvaxta fer eftir ákvæðum 2. mgr. 10. gr. laga þessara.

□ Sé um gjaldmiðil að ræða sem ekki er gefinn kostur á að eiga á innlendum gjaldeyrisreikningi hér á landi eða gjaldmiðil sem ekki er skráður hér á landi skal miða við vexti af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum í hlutaðeigandi landi samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands.

■ **12. gr.** Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Aldrei skal reikna slíka vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti.

■ **13. gr.** Ef atvik, sem varða kröfuhafa og skuldara verður ekki um kennt, valda því að greiðsla fer ekki fram skal ekki reikna dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður af þessum sökum.

■ **14. gr.** Sé mál höfðað til heimtu peningakröfu og dráttarvaxta krafist má, þrátt fyrir ákvæði 88. gr., sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981, dæma dráttarvexti frá þeim tíma, er mál telst höfðað, til greiðsludags enda þótt vaxtahæð sé ekki tilgreind í stefnu.

□ [Sé mál hins vegar höfðað til heimtu peningakröfu sem gjaldféll eftir gildistöku laga þessara og dráttarvaxta er krafist skv. 10. gr. má dæma dráttarvexti frá gjalddaga kröfunnar skv. 9. gr. fram að greiðsludegi enda þótt vaxtahæð sé ekki tilgreind í stefnu.][1)]

[1)] *L. 67/1989, 5. gr.*

■ **15. gr.** Skaðabótakröfur skulu bera dráttarvexti

skv. 1. mgr. 10. gr. að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Dómstólar geta þó ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta.

■ **16. gr.** Þegar greiða skal dráttarvexti samkvæmt lögum þessum skulu almennir vextir, verðbætur eða annað umsamið álag falla niður.

**[IV. kafli. Vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða.]**[1)]

[1)] *L. 67/1989, 6. gr.*

■ **[17. gr.** Ákvæði þessa kafla gilda um lánskjör opinberra fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna sem starfa samkvæmt sérstökum lögum.][1)]

[1)] *L. 67/1989, 6. gr.*

■ **[18. gr.** Fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna endurlána það fé sem þeir fá til ráðstöfunar með sambærilegum lánskjörum og þeir sæta sjálfir að viðbættum hæfilegum vaxtamun og að teknu tilliti til annarra tekna sjóðanna. Jafnframt skulu þeir gæta þess að gengistryggðar, verðtryggðar og óverðtryggðar eignir og skuldbindingar standist í meginatriðum á.

□ Viðskiptaráðherra lætur fara fram árlega og oftar, ef þurfa þykir, athugun á lánskjörum fjárfestingarlánasjóða, sbr. ákvæði 1. mgr., og skal þá bera þau saman við samsetningu þess fjármagns sem sjóðirnir hafa yfir að ráða og þau lánskjör sem almennt gilda á lánamarkaði á sambærilegum lánveitingum.][1)]

[1)] *L. 67/1989, 6. gr.*

■ **[19. gr.** Viðskiptaráðherra er heimilt að undangenginni athugun skv. 2. mgr. 18. gr. og að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands að setja meginreglur um lánskjör þeirra fjárfestingarlánasjóða sem ákvæði þessa kafla ná til. Stjórnir þeirra sjóða, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera tillögur til Seðlabanka Íslands um lánskjör þeirra innan ramma slíkra meginreglna.

□ Seðlabanki Íslands staðfestir ákvörðun stjórnar fjárfestingarlánasjóðs um lánskjör enda leiði undanfarandi athugun í ljós að hún samræmist meginreglu skv. 1. mgr.][1)]

[1)] *L. 67/1989, 6. gr.*

**[V. kafli.][1)] Viðurlög og málsmeðferð.**

[1)] *L. 67/1989, 6. gr.*

■ **[20. gr.][1)]** [Hver, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er til skuldar er stofnað, sbr. 8. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

□ Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, skulu gildandi vaxtamörk útlána þau sömu og Seðlabankinn ákveður.][2)]

□ Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til þeirra sem bera fyrir sig eða framselja samning eins og þar er lýst eða hafa af honum óréttmætan ávinning. Um hlutdeild í brotum að öðru leyti og um tilraun til brota fer eftir III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

□ Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

[1)] *L. 67/1989, 6. gr.* [2)] *L. 67/1989, 7. gr.*

■ **[21. gr.][1)]** Hver, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi áskilur sér hærri dráttarvexti en leyfilegt er samkvæmt lögum þessum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

□ Ákvæði 2. og 3. mgr. 17. gr.[2)] taka til brota gegn þessari grein, eftir því sem við getur átt.

[1)] *L. 67/1989, 6. gr.* [2)] *Nú 3. og 4. mgr. 20. gr., sbr. l. 67/1989, 7. gr.*

■ **[22. gr.][1)]** Ef samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti telst ólögmætur er sá samningur ógildur og hafi endurgjald verið greitt ber kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft. Oftekna vexti fram að gjalddaga skuldar skal þá miða við það sem er umfram hæstu auglýstu útlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða á hliðstæðum lánum á þeim tíma er til skuldar var stofnað.

[1)] *L. 67/1989, 6. gr.*

■ **[23. gr.][1)]** Mál út af refsiverðum brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Endurgreiðslukröfur og aðrar einkaréttarkröfur má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

[1)] *L. 67/1989, 6. gr.*

**[VI. kafli.][1)] Gildistaka og bráðabirgðaákvæði.**

[1)] *L. 67/1989, 6. gr.*

■ **[24. gr.][1)]** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., sbr. lög nr. 71/1965 og lög nr. 56/1979, um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

□ Ákvæði II. kafla laga þessara taka til allra skulda sem stofnast eftir gildistöku laganna.

[1)] *L. 67/1989, 6. gr.*

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** Refsiákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., skal halda gildi sínu um þau opinber mál sem ríkissaksóknari hefur höfðað til refsingar samkvæmt ákvæði þessu og ekki hafa hlotið fullnaðardóm við gildistöku laga þessara.

■ **II.** Nú segir í lánssamningi, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðir dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma og skulu þá dráttarvextir þessir fara eftir 10. gr. laga þessara.

□ Komi fram í lánssamningi um verðtryggt lán, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að verðtrygging skuli haldast ef greiðsludráttur verður skal regla 16. gr. laga þessara gilda allt að einu um lánssamning þennan.

■ **III.** Nú segir í lánssamningi, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir af láni fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfða vexti á

1987 Nr. 25 27. mars

**1987** Nr. 25 27. mars

hverjum tíma eða hæstu vexti á markaðnum á hverjum tíma og skulu þá vextir af þessum lánum eftir gildistöku laganna verða jafnháir vegnu meðaltali vaxta af hliðstæðum lánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eins og þeir eru á hverjum tíma.

## 1905 Nr. 14 20. okt. Lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

■ **1. gr.** Skuld eða önnur krafa, sem ekki hefir verið viðurkennd eða lögsókn heimt innan þeirra tímatakmarka, er ákveðin eru í lögum þessum, fellur úr gildi fyrir fyrning.

□ Nú á kröfuhafi skuld að lúka skuldunaut sínum, og missir hann þá eigi, þótt fyrningarfrestur líði, rétt til að telja kröfuna til skuldajafnaðar, enda sé hún af sömu rót runnin og skuld hans, eða samið hafi verið fyrirfram um skuldajöfnuð eða slíkt áskilið, áður en fyrningarfrest þraut.

□ Haldsréttur og veðréttur ónýtist ekki, þótt skuldin fyrnist, nema sjálfsvörzluveðréttur í lausafé; hann fellur úr gildi um leið og krafan fyrnist, nema að því er snertir lausafé, sem er löglegt fylgifé með veðsettri fasteign, sbr. 5. og 6. gr. í lögum um veð 4. nóvbr. 1887.

□ Enn fremur fellur úr gildi sjálfsvörzluveðréttur fyrir vöxtum og öðrum kröfum, er ræðir um í 2. tölulið 3. gr., þegar krafan fyrnist.

□ Þau réttindi fyrnast ekki, er hvíla á fasteign sem ævarandi afgjaldskvöð, og eigi heldur kröfur til endurgjalds þegnum sveitarstyrk.

■ **2. gr.** Þessar kröfur fyrnast á 20 árum:

1. Krafa á hendur landssjóði, banka eða sparisjóði um endurgjald á fé, er lagt hefir verið í sjóðinn til ávöxtunar eða geymslu.

Banki telst hver sá, sem samkvæmt tilkynningu til verzlunarskránna rekur bankaatvinnu.

2. Krafa um lífeyri og aðrar slíkar kröfur, sem eru fólgnar í rétti til þess með vissu millibili að krefjast fjárframlags, er ekki getur talizt afborgun af skuld.

■ **3. gr.** Þessar kröfur fyrnast á 4 árum:

1. Kröfur út af sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé, sem ekki er afhent sem fylgifé með fasteign, þó svo, að haldi skuldunautur áfram föstum viðskiptum við kaupmann, verksmið eða þvílíkan atvinnureka, og fái árlega viðskiptareikning, fyrnist ekki skuld, er hann kann í að vera við nýár hvert, hvort sem hún stafar frá viðskiptum síðasta árs eða ekki, meðan viðskiptum er haldið áfram óslitið, leigu á fasteign eða lausafé, veru, viðgerning eða aðhlynningu, flutning á mönnum eða munum, vinnu, og hvers konar starfa, sem í té er látinn; þó fyrnist ekki krafa hjús um kaupgjald, meðan það er samfellt áfram í sömu vist.

2. Kröfur um gjaldkræfa vexti, húsaleigu, landskuld, leigur, gjaldkræf laun eða eftirlaun, lífeyri, forlagseyri, meðgjöf eða aðra greiðslu, er greiðast á með vissu millibili og ekki er afborgun af skuld.

3. Kröfur, er lögtaksrétt hafa.

4. Kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum, að undanskilinni ábyrgð á fjárskilum opinberra gjaldheimtumanna eða gjaldkera við opinberar stofnanir eða stofnanir einstakra manna. Enn fremur endurgjaldskrafa sú, er ábyrgðarmaður eða samskuldari hefir á hendur aðalskuldunaut, meðábyrgðarmanni eða samskuldara, út af greiðslu skuldar; endurgjaldskrafan er þó jafnan dómtæk eins lengi og innleysta krafan mundi verið hafa.

5. Krafa um endurgjald á því, er maður hefir greitt í rangri ímyndun um skuldbinding, eða í von um endurgjald er brugðizt hefir, þó svo að móttakandi hafi ekki gert sig sekan í sviksamlegu atferli.

■ **4. gr.** Á 10 árum fyrnast:

1. Kröfur samkvæmt skuldabréfi, dómi eða opinberri sátt, er ekki falla undir ákvæði 2. gr. Að því er snertir kröfur þær, er um ræðir í 2. – 4. tölul. 3. gr., gildir 10 ára fyrning þó því aðeins, að skuldabréf sé út gefið, dómur genginn eða sátt gerð, eftir að krafan féll í gjalddaga, eða var orðin sjálfstæð skuldakrafa á annan veg, eða rentumiði hafi verið útgefinn fyrir vöxtum eða annarri sams konar kröfu.

2. Allar aðrar kröfur, sem ekki er settur annar fyrningarfrestur fyrir í 2. og 3. gr.

■ **5. gr.** Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf. Gjalddagi á verzlunarskuldum telst 31. desbr. ár hvert fyrir þá skuld, sem stofnuð er á árinu, nema samið sé um annan gjalddaga. Fyrningarfrestur á dómkröfum telst frá dómsuppsögn án tillits til fjárnámsfrests.

□ Nú fer gjalddagi skuldar eða annarrar kröfu eftir undanfarandi uppsögn af hálfu kröfueiganda, og telst þá fyrningarfresturinn frá þeim degi, er skuldin í fyrsta lagi gat orðið gjaldkræf eftir uppsögn. Að því er snertir ábyrgð á kröfu, sem fyrnist á 10 eða 20 árum, telst þó 4 ára fyrningartíminn samkvæmt 4. tölulið 3. greinar aðeins frá þeim degi, er krafan á hendur ábyrgðarmanni varð gjaldkræf í raun og veru, jafnvel þótt ábyrgðarkrafan hefði getað fallið fyrr í gjalddaga fyrir uppsögn á aðalkröfunni. En jafnframt fyrnist ábyrgðarkrafan á 10 eða 20 árum frá þeim degi, er hún í fyrsta lagi hefði getað orðið gjaldkræf vegna uppsagnar á aðalkröfunni.

□ Við útreikning á fyrningarfresti á ábyrgðarkröfu skal ekkert tillit taka til þess, þó ekki sé hægt að krefja ábyrgðarmanninn um greiðslu fyrr en reynzt hefir árangurslaust að ná skuldinni inn hjá aðalskuldunaut, eða fyrr en eftir undangengna aðvörun.

□ Að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. tölul. 2. gr., telst fresturinn frá þeim degi, er hin fyrsta greiðsla féll í gjalddaga. Sama gildir um fyrningarfrest á ábyrgð á kröfum þessum.

■ **6. gr.** Nú viðurkennir skuldunautur skuld sína við kröfueiganda annaðhvort með berum orðum eða á annan hátt, – t. d. með því að lofa borgun eða greiða vexti – eftir þann tíma, er fyrningarfrest ella hefði átt að telja frá, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er viðurkenningin átti sér stað, eða frá þeim degi, er skuldin þar á eftir varð gjaldkræf, eða hefði getað orðið gjaldkræf með uppsögn frá kröfueiganda. Hafi skuldabréf verið út gefið eða dómur gengið eða sætt verið gerð um kröfuna, þá fyrnist krafan eftir ákvæðum þeim, er sett eru í 4. gr., sbr. 5. gr.

■ **7. gr.** Ef skuldari dregur sviksamlega dul á, eða vanrækir að skýra frá atvikum, er krafan byggist á, eða valda því, að hún verður gjaldkræf, og skuldaranum bar skylda til að segja frá, þá fyrnist skuldin ekki, hvað sem öðru líður, fyrr en 4 ár eru liðin frá þeim degi, er kröfueigandinn fékk vitneskju um þessi atvik, eða eitt ár er liðið frá dánardegi skuldunauts.

**1905** Nr. 14 20. okt.

■ **8. gr.** Kröfur:

1. sem hjón hafa hvort á annað,

2. sem ómyndugir hafa á hendur fjárhaldsmanni eða yfirfjárráðanda,

3. sem opinberar stofnanir, hlutafélög eða aðrir ópersónulegir kröfueigendur eiga á hendur forstjóra, fyrnast ekki fyrr en fjögur ár eru liðin frá því, að hjónabandinu var slitið, fjárhaldið hætti, eða forstjórinn vék úr stöðu sinni.

■ **9. gr.** Nú deyr skuldari eða kröfueigandi, eða kröfueigandi er sviptur fjárforræði, eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta, og fullt ár er ekki eftir af fyrningartímanum, og lengist þá fresturinn um eitt ár frá áminnztum atburði að telja.

■ **10. gr.** Nú er innköllun til skuldheimtumanna, til að koma fram með kröfur sínar innan ákveðins tíma, útgefin af skuldara eða af búi hans, áður en fyrningarfresturinn er á enda, og fyrnist þá krafan ekki fyrr en innköllunarfresturinn er liðinn.

□ Hafi krafan verið tilkynnt í tæka tíð, og ekki er að ræða um opinber skipti eða gjaldþrotaskipti, sbr. 13. gr., þá fyrnist krafan alls eigi, fyrr en eitt ár er liðið frá því innköllunarfresturinn var á enda.

■ **11. gr.** Málssókn telst byrjuð áður en fyrningarfrestur er liðinn, ef kæra til sáttanefndar eða stefna er birt innan nefnds tíma. Þó má stefnufresturinn ekki vera lengri en nauðsyn krefur, ef kæran eða stefnan á að takast fyrir eftir að fyrningarfresturinn er liðinn. Því aðeins skal álíta málssókn byrjaða, áður en málinu er stefnt til dóms, að stefnan sé birt svo fljótt sem unnt er, eftir að málinu var vísað til dóms og laga frá sáttanefndinni, og stefnufrestur ekki ónauðsynlega langur eins og fyrr segir. Þá er opinber stefna er viðhöfð, telst málshöfðun byrjuð þann dag, er stefnan er birt í fyrsta sinni í blaði því, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Þegar gagnkrafa er gerð til skuldajafnaðar, án þess að gagnsóknarmál sé höfðað, telst sóknin byrjuð, þegar gagnkrafan er gerð fyrir dóminum. Nú er máli vísað frá dómi eða hafið, eða það fellur niður af öðrum ástæðum, án þess dómur gangi um kröfuna, og hefir þá kröfueigandi rétt til, þótt fyrningarfresturinn sé liðinn, að höfða nýtt mál gegn varnaraðilja í hinu fyrra máli, eða þeim, er komið hefir í hans stað, innan 6 mánaða frá því málinu var frávísað, eða það var hafið eða á annan hátt niðurfellt. Hið sama gildir, ef hinu síðara máli, eða síðari málum verður frávísað, eða þau á annan hátt niðurfalla án efnisdóms.

□ Nú er máli heimvísað til nýrrar meðferðar við lægri dómstól, og hefir þó kröfueigandi heimild til, þótt fyrningarfresturinn sé liðinn, að fá málið tekið fyrir á ný innan 6 mánaða.

■ **12. gr.** Þar sem lögtak eða fjárnám má gera án undanfarins dóms eða sáttar, er krafan sótt í tæka tíð, þegar fjárnámið eða lögtaksgerðin eða nauðungaruppboðið – þar sem ganga má fram hjá fjárnámi – er byrjað áður en fyrningarfrestur er liðinn. Verði fjárnámið ekki framkvæmt vegna framkominna mótmæla, eða það fellt úr gildi við æðri dómstól, getur kröfueigandi látið framkvæma fjárnám, lögtak eða nauðungaruppboð á ný samkvæmt ákvæðum 11. gr., og telst 6 mánaða fresturinn frá því, er hin fyrri sókn endaði.

■ **13. gr.** Þá er bú skuldunauts hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða opinberrar skiptameðferðar samkvæmt skiptalögum 12. apríl 1878, eða búinu er skipt af löggiltum skiptaforstjórum, kemur krafa í búið í stað lögsóknar. Sé krafan viðurkennd, en henni ekki fullnægt af eignum búsins, fyrnist krafa sú, er kröfueigandi kann að hafa á hendur skuldara eða erfingjum hans, samkvæmt þeim ákvæðum, sem sett eru í 1. tölulið 4. gr., þannig að 10 ára fresturinn telst í fyrsta lagi frá skiptalokum. Ef krafan þar á móti hefir ekki verið viðurkennd, þá hefir kröfueigandinn rétt til, þótt fyrningarfresturinn sé á enda, að byrja nýja málssókn innan 6 mánaða frá skiptalokum að telja, eða hafi kröfunni verið hrundið með úrskurði skiptaréttar eða dómi æðri réttar, innan 6 mánaða frá því, að úrskurðurinn eða dómurinn var uppkveðinn.

■ **14. gr.** Nú vill sá, er mál hefir höfðað, gera kröfu á hendur öðrum manni, til greiðslu að öllu leyti eða að nokkru leyti á því, er hann kynni ekki að fá sér tildæmt eða ná inn hjá þeim, er hann hefir höfðað málið á móti, og er þá það nægilegt til þess að halda kröfunni í gildi, að kröfueigandinn hafi áður en fyrningarfresturinn var á enda, gert hlutaðeiganda, eftir reglum þeim, er gilda um birtingu á stefnum, aðvart um málssóknina, enda skal hann þá sækja rétt sinn að lögum innan 6 mánaða, eftir að hinni fyrri málssókn var lokið.

□ Samsvarandi ákvæði gilda, ef sá, sem stefnt er, vill koma fram kröfu á hendur öðrum manni um fullnustu fyrir það, er hann kann að þurfa að greiða.

■ **15. gr.** Ef ekki er auðið að svo stöddu að sækja við dómstóla á Íslandi mál út af kröfu, sem fyrnist samkvæmt íslenzkum lögum, þá getur kröfueigandi, með því að tilkynna landsyfirdómnum[1] kröfu sína, áður en fyrningartíminn er liðinn, haldið rétti sínum óskertum, til að sækja rétt sinn að lögum, annaðhvort innan árs eftir að skilyrði voru fengin fyrir því, að innheimta mætti skuldina við íslenzkan dómstól, eða innan 10 ára frá því tilkynningin var gerð.

□ Þessi tilkynning á að vera skrifleg, og skal innfæra hana í bók.

□ Stjórnarráðið setur ítarlegri reglur[2] um, hvernig haga skuli tilkynningum þessum og um gjald fyrir innfærsluna; gjaldið rennur til dómsmálaritara.[3]

[1] *Nú Hæstarétti, sbr. l. 75/1973, 60. gr.* [2] *Reglur 142/1910.* [3] *Nú hæstaréttarritara.*

■ **16. gr.** Þótt krafan sé fyrnd samkvæmt framannefndum ákvæðum, skal það þó ekki vera því til fyrirstöðu, að sakamaður, sem dæmdur er fyrir glæp, sé jafnframt dæmdur til að greiða skaðabætur til þess, er skaða hefir beðið við glæpinn. Séu skaðabæturnar ekki ákveðnar í sakamáladóminum, getur sá, er misgert var við, höfðað sjálfstætt mál gegn hinum sakfellda innan 6 mánaða frá dómsuppsögn.

■ **17. gr.** Þegar arðberandi skuld fyrnist, falla jafnframt úr gildi allir áfallnir vextir af skuldinni.

□ Samsvarandi ákvæði gildir einnig um kröfur, sem eru fólgnar í rétti til að krefjast fjárframlags með vissu millibili, og ekki getur talizt afborgun af höfuðstóli.

■ **18. gr.** Krafa samkvæmt peningaseðli eða bankaseðli fyrnist ekki.

■ **19. gr.** Samningur um lengri fyrningarfrest en framan er ákveðinn er löglegur að því er snertir:

1. Skuldabréf, er ganga eiga kaupum og sölum

1905 Nr. 14 20. okt.

manna á milli og út eru gefin í mörgum samhljóða eintökum.

2. Vaxtamiða, sem út eru gefnir fyrir vöxtum af ofannefndum skuldabréfum eða fyrir arði af hlutabréfum.

3. Skírteini, sem út eru gefin af lífsábyrgðar- eða framfærslustofnunum.

4. Kröfur þær, er ræðir um í 1. tölulið 2. gr.

**1905 Nr. 14 20. okt.**

■ **20. gr.**[1] Stjórnarráð Íslands hefir heimild til að veita eiganda veðsettrar eignar leyfisbréf til ógildingardóms á veðskuldabréfi, ef umsækjandi fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. að liðin séu 10 ár, eða, að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. gr., 20 ár frá þeim degi, er skuldin samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins féll í gjalddaga, eða í fyrsta lagi hefði getað orðið gjaldkræf eftir uppsögn, eða að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. tölul. 2. gr., frá gjalddaga hinnar fyrstu greiðslu,

2. að sannað sé, að þrátt fyrir ítarlega eftirgrennslan hafi ekki fundizt nokkur maður, er veðbréfið veiti réttindi, og

3. að álíta verði eftir framkomnum skýrslum, að ekkert það atvik hafi fyrir komið, er haldi kröfunni enn í gildi gagnvart skuldunaut, né heldur gagnvart veðeiganda, þótt persónuleg skuldbinding hefði á honum hvílt.

□ Ákvæði þessarar greinar hafa engin áhrif á heimild þá, er stjórnarráðið hefir til þess að veita leyfisbréf til ógildingardóms á veðbréfi, þegar álíta verður að veðréttur sé úr gildi genginn.

[1] *Sbr. l. 85/1936, XIX. kafla.*

■ **21. gr.** Ákvæði Jónsbókar í 8. kap. kaupabálks og ákvæði í 1. málsgr. 9. gr. í lögum um aðför, 4. nóv. 1887, eru úr gildi felld. Önnur ákvæði, þar sem frestur er settur fyrir málshöfðun eða kröfugerð, standa óhögguð.

## 1798 9. febr. Tilskipun um áritun afborgana á skuldabréf.[1]

[1] *Sbr. l. 39/1978, 48. gr., 5. mgr., l. 19/1887, 48. gr., og l. 34/1985, 114.–116. gr.*

■ **1. gr.** Eins og það er skylda lánardrottins, þegar skuldunautur borgar allan höfuðstól skuldabréfs, að skila honum aftur bréfinu með áritaðri kvittun, eins á hann, þegar nokkuð er afborgað af höfuðstólnum, að hafa við höndina frumrit skuldabréfsins, og vera skyldur til, í nærveru skuldunauts eða umboðsmanns hans, að rita bæði á bréfið sjálft það, er afborgað er, og að gefa auk þess sérstaka kvittun fyrir því.

□ Ef lánardrottinn skorast undan að gera þetta, þá er skuldunaut (sem vottfast býður fram afborgun þá, er greiða skyldi) heimilt að fresta afborguninni, þangað til lánardrottinn gegnir fyrrgreindri skyldu sinni; og er skuldunaut eigi skylt, meðan svo stendur, að svara vöxtum af þeim hluta höfuðstólsins, sem í gjalddaga var fallinn og boðinn var fram.

■ **2. gr.** Kvittanir á lausu blaði fyrir afborgunum af höfuðstól, er skuldabréf er fyrir, skulu, ef afborganirnar eru eigi einnig ritaðar á skuldabréfið sjálft, aðeins hafa gildi gagnvart þeim, sem gaf þær út, en eigi teljast gildar gagnvart öðrum, sem fyrir veðsetningu, framsal eða á annan löglegan hátt eru orðnir réttmætir handhafar skuldabréfsins.

■ **3. gr.** Þó má vaxtagreiðsla vera undanþegin þessum fyrirmælum, og sérstakar kvittanir fyrir vöxtum vera fullgildar, eigi aðeins gagnvart þeim, er út gaf kvittunina, heldur og gagnvart hverjum öðrum, sem skuldabréfið hefir síðar verið selt í hendur að veði eða til eignar.

**1798 9. febr.**

## Lög um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum.

**1928 Nr. 71 7. maí**

■ **1. gr.** Hlutafélög, samlagsfélög, samvinnufélög og önnur atvinnufyrirtæki, þar með talin þau, er rekin eru af hálfu hins opinbera, skulu njóta sömu lagaverndar sem einstakir menn gegn óréttmætum prentuðum ummælum, sem fallin eru til að hnekkja atvinnurekstri þeirra.

■ **2. gr.** Nú telur einhver þeirra aðilja, sem getur í 1. gr., sér fjárhagslegt tjón gert með slíkum ummælum, og skulu þá bætur þær, er honum kunna að verða gerðar, miðast við tjón það, er hann færir sönnur á, að ummælin hafi bakað honum áður en hann hóf málssóknina.

## Lög um fasteigna- og skipasölu.

**1986 Nr. 34 5. maí**

### I. kafli. Um heimild til fasteigna- og skipasölu.

■ **1. gr.** Engum er heimilt að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra nema hann hafi fengið til þess löggildingu dómsmálaráðuneytisins skv. lögum þessum eða leyfi skv. lögum nr. 47/1938, sbr. einnig 14. gr. þeirra.

□ Hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn þurfa eigi leyfi til að annast kaup, sölu eða skipti á einstökum fasteignum eða skipum ef það tengist lögmannsstörfum þeirra.

□ Þar sem rætt er um fasteignasölu eða fasteignasala í lögum þessum er einnig átt við sölu skráningarskyldra skipa og þá sem við slík störf fást.

■ **2. gr.** Hver maður getur fengið löggildingu skv. 1. gr. ef hann:

1. hefur íslenskan ríkisborgararétt,
2. er heimilisfastur hér á landi,
3. er fjárráða og hefur forræði á búi sínu,
4. hefur staðist próf skv. ákvæðum er dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð,[1]
5. leggur fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns, sem viðskiptamenn viðkomandi kunna að verða fyrir af hans völdum, sem dómsmálaráðuneytið ákveður.[2]

□ Undanþegnir prófi skv. 4. tölul. 1. mgr. eru hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn.

□ Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

[1] *Rg. 519/1987.* [2] *Rg. 520/1987.*

■ **3. gr.** Sá, sem öðlast vill löggildingu skv. 1. gr., skal standast próf eftir því sem segir í 2. gr., 1. mgr., 4. tölul. Prófnefnd, sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti þrír menn, skal standa fyrir prófi þessu ákveði dómsmálaráðherra ekki aðra tilhögun. Varamenn skal skipa með sama hætti. Skal próf við það miðað að prófmaður sýni að hann hafi öðlast þá þekkingu og reynslu að hann sé starfinu vaxinn.

□ Dómsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófs, skipun prófnefndar og störf prófnefndarmanna en prófsefni ákveður prófnefnd.

■ **4. gr.** Dómsmálaráðherra er heimilt að stofna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá sem þreyta vilja próf skv. lögum þessum. Getur hann falið öðrum aðilum, svo sem Háskóla Íslands, að annast námskeið og

próf. Ákvæði um tilhögun námskeiðs, námsgreinar, kennslu og kennslugjöld skulu sett í reglugerð að tillögu prófnefndar skv. 3. gr. Prófnefnd eða menn, sem hún tilnefnir, hafa á hendi forstöðu námskeiðs og sjá um prófraun feli dómsmálaráðherra það ekki öðrum aðilum.

□ Kostnaður vegna námskeiða og prófa, þar með talin þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með kennslu- og prófgjöldum er dómsmálaráðuneytið ákveður.

■ **5. gr.** Fasteignasali, sbr. 2. gr., skal fá í hendur löggildingarskírteini er ráðherra gefur út.

□ Fyrir löggildingu skal aðili greiða gjald í ríkissjóð skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

□ Áður en löggilding er veitt skal aðili vinna drengskaparheit um að rækja í hvívetna með kostgæfni og samviskusemi starf það er löggilding veitir rétt til og hlíta lögum og öðrum réttarreglum er það varðar.

■ **6. gr.** Löggilding til fasteignasölu er bundin við nafn. Þó er eftirlifandi maka heimilt að halda áfram fasteigna- og skipasölu látins maka síns þótt hann fullnægi ekki skilyrðum laga þessara en ráða skal hann þá forstöðumann sem löggiltur er til starfans.

□ Fasteignasala er skylt að tilkynna dómsmálaráðuneyti hvar starfsstöð hans er en hann getur aðeins haft eina starfsstöð á sama stað og fasteignasalan er rekin.

**II. kafli. Um réttarstöðu fasteigna- og skipasala, störf þeirra og starfsháttu.**

■ **7. gr.** Fasteignasalar hafa réttindi og bera skyldur opinberra sýslunarmanna, þar á meðal þagnarskyldu um það er þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Þeir mega ekki gegna stöðu hjá hinu opinbera ef ætla má að staðan gefi þeim færi á að kynnast málefnum sem hafa þýðingu í viðskiptum með einstakar eignir.

■ **8. gr.** Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Hann skal gæta þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum.

■ **9. gr.** Fasteignasali skal tryggja sér ótvírætt umboð hjá réttum aðila til að leita eftir tilboðum í eign eða gera tilboð í eign og eftir atvikum að ganga frá samningum og annarri skjalagerð að fengnu samþykki umbjóðanda. Sama er ef óskað er annars liðsinnis fasteignasala við samningsgerð um þessar eignir. Greina skal glögglega hvort um einkaumboð er að ræða ef því er að skipta.

■ **10. gr.** Nú hefur fasteignasali fengið eign til sölumeðferðar eða leitað er liðsinnis hans til að gera tilboð í eign. Skal hann þá semja rækilegt yfirlit yfir öll grundvallaratriði, sem máli skipta fyrir aðila, til þess að gera sér glögga hugmynd um verð eignarinnar. Yfirlit þetta skal geyma eftirfarandi upplýsingar og atriði svo sem kostur er:

1. Upplýsingar um söluverð eignar ef það er ákveðið og hverjir eru söluskilmálar, þar á meðal um þann hluta söluverðs sem staðgreiða á og hversu haga eigi öðrum greiðslum og hversu þær eigi að vera tryggðar.

2. Glöggar upplýsingar og gögn um stærð húss og lóðar, fyrirkomulag innan húss, byggingarlag og byggingarefni húss, aldur þess og endurbyggingar eða viðbyggingar, ef því er að skipta, ástand húss, þar á meðal um galla, sem kunnir eru á því, hversu upphitun sé háttað og hversu hús sé glerjað, staðsetningu og atriði sem máli skipta vegna byggingar- og skipulagslaga. Einnig skal greina ástand lóðar. Teikning af húsi skal vera fyrir hendi ef kostur er og að jafnaði ljósmyndir af því ef eigi er unnt að skoða það eða vitað er að skoðun muni ekki fara fram. Ef um sameign er að ræða skal greina glögglega eignarhlutdeild í húsi og lóð, svo og um óskipta sameign.

3. Upplýsingar um matsverð eignar skv. fasteignamati og brunabótamati, svo og önnur matsgögn ef til eru.

4. Nú er seld fasteign eða skip í smíðum og skal þá gera nákvæma grein fyrir því á hvaða stigi smíðin er þegar kaupandi á að taka við eigninni og hversu staða aðilanna verði tryggð.

5. Grein skal gerð fyrir veðskuldum og öðrum eignarhöftum sem kunna að hvíla á eigninni, stutt vottorði úr þinglýsingarbókum. Greina ber hvers eðlis eignarhöftin eru, þar á meðal kvaðir sem á eign kunna að hvíla. Greina skal glögglega um eftirstöðvar veðskulda sem hvíla eiga á eign og kaupandi tekur að sér að greiða, afborganir af þeim og vexti, hvort skuld sé verðtryggð, hvenær henni eigi að vera lokið og hverjar eftirstöðvar hennar eru að viðbættri verðtryggingu. Þá skal greina kostnað við samningsgerð, þinglýsingu og stimplun skjala og í hvors hlut komi.

6. Upplýsingar eftir föngum um tekjumöguleika af eigninni, einkum þegar um atvinnuhúsnæði (jörð) er að ræða eða skip er gera skal út, svo og um heildarútgjöld sem ætla má að stafi af eign.

□ Hliðstæðar upplýsingar skulu greindar um skip eftir því sem við á.

■ **11. gr.** Yfirlit það, sem greinir í 10. gr., skal vera svo rækilegt og traust að það ásamt skoðun á eign, sem fram skal fara ef kostur er og vanda skal til, sé sem tryggastur grundvöllur undir mati á verðmæti eignarinnar og á arðsemi hennar.

□ Ráðuneytið getur mælt svo fyrir í reglugerð að upplýsingar um eignir séu greindar á stöðluðum eyðublöðum og kveðið nánar á í reglugerð[1)] um þær upplýsingar sem greina skal, þar á meðal sérstaklega varðandi skip.

[1)] *Sbr. augl. 195/1988.*

■ **12. gr.** Fasteignasala, sbr. 1. gr., er skylt að annast alla skjalagerð varðandi sölu fasteigna og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal í kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum og veðbréfum og skuldabréfum, hver samið hafi og greina nafn svo að eigi verði um villst. Enn fremur skulu þeir sem annast fasteignaviðskipti skv. framansögðu geta nafns síns í auglýsingum um eignir þessar. Nafngreining skal vera persónuleg skv. þessari málsgrein.

□ Öll skjalagerð og samningsgerð, er fasteignasali annast um, skal vera vönduð og rækileg og svo úr garði gerð að hagsmunir aðila séu sem best tryggðir og glöggt sé hver réttarstaða hvors um sig er.

■ **13. gr.** Fasteignasala er sjálfum óheimilt að ganga inn í samning um kaup á eign sem honum hefur verið falin til umboðssölu nema hann hafi lýst því yfir áður en hann tók eignina til sölu að hann sé persónulegur kaupandi hennar.

□ Enn fremur skal fasteignasali tilkynna aðilum hafi hann nokkurra annarra hagsmuna að gæta en að því er snertir sjálf sölulaunin.

1986 Nr. 34 5. maí

■ **14. gr.** Fasteignasala er óheimilt að taka hærri þóknun fyrir starfa sinn en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu sem í té er látin.

□ Fyrir aðstoð við kaup eða sölu má þóknun frá kaupanda eða seljanda ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignar en rétt er fasteignasala að áskilja sér aukalega greiðslu fyrir útlagðan auglýsingakostnað enda hafi eign verið auglýst eftir beiðni eiganda. Þóknun skal yfirleitt vera lægri ef makaskiptum er til að dreifa.

■ **15. gr.** Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um stöðu, störf og starfshætti fasteignasala, þar á meðal um að tiltekin störf og stöður séu eigi samrýmanleg fasteigna- og skipasölu. Þá má setja sérstök ákvæði í reglugerð um bókfærslu vegna þessara starfa.

**III. kafli. Aðili fullnægir ekki framar skilyrðum til fasteignasölu.**

■ **16. gr.** [Nú fullnægir maður, sem fengið hefur löggildingu eða heimild til fasteignasölu, eigi framar lögmæltum skilyrðum til löggildingar samkvæmt lögum þessum og fellur þá löggilding hans eða heimild til fasteignasölu úr gildi enda ber honum að skila til ráðuneytisins löggildingarskírteini sínu eða leyfisbréfi. Heimilt er ráðherra að veita aðila löggildingu eða leyfi að nýju ef hann fullnægir síðar lagaskilyrðum að mati ráðherra.][1)]

[1)] *L. 10/1987, 1. gr.*

■ **17. gr.** Nú sætir maður, sem heimild hefur til fasteignasölu, ákæru í opinberu máli og ber þá ákvörðun um sviptingu löggildingar eða heimildar til fasteignasölu að kröfu ákæruvaldsins undir dómara þess máls eftir því sem ákæra lýtur að.

□ Ákvörðun um sviptingu löggildingar eða heimildar til fasteignasölu vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru, ber undir ráðherra. Nú vill aðili ekki una úrlausn ráðherra og getur hann þá borið sakarefnið undir dómstóla og fer meðferð þess máls að hætti opinberra mála. Ákvörðun ráðherra skal halda gildi uns dómur gengur í málinu.

□ Eftirlit með starfsemi fasteigna- og skipasala er í höndum dómsmálaráðuneytis.

**IV. kafli. Almenn ákvæði, refsiákvæði og brottfallin lög.**

■ **18. gr.** Þeim mönnum, sem fengið hafa löggildingu til fasteignasölu skv. lögum nr. 47/1938, svo og þeim sem löggildingu fá skv. 2. gr., er heimilað að hafa með sér félag.

□ Stjórn félagsins kemur fram út á við fyrir hönd félagsmanna gagnvart stjórnvöldum og almenningi.

■ **19. gr.** Kostnaður af framkvæmd laga þessara, annar en um getur í 4. gr., greiðist úr ríkissjóði.

■ **20. gr.** Þeim einum er rétt að nefna sig fasteignasala eða skipasala sem heimilt er að stunda slík störf skv. 1. gr., sbr. 2. gr., og varðar brot gegn þessu viðurlögum skv. 2. mgr.

□ Brot gegn lögum þessum og reglum settum skv. þeim varða sektum nema þyngri hegning liggi við skv. öðrum lögum.

■ **21. gr.** Lög þessi taka gildi þegar í stað og skal fyrsta próf eftir gildistöku þeirra hlíta ákvæðum þeirra og reglugerða settum skv. þeim.

□ [Þeir sem hlotið hafa leyfi til fasteignasölu skv. lögum nr. 47/1938 skulu halda þeim enda fullnægi þeir skilyrðum 1. – 3. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. þessara laga. Þeir teljast einnig hafa rétt til sölu skráningarskyldra skipa.][1)]

□ Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 47 11. júní 1938, um fasteignasölu, og lög nr. 20 22. mars 1948, lög nr. 40 29. mars 1961 og lög nr. 49 25. maí 1976, öll um breyting á lögum nr. 47/1938, svo og 48. gr. laga nr. 75 13. maí 1982, um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, um breyting á sektarmörkum nokkurra laga.

[1)] *L. 10/1987, 2. gr.*

1986 Nr. 34 5. maí

## Lög um lausafjárkaup.

1922 Nr. 39 19. júní

**Almenn ákvæði.**

■ **1. gr.** Ákvæðum laga þessara skal þá aðeins beita, er ekkert annað er um samið berum orðum eða verður álitið fólgið í samningi eða leiðir af verzlunartízku eða annarri venju.

□ Lög þessi gilda ekki um fasteignakaup.

■ **2. gr.** Nú eru hlutir pantaðir, þeir er búa þarf til, og á sá að leggja efnið til, sem hlutinn býr til, þá skal pöntunin talin kaup. Þó gilda lög þessi ekki um húsgerð og önnur mannvirki á fasteign.

□ Ákvæði laga þessara um kaup gilda einnig eftir því sem við á, um skipti.

■ **3. gr.** Þegar í lögum þessum er talað um kaup á hlutum, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er ekki aðeins átt við kaup á tiltekinni mergð, þyngd eða stærð hluta af tilgreindri tegund, heldur og við kaup á tiltekinni mergð, þyngd eða stærð úr ákveðnum hóp eða magni hluta.

■ **4. gr.** Þá er talað er í lögum þessum um verzlunarkaup, er átt við kaup, sem gerast milli kaupmanna í verzlunarrekstri þeirra eða í þágu hans.

□ Kaupmaður er í lögum þessum hver sá talinn, sem rekur það starf að selja vörur, sem hann hefir í því skyni keypt, er rekur víxlarastarf eða bankastarf, vátryggingarstarf, umboðsverzlun eða forlagsverzlun, lyfsölu, veitingar, handiðn, verksmiðjuiðnað eða námugröft, mannvirkjagerð eða flutning fólks, muna eða orðsendinga. Þó er sá maður ekki talinn kaupmaður, er rekur veitingar, handiðn eða flutninga, svo framarlega sem eigi vinna aðrir að því starfi með honum en konan með manni sínum, maðurinn með konu sinni, börn hans innan 16 ára aldurs og vinnuhjú hans.

**Um ákvæði kaupverðs.**

■ **5. gr.** Nú eru kaup gerð, en ekkert fastákveðið um hæð kaupverðsins, og ber þá kaupanda að greiða það verð, sem seljandi heimtar, ef eigi verður að telja það ósanngjarnt.

■ **6. gr.** Nú er í verzlunarkaupum reikningur sendur kaupanda og hann mótmælir ekki verði því, sem tilgreint er í reikningnum, svo fljótt sem hann fær því við komið, og er hann þá skyldur að gjalda það verð, sem í reikningnum stendur, nema sannað verði, að um annað lægra verð hafi verið samið, eða reikningurinn er bersýnilega ósanngjarn.

■ **7. gr.** Nú á að reikna kaupverð eftir tölu, máli eða þyngd, og skal þá leggja til grundvallar þá tölu, mál eða þyngd, sem varningurinn hafði á þeirri stundu, er hættan við að varan farist, flyzt yfir á kaupanda.

■ **8. gr.** Ef kaupverð er miðað við þunga vöru, skal svo meta sem umbúðir beri frá að draga.

**Um staðinn, þar sem skila ber seldum hlut (afhendingarstaðinn).**

■ **9. gr.** Seljandinn á að skila af sér seldum hlut á þeim

stað, þar sem hann átti heima þegar kaupin gerðust. Ef hann rak þá atvinnu og salan stóð í sambandi við hana, þá á hann að skila hlutnum af sér á atvinnustöð sinni.

□ Ef hluturinn var á öðrum stað á þeim tíma, er kaupin gerðust og vissu báðir samningsaðiljar um það, eða áttu að vita, þá skal svo álíta, að hlutnum eigi þar að skila, sem hann þá var.

■ **10. gr.** Ef seljandi á að senda seldan hlut frá einum stað til annars, til að skila honum þar í hendur kaupanda, þá er svo álitið, að hann hafi skilað hlutnum, þá er hann hefir afhent hann í hendur flutningsmanns þess, er tekizt hefir á hendur að flytja hlutinn þaðan, sem hann tekur við honum. Eigi að senda hlutinn á skipi, þá skal telja honum skilað, er hann er kominn á skipsfjöl.

■ **11. gr.** Nú eiga seljandi og kaupandi báðir heima í sama bæ, kauptúni eða þorpi, og á seljandi að sjá um sendingu selds hlutar til kaupanda, og skal þá hlutnum eigi talið skilað fyrr en hann er kominn í vörzlur kaupanda.

**Um eindaga samninga.**

■ **12. gr.** Ef ekkert hefir verið ákveðið um það, hvenær kaupverð skuli greitt eða seldum hlut skilað, og atvik liggja eigi svo til, að af þeim megi ráða, að þetta skuli gera svo fljótt sem unnt er, skal líta svo á, að kaupverðið beri að greiða og hlut að afhenda, hvenær sem krafizt er.

■ **13. gr.** Nú er frestur ákveðinn fyrir því, hvenær seldum hlut skuli skila, og er þá seljanda rétt að skila hlutnum á hverjum þeim tíma, er hann kýs innan þess frests, nema atvik liggi svo til, að af þeim sjáist, að tímafresturinn var tiltekinn kaupanda í hag.

**Um rétt til að krefjast, að hönd selji hendi á báðar hliðar.**

■ **14. gr.** Ef enginn frestur hefir veittur verið af hendi hvorugs aðilja, þá er seljandi ekki skyldur að láta af hendi seldan hlut, nema kaupverðið sé samtímis greitt, enda er kaupandi ekki skyldur að greiða kaupverðið nema hann fái samstundis hlutinn til umráða.

■ **15. gr.** Nú hefir svo verið um samið, að hlutinn skuli senda frá afhendingarstað, og heimila þá ummæli næstu greinar hér á undan seljanda ekki að láta vera að senda hlutinn, en varna má hann því, að kaupandi fái hlutinn í sínar vörzlur meðan kaupverðið er ógreitt.

■ **16. gr.** Nú er um verzlunarkaup að tefla, og er við sendingu hlutarins frá afhendingarstað til ákvörðunarstaðar notað farmskírteini eða farmbréf, er svo er lagað, að seljandi missi umráð yfir hlutnum þá er farmskírteinið eða farmbréfið er afhent kaupanda, og skal þá kaupverðið greitt um leið og farmskírteinið eða farmbréfið er afhent, samkvæmt reglum þeim, er settar eru í 71. gr. hér á eftir.

**Um ábyrgð á hættu fyrir seldan hlut.**

■ **17. gr.** Hættan á því, að seldur hlutur farist af tilviljun, skemmist eða rýrni, er á ábyrgð seljanda, þar til hann hefir skilað hlutnum af sér eða afhent hann (sbr. 9. – 11. gr.)

□ Ef það er ákveðinn hlutur, sem seldur var, og kaupandi átti að sækja hann, enda kominn sá tími, er sækja mátti hlutinn, og hann er á reiðum höndum, þá ber kaupandi ábyrgð á hættunni og verður því að gjalda kaupverðið, þó að svo atvikist, að hluturinn farist eða skemmist af hendingu.

**Um arð af seldum hlut.**

■ **18. gr.** Nú ber seldur hlutur arð áður en afhendingartími er kominn, og á þá seljandi þann ágóða, nema ástæða hafi verið til að ætla, að sá ágóði mundi ekki falla til fyrr en síðar.

□ Þann ágóða, sem af seldum hlut fæst eftir að afhendingartími er kominn, eignast kaupandi, nema ástæða hafi verið að ætla, að sá ágóði mundi fyrri til falla.

■ **19. gr.** Ef maður kaupir hlutabréf, þá er í kaupinu sá arður, sem ekki var í gjalddaga fallinn, þegar kaup gerðust.

□ Nú fylgir hlutabréfinu réttur til að skrifa sig fyrir nýju hlutabréfi, eða hlutabréfið fær þann rétt síðar, þá nýtur kaupandi þeirra hagsmuna.

■ **20. gr.** Ef maður kaupir skriflega skuldakröfu, sem ber vöxtu, þá eru í kaupinu vextir þeir, sem á voru fallnir, en ekki komnir í gjalddaga, þá er kaup gerðust, eða á afhendingardegi, ef afhending á síðar að fara fram en kaup. Ef það sést ekki af atvikum, að krafa hafi verið seld sem óvís krafa, þá á kaupandi að greiða umfram kaupverðið og samtímis því svo mikið fé, sem vöxtunum svarar.

**Um drátt af hendi seljanda.**

■ **21. gr.** Nú afhendir seljandi ekki seldan hlut á réttum tíma, enda sé þetta ekki kaupanda að kenna eða neinum ósjálfráðum atburði, sem kaupandi ber ábyrgð af hættunni við, og á þá kaupandi kost að kjósa, hvort hann vill heldur heimta hlutinn eða rifta kaupið.

□ Hafi drátturinn haft lítil áhrif eða óveruleg á hagsmuni kaupanda eða seljandi hlaut að álíta að svo væri, þá getur kaupandi ekki rift kaupið, nema hann hafi áskilið sér, að hluturinn yrði afhentur sér á nákvæmlega tilteknum tíma.

□ Í verzlunarkaupum er sérhver dráttur metinn verulegur, nema það sé aðeins lítill hluti hins selda, sem afhending hefir dregizt á.

■ **22. gr.** Nú er svo um samið, að seljandi skuli afhenda smátt og smátt, og ber svo til, að ein sérstök afhending dregst, þá á kaupandi samkvæmt næstu grein á undan aðeins rétt á að rifta kaupin að því er til þeirrar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig rift kaup, að því er til síðari afhendinga kemur, ef vænta má, að drætti á afhendingum muni halda áfram, og hann getur jafnvel rift allt kaupið í heild sinni, ef það samband er í milli afhendinganna, að það veiti tilefni til þess.

■ **23. gr.** Nú er kaup gert um ákveðinn hlut, en hann ekki afhentur á áskildum tíma, og á þá seljandi að svara skaðabótum, nema það sannist, að drátturinn var ekki honum að kenna.

■ **24. gr.** Ef um þá hluti er að tefla, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er seljandi skyldur að svara skaðabótum, enda þótt drátturinn sé ekki honum að kenna, nema hann hafi áskilið sér að vera undan þessari skyldu þeginn, eða telja verður að atvik, sem ekki voru þess eðlis, að seljandi hefði átt að hafa þau í huga, er kaupin gerðust, hafi valdið því, að honum var alls eigi auðið að efna það, sem hann hafði um samið, og má til slíkra atvika telja það, er svo ber undir, að allir hlutir af hinni tilteknu tegund eða þeim vöruhóp, er kaup er um gert, hafa af óviðráðanlegum orsökum farizt; svo er og ef styrjöld tekur fyrir efndir, eða aðflutningsbann eða því um líkt.

■ **25. gr.** Nú hefir kaup verið rift og svara ber skaða-

1922 Nr. 39 19. júní

bótum samkvæmt 23. eða 24. gr., og skulu þá skaðabæturnar nema því, sem verð hluta af sömu tegund og gæðum sem hinir seldu hlutir er hærra, þá er afhending átti fram að fara, heldur en kaupverðinu nemur, nema sannað sé, að meira tjón eða minna hafi af hlotizt.

■ **26. gr.** Nú er afhendingarfrestur út runninn, en hinn seldi hlutur hefir eigi verið afhentur, og verður kaupandi þá, ef hann vill halda fast á kaupinu og eigi rifta það, að svara án ástæðulausrar tafar fyrirspurn um þetta frá seljanda. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að heimta hlutinn sér afhentan. Sama er og í verzlunarkaupum, þótt hann hafi enga fyrirspurn fengið, ef hann skýrir ekki frá því innan sennilegs tíma, að hann æski að kaupið haldist.

■ **27. gr.** Nú hefir seldur hlutur verið afhentur eftir að afhendingarfrestur var liðinn, og verður kaupandi þess vís, þá er hluturinn kemur honum í hendur, eða af því að seljandi skýrir honum frá því, að hluturinn hefir verið afhentur síðar en um var samið, og verður hann þá að skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um verzlunarkaup er að tefla, en ella án óþarfrar tafar, að hann ætli sér að neyta réttar síns út af drættinum. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að bera fyrir sig dráttinn. Ætli kaupandi sér að neyta réttar síns til að rifta kaupið, þá verður hann að skýra seljanda frá því án óþarfrar tafar, ella missir hann þann rétt sinn.

**Um drátt af kaupanda hendi.**

■ **28. gr.** Ef kaupverð er ekki greitt í ákveðna tíð, eða kaupandi gerir ekki í tæka tíð þá ráðstöfun, sem greiðsla kaupverðsins er undir komin, þá má seljandi gera hvort er hann vill, halda upp á hann kaupinu eða rifta það. Sé drátturinn óverulegur, verður kaupið þó ekki rift. Í verzlunarkaupum er sérhver dráttur talinn verulegur.

□ Nú er það, sem selt var, þegar komið í vörzlur kaupanda, og getur seljandi þá ekki rift kaupið, nema annaðhvort sé, að álíta verður, að hann hafi áskilið sér þennan rétt, eða þá kaupandi neitar að taka við hlutnum.

■ **29. gr.** Sé svo um samið, að seljandi afhendi smátt og smátt, og andvirði skuli greitt við hverja afhendingu, en svo verður dráttur á greiðslu andvirðis, sá, er meta má verulegan eftir fyrri málsgr. 28. greinar, þá á seljandi rétt á að rifta kaupin á öllu því, er síðar skyldi afhent, nema engin ástæða sé til að óttast, að dráttur muni aftur að höndum bera. Þetta á sér stað, þó að seljandi geti ekki samkvæmt síðari hluta 28. gr., rift kaupið er kemur til þeirrar sendingar, sem andvirði dróst fyrir.

■ **30. gr.** Nú riftir seljandi kaup samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 28. eða 29. gr., og á hann þá rétt til skaðabóta samkvæmt reglunum í 24. gr. Bæturnar skal svo meta að þær svari mismuninum á því, hve miklu kaupverðið er hærra heldur en verð hins selda á þeim tíma, er drátturinn varð, nema sannað verði, að seljandi hafi meira tjón eða minna af hlotið.

■ **31. gr.** Nú er kaupverð ekki greitt, þó að eindagi sé liðinn, eða kaupandi hefir látið hjá líða að gera slíka ráðstöfun, sem um er getið í 28. gr., en hinn seldi hlutur er enn ekki afhentur kaupanda, þá verður seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, að svara án ástæðulausrar tafar fyrirspurn frá kaupanda um þetta. Sé um verzlunarkaup að ræða, skal seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, tilkynna honum það innan hæfilegs tíma, enda þótt kaupandi hafi enga fyrirspurn gert um það.

■ **32. gr.** Nú er kaupverðið greitt of seint eða ráðstöfun sú, sem um er getið í 28. gr., gerð of seint, og verður seljandi þá, ef hann vill rifta kaupið af þeirri ástæðu, að skýra kaupanda frá því þegar í stað, ef um verzlunarkaup er að tefla, en annars án óþarfs dráttar. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að rifta kaupin.



■ **33. gr.** Nú lætur kaupandi hjá líða að vitja hins keypta hlutar eða veita honum viðtöku á réttum tíma, eða hann er þess valdandi á annan hátt, að hluturinn er ekki afhentur í hans hendur í ákveðna tíð, og skal þá seljandi annast hlutinn á kaupanda kostnað þar til er drætti þessum lýkur, eða seljandi neytir þess réttar, sem 28. gr. kann að veita honum til að rifta kaupið. Nú er hluturinn sendur og kominn á viðtökustað, og eiga þá fyrirmæli þessi því aðeins við, að þar sé einhver, sem fyrir seljanda hönd getur tekið hlutinn til varðveizlu, enda valdi það seljanda eigi verulegum kostnaði eða óþægindum.

■ **34. gr.** Geti seljandi ekki haldið áfram að annast hlutinn, án verulegs kostnaðar eða óþæginda, eða ráðstafi kaupandi honum ekki innan sennilegs tíma eftir að hann hefir fengið áskorun um það, þá er seljanda rétt að selja hlutinn fyrir kaupanda reikning; en gera skal hann kaupanda viðvart áður í tæka tíð, ef auðið er. Ef hluturinn er seldur á uppboði, sem auglýst er og haldið á viðunanlegan hátt, þá getur kaupandi ekki mótmælt því verði, sem við söluna fæst. Ef eigi er auðið að selja hlutinn, eða það er sýnilegt, að söluverðið muni eigi hrökkva fyrir sölukostnaði, þá er seljanda rétt að flytja hlutinn burt, ef hann vill.

■ **35. gr.** Nú er hlutnum hætt við bráðum skemmdum eða geymsla hans hefir í för með sér ýkjumikinn kostnað tiltölulega, og er þá seljanda skylt að selja hann, þó með þeirri takmörkun, sem leiðir af niðurlagi 34. gr.

■ **36. gr.** Nú hefir dráttur af kaupanda hálfu valdið seljanda útgjöldum til varðveizlu hlutarins eða öðrum auknum kostnaði, og á seljandi þá rétt á skaðabótum, og getur hann haldið hlutnum til tryggingar fyrir þeim.

■ **37. gr.** Ef seldur hlutur er í ábyrgð seljanda, en kaupandi hefir gerzt þess valdur, að hluturinn verður ekki afhentur á réttum tíma, þá flyzt ábyrgðin yfir á kaupanda, ef um þá hluti er að tefla, sem ákveðnir eru eftir tegund, þó ekki fyrr en ákveðnum hlutum hefir verið af skipt og þeir til teknir handa kaupanda.

**Um vöxtu af kaupverði.**

■ **38. gr.** [Um skyldu til að greiða vexti af kaupverðinu og öðrum greiðslum, sem ekki eru greiddar á gjalddaga, fer eftir ákvæðum laga um vexti.][1)]

[1)] *L. 33/1987, 1. gr.*

**Um það, er kaupandi getur eigi staðið í skilum.**

■ **39. gr.** Nú verður kaupandi gjaldþrota eftir að kaup voru gerð, þá er seljanda rétt að halda hinum selda hlut, þó að gjaldfrestur hafi áskilinn verið, og sé hluturinn sendur frá afhendingarstaðnum, þá má seljandi varna því, að hann sé afhentur búinu, unz nægileg trygging er sett fyrir greiðslu kaupverðsins í gjalddaga. Ef afhendingartími er kominn og búið hefir ekki sett slíka tryggingu, þó að seljandi hafi á það skorað, þá má hann rifta kaup, ef hann vill.

□ Þessum fyrirmælum skal einnig beita, ef það kemur fram við fjárnám eftir að kaup eru gerð, að kaupandi hefir eigi efni á að greiða skuld sína, eða fjárhagur hans

að öðru leyti reynist slíkur, að ætla má, að hann geti eigi greitt kaupverðið, þá er það fellur í gjalddaga.

■ **40. gr.** Ef bú kaupanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, en hvorki er kominn sá tími, er seldan hlut átti að afhenda, eða gjalddagi kaupverðsins, þá getur seljandi skorað á búið að lýsa yfir því, hvort það vill ganga í kaupin, og lýsi búið þá ekki yfir því svo fljótt sem auðið er og í síðasta lagi innan fjögra vikna eða þá á afhendingardegi eða gjalddaga, ef það tímamark ber fyrr að höndum, að það vilji í kaupið ganga, þá má seljandi rifta kaupið.

■ **41. gr.** Hafi hinn seldi hlutur verið afhentur þrotabúinu eftir að búið var framselt til gjaldþrotameðferðar, en kaupverðið er eigi greitt, á seljandi rétt á að heimta hlut sinn aftur, nema búið lýsi yfir því, að það vilji í kaupið ganga, enda greiði þá kaupverðið eða setji tryggingu fyrir greiðslu þess í gjalddaga, ef krafizt er. Hafi búið látið hlutinn af hendi eða á annan hátt ráðstafað honum þannig fyrir sinn reikning, að eigi er auðið að skila hlutnum aftur í verulega óbreyttu ástandi, þá er seljanda rétt að líta svo á, sem búið hafi gengið í kaupið.

**Um það er seldum hlut er áfátt.**

■ **42. gr.** Nú er ákveðinn hlutur seldur, og er honum áfátt eða galli á honum, þá má kaupandi rifta kaupin eða heimta afslátt af kaupverði að tiltölu. Ef gallinn verður að teljast óverulegur, getur kaupandi ekki riftað kaupið, nema seljandi hafi svik í frammi haft.

□ Nú skortir hluti, þá er kaup gerðust, einhverja þá kosti, er ætla má að áskildir væru, eða það, sem hlutnum er áfátt, hefir gerzt fyrir vanrækt seljanda eftir að kaup voru gerð eða seljandi hefir haft svik í frammi, og getur þá kaupandi krafizt skaðabóta.

■ **43. gr.** Ef um þá hluti er að tefla, sem tilteknir eru eftir tegund, og þeir reynast gallaðir, þá er þeim er skilað, getur kaupandi rift kaupið eða heimtað aðra hluti ógallaða í hinna stað, eða heimtað tiltölulegan afslátt af kaupverði.

□ Ef telja verður það óverulegt, sem að hlutunum er, þá verður ekki kaup rift né annarra hluta krafizt í staðinn, nema seljandi hafi haft svik í frammi eða vitað um það, sem áfátt var, svo tímanlega, að hann hefði getað útvegað aðra hluti ógallaða án ósanngjarns kostnaðar.

□ Enda þótt seljanda sé ekki um að kenna það, sem að söluhlutnum er, þá er hann þó skyldur að greiða skaðabætur, þó svo, að fara skal eftir fyrirmælum 24. gr., eftir því sem við á.

■ **44. gr.** Nú skal úr því skera, hvort söluhlut sé áfátt, og verður þá að miða við það tímamark, er hluturinn fluttist yfir í ábyrgð kaupanda, nema því aðeins, að vanhirðu seljanda sé um að kenna það, sem áfátt er.

■ **45. gr.** Nú er kaup rift sakir þess, að söluhlut er áfátt, og skal þá einnig fara eftir fyrirmælum 25. gr., er skaðabætur eru ákveðnar.

■ **46. gr.** Hafi svo verið um samið, að seljandi afhendi hina seldu muni smátt og smátt, og reynist einni sérstakri afhendingu áfátt, þá getur kaupandi samkvæmt 42. og 43. gr. aðeins rift kaup að því, er til þessarar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig rift kaup á því, sem eftir er að afhenda, ef við má búast, að þeim muni einnig áfátt verða; og hann getur jafnvel rift allt kaupið, ef atvik liggja svo til í sambandi afhendinganna hverrar við aðra.

■ **47. gr.** Hafi kaupandi rannsakað söluhlutinn áður en kaup gerðust eða látið fyrirfarast án sennilegrar ástæðu að rannsaka hlutinn, þó að seljandi skoraði á hann um það, eða honum var færi á gefið að rannsaka sýnishorn af söluhlutnum áður en kaup gerðust, getur hann ekki borið fyrir sig neina þá galla á söluhlutnum, sem hann hefði átt að sjá við þá rannsókn, nema seljandi hafi haft svik í frammi.



■ **48. gr.** Ef hlutur er seldur á uppboði getur kaupandi ekki borið fyrir sig neinn galla á hlutnum, nema hluturinn svari ekki til þess heitis, er hann var auðkenndur með við söluna, eða seljandi hafi haft svik í frammi. Þessi ákvæði gilda þó ekki þá er kaupmaður selur varning sinn á uppboði.

■ **49. gr.** Nú býðst seljandi til að bæta úr göllum, sem eru á seldum hlut, eða láta annan hlut ógallaðan koma í hans stað, og verður kaupandi þá að sætta sig við það, ef það verður gert áður en sá frestur er úti, sem hann var skyldur til að bíða afhendingar (sbr. 21. gr.), enda sé það augljóst, að hann hafi engan kostnað eða óhagræði af þessu.

□ Þessi fyrirmæli hafa engin áhrif á rétt kaupanda til skaðabóta.

■ **50. gr.** Fyrirmæli laga þessara um galla á söluhlut eiga einnig við að sínu leyti þá er mergð, stærð eða þungi þess, sem selt var, er minni en áskilið er, ef kaupandi má ganga að því vísu, að ætlazt sé til að það, sem afhent er, séu fullar efndir þess, sem um var samið. Þá er þannig stendur á, getur kaupandi ekki samkvæmt 43. gr. krafizt annarra hluta í stað þeirra, sem afhentir voru, en í stað þess getur hann heimtað, að sér sé afhent það, sem upp á vantar, hvort sem þetta er meiri eða minni hluti þess, sem afhenda átti.

■ **51. gr.** Sé um verzlunarkaup að tefla, og sé söluhluturinn afhentur og kominn kaupanda í hendur eða sýnishorn, sem um var samið, er komið honum í hendur, þá er hann skyldur til að rannsaka hlutinn svo sem góð verzlunartízka heimtar. Eigi að senda hlutinn úr einum stað í annan, er kaupandi þó ekki skyldur að rannsaka hann fyrri en hluturinn er þangað kominn, sem hann á að fara og kaupanda hefir verið gerður kostur á að veita honum viðtöku á þann hátt, að honum hefði verið skylt að annast hlutinn samkvæmt 56. gr.

■ **52. gr.** Komi það í ljós, að söluhlut er ábótavant og kaupandi vill bera það fyrir sig, þá skal hann skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um verzlunarkaup er að tefla, en ella án ástæðulauss dráttar. Nú hefir kaupandi orðið þess var, að hlutnum var áfátt eða hann hefði átt að verða þess var, og skýrir hann eigi seljanda frá, svo sem hér er fyrir mælt, þá getur hann eigi síðar borið það fyrir sig, að hlutnum hafi áfátt verið.

□ Ef kaupandi vill rifta kaup eða krefjast viðbótar eða nýrra hluta í stað þeirra, sem hann hefir fengið, skal hann skýra seljanda frá því án ástæðulauss dráttar; ella missi hann rétt sinn til þess að hafna hlutnum eða krefjast viðbótar.

■ **53. gr.** Ákvæði 52. gr. um það, að kaupandi missi rétt sinn til þess að bera fyrir sig, að söluhlut hafi áfátt verið, gilda þó ekki, ef seljandi hefir haft svik í frammi eða sýnt af sér vítaverða vanhirðu, sem hefir í för með sér talsvert tjón fyrir kaupanda.

■ **54. gr.** Nú er ár liðið frá því er kaupandi fékk söluhlut í hendur og hann hefir ekki skýrt seljanda frá, að

hann ætli að bera fyrir sig, að söluhlutnum hafi ábótavant verið, og getur hann þá eigi síðar komið fram með neina kröfu af því tilefni, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast hlutinn lengri tíma, eða haft svik í frammi.

**Fyrirmæli um það, er sölumunum er neitað viðtöku, og um rifting kaupa.**

■ **55. gr.** Hafi kaupandi fengið hlut í hendur, þann er hann vill neita viðtöku, þá er hann skyldur að annast um hlutinn, en krafið getur hann seljanda endurgjalds á þeim kostnaði, er af þessu leiðir. Fyrirmæli 34. og 35. gr. eiga við um þetta eftir því sem á stendur.

■ **56. gr.** Nú hefir hluturinn verið sendur svo, að kaupandi á kost á að taka hann til varðveizlu á staðnum, sem hann átti til að fara, en hann vill synja honum viðtöku, og er hann þó skyldugur að taka við honum til varðveizlu á kostnað seljanda.

□ Þetta á þó ekki við, ef seljandi er sjálfur á viðtökustaðnum eða þar er handhafi farmskírteinis eða annar sá, er fyrir seljanda hönd getur annazt um hlutinn. Sama er og ef kaupandi getur ekki fengið hlutinn í sínar vörzlur án þess að greiða andvirði hans eða baka sér annan verulegan kostnað eða óþægindi.

□ Hafi kaupandi tekið hlutinn í sínar vörzlur, eiga við fyrirmælin í næstu grein hér á undan.

■ **57. gr.** Sé kaup rift, á seljandi ekki rétt á að fá hlutinn aftur, nema hann skili aftur því, er hann hefir fengið af andvirði hans, og kaupandi á ekki rétt á að fá andvirði endurgreitt, nema hann skili aftur því, er hann hafði við tekið, í sama ástandi og mergð eða stærð að öllu verulegu, sem það var í, er hann tók við því.

□ Nú riftir kaupandi kaup eða krefst skipta á hlutnum, og á hann þá rétt á að halda þeim hlut, er hann hefir fengið, þar til er seljandi svarar skaðabótum þeim, er honum ber, eða setur nægilega trygging fyrir þeim.

■ **58. gr.** Jafnvel þótt hluturinn sé forgörðum farinn eða breyttur, getur kaupandi þó rift kaupið þrátt fyrir ákvæðin í næstu grein hér á undan, ef það, að hluturinn fór forgörðum eða breyttist, er ósjálfráðri tilviljun að kenna eða ásigkomulagi hlutarins sjálfs eða ráðstöfunum, sem nauðsynlegar voru til að rannsaka hann, eða voru gerðar áður en það kom í ljós eða hefði átt að koma í ljós, að hlutnum var svo ábótavant, að af því leiddi rétt til að rifta kaupin.

**Um vanheimild.**

■ **59. gr.** Nú kemur það fram, að söluhlutur var annars manns eign en seljanda, þá er kaupin gerðust, og getur þá kaupandi krafizt skaðabóta af seljanda, og það þótt seljandi hafi eigi betur vitað en að hann ætti hlutinn. Ef kaupandi hafði fullan grun eða vitneskju um vanheimild seljanda, þá er kaupin gerðust, þá á hann engan rétt til skaðabóta.

**Um kaup til reynslu.**

■ **60. gr.** Ef hlutur er keyptur til reynslu eða með því skilyrði, að kaupandi megi skoða hlutinn áður en kaupið er fullgert, og hluturinn hefir verið afhentur, þá er kaupandi þó bundinn við kaupin, nema hann skýri seljanda frá innan tiltekins tíma, eða innan hæfilegs frests, ef enginn tími er fastákveðinn, að hann vilji eigi hlutinn hafa.

□ Meðan hluturinn er hjá kaupanda til reynslu eða skoðunar, er hann í ábyrgð kaupanda.

**Um tilkynningar eftir lögum þessum.**



■ **61. gr.** Ef slík tilkynning frá kaupanda, sem um getur í 6., 26., 27., 52. og 54. gr., er afhent til flutnings með ritsíma eða pósti eða með öðrum þeim flutningstækjum, sem gilt þykir að nota, missir tilkynnandi engan rétt við það, að tilkynningunni seinkar eða hún kemur eigi til skila.

□ Hið sama gildir um tilkynningar frá seljanda, sem um er rætt í 31. og 32. gr.

**Um þýðingu ýmissa söluskilyrða.**

■ **62. gr.** Ef varningur er seldur „frítt á skipsfjöl" (fob.) á tilteknum stað, verður kaupandi að útvega skip eða rúm í skipi til að flytja varninginn þaðan.

□ Seljandi á að annast um og kosta flutning varningsins til hleðslustaðarins og gera þær ráðstafanir um flutning varningsins á skip, er farmsendanda er skylt að gera, eftir því sem lög áskilja á þeim stað eða venja er til.

□ Nú er varningur kominn á skipsfjöl, og er hann þá úr ábyrgð seljanda.

□ Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, sem hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd og stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

□ Þó kaupandi hafi skip til taks eða skiprúm til að taka við varningnum, leiðir ekki af því, að kaupandi sé skyldur til að rannsaka varninginn fyrri en hann er kominn á viðtökustað; ekki hamlar þetta heldur seljanda frá að neyta þess réttar, sem honum er áskilinn í 15., 28. og 39. gr.

□ Kaupandi er skyldur að greiða andvirði gegn móttöku farmskírteinis samkvæmt því, sem ákveðið er í 71. gr., þó að ekki sé svo sérstaklega um samið.

■ **63. gr.** Ef varningur er seldur „flutningsfrítt" (Cost and freight, c & f, cf) skal seljandi annast og kosta sending hans til viðtökustaðar.

□ Nú er varningur afhentur flutningsmanni eða honum komið á skipsfjöl samkvæmt fyrirmælum 10. gr., og er hann úr því í ábyrgð kaupanda.

□ Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, er hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, sem seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

□ Þó að ekki sé sérstaklega svo um samið, er kaupandi skyldur til að greiða andvirði gegn móttöku farmskírteinis samkvæmt því sem ákveðið er í 71. gr.

□ Þótt andvirði sé ekki í gjalddaga komið, þá er varningur kemur til viðtökustaðarins, er kaupandi þó skyldur til að greiða það flutningsgjald, er seljandi hefir eigi greitt, en draga má hann það frá kaupverðinu, án þess að reikna sér þó vöxtu af því.

■ **64. gr.** Nú er varningur seldur „cif" (cost, insurance, freight) eða „caf" (coût, assurance, fret), og gilda þá fyrirmælin í næstu grein á undan.

□ Auk þess á seljandi að annast venjulega vátrygging fyrir kaupanda hönd fyrir þann hluta sendingar, sem hann ber ekki sjálfur ábyrgð á. Láti seljandi hjá líða að vátryggja þannig varninginn, enda sé kaup eigi fyrir þá skuld rift, þá getur kaupandi heimtað bætur fyrir það tjón, er hann kynni að hafa beðið af vanhirðu seljanda, eða hann getur sjálfur vátryggt varninginn og dregið þann kostnað frá andvirði varningsins.

1922 Nr. 39 19. júní

■ **65. gr.** Nú er varningur seldur, „afhentur“ eða „frítt“ (franko) á tiltekinn stað, og telst hann þá ekki afhentur fyrr en hann er á þann stað kominn. Seljandi á þá að annast um og kosta sending varnings þangað, og ber hann ábyrgð á honum meðan á sendingunni stendur.

□ Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, er hann var í á þeirri stund, er hann kom til skila. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

□ Sé orðið „afhent“ notað í sambandi við „flutningsfrítt“, „c og f“, „cf“, „cif“ eða „caf“, þá hefir merking orðsins „afhent“ engin áhrif á téð söluskilyrði.

■ **66. gr.** Ef varningur er keyptur með þeim ákvæðum, er gefa nokkurt svigrúm um mergð hans, þyngd eða stærð, t. d. „cirka“, „frá – til“ eða því um líkt, þá veitir það seljanda frjálst um að kjósa innan þeirra takmarka, nema það sé ljóst af atvikum, að svigrúmið sé ætlað kaupanda til hagsmuna.

□ Ef orðið „cirka“ er notað eða „hér um bil“, þá er svigrúmið 10% fyrir ofan eða neðan, ef um heilan farm er að tefla, en 5% ella.

■ **67. gr.** Nú er seldur „farmur“, og má seljandi þá ekki senda annan varning með sama skipi. Geri hann það engu að síður og kaupandi hafi óhagræði af, getur kaupandi rift kaup. Hvort sem kaupandi riftir kaup eða ekki, á hann rétt á skaðabótum.

■ **68. gr.** Ef svo er til skilið, að varning skuli afhenda eða við honum taka „í byrjun“ („primo“), „í miðju“ („medio“) eða „í lok“ („ultimo“) mánaðar, er það að skilja eftir því sem á stendur, um fyrsta til tíunda, ellefta til tuttugasta, eða tuttugasta og fyrsta til síðasta dags í mánuðinum.

□ Þá er verðskjöl eru seld, merkir „primo“ fyrsta virkan dag í mánuði, „medio“ fimmtánda dag í mánuði, eða næsta virkan dag á eftir, ef sá dagur er heilagur, „ultimo“ síðasta virkan dag í mánuði.

■ **69. gr.** Hafi seljandi skuldbundið sig til að senda frá sér varning á ákveðnum fresti, skal svo álíta, að varan hafi afhent verið á réttum tíma, ef henni hefir verið komið á skipsfjöl eða önnur þau flutningstæki, er við henni skyldu taka, áður en sá frestur er liðinn.

□ Sé farmskírteini gert um sendinguna og beri það ekki með sér, að varan hafi afhent verið á réttum tíma, getur kaupandi hafnað vörunni.

■ **70. gr.** Ef áskilin er „borgun út í hönd“, er kaupandi skyldur að greiða andvirðið jafnframt og söluhlutirnir er boðinn honum til umráða (sbr. 14. og 15. gr.).

■ **71. gr.** Hafi kaupandi skuldbundið sig til að greiða andvirðið við móttöku farmskírteinis, eða til að samþykkja víxil jafnframt og honum er afhent farmskírteini, má hann ekki neita greiðslu eða samþykki fyrir það, að varningurinn sé ekki enn til skila kominn eða að hann hafi ekki haft færi á að rannsaka hann.

□ Þá er greiðslu er krafizt eða víxil-samþykkis gegn afhendingu farmskírteinis, verður kaupandi að hafa fengið í hendur reikning yfir varninginn, og hafi seljandi skuldbundið sig til að vátryggja varninginn, verður vátryggingarskírteini að fylgja farmskírteini.

□ Það, sem hér er mælt, á einnig við, þegar kaupandi hefir skuldbundið sig til að greiða andvirðið við móttöku slíks farmbréfs, sem um er getið í 16. gr.

## Lög um sölu notaðra lausafjármuna.

1979 Nr. 61 31. maí

■ **1. gr.** Hver sá sem reka vill verslun eða umboðssölu með notaða eða gamla lausafjármuni, svo sem bifreiðar, bækur, innanstokksmuni eða annan varning, skal til þess hafa sérstakt leyfi lögreglustjóra viðkomandi lögsagnarumdæmis.

■ **2. gr.** Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veitt til 5 ára í senn og aðeins þeim sem fullnægja skilyrðum laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, til að mega reka verslun á Íslandi, og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að vera í lögum eða í reglugerðum til að mega reka starfsemina.

■ **3. gr.** Afturkalla má leyfi samkvæmt 1. gr. ef sannað þykir að leyfishafi hafi brotið lög nr. 41/1968, ákvæði laga þessara eða lög um óréttmæta verslunarhætti.

■ **4. gr.** Verslun samkvæmt lögum þessum má aðeins reka í húsnæði eða starfsstöð sem lögreglustjóri hefur samþykkt, enda fullnægi húsnæði eða starfsstöð ákvæðum reglugerða um öryggismál og húsnæði vinnustaða.

■ **5. gr.** Allur varningur, sem lög þessi taka til, skal geymdur á verslunarstað í a. m. k. 14 daga frá því honum er veitt móttaka, nema um bifreiðar sé að ræða. Á þeim tíma er óheimilt að selja hann eða afhenda öðrum, farga eða breyta á einn eða annan hátt. Þegar varningi er veitt móttaka til sölu skal hann þegar skráður og verðmerktur.

■ **6. gr.** Heimilt er ráðherra með reglugerð að ákveða að skrá skuli haldin um allan varning sem veitt er viðtaka til endursölu, hvort sem hann er keyptur eða tekinn til umboðssölu.

□ Í þessa skrá skulu færðar ýmsar upplýsingar um söluhlut, svo sem tegundarheiti, seljanda, söludag o. s. frv.

■ **7. gr.** Sá, sem verslun rekur samkvæmt lögum þessum, skal jafnan sýna fyllstu aðgát við kaup og sölu gamals eða notaðs varnings. Telji hann ástæðu til skal hann krefja seljanda varnings um persónuskilríki.

□ Óheimilt er að kaupa eða veita móttöku varningi til endursölu frá þeim sem yngri er en 16 ára.

□ Seljandi bifreiðar skal sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins að hann sé skráður eigandi hennar.

■ **8. gr.** Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá ákvæðum 5. gr. laga þessara.

■ **9. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum. Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

## Lög um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

1989 Nr. 20 4. apríl

### I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Með „verðbréfi“ er í lögum þessum átt við hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.

□ Með „verðbréfamiðlun“ er átt við milligöngu, sem veitt er gegn endurgjaldi, um kaup eða sölu verðbréfa og sérfræðiráðgjöf um slík viðskipti.

□ Með „verðbréfamiðlara“ er átt við einstakling sem fengið hefur sérstakt leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamiðlunar, sbr. 3. gr., og þá sem starfa undir stjórn og á ábyrgð hans að verðbréfamiðlun.

□ Með „verðbréfafyrirtæki“ er átt við fyrirtæki sem

sérstaklega er stofnað skv. III. kafla laga þessara til þess að annast verðbréfamiðlun, fjárvörslu og skylda starfsemi fyrir einstaklinga og lögaðila. Verðbréfafyrirtæki annast einnig rekstur verðbréfasjóða og sölutryggingu markaðsverðbréfa.

□ Með „markaðsverðbréfi" er átt við verðbréf í flokki framseljanlegra verðbréfa, þar með talinna hlutabréfa, sem boðin eru einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með almennu útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við getur átt. Markaðsverðbréf skulu ætíð skráð á nafn.

□ Með „verðbréfasjóði" er átt við sjóð, er saman stendur af skuldabréfum, hlutabréfum eða öðrum auðseljanlegum verðbréfum samkvæmt fyrir fram ákveðinni og kunngerðri fjárfestingarstefnu að því er varðar áhættudreifingu, þar sem almenningi eða þrengri hópi manna er gefinn kostur á að eignast hlutdeild í sjóðnum samkvæmt útgefnum skírteinum er að kröfu eiganda þeirra fást innleyst hjá sjóðnum í reiðufé samkvæmt nánari ákvæðum í reglum sjóðsins.

□ Með „viðskiptavaka" er átt við verðbréfafyrirtæki eða annan aðila sem skuldbundið hefur sig til þess að kaupa og selja fyrir eigin reikning ákveðin markaðsverðbréf í því skyni að greiða fyrir því að markaðsverð skapist á verðbréfunum og til þess að auðvelda þeim, sem áhuga hafa á kaupum bréfanna, að fá þau keypt og þeim sem selja vilja slík bréf að fá kaupanda að þeim.

■ **2. gr.** Þeir, sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf, skulu afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru, þ. e. skrá nöfn þeirra, kennitölur og heimili á reikninga eða uppgjör vegna viðskiptanna. Einnig ber öllum, sem atvinnu hafa af viðskiptum með verðbréf, að geyma afrit eða ljósrit af öllum skjölum, sérgerðum vegna viðskiptanna. Um geymsluskyldu skal fara eftir almennum bókhaldsreglum.

□ Sérhverjum þeim aðila, sem býr yfir trúnaðarupplýsingum um útgefanda markaðsverðbréfa eða um önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber, en líklegar eru til þess að hafa veruleg áhrif á markaðsverð bréfanna ef opinberar væru, er óheimilt að kaupa eða selja viðkomandi verðbréf fyrir eigin reikning eða reikning vandamanna sinna í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón. Hann má heldur ekki veita öðrum aðila vitneskju byggða á trúnaðarupplýsingum sem ætla verður látna í té í því skyni að sá aðili hagnist eða forðist fjárhagslegt tjón með kaupum eða sölu verðbréfanna. Ákvæði þetta tekur jafnt til einstaklinga sem lögaðila.

**II. kafli. Um verðbréfamiðlara.**

■ **3. gr.** Til að annast milligöngu um kaup og sölu verðbréfa og ráðgjöf um slík viðskipti gegn þóknun þarf löggildingu viðskiptaráðherra. Löggilt leyfi til verðbréfamiðlunar eru aðeins veitt einstaklingum sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a. Eru búsettir hér á landi og hafa íslenskan ríkisborgararétt eða ríkisborgararétt í öðru Norðurlandaríki.

b. Hafa náð 20 ára aldri.

c. Hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu.

d. Hafa sótt námskeið í verðbréfamiðlun sem ráðuneytið gengst fyrir í samvinnu við stjórn Verðbréfaþings Íslands og hafa lokið þar prófi samkvæmt þeim prófkröfum sem settar eru í reglugerð sem ráðherra setur.[1)]

1989 Nr. 20 4. apríl

e. Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi eða aflað sér bankatryggingar er bæti viðskiptavinum tjón er hann kynni að baka þeim með störfum sínum við verðbréfamiðlun. Nánari skilyrði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála hennar skulu ákveðin með reglugerð.[2)]

□ Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum og löggiltum endurskoðendum er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt í einstökum tilvikum að veita viðskiptamönnum sínum þjónustu sem samkvæmt lögum þessum telst til verðbréfamiðlunar, enda sé hún veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni svo sem búskiptum eða félagsslitum.

□ Heimilt er samkvæmt skriflegri beiðni leyfishafa að afturkalla áður útgefið leyfi samkvæmt 1. mgr., ef eigi er uppfyllt skilyrði e-liðar 1. mgr., án þess þó að leyfishafi glati réttindum samkvæmt d-lið þeirrar málsgreinar.

□ Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verðbréfamiðlara og skulu ákvæði V. kafla laga þessara gilda um störf hans eftir því sem við getur átt.

[1)] *Rg. 543/1989.* [2)] *Rg. 502/1989.*

■ **4. gr.** Verðbréfamiðlara ber ávallt að haga störfum sínum á þann hátt að viðskiptamenn hans njóti, við kaup og sölu verðbréfa, jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör. Skal hann að teknu tilliti til hags og þekkingar viðskiptamanns veita honum greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem honum standa til boða.

■ **5. gr.** Verðbréfamiðlara er skylt að halda fjármunum viðskiptamanns á sérstökum nafnskráðum reikningi og haga varðveislu verðbréfa hans með tryggilegum hætti.

□ Skylt er verðbréfamiðlara að annast um að markaðsverðbréf, sem hann hefur í vörslum sínum, sé skráð á nafn eiganda enda leiðir slík nafnskráning ekki til ábyrgðar framseljanda á efndum skuldbindingarinnar.

□ Verðbréfamiðlara er heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi hann fengið til þess skriflegt umboð, en skylt er honum að láta kaupanda verðbréfs í té samrit umboðsins sé þess krafist. Í slíkri framsalsáritun verðbréfamiðlara ber að geta þess að verðbréf sé framselt samkvæmt varðveittu umboði. Verðbréfamiðlara er skylt að varðveita slík umboð svo lengi sem réttindi verða byggð á verðbréfi sem hann hefur framselt með þessum hætti.

□ Sá sem veitt hefur verðbréfamiðlara umboð skv. 3. mgr. getur ekki beint kröfum að framsalshafa verðbréfs með stoð í heimildarskorti verðbréfamiðlarans nema umboð hans til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

□ Framsalsáritun verðbréfamiðlara á verðbréf skv. 3. mgr. telst ekki slíta framsalsröð þótt umboð til hans fylgi ekki verðbréfinu.

■ **6. gr.** Verðbréfamiðlara er óheimilt að kaupa verðbréf sem honum er falið til sölu eða að selja eigið verðbréf í rekstri sínum nema um sé að ræða skráð verðbréf á Verðbréfaþingi Íslands.

■ **7. gr.** Verðbréfamiðlurum og starfsmönnum þeirra er skylt að gæta þagmælsku um öll viðskipti sem þeir hafa

milligöngu um og um persónulega hagi viðskiptamanna sem þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema þeim sé gert að veita upplýsingar um þessi efni með dómsúrskurði eða þeim sé að lögum skylt að veita þær. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

■ **8. gr.** Skylt er verðbréfamiðlara að kunngera viðskiptamanni sínum fyrir fram hverja þóknun hann muni áskilja sér fyrir þjónustu sína og skylt er að senda viðskiptavini skilagrein eftir ósk hans um þau viðskipti sem gerð hafa verið í hans þágu.

■ **9. gr.** Verðbréfamiðlara ber eftir almennum reglum að bæta viðskiptamanni sínum það tjón sem hann bakar honum með störfum sínum sé ekki mælt fyrir á annan veg í lögum þessum.

□ Glatist heimildarskjal eða fjármunir sem verðbréfamiðlari hefur í vörslum sínum í þágu viðskiptamanns ber verðbréfamiðlara að bæta allt það tjón er af því hlýst. Verðbréfamiðlara ber að varðveita verðbréf og aðra fjármuni viðskiptavina sinna í eldtraustu öryggishólfi. Í reglugerð skal setja nánari fyrirmæli um öryggisgæslu með verðbréf.

□ Nú skortir verðbréf einhverja þá kosti sem ætla má að áskildir hafi verið og ber þá verðbréfamiðlara að bæta viðskiptamanni sínum það tjón sem af því hlýst, enda verði talið verðbréfamiðlara til gáleysis að hafa ekki vakið athygli viðskiptamanns síns á annmarkanum.

■ **10. gr.** Verðbréfamiðlara er starfar samkvæmt þessum kafla er óheimilt að reka verðbréfasjóði eða taka við fjármunum frá almenningi til ávöxtunar gegn útgáfu skuldarviðurkenningar eða hlutdeildarskírteina. Honum er einnig óheimilt að veita sölutryggingu á markaðsverðbréfum.

**III. kafli. Verðbréfafyrirtæki.**

■ **11. gr.** Verðbréfafyrirtæki, sem sérstaklega er stofnað í samræmi við ákvæði laga þessara, getur fengið rekstrarleyfi viðskiptaráðherra og skal fyrirtækið geta leyfisins í firmanafni sínu eða með sérstöku einkenni sem ráðuneytið samþykkir.

□ Verðbréfafyrirtæki má ásamt verðbréfamiðlurum annast verðbréfamiðlun gegn þóknun og því skal einnig heimilt að veita sölutryggingu á markaðsverðbréfum, annast fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila, reka verðbréfasjóði og skylda starfsemi. Öðrum aðilum en verðbréfafyrirtækjum með fullgildu rekstrarleyfi er óheimilt að annast þá starfsemi er að framan greinir eða einkenna sig sem verðbréfafyrirtæki. Þetta raskar þó eigi rétti innlánsstofnana til að reka slíka starfsemi, sbr. lög nr. 86/1985, um viðskiptabanka og lög nr. 87/1985, um sparisjóði, enda sé um að ræða viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi eða þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við hana. Að öðru leyti fer um verðbréfaviðskipti innlánsstofnana samkvæmt ákvæðum laga þessara.

□ Verðbréfafyrirtækjum er óheimilt að annast aðra starfsemi en um getur í 2. mgr.

□ Skilyrði fyrir leyfi til rekstrar verðbréfafyrirtækis eru sem hér segir:

a. Fyrirtækið sé hlutafélag með innborguðu hlutafé að fjárhæð a. m. k. 20 milljónir króna og eigið fé nemi aldrei lægri fjárhæð en 20 milljónum króna. Fjárhæðir þessar skulu bundnar lánskjaravísitölu miðað við grunntölu hennar á útgáfudegi laga þessara.

b. Stjórnarmenn skulu vera a. m. k. fimm talsins og skulu þeir fullnægja skilyrðum a – c liða 3. gr. laga þessara. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá skilyrði um búsetu og ríkisfang í einstökum tilvikum.

c. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins fullnægi skilyrðum til að stunda verðbréfamiðlun skv. a – d liðum 3. gr.

d. Endurskoðun á reikningum fyrirtækisins skal framkvæmd af löggiltum endurskoðendum.

e. Fyrirtækið setji tryggingu fyrir tjóni sem það kann að baka viðskiptavinum sínum. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett með reglugerð.[1)]

□ Umsókn um rekstrarleyfi skulu fylgja afrit af samþykktum félagsins og gögn er m. a. staðfesti fjárhæð innborgaðs hlutafjár. Jafnframt skulu fylgja umsókn upplýsingar um hvenær fyrirhugað er að fyrirtækið hefji starfsemi sína. Áður en leyfi er veitt skal afla umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

□ Heimilt er verðbréfafyrirtæki að starfrækja útibú enda uppfylli daglegur stjórnandi þess skilyrði til að stunda verðbréfamiðlun skv. a – d liðum 3. gr. Tilkynna skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands um stofnun útibús.

[1)] *Rg. 502/1989.*

■ **12. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. er verðbréfafyrirtæki óheimilt að reka verðbréfasjóð eða verðbréfasjóði nema eigið fé þess nemi a. m. k. 2% af höfuðstól verðbréfasjóðsins eða samanlögðum höfuðstól þeirra verðbréfasjóða sem verðbréfafyrirtækið rekur.

□ Verðbréfafyrirtæki má eigi taka að sér sölutryggingu verðbréfa fyrir hærri fjárhæð en sem nemur tuttuguföldu eigin fé fyrirtækisins.

■ **13. gr.** Framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækis, sem fengið hefur leyfi samkvæmt 3. gr., er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði mæli sérstakar ástæður með því.

□ Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga þessara er verðbréfafyrirtæki þó heimilt að kaupa fyrir eigin reikning eða selja úr eigu sinni verðbréf, enda hafi fyrirtækið formlega tekið að sér að vera viðskiptavaki eða sölutryggjandi varðandi verðbréfin og hafi kunngert það fyrir fram viðskiptavinum sínum og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

□ Ákvæði 4. – 9. gr. laga þessara eiga einnig við um verðbréfafyrirtæki eftir því sem við getur átt.

■ **14. gr.** Verðbréfafyrirtæki skal veita viðskiptavinum sínum greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem það býður varðandi ávöxtun fjár og skal þess gætt að í auglýsingum og annars konar kynningarstarfsemi komi fram réttar og nákvæmar upplýsingar. Verðlagsstofnun setur nánari reglur um slíka upplýsingagjöf að fengnum tillögum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

■ **15. gr.** Almennt útboð markaðsverðbréfa annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla skal fara fram með milligöngu verðbréfafyrirtækja. Þó er hlutafélögum, er hafa til þess heimild Verðbréfaþings Íslands, heimilt að annast sjálf útboð markaðsverðbréfa sinna. Markaðsútgáfu verðbréfa skal tilkynna til Seðlabanka Íslands eigi síðar en viku fyrir

1989 Nr. 20 4. apríl

upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útgáfunnar svo sem fjárhæð, fyrirhugað sölutímabil, sölustaði og sameiginleg einkenni bréfanna. Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um gerð útboðsgagna og hann getur sett reglur um fyrsta söludag einstakra verðbréfaflokka í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum.

□ Við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, séu þau fyrr, skal verðbréfafyrirtæki tilkynna Seðlabankanum um heildarsölu bréfa í flokknum á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum og í lok hvers árs skal enn fremur tilkynna um útistandandi eftirstöðvar í flokknum. Sama gildir um almennt útboð markaðsverðbréfa á vegum annarra aðila eftir því sem við á. Seðlabanki Íslands skal birta reglulega upplýsingar um markaðsverðbréf samkvæmt þessari grein.

■ **16. gr.** Verðbréfafyrirtæki er skylt að senda þeim viðskiptavinum, sem það tekur við fjármunum frá til ávöxtunar í verðbréfum á annan hátt en í almennum verðbréfasjóði, skilagreinar með reglubundnum hætti eða eftir beiðni þeirra þar sem fram kemur hver verðbréf eða aðra fjármuni viðskiptavinur hefur átt í vörslum þess við lok hvers tímabils, hvaða verðbréf hafi verið keypt eða seld í þágu hans á tímabilinu og á hvaða verði þau viðskipti hafi átt sér stað. Ársyfirlit fyrir næstliðið ár skal senda viðskiptavinum eigi síðar en fyrir lok janúarmánaðar.

■ **17. gr.** Skylt er verðbréfafyrirtæki að kunngera viðskiptamönnum sínum fyrir fram hverja þóknun það muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna viðskiptamönnum með nægum fyrirvara þannig að unnt sé að endurmeta þau viðskipti sem verið hafa milli aðila.

□ Óheimilt er verðbréfafyrirtækjum að sammælast um gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og gilda um það ákvæði laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

## IV. kafli. Verðbréfasjóðir.

■ **18. gr.** Verðbréfafyrirtæki getur rekið einn eða fleiri verðbréfasjóði, sbr. 6. mgr. 1. gr. Verðbréfasjóð má stofna sem sjálfstætt hlutafélag eða með öðru félagsformi og skal hver verðbréfasjóður hafa sambykktir og sérstaka stjórn. Verðbréfafyrirtæki kemur fram í eigin nafni fyrir hönd verðbréfasjóðs og tekur ákvarðanir varðandi sjóðinn í samræmi við rekstrarsamning skv. 3. mgr.[1] Í löggerningum, sem varða sjóði í vörslu fyrirtækisins, er skylt að geta þess sjóðs sem verðbréfafyrirtækið kemur fram fyrir hverju sinni. Verðbréfasjóður getur eigi verið aðili að dómsmáli nema málið fjalli um samskipti sjóðsins og verðbréfafyrirtækis sem sér um rekstur hans.

□ Í samþykktum verðbréfasjóðs skulu m. a. koma fram eftirfarandi atriði:

a. Nafn sjóðs og nafn þess verðbréfafyrirtækis, sem rekur sjóðinn.

b. Hvort sjóðurinn starfar óskiptur eða í aðgreindum deildum.

c. Fjárfestingarstefna sjóðsins, þ. e. í hvaða tegundum verðbréfafjármunir sjóðsins verði ávaxtaðir og í hvaða hlutföllum áformað sé að fjárfesta í hverjum flokki miðað við heildarverðbréfaeign sjóðsins á hverjum tíma og hvaða lausafjárkvöð sjóðnum er sett.

d. Útgreiðsla arðs (vaxta), þ. e. hvort arður eða annar hagnaður af verðbréfum sjóðsins verði greiddur út eða honum bætt við höfuðstól hans.

e. Hvernig reikna skuli út raunvirði hvers hlutar í sjóðnum og hvernig háttað skuli innlausn hlutdeildarskírteina.

f. Hvert sé reikningsár sjóðsins.

g. Hvernig háttað sé vali stjórnarmanna og endurskoðanda sjóðsins og hvert sé hlutverk stjórnar.

h. Hvort hægt sé að breyta samþykktum sjóðsins og hvernig skuli að breytingunum staðið.

□ Tilkynna skal stofnun verðbréfasjóðs til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sem heldur sérstaka skrá yfir verðbréfasjóði. Óheimilt er að hefja starfsemi verðbréfasjóðs nema bankaeftirlitið hafi staðfest samþykktir hans.

□ Verðbréfasjóður skal hafa samning við verðbréfafyrirtæki um rekstur sjóðsins. Skal rekstrarsamningur jafnan vera aðgengilegur viðskiptavinum sjóðsins. Í rekstrarsamningi skal kveða á um þóknun verðbréfafyrirtækis fyrir hvers konar umsýslu með sjóðinn, kaup og varðveislu verðbréfa, innlausn hluta, kostnað við endurskoðun, auglýsingar o. s. frv. Einnig um það hvernig reikna skuli út þær greiðslur sem koma í hlut verðbréfafyrirtækisins fyrir sölu og innlausn á sjóðshlutum og hver sé hámarkssöluþóknun og hámarksfrádráttur frá ákvörðuðu sölu- eða innlausnarverði hvers hlutar í sjóðnum.

□ Stjórn verðbréfasjóðs getur ákveðið breytingu á samþykktum sjóðsins ef ekki er öðruvísi kveðið á í stofnsamþykktum hans. Breytingar á samþykktum verðbréfasjóðs taka eigi gildi nema bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi staðfest þær. Samþykktir verðbréfasjóðs og breytingar á þeim skulu staðfestar ef þær eru í samræmi við lög, enda séu þær í meginatriðum í samræmi við hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina og engar aðrar fullgildar ástæður mæli móti staðfestingunni. Skjóta má synjun bankaeftirlitsins til endanlegrar ákvörðunar ráðherra, en einnig má bera hana undir dómstóla með málshöfðun innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun bankaeftirlitsins var kunngerð stjórn sjóðsins.

□ Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði um hverja breytingu á samþykktum verðbréfasjóðs og jafnframt skal auglýsa hana opinberlega. Breyting á samþykktum verðbréfasjóðs tekur gildi þremur mánuðum eftir að breytingin hefur verið staðfest og tilkynnt til verðbréfasjóðaskrár nema bankaeftirlitið gefi önnur fyrirmæli þar að lútandi.

[1] *Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera 4. mgr.*

■ **19. gr.** Í verðbréfasjóðaskrá, sem Seðlabanki Íslands heldur, skal skrá þá verðbréfasjóði sem fengið hafa staðfestingu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands á samþykktum sínum. Þar skal einnig skrá hvaða verðbréfafyrirtæki rekur verðbréfasjóð, svo og nöfn stjórnarmanna og endurskoðenda sjóðsins. Þess skal gætt við skráningu að nöfn verðbréfasjóða séu eigi svo lík að valdið geti misskilningi viðskiptavina.

□ Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um staðfestingu á samþykktum verðbréfasjóðs eða breytingu á þeim og um nöfn stjórnarmanna og endurskoðenda sjóðsins. Einnig skal þar taka fram nafn þess verðbréfafyrirtækis er rekur sjóðinn. Óheimilt er að taka við fjármunum til ávöxtunar í verðbréfasjóði fyrr en tilkynningin hefur verið birt.

■ **20. gr.** Gefa skal út verðbréf í formi hlutdeildarskírteina til þeirra sem fá verðbréfafyrirtæki fjármuni til ávöxtunar í verðbréfasjóði. Skírteini þessi skulu skráð á nafn. Allir, sem eiga hlutdeild að verðbréfasjóði eða sérgreindri deild hans, eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar í hlutfall við eign sína og skírteinin eru staðfesting á tilkalli til skuldabréfaeignar sjóðsins. Eigandi hlutdeildarskírteinis hefur réttarstöðu lánardrottins gagnvart verðbréfasjóði.

□ Sala hlutdeildarskírteina fer fram hjá viðkomandi verðbréfafyrirtæki, en það getur einnig falið öðrum aðilum að annast þá sölu svo sem sjálfstætt starfandi verðbréfamiðlurum, bönkum og sparisjóðum.

■ **21. gr.** Í hlutdeildarskírteini skal eftirtalinna atriða m. a. getið:

a. Nafns og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis, nafns verðbréfasjóðs og nafns verðbréfafyrirtækis.

b. Númers hlutdeildarskírteinis.

c. Hvernig sjóðshlutur verði innleystur og/eða hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.

d. Hvar finna megi samþykktir verðbréfasjóðs, ársfjórðungsskýrslur og aðrar skýrslur um starfsemina.

e. Nafns og kennitölu framsalshafa, hafi hlutdeildarskírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar hjá því verðbréfafyrirtæki er annast rekstur verðbréfasjóðsins.

□ Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn verðbréfasjóðs eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnritunin má vera prentuð eða framsett á annan sambærilegan hátt.

■ **22. gr.** Verðbréfafyrirtæki skal færa skrá yfir öll hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði. Í skránni skal m. a. koma fram:

a. Nafn eiganda og kennitala.

b. Númer skírteinis og söludagur þess.

c. Nafnverð skírteina.

d. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

□ Eigendaskipti að hlutdeildarskírteinum, sem eigandi tilkynnir um til verðbréfafyrirtækis og aðrar þær upplýsingar sem því berast varðandi eignarhald að skírteinum, skulu færð inn á skrána ásamt því að heimild tilkynningar er skráð.

□ Kjósi eigendur hlutdeildarskírteina fulltrúa í stjórn verðbréfasjóðs samkvæmt samþykktum sjóðsins skal gera nafnaskrá ásamt upplýsingum um atkvæðafjölda þar sem fram komi nöfn allra eigenda sem lýsa áhuga á að taka þátt í kosningunni. Öllum eigendum, sem áhuga hafa, er heimilt að fá afrit af þessari skrá gegn greiðslu ljósritunarkostnaðar eigi síðar en þremur vikum fyrir kjörfund.

■ **23. gr.** Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum sjóðsins við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum.

□ Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um útreikning innlausnarvirðis hlutdeildarskírteina.

■ **24. gr.** Eignum verðbréfasjóðs skal halda aðgreindum frá eignum verðbréfafyrirtækis sem rekur sjóðinn. Eignir hans verða ekki kyrrsettar eða teknar fjárnámi vegna skulda verðbréfafyrirtækis, sbr. þó kröfur vegna lánveitinga til innlausnar á bréfum og öðrum eignum sjóðsins skv. 27. gr. Eigendur hlutdeildarskírteina verða eigi gerðir persónulega ábyrgir vegna skuldbindinga verðbréfasjóðsins umfram verðmæti eignar þeirra í sjóðnum.

1989 Nr. 20 4. apríl

■ **25. gr.** Verðbréf verðbréfasjóða er skylt að varðveita í eldtraustu öryggishólfi. Í reglugerð[1)] skal setja nánari fyrirmæli um öryggisgæslu með verðbréf.

[1)] *Rg. 550/1989.*

■ **26. gr.** Verðbréfafyrirtæki má eigi hafa viðskipti við verðbréfasjóð í umsjón þess með því móti að starfsmenn fyrirtækisins, eigendur eða stjórnarmenn selji sjóðnum verðbréf eða kaupi af honum önnur verðbréf en hlutdeildarskírteini sjóðsins sjálfs. Sama gildir um nána venslamenn þeirra ef ætla má að viljaafstaða þess, sem gætir hagsmuna verðbréfasjóðsins, mótist af venslunum. Undantekningu má þó gera með verðbréf sem skráð eru í Verðbréfaþingi Íslands, enda sé þar ekki á neinn hátt um óvenjuleg viðskipti að ræða og þau séu samþykkt af stjórn sjóðsins og bókuð í gerðabók hennar.

■ **27. gr.** Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að taka önnur lán í nafni verðbréfasjóðs en skammtímalán til að innleysa bréf eða eignir sjóðsins. Slík lán mega þó eigi fara upp fyrir 20% af eignum sjóðsins. Óheimilt er að veita peningalán úr verðbréfasjóði eða láta hann ganga í ábyrgðir fyrir aðra.

■ **28. gr.** Óheimilt er að fjárfesta meira en 5% af eignum verðbréfasjóðs í bréfum útgefnum af einum skuldara (skuldabréf eða aðrar viðskiptakröfur) eða í hlutabréfum eins fyrirtækis. Þetta gildir þó eigi ef um er að ræða verðbréf með ríkisábyrgð, ábyrgð innlánsstofnana eða önnur verðbréf sem teljast sambærilega örugg og verslað er með á Verðbréfaþingi Íslands, svo og meðan heildareign sjóðsins hefur eigi náð 5 milljónum króna. Meðan heildareign verðbréfasjóðs er innan við 5 milljónir króna skulu þó skuldabréf útgefin af einum skuldara, önnur en verðbréf með ríkisábyrgð, ekki nema meira en 33% heildarverðbréfaeignar verðbréfasjóðsins.

□ Óheimilt er að fjárfesta meira en 5% af eigum verðbréfasjóðs eða einstakra deilda hans í verðbréfasjóðum sem reknir eru af öðrum verðbréfafyrirtækjum.

□ Verðbréfasjóður má ekki eiga meira en 10% hlutabréfa í einu félagi.

□ Eigi má fjárfesta eigur verðbréfasjóðs í fasteignum. Verðbréfafyrirtæki fyrir hönd verðbréfasjóðs er þó heimilt að yfirtaka fasteignir til að tryggja fullnustu kröfu er sjóður kann að eiga. Fasteignirnar skulu þó seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati sjóðsstjórnar og eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku fasteignarinnar. Heimilt er þó í undantekningartilvikum að draga sölu fasteigna lengur en í 18 mánuði enda sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu fasteigna skal tilkynna bankaeftirliti Seðlabanka Íslands sem getur þá krafist sölu á fasteignum innan viðeigandi tímafrests.

■ **29. gr.** Verðbréfafyrirtæki skal kappkosta að verðbréfasjóðir í umsjá þess hafi ætíð yfir að ráða lausu fé til að geta innt af hendi greiðsluskuldbindingar sínar. Þó skal laust fé aldrei nema lægra en 2% af innlausnarverðmæti verðbréfa í sjóðnum á hverjum tíma en ráðherra er þó heimilt, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands, að hækka þetta mark ef nauðsyn krefur, þó aldrei meira en í 5%. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin

nettóinnlán í bönkum, ríkisvíxla eða önnur verðbréf sem öruggur kaupandi er að innan 30 daga. Einnig skal telja að ⅔ hlutum væntanlegar afborganir og arð af verðbréfum sem sjóðurinn fær á sama tíma.

☐ Heimilt er bankaeftirliti Seðlabanka Íslands að veita tímabundna undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því.

**V. kafli. Ársreikningar og endurskoðun.**

■ **30. gr.** Reikningsár verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis skal ákveðið í samþykktum þeirra. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

☐ Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings í reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 556/1989.*

■ **31. gr.** Endurskoðun skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis má ekki sitja í stjórn þeirra, vera starfsmaður eða að öðru leyti starfa í þeirra þágu að öðru en endurskoðun.

☐ Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum verðbréfasjóðs og jafnframt skulu starfsmenn verðbréfafyrirtækis veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

■ **32. gr.** Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Hann skal láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

☐ Telji endurskoðandi að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

☐ Endurskoðanda er skylt að veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni verðbréfafyrirtækis og verðbréfasjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og hann getur látið í té.

☐ Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla á rekstri verðbréfafyrirtækis eða verðbréfasjóðs varðandi framkvæmd rekstursins, greiðslutryggingar eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins skal endurskoðandi sjóðsins gera stjórn hans og bankaeftirlitinu viðvart.

■ **33. gr.** Senda skal bankaeftirliti Seðlabankans endurskoðaða ársreikninga verðbréfasjóðs í síðasta lagi 30 dögum eftir undirritun þeirra og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningunum skal fylgja skýrsla löggilts endurskoðanda þar sem m. a. komi fram hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttað. Meginniðurstöður ársreikninga skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu einnig liggja frammi í starfsstöðvum viðkomandi verðbréfafyrirtækis og vera aðgengilegar fyrir viðskiptamenn.

☐ Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit í því formi, sem bankaeftirlitið ákveður, skal einnig senda því og það skal liggja frammi á starfsstöðvum verðbréfafyrirtækis.

☐ Auk reikninga verðbréfasjóða samkvæmt framangreindu skal einnig senda bankaeftirliti Seðlabankans endurskoðaða ársreikninga verðbréfafyrirtækis í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs og verðbréfafyrirtækjum er skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 36/1986.

**VI. kafli. Eftirlit.**

■ **34. gr.** Starfsemi verðbréfamiðlara, verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja er háð eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem, að mati bankaeftirlitsins, eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Að öðru leyti skulu gilda um eftirlitið sömu reglur og um eftirlit með innlánsstofnunum, sbr. IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eftir því sem við getur átt.

☐ Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækis eða verðbréfasjóðs brjóti gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta, nema brot séu alvarleg. Verði ekki orðið við kröfum bankaeftirlitsins innan tilskilins frests getur það lagt til við ráðherra að hann afturkalli rekstrar- og/eða starfsleyfi verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtækis.

☐ Afturkalli ráðherra leyfi verðbréfafyrirtækis skv. 2. mgr. skal hann skipa þriggja manna skilanefnd sem sér um ráðstöfun þeirra verðbréfasjóða sem fyrirtækið hefur rekið, um flutning þeirra til annars verðbréfafyrirtækis eða um slit fyrirtækisins, sölu verðbréfaeignar og skil á innkomnu söluverði til eigenda hlutdeildarskírteina og annarra kröfuhafa.

■ **35. gr.** Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða vegna viðskipta þeirra með erlend verðbréf í samræmi við þær reglur sem gilda um starfsemi þess.

**VII. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **36. gr.** Sá sem öðlast vill leyfi til verðbréfamiðlunar skv. 3. gr. skal standast próf eftir því sem greinir í lögum þessum og reglum[1)] settum samkvæmt þeim. Prófnefnd, sem viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti fimm menn, þar af einn tilnefndur af stjórn Verðbréfaþings Íslands, skal standa fyrir prófi þessu ákveði viðskiptaráðherra eigi aðra tilhögun. Varamenn skal skipa með sama hætti.

☐ Viðskiptaráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófa, störf og skipan prófnefndarmanna. Prófnefnd ákveður prófsefni fyrir upphaf námskeiðs.

☐ Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um tilhögun námskeiðs, námsgreinar, kennslu og kennslugjöld að tillögu prófnefndar.

[1)] *Rg. 543/1989.*

■ **37. gr.** Brot á lögum þessum varðar sektum eða fangelsi allt að átta mánuðum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans fram-

**1989** Nr. 20 4. apríl

angreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

☐ Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

☐ Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **38. gr.** Viðskiptaráðherra er heimilt að svipta verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots leyfishafa á ákvæðum laga þessara. Í slíku tilviki skal ráðherra skipa umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir til þess að tryggja hag viðskiptamanna viðkomandi aðila.

■ **39. gr.** Viðskiptaráðherra getur í reglugerð hækkað lágmarksfjárhæð hlutafjár skv. 11. gr. í samræmi við verðlagsbreytingar frá gildistöku laga þessara.

■ **40. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru þá úr gildi felld lög nr. 27 frá 2. maí 1986, um verðbréfamiðlun.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** 1. Við gildistöku laga þessara ber þeim, sem telur til eignar eða annars réttar yfir markaðsverðbréfi sem fullnægir ekki ákvæðum 5. mgr. 1. gr. laga þessara, að árita það um eignarhald sitt eða réttindi til þess. Sama skylda hvílir á þeim sem varðveitir slík verðbréf í umboði eiganda við gildistöku laga þessara.

2. Verðbréfamiðlurum, sem hlotið hafa réttindi samkvæmt lögum nr. 27/1986, ber að tilkynna útgáfu markaðsverðbréfa skv. 5. mgr. 1. gr., sbr. 14. gr. laga þessara, sem átt hefur sér stað með milligöngu þeirra fyrir 1. janúar 1989, á þann hátt sem fyrir er lagt í 14. gr.

3. Þeir sem við gildistöku laga þessara starfrækja verðbréfamiðlun samkvæmt lögum nr. 27/1986, verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði skulu uppfylla ákvæði laga þessara eigi síðar en 1. mars 1989. Bankaeftirliti Seðlabankans er þó heimilt að veita lengri frest mæli sérstakar ástæður með því. Slíkur frestur verður þó aldrei veittur lengur en til 1. júní 1989.

Þeir sem fengið hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum nr. 27/1986 við gildistöku laga þessara skal eigi skylt að sækja námskeið samkvæmt d-lið 3. gr.

4. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum, sem út hafa verið gefin fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu þótt þau fullnægi ekki ákvæðum 21. gr. laganna.

5. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga er viðskiptaráðherra heimilt, að fenginni umsögn prófnefndar, að veita þeim, er uppfylla skilyrði 4. gr. laga nr. 27/1986, tímabundið leyfi til verðbréfamiðlunar í átján mánuði, enda fullnægi viðkomandi öllum skilyrðum 3. gr. laga þessara. Heimilt er að framlengja þann frest um allt að sex mánuði ef sérstaklega stendur á.

**1987** Nr. 36 27. mars

## Lög um listmunauppboð o. fl.

■ **1. gr.** Viðskiptaráðherra skal heimilt að veita þeim sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir að hans dómi leyfi til að selja sjálfir á frjálsu uppboði, hvar sem er á landinu, málverk, myndir, listmuni, bækur, frímerki og aðra muni sem söfnunargildi hafa.

☐ Uppboðsleyfi er einnig heimilt að veita félögum eða öðrum lögaðilum sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir.

☐ Leyfin eru ekki tímabundin en þau má afturkalla ef leyfishafar þykja ekki lengur uppfylla hæfisskilyrði. Eldri leyfi skulu halda gildi sínu og teljast ótímabundin eftir gildistöku laga þessara.

☐ Leyfisgjald, er renni í ríkissjóð, skal vera helmingur af gjaldi fyrir smásöluleyfi.

■ **2. gr.** Þegar sérstaklega stendur á má veita aðilum leyfi til að halda lokað uppboð í því skyni að styrkja viðurkennda líknarstarfsemi og kirkjulega starfsemi, menntir, vísindi og menningu. Uppboðsstjóri skal þó hafa verslunarleyfi jafnaðarlega og teljast hæfur til uppboðshaldsins. Ekki skal innheimta leyfisgjald.

■ **3. gr.** Sölugjald skal ekki leggja á málverk, myndir og listmuni heldur 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til starfslauna handa myndlistarmönnum. Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur[1] um ráðstöfun gjaldsins að höfðu samráði við Samband íslenskra myndlistarmanna.

[1] *Rg. 97/1988.*

■ **4. gr.** Leyfishafar eða uppboðsstjórar mega hvorki gera sjálfir boð á uppboði né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

■ **5. gr.** Leyfishafar skulu kynna uppboðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir í upphafi uppboðs.

☐ Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum er leggist ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, og því hvenær ábyrgð á seldum mun flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

☐ Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á seldum mun nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

☐ Þegar uppboð er opið skulu munir vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma sé þess kostur.

■ **6. gr.** Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

☐ Með brot skal farið að hætti opinberra mála.

■ **7. gr.** Í reglugerð[1] má setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

[1] *Rg. 97/1988.*

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

a. 7. gr. laga nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum;

b. lög nr. 113 23. desember 1954, um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum;

c. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

**1989** Nr. 19 4. apríl

## Lög um eignarleigustarfsemi.

### I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** „Eignarleiga" merkir í lögum þessum leigustarfsemi á lausafé eða fasteignum þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- eða afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum. Til eignarleigu telst því:

„Fjármögnunarleiga" er merkir í lögum þessum þá

samningsaðstöðu samkvæmt eignarleigusamningi að leigusali hefur afsalað að verulegu leyti áhættu og rétti til arðs sem tengist eignarrétti leigusala. Eignarréttur helst þó hjá leigusala.

„Kaupleiga" er merkir í lögum þessum þá samningsaðstöðu samkvæmt eignarleigusamningi að leigusali hefur afsalað að verulegu leyti áhættu og rétti til arðs sem tengist eignarrétti leigusala og jafnframt veitt leigutaka sjálfkrafa rétt til að eignast hið leigða í lok leigutíma.

„Rekstrarleiga" er merkir í lögum þessum þá samningsaðstöðu samkvæmt eignarleigusamningi að fyrir hendi sé eignarleiga sem ekki telst vera fjármögnunarleiga né kaupleiga samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

■ **2. gr.** „Eignarleigustarfsemi" samkvæmt lögum þessum telst vera sú starfsemi að veita, hafa milligöngu um eða bjóða fram lánveitingar og ábyrgð á skuldum vegna fjármögnunar annarra aðila.

□ Ákvæði laga þessara taka þó ekki til lánveitinga þeirra sem stunda framleiðslu og verslun til venjulegra viðskiptavina.

□ Rísi ágreiningur um það hvort starfsemi teljist til eignarleigustarfsemi samkvæmt lögum þessum sker ráðherra úr.

■ **3. gr.** „Eignarleigufyrirtæki" merkir í lögum þessum fyrirtæki sem hefur að meginstarfsemi eignarleigu samkvæmt lögum þessum.

□ „Víkjandi lán" merkir í lögum þessum lán sem eignarleigufyrirtæki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldarviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot félagsins eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur félaginu en endurgreiðslu hlutafjár.

**II. kafli. Eignarleigufyrirtæki.**

■ **4. gr.** Eignarleigustarfsemi er einungis heimil eignarleigufyrirtæki sem hefur starfsleyfi viðskiptaráðherra.

□ Skilyrði fyrir veitingu slíks starfsleyfis eru:

1. Fyrirtækið sé hlutafélag og nemi innborgað hlutafé þess a. m. k. 10 milljónum króna.
2. Meiri hluti stjórnar félagsins skal vera búsettur hér á landi.
3. Framkvæmdastjóri félagsins skal vera búsettur hér á landi og vera ríkisborgari Norðurlandaríkis. Skal hann vera fjárráða og með óflekkað mannorð.
4. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa annist endurskoðun hjá eignarleigufyrirtæki.

■ **5. gr.** Eignarleigufyrirtæki er óheimilt að hafa með höndum aðra starfsemi en eignarleigu eða skylda starfsemi á sviði fjármálaþjónustu. Eignarleigufyrirtækið má þó eigi jafnframt stunda verðbréfamiðlun eða rekstur verðbréfasjóðs.

□ Tilgangur fyrirtækisins skal skýrt afmarkaður í samþykktum félagsins.

■ **6. gr.** Eigið fé eignarleigufyrirtækis, að viðbættum víkjandi lánum, skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 10% af heildarskuldbindingum þess.

■ **7. gr.** Eignarleigufyrirtæki ber að haga starfsemi sinni á þann veg að viðskiptamenn þess njóti jafnræðis um upplýsingar um verð og önnur viðskiptakjör. Skal, að teknu tilliti til hags og þekkingar viðskiptamanna, kappkostað að veita þeim greinargóðar upplýsingar um þá kosti og kjör sem þeim standa til boða.

■ **8. gr.** Eignarleigusamningar skulu vera skriflegir. Í þeim skal, auk leigugjalds, geta eftirtalinna atriða:

1. Tegundar þeirrar eignarleigu sem samningurinn kveður á um, sbr. 1. gr. laga þessara.
2. Lágmarksleigutíma.
3. Vaxtaákvæða og annars kostnaðar leigutaka af viðskiptunum, þar á meðal lántökugjalds ef um það er að ræða.
4. Ákvæða um rétt leigusala og leigutaka til riftunar eignarleigusamningsins og um skilmála riftunar.
5. Ákvæða um vátryggingar og bótaábyrgð gagnvart þriðja aðila.
6. Hvort, með hvaða hætti og hvaða kjörum leigutaki fái áframhaldandi afnot hins leigða að leigutíma loknum.

■ **9. gr.** Starfsmönnum eignarleigufyrirtækis ber að gæta þagmælsku um öll viðskipti sem það annast og um persónulega hagi viðskiptamanna þess sem þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema starfsmönnum sé gert að veita upplýsingar um þessi efni með dómsúrlausn eða sé að lögum skylt að veita þær. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

**III. kafli. Eftirlit.**

■ **10. gr.** Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með að ekki sé starfrækt eignarleigufyrirtæki nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra, sbr. 4. gr. laga þessara. Bankaeftirlitið skal gæta þess að slík starfsemi fullnægi ætíð að öðru leyti skilyrðum laga þessara, reglugerða og samþykkta sem um starfsemina gilda. Bankaeftirlitinu skal heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum hjá eignarleigufyrirtækjum sem að mati bankaeftirlitsins varða starfsemina og nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins. Gögn og upplýsingar skulu látin í té í því formi og svo oft sem bankaeftirlitið óskar eftir vegna eftirlits og hagskýrslugerðar. Að öðru leyti skulu gilda um eftirlitið sömu reglur og gilda um eftirlit með innlánsstofnunum, sbr. IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, og reglugerðir settar samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt. Ákvæði þessarar greinar taka einnig til endurskoðenda eignarleigufyrirtækja.

■ **11. gr.** Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum eignarleigufyrirtækja í samræmi við þær reglur sem gilda um starfsemi þess.

■ **12. gr.** Hafi stjórn eignarleigufyrirtækis eða endurskoðandi þess ástæðu til að ætla að eigið fé þess sé undir því lágmarki sem ákveðið er í 6. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

□ Er bankaeftirlitinu berst tilkynning að hætti 1. mgr. eða það telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé eignarleigufyrirtækis sé undir lágmarki 6. gr. skal það krefja endurskoðanda eignarleigufyrirtækis þegar í stað um reikningsuppgjör sem hann skal afhenda innan tveggja vikna frá því honum berst krafan.

□ Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé eignarleigufyrirtækis fullnægi ekki ákvæðum 6. gr. skal stjórn hlutafélagsins án tafar boða til hluthafafundar til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana félagið hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið

1989 Nr. 19 4. apríl

**1989** Nr. 19 4. apríl

þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör endurskoðanda og greinargerð stjórnar ásamt umsögn sinni.

□ Þegar ráðherra hafa borist gögn skv. 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi eignarleigufyrirtæki frest í allt að fjóra mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 6. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að fjóra mánuði til viðbótar. Heimilt er að stytta eða fella niður áður ákveðinn frest ef ástæða þykir til.

■ **13. gr.** Ráðherra er heimilt að afturkalla starfsleyfi eignarleigufyrirtækis ef veittur frestur skv. 12. gr. ber eigi árangur eða sýnt þykir að slíta beri fyrirtækinu. Skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi eignarleigufyrirtækisins kröfu um að bú þess verði tekið til skipta.

□ Brjóti stjórn eignarleigufyrirtækis ítrekað fyrirmæli laga og reglna settra samkvæmt þeim getur ráðherra með sama hætti og um getur í 1. mgr. þessarar greinar afturkallað starfsleyfi eignarleigufyrirtækis, enda hafi bankaeftirlit Seðlabanka Íslands áður gert skriflegar athugasemdir varðandi reksturinn.

□ Ráðherra er heimilt að svipta eignarleigufyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir ef hafin er opinber rannsókn vegna meintra brota á lögum þessum í starfsemi eignarleigufyrirtækis.

**IV. kafli. Viðurlög.**

■ **14. gr.** Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex mánuðum að starfrækja eignarleigufyrirtæki, sbr. 4. gr. laga þessara, án starfsleyfis viðskiptaráðherra. Sömu refsingu varða brot á II. kafla laga þessara. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

□ Með brot skv. 1. mgr. þessarar greinar skal farið að hætti opinberra mála.

**V. kafli. Gildistaka o. fl.**

■ **15. gr.** Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

■ **16. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þeir, sem við gildistöku laga þessara stunda starfsemi, sem lög þessi taka til, skulu uppfylla ákvæði laganna eigi síðar en sex mánuðum frá gildistöku þeirra. Mæli sérstakar ástæður með því er viðskiptaráðherra heimilt að veita lengri frest, þó aldrei lengri en eitt ár frá því sem ákveðið hefur verið í fyrri málslið þessa bráðabirgðaákvæðis.

**1979** Nr. 44 1. júní

## Lög um húsaleigusamninga.

**I. kafli. Gildissvið laganna o. fl.**

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um samninga sem fjalla um afnot af húsi eða hluta af húsi gegn endurgjaldi. Lögin gilda enn fremur um afnot húsnæðis samkvæmt vinnusamningi eða viðauka við slíkan samning.

□ Fjalli samningur enn fremur um land, sem nýta á í tengslum við afnot af húsnæði, skal fara um slíka samninga skv. lögum þessum, nema um afnot lands til landbúnaðar sé að ræða.

□ Með íbúðarhúsnæði er í lögum þessum átt við húsnæði sem látið er í té til afnota að öllu eða verulegu leyti til íbúðar.

□ Lög þessi gilda ekki um samninga hótela, gistihúsa og sambærilegra aðila við gesti sína. Sama gildir um orlofsheimili sem leigð eru til skamms tíma.

■ **2. gr.** Ákvæði í leigumála, sem fer í bága við ákvæði laga þessara, verður ekki beitt gegn leigutaka eða þeim sem hefur rétt til að koma í hans stað, nema annars sé sérstaklega getið.

**1979** Nr. 44 1. júní

■ **3. gr.** Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk, en með sambúðarfólki er átt við karl og konu, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár.

**II. kafli. Gerð leigumála.**

■ **4. gr.** Leigumála um húsnæði skal gera skriflegan.

□ Félagsmálaráðuneytið skal láta gera sérstök eyðublöð fyrir leigumála um íbúðarhúsnæði. Eyðublöðin skulu liggja frammi, almenningi til afnota, á skrifstofum sveitarfélaga, hjá samtökum leigutaka og leigusala, og annars staðar þar sem ástæða þykir til.

□ Ráðuneytið getur ákveðið hæfilegt endurgjald fyrir eyðublöðin sem dreifingaraðila er skylt að innheimta. [Dreifingaraðila er heimilt að áskilja sér hæfilega þóknun úr hendi viðtakanda húsaleigusamningseyðublaða.][1)]

[1)] *L. 70/1984, 1. gr.*

■ **5. gr.** Heimilt er félagsmálaráðuneyti að staðfesta til almennra nota eyðublöð samkv. 4. gr., sem samtök leigutaka eða leigusala kunna að láta gera, enda sé á þau skráð um staðfestingu ráðuneytisins. Sama á við um eyðublöð sem gerð eru á vegum Fasteignamats ríkisins og Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

■ **6. gr.** Allar breytingar á leigumála eða viðbætur við hann, sem heimilar eru samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar skriflegar og skráðar á leigumálann sjálfan.

■ **7. gr.** Leigumála má ýmist gera til ákveðins tíma eða ótímabundna.

□ Sé leigumáli tímabundinn lýkur honum án sérstakrar uppsagnar en senda skal leigusali tilkynningu til leigutaka samkv. 16. gr.

□ Um ótímabundna leigusamninga gilda hins vegar ákvæði 13. gr. um uppsagnarfrest og auk þess ákvæði 15. gr. um fardaga ef hið leigða er íbúðarhúsnæði.

■ **8. gr.** Leigutaki íbúðarhúsnæðis samkvæmt tímabundnum leigusamningi skal að leigutíma loknum hafa [forgangsrétt][1)] að hinu leigða. Leigumálinn framlengist þá í jafnlangan tíma og hinn upphaflegi samningur gilti, en þó ekki lengur en í eitt ár hverju sinni. Leigusali getur þó valið milli þess hvort gerður skuli nýr tímabundinn samningur eða hinn tímabundni samningur breytist í ótímabundinn samning, sem lýtur almennum reglum laga þessara, m. a. um uppsögn. Skilmálar framlengds leigumála skulu vera hinir sömu og í upphaflegum leigumála að öðru leyti, m. a. um fjárhæð húsaleigu, nema að því leyti sem leiðir af leyfilegum breytingum á húsaleigunni samkvæmt samningi aðila eða lögum. Hafi tímabundinn samningur verið gerður samkvæmt þessari grein og hann endurnýjaður að ósk leigusala tvisvar í röð eða oftar án verulegrar breytingar, hefur leigutaki rétt til ótímabundins samnings, nema sérstakar ástæður mæli því í mót.

□ Líta skal á upphaflega umsaminn leigutíma og framlengingu hans skv. [forgangsrétti][1)] sem samfelldan leigutíma og meta réttindi og skyldur leigusala og leigutaka eftir því, m. a. að því er lýtur að fyrirframgreiðslu skv. 2. mgr. 51. gr.

□ [Forgangsrétturinn][1)] fellur niður ef leigusali lætur íbúðarhúsnæðið í té til afnota til a. m. k. eins árs

skyldmenni í beina línu, kjörbörnum eða fósturbörnum og systkinum sínum og börnum þeirra eða tengdaforeldrum eða tekur íbúðarhúsnæðið til afnota fyrir sjálfan sig.

□ [Forgangsréttur][1] leigutaka skv. 1. mgr. gildir ekki, ef hið leigða íbúðarhúsnæði er í sama húsi og leigusali býr í sjálfur.

[1] *L. 70/1984, 2. gr.*

■ **9. gr.** Í leigumála skal m. a. geta eftirtalinna atriða:

A. Hvort úttekt á hinu leigða skuli fara fram við afhendingu skv. 33. gr.

B. Hvort leigutaki skuli leggja fram tryggingarfé og með hvaða hætti og hvar það skuli varðveitt.

C. Hvernig greiða skuli leiguna.

D. Forleiguréttar[1] skv. 8. gr. ef um tímabundinn leigumála er að ræða.

E. Hvort samið er um lágmarks leigutíma ef um ótímabundinn leigumála er að ræða.

F. Fjárhæðar húsaleigu svo ekki verði um villst.

[1] *Nú forgangsréttar, sbr. l. 70/1984.*

■ **10. gr.** [Ef aðilar hafa vanrækt að gera skriflegan leigumála eða notað óstaðfest eyðublað við gerð hans teljast aðilar hafa gert ótímabundinn leigumála og gilda öll ákvæði laganna um réttarsamband þeirra.][1] Upphæð leigunnar ákveðst þá sú fjárhæð sem leigusali getur sýnt fram á að leigutaki hafi samþykkt. Komi engin sönnunargögn fram um leigufjárhæðina er rétt að kveðja til úttektarmenn, sbr. XI. kafla laga þessara, til þess að ákveða sanngjarna fjárhæð leigunnar.

[1] *L. 70/1984, 3. gr.*

■ **11. gr.** [Um heimild til að víkja húsaleigusamningi til hliðar í heild eða að hluta eða til að breyta honum, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, gilda ákvæði laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.][1]

[1] *L. 42/1986, 1. gr.*

**III. kafli. Uppsögn leigumála – leigufardagar.**

■ **12. gr.** Uppsögn ótímabundins leigumála er heimil báðum aðilum hans.

□ Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.

■ **13. gr.** Uppsagnarfrestur ótímabundins leigumála skal vera:

1. Einn mánuður á einstökum herbergjum, geymsluskúrum og þess háttar húsnæði, sem ekki er atvinnuhúsnæði.

2. Þrír mánuðir á íbúðum, en íbúð telst hvert það húsnæði þar sem fjölskylda getur haft venjulega heimilisaðstöðu. Uppsagnarfrestur af hálfu leigusala skal þó vera 6 mánuðir ef leigutaki hefur haft íbúð á leigu eitt ár og allt að fimm árum. Hafi leigutaki haft íbúð á leigu lengur en fimm ár skal uppsagnarfrestur af hálfu leigusala vera eitt ár.

3. Sex mánuðir á atvinnuhúsnæði. Þó skal það valda sanngjarnri lengingu uppsagnarfrests ef verslunarrekstur hefur aflað sér sérstakrar viðskiptavildar í hinu leigða húsnæði eða ef flutningur á atvinnustarfsemi er bundinn sérstökum erfiðleikum. Skal fresturinn í þeim tilvikum vera 9 mánuðir en allt að 12 mánuðum hið lengsta.

■ **14. gr.** [Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var send leigutaka. Þegar hið leigða er atvinnuhúsnæði eða húsnæði samkv. 13. gr., 1. tl., skal leigutaki hafa lokið rýmingu og frágangi þess eigi síðar en kl. 13.00 næsta dag eftir að uppsagnarfresti lauk.

□ Þegar hið leigða húsnæði er í íbúð, sbr. 13. gr., 2. tl., skal leigutaki ljúka rýmingu og frágangi þess kl. 13.00 næsta fardag eftir að uppsagnarfrestur er liðinn.][1]

[1] *L. 70/1984, 4. gr.*

■ **15. gr.** [Fardagar íbúðarhúsnæðis eru][1] 1. júní og 1. október ár hvert. Beri fardag upp á sunnudag eða helgidag skal hann vera næsti virki dagur þar á eftir.

[1] *L. 70/1984, 5. gr.*

■ **16. gr.** Nú er leigumáli tímabundinn og skal leigusali þá eigi síðar en einum mánuði og lengst þrem mánuðum áður en leigutíminn er útrunninn senda leigutaka skriflega tilkynningu um að hann hyggist ekki framlengja leigumálann. Ella telst hafa stofnast til ótímabundins leigumála með aðilum um hið leigða húsnæði.

□ Vilji leigutaki nota [forgangsrétt][1] sinn að íbúðarhúsnæði skv. 8. gr. skal hann senda leigusala skriflega tilkynningu um það eigi síðar en innan 10 daga frá því að honum barst tilkynning skv. 1. mgr.

□ Telji leigusali, að leigutaki hafi ekki [forgangsrétt][1] af þeim ástæðum, sem greinir í 8. gr. 3. mgr., skal hann innan 10 daga gera leigutaka skriflega grein fyrir því á hvern hátt hann hyggst ráðstafa hinu leigða. Að öðrum kosti stofnast til ótímabundins leigumála með aðilum um hið leigða húsnæði.

[1] *L. 70/1984, 6. gr.*

■ **17. gr.** Nú líður mánuður frá því að leigutíma lauk samkvæmt uppsögn eða ákvæðum tímabundins leigumála, en leigutaki heldur áfram að hagnýta hið leigða húsnæði og getur leigusali þá krafist þess að leigumálinn framlengist ótímabundið. Sömu kröfu getur leigutaki einnig gert enda hafi leigusali ekki skorað á hann að rýma húsnæðið eftir að leigutíma var lokið.

■ **18. gr.** Hafi fógetaúrskurður gengið um útburð leigutaka er fógeta þó heimilt að ákveða að leigutaki megi dveljast áfram í húsnæðinu í allt að 3 mánuði frá úrskurðardegi, þyki sú niðurstaða sanngjörn, þegar litið er á hagsmuni leigutaka annars vegar og leigusala hins vegar.

□ Ákvæðum þessum verður þó ekki beitt, ef leigutaki hefur unnið til útburðar samkvæmt 1., 2., 7. og 9. tölulið 20. gr.

**IV. kafli. Riftun leigumála.**

■ **19. gr.** Leigutaka er heimilt að rifta leigumála í eftirtöldum tilvikum:

1. Þegar leigusali bætir eigi úr annmörkum á hinu leigða húsnæði samkvæmt 27. gr.

2. Ef ónauðsynlegur dráttur verður á afhendingu húsnæðisins. Beri leigusali ábyrgð á slíkum drætti á leigutaki jafnframt rétt til skaðabóta.

3. Ef húsnæðið spillist svo á leigutímanum, af ástæðum sem ekki verða raktar til leigutaka, að það nýtist eigi lengur til fyrirhugaðra nota eða teljist heilsuspillandi að mati heilbrigðisyfirvalda.

4. Ef réttur leigutaka er verulega skertur vegna laga

eða annarra opinberra fyrirmæla eða vegna þess, að hann fer í bága við kvaðir sem á eigninni hvíla. Leigusali ber og bótaábyrgð á beinu tjóni leigutaka af völdum slíkrar skerðingar ef hann vissi eða mátti um hana vita við gerð leigumála og lét hjá líða að gera leigutaka aðvart.

■ **20. gr.** Leigusala er rétt að rifta leigumála í eftirtöldum tilvikum þótt leigutaka sé tryggður leiguréttur í húsnæði með samningi eða með ákvæðum 8. gr. laga þessara:

1. Ef leigutaki greiðir ekki leiguna eða framlag til sameiginlegs kostnaðar samkvæmt VII. kafla á réttum gjalddaga og sinnir ekki innan 7 sólarhringa skriflegri áskorun leigusala um greiðslu, enda hafi slík áskorun verið send eftir gjalddaga og leigusali þar tekið fram, að hann muni beita riftunarheimild sinni. Þetta gildir þó aðeins ef leigutaki hefur búið skemur en eitt ár í sömu leiguíbúð. Hafi leigutaki búið ár eða lengur í sömu íbúð gildir ákvæði þetta um endurtekið samningsbrot, enda hafi leigusali sent leigutaka skriflega aðvörun þess efnis að við næsta brot verði þessu ákvæði beitt.

2. Ef leigutaka ber að vinna leigugreiðslu af sér að hluta eða alveg og honum verður á stórfelld vanræksla eða gerist sekur um meiri háttar handvömm við starfið.

3. Ef leigutaki nýtir húsnæðið á annan hátt en lög þessi eða leigumáli mæla fyrir um og landslög leyfa að öðru leyti og lætur ekki af misnotkun þess þrátt fyrir skriflega áminningu leigusala.

4. Ef leigutaki misnotar heimild sína til framleigu á húsnæðinu skv. X. kafla eða ef framleigutaki gerist sekur um einhverja þá háttsemi sem heimilar leigusala riftun gagnvart upphaflegum leigutaka.

5. Ef leigutaki meinar leigusala eða öðrum, án gildra ástæðna, aðgang að hinu leigða húsnæði í bága við ákvæði 36. gr.

6. Ef leigutaki flyst úr húsnæðinu áður en leigutíma er lokið án þess að hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til gæslu og verndar húsnæðinu.

7. Ef húsnæðið spillist í umsjá leigutaka vegna slæmrar umgengni eða hirðuleysis þeirra, sem leigutaki ber ábyrgð á, og hann sinnir eigi án tafar kröfu leigusala um úrbætur, sbr. 36. gr.

8. Ef leigutaki vanrækir, þrátt fyrir áminningar leigusala, skyldur sínar til að sjá um að góð regla og umgengni haldist í hinu leigða húsnæði, sbr. 48. gr., eða gerist sekur um persónulega meingerð gagnvart leigusala eða fjölskyldu hans.

9. Ef leigutaki vanrækir að öðru leyti en hér að framan greinir skyldur sínar samkvæmt leigumála eða lögum þessum á svo stórfelldan hátt að rýming hans úr húsnæðinu telst eðlileg eða nauðsynleg.

■ **21. gr.** Nú er leigumála rift af einhverri þeirri ástæðu, sem talin er í 20. gr., og skal leigutaki þá bæta leigusala það tjón, sem leiðir beint af vanefndum hans. Ef leigumáli var tímabundinn skal leigutaki auk þess greiða leigu til loka leigutímans, en ella til næsta fardags.

□ Leigusali skal þó strax gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leigja húsnæðið hið allra fyrsta gegn hæfilegu gjaldi og skulu þær leigutekjur, sem hann þannig hefur eða hefði átt að hafa, koma til frádráttar leigubótum skv. 1. mgr.

■ **22. gr.** Nú neytir leigusali ekki réttar síns til riftunar samkv. 20. gr., innan mánaðar frá því að honum varð kunnugt um vanefndir leigutaka eða leigutaki hefur að fullu bætt úr því sem aflaga fór og fellur réttur leigusala til riftunar þá niður.

■ **23. gr.** Heimilt er fógeta að fresta, gegn hóflegri tryggingu, framkvæmd úrskurðar um útburð hafi leigutaki áfrýjað málinu til Hæstaréttar innan sjö daga frá uppsögn fógetaúrskurðar enda mæli sérstakar aðstæður með slíkri frestun.

**V. kafli. Afhending og skil leiguhúsnæðis.**

■ **24. gr.** Leiguhúsnæði skal, er það er afhent leigutaka, vera í því ástandi sem almennt er talið fullnægjandi miðað við fyrirhugaða notkun þess og staðsetningu.

■ **25. gr.** Spillist leiguhúsnæði fyrir upphaf leigutíma þannig, að það verði óhæft til fyrirhugaðra nota, fellur leigusamningurinn úr gildi.

□ Leigutaki á þá ekki rétt til bóta nema spjöllin séu sök leigusala sjálfs eða hann vanræki að gera leigutaka viðvart um þau.

■ **26. gr.** Nú kemur í ljós að hið leigða húsnæði er ekki í því ástandi sem leigumáli greinir eða leigutaki hlaut að mega gera ráð fyrir og skal leigutaki þá innan 14 daga frá afhendingu gera leigusala skriflega grein fyrir aðfinnslum sínum og segja til hverra úrbóta er krafist. Ella telst leigutaki una húsnæðinu.

□ Leigutaki skal segja til galla, sem síðar koma fram á húsnæðinu og voru ekki sýnilegir við venjulega athugun, innan 14 daga frá því hann varð þeirra var.

■ **27. gr.** Geri leigusali ekki innan hæfilegs frests ráðstafanir til að bæta úr annmörkum á húsnæðinu er leigutaka heimilt að ráða bót á þeim og draga frá leigunni þann kostnað, sem af því hlýst, enda hafi hann fyrst aflað samþykkis úttektarmanns, sbr. XI. kafla.

□ Hafi leigusali ekki sinnt réttmætri kröfu leigutaka um úrbætur innan þriggja mánaða frá því hún barst honum og leigutaki ekki neytt réttar síns samkv. 1. mgr. er leigutaka heimilt að rifta leigumálanum, enda sé um verulega annmarka að tefla, miðað við fyrirhuguð not leigutaka af húsnæðinu. Leigutaki á kröfu til hlutfallslegrar lækkunar á leigu meðan eigi hefur verið bætt úr annmörkum á hinu leigða húsnæði.

□ Lækkun leigunnar metur úttektarmaður, en rétt er þó aðilum að bera ákvörðun hans undir dómkvadda matsmenn, enda hafi verið beðið um dómkvaðningu þeirra innan mánaðar frá því að niðurstaða úttektarmanns var aðilum kunn.

■ **28. gr.** Að leigutíma loknum skal leigutaki skila húsnæðinu í hendur leigusala ásamt tilheyrandi fylgifé í sama ástandi og hann tók við því. Ber leigutaki óskerta bótaábyrgð á allri rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar eða umsaminnar notkunar húsnæðisins eða stafar af atvikum, sem voru leigutaka sannanlega óviðkomandi.

■ **29. gr.** Bótakröfu sinni á hendur leigutaka verður leigusali að lýsa skriflega innan 14 daga frá skilum húsnæðisins.

□ Hafi slíkir ágallar ekki verið sýnilegir við skil húsnæðisins skal þeim lýst með sama hætti innan 14 daga frá því að þeirra varð vart.

□ Sé þessara tímamarka ekki gætt fellur bótaréttur leigusala niður nema leigutaki hafi haft svik í frammi.

■ **30. gr.** Leigutaka er heimilt að flytja á brott með sér fastar innréttingar og annað þess háttar fylgifé, sem hann hefur sjálfur kostað til húsnæðisins, enda komi hann því aftur í upprunalegt ástand.

■ **31. gr.** Hafi leigutaki skipt um læsingar í húsnæðinu ber honum að skila leigusala öllum lyklum að þeim án sérstaks endurgjalds.

■ **32. gr.** Hafi leigumála verið þinglýst ber leigutaka að annast aflýsingu hans.

■ **33. gr.** Skylt er aðilum leigumála að láta fara fram úttekt á hinu leigða húsnæði við afhendingu ef annar aðilinn krefst þess.

□ Úttektina framkvæmir löggiltur úttektarmaður að viðstöddum leigusala og leigutaka eða umboðsmönnum þeirra. Á sérstaka úttektaryfirlýsingu, sem úttektarmaður leggur til, skal skrá sem ítarlegasta lýsingu á hinu leigða húsnæði og ástandi þess og getur leigutaki þá strax komið að aðfinnslum sínum og óskað úrbóta.

□ Á úttektaryfirlýsingu skal staðgreina nákvæmlega hið leigða húsnæði, geta fylgifjár, dagsetningar leigumála og aðila hans.

■ **34. gr.** Úttektaryfirlýsing skal gerð í þríriti og skulu aðilar leigumála og úttektarmaður undirrita hana og halda einu eintaki hver. Úttekt skal leggja til grundvallar ef ágreiningur verður um bótaskyldu leigutaka við skil húsnæðisins.

□ Aðilar skulu láta úttektarmanni í té afrit leigumála, sem hann varðveitir með úttektaryfirlýsingunni.

■ **35. gr.** Nú koma leigusali og leigutaki sér ekki saman um bótafjárhæð vegna skemmda á hinu leigða húsnæði og skal úttektarmaður þá meta tjónið. Rétt er þó hvorum aðila að krefjast mats dómkvaddra manna á bótafjárhæðinni, innan mánaðar frá því að aðila var kunn niðurstaða úttektarmanns.

**VI. kafli. Viðhald leiguhúsnæðis.**

■ **36. gr.** Leigutaka er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og í samræmi við umsamin afnot þess.

□ Verði hið leigða húsnæði eða fylgifé þess fyrir tjóni af völdum leigutaka, heimilismanna eða annarra manna, sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það, skal leigutaki gera ráðstafanir til að bæta úr tjóninu innan hæfilegs frests.

□ Efni leigutaki ekki skyldur sínar skv. 2. mgr. innan hæfilegs frests er leigusala heimilt að tilkynna honum, að hann muni láta fara fram viðgerð á tjóninu að liðnum 21 degi frá afhendingu tilkynningar á kostnað leigutaka. Hafi leigutaki ekki hafist handa um viðgerð á greindum fresti og ljúki henni ekki með hæfilegum hraða er leigusala heimilt að láta framkvæma viðgerðina á kostnað leigutaka, enda leiti hann áður álits úttektarmanns á nauðsyn hennar og samþykkis fyrir kostnaðinum að verki loknu.

□ Skylt er leigutaka í tilvikum þeim, sem fjallað er um í 3. mgr., að sæta umgangi viðgerðarmanna án nokkurs réttar til frádráttar í leigugjaldi, enda þótt afnot hans takmarkist um tíma vegna viðgerðarinnar.

■ **37. gr.** Leigutaka er skylt að annast á sinn kostnað viðhald á rúðum, læsingum, vatnskrönum, raftenglum, rafmagnsinnstungum, raftækjum og hreinlætistækjum. Leigusali er þó skyldur að annast viðgerðir á rúðum, svo og raftækjum og hreinlætistækjum, sem fylgja húsnæðinu, ef leigutaki sýnir fram á, að rúðubrot eða bilun slíkra tækja verður ekki rakin til vanrækslu eða yfirsjóna hans eða fólks á hans vegum.

□ Tjón á hinu leigða, sem er bótaskylt samkvæmt skilmálum venjulegrar húseigendatryggingar, skal leigusali þó ætíð bera [ef um íbúðarhúsnæði er að ræða].[1)]

[1)] *L. 70/1984, 7. gr.*

■ **38. gr.** Leigusala er skylt að annast á sinn kostnað allt annað viðhald hins leigða en að framan greinir, utan húss sem innan.

□ Hann skal jafnan halda hinu leigða húsnæði í leigufæru ástandi, m. a. með því að láta mála húsnæðið og endurnýja gólfdúka þess, teppi eða annað slitlag með hæfilegu millibili eftir því sem góðar venjur um viðhald húsnæðis segja til um.

■ **39. gr.** Telji leigutaki viðhaldi af hálfu leigusala ábótavant skal leigutaki skora skriflega á leigusala að bæta úr og gera grein fyrir því, sem hann telur að úrbóta þarfnist.

□ Sinni leigusali ekki kröfum leigutaka um úrbætur án ástæðulauss dráttar er leigutaka heimilt að láta framkvæma viðgerðina á kostnað leigusala og draga kostnaðinn frá leigugreiðslum eða krefja leigusala um kostnaðinn sérstaklega. Leigutaka ber þó, áður en vinna hefst, að leita álits úttektarmanns á nauðsyn hennar og samþykkis hans fyrir kostnaðinum að verki loknu.

■ **40. gr.** Viðgerðar- og viðhaldsvinnu alla skal leigusali láta vinna fljótt og vel, svo að sem minnstri röskun valdi fyrir leigutaka.

□ Leiði viðgerðar- eða viðhaldsvinna á vegum leigusala til verulegra skertra afnota leigutaka af hinu leigða á hann rétt til hlutfallslegs afsláttar á leigugjaldi. Verði aðilar ekki ásáttir um afsláttinn skal úttektarmaður meta hann.

■ **41. gr.** Heimilt er að víkja frá ákvæðum kafla þessa í leigumálum um annað húsnæði en til íbúðar.

□ Í leigumálum um íbúðarhúsnæði til lengri tíma en tveggja ára er heimilt að semja um að leigutaki annist á sinn kostnað að hluta eða öllu leyti það viðhald innan íbúðar sem leigusala ber að annast skv. kafla þessum, enda lækki leigugjaldið að sama skapi. Í slíkum tilvikum skal þess nákvæmlega getið í leigumála til hvaða atriða viðhaldsskylda leigutaka nær.

**VII. kafli. Um greiðslu reksturskostnaðar.**

■ **42. gr.** Reksturskostnaði af leigðu húsnæði skal þannig skipt að leigutaki greiðir fyrir notkun vatns, rafmagns og hitunarkostnað, en leigusali greiðir öll fasteignagjöld, þ. m. t. fasteignaskatt og tryggingariðgjöld.

□ Í fjölbýlishúsum skal leigutaki enn fremur greiða allan kostnað vegna hitunar, lýsingar og vatnsnotkunar í sameign svo og kostnað við ræstingu og aðra sameiginlega umhirðu hennar. Leigusali skal greiða tillag til sameiginlegs viðhalds eða endurbóta á lóð eða húseign og kostnað við hússtjórn.

□ Þar sem veitustofnanir innheimta sérstakt gjald fyrir leigu á mælum eða öðrum slíkum búnaði, sem þær leggja til, skal leigutaki greiða það gjald. Leigusali skal greiða fastagjöld eða árgjöld slíkra stofnana, sem reiknast af matsverði húsnæðis, rúmfangi þess eða öðrum slíkum gjaldstofnum, án beinna tengsla við vatns- eða orkukaup.

□ Heimilt er að víkja frá þessari skiptingu, ef hið leigða

er ekki íbúðarhúsnæði eða ef leigumáli um íbúðarhúsnæði er gerður til lengri tíma en tveggja ára, enda séu slík frávik skilmerkilega greind í leigumála.

■ **43. gr.** Þegar þjónusta sú, sem leigutaki skal greiða, er seld sameiginlega til fleiri aðila skal kostnaði skipt í samræmi við ákvæði laga eða samninga um skiptingu afnotaréttar, þar sem hann er sameiginlegur, en ella samkvæmt hlutfallstölum í skiptayfirlýsingu. Hafi slík yfirlýsing ekki verið gerð skal kostnaði skipt eftir eignarhluta íbúða í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 281/1976[1] um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum.

[1] *Nú rg. 147/1987.*

■ **44. gr.** Leggi leigusali út rekstursgjöld þau sem leigutaki skal greiða samkvæmt 42. gr. falla þau í gjalddaga á næsta greiðsludegi húsaleigu.

■ **45. gr.** Þegar ráðist er í að tengja leiguhúsnæði við hitaveitu eða fjarvarmaveitu eða í aðrar endurbætur á húsnæðinu sem lækka reksturskostnað þess fyrir leigutaka, er leigusala heimilt að hækka umsamda eða lögbundna húsaleigu um allt að helming þeirrar upphæðar er nemur sparnaði leigutaka í reksturskostnaði af völdum slíkrar breytingar.

☐ Hafi leigusali fengið beinan, útlagðan kostnað sinn af endurbótum skv. 1. mgr. endurgreiddan, skal lækkun reksturskostnaðarins eftir það koma báðum aðilum til góða að jöfnu til loka leigutímans.

**VIII. kafli. Umgengnisskyldur og réttindi.**

■ **46. gr.** Óheimilt er leigutaka að nota leiguhúsnæði á annan hátt en um er samið í leigumála. Leigusali getur þó ekki borið fyrir sig frávik frá ákvæði þessu, sem ekki hafa þýðingu fyrir hann eða aðra þá, sem í húsinu búa eða starfa.

■ **47. gr.** Leigutaki skal í hvívetna fara með leiguhúsnæðið á þann hátt, sem samræmist góðum venjum um meðferð húsnæðis og fyrirhuguðum notum þess.

☐ Leigutaki skal án tafar tilkynna leigusala um þau atriði utan húss eða innan, sem þarfnast lagfæringar eða viðhalds.

☐ Leigusali á rétt á aðgangi að hinu leigða með hæfilegum fyrirvara þannig að hvorki fari í bága við hagsmuni hans né leigutaka til að láta framkvæma úrbætur á hinu leigða og til eftirlits með ástandi þess og meðferð.

☐ Á þremur síðustu mánuðum leigutímabils er leigusala heimilt að sýna hið leigða ákveðinn tíma á dag, þó ekki meira en tvær stundir, væntanlegum kaupendum eða leigutökum, en jafnan skal tilkynna slíka heimsókn með hæfilegum fyrirvara. Við slíka sýningu húsnæðisins skal leigusali eða tilnefndur umboðsmaður hans jafnan vera viðstaddur.

■ **48. gr.** Leigutaka er skylt að ganga vel og snyrtilega um hið leigða húsnæði og gæta settra reglna og góðra venja um hreinlæti, hollustuhætti og heilbrigði.

☐ Leigutaki skal fara að viðteknum umgengnisvenjum og gæta þess að raska ekki eðlilegum afnotum annarra þeirra, er afnot hafa af húsinu, eða valda þeim óþægindum eða ónæði.

☐ Hafi umgengnisreglur verið settar í fjölbýlishúsi er leigutaka skylt að fara eftir þeim, enda skal kynna leigutaka slíkar reglur.

☐ Leigusala er skylt að hlutast til um, að aðrir þeir sem afnot hafa af húsi því, sem hið leigða húsnæði er í, fari að settum umgengnisreglum og gæti að öðru leyti ákvæða þessa kafla á þann veg að hagsmunir leigutaka séu tryggðir.

1979 Nr. 44 1. júní

■ **49. gr.** Í leigumála skal getið auk þess eignarhluta, sem leigutaka er sérstaklega leigður, sameignar þeirrar, sem leigutaki skal hafa afnot af, svo og hversu víðtækur sá afnotaréttur er að svo miklu leyti sem það er ekki ákveðið í lögum og reglum um fjölbýlishús og settum umgengnisreglum.

■ **50. gr.** Ákvæði þessa kafla ná til þess húsnæðis, sem leigutaki hefur einn afnot af, svo og sameignar utan húss og innan eftir því sem við getur átt.

**IX. kafli. Greiðsla húsaleigu. Tryggingarfé.**

■ **51. gr.** Húsaleigu skal greiða fyrirfram mánaðarlega, nema um annað sé samið. Óheimilt er að krefja um leigugreiðslu fyrirfram til lengri tíma en sem svarar fjórðungi umsamins leigutíma.

☐ Leigutaki verður eigi krafinn um leigugreiðslur fyrirfram síðar á leigutímanum til lengri tíma en þriggja mánaða í senn.

☐ [Nú greiðir leigutaki leigusala samkvæmt samkomulagi þeirra húsaleigu fyrirfram í upphafi leigutímans eða síðar fyrir meira en 3 mánuði og hefur leigutaki þá rétt til leiguafnota í fjórfaldan þann leigutíma sem hann greiðir fyrir með þeim kjörum sem um var samið milli aðila.][1]

☐ Nú hefur leigutaki greitt tryggingarfé samkvæmt 55. gr. og verður hann þá eigi jafnframt krafinn um leigu fyrirfram til lengri tíma en eins mánaðar.

☐ Ef gjalddaga leigu ber upp á sunnudag eða helgidag skal gjalddagi vera næsti virki dagur þar á eftir.

[1] *L. 70/1984, 8. gr.*

■ **52. gr.** Húsaleiga og annað endurgjald, sem leigutaka ber að greiða, skal greitt á þeim stað sem báðir aðilar samþykkja. Verði ekki samkomulag skal leigutaki koma greiðslunni til leigusala á heimili hans eða vinnustað eða öðrum þeim stað er hann tiltekur innan héraðs.

☐ Heimilt er þó leigutaka að inna umrædda greiðslu af hendi til banka eða senda í pósti með löglegum hætti. Telst leiga þá greidd þann dag sem hún er innt af hendi í bankanum eða pósthúsinu.

☐ Hafi leigusali ekki heimili eða skrifstofu í sama sveitarfélagi og hið leigða húsnæði er í, skal hann hafa í sveitarfélaginu umboðsmann sem leigutaki getur snúið sér til.

■ **53. gr.** Þegar leigutaki á rétt til frádráttar frá leigugreiðslu, svo sem vegna ófullnægjandi ástands húsnæðis í upphafi leigutíma skv. 27. gr., vegna viðgerðar sem hann hefur framkvæmt á kostnað leigusala skv. 39. gr., eða vegna skerðingar á afnotarétti skv. 40. gr., skal hann framvísa reikningi sínum ásamt fylgigögnum og með árituðu samþykki úttektarmanns við leigusala á næsta gjalddaga leigugreiðslu.

☐ Ákvörðun leigusala um að bera lögmæti slíks reiknings undir úrskurð dómstóla leysir hann ekki undan þeirri skyldu að meta reikninginn til bráðabirgða jafngildi réttmætrar leigugreiðslu.

☐ Heimild leigusala til að bera réttmæti reiknings undir dómstóla fellur niður hafi mál eigi verið höfðað innan þriggja mánaða frá því að leigutaki framvísaði reikningnum eða matsgerð lýkur, ef ákvörðun úttektarmanns hefur verið borin undir dómkvadda matsmenn.

■ **54. gr.** Nú hefur leigutaki eigi gert skil á leigunni innan 7 sólarhringa frá gjalddaga og er leigusala þá rétt

að krefjast hæstu lögleyfðu dráttarvaxta af henni fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð.

■ **55. gr.** Rétt er leigusala að krefjast þess að leigutaki greiði honum tiltekna fjárhæð sem tryggingarfé áður en honum er afhent hið leigða húsnæði til afnota. Upphæð tryggingarfjárins má nema allt að þriggja mánaða umsaminni leigu fyrir húsnæðið, eins og hún er ákveðin í upphafi leigutímans.

□ Tryggingarféð skal varðveitt í banka eða sparisjóði á hæstu mögulegum vöxtum. Óheimilt er aðilum að ráðstafa fé þessu án samþykkis beggja, nema að undangengnum dómi um bótaskyldu leigutaka. Þó skal leigusala heimilt að taka af tryggingarfé þá upphæð er dæmda var gert að greiða, eða fyrir sannanlegum viðgerðarkostnaði hafi upphæð ekki verið tilgreind í dómi, og svo til greiðslu vangoldinnar leigu.

□ Að því leyti sem leigusali á ekki kröfu í tryggingarfé samkvæmt 2. málsgr. er leigusala heimilt að innleysa féð að liðnum 7 dögum frá því leigutíma lauk eða fullnaðarúrskurður gekk í ágreiningsmáli um bótaskyldu leigutaka.

**X. kafli. Framsal leiguréttar, andlát leigutaka, hjúskaparslit o. fl.**

■ **56. gr.** [Óheimilt er leigutaka að framselja leigurétt sinn eða framleigja hið leigða húsnæði án samþykkis leigusala, nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.][1)]

□ Það telst ekki framsal á leigurétti [eða framleiga][1)] þótt leigutaki heimili nákomnum skyldmennum eða venslamönnum sínum búsetu í hinu leigða húsnæði ásamt sér eða fjölskyldu sinni, enda haldist fjöldi heimilisfólks innan eðlilegra marka miðað við stærð og gerð leiguhúsnæðisins.

[1)] *L. 70/1984, 9. gr.*

■ **57. gr.** Nú deyr leigutaki áður en leigutíma er lokið, og er þá dánarbúi leigutaka heimilt að segja leigumála upp með venjulegum fyrirvara enda þótt leigumáli hafi verið gerður til lengri tíma. Uppsögn skal miðuð við næsta almennan fardag samkvæmt 15. gr. ef hið leigða er íbúðarhúsnæði. Eftirlifandi maka, skyldmennum og venslamönnum, sem voru heimamenn leigutaka við andlát hans eða höfðu framfæri af atvinnustarfsemi, sem stunduð var í húsnæðinu, og vilja taka við leigumálanum með réttindum og skyldum, er heimilt að ganga inn í leigumálann í stað hins látna nema af hendi leigusala séu færðar fram gildar ástæður, er mæla því gegn.

■ **58. gr.** Nú flytur leigutaki úr húsnæði, sem hann hefur gert leigumála um, og er þá maka hans, sem verið hefur samvistum við hann í húsnæðinu, rétt að halda leigumála áfram með sama hætti og í 57. gr. segir.

■ **59. gr.** Þegar hjón hafa sameiginlega á leigu íbúðarhúsnæði, en hjúskap þeirra lýkur, skal fara um leiguréttindi eftir ákvæðum 60. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar.

□ Það hjóna, sem hefur aðallega vegna atvinnu sinnar afnot af atvinnuhúsnæði, skal hafa forgangsrétt til áframhaldandi leigu á því, án tillits til þess hvort þeirra undirritaði leigumála.

□ Um rétt leigusala til uppsagnar leigumála vegna hjúskaparslita gilda lokaákvæði 57. gr., eftir því sem við á.

■ **60. gr.** Annað hjóna getur ekki, svo bindandi sé, afsalað þeim rétti sem hinu er með ákvæðum þessa kafla áskilinn til yfirtöku á leigumála.

1979 Nr. 44 1. júní

■ **61. gr.** Nú deyr leigutaki að atvinnuhúsnæði en dánarbú hans ákveður að selja atvinnustarfsemi, sem þar var stunduð, og getur leigusali þá ekki reist uppsögn leigumála eða kröfu um breytingu á efni hans á þeim atvikum sérstaklega, enda sé söluverðmæti slíkrar atvinnustarfsemi háð áframhaldandi afnotum af hinu leigða húsnæði og að notkun þess haldist óbreytt áfram. Sama gildir, eftir því sem við á, ef ástæða fyrir sölu á atvinnustarfsemi er sambúðar- eða hjúskaparslit eða gjaldþrot leigutaka.

■ **62. gr.** Þegar leigutaki er starfsmaður leigusala og hefur fengið íbúðarhúsnæði á leigu vegna þess starfa, fellur leigumáli niður án sérstakrar uppsagnar ef leigutaki lætur af starfanum að eigin ósk, er löglega vikið úr starfi vegna brota í því eða vegna þess að fyrirfram umsömdum ráðningartíma er lokið.

**XI. kafli. Úttektarmenn.**

■ **63. gr.** Bæjar- og sveitarstjórnir skulu sjá um, að hlutaðeigandi dómari dómkveðji úttektarmenn – einn aðalmann og einn til vara – til að annast þau störf, sem úttektarmönnum eru fengin með lögum þessum. Í Reykjavík skulu úttektarmenn vera tveir og tveir til vara og sér borgarstjórn um að þeir séu dómkvaddir.

■ **64. gr.** Störf þau, sem úttektarmönnum eru falin með lögum þessum, skulu þeir annast af kostgæfni og gæta ætíð fyllsta hlutleysis gagnvart báðum málsaðilum. Þeir skulu kosta kapps um að leiða ágreining og deilumál til lykta með friðsamlegum hætti og vera leigusölum og leigutökum til leiðbeiningar og ráðgjafar eftir því sem tök eru á. Þeir skulu gæta þagmælsku um einkahagi fólks sem þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu.

■ **65. gr.** Eyðublöð fyrir úttektaryfirlýsingar skal félagsmálaráðuneytið láta úttektarmönnum í té án endurgjalds.

■ **66. gr.** Þóknun fyrir störf sín og útlagðan kostnað skulu úttektarmenn fá greidd samkvæmt reikningi. Skal þóknunin miðast við unninn tímafjölda hverju sinni og skal tímagjald vera hið sama og samkvæmt útseldum tímakaupstaxta trésmíðameistara fyrir almenna dagvinnu í hæsta þrepi án álags.

■ **67. gr.** Þegar úttekt er gerð á húsnæði í upphafi eða lok leigutíma skulu aðilar leigumála staðgreiða að jöfnu kostnað af starfi úttektarmanns.

□ Þegar úttektarmaður er fenginn til aðstoðar af öðrum ástæðum en í 1. mgr. segir, skal sá aðili leigumála leggja út kostnaðinn, sem úttektarmanninn kvaddi til. Að kröfu aðila ákveður úttektarmaður hvort hinn aðilinn skuli greiða þennan kostnað ef hann er bersýnilega valdur að ágreiningsefninu, eða að kostnaðurinn skiptist milli aðila, teljist þeir báðir eiga sök á deilumálinu.

**XII. kafli. Leigumiðlun.**

■ **68. gr.** Þeim einum, sem hafa hlotið til þess sérstaka löggildingu, er heimilt að reka miðlun með leiguhúsnæði, sem lög þessi taka til, í því skyni að koma á leigumála eða annast um framleigu eða skipti á leiguhúsnæði sé það gert í atvinnuskyni eða gegn endurgjaldi.

■ **69. gr.** Löggildingu til að reka miðlun með leiguhúsnæði má veita þeim mönnum sem öðlast geta rétt til að annast kaup og sölu fasteigna fyrir aðra, enda full-

nægi þeir nánari skilyrðum, sem sett kunna að verða í reglugerð þar að lútandi.

☐ Heimilt er samtökum leigusala eða húseigenda, samtökum leigutaka, sveitarstjórnum svo og félögum eða stofnunum að reka leigumiðlun í eðlilegum tengslum við aðra starfsemi sína, enda lúti leigumiðlun stjórn löggilts leigumiðlara.

☐ Lögreglustjóri, þar sem leigumiðlun skal rekin, lætur í té leyfisbréf gegn leyfisgjaldi, sem ráðherra ákveður og renna skal í ríkissjóð. Leyfið skal gefið út til fimm ára í senn.[1)]

[1)] *Rg. 262/1988.*

■ **70. gr.** Starfsheiti þess, sem leyfi fær til leigumiðlunar, skal vera leigumiðlari.

☐ Leigumiðlari skal hafa opna skrifstofu, þar sem hann rekur starfsemi sína.

☐ Leigumiðlari ber ábyrgð á að leigumáli sé gerður í samræmi við lög þessi. Honum ber skylda til að upplýsa aðila um réttindi þau og skyldur, sem þeir taka á sig með undirritun leigumálans, svo og um réttaráhrif hans almennt eftir því sem ástæða er til.

☐ Óheimilt er leigumiðlara að gerast sjálfur aðili að leigumála, sem honum er falið að koma á. Hann skal ætíð gæta þess að nafn, nafnnúmer og heimilisfang leigutaka og leigusala komi skýrt fram í leigumálanum.

■ **71. gr.** Leigumiðlara ber þóknun úr hendi leigusala fyrir að koma á leigumála. Óheimilt er honum að áskilja sér hærri þóknun en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu, sem hann lætur í té, og þeirra hagsmuna sem um er að tefla.

☐ Óheimilt er að taka sérstakt gjald fyrir skráningu, tilvísun eða aðra álíka þjónustu. Sama gildir um gjaldtökur vegna kostnaðar við auglýsingar og þess háttar útgjöld. Heimilt er þó að víkja frá þessu þegar um er að ræða leigu á meiri háttar atvinnuhúsnæði.

☐ Óheimilt er leigumiðlara að taka þóknun af leigutaka fyrir miðlunina og gerð leigumála.

■ **72. gr.** Leigumiðlara er rétt að taka að sér innheimtu og móttöku húsaleigu, eftirlit með umgengni um húsnæðið og framkvæmd viðhalds á því, skiptingu reksturskostnaðar, vörslu tryggingarfjár svo og önnur þau störf í tengslum við framkvæmd leigumálans sem aðilar hans, annar eða báðir, fela leigumiðlara að annast fyrir sína hönd.

☐ Umboð leigumiðlara til slíkra starfa skal gera skriflegt og skal báðum aðilum leigumálans fengið afrit af því.

☐ Endurgjald til leigumiðlara fyrir þessi störf skal sanngjarnt og í samræmi við fyrirhöfn hans. Skal það að jafnaði eigi nema hærri fjárhæð en sem svari sex til tíu hundraðshlutum af leigufjárhæðinni.

■ **73. gr.** Leigumiðlara er óheimilt að skýra frá því sem hann kemst að í starfi sínu um hagi viðskiptamanna sinna eða þeir hafa trúað honum fyrir.

■ **74. gr.** Leigumiðlari er bókhaldsskyldur samkvæmt lögum nr. 51 2. maí 1968.

☐ Leigumiðlari skal halda skrá um húsnæði það, sem honum er falið að selja á leigu, og varðveita eintak af öllum leigumálum sem hann gerir.

■ **75. gr.** Gerist leigumiðlari sekur í starfi sínu um vanrækslu eða brot gegn ákvæðum laga þessara eða hann missir einhver þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir leyfisveitingu, getur hlutaðeigandi lögreglustjóri svipt hann leyfi sínu tímabundið eða til loka leyfistímans.



**XIII. kafli. Húsaleigunefndir.**

■ **76. gr.** Í hverjum kaupstað skal vera húsaleigunefnd skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Bæjarstjórnir skulu kjósa húsaleigunefndir til 4 ára í senn.

☐ Hlutverk húsaleigunefnda skal vera að fylgjast með framkvæmd húsaleigumála og afla upplýsinga um þau, hlutast til um að úttektarmenn, sbr. 63. gr. þessara laga, séu dómkvaddir, gefa aðilum leigumála, sem þess óska, leiðbeiningar um ágreiningsefni og leitast við að sætta slíkan ágreining ef báðir aðilar óska.

**[XIV. kafli. Könnun bæjarstjórna á fjölda leigjenda og fl.][1)]**

[1)] *L. 70/1984, 10. gr.*

■ [**77. gr.** Bæjarstjórnir í öllum kaupstöðum landsins skulu í samvinnu við húsaleigunefndir láta fram fara á fjögurra ára fresti könnun á fjölda leigjenda í íbúðarhúsnæði og framboði á leiguhúsnæði til íbúðar. Niðurstöður slíkrar könnunar skal senda til félagsmálaráðuneytisins.][1)]

[1)] *L. 70/1984, 10. gr.*

**[XV. kafli.][1)] Kynning laganna o. fl.**

[1)] *L. 70/1984, 10. gr.*

■ [**78. gr.**][1)] [Félagsmálaráðuneytið annast kynningu á húsaleigulögum. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Þó getur ráðherra ákveðið að fela Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðrum aðilum þessa kynningu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.][2)]

☐ Heimilt er ráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

[1)] *L. 70/1984, 10. gr.* [2)] *L. 70/1984, 11. gr.*

**[XVI. kafli.][1)] Refsiákvæði.**

[1)] *L. 70/1984, 10. gr.*

■ [**79. gr.**][1)] Brot gegn ákvæðum I. til XII. kafla laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum.

[1)] *L. 70/1984, 10. gr.*

**[XVII. kafli.][1)] Gildistaka.**

[1)] *L. 70/1984, 10. gr.*

■ [**80. gr.**][1)] Lög þessi taka þegar gildi. Þó skulu leigumálar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þeirra, halda gildi uns þeir renna út, þó eigi lengur en til 1. janúar 1980. Frá þeim tíma skulu lög þessi einnig taka til þeirra.

☐ Aðilar leigumála, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu gera skriflega leigumála samkv. II. kafla laganna fyrir 1. janúar 1980. Hafi slíkur leigumáli ekki verið gerður fyrir þann tíma gilda öll ákvæði laga þessara um réttarsamband aðila.

☐ Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 39 7. apríl 1943 um húsaleigu með síðari breytingum.

[1)] *L. 70/1984, 10. gr.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Hafi leigumáli verið stimplaður og honum þinglýst skal endurnýjunarsamningur samkv. 79. gr.[1)] vera undanþeginn þessum gjöldum, enda sé leigumálinn óbreyttur að meginefni til.

[1)] *Nú 80. gr.*

**1984** Nr. 62 15. maí **Lög um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.**

■ **1. gr.** Mánaðarleiga fyrir íbúðarhúsnæði samkvæmt nýjum eða endurnýjuðum samningi gerðum á 12 mánaða tímabilinu apríl 1982 til mars 1983 má frá 1. maí 1983 ekki hækka meira en hér segir frá þeirri mánaðarleigu er gilti í mars 1983:

| Samningurinn gerður eða endurnýjaður á tímabilinu: | Hámark hækkunar 1. maí 1983 frá marshúsaleigu 1983 |
|---|---|
| Apríl – júní 1982 . . . . . | 45% |
| Júlí – september 1982 . . . . . | 32% |
| Október – desember 1982 . . . . . | 21% |
| Janúar – mars 1983 . . . . . | 10% |

□ Húsaleiga, sem greidd er leigusala fyrir maímánuð 1983 samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal haldast óbreytt í júní 1983, enda sé viðkomandi húsaleigusamningur þá enn í gildi.

□ Húsaleiga, er samkvæmt samningi gerðum fyrir 1. apríl 1982 fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar fyrir íbúðarhúsnæði, hækkar frá 1. apríl 1983 um 51,04% samkvæmt henni.

□ Ákvæði þessarar gr. taka einvörðungu til húsaleigu samkvæmt samningum þar sem ákveðið er að hún skuli fylgja breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

■ **2. gr.** Frá 3. ársfjórðungi 1983 skal húsaleiga samkvæmt samningum þeim, er um ræðir í 1. til 3. málsgr. 1. gr., fylgja hlutfallslegum breytingum meðallauna á næstliðnum þremur mánuðum og breytast ársfjórðungslega frá byrjun mánaðanna júlí, október, janúar og apríl. Hagstofa Íslands tilkynnir opinberlega hver þessi breyting sé hverju sinni.

□ Frjálst er að ákveða í leigusamningum um íbúðarhúsnæði, gerðum eftir marslok 1983, að leiga skuli fylgja breytingum meðallauna, sbr. fyrri málsgr. þessarar gr.

■ **3. gr.** Húsaleiga fyrir atvinnuhúsnæði, er nú fylgir breytingum sérstakrar vísitölu fyrir það, hækkar frá 1. apríl 1983 um 53,03% samkvæmt henni. Frá 3. ársfjórðungi 1983 og framvegis skal leiga fyrir atvinnuhúsnæði breytast eftir sömu reglum og ákveðnar eru í fyrri málsgr. 2. gr. ef í gildandi samningi er kveðið svo á að hún skuli fylgja vísitölu fyrir atvinnuhúsnæði.

■ **4. gr.** Nú hefur húsaleigusamningur þeirrar tegundar, er um ræðir í 1. og 3. gr., verið gerður í apríl 1983 fram að gildistöku þessara laga og skal þá leiga samkvæmt honum eftir 30. júní 1983 breytast í samræmi við ákvæði fyrri málsgr. 2. gr. meðan hann er í gildi.

■ **5. gr.** Frá og með júní 1983 kemur ársfjórðungsleg tilkynning Hagstofunnar um verðbótahækkun húsaleigu samkvæmt 2. gr. í stað vísitölu húsnæðiskostnaðar er skal eigi reiknuð eftir mars 1983.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

**1933** Nr. 93 19. júní **Víxillög.**

**Fyrsti þáttur. Um víxla á hendur öðrum manni.**

**Fyrsti kapítuli. Um útgáfu víxils og form.**

■ **1. gr.** Í víxli skal greina:

1. Orðið víxil í meginmáli skjalsins og á því máli, sem skjalið er ritað á.
2. Skilyrðislaus tilmæli um að greiða ákveðna upphæð peninga (víxilfjárhæð).
3. Nafn þess, er greiða skal (greiðandi, trassat).
4. Gjalddaga.
5. Greiðslustað.
6. Nafn þess, er við greiðslu á að taka, eða ávísa má víxilfjárhæðinni til greiðslu (viðtakandi, remittent).
7. Útgáfudag og útgáfustað víxilsins; og
8. undirskrift þess, er víxilinn gefur út (útgefandi, trassent).

■ **2. gr.** Nú brestur á, að greind séu í skjali öll þau atriði, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, og hefir skjalið þá eigi víxilgildi, nema þegar svo er ástatt sem segir síðar í þessari grein.

□ Sé gjalddagi eigi tilgreindur, telst víxillinn gjaldkræfur við sýningu.

□ Sé greiðslustaður eigi tilgreindur sérstaklega, skal sá staður, sem tilgreindur er við nafn greiðanda, talinn vera greiðslustaður víxilsins, og skal þessi staður þá einnig vera talinn heimili greiðanda.

□ Sé útgáfustaður eigi tilgreindur, skal líta svo á, að víxillinn hafi verið undirritaður á þeim stað, sem tilgreindur er við nafn útgefanda.

■ **3. gr.** Víxil má gefa út til ráðstöfunar útgefanda sjálfs.

□ Gefa má víxil út á hendur útgefanda sjálfum.

□ Gefa má víxil út fyrir reikning þriðja manns.

■ **4. gr.** Kveða má svo á í víxli, að hann skuli greiddur hjá þriðja manni, annaðhvort á þeim stað, þar sem greiðandi býr, eða annars staðar.

■ **5. gr.** Útgefandi getur kveðið svo á í víxli, sem greiðast á við sýningu eða tilteknum tíma eftir sýningu, að vexti skuli greiða af víxilfjárhæðinni, en í öllum öðrum víxlum skulu slík ákvæði metin sem óskráð.

□ Tilgreina skal vaxtahæðina í víxlinum, og skal ákvæðið um vexti að öðrum kosti metið sem óskráð.

□ Vextina skal greiða frá útgáfudegi víxilsins, sé eigi annar dagur tiltekinn.

■ **6. gr.** Nú er fjárhæð tilgreind í víxli bæði með bókstöfum og með tölustöfum, og ber upphæðum þessum eigi saman, og gildir þá sú fjárhæðin, sem með bókstöfum er skráð.

□ Sé fjárhæðin tilgreind oftar en einu sinni í víxlinum, annaðhvort með bókstöfum eða með tölustöfum, og beri þeim eigi saman, gildir hin lægsta upphæðin ein.

■ **7. gr.** Séu á víxli nöfn manna, er brestur hæfi til að taka á sig víxilskyldu, fölsuð nöfn, nöfn, sem fundin eru upp eða nafnritanir, sem af öðrum ástæðum eigi baka þeim skuldbindingu, er þau rituðu, eða þeim manni, er þau voru rituð í nafni hans, er þó skuldbinding hinna víxilskuldaranna gild, þrátt fyrir það.

■ **8. gr.** Sá, sem ritar nafn sitt á víxil fyrir hönd annars manns, en hefir eigi umboð til þess, verður sjálfur skuldbundinn eftir víxlinum, enda öðlast hann, er hann hefir greitt víxilinn, sama rétt og hinn myndi hafa öðlazt. Sama gildir um þann mann, er farið hefir út fyrir umboð sitt.

■ **9. gr.** Útgefandi ábyrgist samþykki víxilsins og greiðslu hans.

□ Undanskilja má hann sig ábyrgð á samþykki víxilsins, en hver sá fyrirvari, er hann setur og miðar til þess að undanþiggja hann ábyrgð á greiðslu víxilsins, skal metinn sem óskráður væri.

■ **10. gr.** Nú er víxill eigi ritaður að fullu, er hann er gefinn út, og er hann seinna fylltur út á annan veg en um hafði verið samið, og verður þetta þá eigi borið fyrir við víxilhafa, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk víxilinn, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

**Annar kapítuli. Um framsal víxla.**

■ **11. gr.** Framselja má víxil, með áritun á hann, þriðja manni (framsalshafa), enda þótt víxillinn sé eigi berum orðum gefinn út til framsals.

□ Nú hefir útgefandi tekið í víxilinn orðin „eigi til framsals" eða því lík orðatiltæki, og verður víxillinn þá aðeins framseldur með því formi og með þeim áhrifum, er gilda um almennt framsal kröfu.

□ Framselja má víxil einnig til greiðanda, hvort sem hann hefir samþykkt víxilinn eða eigi, svo og til útgefanda eða annars víxilskuldara. Þessir menn geta framselt víxilinn aftur.

■ **12. gr.** Framsal skal vera skilyrðislaust. Sé það skilyrðum bundið, skal meta þau sem óskráð væru.

□ Framsal á nokkrum hluta víxilfjárhæðar aðeins er ógilt.

□ Framsal til handhafa gildir sem eyðuframsal.

■ **13. gr.** Framsal skal rita á víxilinn sjálfan eða á miða, sem festur er við hann (allonge). Framseljandi skal undirrita það.

□ Framsal er gilt, þótt eigi sé greint í því, hverjum víxillinn er framseldur, eða framseljandi aðeins hafi ritað nafn sitt (eyðuframsal). Í hinu síðarnefnda tilfelli er framsalið þó því aðeins gilt, að það sé ritað á bakhlið víxilsins eða á miða, sem við víxilinn er festur.

■ **14. gr.** Við framsalið hverfa öll þau réttindi, er víxillinn veitir, til framsalshafa. Sé framsalið eyðuframsal, getur víxilhafi:

1. Fyllt það með nafni sjálfs sín eða annars manns,
2. framselt víxilinn að nýju með eyðuframsali eða til ákveðins manns, eða
3. afhent víxilinn þriðja manni, án þess að fylla eyðuframsalið eða rita framsal á víxilinn.

■ **15. gr.** Sá, sem ritað hefir framsal á víxil, ábyrgist samþykki og greiðslu hans, nema hann hafi sérstaklega undanskilið sig þeirri ábyrgð.

□ Hann getur lagt bann við því, að víxillinn sé framseldur aftur, og er hann þá laus við ábyrgð gagnvart þeim, er víxilinn fá framseldan eftir það.

■ **16. gr.** Sá, sem víxil hefir í höndum, skal talinn réttur víxilhafi, ef hann sannar rétt sinn með óslitinni röð af framsölum, þótt hið síðasta framsal sé eyðuframsal. Framsöl, er út hafa verið strikuð, skulu um þetta efni metin sem óskráð væru. Nú er annað framsal næst á eftir eyðuframsali og skal þá litið svo á, sem sá, er undir það framsal hefir ritað, hafi öðlazt víxilinn við eyðuframsalið.

□ Nú hefir víxill komizt úr vörzlum manns með einhverju móti, og er þá handhafa þeim, er sannar rétt sinn með þeim hætti, er segir í næstu málsgrein hér að framan, eigi skylt að skila víxlinum, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk víxilinn, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

■ **17. gr.** Nú er lögsókn hafin út af víxilkröfu, og getur varnaraðili þá eigi borið fram neinar þær varnir gegn víxilhafa, er lúta að viðskiptum hans við útgefanda eða þá, er áður áttu víxilinn, nema því aðeins, að víxilhafi, er hann eignaðist víxilinn, hafi af ásettu ráði viljað baka skuldara tjón.

■ **18. gr.** Séu orðin „til innheimtu" í framsali, eða önnur orð, sem aðeins felst í umboð (framsal til umboðs), getur víxilhafi neytt allra þeirra réttinda, er víxillinn veitir, en eigi framselt hann, nema framsali til umboðs.

□ Víxilskuldarar mega þá bera þær varnir einar fram gegn víxilhafa, er bornar yrðu fram gegn framseljanda.

□ Umboð það, er felst í framsali til umboðs, fellur eigi úr gildi, þótt umbjóðandi andist eða missi hæfi til að taka á sig skuldbindingar.

■ **19. gr.** Séu orðin „til tryggingar", „að veði" eða önnur orð, sem lúta að veðsetningu, í framsali, getur víxilhafi neytt allra þeirra réttinda, er víxillinn veitir, en framsal hans á víxlinum hefir aðeins gildi sem framsal til umboðs.

□ Víxilskuldarar geta eigi borið þær varnir fram gegn víxilhafa er lúta að viðskiptum þeirra við framseljanda, nema því aðeins, að víxilhafi, er hann eignaðist víxilinn hafi af ásettu ráði viljað baka skuldara tjón.

■ **20. gr.** Framsal, sem ritað er eftir gjalddaga víxilsins, hefir sömu áhrif sem framsal ritað fyrir þann tíma. Sé framsal ritað eftir að afsögn vegna greiðslufalls hefir farið fram, eða eftir að afsagnarfrestur er liðinn, hefir það þó aðeins áhrif sem almennt framsal kröfu.

□ Ódagsett framsal skal talið ritað áður en afsagnarfrestur leið, nema annað sannist.

**Þriðji kapítuli. Um samþykki víxla.**

■ **21. gr.** Fram til gjalddaga víxils getur hver, sem víxilinn hefir í höndum, sýnt hann til samþykkis greiðanda, á þeim stað, þar sem greiðandi býr.

■ **22. gr.** Útgefandi getur kveðið svo á í víxli, að sýna skuli hann til samþykkis, hvort sem hann jafnframt setur frest til sýningar eða eigi.

□ Hann getur lagt bann við því í víxlinum, að hann sé sýndur til samþykkis, enda sé eigi að ræða um víxil, er greiðast á hjá þriðja manni eða á öðrum stað en þeim, þar sem greiðandi býr, eða víxil, er greiðast á tilteknum tíma eftir sýningu.

□ Hann getur einnig mælt svo fyrir, að víxillinn skuli eigi sýndur til samþykkis fyrir tiltekinn tíma.

□ Sérhver framseljandi getur mælt svo fyrir, að víxillinn skuli sýndur til samþykkis, hvort sem hann um leið kveður á um sýningarfrest eða eigi. Þetta gildir þó eigi, ef útgefandi hefir bannað sýningu víxilsins til samþykkis.

■ **23. gr.** Víxil, er greiða skal tilteknum tíma eftir sýningu, skal sýna til samþykkis áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi hans.

□ Útgefandi getur stytt frest þennan eða kveðið á um lengri frest.

□ Framseljendur geta stytt þessa fresti.

■ **24. gr.** Greiðandi getur krafizt þess, að víxill sé sýndur sér að nýju næsta dag eftir hina fyrstu sýningu. Nú er slíkri kröfu eigi sinnt, og verður sú vörn eigi höfð uppi, nema kröfunnar sé getið í afsagnargerðinni.

□ Víxilhafa er eigi skylt að láta víxilinn frá sér í vörzlur greiðanda, er hann sýnir víxilinn til samþykkis.

■ **25. gr.** Samþykki skal rita á víxilinn. Það skal látið í ljós með orðinu „samþykkur", eða öðru samsvarandi orðatiltæki, og skal það undirritað af greiðanda. Nafnritun greiðanda á framhlið víxilsins gildir, ein út af fyrir sig, sem samþykki.

□ Eigi að greiða víxilinn tilteknum tíma eftir sýningu,

1933 Nr. 93 19. júní

eða eigi, eftir sérstöku ákvæði, að sýna hann til samþykkis á tilteknum fresti, skal samþykki dagsett og þá tilgreindur sá dagur, er samþykki var gefið, nema víxilhafi krefjist þess, að tilgreindur sé sá dagur, er sýning átti sér stað. Vanti dagsetningu, verður víxilhafi, til þess að varðveita fullnusturétt sinn gegn framseljendum og útgefanda, að sanna vöntun dagsetningarinnar með afsagnargerð, er fram fari í tæka tíð.

■ **26. gr.** Samþykki skal vera skilyrðislaust. Þó má greiðandi takmarka samþykkið við nokkurn hluta fjárhæðar víxilsins.

□ Sé annars á einhvern hátt vikið frá efni víxils við samþykki hans, skal það metið sem synjun á samþykki. Samþykkjandi er þó skuldbundinn eftir hljóðan samþykkis síns.

■ **27. gr.** Hafi útgefandi tilgreint á víxlinum annan greiðslustað en þann stað, þar sem heimili greiðanda er, og eigi tilnefnt neinn þriðja mann, er greiðsla skuli fara fram hjá, getur greiðandi, er hann samþykkir víxilinn, tilnefnt þennan mann. Sé enginn tilnefndur, skal líta svo á, að samþykkjandi hafi skuldbundið sig til þess að leysa sjálfur víxilinn inn á greiðslustaðnum.

□ Hljóði víxill um greiðslu hjá greiðanda, getur hann, er hann samþykkir víxilinn, tilgreint, hvar greiðslu skuli krafizt á greiðslustaðnum, eða tilnefnt annan mann á sama stað, er greiði víxilinn.

■ **28. gr.** Með samþykki sínu skuldbindur greiðandi sig til þess að greiða víxilinn í eindaga.

□ Verði víxillinn ekki greiddur, á víxilhafi, jafnvel þótt hann sé útgefandi víxilsins, beina kröfu samkvæmt víxlinum á hendur samþykkjanda um allt það, er krefja má samkvæmt 48. og 49. gr.

■ **29. gr.** Nú hefir greiðandi ritað samþykki sitt á víxil, en strikar það út áður en hann skilar víxlinum aftur, og skal þá talið, að neitað sé um samþykki. Útstrikunin skal talin hafa verið gerð áður en víxlinum var skilað aftur, nema annað verði sannað.

□ Hafi greiðandi skriflega skýrt víxilhafa eða einhverjum víxilskuldara frá samþykki sínu, er hann þó skuldbundinn við þá eftir hljóðan samþykkis síns.

**Fjórði kapítuli. Um ábyrgð á víxilkröfu (aval).**

■ **30. gr.** Tryggja má greiðslu víxils með ábyrgð á allri víxilfjárhæðinni eða nokkrum hluta hennar.

□ Ábyrgðina getur tekið á sig jafnt þriðji maður sem einhver víxilskuldaranna.

■ **31. gr.** Ábyrgð skal rituð á víxilinn eða á miða, er við víxilinn sé festur.

□ Henni skal lýst með orðunum „sem ábyrgðarmaður", eða með öðru samsvarandi orðatiltæki, og skal hún undirrituð af þeim, sem í ábyrgðina gengur (avalist).

□ Nafnritun ein sér á framhlið víxilsins skal metin sem ábyrgð, nema um nafnritun greiðanda eða útgefanda sé að ræða.

□ Í ábyrgð skal greina, fyrir hvern hún sé tekin. Nú er það eigi gert, og telst hún þá tekin fyrir útgefanda.

■ **32. gr.** Ábyrgðarmaður er skuldbundinn með sama hætti og sá maður, er hann gekk í ábyrgðina fyrir.

□ Skuldbinding hans er gild, þótt skuldbinding þess manns, er hann gekk í ábyrgðina fyrir, sé ógild, enda stafi ógildi hennar eigi af formgalla.

□ Greiði ábyrgðarmaður víxil, öðlast hann allan rétt samkvæmt víxlinum gegn þeim manni, er hann gekk í ábyrgð fyrir, og þeim mönnum, er samkvæmt víxlinum bera ábyrgð gagnvart honum.

1933 Nr. 93 19. júní

**Fimmti kapítuli. Um gjalddaga víxils.**

■ **33. gr.** Víxill getur hljóðað um borgun: við sýningu (a vista); tilteknum tíma eftir sýningu (a viso); tilteknum tíma eftir útgáfudag (a dato) eða á tilteknum degi.

□ Víxill, sem hljóðar um borgun á öðrum gjalddaga en þessum, eða greiðast á smám saman á fleiri en einum gjalddaga, er ógildur.

■ **34. gr.** Sýningarvíxill skal greiddur við sýningu. Sýna skal hann til greiðslu áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi hans. Útgefandi getur stytt frest þennan eða kveðið á um lengri frest. Framseljendur geta stytt fresti þessa.

□ Útgefandi getur mælt svo fyrir, að víxill er greiðast á við sýningu, skuli eigi sýndur til greiðslu fyrir tiltekinn tíma. Telst sýningarfrestur þá frá þeim tíma.

■ **35. gr.** Gjalddagi víxils, er hljóðar um borgun tilteknum tíma eftir sýningu, skal miðast við dagsetningu samþykkis eða afsagnargerðar.

□ Sé samþykki eigi dagsett, og hafi afsagnargerð heldur eigi farið fram, skal gagnvart samþykkjanda líta svo á, að víxillinn hafi verið samþykktur á síðasta degi frests þess, er settur er til sýningar víxilsins til samþykkis.

■ **36. gr.** Hljóði víxill um greiðslu einum mánuði eða fleirum eftir útgáfudag hans eða eftir sýningu, verður sami mánaðardagur í þeim mánuði, er greiða á víxilinn í, gjalddagi hans. Nú er sá dagur eigi til í mánuðinum, og er þá síðasti dagur mánaðarins gjalddagi víxilsins.

□ Hljóði víxill um greiðslu einum mánuði eða fleirum og hálfum mánuði eftir útgáfudag hans eða eftir sýningu, skulu heilu mánuðirnir taldir fyrstir.

□ Sé gjalddagi ákveðinn í upphafi mánaðar, í miðjum mánuði eða í lok mánaðar, merkja þau orð fyrsta, fimmtánda eða síðasta dag mánaðarins.

□ Orðin „átta dagar" eða „fimmtán dagar" merkja eigi eina eða tvær vikur, heldur heila átta eða fimmtán daga.

□ Orðin „hálfur mánuður" merkja fimmtán daga.

■ **37. gr.** Hljóði víxill um greiðslu á tilteknum degi á stað, þar sem annað tímatal gildir en á útgáfustað hans, skal líta svo á, að gjalddaginn sé ákveðinn eftir tímatalinu á greiðslustaðnum.

□ Þegar víxill, sem út er gefinn milli tveggja staða með mismunandi tímatali, hljóðar um greiðslu tilteknum tíma eftir útgáfudag, skal reikna út þann dag að tímatalinu á greiðslustaðnum, er svarar til útgáfudagsins, og skal gjalddaginn ákveðinn eftir því.

□ Sýningarfrestir víxla skulu taldir samkvæmt því, er segir í næstu málsgrein hér á undan.

□ Reglum þessum skal eigi beitt, ef það verður séð af sérstöku ákvæði á víxlinum eða af efni hans að öðru leyti, að til þess hafi verið ætlazt að eftir öðrum reglum yrði farið.

**Sjötti kapítuli. Um greiðslu víxla.**

■ **38. gr.** Handhafi víxils, er greiðast á á tilteknum degi, tilteknum tíma eftir útgáfudag eða eftir sýningu, skal sýna víxilinn til greiðslu annaðhvort á þeim degi, er hann skyldi greiddur, eða á öðrum hvorum tveggja hinna næstu virkra daga þar á eftir.

□ Afhending víxils til greiðslujöfnunarstöðvar (clearing-house) jafngildir sýningu hans til greiðslu.

■ **39. gr.** Nú greiðir greiðandi víxil, og getur hann þá krafizt þess, að víxillinn sé afhentur sér með áritaðri kvittun víxilhafa.

☐ Víxilhafi getur eigi neitað að taka á móti greiðslu á nokkrum hluta víxilfjárhæðarinnar aðeins.

☐ Nú er nokkur hluti víxilfjárhæðar greiddur, og getur greiðandi þá krafizt þess, að þeirrar greiðslu sé getið á víxlinum og að sér sé fengin sérstök kvittun fyrir henni.

■ **40. gr.** Víxilhafa er eigi skylt að taka við greiðslu víxils fyrr en á gjalddaga hans.

☐ Nú greiðir greiðandi fyrir gjalddaga, og gerir hann það á sjálfs sín ábyrgð.

☐ Sá, sem greiðir víxil á gjalddaga hans, leysist með því endanlega undan skuldbindingu sinni, nema um svik eða stórkostlegt gáleysi af hans hálfu sé að ræða. Honum er skylt að fullvissa sig um, að framsölin séu í réttri og samfelldri röð, en eigi þarf hann að ganga úr skugga um, hvort undirskriftir framseljenda séu ófalsaðar.

■ **41. gr.** Hljóði víxill um greiðslu í mynt, sem eigi er gjaldgeng á greiðslustaðnum, má greiða víxilfjárhæðina í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, eftir gengi hennar á gjalddaga. Greiði víxilskuldari eigi á réttum tíma, getur víxilhafi krafizt þess, að víxilfjárhæðin sé greidd í mynt, gjaldgengri á greiðslustaðnum, hvort sem hann heldur vill eftir gengi hennar á gjalddaga eða á greiðsludegi.

☐ Þegar reikna á gildi erlendrar myntar, skal farið eftir því, sem verzlunartízka er á greiðslustaðnum, enda hafi útgefandi eigi kveðið svo á, að víxilfjárhæðina skuli greiða eftir gengi, sem ákveðið er í víxlinum sjálfum.

☐ Ákvæði þessi gilda eigi, er útgefandi hefir mælt svo fyrir, að greitt skuli í vissri ákveðinni mynt (fyrirvari um virka greiðslu í erlendri mynt).

☐ Sé víxilfjárhæð greind í myntartegund, er hefir sama nafn en mismunandi gildi í landi því, þar sem víxillinn er gefinn út, og landi því, þar sem hann á að greiðast, skal líta svo á, að átt sé við mynt greiðslustaðarins.

■ **42. gr.** Sé víxill eigi sýndur til greiðslu innan þess frests, er ræðir um í 38. gr., er hverjum víxilskuldara heimilt að koma víxilfjárhæðinni í geymslu á kostnað og ábyrgð víxilhafa, í þeim stofnunum, sem löggiltar eru til að taka við geymslufé.

**Sjöundi kapítuli. Um fullnustu vegna samþykkisskorts eða greiðslufalls.**

■ **43. gr.** Þegar gjalddagi er kominn og víxill hefir eigi verið greiddur, getur víxilhafi leitað fullnustu hjá framseljendum, útgefanda og öðrum víxilskuldurum.

☐ Sama rétt á víxilhafi, þó gjalddagi enn eigi sé kominn:

1. Ef neitað hefir verið um samþykki að nokkru eða að öllu.

2. Ef bú greiðanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða skiptaréttur hefir tekið til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamnings, eða hafi það komið í ljós við aðfarargerð, að hann geti eigi greitt skuldir sínar, eða sé hann kaupmaður og hafi stöðvað greiðslur sínar. Gildir þetta jafnt, hvort sem greiðandi hefir samþykkt víxilinn eða eigi.

3. Ef bú útgefanda, er lagt hefir bann við því í víxli, að hann sé sýndur til samþykkis, hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða skiptaréttur hefir tekið til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamninga.

■ **44. gr.** Sanna skal neitun samþykkis eða greiðslufall með opinberri gerð (afsagnargerð vegna samþykkisskorts eða greiðslufalls).

☐ Afsögn vegna samþykkisskorts skal gerð áður en frestur sá er liðinn, sem settur er til sýningar víxilsins til samþykkis. Hafi hin fyrsta sýning, er svo stendur á sem segir í 1. mgr. 24. gr., farið fram á síðasta degi í frestinum, má samt gera afsögn á næsta degi þar á eftir.

☐ [Afsögn vegna greiðslufalls á víxli, er greiðast skal á tilteknum degi, eða tilteknum tíma eftir útgáfudag eða sýningu, skal gerð á öðrum þeirra tveggja virku daga, sem næstir koma á eftir gjalddaga, sbr. þó undantekningar í 72. gr. Nú á víxill að greiðast við sýningu, og eiga þá ákvæði þau, er sett eru í næstu málsgr. hér að framan um afsögn vegna samþykkisskorts, einnig við um afsögn hans vegna greiðslufalls, eftir því sem við á.][1)]

☐ Hafi víxill verið afsagður vegna samþykkisskorts, þarf eigi að sýna hann til greiðslu eða afsegja hann vegna greiðslufalls.

☐ Hafi það komið í ljós við aðfarargerð, að greiðandi geti eigi greitt skuldir sínar, eða hafi hann, sé hann kaupmaður, stöðvað greiðslur sínar, getur víxilhafi eigi leitað fullnustu vegna þess, fyrr en hann hefir sýnt greiðanda víxilinn til greiðslu og afsögn hefir verið gerð.

☐ Verði bú greiðanda tekið til gjaldþrotaskipta, eða taki skiptaréttur til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamnings, nægir það, til þess að víxilhafi megi leita fullnustu, að hann leggi fram úrskurðinn, sem kveður á um gjaldþrotaskiptin eða nauðasamningstilraunirnar. Sama gildir, ef bú útgefanda, er lagt hefir bann við því í víxlinum, að hann sé sýndur til samþykkis, verður tekið til gjaldþrotaskipta eða beiðni hans um aðstoð til tilrauna um nauðasamning verður tekin til greina af skiptarétti.

[1)] *L. 25/1968, 1. gr.*

■ **45. gr.** Víxilhafi skal senda síðasta framseljanda og útgefanda tilkynningu um samþykkisskort eða greiðslufall innan fjögra virkra daga eftir afsagnardag, eða hafi verið gerður fyrirvari um fullnustu án kostnaðar, þá eftir sýningardag. Hver framseljandi skal, í síðasta lagi á öðrum virkum degi eftir að hann fékk slíka tilkynningu, skýra þeim framseljanda, er næstur er fyrir framan hann, frá tilkynningu þeirri, er hann fékk, og greina nöfn og heimili þeirra, sem áður hafa sent tilkynningar, og skal þannig haldið áfram, þar til kemur að útgefanda. Frestir þeir, sem að ofan eru nefndir, teljast frá móttöku næstu tilkynningar á undan.

☐ Þegar tilkynning er send víxilskuldara samkvæmt því, sem fyrir er mælt í næstu málsgr. hér á undan, skal einnig senda þeim manni, er gengið hefir í ábyrgð fyrir þann víxilskuldara, samsvarandi tilkynningu og á sama fresti.

☐ Nú hefir framseljandi eigi greint heimili sitt eða tilgreint það svo, að ólæsilegt er, og er þá nægilegt, að tilkynning sé send þeim framseljanda, sem næstur er fyrir framan hann á víxlinum.

☐ Sá, sem skyldur er að senda tilkynningu, getur gert það með hverjum hætti sem vera skal, jafnvel með því aðeins að endursenda víxilinn.

☐ Honum ber að sanna, að hann hafi sent tilkynninguna áður en frestur sá var liðinn, er hann hafði til að senda hana. Tilkynning telst send nógu snemma, ef bréf, er hefir hana að geyma, er afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

☐ Sá, sem eigi sendir tilkynningu innan nefnds frests, glatar eigi fullnusturétti sínum, en ábyrgjast skal hann allt það tjón, er af vanrækslu hans hlýzt; skaðabæturnar mega þó eigi fara fram úr víxilfjárhæðinni.

■ **46. gr.** Nú er rituð á skjalið athugasemdin „fullnusta án kostnaðar", „án afsagnar" eða því um lík athugasemd, og undirrituð af útgefanda, framseljanda eða ábyrgðarmanni, og þarf víxilhafi þá eigi, til þess að halda fullnusturétti sínum, að láta afsegja víxilinn vegna samþykkisskorts eða greiðslufalls.

☐ Fyrirvari þessi leysir víxilhafa hvorki undan því að sýna víxilinn innan fresta þeirra, er til þess eru settir, né undan því að senda tilkynningu þá, sem mælt er fyrir um í 45. gr. Sönnun þess, að frestir hafi verið látnir hjá líða, hvílir á þeim, er bera vill það fyrir sig gegn víxilhafa.

☐ Hafi útgefandinn sett fyrirvarann, hefir hann gildi gegn öllum víxilskuldurunum. Hafi framseljandi eða ábyrgðarmaður sett hann, hefir hann aðeins gildi gegn þeim, er setti hann. Nú hefir víxilhafi látið afsagnargerð fram fara, þrátt fyrir fyrirvara af hálfu útgefanda, og verður hann þá sjálfur að bera kostnað allan af henni. Sé fyrirvarinn hins vegar settur af framseljanda eða ábyrgðarmanni, má krefja hvern víxilskuldara sem vill um afsagnarkostnaðinn, hafi afsögn verið gerð.

■ **47. gr.** Þeir, sem út hafa gefið víxil, samþykkt hann eða framselt eða gerzt ábyrgðarmenn að honum, bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð gagnvart víxilhafa.

☐ Víxilhafa er rétt að beina kröfu sinni gegn hverjum sem hann vill af þessum skuldurum, gegn einum þeirra sér eða fleirum saman, og þarf hann eigi að fara eftir þeirri röð, sem skuldbindingar þeirra eru á víxlinum.

☐ Sama rétt á hver víxilskuldari, sem leyst hefir víxilinn til sín.

☐ Nú er mál höfðað gegn einum af víxilskuldurunum, og er það eigi því til fyrirstöðu, að krafa sé gerð gegn hinum, þó að þeir séu á víxlinum á eftir þeim, er fyrstur var lögsóttur.

■ **48. gr.** Víxilhafi getur krafizt af þeim, er hann leitar fullnustu hjá:

1. Þess hluta víxilfjárhæðarinnar, sem eigi var samþykktur eða eigi greiddur, ásamt vöxtum, ef vextir voru áskildir.

2. [Dráttarvaxta frá gjalddaga samkvæmt lögum um vexti.][1)]

3. Kostnaðar við afsagnargerð og við tilkynningar þær, er mælt er fyrir um í 45. gr., svo og annars kostnaðar, ...[2)]

☐ Nú er fullnustu leitað fyrir gjalddaga, og skal þá draga frá víxilfjárhæðinni víxilforvexti, eftir því sem bankaforvextir eru reiknaðir af víxlum á þeim stað, þar sem víxilhafi býr, þann dag, sem fullnustu er krafizt.

[1)] *L. 33/1987, 2. gr.* [2)] *L. 54/1965, 3. gr.*

■ **49. gr.** Sá, sem víxilinn leysir til sín, getur krafizt af þeim víxilskuldurum, er ábyrgð bera gagnvart honum:

1. Allrar þeirrar fjárhæðar, sem hann hefir greitt.

2. [Dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af fjárhæð þeirri, er 1. tölul. greinir, frá þeim degi er hann greiddi hana.][1)]

3. Kostnaðar þess, er hann hefir haft ...[2)]

[1)] *L. 33/1987, 3. gr.* [2)] *L. 54/1965, 3. gr.*

■ **50. gr.** Hver sá víxilskuldari, sem krafinn er eða krefja má um fullnustu, á rétt á því að fá víxilinn afhentan sér ásamt afsagnargerð og kvittuðum reikningi, enda greiði hann innlausnarféð.

☐ Hver sá framseljandi, sem innleyst hefir víxilinn, getur strikað út af honum nafn sitt og þeirra framseljenda, sem á eftir honum komu.



■ **51. gr.** Nú er víxillinn aðeins samþykktur að því er tekur til nokkurs hluta víxilfjárhæðarinnar, og fullnustu síðan krafizt, og getur þá sá, er greiðir þann hluta víxilfjárhæðarinnar, er eigi fékkst samþykktur, heimtað, að þeirrar greiðslu sinnar sé getið á víxlinum og að sér sé jafnframt gefin sérstök kvittun fyrir henni. Víxilhafi skal enn fremur, auk afsagnargerðarinnar, fá honum staðfest eftirrit af víxlinum, og má þá leita fullnustu samkvæmt því eftirriti.

■ **52. gr.** Hver sá, sem fullnustu getur krafizt, getur, sé annað eigi áskilið, tekið sér greiðslu með nýjum víxli (gagnvíxill), er greiðist við sýningu og gefinn sé út á hendur einhverjum þeirra, er ábyrgð bera gagnvart honum, til greiðslu á þeim stað, þar sem sá maður býr.

☐ Gagnvíxillinn skal nema upphæðum þeim, sem greinir í 48. og 49. gr. að viðbættu gjaldi til miðlara og stimpilgjaldi af gagnvíxlinum.

☐ Gefi víxilhafi gagnvíxilinn út, skal fjárhæð hans ákveðin eftir gengi sýningarvíxla, sem gefnir eru út frá greiðslustað upphaflega víxilsins til þess staðar, þar sem hlutaðeigandi víxilskuldari býr. Gefi framseljandi gagnvíxilinn út, skal ákveða fjárhæðina eftir gengi sýningarvíxla, sem gefnir eru út frá þeim stað, þar sem útgefandi gagnvíxilsins býr, og til þess staðar, þar sem víxilskuldarinn býr.

■ **53. gr.** Séu frestir þeir látnir hjá líða, sem gilda um sýningu víxils, er hljóðar um greiðslu við sýningu eða tilteknum tíma eftir sýningu, um framkvæmd afsagnargerðar vegna samþykkisskorts eða vegna greiðslufalls, um sýningu víxils til greiðslu, er fyrirvari hefir verið gerður um fullnustu án kostnaðar, þá glatar víxilhafi rétti sínum gegn framseljendum, útgefanda og öðrum víxilskuldurum, nema samþykkjanda.

☐ Hafi víxill eigi verið sýndur til samþykkis innan frests þess, sem útgefandi hefir ákveðið, glatar víxilhafi rétti sínum til fullnustu, bæði vegna samþykkisskorts og vegna greiðslufalls, nema það verði séð af ákvæðinu um frestinn, að útgefandi vildi aðeins undanskilja sig ábyrgð á samþykki.

☐ Nú er settur frestur til sýningar í framsali, og getur þá hlutaðeigandi framseljandi einn borið það fyrir sig.

■ **54. gr.** Komi á fresti þeim, sem settur er til sýningar víxils eða til afsagnargerðar, fyrir óviðráðanleg tálmun (innlend eða erlend lagaákvæði eða aðrir óviðráðanlegir atburðir), og verði gerðir þessar eigi framkvæmdar þess vegna, lengjast frestirnir.

☐ Víxilhafa er skylt að senda síðasta framseljanda þegar í stað tilkynningu um slíka tálmun, og að geta þessarar tilkynningar og dagsetningar hennar á víxlinum eða miða, sem við víxilinn sé festur, og rita nafn sitt undir. Að öðru leyti skal farið eftir ákvæðunum í 45. gr.

☐ Jafnskjótt og tálmuninni er lokið, skal víxilhafi tafarlaust sýna víxilinn til samþykkis eða greiðslu, og láta afsegja hann, ef þarf.

☐ Vari tálmunin lengur en þrjátíu daga eftir gjalddaga, má leita fullnustu án þess að nauðsynlegt sé að sýna víxilinn eða afsegja hann.

☐ Sé um víxil að ræða, er greiðast á við sýningu eða tilteknum tíma eftir sýningu, teljast þessir þrjátíu dagar frá þeim degi, er víxilhafi sendi síðasta framseljanda

tilkynningu um tálmunina, þótt það hafi verið áður en sýningarfresti lauk. Nú á víxill að greiðast tilteknum tíma eftir sýningu, og skal þá bæta þeim tíma við þrjátíu daga frestinn.

□ Atvik, er aðeins varða víxilhafa persónulega, eða þann mann, er hann hefur falið að sýna víxilinn eða láta afsegja hann, skulu eigi talin óviðráðanlegir atburðir (vis major).

**Áttundi kapítuli. Um meðalgöngu.**

**1. Almenn ákvæði.**

■ **55. gr.** Útgefandi, framseljandi eða ábyrgðarmaður geta tilgreint nauðleitarmann til að samþykkja eða greiða víxilinn.

□ Þegar þau skilyrði eru fyrir hendi er greinir hér á eftir, getur maður gerzt meðalgöngumaður og samþykkt víxil eða greitt hann fyrir einhvern þann víxilskuldara, er fullnustu yrði krafinn.

□ Meðalgöngumaður getur verið einhver sá maður, sem eigi er víxilskuldari, jafnvel greiðandi víxilsins, eða einhver sá, sem orðinn er víxilskuldari, þó ekki samþykkjandi víxilsins.

□ Meðalgöngumaður skal, áður en tveir virkir dagar eru liðnir, senda þeim, er hann gerist meðalgöngumaður fyrir, tilkynningu um meðalgönguna. Láti hann frest þennan hjá líða, ber hann ábyrgð á öllu því tjóni, er hljótast kann af vanrækslu hans; skaðabæturnar mega þó eigi fara fram úr víxilfjárhæðinni.

**2. Samþykki fyrir meðalgöngu.**

■ **56. gr.** Meðalgöngumaður getur samþykkt víxil, jafnan er víxilhafi getur leitað fullnustu fyrir gjalddaga víxilsins, nema því aðeins, að bannað hafi verið að sýna víxilinn til samþykkis.

□ Nú er á víxlinum vísað á nauðleitarmann á greiðslustaðnum, og getur víxilhafi þá eigi krafið þann, er vísaði á nauðleitarmanninn, né þá víxilskuldara, sem eftir honum koma, um fullnustu fyrir gjalddaga, nema hann hafi sýnt nauðleitarmanninum víxilinn og, hafi hann neitað um samþykki, þá sannað neitun hans með afsagnargerð.

□ Endranær getur víxilhafi neitað að taka við samþykki meðalgöngumanns. Taki hann samt við samþykkinu, missir hann rétt sinn til þess að krefjast fullnustu fyrir gjalddaga hjá þeim, er samþykkt var fyrir, og þeim víxilskuldurum, er eftir hann koma.

■ **57. gr.** Samþykki sitt skal meðalgöngumaður rita á víxilinn og undirrita það. Í samþykkinu skal þess getið, fyrir hvern það sé gefið. Sé þess eigi getið, telst samþykkið gefið fyrir útgefanda.

■ **58. gr.** Meðalgöngumaður, er samþykkt hefir víxil, ber ábyrgð gagnvart víxilhafa og þeim framseljendum, sem koma á eftir þeim, er hann samþykkti fyrir, með sama hætti og sá maður bar ábyrgð gagnvart þeim.

□ Þrátt fyrir það, þótt meðalgöngumaður hafi samþykkt víxil, getur sá, er hann samþykkti fyrir, og þeir víxilskuldarar, er ábyrgð bera gagnvart þeim manni, ef þeir greiða fjárhæð þá, sem í 48. gr. segir, krafizt þess, að víxilhafi skili sér víxlinum, kvittuðum reikningi og afsagnargerð, hafi hún farið fram.

**3. Greiðsla meðalgöngumanns.**

■ **59. gr.** Meðalgöngumaður getur greitt víxil, jafnan er víxilhafi gæti leitað fullnustu, hvort heldur er fyrir gjalddaga eða eftir.

□ Greiða skal alla þá fjárhæð, er sá skyldi greiða, er fyrir er greitt.

□ Greiðsla skal fara fram í síðasta lagi næsta dag eftir þann dag, er afsögn vegna greiðslufalls síðast hefði orðið gerð.

■ **60. gr.** Hafi meðalgöngumaður, er heima á á greiðslustaðnum, samþykkt víxil, eða sé vísað á einn eða fleiri nauðleitarmenn á víxlinum, er búi á greiðslustaðnum, skal víxilhafi sýna öllum þessum mönnum víxilinn og, ef með þarf, láta afsegja hann vegna greiðslufalls í síðasta lagi næsta dag eftir þann dag, er afsögn síðast hefði orðið gerð.

□ Sé afsögn eigi gerð á þessum fresti, er sá, er vísaði á nauðleitarmanninn, eða sá, er víxillinn var samþykktur fyrir, og framseljendur þeir, er á eftir þeim koma, leystir frá skuldbindingum sínum.

■ **61. gr.** Víxilhafi, sem neitar að taka við greiðslu meðalgöngumanns, glatar fullnusturétti sínum gegn þeim, er leystir hefðu orðið með greiðslunni.

■ **62. gr.** Sanna skal greiðslu meðalgöngumanns með kvittun, er rituð sé á víxilinn, og skal þess getið, fyrir hvern greitt sé. Nú er þess eigi getið, og skal þá talið, að greitt sé fyrir útgefanda.

□ Afhenda skal meðalgöngumanni víxilinn, ásamt afsagnargerð, hafi hún fram farið.

■ **63. gr.** Meðalgöngumaður, er víxil greiðir, öðlast réttindi þau, er víxillinn veitir gegn þeim, er hann greiddi fyrir, og þeim, er samkvæmt víxlinum báru ábyrgð gagnvart þeim manni; þó má hann eigi framselja víxilinn af nýju.

□ Framseljendur þeir, er koma á eftir þeim, er greitt var fyrir, leysast með greiðslunni.

□ Bjóðist fleiri en einn meðalgöngumaður til að greiða, gengur sá þeirra fyrir, er flesta víxilskuldara leysir. Sá, er meðalgöngumaður gerist gagnstætt ákvæði þessu, og veit hversu á stendur, glatar fullnusturétti sínum gegn þeim, er ella hefðu leystir orðið.

**Níundi kapítuli. Um samrit og eftirrit víxla.**

**1. Samrit.**

■ **64. gr.** Gefa má víxil út í fleiri samhljóða eintökum (samrit).

□ Í texta hvers eintaks skal greina, hvert það sé í röðinni; að öðrum kosti gildir hvert eintak sem sjálfstæður víxill.

□ Sérhver handhafi víxils, er eigi greinir, að hann sé gefinn út í einu eintaki (einritaður), getur krafizt þess, að sér séu, á sinn kostnað, fengin samrit af víxlinum. Í því skyni skal hann snúa sér til þess, er næstur er fyrir framan hann; sá maður er skyldur til aðstoðar honum með tilmælum til þess, er næstur er á undan honum, og svo hver af öðrum, unz beiðnin kemur til útgefanda. Framseljendum er skylt að rita af nýju framsöl sín á nýju eintökin.

■ **65. gr.** Greiðsla samkvæmt einu af víxileintökunum leysir undan víxilskyldunni, þótt eigi sé það áskilið, að hin eintökin skuli úr gildi felld með henni. Greiðandi ábyrgist þó eftir sem áður hvert það eintak, er samþykki hans er ritað á og honum hefir eigi verið skilað.

□ Hafi framseljandi framselt ýmsum mönnum víxileintök, ábyrgist hann og framseljendur þeir, er á eftir honum koma, hvert það eintak, sem nafnritun þeirra er á og eigi hefir verið skilað aftur.

■ **66. gr.** Nú sendir víxilhafi eitt af víxileintökunum til samþykkis, og skal hann þá rita á hin eintökin nafn þess manns, er þetta eintak er hjá. Skylt er þeim manni að skila því til löglegs handhafa annars víxileintaks.

□ Nú neitar hann að skila eintaki þessu, og getur víxilhafi þá eigi leitað fullnustu fyrr en hann hefir sannað með afsagnargerð:

1. að sér hafi eigi verið skilað eintaki því, er til samþykkis var sent, þótt hann hafi krafizt þess, og

2. að hann hafi eigi getað fengið samþykki eða greiðslu samkvæmt öðru eintaki.

**2. Eftirrit.**

■ **67. gr.** Hverjum handhafa víxils er rétt að taka eftirrit af honum.

□ Eftirrit víxils skal nákvæmlega fylgja frumvíxlinum, og skal það hafa að geyma eftirrit af framsölum og öðrum áritunum, sem á frumvíxlinum eru. Þess skal getið í eftirritinu, hve langt eftirritunin nær.

□ Framselja má víxileftirrit, svo og rita á það ábyrgðarskuldbindingu, með sama hætti og sömu áhrifum sem um frumvíxil væri að ræða.

■ **68. gr.** Í víxileftirriti skal þess getið, hver frumvíxilinn hafi með höndum, og er þeim manni skylt að skila löglegum handhafa eftirritsins frumvíxlinum.

□ Nú færist hann undan því, og getur þá handhafi eftirritsins eigi leitað fullnustu hjá þeim, er framselt hafa eftirritið eða ritað á það ábyrgðarskuldbindingu, fyrr en hann hefir sannað það með afsagnargerð, að sér hafi eigi verið skilað frumvíxlinum, þótt hann hafi krafizt þess.

□ Hafi verið rituð á frumvíxilinn, eftir síðasta framsal áður en eftirritið var gert, þessi athugasemd: „eftirleiðis er aðeins framsal á eftirrit gilt", eða önnur áritun sama efnis, eru framsöl þau, er seinna eru rituð á frumvíxilinn, ógild.

**Tíundi kapituli. Um breytingar á víxli.**

■ **69. gr.** Nú eru breytingar gerðar á texta víxils, og eru þá þeir, er ritað hafa nöfn sín á víxilinn eftir að breytingin var gerð, skuldbundnir í samræmi við hinn breytta texta, en hinir, er áður höfðu ritað nöfn sín á víxilinn, eru skuldbundnir í samræmi við hinn upphaflega texta hans.

**Ellefti kapituli. Um fyrningu víxla.**

■ **70. gr.** Allar kröfur samkvæmt víxlinum á hendur samþykkjanda fyrnast á þremur árum frá gjalddaga.

□ Kröfur víxilhafa á hendur framseljendum og útgefanda fyrnast á einu ári frá þeim degi, er afsagnargerð fór fram, enda hafi afsögn verið gerð á réttum tíma, eða á einu ári frá gjalddaga, hafi fyrirvari verið gerður um fullnustu án kostnaðar.

□ Fullnustukröfur framseljanda á hendur öðrum framseljendum eða útgefanda fyrnast á sex mánuðum frá þeim degi, er framseljandi leysti víxilinn til sín, eða frá þeim degi, er fyrningu var slitið gagnvart honum.

■ **71. gr.** Fyrningu víxils er slitið er stefna er birt í víxilmáli, krafa gerð í máli um notkun víxilkröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar, víxilkröfunni lýst í bú skuldunauts, er tekið hefir verið til opinberra skipta, eða kröfunni lýst fyrir skiptarétti, er skuldunautur leitar nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi sínu. Fyrningu víxils er og slitið, ef sá, sem sóttur er um víxilkröfu, tilkynnir lögsóknina (litis denuntiatio) einhverjum, sem er fyrir framan hann á víxlinum. Sá, er slíka tilkynningu fær, getur slitið fyrningu þá, er ræðir um í 1. málsgr. 70. gr., með því að tilkynna samþykkjanda lögsóknina.

1933 Nr. 93 19. júní

□ Fyrningu víxils er slitið með stefnu til erlends dómstóls, ef skuldunautur á heimili í því landi, eða hann ber fram varnir í málinu, en ber það þó eigi fyrir sig, að dómstóllinn sé eigi dómbær, eða stefnan er birt honum sjálfum. Tilkynning um lögsókn (litis denuntiatio) við erlendan dómstól slítur fyrningu með sama hætti og stefna. Sömuleiðis er fyrningu slitið, er víxilkrafa er notuð til skuldajafnaðar í máli, sem rekið er fyrir erlendum dómstóli, samkvæmt þeim lögum, er þar gilda.

□ Fyrningu er slitið með lýsingu víxilkröfu í bú skuldunauts, er tekið hefir verið erlendis til opinberra skipta, ef skuldunautur átti heima í því landi, er skiptameðferðin hófst.

□ Fyrningu er eigi slitið gegn öðrum víxilskuldurum en þeim, er einhverri af fyrrnefndum gerðum er beint að, en fyrningarslitin koma öllum þeim að notum, sem eru fyrir framan hann á víxlinum, er fyrningu sleit.

□ Nú hefir fyrningu verið slitið, en lögsókn er eigi til lykta leidd, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er málið síðast var til meðferðar í rétti.

□ Nú verður gerð til slita fyrningar eigi komið fram vegna tálmana þeirra, sem ræðir um í 54. gr., og glatast þá víxilréttur eigi, ef fyrningu er slitið innan mánaðar frá því að tálmuninni lauk.

**Tólfti kapituli. Almenn ákvæði.**

■ **72. gr.** [Nú ber gjalddaga víxils á löghelgan dag eða dag, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar, og verður greiðslu þá eigi krafizt fyrr en næsta virkan dag á eftir. Allar aðrar gerðir, er varða víxilinn, svo sem sýning til samþykkis og afsagnargerð, má einnig aðeins framkvæma á virkum degi.

□ Nú á gerð að fara fram á tilteknum fresti og er lokadagur frestsins löghelgur dagur eða almennur lokunardagur bankastofnana, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

□ Nú er kveðið á um frest í lögum þessum eða sérstökum ákvæðum, og telst þá dagur sá, er fresturinn er talinn frá, eigi með í frestinum.

□ Frestsdagar til greiðslu eftir gjalddaga gilda eigi um víxla.][1)]

[1)] *L. 25/1968, 2. gr.*

■ **73. gr.** Nú glatast víxill, er greiðast á hér á landi, og má þá ógilda hann með dómi, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um ógilding skjala með dómi. Ógildingarmál skal höfða á greiðslustað víxilsins.

□ Þegar stefna í ógildingarmáli er löglega birt, er útgefandi skyldur að gefa út nýjan víxil. Hafi hinn glataði víxill verið samþykktur, er samþykkjandi skyldur til að greiða hann á gjalddaga, þeim manni, er sannar rétt sinn til að taka við greiðslu. Setja skal þó útgefanda eða samþykkjanda næga tryggingu unz víxillinn er dæmdur ógildur eða ábyrgð þeirra eftir hinum glataða víxli er horfin á annan hátt.

■ **74. gr.** Nú hefir víxilkrafa fyrnzt eða víxilréttur glatazt fyrir vangeymslu, og er eiganda víxils rétt að sækja víxilskuldara um þá fjárhæð, er hann mundi vinna honum úr hendi, ef fjárheimtan félli niður, sem um hverja aðra skuld.

1933 Nr. 93 19. júní

**Annar þáttur. Um eiginvíxla.**
**Þrettándi kapítuli.**

■ **75. gr.** Í eiginvíxli skal greina:

1. Orðið víxil í meginmáli skjalsins og á því máli, sem skjalið er ritað á.
2. Skilyrðislaust loforð um að greiða tiltekna upphæð peninga.
3. Gjalddaga.
4. Greiðslustað.
5. Nafn þess, er við greiðslu á að taka, eða ávísa má víxilfjárhæðinni til greiðslu.
6. Útgáfustað og útgáfudag.
7. Undirskrift þess, er gefur skjalið út (útgefandi).

■ **76. gr.** Nú brestur á, að greind séu í skjali öll þau atriði, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, og hefir skjalið þá eigi gildi sem eiginvíxill, nema þegar svo er ástatt sem segir síðar í þessari grein.

□ Sé gjalddagi eigi tilgreindur, telst víxillinn gjaldkræfur við sýningu.

□ Sé greiðslustaður eigi tilgreindur sérstaklega, skal útgáfustaður skjalsins talinn vera greiðslustaður, og þá einnig vera talinn sá staður, er greiðandi býr á.

□ Sé útgáfustaður eigi tilgreindur, skal líta svo á, að víxillinn hafi verið undirritaður á þeim stað, sem tilgreindur er við nafn útgefanda.

■ **77. gr.** Um eiginvíxla gilda, að því leyti, sem þeim verður við komið, þau ákvæði, sem sett eru um víxla á hendur öðrum manni og varða: framsal víxla (11. – 20. gr.), gjalddaga (33. – 37. gr.), greiðslu (38. – 42. gr.), fullnustu vegna greiðslufalls (43. – 50. og 52. – 54. gr.), milligöngu við greiðslu (55. gr. og 59. – 63. gr.), eftirrit (67. og 68. gr.), breytingar (69. gr.), fyrningu (70. – 71. gr.), löghelga daga, reikning á frestum og bann gegn frestdögum til greiðslu eftir gjalddaga (72. gr.), glataða víxla (73. gr.), og rétt víxilhafa til málshöfðunar, er víxilkrafa er fyrnd eða glötuð fyrir vangeymslu (74. gr.).

□ Sömuleiðis gilda um eiginvíxla ákvæðin um víxla, er greiðast eiga hjá þriðja manni eða á öðrum stað en þeim, þar sem heimili greiðanda er (4. gr. og 27. gr.), um heimild til að áskilja vexti (5. gr.), um það, er víxilfjárhæð er tilgreind oftar en einu sinni og eigi hin sama í öll skiptin (6. gr.), um afleiðingar þess, að nafn er ritað á víxil með þeim atvikum, er segir í 7. gr., um það, er á víxli eru nafnritanir manna, er ritað hafa án umboðs eða farið hafa út fyrir umboð sitt (8. gr.), og ákvæðin um víxla, er eigi voru fullritaðir (10. gr.).

□ Ennfremur gilda um eiginvíxla ákvæðin um ábyrgð (30. – 32. gr.). Sé eigi greint í áritun um ábyrgð, fyrir hvern hún sé tekin (31. gr. síðasta málsgr.), skal líta svo á, að hún sé tekin fyrir útgefanda.

■ **78. gr.** Útgefandi eiginvíxils er skuldbundinn með sama hætti og samþykkjandi víxils á hendur öðrum manni.

□ Nú hljóðar eiginvíxill um greiðslu tilteknum tíma eftir sýningu, og skal þá sýna útgefanda hann, til áritunar um sýninguna, innan þess frests, sem getið er í 23. gr. Frestur frá sýningu telst þá frá þeim degi, er áritun útgefanda um sýningu er dagsett á víxlinum. Neiti útgefandi að rita á víxilinn um sýninguna eða að dagsetja áritunina, skal láta fara fram afsagnargerð um það (25. gr.), og telst fresturinn frá sýningu þá frá dagsetningu hennar.

**Þriðji þáttur. Um það, hve útlend lög koma til greina.**
**Fjórtándi kapítuli.**

■ **79. gr.** Hvort erlendur maður sé umkominn þess að gangast undir víxilskyldur, skal meta eftir lögum þess lands, er hann er ríkisfastur í. Mæli þau lög svo fyrir, að lögum annars lands skuli beitt, skal eftir hinum síðastnefndu lögum farið.

□ Erlendur maður, sem eigi væri þess umkominn að gangast undir víxilskyldur samkvæmt ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, er þó samt sem áður skuldbundinn hér í landi, ef hann hefir gengizt undir skylduna í einhverju því landi, þar sem hann að lögum þess lands hefði verið þess umkominn að skuldbinda sig.

■ **80. gr.** Um form víxilskuldbindingar skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir skylduna var gengið.

□ Nú er víxilskuldbinding ógild samkvæmt fyrstu málsgr. þessarar greinar, en gild að lögum þess lands, þar sem síðar er gengizt undir skuldbindingu og leiðir þá ógilding hinnar fyrri skuldbindingar eigi til þess, að hin síðari einnig skuli metin ógild.

□ Víxilskuldbinding, sem íslenzkur ríkisborgari gengst undir erlendis og fullnægir skilyrðum íslenzkra laga um form, skal talin gild hér á landi gagnvart öðrum íslenzkum ríkisborgara, þótt skuldbindingin ella mundi talin ógild samkvæmt ákvæðum fyrstu málsgr. þessarar greinar.

■ **81. gr.** Um áhrif þess, að víxill á hendur öðrum manni er samþykktur eða eiginvíxill gefinn út, skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem víxillinn á að greiðast.

□ Um áhrif annarra víxilskuldbindinga skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir þær var gengizt, enda sé eigi öðruvísi fyrir mælt.

■ **82. gr.** Um fresti til að leita fullnustu skal fara eftir lögum þess lands, þar sem víxillinn var gefinn út, hver víxilskuldara sem hlut á að máli.

■ **83. gr.** Nú er svo litið á að lögum þess lands, þar sem víxillinn var gefinn út, að víxilhafi sé einnig eigandi kröfu þeirrar, er varð tilefni þess að víxillinn var út gefinn, og skal þá farið eftir þeim lögum um það efni.

■ **84. gr.** Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem víxillinn á að greiðast, um það, hvort takmarka megi samþykki við nokkurn hluta víxilfjárhæðar og hvort víxilhafi geti neitað að taka við greiðslu á nokkrum hluta víxilfjárhæðarinnar aðeins.

■ **85. gr.** Um form afsagnargerðar og annarra gerða, er nauðsynlegar eru til þess, að víxilrétti verði beitt eða hann varðveittur, og um frest til slíkra gerða, skal farið eftir lögum þess lands, þar sem gerðin fór fram.

■ **86. gr.** Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem víxill á að greiðast, um það hversu farið skuli að, ef víxill glatast eða er stolið.

■ **87. gr.** Eigi að beita erlendum lögum í dómsmáli, samkvæmt þeim fyrirmælum, sem um það eru sett, og séu dómnum eigi hin erlendu lög kunn, getur hann lagt fyrir hlutaðeigandi aðila að afla þeirra upplýsinga, er með þarf, um það efni.

**Fjórði þáttur. Lokaákvæði.**
**Fimmtándi kapítuli.**

■ **88. gr.** Afsögn samkv. lögum þessum gerir notarius publicus eða embættismaður sá, sem að lögum gegnir notarialstörfum. Náist eigi til þessa embættismanns í tækan tíma, má láta hreppstjóra eða einn stefnuvott gera afsögnina.

1933 Nr. 93 19. júní

■ **89. gr.** Afsagnar má beiða munnlega, þann sem á að gera hana, ef víxillinn er fenginn honum.

■ **90. gr.** Sé afsagnar á sama víxli krafizt hjá fleirum á sama stað, þarf eigi meira en eina afsagnargerð.

■ **91. gr.** Afsagnargerðir skulu, sé eigi um annað samið, fara fram á tímabilinu frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, í starfhýsi hlutaðeigandi manns, eða á heimili hans, eigi hann ekkert starfhýsi á afsagnarstaðnum. Sé sá eigi viðstaddur, er þola skal afsagnargerð, má gera hana í eða hjá starfhýsi hans eða heimili. Sé eigi starfhýsi hans eða heimili kunn, og geti sá, er afsögn gerir, eigi fengið vitneskju um þau hjá lögreglustjórn þess staðar, skal geta þess í afsagnargerðinni.

□ Því, sem hér var fyrir mælt um stað og stund afsagnargerðar, skal einnig beita, eftir því sem við á, um sýningu víxils til samþykkis eða til greiðslu.

■ **92. gr.** Nú á afsögn vegna greiðslufalls fram að fara, og býðst sá, sem afsögn á að gera hjá, til að greiða víxilinn að nokkru eða öllu, og skal þá sá, sem afsögn gerir, veita fénu móttöku, enda sé enginn annar maður viðstaddur, er veitt geti því móttöku fyrir gerðarbeiðanda hönd. Rita skal kvittun fyrir greiðslunni á víxilinn, og sé víxilfjárhæðin greidd að fullu, ásamt vöxtum þeim, er áskildir kunna að hafa verið, sbr. 5. gr., skal afhenda víxilinn þeim, er greiðir hann, ef gerðarbeiðandi hefir eigi látið öðruvísi um mælt við þann, er afsögn gerir.

■ **93. gr.** Í afsagnargerð skal rita: eftirrit af víxlinum eða eftirriti hans og öllu því, er á honum stendur, tilmæli eða kröfu gerðarbeiðanda og svar þess, er afsögn er gerð hjá; hafi hann engu svarað eða eigi fundizt, skal þess getið; svo skal og greina stað og stund afsagnargerðarinnar, og skal sá, er afsögn gerir, rita nafn sitt undir.

□ Á víxilinn eða eftirrit hans skal rita vottorð um afsagnargerðina.

■ **94. gr.** Færa skal afsagnargerð orðrétta inn í notarialbók lögsagnarumdæmisins. Hafi hreppstjóri eða stefnuvottur gert afsögn, skal hann senda staðfest eftirrit af afsagnargerðinni til notarius innan þriggja daga frá afsagnardegi.

□ Eftirrit af afsagnargerð má eigi veita öðrum en gerðarbeiðanda.

1933 Nr. 94 19. júní

## Lög um tékka.

### Fyrsti kapítuli. Um útgáfu tékka og form.

■ **1. gr.** Í tékka skal greina:

1. Orðið tékka í meginmáli skjalsins og á því máli, sem skjalið er ritað á.
2. Skilyrðislaus tilmæli um að greiða ákveðna upphæð peninga (tékkafjárhæð).
3. Nafn þess, er greiða skal (greiðslubanki, sbr. 3. gr.).
4. Greiðslustað.
5. Útgáfustað og útgáfudag tékkans, og
6. undirskrift þess, er tékkann gefur út (útgefandi).

■ **2. gr.** Nú brestur á, að greind séu í skjali öll þau atriði, sem nefnd eru í næstu gr. hér á undan, og hefir skjalið þá eigi tékkagildi, nema þegar svo er ástatt sem segir síðar í þessari grein.

□ Sé greiðslustaður eigi tilgreindur sérstaklega, skal sá staður, sem tilgreindur er við nafn greiðslubankans, talinn vera greiðslustaður tékkans. Séu fleiri staðir en einn tilgreindir við nafn greiðslubankans, er tékkinn gjaldkræfur á þeim stað, er nefndur er fyrstur.

□ Sé greiðslustaður eigi tilgreindur með þeim hætti, er nú var sagt, eða með öðrum hætti, er tékkinn gjaldkræfur á þeim stað, þar sem greiðslubankinn á aðalaðsetur sitt.

□ Sé útgáfustaður eigi tilgreindur, skal líta svo á, að tékkinn hafi verið undirritaður á þeim stað, sem tilgreindur er við nafn útgefanda.

■ **3. gr.** Tékka má aðeins gefa út á hendur banka eða sparisjóði, sbr. 54. gr.

□ Ávísanir, sem gefnar eru út á hendur öðrum en banka eða sparisjóði, hafa eigi tékkagildi, enda þótt þær fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. gr., sbr. 2. gr.

■ **4. gr.** Útgefandi skal hafa til umráða fé hjá greiðslubankanum, er honum sé heimilt, samkv. samningi við greiðslubankann, að ráðstafa með tékkum.

■ **5. gr.** Tékki má hljóða um greiðslu: til tiltekins manns, hvort sem bætt er við eða eigi orðunum „eða þess, er hann framselur", til tiltekins manns, með viðbótinni „eigi til framsals" eða samsvarandi orðum, eða til handhafa.

□ Nú er tékki gefinn út til tiltekins manns, og bætt við orðunum „eða til handhafa" eða samsvarandi orðum, og skal þá líta svo á, sem tékkinn sé gefinn út til handhafa.

□ Nú er eigi greint í tékka, hver við borgun eigi að taka, og skal þá einnig líta svo á, sem tékkinn sé gefinn út til handhafa.

■ **6. gr.** Tékka má gefa út til ráðstöfunar útgefanda sjálfs. Gefa má tékka út fyrir reikning þriðja manns.

□ Tékka má eigi gefa út á hendur útgefanda sjálfum. Þó má gefa út tékka, er eigi hljóðar um greiðslu til handhafa, milli tveggja starfsdeilda sama banka.

■ **7. gr.** Sé í tékka gefið loforð um vexti, skal meta það sem óskráð.

■ **8. gr.** Tékki getur hljóðað um greiðslu hjá öðrum banka en greiðslubankanum, annaðhvort á þeim stað, þar sem hann hefir aðsetur sitt, eða á öðrum stað.

■ **9. gr.** Nú er fjárhæð tilgreind í tékka bæði með bókstöfum og með tölustöfum, og ber upphæðum þessum eigi saman, og gildir þá sú fjárhæðin, sem með bókstöfum er skráð.

□ Sé fjárhæðin tilgreind oftar en einu sinni í tékkanum, annaðhvort með bókstöfum eða með tölustöfum, og beri þeim eigi saman, gildir hin lægsta upphæðin ein.

■ **10. gr.** Séu á tékka nöfn manna, er brestur hæfi til að taka á sig tékkaskyldu, fölsuð nöfn, nöfn, sem fundin eru upp, eða nafnritanir, sem af öðrum ástæðum eigi baka þeim skuldbindingu, er þau rituðu, eða þeim manni, er þau voru rituð í nafni hans, er þó skuldbinding hinna tékkaskuldaranna gild, þrátt fyrir það.

■ **11. gr.** Sá, sem ritar nafn sitt á tékka fyrir hönd annars manns, en hefir eigi umboð til þess, verður sjálfur skuldbundinn eftir tékkanum, enda öðlast hann, er hann hefir greitt tékkann, sama rétt og hinn myndi hafa öðlazt. Sama gildir um þann mann, er farið hefir út fyrir umboð sitt.

■ **12. gr.** Útgefandi ábyrgist greiðslu tékkans. Hver sá fyrirvari, er hann setur og miðar til þess að undanþiggja hann ábyrgð á greiðslu tékkans, skal metinn sem óskráður væri.

■ **13. gr.** Nú er tékki eigi ritaður að fullu, er hann er gefinn út, og er hann seinna fylltur út á annan veg en um hafði verið samið, og verður þetta þá eigi borið fyrir við tékkahafann, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk tékkann, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

**Annar kapítuli. Um framsal tékka.**

■ **14. gr.** Tékka, sem hljóðar um greiðslu til tiltekins manns, má framselja, með áritun á hann, þriðja manni (framsalshafa), enda þótt tékkinn sé eigi berum orðum gefinn út til framsals.

□ Tékki, sem hljóðar um greiðslu til tiltekins manns, með viðbótinni „eigi til framsals" eða samsvarandi orðum, verður aðeins framseldur með því formi og með þeim áhrifum, sem gilda um almennt framsal kröfu.

□ Framselja má tékka einnig til útgefanda, til fyrri framseljanda eða ábyrgðarmanns. Þessir menn geta framselt tékkann aftur.

■ **15. gr.** Framsal skal vera skilyrðislaust. Sé það skilyrðum bundið, skal meta þau sem óskráð væru.

□ Framsal á nokkrum hluta tékkafjárhæðarinnar aðeins er ógilt.

□ Framsal frá greiðslubankanum er einnig ógilt.

□ Framsal til handhafa gildir sem eyðuframsal.

□ Framsal til greiðslubankans gildir einungis sem kvittun, nema þá er svo stendur á, að bankinn hefir fleiri starfsdeildir en eina og tékkinn er gefinn út á hendur annarri starfsdeild en þeirri, sem hann er framseldur.

■ **16. gr.** Framsal skal rita á tékkann sjálfan eða á miða, sem festur er við hann (allonge). Framseljandi skal undirrita það.

□ Framsal er gilt, þótt eigi sé greint í því, hverjum tékkinn er framseldur, eða framseljandi aðeins hafi ritað nafn sitt (eyðuframsal). Í hinu síðarnefnda tilfelli er framsalið þó því aðeins gilt, að það sé ritað á bakhlið tékkans eða á miða, sem við tékkann er festur.

■ **17. gr.** Við framsalið hverfa öll þau réttindi, er tékkinn veitir, til framsalshafa.

□ Sé framsalið eyðuframsal, getur tékkahafinn:

1. fyllt það með nafni sjálfs sín eða annars manns,
2. framselt tékkann að nýju með eyðuframsali eða til ákveðins manns, eða afhent tékkann þriðja manni, án þess að fylla eyðuframsalið eða rita framsal á tékkann.

■ **18. gr.** Sá, er ritað hefir framsal á tékka, ábyrgist greiðslu hans, nema hann hafi sérstaklega undanskilið sig þeirri ábyrgð.

□ Hann getur lagt bann við því, að tékkinn sé framseldur aftur, og er hann þá laus við ábyrgð gagnvart þeim, er tékkann fá framseldan eftir það.

■ **19. gr.** Sá, sem hefir í höndum tékka, er framselja má samkvæmt 1. mgr. 14. gr., skal talinn réttur tékkahafi, ef hann sannar rétt sinn með óslitinni röð af framsölum, þótt hið síðasta framsal sé eyðuframsal. Framsöl, er út hafa verið strikuð, skulu um þetta efni metin sem óskráð væru. Nú er annað framsal næst á eftir eyðuframsali, og skal þá litið svo á, sem sá, er undir það framsal hefir ritað, hafi öðlazt tékkann við eyðuframsalið.

■ **20. gr.** Nú er framsal ritað á tékka, sem hljóðar um greiðslu til handhafa, og ber þá sá, sem framsalið ritaði, ábyrgð samkvæmt þeim reglum, er um fullnustu gilda, en tékkinn greiðist handhafa eftir sem áður.

■ **21. gr.** Nú hefir tékki komizt úr vörzlum manns með einhverju móti, og er þá handhafa tékkans, er sannar rétt sinn með þeim hætti, sem segir í 19. gr., eða sé um tékka að ræða, sem hljóðar um greiðslu til handhafa, eigi skylt að skila tékkanum, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk tékkann, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

■ **22. gr.** Nú er lögsókn hafin út af tékka, og getur varnaraðili þá eigi borið fram neinar þær varnir gegn tékkahafa, er lúta að viðskiptum hans við útgefanda eða þá, er áður áttu tékkann, nema því aðeins, að tékkahafi, er hann eignaðist tékkann, hafi af ásettu ráði viljað baka skuldara tjón.

■ **23. gr.** Séu orðin „til innheimtu" í framsali eða önnur orð, sem aðeins felst í umboð, getur tékkahafi neytt allra þeirra réttinda, er tékkinn veitir, en eigi framselt hann, nema framsali til umboðs.

□ Tékkaskuldarar mega þá bera þær varnir einar fram gegn tékkahafa, er bornar yrðu fram gegn framseljanda.

□ Umboð það, er felst í framsali til umboðs, fellur eigi úr gildi, þótt umbjóðandi andist eða missi hæfi til að taka á sig skuldbindingar.

■ **24. gr.** Framsal, sem ritað er eftir að afsagnargerð hefir fram farið, sbr. síðustu málsgr. 40. gr., eða eftir lok sýningarfrests, hefir aðeins áhrif sem almennt framsal kröfu.

□ Ódagsett framsal skal talið ritað áður en afsagnargerð fór fram eða fyrir lok frests þess, er ræðir um í næstu málsgr. hér að framan, nema annað sannist.

**Þriðji kapítuli. Um áritanir greiðslubankans á tékka.**

■ **25. gr.** Hafi greiðslubankinn látið rita á tékka áritun, er skilja má á þá leið, að tékkinn muni verða greiddur (bókað, athugað eða því um líkt), eða hafi hann látið rita nafnritun sína á framhlið tékkans, er honum skylt að leysa til sín tékkann, sé hann sýndur til greiðslu innan þess frests, sem kveðið er á um í 29. gr.

□ Áritanir greiðslubankans á tékka, er fela í sér víðtækari greiðsluskyldu en þær áritanir, er ræðir um í 1. málsgr. þessarar gr., hafa þó eigi frekari áhrif en þar segir.

□ Leysi greiðslubankinn eigi tékkann til sín, er hann er sýndur honum, á tékkahafi, eins þó útgefandi sé, beina kröfu á hendur honum um greiðslu alls þess, er krefjast má samkvæmt 45. og 46. gr.

**Fjórði kapítuli. Um ábyrgð á tékkakröfu (aval).**

■ **26. gr.** Tryggja má greiðslu tékka með ábyrgð á allri tékkafjárhæðinni eða nokkrum hluta hennar. Ábyrgð getur tekið á sig þriðji maður sem einhver tékkaskuldaranna, að greiðslubankanum undanskildum.

□ Ábyrgð skal rituð á tékkann eða á miða, sem við hann er festur, og skal henni lýst með orðunum „sem ábyrgðarmaður" eða með öðrum samsvarandi orðatiltækjum.

□ Ábyrgðin skal undirrituð af þeim, er í hana gengur. Nafnritun ein sér á framhlið tékkans skal metin sem ábyrgð, nema um nafnritun útgefanda sé að ræða.

□ Í ábyrgð skal greina, fyrir hvern hún sé tekin. Nú er það eigi gert, og telst hún þá tekin fyrir útgefanda.

■ **27. gr.** Ábyrgðarmaður er skuldbundinn með sama hætti og sá maður, er hann gekk í ábyrgðina fyrir.

□ Skuldbinding hans er gild, þótt skuldbinding þess manns, er hann gekk í ábyrgðina fyrir, sé ógild, enda stafi ógildi hennar eigi af formgalla.

□ Greiði ábyrgðarmaður tékka, öðlast hann allan rétt samkvæmt tékkanum gegn þeim manni, er hann gekk í ábyrgð fyrir, og þeim mönnum, er samkvæmt tékkanum bera ábyrgð gagnvart honum.

1933 Nr. 94 19. júní

**Fimmti kapituli. Um sýningu tékka og greiðslu.**

■ **28. gr.** Greiða skal tékka, er hann er sýndur. Meta skal sem óskráð væri hvert það ákvæði, er í bága við þetta fer.

□ Enda þótt tékki sé sýndur til greiðslu fyrir þann dag, sem talinn er vera útgáfudagur hans, þá er hann þó gjaldkræfur á sýningardegi.

■ **29. gr.** Tékka, sem gefinn er út hér á landi og greiðast á innanlands, skal sýna til greiðslu innan 30 daga.

□ Tékka, sem gefinn er út í öðru landi í Evrópu, eða í landi, sem liggur að Miðjarðarhafinu, skal sýna til greiðslu innan 40 daga, og tékka, sem gefinn er út í annarri heimsálfu, innan 70 daga.

□ Frestir þeir, sem að ofan greinir, skulu taldir frá útgáfudegi þeim, sem í tékkanum greinir.

■ **30. gr.** Nú er tékki gefinn út milli tveggja staða með mismunandi tímatali, og skal þá reikna út þann dag í tímatali greiðslustaðarins, er til útgáfudagsins svarar, og miða við hann.

■ **31. gr.** [Tilkynning banka um tékka til greiðslujöfnunarstöðvar (clearing-house) jafngildir sýningu hans til greiðslu.][1)]

[1)] *L. 24/1981, 1. gr.*

■ **32. gr.** [Hafi útgefandi tilkynnt greiðslubankanum, að hann afturkalli tékkann, er greiðslubankanum eigi heimilt að innleysa tékkann, sbr. þó 25. gr. Greiðslubankinn skal þegar í stað tilkynna greiðslujöfnunarstöð um afturköllunina.][1)]

□ Nú hefir tékki eigi verið afturkallaður, og er greiðslubankanum þá heimilt að innleysa hann, þótt sýningarfrestur sé liðinn.

[1)] *L. 24/1981, 2. gr.*

■ **33. gr.** Nú andast útgefandi eftir útgáfu tékka eða missir hæfi til að taka á sig skuldbindingar, og varðar það engu um gildi tékkans.

■ **34. gr.** Nú greiðir greiðslubankinn tékka, og getur hann þá krafizt þess, að tékkinn sé afhentur sér með áritaðri kvittun tékkahafa.

□ Tékkahafi getur eigi neitað að taka á móti greiðslu á nokkrum hluta tékkafjárhæðarinnar aðeins.

□ Nú er nokkur hluti tékkafjárhæðar greiddur, og getur greiðslubankinn þá krafizt þess, að þeirrar greiðslu sé getið á tékkanum og að sér sé fengin sérstök kvittun fyrir henni.

■ **35. gr.** Nú greiðir greiðslubankinn tékka, sem ræðir um í 1. málsgr. 14. gr., og er honum þá skylt að fullvissa sig um, að framsölin séu í réttri og samfelldri röð, en eigi þarf hann að ganga úr skugga um það, hvort undirskriftir framseljenda séu ófalsaðar.

■ **36. gr.** Hljóði tékkinn um greiðslu í mynt, sem eigi er gjaldgeng á greiðslustaðnum, má fram að lokum sýningarfrestsins greiða fjárhæðina í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, eftir gengi hennar á greiðsludegi. Sé tékkinn eigi greiddur við sýningu, getur tékkahafi krafizt þess, að fjárhæðin sé greidd í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, hvort sem hann heldur vill eftir gengi hennar á sýningardegi eða á greiðsludegi.

□ Þegar reikna á gildi erlendrar myntar, skal farið eftir því, sem verzlunartízka er á greiðslustaðnum, enda hafi útgefandi eigi kveðið svo á, að tékkafjárhæðina skuli greiða eftir gengi, sem ákveðið er í tékkanum sjálfum.

□ Ákvæði þessi gilda eigi, er útgefandi hefir mælt svo fyrir, að greitt skuli í vissri, ákveðinni mynt (fyrirvari um virka greiðslu í erlendri mynt).

□ Sé tékkafjárhæð greind í myntartegund, er hefir sama nafn en mismunandi gildi í landi því, þar sem tékkinn er gefinn út, og í landi því, þar sem hann á að greiðast, eru líkurnar fyrir því, að átt sé við mynt greiðslustaðarins.



**Sjötti kapituli. Um strikaða tékka.**

■ **37. gr.** Útgefandi eða handhafi tékka geta strikað hann, með þeim áhrifum, sem í 38. gr. segir.

□ Strikunin er fólgin í því, að tvö samhliða strik eru dregin á framhlið tékkans.

□ Strikun er ýmist almenn eða sérstök. Almenn er strikunin, ef ekkert er skráð milli strikanna eða þar eru skráð orðin „til banka" eða samsvarandi orð. Sérstök er strikunin, ef nafn tiltekins banka er skráð milli strikanna.

□ Breyta má almennri strikun í sérstaka strikun, en eigi sérstakri í almenna.

□ Strikun eða nafn hins tilgreinda banka verður eigi, svo gilt sé, strikað út aftur.

■ **38. gr.** Tékka, sem almenn strikun er á, má greiðslubankinn aðeins greiða öðrum banka eða einhverjum viðskiptamanni sínum.

□ Tékka, sem sérstök strikun er á, má greiðslubankinn aðeins greiða hinum tilgreinda banka, eða, sé það greiðslubankinn sjálfur, þá einhverjum viðskiptamanni sínum. Þó má banki sá, sem nefndur er milli strikanna, fela öðrum banka að innheimta tékkann fyrir sig.

□ Strikaðan tékka má banki aðeins eignast frá einhverjum viðskiptamanna sinna eða frá öðrum banka. Hann má eigi taka slíkan tékka til innheimtu fyrir aðra en þá, er nú voru nefndir.

□ Greiðslubankinn má eigi innleysa tékka, sem á eru fleiri en ein sérstök strikun. Þetta gildir þó eigi, séu strikanirnar aðeins tvær og önnur til innheimtu á greiðslujöfnunarstöð.

□ Nú gætir banki eigi ákvæða greinar þessarar, og ábyrgist hann þá tjón það allt, er af því leiðir, þó eigi með hærri upphæð en fjárhæð tékkans.

■ **39. gr.** Nú eru orðin „til reiknings" („nur zur Verrechnung") eða samsvarandi orðatiltæki skráð þversum á framhlið tékka, og skal tékkinn þá talinn vera strikaður.

**Sjöundi kapituli. Um fullnustu vegna greiðslufalls.**

■ **40. gr.** [Sé tékki eigi greiddur, er hann er sýndur til greiðslu á réttum tíma, getur handhafi hans krafist fullnustu hjá framseljendum, útgefanda og öðrum tékkaskuldurum, enda sé greiðslufallið sannað:

1. með opinberri gerð (afsagnargerð),
2. með dagsettri yfirlýsingu greiðslubankans, ritaðri á tékkann, og sé þar tilgreindur sýningardagurinn, eða
3. með dagsettri yfirlýsingu frá greiðslujöfnunarstöð, um að tilkynning banka um tékka hafi borist stöðinni og hafi þá eigi verið næg innistæða til greiðslu tékkans á hlutaðeigandi reikningi.][1)]

□ Orðið „afsögn" merkir í lögum þessum einnig yfirlýsingar þær, sem getið er um í 2. og 3. hér að framan, enda sé eigi á annan veg fyrir mælt í lögunum.

[1)] *L. 24/1981, 3. gr.*

■ **41. gr.** Afsögn skal gera áður en sýningarfrestur sé liðinn.

□ Nú hefir tékki verið sýndur til greiðslu á síðasta degi

sýningarfrestsins, og má þá afsögn gera næsta virkan dag þar á eftir.

■ **42. gr.** Tékkahafi skal senda síðasta framseljanda og útgefanda tilkynningu um greiðslufallið innan 4 virkra daga eftir afsagnardag, eða, hafi verið gerður fyrirvari um fullnustu án kostnaðar, þá eftir sýningardag. Hver framseljandi skal, í síðasta lagi á öðrum virkum degi eftir að hann fékk slíka tilkynningu, skýra þeim framseljanda, er næstur er fyrir framan hann, frá tilkynningu þeirri, er hann fékk, og greina nafn og heimili þeirra, sem áður hafa sent tilkynningar, og skal þannig haldið áfram þar til kemur að útgefanda. Frestir þeir, sem að ofan eru nefndir, teljast frá móttöku næstu tilkynningar á undan.

□ Þegar tilkynning er send tékkaskuldara samkv. því, sem fyrir er mælt í næstu málsgr. hér á undan, skal einnig senda þeim manni, er gengið hefir í ábyrgð fyrir þann skuldara, samsvarandi tilkynningu og á sama fresti.

□ Nú hefir framseljandi eigi greint heimili sitt eða tilgreint það svo, að ólæsilegt er, og er þá nægilegt, að tilkynning sé send þeim framseljanda, sem næstur er fyrir framan hann á tékkanum.

□ Sá, sem skyldur er til að senda tilkynningu, getur gert það með hverjum hætti sem vera skal, jafnvel með því aðeins að endursenda tékkann.

□ Honum ber að sanna, að hann hafi sent tilkynninguna áður en frestur sá var liðinn, er hann hafði til að senda hana. Tilkynning telst send nógu snemma, ef bréf, er hefir hana að geyma, er afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

□ Sá, sem eigi sendir tilkynningu innan nefnds frests, glatar eigi fullnusturétti sínum, en ábyrgjast skal hann allt það tjón, er af vanrækslu hans hlýzt; skaðabæturnar mega þó eigi fara fram úr tékkafjárhæðinni.

■ **43. gr.** Nú er rituð á skjalið athugasemdin „fullnusta án kostnaðar", „án afsagnar" eða því um lík athugasemd, og undirrituð af útgefanda, framseljanda eða ábyrgðarmanni, og þarf tékkahafi þá eigi að láta afsegja tékkann vegna greiðslufalls, til þess að halda fullnusturétti sínum.

□ Fyrirvari þessi leysir tékkahafa hvorki undan því, að sýna tékkann innan frests þess, sem til þess er settur, né undan því að senda tilkynningu þá, sem mælt er fyrir um í 42. gr. Sönnun þess, að fresturinn hafi verið látinn hjá líða, hvílir á þeim, sem bera vill það fyrir sig gagnvart tékkahafa.

□ Hafi útgefandi sett fyrirvarann, hefir hann gildi gegn öllum tékkaskuldurum. Hafi framseljandi eða ábyrgðarmaður sett hann, hefir hann aðeins gildi gegn þeim, er setti hann. Nú hefir tékkahafi látið afsagnargerð fram fara, þrátt fyrir fyrirvara af hálfu útgefanda, og verður hann þá sjálfur að bera kostnað allan af henni. Sé fyrirvarinn hinsvegar settur af framseljanda eða ábyrgðarmanni, má krefja hvern tékkaskuldara sem vill um afsagnarkostnaðinn, hafi afsögn verið gerð.

■ **44. gr.** Tékkaskuldararnir bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð gagnvart tékkahafa.

□ Tékkahafa er rétt að beina kröfu sinni gegn hverjum sem hann vill af þessum mönnum, gegn einum þeirra sér eða fleirum saman, og þarf hann eigi að fara eftir þeirri röð, sem skuldbindingar þeirra eru í á tékkanum.

□ Sama rétt á hver tékkaskuldari, sem leyst hefir tékkann til sín.

□ Nú er mál höfðað gegn einum af tékkaskuldurunum, og er það eigi því til fyrirstöðu, að krafa sé gerð gegn hinum, þó þeir séu á tékkanum á eftir þeim, er fyrstur var lögsóttur.

1933 Nr. 94 19. júní

■ **45. gr.** Tékkahafi getur krafizt hjá þeim, er hann leitar fullnustu hjá:

1. þess hluta tékkafjárhæðarinnar, er eigi var greiddur,

2. [dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af þeirri fjárhæð frá sýningardegi][1] og

3. kostnaðar við afsagnargerð og við tilkynningar samkv. 42. gr. og annars kostnaðar, er hann hefir haft.

[1] *L. 33/1987, 4. gr.*

■ **46. gr.** Sá, sem tékka leysir til sín, getur krafizt af þeim tékkaskuldurum, er ábyrgð bera gagnvart honum:

1. allrar þeirrar fjárhæðar, sem hann hefir greitt,

2. [dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af fjárhæð þeirri frá þeim degi er hann greiddi hana],[1]

3. kostnaðar, er hann hefir haft ...[2]

[1] *L. 33/1987, 5. gr.* [2] *L. 55/1965, 3. gr.*

■ **47. gr.** Hver sá tékkaskuldari, er krafinn er eða krefja má um fullnustu, á rétt á því að fá tékkann afhentan sér, ásamt afsagnargerð og kvittuðum reikningi, enda greiði hann innlausnarféð.

□ Hver sá framseljandi, sem innleyst hefir tékkann, getur strikað út af honum nafn sitt og þeirra framseljenda, sem á eftir honum koma.

■ **48. gr.** Komi á fresti þeim, sem veittur er til sýningar tékka eða til afsagnargerðar, fyrir óviðráðanleg tálmun, innlend eða erlend lagaákvæði eða aðrir óviðráðanlegir atburðir, og verði gerðir þessar eigi framkvæmdar þess vegna, lengjast frestirnir.

□ Tékkahafa er skylt að senda síðasta framseljanda þegar í stað tilkynningu um slíka tálmun, og geta þessarar tilkynningar á tékkanum eða á miða, sem við tékkann sé festur, og dagsetningar hennar og rita nafn sitt undir. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðunum í 42. gr.

□ Jafnskjótt og tálmuninni er lokið skal tékkahafi tafarlaust sýna tékkann til greiðslu og láta afsegja hann, ef með þarf.

□ Vari tálmunin lengur en fimmtán daga frá þeim degi, er tékkahafi sendi síðasta framseljandanum tilkynningu um tálmunina, þá má tékkahafi leita fullnustu, án þess að nauðsynlegt sé að sýna tékkann eða afsegja hann. Gildir þetta einnig, þótt tilkynningin hafi verið send áður en sýningarfresti lauk.

□ Atvik, er aðeins varða tékkahafa persónulega, eða þann mann, er hann hefir falið að sýna tékkann eða afsegja hann, skulu eigi talin óviðráðanlegir atburðir.

**Áttundi kapítuli. Um samrit tékka.**

■ **49. gr.** Gefa má tékka út í fleiri samhljóða eintökum (samritum), ef hann á að greiðast erlendis og er eigi gefinn út til handhafa. Í texta hvers eintaks skal greina, hvert það sé í röðinni; að öðrum kosti gildir hvert eintak sem sjálfstæður tékki.

■ **50. gr.** Greiðsla samkvæmt einu af eintökum tékkans leysir undan tékkaskyldunni, þótt það sé eigi áskilið, að hin eintökin skuli úr gildi felld með henni. Greiðslubankinn ábyrgist þó eftir sem áður hvert það eintak, sem ritað er á samkv. ákvæðum 25. gr. og honum hefir eigi verið skilað.

□ Hafi framseljandi framselt ýmsum mönnum eintök

tékkans, þá ábyrgist hann og framseljendur þeir, er á eftir honum koma, hvert það eintak, sem nafnritun þeirra er á og eigi hefir verið skilað aftur.

**Níundi kapítuli. Um breytingar á tékka.**

■ **51. gr.** Nú eru breytingar gerðar á texta tékka, og eru þá þeir, er ritað hafa nöfn sín á tékkann eftir að breytingin var gerð, skuldbundnir í samræmi við hinn breytta texta, en hinir, er áður höfðu ritað nöfn sín á tékkann, eru skuldbundnir í samræmi við hinn upphaflega texta hans.

**Tíundi kapítuli. Um fyrningu tékka.**

■ **52. gr.** Kröfur tékkahafa gegn framseljendum, útgefanda og öðrum tékkaskuldurum fyrnast á sex mánuðum frá lokadegi sýningarfrestsins að telja.

□ Hafi tékkaskuldari leyst tékkann til sín, fyrnast kröfur hans gegn hinum tékkaskuldurunum á sex mánuðum frá þeim degi að telja, er hann leysti tékkann til sín eða fyrningu var slitið gagnvart honum, sbr. 53. gr.

■ **53. gr.** Fyrningu tékka er slitið, er stefna er birt í tékkamáli, krafa gerð í máli um notkun tékkakröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar, tékkakröfunni lýst í bú skuldunauts, er tekið hefir verið til opinberra skipta, eða kröfunni lýst fyrir skiptarétti, er skuldunautur leitar nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi sínu. Fyrningu tékka er og slitið, er sá, sem sóttur er um tékkakröfu, tilkynnir lögsóknina (litis denuntiatio) einhverjum, sem er fyrir framan hann á tékkanum.

□ Fyrningu tékka er slitið með stefnu til erlends dómstóls, ef skuldunautur á heimili í því landi, eða hann ber fram varnir í málinu, en ber það þó eigi fyrir sig, að dómstóllinn sé eigi dómbær, eða stefnan er birt honum sjálfum. Tilkynning um lögsókn (litis denuntiatio) við erlendan dómstól slítur fyrningu með sama hætti og stefna. Sömuleiðis er fyrningu slitið, er tékkakrafa er notuð til skuldajafnaðar í máli, sem rekið er fyrir erlendum dómstóli, samkvæmt þeim lögum, er þar gilda.

□ Fyrningu er slitið með lýsingu tékkakröfu í bú skuldunauts, er tekið hefir verið erlendis til opinberra skipta, ef skuldunautur átti heima í því landi, er skiptameðferðin hófst.

□ Fyrningu er eigi slitið gegn öðrum tékkaskuldurum en þeim, sem einhverri af fyrrnefndum gerðum er beint að, en fyrningarslitin koma öllum þeim að notum, sem eru fyrir framan þann á tékkanum, er fyrningu sleit.

□ Nú hefir fyrningu verið slitið, en lögsóknin er eigi til lykta leidd, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er málið síðast var til meðferðar í rétti.

□ Verði gerð til slita fyrningar eigi komið fram vegna tálmana þeirra, sem ræðir um í 48. gr., glatast tékkarétturr samt eigi, ef fyrningu er slitið innan mánaðar frá því, að tálmuninni lauk.

**Ellefti kapítuli. Almenn ákvæði.**

■ **54. gr.** [Orðið „banki" merkir í lögum þessum banka, er stofnaðir eru með sérstökum lögum eða starfa samkvæmt sérstakri lagaheimild, sparisjóði, er fengið hafa staðfestingu á samþykktum sínum, svo og Lánastofnun sparisjóðanna.][1)]

[1)] *L. 80/1986, 1. gr.*

■ **55. gr.** Eigi má sýna tékka til greiðslu né afsegja hann, nema á virkum degi.

□ [Nú á gerð, er tékkarétt varðar, svo sem sýning til greiðslu eða afsögn, fram að fara á tilteknum fresti, og er lokadagur frestsins löghelgur dagur eða dagur, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Aðrir löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.][1)]

□ Nú er kveðið á um frest í lögum þessum, og telst þá sá dagur, er fresturinn er talinn frá, eigi með í frestinum.

□ Frestdagar til greiðslu eftir sýningu gilda eigi um tékka.

[1)] *L. 26/1968, 1. gr.*

■ **56. gr.** Nú glatast tékki, er greiðast á hér á landi, og má þá ógilda hann með dómi, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um ógilding skjala með dómi. Ógildingarmál skal höfða á greiðslustað tékkans.

■ **57. gr.** Nú hefir fullnustukrafa fyrnzt eða glatazt fyrir vangeymslu, og er þá tékkahafa rétt að sækja tékkaskuldara um þá fjárhæð, er hann mundi vinna honum úr hendi, ef fjárheimtan félli niður, sem um hverja aðra skuld. Sé eigi annað gert sennilegt, skal telja, að útgefandi vinni tékkafjárhæðina tékkahafa úr hendi.

**Tólfti kapítuli. Um það, hve útlend lög koma til greina.**

■ **58. gr.** Hvort erlendur maður sé þess umkominn að ganga undir tékkaskyldur, skal meta eftir lögum þess lands, er hann er ríkisfastur í. Mæli þau lög svo fyrir, að lögum annars lands skuli beitt, skal eftir hinum síðastnefndu lögum farið.

□ Erlendur maður, sem eigi væri þess umkominn að gangast undir tékkaskyldur samkv. ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, er samt sem áður skuldbundinn hér á landi, ef hann hefir gengizt undir skylduna í einhverju því landi, þar sem hann að lögum þess lands hefði verið þess umkominn að skuldbinda sig.

■ **59. gr.** Um það, á hendur hverjum tékki verði gefinn út, skal dæmt eftir lögum þess lands, þar sem tékkann á að greiða. Þó er tékki, sem út er gefinn í öðru landi en greiðslulandinu, aldrei ógildur af þeirri ástæðu, að hann sé gefinn út á hendur einhverjum þeim, er eigi getur verið greiðandi tékka að lögum greiðslulandsins.

□ Nú er skjalið eigi gildur tékki samkvæmt ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, og hefir það ógildi þess þó engin áhrif á gildi skuldbindinga, sem á það eru ritaðar í öðru landi, enda væri skjalið gildur tékki að þess lands lögum.

■ **60. gr.** Um form tékkaskuldbindingar skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir skuldbindinguna var gengizt. Þó er nægilegt, að þeirra fyrirmæla hafi verið gætt, er gilda á greiðslustaðnum.

□ Nú er tékkaskuldbinding ógild samkvæmt fyrstu málsgr. þessarar greinar, en gild að lögum þess lands, þar sem síðar er ritað undir skuldbindingu, og leiðir þá ógilding hinnar fyrri skuldbindingar eigi til þess, að hin síðari einnig skuli metin ógild.

■ **61. gr.** Um áhrif tékkaskuldbindinga skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir hana var gengizt.

■ **62. gr.** Um fresti til að leita fullnustu skal fara eftir lögum þess lands, þar sem tékkinn var gefinn út, hver tékkaskuldaranna sem hlut á að máli.

■ **63. gr.** Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem tékki á að greiðast, um þessi atriði:

1. Hvort greiða skuli tékka við sýningu eða hvort tékki verði gefinn út til greiðslu tilteknum tíma eftir

sýningu, svo og, hver áhrif það hafi, að tékki er dagsettur eftir á.

2. Sýningarfrest.

3. Hvort samþykkja megi tékka eða rita á hann athugasemd um, að hann sé bókaður, athugaður eða því um líkt, svo og, hver áhrif slíkar áritanir hafi.

4. Hvort tékkahafi geti krafizt greiðslu á nokkrum hluta tékkafjárhæðarinnar aðeins eða sé skylt að taka við slíkri greiðslu.

5. Hvort tékki verði strikaður, eða hvort rita megi á hann athugasemdina „til reiknings" („nur zur Verrechnung") eða aðra þesskonar athugasemd, svo og, hver áhrif strikunin eða athugasemdirnar hafi.

6. Hvort handhafi tékka eigi sérstakan rétt yfir fé því, sem ætlað er til greiðslu tékkans, og ef svo er, hver sá réttur hans sé.

7. Hvort útgefandi geti afturkallað tékka eða gert ráðstafanir til að stöðva greiðslu hans.

8. Hverjar ráðstafanir megi gera, ef tékki týnist eða er stolið.

9. Hvort afsögn sé nauðsynleg til varðveizlu fullnusturéttar á hendur framseljendum, útgefanda eða öðrum tékkaskuldurum.

■ **64. gr.** Um form afsagnargerðar og frest til hennar, svo og um form annarra gerða, er nauðsynlegar eru til þess, að tékkarétti verði beitt eða hann varðveittur, skal fara eftir lögum þess lands, þar sem gerðin fer fram.

■ **65. gr.** Eigi að beita erlendum lögum í dómsmáli, samkvæmt þeim fyrirmælum, sem um það eru sett, og séu dómnum eigi hin erlendu lög kunn, getur hann lagt fyrir hlutaðeigandi aðila að afla þeirra upplýsinga, er með þarf um það efni.

**Þrettándi kapítuli. Um afsagnargerðir o. fl.**

■ **66. gr.** Afsögn samkvæmt lögum þessum gerir notarius publicus eða embættismaður sá, sem að lögum gegnir notarialstörfum. Náist eigi til þessa embættismanns í tækan tíma, má láta hreppstjóra eða einn stefnuvott gera afsögnina.

■ **67. gr.** Afsagnar má beiða munnlega, þann sem á að gera hana, ef tékkinn er fenginn honum.

■ **68. gr.** Sé afsagnar á sama tékka krafizt hjá fleirum á sama stað, þarf eigi meira en eina afsagnargerð.

■ **69. gr.** Afsagnargerðir skulu, sé eigi um annað samið, fara fram á tímabilinu frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, í starfhýsi hlutaðeigandi manns eða á heimili hans, eigi hann ekkert starfhýsi á afsagnarstaðnum. Sé sá eigi viðstaddur, er þola skal afsagnargerð, má gera hana í eða hjá starfhýsi hans eða heimili. Sé eigi starfhýsi hans eða heimili kunn, og geti sá, er afsögn gerir, eigi fengið vitneskju um þau hjá lögreglustjórn þess staðar, skal geta þess í afsagnargerðinni.

□ Því, sem hér var fyrir mælt um stað og stund afsagnargerðar, skal einnig beitt, eftir því sem við á, um sýningu tékka til greiðslu.

■ **70. gr.** Í afsagnargerð skal rita: eftirrit af tékkanum og öllu því, er á honum stendur, tilmæli eða kröfu gerðarbeiðanda og svar þess, er afsögn er gerð hjá; hafi hann engu svarað eða eigi fundizt, skal þess getið; svo skal og greina stað og stund afsagnargerðarinnar, og skal sá, er afsögn gerir, rita nafn sitt undir.

□ Á tékkann skal rita vottorð um afsagnargerðina.

■ **71. gr.** Færa skal afsagnargerð orðrétt inn í notarialbók lögsagnarumdæmisins. Hafi hreppstjóri eða stefnuvottur gert afsögn, skal hann senda staðfest eftirrit af afsagnargerðinni til notarius innan þriggja daga frá afsagnardegi.



□ Eftirrit af afsagnargerð má eigi veita öðrum en gerðarbeiðanda.

■ **72. gr.** Um mál, sem sótt eru til fullnustu tékkakröfu, fer sem um víxilmál.

**[Fjórtándi kapítuli. Refsiákvæði.**

■ **73. gr.** Refsa skal með sektum eða allt að 3 mánaða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum, þeim:

a. sem gefur út tékka án þess að innstæða sé fullnægjandi á reikningi hans hjá greiðslubankanum, sbr. 4. gr., eða

b. sem án sérstakrar ástæðu afturkallar tékka eða ráðstafar innstæðu og hindrar á þann hátt, að tékki, sem hann hefur þegar gefið út, greiðist við sýningu innan sýningarfrestsins, sbr. 29. gr.

□ Krafa um opinbera ákæru skal borin fram af handhafa tékka, sem ekki hefur fengið hann greiddan vegna ófullnægjandi innstæðu eða vegna þess að tékkinn hefur verið afturkallaður, eða af ábyrgðarmanni, sem af greindum ástæðum hefur leyst til sín tékka eða á yfir höfði sér að leysa til sín tékka, eða af greiðslubanka, sem hefur innleyst tékka án fullnægjandi innstæðu.][1]

[1] *L. 35/1977, 1. gr.*

## Lög um geymslufé.



■ **1. gr.** Hver sá, sem inna á af hendi peningagreiðslu, en fær ekki greitt kröfueiganda vegna aðstæðna eða atvika, sem kröfueigandi ber ábyrgð á, getur fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða skuldina á geymslureikning í ríkisviðskiptabanka eða annarri þeirri innlánsstofnun, sem heimild hefur lögum samkvæmt til þess að taka við geymslufé (depositum).

■ **2. gr.** Við greiðslu á geymslureikning skal greiðandi greina ástæður til þess, að þessi greiðsluháttur sé nauðsynlegur, gefa upplýsingar um kröfuna, sem greiða á, og nafn, nafnnúmer og heimilisfang eiganda ef unnt er.

□ Greiði banki röngum aðila geymslufé vegna rangra eða ófullnægjandi upplýsinga, telst greiðandi ekki hafa uppfyllt greiðsluskyldu sína.

□ Greiðandi skal án ástæðulauss dráttar tilkynna kröfueiganda um greiðslu á geymslureikning, ef það er unnt. Vanræki greiðandi þessa tilkynningarskyldu sína, ber hann ábyrgð á tjóni, sem af því kann að leiða fyrir kröfueiganda.

■ **3. gr.** Geymslufé greiðist þeim aðila, sem sannar rétt sinn til þess.

■ **4. gr.** Sá, sem greitt hefur inn á geymslureikning, getur ekki fengið geymsluféð endurgreitt, nema hann annaðhvort sé orðinn kröfueigandi og sanni rétt sinn til geymslufjárins skv. ákvæðum 3. gr., eða skv. ákvæðum 2. mgr. 5. gr.

□ Geri greiðandi víðtækari fyrirvara um endurgreiðslu geymslufjár sér til handa, gilda ákvæði laga þessara ekki um þá greiðslu.

■ **5. gr.** Réttur kröfueiganda til geymslufjár fyrnist á 20 árum frá innborgunardegi að telja. Áður en fyrning-

**1978** Nr. 9 5. maí

artími er liðinn, skal innlánsstofnun sú, sem varðveitir geymsluféð, tilkynna kröfueiganda og greiðanda um geymsluféð, sé þess kostur.

☐ Greiðandi getur krafist endurgreiðslu geymslufjár í eitt ár eftir að liðinn er sá tími, sem um ræðir í 1. mgr.

☐ Þegar frestir skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru liðnir, án greiðslu geymslufjárins til aðila, rennur það til ríkissjóðs.

■ **6. gr.** Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um geymslufé og meðferð geymslureikninga.

■ **7. gr.** Sérreglur um geymslufé í öðrum lögum skulu halda gildi sínu.

**1928** Nr. 22 7. maí

## Hjúalög.[1)]

[1)] *Ýmis ákvæði laganna verða að teljast úrelt.*

### I. kafli.

■ **1. gr.** Fyrirmæli þessa kafla gilda aðeins um vistarráð þeirra hjúa, sem ekki hafa náð 21 árs aldri. Ákvæði vistarsamnings, sem koma í bága við þessi lög, eru ógild, svo fremi þau miða til að rýra rétt hjúsins. Samningar um vinnu við heimilisstörf um skemmri tíma en missiri, eða skildaga í milli, hníga ekki undir lög þessi.

■ **2. gr.** Hver sjálfráða maður má ráða sig hjú.[1)] Vistráðum þeirra, sem ekki eru sjálfráða, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

[1)] *Sjá l. 68/1984, 12. gr.*

■ **3. gr.** Hinir almennu hjúaskildagar eru 14. maí eða 3. maí í þeim sveitum, þar sem hjúaskildagi hingað til hefir verið haldinn þann dag, og 1. október, eða 1. vetrardagur, þar sem það þykir betur henta.

☐ Lengd vistartíma ráða aðiljar, þó svo, að enginn vistarsamningur er gildur fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn.

☐ Samningar um vist að hálfu árlangt, eins og að undanförnu hefir verið venja, hníga undir þessi lög, en um samninga um vinnu við heimilisstörf árdegis eingöngu eða síðdegis eingöngu verður lögunum ekki beitt.

■ **4. gr.** Þegar samið er um vist skildaga á milli, skal vistartíminn vera á enda á næsta skildaga, enda hafi ekki tekizt samningar um vistarráðin af nýju.

☐ Sanni ógift vinnukona, að hún ætli að giftast áður en vistartíminn er á enda, getur hún sagt upp vistinni til næsta skildaga með mánaðar fyrirvara.

☐ Nú verður ekki vitað um lengd vistartímans, og telst hann þá á enda á næsta almenna skildaga eftir að vistarráðin hófust.

☐ Á skildaga er hjúi rétt að víkja úr vist á hádegi.

■ **5. gr.** Vistráðið árshjú sitt skal húsbóndi, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en 100 kg þunga. Kostar húsbóndi flutning þennan án endurgjalds frá hjúinu. Nú getur hjú ekki farið í vistina þegar þess er vitjað, og er því eigi sjálfu um það að kenna, þá er eigi húsbónda skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina. Ef hjúið getur ekki komið í vistina innan þriggja vikna frá skildaga, er húsbóndi laus vistarráðanna, ef hann vill.

■ **6. gr.** Hjú, sem ráðið er skemur en ár, skal, ef öðruvísi er ekki um samið, af sjálfsdáðum koma í vistina á skildaga, og eigi síðar en á náttmálum í sveit, en um miðaftan í kaupstöðum og þorpum. Ef hjú kemur ekki í vist sína á réttum tíma, er húsbóndi ekki bundinn við vistarráðin, nema hann innan þriggja sólarhringa fái vitneskju um, að hjúið gat ekki komið í vistina vegna atvika, sem það átti ekki sök á. Þegar svo stendur á, er húsbóndi ekki skyldur að bíða hjúsins lengur en 10 daga frá skildaga.

☐ Kaup hjús reiknast frá þeim degi, sem það kemur í vistina.

■ **7. gr.** Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og rúmfatnað, ef hjú sefur á heimili húsbónda síns, og aðra aðhlynningu eftir því, sem venja er til í hverri sveit eða bæ hjúum að veita auk kaups. Ekki er hjúi skylt að sofa í rúmi með öðrum. Það á rétt til að fá hreinar rekkjuvoðir eða lök í rúm sitt einu sinni á mánaðarfresti og hreint handklæði einu sinni á viku. Í frístundum sínum á vetrum skal hjúi fengin dvöl í viðunanlega hlýju herbergi.

■ **8. gr.** Ef upphæð kaups hefir eigi verið ákveðin, skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

☐ Ef eigi hefir verið samið um annan gjalddaga kaupsins og um mánaðarkaup er að ræða, hefir hjúið rétt til að krefjast greiðslu kaupsins við lok hvers mánaðar. Ef kaupið hinsvegar er ákveðið í einu lagi fyrir allan vistartímann, hefir hjúið að liðnum 3 mánuðum af vistartímanum rétt til þess að krefjast greiðslu á kaupi því, er það hefir unnið fyrir hinn fyrsta vistarmánuð, eftir 4 mánuði á kaupi fyrir annan vistarmánuð, o. s. frv., þannig að jafnan standi tveggja mánaða kaup ógreitt hjá húsbónda þess, þar til vistarráðum er löglega lokið.

☐ Ef ekki er öðruvísi um samið, teljast ¾ af árskaupi hjús kaup fyrir tímabilið frá 14. maí (3. maí) til 1. október (1. vetrardags) (sumarkaup), og ¾ hlutar af sumarkaupinu teljast kaup fyrir tímabilið frá 14. júní til 1. október.

☐ Við lok vistartíma skal húsbóndi hafa lokið kaupi hjús að fullu.

☐ Ef vistarráðum lýkur fyrr en upphaflega var ákveðið, hefir hjúið rétt til kaups fyrir þann tíma, sem það hefir unnið. Hafi hjúið meðan á vistarráðum stóð verið frá vinnu án þess sjúkdómi sé um að kenna (sbr. þó 10. gr.), missir það rétt til kaups fyrir þann tíma.

■ **9. gr.** Nú sýkist hjú í vistinni eða slasast, og er húsbóndi þess skyldur til að annast hjúkrun þess eftir því er síðar segir.

☐ Ef húsbóndi kýs að hafa sjúkling utan heimilis síns, hefir hann rétt til að flytja hann í opinbert sjúkrahús án samþykkis hjúsins, ef læknir telur það nauðsynlegt vegna hjúsins sjálfs eða vegna sótthættu, sem heimilinu stafi af sjúkdóminum.

☐ Verði hjú vitskert, svo að hjúkrun þess sé sérlegum erfiðleikum bundin, getur húsbóndi krafizt, að sveitarstjórn ráðstafi sjúklingnum þegar í stað.

☐ Sjúkt rúmfast hjú má húsbóndi ekki, jafnvel með sjálfs þess samþykki og þótt vistartíminn sé á enda, flytja burt, svo fremi þar af getur hlotizt mein sjúklingnum sjálfum eða öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Ef húsbóndi samt flytur hjúið í burtu og sjúklingnum þyngir við flutninginn, skal hann skyldur til að standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins, nema læknir hafi áður en flutningurinn var framkvæmdur lýst

því, að hann væri hættulaus eða nauðsynlegur vegna sjúklingsins sjálfs, eða ef slysið eða sjúkdóminn ber svo brátt að, að ekki var ráðrúm til að leita læknis, og húsbóndinn hefir með tilhlýðilegri gætni flutt hjúið í opinbert sjúkrahús.

■ **10. gr.** Nú sýkist hjú eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það þá sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir það fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt og á hans vegum, en eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

■ **11. gr.** Ef hjú sýkist eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess eða atvikum, sem hann á sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins og greiða því skaðabætur fyrir atvinnutjón, ef nokkurt verður, eftir að það er farið frá honum.

■ **12. gr.** Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna breytni þess sjálfs né húsbónda þess verði gefin sök á, og er húsbónda þess skylt að fæða það ókeypis – einnig þótt fæðið verði að vera sérstakt sjúkrafæði – allt að fjórðungi vistráðningartímans, þó ekki lengur en til enda hans. Ef hjúið verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þó ekki í sjúkrahúsi, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað, sem svarar matarverði í svo langan tíma, sem nú var greint.

■ **13. gr.** Nú liggur hjú sjúkt, en ekki hálfum mánuði lengur á tímabilinu maí til október eða mánuði lengur um aðra árstíma, og skal þá hjú einskis missa af kaupi sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup fyrir þann tíma, sem umfram er og það getur ekki innt af hendi störf sín.

■ **14. gr.** Kostnað, sem leiðir af lækning hjús, borgun fyrir lyf, sérstaka hjúkrun, dvöl í sjúkrahúsi eða annarri slíkri stofnun, er húsbónda óskylt að greiða, nema þegar svo stendur á, sem segir í 11. gr.

■ **15. gr.** Nú getur hjú vegna sjúkleika, sem atvikast svo, sem um ræðir í 10. og 12. gr., eftir mánaðar vanheilsu enn ekki rækt störf sín, og er þá hvorum aðilja um sig heimilt að segja upp vistarsamningnum með eins mánaðar fyrirvara.

■ **16. gr.** Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað sinn eða fyrir fæði og hjúkrun, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, sem sveitarstyrk, veittan hjúinu.

■ **17. gr.** Deyi hjú í vist, eiga erfingjar þess aðeins heimtingu á þeim hluta af kaupinu, sem álíta verður, að það hafi unnið fyrir áður en það varð ófært til verka. Greftrun þess skal húsbóndi annast, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarfé, ef með þarf.

■ **18. gr.** Þótt hjú sé ráðið til ákveðinna starfa, skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem samboðin eru stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa.

□ Ef hjúið með samningi er beinlínis undanþegið því að gegna ákveðnum störfum, getur það þó aldrei orðið skylt til að leysa þau af hendi, nema aðeins til bráðabirgða í skyndilegum forföllum annars heimilisfólks, er þau verk átti að vinna.

■ **19. gr.** Ef hjú í kaupstað eða kauptúni sækir kvöldskóla, iðnskóla, unglingaskóla eða annan slíkan skóla, skal húsbóndi haga vinnutíma hjúsins þannig, að kostur verði skólagöngunnar, nema tilskilið hafi verið í vistarsamningi, að ákveðin störf skyldu unnin á sama tíma.

■ **20. gr.** Nú deyr húsbóndi, og skal þá vistarráðum áfram haldið með ekkju hans, erfingjum eða búi, ef búnaður stendur. Þó er hvorum aðilja um sig heimilt að slíta vistarráðum á almennum skildaga með tveggja mánaða fyrirvara, eða frá 1. degi mánaðar með þriggja mánaða fyrirvara.

■ **21. gr.** Í þrotabúi húsbónda eða dánarbúi fer um kaupkröfur hjúa eftir ákvæðum skiptalaganna.[1)]

[1)] *Sjá l. 3/1878, 83. gr.*

■ **22. gr.** Nú flytur húsbóndi búferlum, eftir að vistarsamningur er gerður, en áður en vistartími byrjar, 50 km burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist, eða úr sveit í kaupstað eða öfugt, og er hjúinu þá ekki skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann ennfremur greiða hjúi kaup fyrir 2 mánuði og að auki matarverð samkv. 29. gr., ef hann hefir ekki látið hjúið vita um flutninginn 4 vikum hið skemmsta, áður en vistartíminn átti að byrja. Ef hjúið flytur í vistina allt að einu, er húsbóndinn skyldur að standast þann sérstaka kostnað, sem það hefir haft í för með sér fyrir hjúið.

□ Ef húsbóndi flytur búferlum eftir að hjúið er komið í vistina, gilda samskonar ákvæði.

■ **23. gr.** Hjúi er vítalaust að koma ekki í vistina, ef það getur sannað, að húsbóndinn hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast misþyrmt hjúi eða svelt það, leitazt við að tæla hjú til illverka eða lauslætis, enda hafi hjúi verið ókunnugt um þessar sakir, þegar samningar um vistina tókust.

□ Ef hjú er komið í vistina, þegar það fær vitneskju um eitthvert þeirra afbrota af hálfu húsbónda, sem nefnd voru, er því heimilt að víkja úr vistinni fyrirvaralaust, enda geri það svo innan 14 daga eftir að það fékk vitneskju um verknaðinn. Kaups getur hjúið aðeins krafizt fyrir þann tíma, sem það var í vistinni.

■ **24. gr.** Hjúi er heimilt að ganga fyrirvaralaust úr vistinni, þegar það getur sannað, að húsbóndi hafi gerzt sekur um alvarlegt brot á skyldum sínum gagnvart því, svo sem ef hann:

1. misþyrmir hjúinu,
2. leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gera sig bera að slíku og húsbóndi veitir ekki hjúinu tilhlýðilega vernd, þótt það beri sig upp undan því við hann,
3. lætur hjúið að staðaldri búa við illa og ónóga fæðu, óforsvaranlega aðhlynningu eða heilsuspillandi húsnæði,
4. meiðir freklega mannorð hjúsins eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af,
5. geldur hjúi ekki kaup í ákveðinn tíma, þótt krafizt sé,
6. stofnar ranglega og að nauðsynjalausu lífi eða heilsu hjúsins í hættu.

■ **25. gr.** Ef hjú, án þess að sjúkleiki eða önnur lögleg forföll tálmi, eða fyrir hendi séu ástæður, er heimili því að rifta vistarráðunum, kemur ekki í vistina á ákveðnum tíma, svo að því er synjað viðtöku eða kem-

**1928** Nr. 22 7. maí

ur alls ekki, skal það greiða húsbónda bætur, sem svarar til helmings áskilins kaups fyrir umsaminn vistartíma. Ef hjú gengur ólöglega úr vistinni, greiði það sömu bætur, miðað við vistartímann, sem eftir er.

□ Nú gengur hjú úr vistinni vegna atviks, er greinir í 24. gr., og skal húsbóndi þá greiða því hæfilegar bætur, er þó nemi ekki meiru en kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði, sbr. 29. gr., í sama tíma, þó ekki yfir 8 vikur.

■ **26. gr.** Húsbóndi þarf ekki að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eða veita því viðtöku, ef hann getur sannað:

1. að hjúið hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, drýgt glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur,

2. að hjúið hafi smitandi sjúkdóm, eða það sökum vanheilsu eða fötlunar, eða að því er konu snertir, sökum þess að hún er barnshafandi, sé óhæft til að vinna það verk, sem það var ráðið til,

3. að hann hafi, er vistarsamningurinn var gerður, verið blekktur með fölskum vitnisburði um hjúið,

4. að hjúið kunni ekki til þeirra verka, sem áskilið var, að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og það þá þóttist kunna til.

□ Þetta, sem talið hefir verið, skiptir þó aðeins máli, svo fremi það verði ekki sannað, að húsbóndi hafi verið vitandi um þessi atvik, er hann réði hjúið.

□ Nú verður húsbóndi fyrst áskynja einhverra þeirra atvika, er nefnd voru, þegar hjúið er komið í vistina, og er honum þá heimilt fyrirvaralaust að víkja hjúi úr vistinni, enda geri hann það innan 14 daga eftir að hann varð vitandi þessa. Ekki verður þó konu, sem barnshafandi hefir orðið áður en hún kom í vistina, vísað úr vist eftir að 5 mánuðir eru liðnir frá því að hún kom í vistina, og aldrei með minna en mánaðar fyrirvara.

■ **27. gr.** Húsbóndi má þegar vísa hjúi úr vist, er hann getur sannað, að hjúið hafi gerzt mjög brotlegt gegn skyldum sínum, eða ef framferði þess er mjög ábótavant, svo sem ef hjúið:

1. drýgir glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur,

2. leggur hönd á húsbóndann eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja,

3. sýnir húsbóndanum eða þeim, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, óhlýðni um að inna af hendi störf sín í þarfir heimilisins,

4. tælir börn á heimilinu til illverka,

5. er aftur og aftur drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans,

6. raskar heimilisfriði með lauslætisframferði,

7. gengur um með smitandi samræðissjúkdóma,

8. spillir af ásettu ráði eignum húsbænda eða misþyrmir skepnum, sem það á að hirða,

9. sýnir af sér megnt og ítrekað skeytingarleysi um störf sín og hirðuleysi í umgengni.

□ Þegar hjúi er vísað úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem taldar eru í þessari gr. og 26. gr., ber því umsamið kaup fyrir þann tíma, sem það hefir unnið heimilinu.

■ **28. gr.** Ef húsbóndi riftar ólöglega vistarráðum eða vísar hjúi úr vistinni, skal hann gjalda því hæfilegar bætur, er þó ekki nema meiru en hálfu kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði fyrir sama tíma, þó ekki lengur en 8 vikur. **1928** Nr. 22 7. maí

■ **29. gr.** Matarverð hjús skal, þegar ekki er öðruvísi um samið, ákveðið af hlutaðeigandi lögreglustjóra, eftir því sem hæfilegt þykir þar í héraði og með hliðsjón af því, hverskonar hjú er um að ræða, þó ekki undir 1 kr. á dag.

**II. kafli.**

■ **30. gr.** Viðskipti húsbónda og hjús, sem er 21 árs að aldri, fara eftir samningum þeirra á milli um vistarráðin. Ekki má hjúið þó afsala sér fyrirfram neinum réttindum samkvæmt 9. og 11. – 12. gr., og afsal slíkra réttinda síðar frá hálfu hjúsins er ógilt gagnvart framfærslusveit hjúsins, ef það fellur henni til byrði.

□ Nú er enginn sérstakur vistarsamningur gerður milli aðilja, eða í vistarsamningi, þó gerður hafi verið, er ekki tekið nægilega fram, hvernig vistarráðum er varið, og gilda þá fyrirmæli I. kafla þessara laga, enda þótt hjúið hafi náð 21 árs aldri.

**III. kafli.**

■ **31. gr.** Með mál milli húsbónda og hjús út af vistarráðum skal farið sem einkalögreglumál.[1)]

[1)] *Sjá l. 85/1936, 239. gr.*

■ **32. gr.** Brot gegn 7. og 19. gr. varða sektum, frá 10 – 200 kr., er renna í ríkissjóð. Með mál út af þeim brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

■ **33. gr.** Nú heldur húsbóndi ólöglega fyrir hjúinu fjármunum þess, og skal hann þá eftir kröfu hjúsins sæta sektum, frá 10 – 200 kr. Mál út af þessu eru almenn lögreglumál.

**Lög um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.**[1)] **1907** Nr. 60 22. nóv.

[1)] *Lög þessi verða að teljast úrelt. Um texta laganna vísast til Lagasafns 1965, d. 2370 – 2371.*

**Konungsúrskurður um heimild kansellíisins til að staðfesta prófentugerninga.**[1)] **1814** 3. marz

Vér viljum allran. heimila kansellíinu,[2)] að veita staðfestingu ad mandatum, og þegar atvik mæla með því, á prófentugerninga, enda þótt næstu frændur mótmæli því, þó því aðeins, að prófentumaður eigi enga lífserfingja.

[1)] *Sbr. Jb., kvg. 30.* [2)] *Nú dómsmálaráðuneyti.*

**Lög um opinberar fjársafnanir.** **1977** Nr. 5 24. mars

■ **1. gr.** Heimilt er stofnunum, félögum eða samtökum manna að gangast fyrir opinberum fjársöfnunum í sérhverjum löglegum tilgangi.

□ Nú gangast samtök fyrir fjársöfnun, og skulu þá minnst þrír menn bera ábyrgð á söfnuninni hverju sinni, og skulu a. m. k. tveir þeirra vera fjárráða íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga hér á landi.

■ **2. gr.** Fjársöfnun er opinber, ef henni er beint til annarra en þeirra, sem tengdir eru persónulegum eða félagslegum tengslum við þá, sem fyrir slíkum fjársöfnunum standa, eða standa í sérstöku sambandi við þá.

■ **3. gr.** Tilkynna skal viðkomandi lögreglustjóra opinbera fjársöfnun, áður en hún hefst. Tilkynning skal send lögreglustjóra, þar sem stofnun eða félag hefur varnarþing.

□ Ef stofnun eða félag stendur ekki fyrir fjársöfnun, skal tilkynna hana til lögreglustjóra, þar sem einhver þeirra, sem ábyrgð bera á söfnuninni, á lögheimili.

□ Slík tilkynning skal bera með sér:

**1977** Nr. 5 24. mars

a. hver standi fyrir fjársöfnuninni,
b. hvenær fjársöfnun skuli fara fram,
c. hvar fjársöfnun skuli fara fram,
d. hvernig fjársöfnun skuli fara fram,
e. og í hvaða tilgangi fjársöfnun fer fram.

■ **4. gr.** Opinber fjársöfnun á götum eða í húsum er háð leyfi dómsmálaráðuneytisins. Fjársöfnun með keðjubréfum er óheimil.

■ **5. gr.** Fé því, sem safnast kann, skal komið fyrir á banka- eða gíróreikningi, sem stofnaður er í þessu sérstaka tilefni.

□ Óheimilt er að nota féð í öðrum tilgangi en upphaflega var ætlað, nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

■ **6. gr.** Halda skal nákvæmt reikningshald yfir söfnunarfé og öll útgjöld við hverja fjársöfnun. Skal reikningshaldið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda eða þeim, er dómsmálaráðuneytið kann að útnefna til slíks.

■ **7. gr.** Áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að fjársöfnun lýkur, skal reikningsyfirlit hennar birt a. m. k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Sé söfnunarfé undir þeirri upphæð, sem ákveðin er í reglugerð, nægir þó að tilkynna opinberlega, að reikningsyfirlit fjársöfnunarinnar sé til sýnis í a. m. k. 14 daga á nánar tilteknum stað.

□ Nú stendur söfnun yfir um lengri tíma en eitt ár, og skal þá með sama hætti birta opinberlega ársreikning innan 6 mánaða frá lokum hvers almanaksárs. Heimilt er lögreglustjóra að framlengja fresti þessa. Yfirlýsingu samkvæmt 2. málsl. 6. gr. skal og birta með sama hætti.

□ Viðkomandi lögreglustjóra skal og sent reikningsyfirlit söfnunarinnar ásamt tilkynningu um, hvar og hvenær birting skuli fara fram.

□ Nú liggja ekki fyrir gögn um notkun söfnunarfjár, þegar reikningi er lokað, og skal þá endurskoðandi síðar gefa skýrslu þar um.

■ **8. gr.** Lög þessi gilda ekki um:
1. Söfnun á notuðum verðlitlum hlutum.
2. Fjársafnanir á vegum dagblaðs í opinberu góðgerðarskyni, ef viðkomandi dagblað birtir skrá yfir framlag allra gefenda. Enn fremur skal viðkomandi dagblað birta viðurkenningu þeirra, er veita fénu viðtöku að söfnun lokinni.
3. Fjársafnanir á samkomum.

■ **9. gr.** Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

■ **10. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

**1926** Nr. 6 15. júní

## Lög um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur).

■ **1. gr.** Happdrætti, hverrar tegundar sem er, má ekki hafa nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins, og ekki hlutaveltur nema með leyfi lögreglustjóra.

□ Peningahappdrætti eða önnur því lík happspil má ekki setja á stofn án lagaheimildar.

■ **2. gr.** Það er bannað mönnum á Íslandi að verzla þar með eða selja hluti fyrir erlend happdrætti eða önnur þvílík happspil, eða að hafa þar á hendi nokkur störf, er að þessu lúta.

■ **3. gr.** [Brot gegn lögum þessum varða sektum og skal fara með mál af þeim að hætti opinberra mála.][1)]

[1)] *L. 75/1982, 49. gr.*

## Lög um Happdrætti Háskóla Íslands.

**1973** Nr. 13 13. apríl

■ **1. gr.** Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til rekstrar happdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a. [Hlutatalan má ekki fara fram úr 60 000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur 1. flokks í janúarmánuði og 12. flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út 4 flokka hlutamiða, sem greinist að með bókstöfunum E, F, G og H, en auk þess er heimilt að gefa út sérstakan flokk, B-flokk, sem hafa skal fimmfalt gildi á við hvern hinna flokkanna, bæði að því er varðar endurnýjunariðgjald og fjárhæð vinninga.][1)]

b. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum happdrættisráðs og happdrættisstjórnar Háskólans.

c. Vinningar skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal vinningsfjárhæð nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum.

d. [Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið.][2)]

e. [Einkaleyfi til að reka happdrættið má veita til 1. janúar 2004.][3)] Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggginganna, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir Háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

□ [Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til rekstrar skyndihappdrættis með peningavinningum, svo og peningahappdrættis sem ekki yrði rekið sem flokkahappdrætti. Ágóða af rekstri þessum skal varið til starfsemi Háskóla Íslands svo sem segir í e-lið 1. mgr.][3)]

[1)] *L. 96/1974, 1. gr.* [2)] *L. 55/1976, 1. gr.* [3)] *L. 23/1986, 1. gr.*

■ **2. gr.** Á meðan happdrættið starfar, er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerðarskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir eitt sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

■ **3. gr.** Enginn má selja hlutamiða happdrættisins nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð. Ráðherra er heimilt að leyfa happdrættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.

■ **4. gr.** Vinningar í happdrættinu eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti á því ári sem þeir falla.

■ **5. gr.** Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.[1)]

[1)] *Rg. 348/1976, sbr. rg. 96/1980, 85/1981 og 362/1989.*

**1973** Nr. 13 13. apríl

■ **6. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi.

**1959** Nr. 18 22. apríl

## Lög um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

■ **1. gr.** Heimilt skal Sambandi ísl. berklasjúklinga að reka vöruhappdrætti með eftirfarandi skilyrðum:

a. [Hlutatalan má ekki fara fram úr 75 000. Draga skal í 12 flokkum á ári hverju og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, í fyrsta sinn í janúarmánuði.][1)]

b. Hlutina má selja í heilu og hálfu lagi. Iðgjöld fyrir hvern hlut ákveður [dómsmálaráðherra][2)] að fengnum tillögum frá stjórn Sambands ísl. berklasjúklinga.

c. Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 50% af iðgjöldunum samantöldum í öllum tólf flokkum.

d. [Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið.][2)]

[1)]*L. 115/1984, 1. gr.* [2)]*L. 52/1976, 1. gr.*

■ **2. gr.** Vinningar í vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

■ **3. gr.** [Heimild þessi gildir til ársloka 1999.][1)] Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga, sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

[1)]*L. 24/1989, 1. gr.*

■ **4. gr.** Ráðherra setur með reglugerð[1)] nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins, að fengnum tillögum frá stjórn Sambands ísl. berklasjúklinga.

[1)]*Rg. 372/1976, sbr. rg. 20/1980, 86/1981, 502/1984 og 455/1988.*

**1973** Nr. 16 13. apríl

## Lög um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

■ **1. gr.** Heimilt skal Dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

□ Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

■ **2. gr.** [Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið. Dregið skal mánaðarlega.][1)]

[1)]*L. 53/1976, 1. gr.*

■ **3. gr.** [Heimild þessi gildir til ársloka 1997.

□ Ágóði happdrættisins skal renna til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Heimilt er stjórn samtakanna, sem sér um stjórn og daglegan rekstur happdrættisins, að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustuíbúða, umönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða.][1)]

[1)]*L. 24/1987, 1. gr.*

■ **4. gr.** Vinningar í happdrætti þessu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla.

■ **5. gr.** Ráðherra setur með reglugerð[1)] nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins, þar á meðal um endurskoðun ársreikninga happdrættisins ...[2)]

[1)]*Rg. 371/1976, sbr. rg. 67/1980, 84/1981, 147/1981 og 69/1990.* [2)]*L. 24/1987, 2. gr.*

**1945** Nr. 23 30. jan.

## Lög um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður.

■ **1. gr.** Dómsmálaráðherra er heimilt að veita hestamannafélögum leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi við kappreiðar og sjómannadagsráðum leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi við kappróður með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

□ Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði hestamannafélaganna af starfsemi þessari skuli varið til reiðvega og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri sjómannadagsráðanna, er fari fram á sjómannadaginn, renni í sjóminjasafn.

**1972** Nr. 59 29. maí

## Lög um getraunir.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að stofna félag, Íslenzkar Getraunir, sem afli fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan Ungmennafélags Íslands eða Íþróttasambands Íslands.

■ **2. gr.** [Félagið starfrækir íþróttagetraunir, en með íþróttagetraunum er átt við að á þar til gerða miða, getraunaseðla, sem félagið eitt hefur rétt til að gefa út, eru merkt væntanleg úrslit íþróttakappleikja, íþróttamóta.][1)]

□ Verð eininga (raða) eða miða skal ákveðið í reglugerð, að fengnum tillögum frá stjórn Íslenzkra Getrauna.

[1)]*L. 93/1988, 1. gr.*

■ **3. gr.** [Að minnsta kosti 40% af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.][1)]

□ Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

[1)]*L. 93/1988, 2. gr.*

■ **4. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með málefni Íslenzkra Getrauna, sbr. þó 5. gr.

□ Íslenzkum Getraunum skal stjórnað af fimm manna stjórn, sem sé skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila: Íþróttanefnd ríkisins, stjórn Ungmennafélags Íslands (UMFÍ), framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ), stjórn Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR).

□ Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

□ Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

□ Starfstími stjórnarinnar er þrjú ár.

**1972** Nr. 59 29. maí

□ Þóknun til stjórnarinnar ákveður menntamálaráðuneytið og greiðist hún af Íslenzkum Getraunum.

■ **5. gr.** Dómsmálaráðuneytið setur reglugerð[1] um starfrækslu getrauna, að fengnum tillögum stjórnar Íslenzkra Getrauna, og hefur eftirlit með starfrækslu getrauna. Kostnaður við eftirlitið greiðist af Íslenzkum Getraunum, samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

[1] *Rg. 477/1988, sbr. 507/1988, 36/1989 og 258/1989.*

■ **6. gr.** Stjórn Íslenzkra Getrauna ræður félaginu starfsfólk og setur því erindisbréf.

□ Reikningsár félagsins er frá 1. júlí til 30. júní.

□ Reikningar þess skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Ársreikning ásamt ársskýrslu skal senda dómsmálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu.

■ **7. gr.** Stjórn Íslenzkra Getrauna ákveður, hverjum veitist söluumboð, og kveður á um sölulaun.

□ Ungmenna- og íþróttafélög eða samtök þeirra gangi fyrir um veitingu söluumboða innan íþróttahéraðs síns. Gerður skal samningur við handhafa söluumboðs.

□ Greiða skal stjórn héraðssambands 3% af heildarsölu í viðkomandi íþróttahéraði, enda staðfesti hún félagslega aðild umboðsaðila að samtökum sínum í íþróttahéraðinu.

■ **8. gr.** Til kostnaðar við íþróttagetraunir telst greiðsla til Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), að lágmarki 250 þús. kr., en 15 þús. kr. af hverri milljón heildartekna yfir 20 millj. kr. allt að því, að greiðslan nemur 475 þús. kr. á ári, og eftir að þeirri fjárhæð er náð, greiðist til KSÍ 7500 kr. af hverri milljón.

□ Einnig teljist til kostnaðar 0,5% greiðsla af heildarsölu í varasjóð, sem Íslenzkar Getraunir eiga og nota til þess að mæta áföllum, sem félagið kann að verða fyrir.

■ **9. gr.** Þegar vinningar, sölulaun og kostnaður hafa verið greidd skal ágóði skiptast þannig:

Til íþróttasjóðs 10%.
Til Ungmennafélags Íslands 20%.
Til Íþróttasambands Íslands 70%.

■ **10. gr.** Öllum öðrum en Íslenzkum Getraunum skal óheimilt að starfrækja getraunir, sem um ræðir í 2. gr. þessara laga. Enn fremur er óheimilt án sérstakrar lagaheimildar, að starfrækja veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppni. Brot á þessum ákvæðum varða sektum ...,[1] sem greiðist í íþróttasjóð.

[1] *L. 75/1982, 50. gr.*

■ **11. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

■ **12. gr.** Leggist starfræksla getrauna niður, skulu eignir félagsins varðveitast hjá íþróttanefnd ríkisins.

## Lög um talnagetraunir.

**1986** Nr. 26 2. maí

■ **1. gr.** Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Íþróttasambandi Íslands (ÍSÍ), Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) leyfi til þess að starfrækja saman, í nafni félags sem samtök þessi munu stofna, getraunir er fram fara með þeim hætti að á þar til gerða miða er skráð eða valin röð talna og eða bókstafa.

□ Heimild þessi gildir til ársloka 2005.

■ **2. gr.** Félagi því, sem starfrækir getraunir samkvæmt 1. gr., skal stjórnað af fimm manna stjórn er skipuð skal til eins árs í senn. Skipar Íþróttasamband Íslands tvo, Öryrkjabandalag Íslands tvo og Ungmennafélag Íslands einn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Aðilar skipa formann til skiptis, tvö ár í senn, samkvæmt samkomulagi aðila, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

**1986** Nr. 26 2. maí

□ Að öðru leyti gera aðilar með sér samkomulag, sem dómsmálaráðherra staðfestir, um rekstur félagsins, þar á meðal um ábyrgð á rekstri þess og skiptingu ágóða.

■ **3. gr.** Gjald fyrir þátttöku í getraununum (miðaverð) ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum frá stjórn félagsins.

■ **4. gr.** Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum frá stjórn félagsins, fjárhæð vinninga, annaðhvort sem hlutfall af heildarsöluverði miða hverju sinni, sem varið skal til vinninga, eða fjárhæð einstakra vinninga.

□ Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla.

■ **5. gr.** Ágóða af getraunastarfseminni skal varið til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands eða til að standa undir annarri starfsemi bandalagsins í þágu öryrkja.

■ **6. gr.** Dómsmálaráðherra setur í reglugerð[1] nánari ákvæði um getraunastarfsemina, að fengnum tillögum stjórnar félagsins, og hefur að öðru leyti eftirlit með starfsemi þess.

[1] *Rg. 410/1988, sbr. 526/1988 og 393/1989.*

■ **7. gr.** Óheimilt er öðrum en framangreindu félagi Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Öryrkjabandalags Íslands að starfrækja getraunir með þeim hætti sem um ræðir í 1. gr.

□ Heimild Íslenskra getrauna til að starfrækja talnagetraunir samkvæmt 1. mgr. 2. gr., sbr. 10. gr. laga um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, fellur niður á meðan heimild samkvæmt lögum þessum er í gildi.[1]

[1] *Sjá nú l. 93/1988, 1. gr., um breytingu á 1. mgr. 2. gr. l. 59/1972.*

■ **8. gr.** Brot á lögum þessum varða sektum.

■ **9. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Lög um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis.

**1952** Nr. 15 31. jan.

■ **1. gr.** Heimilt skal dómsmálaráðherra að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga, hverju á sínu héraðssvæði, að stofna til og reka um tiltekinn tíma töluspjaldahappdrætti („Bingó" – happdrætti) í sambandi við skemmtanir, er þau eða sambandsfélög þeirra halda, samkvæmt reglum, er settar yrðu með reglugerð.[1]

[1] *Rg. 42/1953.*

## Lög um happdrætti í sambandi við skuldabréfalán Flugfélags Íslands.[1]

**1957** Nr. 89 28. des.

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1965, d. 2377 – 78.*

# V. e. Félög og stofnanir.

## 1937 Lög um samvinnufélög.

Nr. 46 13. júní

### I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um öll félög, er starfa á samvinnugrundvelli, með því markmiði að efla hagsæld félagsmanna, í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í félagsstarfinu, og hafa það verksvið og skipulag, sem nánar er tekið fram í eftirfarandi greinum.

■ **2. gr.** Verksvið samvinnufélaga er:

1. Að kaupa vörur til heimilisþarfa handa félagsmönnum eða hluti, er þeir þarfnast til afnota fyrir sjálfa sig, á þann hátt, að vörurnar fáist sem beinasta leið frá framleiðendum og sparist útgjöld við óþarfa milliliði (kaupfélög, pöntunarfélög).

2. Að selja afurðir af búum félagsmanna, eða vörur, er þeir framleiða sjálfir með eigin atvinnurekstri, enda sé lögð stund á vöruvöndun og hún háð opinberu eftirliti eða tryggð á annan hátt (sláturfélög, smjörbú).

3. Önnur starfsemi, svo sem almenn fræðsla, bygging híbýla fyrir fjölskyldur, starfræksla iðnaðarfyrirtækja og útvegun lána til atvinnurekstrar.

■ **3. gr.** Aðaleinkenni á skipulagi samvinnufélaga eru:

1. [Aðgangur frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum. Heimilt er þó fólki í ákveðinni starfsgrein að stofna framleiðslusamvinnufélag, sem hafi að markmiði að annast atvinnustarfsemi innan starfsgreinarinnar, og má þá setja það skilyrði, að félagið sé aðeins opið fólki úr viðkomandi starfsgrein.][1]

2. Atkvæðisréttur jafn, þannig að hver félagsmaður hafi eitt atkvæði, án tillits til eigna eða viðskipta í félaginu.

3. ...[2]

4. Tekjuafgangi í ársreikningi félagsins, er stafar af því, sem útsöluverð á keyptum vörum félagsmanna hefir verið ofan við kostnaðarverð, ellegar útborgað verð fyrir seldar vörur þeirra hefir reynzt neðan við fullnaðarverð, skal úthlutað eftir viðskiptamagni hvors um sig.

5. Í stofnsjóð leggist sem séreign hvers félagsmanns nokkuð af tekjuafgangi þeim, er kemur í hans hlut við reikningslok.

6. [Arður af viðskiptum, er utanfélagsmenn kunna að hafa gert við félagið, að frádregnum opinberum gjöldum, sem á hann eru lögð, skal lagður í varasjóð, nema honum sé varið á annan hátt til almenningsþarfa.][2]

7. Vextir af inneignum félagsmanna, hvort heldur í stofnsjóði eða innlánsdeild, ellegar viðskiptareikningi, eigi hærri en 1½% ofan við innlánsvexti í bönkum, enda eigi úthlutað arði á annan hátt.

8. Nafnaskrá skal haldin yfir félagsmenn, svo að jafnan sé fyrir hendi óræk skýrsla um félagatal.

9. Innstæðufé í óskiptilegum sameignarsjóðum sé ekki útborgað við félagsslit, heldur skal það, að loknum öllum skuldbindingum, sem á félagsheildinni hvíla, ávaxtað undir umsjón hlutaðeigandi [sveitarstjórnar],[3] unz samvinnufélag eða samvinnufélög með sama markmiði taka til starfa á félagssvæðinu. Fær það félag eða þau félög þá umráð sjóðeignarinnar, að áskildu samþykki [sveitarstjórnar],[3] og [viðskiptaráðherra].[3]

[1] *L. 47/1977, 1. gr.* [2] *L. 37/1958, 1. gr.* [3] *L. 108/1988, 74. gr.*

### II. kafli. Félagsstofnun.

■ **4. gr.** Nú vilja menn stofna samvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða.

□ Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um félagsstofnun og bindast samtökum að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir, í samræmi við lög þessi, og er þá félagið löglega stofnað.

■ **5. gr.** Í samþykktum skulu greind eftirfarandi atriði:

1. Heiti félagsins fullum stöfum og skammstafað, heimilisfang og varnarþing.

2. Markmið félagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.

3. Tilhögun á stjórn félagsins og vald hennar í félagsmálum.

4. Deildarskipun félagsins, ef gert er ráð fyrir því fyrirkomulagi, og fulltrúakosning deilda.

5. Skipun framkvæmdarstjóra og starfsvið hans.

6. Vald og verksvið félagsfunda og á hvaða tímabili aðalfund skal halda ár hvert.

7. Sjóðstofnanir og lántökuheimildir.

8. Ábyrgð félagsmanna gagnvart skuldbindingum félagsins. Ábyrgð hvers félagsmanns í félögum, sem um ræðir í 2. gr. 1. tölulið, má ekki vera minni en 300 kr., auk innstæðu hans í stofnsjóði. Þó má í félögum, sem eingöngu selja gegn staðgreiðslu, takmarka ábyrgð félagsmanns við stofnsjóðsinnstæðu hans, enda skal þá leggja helming af úthlutuðum tekjuafgangi við stofnsjóðsinnstæðu hans, umfram stofnsjóðstillag skv. 26. gr., unz innstæðan nemur 300 kr.

9. Reikningsskil, endurskoðun og úrskurðir reikninga.

10. Breytingar á samþykktum og viðaukar, svo og félagsslit.

■ **6. gr.** Jafnskjótt sem félag er stofnað og samþykktir settar, skal kjósa stjórn og endurskoðendur.

■ **7. gr.** Í samþykktum skulu ákveðin skilyrði fyrir inngöngu nýrra félagsmanna. Við inngöngu skrifar hver félagsmaður undir skuldbindingu um, að hann sé háður samþykktum félagsins eins og þær eru eða verða á hverjum tíma.

□ Inngöngueyrir er minnst 10 kr., er rennur í varasjóð eða annan óskiptilegan sameignarsjóð.

■ **8. gr.** Enn fremur skulu í samþykktum ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr félaginu og ástæður, er heimili brottrekstur félagsmanna. Úrsögn sendist félagsstjórn og sömuleiðis tilkynning um andlát félagsmanns eða burtflutning af félagssvæðinu. Félagsmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, er deyr, ber ábyrgð á þeim skuldbindingum félagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en 2 ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema mál hafi risið út af skuld, er bíði úrslita dómstólanna.

### III. kafli. Skrásetning.

■ **9. gr.** Samvinnufélag, sem löglega er stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur það þá fyrst öðlazt réttindi á hendur mönnum með samningi, og aðrir á hendur því.

□ Í félagi, sem ekki er skrásett, bera stjórnendur þess eða félagsmenn sem einstaklingar ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir félagsins hönd.

■ **10. gr.** Skrásetning annast lögreglustjóri, þar sem

félagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar.[1)]

[1)] *Reglur 118/1921 (hlutafélagaskrár og samvinnufélaga).*

■ **11. gr.** Á mánaðarfresti eftir að félag er stofnað skal stjórn þess tilkynna það til skrásetningar. Félög, sem stofnuð eru áður en lög þessi öðlast gildi, hafa tilkynningarfrest frá fyrsta aðalfundi, sem tækifæri hefir haft til að breyta félagssamþykktum í það horf, sem lög þessi mæla fyrir. Í tilkynningu skulu greind þessi atriði:

1. Heiti félagsins, heimili og varnarþing.
2. Tilgangur félagsins og starfsemi.
3. Dagsetning félagssamþykkta.
4. Full nöfn, staða og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
5. Hver heimild hafi til að skuldbinda félagið með samningum og hvernig undirskrift sé hagað.
6. Hvernig boða skuli félagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða.
7. Hve mikla ábyrgð hver félagsmaður ber á skuldbindingum félagsins.

□ Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins í 2 eintökum, svo og lögboðin gjöld.

■ **12. gr.** Nú setur samvinnufélag útibú í öðru lögsagnarumdæmi en heimili þess er, og skal félagið þá einnig skrásett þar. Tilkynning sé komin til lögreglustjóra, þegar útibúið tekur til starfa, og skal auk þess, sem fyrr greinir, geta þess, hver stýri útibúi og skuldbindi félagið vegna þess.

□ Ef félag setur útibú í sama lögsagnarumdæmi og heimili þess er, skal tilkynna til skráningar stofnun útibúsins og hver skuldbindi félagið vegna þess.

■ **13. gr.** Ef samþykktum félags er breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar. Bústaðaskipti þarf þó ekki að tilkynna, nema maður taki sér bólfestu utanlands, né heldur breytingu á heimilisfangi félags innan sama lögsagnarumdæmis. En sé heimili þess flutt í annað lögsagnarumdæmi, skal félagið skrásett þar.

□ Sé samþykkt að breyta ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, skal breytingin þegar tilkynnt til skrásetningar og auglýst í Lögbirtingablaðinu. Ef ábyrgð félagsmanna er minnkuð fær breytingin ekki gildi um eldri skuldbindingar gagnvart öðrum en nýjum félagsmönnum, fyrr en tvö ár eru liðin frá auglýsingardegi. Ef beiðni um að taka félagið til skipta er afhent skiptaráðanda áður en þessi frestur er liðinn, breytist ábyrgð félagsmanna ekki, nema beiðnin sé afturkölluð eða reynist ekki á rökum byggð.

□ Ef ábyrgð félagsmanna er aukin, gildir breytingin aðeins gagnvart þeim félagsmönnum, sem samþykkja hana skriflega. Aðalfundi er heimilt að ákveða, að þeir félagsmenn, er eigi samþykkja ábyrgðarhækkun, missi félagsréttindi.

■ **14. gr.** Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda, svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu unz úr er bætt. Rétt er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla.

■ **15. gr.** Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtingablaði, á kostnað tilkynnanda.

□ Skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á ári hverju, lætur atvinnumálaráðherra birta í B-deild Stjórnartíðinda.

■ **16. gr.** Um firmu samvinnufélaga fer eftir ákvæðum firmalaganna.

□ Sama er um varnarþing, stefnubirtingu og stefnufrest í málum á hendur félagi.

■ **17. gr.** Það, sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt lögum þessum, skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það né að til þess verði ætlazt af honum. Nú hefir lögskipuð birting eigi fram farið, og hefir skrásetningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.

**IV. kafli. Félagsstjórn.**

■ **18. gr.** Félagsfundur hefir æðsta vald í málefnum félagsins, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþykktir þess.

□ Einn aðalfund skal halda ár hvert. Aukafund getur félagsstjórn boðað, þegar henni þykir þess þörf. Ennfremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar, ef fjórðungur félagsmanna eða þriðjungur félagsdeilda krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Nú hefir stjórn eigi boðað fund innan 14 daga, eftir að henni barst krafan, og geta hlutaðeigendur þá sjálfir kvatt til fundar, sbr. og 22. gr.

□ Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

■ **19. gr.** [Á fundum í félagi, sem er óskipt heild, hafa allir félagsmenn atkvæðisrétt. En í félagi, sem skiptist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrétt. Hve marga fulltrúa hver félagsdeild má senda á fund með fullu umboði, fer eftir tölu félagsmanna í deildinni, svo sem samþykktir félagsins nánar ákveða. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félagsdeilda við félag, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum deildanna við félagið.][1)]

□ Þar sem félag nær yfir tvær eða fleiri sýslur, má haga kosningum til félagsfunda eftir ákvæðunum um kosningar til fulltrúafunda í samvinnusamböndum, þannig, að hver sýsla félagsins kemur í stað félags í samvinnusambandi og kýs sameiginlega fulltrúa til félagsfunda, eftir því sem samþykktir nánar ákveða.

□ Aðalfundur er lögmætur, er meir en þriðjungur félagsmanna eða fulltrúar frá meira en helmingi félagsdeilda sækja fundinn, enda sé á fundinum meiri hluti þeirra fulltrúa, sem þar eiga atkvæðisrétt.

□ Úrslitum mála á félagsfundum ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða félagssamþykktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

[1)] *L. 73/1938, 1. gr.*

■ **20. gr.** Á aðalfundi skal kjósa stjórn, aðalmenn og varamenn, og gengur varamaður til fulls í stjórnina, ef aðalmaður deyr, gengur úr félaginu eða víkur úr stjórninni á löglegan hátt, áður en kjörtími hans er liðinn. Í samþykktum skal tiltaka tölu stjórnenda og kjörtíma, og séu þeir eigi færri en þrír. Skulu þeir ganga úr á víxl, og aldrei meiri hluti á sama ári, nema óviðráðanleg atvik valdi.

□ Engan má kjósa í stjórn nema hann sé félagsmaður.

□ [Starfsmenn samvinnufélaga eru einnig kjörgengir, séu þeir félagsmenn.][1)]

[1)] *L. 47/1977, 2. gr.*

■ **21. gr.** Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi. Stjórnin fer með málefni félagsins milli funda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Úrslitum ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns.

□ Stjórnendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins.

■ **22. gr.** Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðendur og aðra tvo til vara. Kosning þeirra gildir um 2 ár, og ganga þeir úr sitt árið hvor.

□ Endurskoðendur skulu vera félagsmenn, en mega ekki vera í stjórn félagsins. Þeim er skylt að sannprófa, að reikningum beri saman við bækur félagsins, enda eigi þeir aðgang að öllum bókum og skjölum, hvenær sem er á starfstíma félagsins, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Ennfremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta félaginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin, svo fljótt sem þörf krefur. En takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar.

□ Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

■ **23. gr.** Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega að endurskoðun geti farið fram áður en ársfundur er haldinn.

□ Á aðalfundi skal ávallt leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir umliðið ár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fram fara eftir þeim reglum, er fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni, skal af nýju boða til fundar, er tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

**V. kafli. Skyldur og réttindi.**

■ **24. gr.** [Í samþykktum félags skulu vera ákvæði um greiðslur í varasjóð og aðra óskiptilega tryggingarsjóði.][1)] Fé má ekki greiða úr varasjóði, nema eftir tillögu félagsstjórnar, í samráði við endurskoðendur og með samþykki aðalfundar, enda sé tillögunni fylgjandi eigi færri en ⅔ þeirra félagsmanna eða fulltrúa, sem atkvæðisrétt eiga á fundinum.

[1)] *L. 37/1958, 2. gr.*

■ **25. gr.** Fé stofnsjóðs skal notað sem veltufé í þarfir félagsins, og skulu vextir lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.

□ Stofnsjóðseign hvers félagsmanns fellur til útborgunar:

a. Við andlát hans.
b. Við burtflutning af félagssvæði.
c. Við gjaldþrot hans.
d. Verði hann fátækrastyrksþurfi.

□ Þegar stofnsjóðseign félagsmanns verður meiri en svo, að nemi árlegri úttekt hans, eins og hún hefir verið að meðaltali 5 næstliðin ár, má greiða það, sem umfram er, niður að 300 kr., enda hafi hann ekki skipt við félagið skemur en 15 ár.

□ Aldrei má þó borga út stofnsjóðseign fyrr en eigandi hefir innt af hendi allar fjárhagslegar skuldbindingar, er á honum hvíla sem félagsmanni.

□ Ef eignatöp eða tekjuhalli hefir orðið hjá félagi og tryggingarsjóðir þess nægja ekki til að greiða töpin eða hallann, og hætta er á, að félagið verði að hætta störfum af þeim orsökum, er félagsfundi eða fulltrúafundi heimilt að ákveða, að stofnsjóðsinnstæður félagsmanna og annarra, sem í stofnsjóði eiga, skuli notaðar til greiðslu á töpunum eða hallanum.

□ Að öðru leyti er stofnsjóðsfé óuppsegjanlegt, og verður ekki selt né af hendi látið á annan hátt, nema með samþykki félagsstjórnar.

■ **26. gr.** Stjórnendur samvinnufélags mega ekki úthluta tekjuafgangi fyrr en:

1. Fasteignir, áhöld og aðrar eignir félagsins hafa verið afskrifaðar nægilega.
2. Áskilin gjöld í óskiptilega sjóði félagsins hafa verið greidd.

□ Í félögum, sem hafa vörukaup sem verksvið, má ekki greiða tekjuafgang út fyrr en minnst 3% af verði aðkeyptra vara, sem félagsmenn hafa keypt, hefir verið lagt í stofnsjóð.

■ [**27. gr.** Framleiðslusamvinnufélög greiða laun til starfsmanna sinna í samræmi við vinnuframlag hvers og eins. Laun skulu þó aldrei vera lakari en gildandi kjarasamningar viðkomandi verkalýðsfélaga við atvinnurekendur á svæðinu. Framleiðslusamvinnufélög skulu hafa nána samvinnu við viðkomandi verkalýðsfélög vegna kaupgjaldsmála og vinna að sameiginlegum hagsmunum verkafólks.][1)]

[1)] *L. 47/1977, 3. gr.*

■ [**28. gr.**][1)] Ef tvö eða fleiri samvinnufélög óska að sameinast, skal samhljóða ályktun um það efni samþykkt í báðum eða öllum félögunum á tveim lögmætum félagsfundum í röð, og séu henni fylgjandi eigi færri en ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir, verið borin undir deildarfundi milli félagsfunda og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða.

□ Skrásetning framangreindrar ályktunar er fullnægjandi afsal á eignum hinna einstöku félaga til hins sameinaða félags. Þinglýsingar- og stimpilgjald skal eigi greiða vegna slíkrar eignayfirfærslu.

□ Þegar slík ályktun er skrásett, skal afmá nöfn hinna einstöku félaga úr samvinnufélagsskrá. Hin einstöku félög mega skuldskeyta hið sameinaða félag. Réttur kröfuhafa má þó ekki rýrna við það.

[1)] *L. 47/1977, 3. gr.*

■ [**29. gr.**][1)] Samvinnufélög hafa heimild til að stofna og starfrækja innlánsdeild, er tekur við innlögum frá félagsmönnum til ávöxtunar sem rekstrarfé. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum félagssamþykkta.

□ Til tryggingar fyrir fé því, sem lagt er í innlánsdeild, er varasjóður félagsins og aðrar eignir þess, ásamt ábyrgð félagsmanna.

[1)] *L. 47/1977, 3. gr.*

■ [**30. gr.**][1)] Heimilt er samvinnufélögum, er leysa borgarabréf, að hafa verzlunarviðskipti við utanfélagsmenn, hvort heldur er aðaldeild félagsins eða útibú. Enn fremur er þeim heimilt að hafa útsölustaði í sama kauptúni, svo marga sem viðskiptaþörf krefur.

[1)] *L. 47/1977, 3. gr.*

## VI. kafli. Samvinnusambönd.

■ [31. gr.][1] Ef 3 eða fleiri samvinnufélög með líku verksviði koma sér saman um að mynda samband sem sérstakt félag, skulu um stofnun þess, skrásetningu og skipulag gilda sömu ákvæði sem um samvinnufélög yfirleitt, að því leyti sem þau eiga við.

□ Hvert það félag, sem fullnægir ákvæðum laga þessara og skilyrðum þeim, er sambandið setur, hefir rétt til upptöku.

[1] *L. 47/1977, 3. gr.*

■ [32. gr.][1] [Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af félögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert félag má senda á sambandsfund, eftir tölu félagsmanna. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félaga við samband, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum félaganna við sambandið.][2]

□ Einn aðalfund skal halda ár hvert, og aukafundi þá er stjórn þess þykir nauðsyn á eða meiri hluti fulltrúa óskar. Sambandsfundur er lögmætur, þegar meiri hluti fulltrúa sækir fundinn. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða sambandssamþykktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

[1] *L. 47/1977, 3. gr.* [2] *L. 73/1938, 2. gr.*

■ [33. gr.][1] Sambandsstjórn skal kosin á aðalfundi, og séu í henni eigi færri en 3 menn. Stjórnin boðar til fulltrúafunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næsta ár á undan, hefir umsjón með sjóðeignum, húsum, áhöldum og öðrum eignum og gætir hagsmuna sambandsins í öllum greinum.

□ Sambandsstjórn ræður framkvæmdastjóra til þess að standa fyrir starfrækslu sambandsins, sjá um viðskipti og annast reikningsskil. Hún gerir við hann starfssamning, er skal lagður fyrir fulltrúafund til álita.

[1] *L. 47/1977, 3. gr.*

■ [34. gr.][1] Endurskoðun reikninga hafa á hendi tveir menn, er aðalfundur kýs. Þeir skulu rannsaka reikningsskil, starfrækslu og allan hag sambandsins. Tillögur þeirra skulu lagðar fyrir aðalfund til úrskurðar ásamt ársreikningum.

□ Heimilt er sambandsstjórn að hafa eftirlit með öllum félögum í sambandinu, á þann hátt að láta trúnaðarmann sinn rannsaka reikninga þeirra, starfshætti og efnahag. Yfirskoðunarmaður þessi hlutast til um, að bót sé á ráðin, ef misfellur eru, og gefur félagsstjórn leiðbeiningar í því, sem betur má fara, en lætur sambandsstjórn í té skýrslu um árangur af rannsókninni.

[1] *L. 47/1977, 3. gr.*

## VII. kafli. Félagsslit.

■ [35. gr.][1] Samvinnufélagi skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt af tveim lögmætum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir, verið borin undir deildarfundi, milli félagsfunda, og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða.

[1] *L. 47/1977, 3. gr.*

■ [36. gr.][1] Þegar fundur ákveður félagsslit getur hann annaðhvort afhent félagsbúið skiptarétti til meðferðar eða kosið skilanefnd til þess að fara með mál félagsins, meðan á félagsslitum stendur. Í skilanefnd er einn maður eða fleiri, löggiltir af dómsmálaráðherra. Skilanefnd kemur í stað stjórnar félagsins og hefir samskonar vald og skyldur og ábyrgð. En félagsfundur getur sett nefndarmenn frá starfinu, hvenær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar félagi, gilda reglur laga þessara um félagsfundi, reikningsskil og endurskoðun.

□ Um meðferð skilanefndar á félagsbúi gilda ákvæði skiptalaganna, að því leyti sem við á, og ber skilanefnd að haga störfum sínum eftir þeim. Félagsslit skal jafnan tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu félagsins.

[1] *L. 47/1977, 3. gr.*

■ [37. gr.][1] Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna félagsins um að lýsa kröfum sínum fyrir henni, með sama hætti og sömu verkum sem segir í 2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924. Þegar skuldir félagsins eru greiddar eða trygging sett og félagsfundur hefir samþykkt fullnaðarreikninga skilanefndar, má greiða félagsmönnum og öðrum, sem eiga í stofnsjóði, stofnsjóðsinnstæður. Stofnsjóðsinnstæður má ekki skuldajafna.

□ Ágreining um skuldakröfu og stofnsjóðsinnstæður má bera undir skiptarétt þann, er átt hefði að fara með bú félagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skipta.

[1] *L. 47/1977, 3. gr.*

■ [38. gr.][1] Sömu aðiljar, sem ráða félagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið félagsbúið aftur afhent sér í hendur og haldið áfram starfsemi félagsins af nýju. En þar að lútandi ályktun skal vera samþykkt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um félagsslitin.

[1] *L. 47/1977, 3. gr.*

■ [39. gr.][1] Stjórn samvinnufélags er rétt og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskipta á sama hátt, sem einstakur maður getur gert eða er skyldur að gera um bú sitt. Á henni hvíla samsvarandi skyldur sem einstökum mönnum til þess að veita skiptarétti upplýsingar um búið, enda liggur sama við, ef út af er brugðið.

□ Skiptaréttur skal tilkynna til skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskipta.

[1] *L. 47/1977, 3. gr.*

■ [40. gr.][1] Ef svo ber til, að samvinnufélag, sem skrásett hefir verið, fullnægir ekki ákvæðum laga þessara, og þess er ekki kostur að koma því aftur í löglegt horf, er stjórn félagsins skylt, innan eins árs, að tilkynna það lögreglustjóra, svo að skrásetning þess verði afmáð, enda nýtur það úr því engra réttinda samkvæmt lögum þessum.

[1] *L. 47/1977, 3. gr.*

■ [41. gr.][1] Bækurfélags, sem slitið er, eru ríkiseign, og skal afhenda þær á þjóðskjalasafnið. Sama gildir um bækur annarra félaga, sem orðnar eru eldri en svo, að nota þurfi í þarfir félagsins.

[1] *L. 47/1977, 3. gr.*

## VIII. kafli. Ýmisleg ákvæði.

■ [42. gr.][1] Þangað til að fram hefir farið gagngerð endurskoðun á löggjöfinni um tekjur sveitar- og bæjarsjóða, greiða samvinnufélög gjöld til þeirra sem hér segir:

1. Skatt af lóðum og öðrum fasteignum eftir því sem lög mæla fyrir.
2. og 3. ...[2]

□ Um gjöld til ríkissjóðs fer eftir almennum lögum.

[1] *L. 47/1977, 3. gr.* [2] *L. 43/1960, 14. gr.*

■ [43. gr.][1] Ef stjórnendur eða skilanefndarmenn

**1937** Nr. 46 13. júní

herma vísvitandi rangt eða villandi í skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til félagsfunda eða forráðamanna, eða í tilkynningum til skrásetningar, skulu þeir sæta sektum eða fangelsi, samkv. 26. gr. hinna almennu hegningarlaga,[2] nema verkið varði þyngri refsingu að lögum.

□ Sömuleiðis liggja sektir við, ...[3] ef þeir herma vísvitandi eða af stórfelldu gáleysi rangt eða villandi frá öðrum skjölum, viðskiptabréfum, umburðarbréfum eða tilkynningum um eignir og efnahag félags, er þeir stýra, eða ef þeir brjóta ákvæði 26. gr.

□ Ennfremur varðar það sektum, ...[3] að vanrækja tilkynningu til skrásetningar lögum þessum samkvæmt.

[1] *L. 47/1977, 3. gr.* [2] *Nú l. 19/1940, 268. gr.* [3] *L. 10/1983, 69. gr. (vísað er til 42. gr., en bersýnilega er átt við 43. gr., sbr. l. 47/1977, 3. gr.).*

■ **[44. gr.]**[1] Mál út af brotum þeim, sem um er rætt í undanfarandi grein, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

[1] *L. 47/1977, 3. gr.*

■ **[45. gr.]**[1] ...[2]

[1] *L. 47/1977, 3. gr.* [2] *L. 79/1975, 25. gr.*

■ **[46. gr.]**[1] [Félögum, sem skrásett eru eftir lögum þessum, er einum heimilt að hafa orðin „kaupfélag", „samvinnufélag", „pöntunarfélag", „framleiðslusamvinnufélag" eða önnur orð, sem merkja samvinnufélag, í nafni sínu, eða skammstafanir úr þessum orðum.][2]

[1] *L. 47/1977, 3. gr.* [2] *L. 47/1977, 4. gr.*

**1940** Nr. 13 12. febr.

## Lög um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín.[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 2293.*

**1945** Nr. 89 23. nóv.

## Lög um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín.[1]

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 2293.*

**1940** Nr. 45 12. febr.

## Lög um hlutarútgerðarfélög.

■ **1. gr.** Markmið hlutarútgerðarfélaga er að reka fiskveiðar á hlutaskiptagrundvelli og annast í sambandi við þær innkaup á vörum, hagnýtingu afla, sölu hans o. fl.

■ **2. gr.** Nú vilja menn stofna hlutarútgerðarfélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef að minnsta kosti 5 menn utan kaupstaða, en 10 menn í kaupstöðum, verða ásáttir um stofnun slíks félags og bindast samtökum um að gerast meðlimir þess, skulu þeir, að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar til félagsstofnunarinnar, setja félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar ríkisstjórnarinnar á þeim.

□ Breytingar á samþykktum hlutarútgerðarfélags ná því aðeins gildi, að ríkisstjórnin staðfesti þær.

■ **3. gr.** Félagar hlutarútgerðarfélags geta þeir einir orðið, sem ráðast hjá félaginu, á skip þess eða í landi. Með samþykki lögmæts félagsfundar má auk þess taka inn í félagið menn, sem styrkja vilja það með þátttöku sinni, þótt eigi séu þeir ráðnir starfsmenn félagsins.

□ Óheimilt er að ráða fasta starfsmenn hjá félaginu í landi eða skipverja á skip þess, nema þeir um leið gerist félagar og undirriti yfirlýsingu um, að þeir hlýði lögum félagsins eins og þau eru á hverjum tíma. Undantekningu má þó gera frá þessu að því er snertir ráðningu skipverja í forföllum annarra, ef brýn nauðsyn krefur.

□ Inngangseyrir sé 10 krónur frá hverjum félagsmanni, er renni í varasjóð.

■ **4. gr.** Sérhver meðlimur hlutarútgerðarfélags ber takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, að upphæð 300 krónur.

□ Félagsmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, sem deyr, ber ábyrgð samkvæmt þessari grein á skuldbindingum félagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en tvö ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema risið hafi mál út af skuld, er stofnuð var á meðan hann var í því, er bíði úrskurðar dómstólanna.

■ **5. gr.** Í hlutarútgerðarfélagi skulu skipverjar og aðrir fastir starfsmenn ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla, og skal hlutur vera full greiðsla fyrir vinnu þeirra. Fyrirkomulag hlutaskiptanna skal ákveðið í samþykktum félagsins. Veiðarfæra- og beitukostnaður, kol, olía og salt greiðist af óskiptum afla.

■ **6. gr.** Í varasjóð hlutarútgerðarfélags greiðist árlega 1% af óskiptum ársafla. Í varasjóð skal greiða árlegan tekjuafgang félagsins, og skulu ársvextir lagðir við höfuðstólinn. Tekjuhalli, sem verða kann hjá hlutarútgerðarfélagi, greiðist úr varasjóði.

□ Fé varasjóðs má nota sem veltufé í þarfir félagsins.

■ **7. gr.** Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skal vera ákvæði um tryggingarsjóð, er hafi það markmið að tryggja félagsmönnum, sem vinna hjá félaginu, lágmarkstekjur, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem félagið setur. Skal sú reglugerð samþykkt af bæjar- eða sveitarstjórn, þar sem félagið á heima, og staðfest af ríkisstjórninni. Tekjur sjóðsins skulu vera þær, er hér segir:

1. Árlegt gjald 1% af óskiptum ársafla félagsins, miðað við verð afla upp úr skipi.
2. Árlegt tillag frá hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi, er nemi jafnhárri upphæð og gjald samkvæmt tölulið 1 verður árlega.

□ Heimilt er að ákveða að tillög í sjóðinn skuli vera hærri en að framan greinir, ef þurfa þykir, enda sé það samþykkt af hlutarútgerðarfélaginu og viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn.

□ Tryggingarsjóður skal ávaxtaður í banka eða annarri tryggri peningastofnun, og skulu vextir af honum lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.

□ Hlutarútgerðarfélag eða stjórn þess getur ekki ráðstafað innstæðu tryggingarsjóðs, og óheimilt er að skerða sjóðinn til lúkningar skuldum félagsins, en hætti félagið störfum, skal sjóðurinn ávaxtaður áfram á nafni hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, sem getur notað innstæðu hans til að greiða tillög í tryggingarsjóði annarra hlutarútgerðarfélaga, sem þar starfa.

■ **8. gr.** Fjárreiðum hvers einstaks skips hlutarútgerðarfélags skal haldið aðgreindum í bókum félagsins.

■ **9. gr.** Félagsfundur hefir æðsta vald í málefnum hlutarútgerðarfélags. Einn aðalfund skal halda árlega, og aukafundi þegar félagsstjórn telur þess þörf. Ennfremur er félagsstjórn skylt að boða til aukafundar, ef ¼ félagsmanna krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

□ Atkvæðisrétt á félagsfundum hafa allir meðlimir félagsins. Félagsfundir eru lögmætir, ef helmingur félagsmanna er mættur. Sé fundur ekki lögmætur sökum fámennis, skal boða til nýs fundar, og er hann þá

1940 Nr. 45 12. febr.

lögmætur án tillits til þess, hve margir eru mættir. Á fundum ræður meiri hluti atkvæða úrslitum mála, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félaganna. Til funda sé boðað með minnst viku fyrirvara.

■ **10. gr.** Á aðalfundi skal kjósa stjórn og endurskoðendur og varamenn þeirra, sem allir séu félagsmenn. Í samþykktum félags skal ákveða tölu stjórnarnefndarmanna og kjörtíma þeirra. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi, og ræður afl atkvæða úrslitum mála, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Stjórnin fer með málefni félagsins milli funda, samkvæmt lögum þessum og samþykktum félagsins, og bera stjórnendur ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins.

□ Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum félagsins beri saman við bækur þess, enda hafa þeir aðgang að öllum bókum og skjölum á hvaða tíma sem er, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Ennfremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta, að félaginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin svo fljótt sem þörf krefur, en takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar. Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

□ Á aðalfundi skal árlega leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir næstliðið reikningsár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikningana, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fara fram, eftir þeim reglum, sem fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal að nýju boða til fundar, sem tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

■ **11. gr.** Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skulu ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr félaginu og tilgreindar ástæður, er heimili brottrekstur félagsmanns.

■ **12. gr.** Hlutarútgerðarfélag, sem er löglega stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur það þá fyrst öðlazt réttindi á hendur mönnum með samningi og aðrir á hendur því. Skrásetningu annast lögreglustjóri, þar sem félagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar. Félag skal tilkynnt til skrásetningar innan mánaðar frá stofnun þess. Í tilkynningu skal greina þessi atriði:

1. Heiti félags, heimili og varnarþing.
2. Dagsetning félagssamþykkta.
3. Full nöfn, stöðu og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
4. Hver heimild hafi til að skuldbinda félagið með samningum og hvernig undirskrift sé hagað.
5. Hvernig boða skuli félagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða.

□ Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins í 2 eintökum og lögboðin gjöld. Sé um útibú að ræða, skal það einnig tilkynnt. Ef samþykktum félags er breytt, eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar.

□ Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu unz úr er bætt. Rétt er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla.

□ Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtingablaðinu á kostnað tilkynnanda.

■ **13. gr.** Hlutarútgerðarfélagi skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt á 2 lögmætum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna. Skilanefnd, kosin af félagsfundi, fer með mál félagsins meðan á félagsslitum stendur. Skilanefnd kemur í stað stjórnar félagsins og hefir samskonar vald, skyldur og ábyrgð. Meðan skilanefnd stjórnar félagi gilda reglur laga þessara um félagsfundi, reikningsskil og endurskoðun. Félagsslit skal tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu félagsins.

□ Sömu aðilar, sem ráða félagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið félagsbúið aftur afhent sér í hendur og haldið áfram starfsemi félagsins að nýju, en þar að lútandi ályktun skal vera samþykkt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um félagsslitin.

■ **14. gr.**[1] Gjöld fyrir störf þau, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð, og eru þau sem hér segir:

a. Fyrir skrásetningu félags, sem eigi hefir verið skrásett áður, 30 krónur.

b. Fyrir skrásetningu útibús 20 krónur.

c. Fyrir skrásetningu breytingar eða viðauka við eldri skrásetningu 15 krónur.

d. Fyrir að afmá skrásetningu greiðist helmingur af ofanrituðum gjöldum.

[1] *Sjá l. 79/1975.*

■ **15. gr.** Hlutarútgerðarfélög, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegin greiðslu tekjuskatts til ríkisins af því fé, sem þau leggja í tryggingar- og varasjóði.

■ **16. gr.** Hlutarútgerðarfélög, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu vera undir eftirliti ríkisstjórnarinnar, sem getur falið fiskveiðasjóði framkvæmd þess.

## Lög um rekstrarlánafélög.

1938 Nr. 98 11. júní

■ **1. gr.** Útvegsmönnum í einu[1] og sömu verstöð eða byggðarlagi er rétt að stofna rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum.

[1] *Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera „einni".*

■ **2. gr.** Hlutverk rekstrarlánafélaga er að annast útvegun rekstrarlána handa félagsmönnum sínum.

□ Félögin geta einnig haft með höndum sameiginleg innkaup á nauðsynjum félagsmanna til útgerðar og sölu á afurðum þeirra.

□ Rekstrarlánafélögin skulu haga starfsemi sinni þannig:

a. að svo tímanlega sé samið um rekstrarlán handa félagsmönnum að þeir geti óhindraðir hafið fiskveiðar í byrjun vertíðar,

b. að félagsmenn geti jafnan orðið aðnjótandi beztu kjara á aðkeyptum nauðsynjum til rekstrar síns, með því að geta boðið staðgreiðslu.

■ **3. gr.** Ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum rekstrarlánafélaga getur verið með tvennu móti:

**1938** Nr. 98 11. júní

a. að félagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins,

b. að hver félagsmaður ábyrgist einungis sína eigin skuld, að viðbættri tiltekinni upphæð, sem nánar sé ákveðin í lögum hvers félags.

□ Félagsmenn í sama félagi mega vera fæstir 10, en flestir 30. Þó má víkja frá þessu ákvæði, ef hentugt þykir og sérstaklega stendur á.

■ **4. gr.** Stjórn rekstrarlánafélags eða umboðsmaður hennar semur við lánsstofnanir um rekstrarlán handa félagsmönnum, eftir því sem félagsstjórninni og hverjum einstökum félagsmanni hefir komið saman um og með tilliti til eðlilegrar rekstrarlánaþarfar félagsmanns og þeirra trygginga, er hann getur sett.

■ **5. gr.** Fyrirkomulag lána þeirra, er rekstrarlánafélög útvega félagsmönnum, getur verið með tvennu móti:

a. að hver einstaklingur sé lántakandi hjá hlutaðeigandi lánsstofnun að því láni, er hann fær,

b. að félagið sjálft sé skuldunautur gagnvart lánsstofnuninni og að það úthluti lánsfénu meðal félagsmanna.

□ Leggja skal árlega í félagssjóð hundraðshluta af viðskiptaveltunni, og skal gjald þetta ákveðið í samþykktum hvers félags.

□ Sjóðeign útborgist ekki til félagsmanna nema við félagsslit.

■ **6. gr.** Rekstrarlánafélög eiga rétt á innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir nauðsynjar til útgerðar félagsmanna sinna, sbr. 2. gr., í samræmi við innflutningsreglur á hverjum tíma.

■ **7. gr.** Lánsstofnunum, er veita lán samkvæmt lögum þessum, er heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir lánunum, í því skyni að tryggja skilvísa greiðslu þeirra, svo sem:

**að** allar sjávarafurðir lántakanda skuli seldar gegnum sölusamlag,

**að** í hvert skipti, er lántakandi selur afurðir – eins þó þær séu ekki veðsettar fyrir láninu –, skuli jafnan haldið eftir nokkurri upphæð af andvirðinu, svo sem nánar kann að vera um samið, til greiðslu upp í lánið. Þetta atriði gildir, þótt lánið sé ekki komið í gjalddaga,

**að** lánsstofnuninni eða trúnaðarmanni hennar sé jafnan heimilt að hafa eftirlit með því, að þannig umsömdum ákvæðum sé framfylgt.

■ **8. gr.** Rekstrarlánafélög greiða skatta til ríkis og bæjar- og sveitarsjóðs eftir sömu reglum og samvinnufélög.

■ **9. gr.** Lán samkvæmt lögum þessum veitast gegn þeim tryggingum, er lánsstofnunin metur gildar. Þau skulu endurgreidd að fullu innan eins árs frá lántökudegi, eða fyrr, eftir því sem um semur.

□ Það teljast ekki vanskil, þótt hluti af rekstrarláni sé ógreiddur, ef lántakandi sannar, að hann eigi nægilegar óseldar afurðir til fullnaðargreiðslu lánsins.

□ Vextir – þar með talin framlengingargjöld eða provision – mega ekki vera hærri en venjulegir bankavextir af fiskveðvíxlum á sama tíma.

■ **10. gr.** Komi til þess, að Landsbanki Íslands eða Útvegsbanki Íslands, annar eða báðir, sjái sér ekki fært, vegna vöntunar reiðufjár, að sinna lánbeiðnum rekstrarlánafélaga, skal ríkisstjórnin veita aðstoð sína til þess að bankarnir, annar eða báðir, verði sér úti um lánsfé, til þess að fullnægja rekstrarlánaþörfinni, eftir því sem tryggingar standa til.

■ **11. gr.** Lög og starfsreglugerðir rekstrarlánafélaga skulu sniðin eftir fyrirmyndum, sem atvinnumálaráðuneytið semur í samvinnu við Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Fiskifélag Íslands og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda.

□ Skulu fyrirmyndir þessar samdar þegar er lög þessi hafa verið staðfest og vera til útbýtingar hjá sýslumönnum landsins og Fiskifélagi Íslands og fulltrúum þess.

**1938** Nr. 98 11. júní

## Lög um hlutafélög.[1]

**1978** Nr. 32 12. maí

[1] *L. 69/1989, um breytingar á þessum lögum, taka til hlutafélaga, sem stofnuð hafa verið og skráð fyrir gildistöku þeirra (1. mars 1990), sbr. þó undantekningar í 67. og 68. gr. l. 69/1989 (Stjtíð. A 1989, bls. 362).*

### I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um öll hlutafélög, nema annað sé ákveðið í lögum.

□ Hlutafélag merkir í lögum þessum félag, þar sem enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.

□ [Í hlutafélagi skal vera hlutafé sem skipt er í tvo eða fleiri hluti. Hlutaféð skal minnst vera 400 000 kr. Þessari lágmarksfjárhæð skal ráðherra breyta í hátt við breytingar á lánskjaravísitölu. Breyting á fjárhæðinni skal taka gildi við upphaf árs enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður. Fjárhæðinni skal þó ekki breytt nema efni sé orðið til breytingar sem nemur að minnsta kosti tuttugu af hundraði frá því að breyting var síðast gerð. Þá skal lágmarksfjárhæðin jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna. Nú uppfyllir hlutafélag kröfu um lágmarkshlutafé þegar það er stofnað og er því þá ekki skylt að hækka hlutafé sitt þótt endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari málsgrein leiði til þess að hlutafé félagsins nái ekki lengur þeirri lágmarksfjárhæð hlutafjár sem þarf til þess að hlutafélag verði stofnað.

□ Hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf. (h/f, h. f.).][1] Að öðru leyti fer um firmu hlutafélaga eftir ákvæðum firmalaga.

[1] *L. 69/1989, 1. gr.*

■ **2. gr.** Nú á hlutafélag svo mikinn hluta hlutafjárins í öðru hlutafélagi, að það fer með meirihluta atkvæða í félaginu, og telst þá fyrrnefnda félagið móðurfélag en hið síðarnefnda dótturfélag.

□ Nú á dótturfélag eða móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum eða fleiri en eitt dótturfélag í sameiningu svo mikið hlutafé í öðru félagi, sem um ræðir í 1. mgr., og telst þá síðastnefnda félagið dótturfélag móðurfélagsins.

□ Ef hlutafélag hefur annars, vegna hlutafjáreignar eða samninga, yfirráð í öðru hlutafélagi og verulega hluteild í afrakstri þess, telst fyrrnefnda félagið einnig móðurfélag og hið síðarnefnda dótturfélag.

□ Móður- og dótturfélög eru í sameiningu samstæða hlutafélaga.

### II. kafli. Stofnun hlutafélags.

■ **3. gr.** Stofnendur hlutafélags skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning. Í stofnsamningi skulu vera drög að samþykktum félagsins og ákvarðanir um það efni, sem greint er í 4. og 5. gr.

□ Stofnendur hlutafélags skulu vera [tveir][1] hið fæsta.

Meirihluti stofnenda skal hafa haft heimilisfesti hér á landi í minnst tvö ár.

☐ [Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, önnur skráð félög með takmarkaðri ábyrgð, skráð sameignarfélög, skráð samlagsfélög og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti.][1)]

☐ Bú stofnanda má eigi vera undir gjaldþrotaskiptum og ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða.

☐ [Sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi nema á greiðslu þeirra hluta sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 2. gr.*

■ **4. gr.** Í stofnsamningi skal m. a. greina:

1. Hvaða fjárhæð skuli greiða fyrir hvern hlut.
2. Fresti til áskriftar fyrir hlut og til greiðslu hlutafjár.
3. Innan hvaða tíma stofnfund skuli halda svo og hvernig til hans skuli boðað, nema það leiði af ákvæðum 9. gr., að fundur þessi verði haldinn án sérstakrar boðunar.

■ **5. gr.** Í stofnsamningi skulu vera sérstök ákvæði um:

1. Ef hluti má greiða með öðrum verðmætum en reiðufé.
2. Ef hlutafélagið skal taka við slíkum verðmætum gegn greiðslu í öðru en hlutum.
3. Ef hlutafélagið skal bera kostnað af stofnun.
4. Hvort einhverjir hluthafar eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda í félaginu.

☐ Í stofnsamningi skal gerð grein fyrir þeim atriðum, sem nauðsynleg eru til þess, að unnt sé að meta til fjár þau verðmæti, er hlutafélagið skal taka við sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. Í því sambandi skal sérstaklega greina:

a. Nöfn og heimilisföng þeirra aðila, er hér um ræðir.

b. Endurgjald það, sem ákveðið hefur verið fyrir verðmætin, en það má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð, sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins. Ennfremur að hve miklu leyti endurgjaldið skuli greiðast í hlutum og að öðru leyti meginatriði skilmála þeirra, sem um er samið vegna yfirtökunnar.

c. Hámark stofnkostnaðar. Stofnkostnaður, að undanskildum opinberum gjöldum, má þó aldrei nema meiru en 5% af hlutafé. Ráðherra getur veitt undanþágu frá hámarki stofnkostnaðar.

☐ Ef hlutafélag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri, skal við undirritun stofnsamnings liggja frammi efnahags- og rekstrarreikningur þess fyrirtækis tvö síðustu reikningsár eða frá stofnun þess, ef það er síðar. [Enn fremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um að hagur fyrirtækis þess, sem félagið yfirtekur, hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun hlutafélagsins. Skýrsla löggilts endurskoðanda um gögn þau, sem um ræðir í þessari málsgrein, skal lögð fram á stofnfundi.][1)]

☐ Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja í sambandi við stofnun hlutafélags, sem ekki er getið í stofnsamningi, eru ekki gildir gagnvart félaginu.

[1)] *L. 69/1989, 3. gr.*

■ **6. gr.** Stofnendur skulu gera tillögur að samþykktum félags.

☐ Í samþykktum skal m. a. greina eftirtalin atriði:

1. Heiti félagsins.
2. [Heimilisfang félagsins.][1)]
3. Tilgang félagsins.
4. Hlutafé. Í stofnsamningi má ákveða hlutafé sem þá lágmarksfjárhæð, sem áskrift verður að fást að til þess að unnt sé að stofna félagið, og hærri fjárhæð, sem áskrift má fást að.
5. Fjárhæð hluta og atkvæðisrétt hluthafa.
6. Fjölda eða hámarks- og lágmarksfjölda stjórnarmanna og varastjórnarmanna, svo og endurskoðenda. Þá skal þar ákveða kjörtímabil stjórnarmanna og endurskoðenda.
7. Ákvæði um, hvernig boða skuli til hluthafafunda.
8. Hvaða mál skuli leggja fyrir aðalfund.
9. Ákvæði um, hvert skuli vera reikningsár félagsins.

[10.][1)] Ákvæði um, hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum að nokkru leyti eða öllu og eftir hvaða reglum.

[11.][1)] Ákvæði um, hvort skorður séu reistar við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum og þá hverjar.

[12.][1)] Hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi.

☐ Að því marki, sem tilgangur félagsins er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings, skal í félagssamþykktum greint, hvernig ráðstafa skuli [hagnaði][1)] og hvernig fara skuli með eignir félagsins við félagsslit.

[1)] *L. 69/1989, 4. gr.*

■ **7. gr.** Áskrift hluta skal gerð í stofnsamningi eða á sérstaka áskriftarskrá, sem eftirrit stofnsamnings skal þá fylgja. Reikningar þeir, sem um ræðir í 3. mgr. 5. gr., skulu einnig fylgja áskriftarskrá. Félagið getur ekki borið fyrir sig áskrift um hlutakaup, ef eigi hefur verið gætt framangreindra reglna, svo fremi að sá, er áskriftina gerði, mótmæli því við ráðherra, áður en félagið er skrásett, að áskriftin sé bindandi.

☐ Ef aðili skráir sig fyrir hlutum með skilyrðum, sem ekki samrýmast stofnsamningi, er áskriftin ógild. Sé ekki mótmælt við ráðherra, áður en félagið er skráð, er áskriftin þó bindandi og skilyrðið brott fallið.

■ **8. gr.** Stofnendur ákveða, hvort áskrift skuli samþykkt. Ef áskriftaraðilar hafa skráð sig fyrir fleiri hlutum en unnt er að selja þeim, skulu stofnendur, áður en stofnfundur er haldinn, ákveða, hve marga hluti hver áskriftaraðili skuli fá.

☐ Ef áskrift er ekki samþykkt, stofnendur telja áskrift ógilda, eða áskriftir hljóða um meira fé en ákveðið var og því þörf á að lækka það, skulu stofnendur strax tilkynna það áskriftaraðila.

■ **9. gr.** Ákvörðun um stofnun félags skal tekin á stofnfundi.

☐ Ef áskrift fæst að öllum hlutum á stofnfundi og allir viðurkenndir áskrifendur eru sammála þar um, er unnt að taka ákvörðun um stofnun félagsins án frekari funda. Sé svo ekki, skulu stofnendur boða alla áskrifendur til stofnfundar. Um stofnfundinn gilda reglur laga þessara og samþykkta félagsins um hluthafafundi.

☐ Stofnendur skulu sjá um, að áskriftarskrár og þeir samningar og gögn, sem um ræðir í stofnsamningi, séu til

sýnis fyrir áskrifendur í eina viku fyrir stofnfund á stað, sem greinir í fundarboði.

☐ Á stofnfundi skulu stofnendur leggja fram stofnsamning og öll þau skjöl, sem um ræðir í 3. mgr., ásamt skrá yfir þann fjölda hluta, sem stofnendur hafa samþykkt, skiptingu hlutafjárins á einstaka áskrifendur og skýrslu um það fé, sem þegar hefur verið greitt. Þessar upplýsingar skal færa til bókar.

■ **10. gr.** Komi fram á stofnfundi, að ekki hefur fengist áskrift að öllu hlutafé því, sem ákveðið hefur verið, eða þeirri lágmarksfjárhæð, sem áskrift verður að fást að, ef um hana er að ræða, sbr. 4. tl. 2. mgr. 6. gr., má ekki stofna félagið. [Það sem þegar hefur verið greitt af hlutafé skal þá þegar endurgreiða eftir að frá hefur verið dreginn kostnaður við stofnun enda hafi verið gerður um það fyrirvari í stofnsamningi.][1)]

☐ Ekki má ákveða stofnun félags, fyrr en tillögur, sem fram kunna að koma um breytingu á samþykktum eða stofnsamningi að öðru leyti, hafa verið ræddar og afgreiddar. Tillögur til breytinga á samþykktum, sem greindar eru í fundarboði stofnfundar, má samþykkja eftir þeim reglum, sem gilda um breytingar á samþykktum. Tillögur til breytinga á samþykktum um hækkun hlutafjár, er ekki hafa verið greindar í fundarboði, eða tillögur um breytingar á ákvæðum stofnsamnings að öðru leyti má ekki samþykkja nema allir stofnendur og áskrifendur séu sammála um það.

☐ Tillaga um að stofna félag telst samþykkt, ef hún fær samþykki meirihluta þeirra, er greiða atkvæði og fara með minnst ⅔ hluta þess hlutafjár, sem mætt er fyrir á stofnfundi. Náist slíkt samþykki ekki, verður félagið ekki stofnað.

☐ Eftir að ákveðið hefur verið að stofna félagið, skal kjósa stjórn þess og endurskoðendur.

[1)] *L. 69/1989, 5. gr.*

■ **11. gr.** Stjórnin skal tilkynna félag til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings.

☐ [Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé það, sem áskrift hefur fengist fyrir, sé í samræmi við það er greinir um hlutafé í samþykktum og þar af skal minnst helmingur vera greiddur. Sama gildir um það sem greiða á umfram nafnverð. Aldrei skal lægri fjárhæð en sú sem ákveðin er sem lágmarksfjárhæð skv. 3. mgr. 1. gr. vera greidd við skráningu.][1)]

☐ Ef tilkynning um stofnun hlutafélags berst ekki hlutafélagaskrá innan þess frests, sem um ræðir í 1. mgr., skal synja skráningar. Fari svo, falla burtu skuldbindingar þeirra, er hafa skráð sig fyrir hlutafé, sbr. 1. mgr. 10. gr. Sama gildir, ef skráningu er synjað af öðrum ástæðum.

[1)] *L. 69/1989, 6. gr.*

■ **12. gr.** Óskráð félag getur hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur. Það getur ekki heldur verið aðili í dómsmálum nema málum til innheimtu hlutafjár, sem áskrift hefur fengist fyrir, og öðrum dómsmálum varðandi hlutafjáráskrift.

☐ Nú er löggerningur gerður fyrir hönd hlutafélags, áður en það er skráð, og bera þeir, sem tekið hafa þátt í gerningnum eða ákvörðunum um hann, óskipt persónulega ábyrgð á efndum. Við skráninguna tekur félag við þeim skyldum, sem leiddi af stofnsamningi eða félag hefur tekið á sig eftir stofnfund.

☐ Ef gerður er löggerningur, áður en félag var skráð, og hinn samningsaðilinn vissi, að félagið var ekki skráð, getur hann, nema annað sé um samið, riftað gerningnum svo fremi að tilkynning til hlutafélagaskrár sé ekki gerð innan þess frests, er um ræðir í 1. mgr. 11. gr., eða að skráningar hafi verið synjað. Vissi viðsemjandinn ekki, að félagið var óskráð, getur hann riftað löggerningnum, meðan félagið er ekki skráð.

1978 Nr. 32 12. maí

### III. kafli. Greiðsla hlutafjár.

■ **13. gr.** Greiðsla hlutar má ekki nema minna en nafnverði hans að frádreginni sannanlegri söluþóknun allt að 10%.

☐ Áskrifandi hlutafjár má ekki skuldajafna kröfu, sem risin er af áskrift, við kröfu, er hann kann að eiga á hendur félaginu, nema stjórn félagsins samþykki. Slíkt samþykki má stjórnin þó ekki gefa, ef skuldajöfnuðurinn getur orðið félaginu eða lánardrottnum þess til tjóns.

☐ Kröfu félags um greiðslu hlutafjár má það ekki framselja eða veðsetja og eigi verður gerð í henni aðför.

☐ Ef hlutur, sem ekki hefur verið að fullu greiddur, er framseldur, ber framsalshafi, þegar hann hefur tilkynnt framsalið, ábyrgð á greiðslu eftirstöðva hlutarverðsins, óskipt með framseljanda.

■ **14. gr.** [Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða vexti af skuldinni frá þeim degi er séu jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum eins og þeir eru hæstir þar sem félagið á heimili enda sé ekki annað ákveðið í samþykktum félagsins.][1)]

☐ Stjórn félagsins skal þá án tafar annaðhvort innheimta skuldina með málsókn eða afhenda öðrum rétt til hlutar eða hluta áskrifandans. Jafnan skal þó, áður en hlutir eru afhentir öðrum, veita áskrifanda 4 vikna frest til að koma málum sínum í rétt horf. Hafi áskrifandi fengið afhent bráðabirgðaskírteini, getur félagið, að liðnum fyrrnefndum fresti, krafist afhendingar þess með beinni fógetagerð.

☐ Komi í ljós, að skuldin verði ekki innheimt, skal reglum 15. og 16. gr. beitt.

[1)] *L. 69/1989, 7. gr.*

■ **15. gr.** Hluti, sem aðili hefur skráð sig fyrir við stofnun hlutafélags, skal greiða að fullu í síðasta lagi innan þriggja ára frá því, að félagið var skráð. Ef ekki er á réttum tíma tilkynnt, að hlutafé sé að fullu greitt, skal ráðherra gefa félagi hæfilegan frest, þó eigi lengri en 6 mánuði, til að koma þessu í lag. Ef frestur þessi er látinn ónotaður, skal ráðherra tilkynna það skiptarétti, sem ákveður að félagi skuli slitið og búi þess skipt eða tekið til gjaldþrotaskipta, ef það telst vera gjaldþrota.

■ **16. gr.** Við hækkun hlutafjár skulu hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi þremur árum eftir að hækkunin hefur verið tilkynnt til hlutafélagaskrár. Ef ekki er á réttum tíma tilkynnt, að hinir nýju hlutir séu að fullu greiddir, skal ráðherra gefa félaginu hæfilegan frest, sem þó má eigi vera lengri en 3 mánuðir, til að bæta úr annmörkum. Ef ekki hefur verið úr bætt innan frestsins og stjórnin hefur heldur ekki tilkynnt, að hlutafé hafi verið lækkað samkvæmt 44. gr., skal ráðherra láta skrá, að hlutaféð hafi verið lækkað sem samsvarar nafnverði þeirra hluta, er eigi hafa verið greiddir, og samþykktum sé breytt samkvæmt því. Hækkunarhlutir skulu teljast ógildir, þegar lækkunin hefur verið skráð.

## IV. kafli. Hlutir, hlutabréf og hlutaskrá.

■ **17. gr.** Í hlutafélagi skulu jafnan vera [tveir][1] hluthafar hið fæsta, sbr. 114. gr.[2]

□ Allir hlutir skulu hafa jafnan rétt í félaginu. [Í samþykktum má þó ákveða að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka.][1] Í því tilviki skal í samþykktum taka fram um mun milli hlutaflokka, fjárhæðir hvers og sérstök ákvæði um rétt til áskriftar að nýju hlutafé, sem hluthafar hafa rétt til við hækkun hlutafjár.

[1] *L. 69/1989, 8. gr.* [2] *Sjá nú 115. gr., sbr. l. 69/1989, 51. gr.*

■ **18. gr.** Hluti má selja og veðsetja, nema annað leiði af lögum eða sé boðið í samþykktum hlutafélags. [Í samþykktir má þó aðeins setja ákvæði um viðskiptahömlur að því er hlutabréf varðar sem séu í samræmi við ákvæði 19. og 20. gr. eða sérstakra laga.][1] Hömlur má þó ekki leggja á viðskipti með almenn hlutabréf milli íslenskra aðila í hlutafélögum, þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri.

[1] *L. 69/1989, 9. gr.*

■ **19. gr.** Í samþykktum má ákveða, að við eigendaskipti að hlutabréfi önnur en við erfð eða búskipti skuli hluthafar eða aðrir hafa forkaupsrétt. Í samþykktum skulu þá vera nánari reglur um þetta efni og skal þar m. a. greina:

a. Röð forkaupsréttarhafa.

b. Ákvæði um frest, er forkaupsréttarhafi hefur til að beita forkaupsrétti sínum, sem lengstur má vera tveir mánuðir, og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð.

c. Ákvæði um frest til greiðslu kaupverðs, sem þó má eigi vera lengri en þrír mánuðir frá því, að kaup voru ákveðin. [Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.][1]

□ Taki tilboð til [margra hluta eins eða fleiri hluthafa],[1] er eigi unnt að neyta forkaupsréttar að því er varðar nokkra þeirra, nema slíkt sé sérstaklega heimilað í samþykktum. Sé í samþykktum ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs hluta, er það ógilt, ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina.

□ Stjórn félags skal þegar í stað greina forkaupsréttarhöfum skriflega frá tilkynningu um tilboð.

□ Ef í samþykktum er ekki ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs og ekki næst samkomulag um það, skal kaupverðið ákveðið af matsmönnum, sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Nú vill annar hvor aðila eigi hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla, en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því, að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu. ...[1]

[1] *L. 69/1989, 10. gr.*

■ **20. gr.** Ákveða má í samþykktum, að veðsetning, sala eða annað framsal á hlutum megi einungis fara fram með samþykki félagsins, sbr. þó 3. málsl. 18. gr.

□ Stjórn félags tekur ákvörðun um, hvort samþykki skuli veitt, nema annað sé ákveðið í samþykktum. Ákvörðun um, hvort veita skuli samþykki, skal tekin án tafar og aldrei síðar en tveimur mánuðum eftir, að samþykkis er óskað. Ákvörðun stjórnar um þetta efni skal þegar í stað tilkynnt þeim, er samþykkis hefur leitað. Hafi samþykki eigi borist innan tveggja mánaða frá skriflegri beiðni um það, skal svo litið á, að samþykki hafi verið veitt.

□ [Synji stjórn félags um sölu eða annað framsal á hlutum getur hluthafinn krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem um ræðir. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið innan þriggja mánaða af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Félagið ber kostnað af matinu. Nú vill annar hvor aðilja ekki hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.][1]

[1] *L. 69/1989, 11. gr.*

■ **21. gr.** [Hlutabréf skulu gefin út til nafngreinds aðila.][1]

□ Hlutabréf skulu gefin út eigi síðar en ári eftir, að hlutaáskriftin er skráð, og þau má ekki afhenda, fyrr en skráning hefur farið fram og hluturinn er að fullu greiddur. [Hlutabréf][1] má aðeins afhenda þeim hluthafa, sem skráður er í hlutaskrá.

□ Í hlutabréfi skal greina:

1. Nafn, heimili og skráningarnúmer félags.
2. Númer og fjárhæð hlutar.
[3.][1] Útgáfudag hlutabréfs.

□ Ef ákvæði eru í félagssamþykktum um eftirtalin atriði, skulu þau einnig greind í hlutabréfi:

1. Þann flokk, er hlutabréf tilheyrir, ef um er að ræða skiptingu hluta í sérstaka flokka.
2. Skorður þær, sem reistar eru við heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum.
3. Innlausnarrétt, sem á hlutabréfi hvílir, eða rétt til að skipta því fyrir aðra hluti án samþykkis hluthafa.
4. Aðrar sérstakar skyldur, er hvíla á hlutum, umfram skylduna til að greiða hlutafé.

□ Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabréf. Einn þeirra að minnsta kosti skal rita nafn sitt eigin hendi.

□ [Hlutabréf getur tekið til tveggja eða fleiri hluta í sama flokki. Á slíku hlutabréfi skal tilgreina númer þess og nafnverð þeirra. Ákvæði þessarar greinar gilda að öðru leyti um slík hlutabréf. Hluthafi á þó jafnan rétt til að fá slíku hlutabréfi skipt fyrir hlutabréf sem taka til einstakra hluta.][1]

[1] *L. 69/1989, 12. gr.*

■ **22. gr.** Nú er hlutur ekki að fullu greiddur, og getur stjórn félags þá gefið út bráðabirgðaskírteini, er hljóða skal á nafn. Í bráðabirgðaskírteini skal tekið fram, að hlutabréf verði aðeins látið í té gegn afhendingu skírteinisins. Síðari greiðslur skulu skráðar á bráðabirgðaskírteinið, sé þess óskað. Einn stjórnarmaður, sem fengið hefur til þess sérstaka heimild stjórnar, getur undirritað bráðabirgðaskírteini. Að öðru leyti eiga reglur 21. gr. við um bráðabirgðaskírteini.

□ Áskriftarvottorð þau, sem um ræðir í 29. gr., skulu greina nafn félags, númer þeirra hluta, sem þeim tilheyra, svo og hlutaflokk. Reglur um undirskriftir á bráðabirgðaskírteini gilda einnig um skilríki fyrir áskriftarrétti.

■ **23. gr.** Um framsal og veðsetningu hlutabréfa gilda venjulegar reglur viðskiptabréfa, nema annað sé skýrt tekið fram í hlutabréfinu. ...[1]

[1] *L. 69/1989, 13. gr.*

■ **24. gr.** Þegar hlutafélag hefur verið stofnað, skal stjórn þess þegar í stað gera hlutaskrá. Skráin skal færð í

bók, er ráðherra löggildir. Heimilt er þó að hafa skrána í tryggu lausblaða- eða spjaldaformi.

☐ [Í hlutaskrá skulu hlutir eða hlutabréf skráð í númeraröð og skal fyrir sérhvern hlut eða hlutabréf tekið fram um nafn eiganda, heimilisfang og nafnnúmer, kennitölu eða skráningarnúmer.

☐ Taki hlutabréf til tveggja eða fleiri hluta skal hlutaskráin jafnframt geyma upplýsingar um númer slíks hlutabréfs og nafnverð þeirra.

☐ Í hlutaskrá skal enn fremur vera að finna skrá um hluthafa í stafrófsröð og sé tekin fram hlutafjáreign hvers hluthafa.][1)]

☐ Verði eigendaskipti að hlut ...[1)] og ákvæði 19. og 20. gr. eru þeim ekki til fyrirstöðu, skal nafn hins nýja hluthafa fært í hlutaskrána, þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Ennfremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags. Nú fær félag tilkynningu um framsal hlutar frá framseljanda, miðlara eða öðrum og skal þess þá getið í hlutaskrá ásamt upplýsingum um nafn og heimilisfang þess, sem talinn er vera eigandi.

☐ Þegar nafn nýs eiganda er fært í hlutaskrá, skal hlutabréfið einnig áritað um færsluna.

☐ Hlutaskrá skal ætíð vera geymd á skrifstofu hlutafélags, og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

[1)] *L. 69/1989, 14. gr.*

■ **25. gr.** Sá, er eignast hefur hlutabréf, ...[1)] getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi, nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár. [Nú er arður sendur hluthöfum eða greiddur út án framvísunar arðmiða eða hlutabréfa og telst félagið þá þrátt fyrir næsta málslið hér að framan hafa lokið arðgreiðslu ef það greiðir þeim sem á útborgunardegi er skráður eigandi hlutabréfa í hlutaskrá eða hefur á þeim degi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 15. gr.*

■ **26. gr.** Nú eiga margir hlut saman og geta þeir þá aðeins beitt réttindum sínum í félaginu með sameiginlegum umboðsmanni.

## V. kafli. Hækkun hlutafjár.

■ **27. gr.** Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutafjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, sbr. þó [35. og 37. gr.][1)] Hækkun hlutafjár má ekki ákveða, fyrr en félagið hefur verið skráð.

☐ Tillaga um hlutafjárhækkun skal liggja frammi til athugunar fyrir hluthafa og send þeim eftir þeim reglum, sem greinir í 4. mgr. 71. gr. Tillagan skal ennfremur lögð fram á hluthafafundi. Ef reikninga síðasta reikningsárs á ekki að ræða á sama hluthafafundi, skal einnig leggja fram eftirtalin gögn:

a. Eftirrit reikninga síðasta reikningsárs með áritun um afgreiðslu aðalfundar og eftirrit endurskoðunarskýrslu varðandi þessa reikninga.

b. Skýrslu stjórnar, þar sem gefnar eru upplýsingar um þau atriði, sem verulegu máli skipta um fjárhagslega stöðu félagsins og breytingum hafa tekið, eftir að reikningar voru gerðir.

c. Umsögn endurskoðenda um fyrrgreinda skýrslu stjórnar.

1978 Nr. 32 12. maí

☐ Í fundarboði til hluthafafundar, þar sem taka skal ákvörðun um hækkun hlutafjár, skulu vera upplýsingar um áskriftarrétt hluthafa eða annarra, sbr. 28. gr., ásamt upplýsingum um, hvernig þeir, er áskriftarrétt hafa, skuli bera sig að, ef þeir vilja notfæra sér áskriftarréttinn. Ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa, skal gera grein fyrir ástæðum.

[1)] *L. 69/1989, 16. gr.*

■ **28. gr.** Við hækkun hlutafjár eiga hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína. [Í hlutafélögum, sem ekki leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf milli íslenskra aðila, geta hluthafar framselt öðrum íslenskum aðilum áskriftarrétt sinn að einhverju leyti eða í heild en þó einungis að heilum hlutum. Nú notar eða framselur, sbr. 2. málsl., einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum.][1)]

☐ Í samþykktum má ákveða, að aðeins sumir hlutir hafi forgangsrétt til áskriftar.

☐ Ef um er að ræða fleiri en einn hlutaflokk, skal beita reglum samþykkta um innbyrðis áskriftarrétt flokkanna, sbr. 17. gr.

☐ Hluthafafundur getur með því atkvæðamagni, sem kveðið er á um í 76. gr., ákveðið að víkja frá þeirri reglu, er greinir í 1. mgr., enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað. Án samþykkis þeirra hluthafa, er sæta skerðingu áskriftarréttar síns, getur hluthafafundur þó ekki ákveðið meira frávik frá áskriftarrétti hluthafa en greint er í fundarboði.

[1)] *L. 69/1989, 17. gr.*

■ **29. gr.** Hver hluthafi á rétt til að fá áskriftarvottorð fyrir hvert hlutabréf, sem hann á, þar sem greini, hvers krafist sé til áskriftar að nýjum hlutum. Ef hækka á hlutafé með útgáfu jöfnunarhluta, á hver hluthafi rétt á að fá vottorð um hlutdeild sína í heildarútgáfunni.

☐ Skrá skal á hlutabréf, að áskriftarvottorð hafi verið gefin út. ...[1)]

[1)] *L. 69/1989, 18. gr.*

■ **30. gr.** Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta skal taka fram:

1. Hve mikið hækka skal hlutafé. Setja má hámark og lágmark fyrir hækkuninni.

2. Þann hlutaflokk, sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra, ef í félaginu eru eða skulu vera hlutaflokkar.

3. Forgangsrétt hluthafa eða annarra til áskriftar að hlutum eða hverjir geti ella skrifað sig fyrir hlutum.

4. Frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar og skal fresturinn miðaður við framlagningu áskriftarskrár og eigi vera skemmri en tvær vikur.

5. Frest til greiðslu hluta ásamt reglum um, hvernig skipta skuli hlutum, ef þeir, sem ekki eiga forgangsrétt, hafa skráð sig fyrir meira hlutafé en boðið er út, enda sé skiptingin ekki falin stjórninni.

6. Nafnverð hluta og útboðsgengi þeirra.

7. ...[1)]

☐ Eigi að vera hömlur á viðskiptum með hina nýju hluti eða hinir nýju hluthafar skyldir til að sæta innlausn hluta sinna, skal það tekið fram í ákvörðuninni.

□ Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar, enda sé ekki annað ákveðið í samþykkt hluthafafundar um hækkunina.

[1] *L. 69/1989, 19. gr.*

■ **31. gr.** Ef hina nýju hluti má greiða með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé, skulu reglur settar um það í ákvörðun hluthafafundar, um hlutafjárhækkunina. Ákvæði 5. gr. skulu gilda um þetta.

□ Löggiltur endurskoðandi skal gefa skýrslu um þau atriði, sem um ræðir í 1. mgr., þ. á m. sérstaklega, hvort skuldajöfnuður eða greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé sé eðlileg. Skýrsla endurskoðandans og skjöl þau, er þetta varða, skulu hafa legið frammi á skrifstofu félagsins til athugunar fyrir hluthafa minnst eina viku, áður en hluthafafundur er haldinn, og einnig vera lögð fram á fundinum.

■ **32. gr.** Áskrift nýrra hluta skal gerð á áskriftarskrá, sem félagsstjórn undirritar. Í áskriftarskrá skal greina ákvörðun hluthafafundar um hækkun hlutafjárins. Við áskrift skal leggja fram samþykktir félagsins og gögn þau, er greinir í 2. mgr. 27. gr. Ef um greiðslu hlutafjárins skal fara eftir ákvæðum 1. mgr. 31. gr., skulu gögn þau, er um ræðir í 2. mgr. 31. gr., einnig lögð fram við áskriftina.

□ [Þeim hluthöfum eða öðrum, sem hafa forgangsrétt til áskriftar, skal strax eftir ákvörðun um hlutafjárhækkun send tilkynning um hana eftir sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar, ásamt upplýsingum um nafnverð og útboðsgengi hluta þeirra er hluthafi á rétt til að kaupa, um frest til áskriftar og um greiðslukjör.][1]

□ Ef áskrift þeirra, sem samkvæmt ákvörðun hluthafafundarins hafa rétt til þess að skrá sig fyrir nýjum hlutum, fæst á hluthafafundinum að öllum hlutum, má ljúka áskrift með skráningu í gerðabók fundarins.

[1] *L. 69/1989, 20. gr.*

■ **33. gr.** Fari áskrift ekki fram eftir reglum 32. gr. eða áskrift er gerð með fyrirvara, skal beita reglum 7. gr.

■ **34. gr.** Hafi ekki fengist áskrift fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárauka, áður en áskriftarfrestur er liðinn, er niður fallin ákvörðunin um hlutafjárhækkunina og skuldbinding þeirra hluthafa, er þegar hafa skráð sig fyrir hlutum.

□ [Hafi áskrift fengist fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárauka á réttum tíma og minnst fjórðungur hans verið greiddur, að viðbættum minnst fjórðungi þess sem greiða á umfram nafnverð, skal tilkynna hlutafélagaskrá hlutafjárupphæð þá sem áskrift hefur fengist fyrir, stjórnin hefur samþykkt og ekki ógilt samkvæmt ákvæðum 16. gr. og þá fjárhæð sem þegar hefur verið greidd fyrir hlutina.][1] Ef tilkynning hefur ekki verið gerð innan árs frá því ákvörðun var tekin eða ef skráningar er synjað, eiga reglur 1. mgr. við.

[1] *L. 69/1989, 21. gr.*

■ **35. gr.** Með ákvæðum í samþykktum félags má heimila stjórninni að hækka hlutaféð með áskrift nýrra hluta.

□ [Í samþykktum skal þá taka fram um hámark þeirrar fjárhæðar sem stjórn er heimilt að hækka hlutaféð, um frest til notkunar þessarar heimildar, sem þó má eigi fara fram úr fimm árum, og um þau atriði sem um getur í 2. og 3. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr.][1] Ef heimilt er, að hækkunin sé gerð að nokkru eða öllu án greiðslu í reiðufé, skal þess getið í samþykktum.

[1] *L. 69/1989, 22. gr.*

■ **36. gr.** Breytingar á samþykktum, sem leiðir af hlutafjárhækkun samkvæmt 35. gr., má stjórnin gera, svo fremi að ekki séu í sambandi við ákvörðun um hækkun hlutafjárins gerðar aðrar breytingar á samþykktum.

□ Þeim hluthöfum, sem hafa forgangsrétt til áskriftar, skal strax eftir ákvörðun stjórnar um hlutafjárhækkun send tilkynning um það eftir sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar, ásamt upplýsingum um, hvernig þeir skuli bera sig að, ef þeir vilja nota sér forgangsrétt sinn til áskriftar.

□ Áskriftarskráin skal hafa að geyma upplýsingar þær, sem um ræðir í 2. mgr. 35. gr., ásamt ákvörðun stjórnarinnar um áskriftarfrest, greiðslu, nafnverð hluta og útboðsgengi þeirra, sbr. 4. – 6. tl. 1. mgr. 30. gr. Að öðru leyti skal við áskriftina beita reglum 29. og 31. – 34. gr., eftir því sem við á.

■ **37. gr.** Hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa getur farið fram á þann hátt, að yfirfærðar séu fjárhæðir, sem samkvæmt 107. gr. má greiða sem arð eða fjárhæðir, sem komið hafa fram vegna [færslna í endurmatsreikningi][1] samkvæmt 4. mgr. 97. gr. eða við yfirfærslu úr lögmæltum varasjóði samkvæmt 3. mgr. 108. gr.

□ Ákvörðun um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa skal greina, hve mikið hlutafé skal hækka. [Þó getur hluthafafundur veitt stjórn félags heimild til þess að ákveða útgáfu jöfnunarhlutabréfa á yfirstandandi reikningsári um fjárhæð sem nemur allt að tilteknu hámarki. Ákvæði 2. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. gilda um ákvörðunina.

□ Um breytingar á samþykktum vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa gilda ákvæði 1. mgr. 36. gr.][1]

□ Hlutafjárhækkun þessi er ekki gild, fyrr en ákvörðun hefur verið skráð.

[1] *L. 69/1989, 23. gr.*

■ **38. gr.** Séu liðin fimm ár frá skráningu hlutafjárhækkunar vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa og sá, er rétt á til slíkra bréfa, hefur ekki komið fram með kröfu um að fá bréfin afhent, getur stjórnin með tilkynningu í Lögbirtingablaði skorað á þá, er hlut eiga að máli, að sækja bréf sín innan sex mánaða. Þegar sá frestur er liðinn og hluthafi hefur ekki snúið sér til félagsins, getur stjórnin selt bréfin á kaupþingi eða opinberu uppboði á kostnað hluthafans. Söluverð bréfa þessara, að frádregnum kostnaði, skal teljast eign hluthafans, en hafi hann ekki vitjað þess innan fimm ára frá söludegi, rennur fé þetta til félagsins.

**VI. kafli. Lántaka með sérstökum skilyrðum.**

■ **39. gr.** Hluthafafundur getur ákveðið með þeim meirihluta atkvæða, sem krafist er til breytinga á samþykktum, að félagið taki skuldabréfalán, er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hluti í því. Slíkt lán má ekki nema hærri fjárhæð en helmingi hlutafjárins eins og það er á þeim tíma, þegar ákvörðun er tekin.

□ Í samþykkt hluthafafundar samkvæmt 1. mgr. skal taka fram um lánskjör og reglur um breytingu kröfunnar í hluti í félaginu. Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu

lánardrottins, ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin út ný breytanleg skuldabréf, félagi slitið, þ. á m. með samruna, áður en kröfunni er breytt í hluti. Um ákvörðunina og forgangsrétt til áskriftar gilda ákvæði 27. – 29. gr., 1. – 5. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. og 31. gr.

□ Í samþykkt samkvæmt 1. mgr. skal hluthafafundur veita stjórn félags heimild til þess að hækka hlutafé um þá fjárhæð, sem leiðir af breytingu skuldabréfanna í hluti. Í heimildinni skal taka fram um þau efni, sem greinir í 2. og 7. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr.

□ Ef fjárhæð sú, sem greidd er fyrir skuldabréf, er lægri en nafnverð þess hlutar eða hluta, sem breyta má skuldabréfinu í samkvæmt lánskjörum, má breytingin því aðeins fara fram, að mismunurinn sé greiddur félaginu eða jafnaður með frjálsu eigin fé þess.

■ **40. gr.** Samþykkt samkvæmt 39. gr. skal tilkynna innan tveggja vikna til hlutafélagaskrár. Í tilkynningu skal greina fjárhæð þá, sem hækka má hlutafé um, og innan hvaða frests breyta verður skuldabréfi í hluti.

□ Þegar frestur samkvæmt 1. mgr. er liðinn, skal stjórn félagsins þegar í stað tilkynna hlutafélagaskránni, hversu mörgum skuldabréfum hefur verið breytt í hluti. Ef fresturinn er lengri en eitt ár, skal stjórnin eigi síðar en mánuði eftir lok hvers reikningsárs tilkynna, hversu mörgum skuldabréfum hafi verið breytt í hluti á árinu. Þegar tilkynnt hefur verið um breytinguna, telst hlutafé hækkað um fjárhæð, er nemur samanlögðu nafnverði þessara hluta.

□ Breytingar á samþykktum, sem leiðir af hlutafjárhækkuninni má félagsstjórn gera.

■ **41. gr.** Hluthafafundur eða félagsstjórn að fenginni heimild hluthafafundar getur ákveðið að taka lán gegn skuldabréfum með vöxtum, sem miðast að öllu leyti eða hluta við þann arð, sem greiddur er hluthöfum, eða við árságóða, enda sé gætt ákvæða laga og fyrirmæla um vaxtaákvarðanir.

**VII. kafli. Lækkun hlutafjár.**

■ **42. gr.** Þegar frá er skilin hlutafjárlækkun eftir reglum 16. og 45. gr., má aðeins hluthafafundur taka ákvörðun um lækkun hlutafjár. Slíka ákvörðun má ekki taka, fyrr en félagið hefur verið skráð.

□ Ákvæði 2. mgr. 27. gr. gilda um ákvarðanir varðandi lækkun hlutafjár. Í ákvörðun skal taka fram þá fjárhæð, sem lækka skal hlutafé um, ásamt upplýsingum um, hvernig ráðstafa skuli lækkunarfénu, en því má ráðstafa þannig:

1. Til jöfnunar taps, sem ekki verður jafnað á annan hátt.
2. Til greiðslu til hluthafa.
3. Til afskriftar á greiðsluskyldu hluthafa.
4. Til [að leggja][1] í sérstakan sjóð, sem aðeins má nota samkvæmt ákvörðun hluthafafundar.

□ Hluthafafundur getur því aðeins tekið ákvörðun um lækkun hlutafjár í þeim tilgangi, er greinir í 2., 3. og 4. tl. 2. mgr., að stjórnin beri fram slíka tillögu eða samþykki slíka tillögu. Eftir hlutafjárlækkunina skulu vera fyrir hendi eignir, er svara a. m. k. til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

□ Ef greiða á af eignum félags hærri fjárhæð en sem nemur lækkunarfjárhæðinni, skal þess getið bæði í ákvörðuninni og áskorun samkvæmt 44. gr. ásamt þeirri fjárhæð, sem umfram er.

□ Ákvörðun um lækkun hlutafjár skal tilkynnt til hlutafélagaskrár í samræmi við reglur XVIII. kafla. Ef ekki er tilkynnt á réttum tíma, fellur ákvörðunin úr gildi.

[1] *L. 69/1989, 24. gr.*

1978 Nr. 32 12. maí

■ **43. gr.** Ef ráðstafa á allri lækkunarfjárhæðinni til jöfnunar á tapi, skal strax tilkynnt, að hlutafjárlækkun hafi farið fram. Næstu þrjú ár frá skráningu þessarar tilkynningar má ekki ákveða hærri arðgreiðslu en sem nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins árlega nema hlutafé hafi aftur verið hækkað um fjárhæð, er svarar til lækkunarinnar, eða ákvæða 44. gr. hefur verið gætt.

■ **44. gr.** Ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni að nokkru leyti eða öllu í þeim tilgangi, er greinir í 2., 3. og 4. tl. 2. mgr. 42. gr., skal, nema hlutafé hækki um leið um samsvarandi fjárhæð, [birta tvisvar][1] í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa félagsins um að tilkynna kröfur sínar til félagsstjórnar innan [tveggja mánaða][1] frá fyrstu birtingu áskorunarinnar. Svo fremi sem tilkynntar, gjaldfallnar kröfur ekki eru greiddar og sett fullnægjandi trygging fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna, má ekki framkvæma hlutafjárlækkunina. Ráðherra getur úrskurðað eftir ósk aðila, hvort framboðin trygging sé nægileg.

□ Sanni félag, að það eigi fyrir skuldum, er ráðherra heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu samkvæmt 1. mgr.

□ Með tilkynningu um lækkun hlutafjár skal, auk nauðsynlegra sönnunargagna, fylgja yfirlýsing, undirrituð af stjórn félags og endurskoðendum, um að skuldir við lánardrottna félagsins séu því ekki til fyrirstöðu, að hlutafjárlækkun geti farið fram.

□ Ef tilkynning um framkvæmd lækkunar hlutafjár hefur ekki borist innan árs frá því, að ákvörðunin var skráð, missir hún gildi sitt og tilkynning sú, sem gerð var samkvæmt 5. mgr. 42. gr., skal afmáð úr hlutafélagaskrá.

[1] *L. 69/1989, 25. gr.*

■ **45. gr.** Lækkun hlutafjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum getur farið fram samkvæmt ákvörðun stjórnar félags án áskorunar samkvæmt 44. gr., þegar ákvæðin um innlausn ásamt nánari reglum um framkvæmd hennar hafa verið sett í samþykktir félags við stofnun þess eða, sé um að ræða útgefin hlutabréf vegna hlutafjárhækkunar, í ákvörðun hluthafafundar um hækkunina.

□ Hlutafjárlækkun samkvæmt 1. mgr. má því aðeins framkvæma, að félagið eigi eftir lækkunina eignir, sem a. m. k. svara til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

**VIII. kafli. Eigin hlutabréf.**

■ **46. gr.** [Hlutafélag má aldrei sjálft eiga meira en 10% af eigin hlutafé lengur en þrjá mánuði. Eignist félagið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.][1]

□ Nú eignast dótturfélag eða tekur að veði hlutabréf í móðurfélagi þess og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

□ Hlutafélagi er óheimilt að taka eigin hlutabréf að veði til tryggingar lánum til hluthafa.

[1] *L. 69/1989, 26. gr.*

**IX. kafli. Um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd.**

■ **47. gr.** [Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn nema hluthafar séu fjórir eða færri, þá nægir að

stjórnina skipi einn eða tveir menn. Ef stjórn félags er skipuð einum eða tveim mönnum skal valinn að minnsta kosti einn varamaður.][1]

□ Hluthafafundur kýs stjórn. Í samþykktum er heimilt að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn. Meirihluti stjórnar skal þó ætíð kjörinn af hluthafafundi.

□ Ákveða má í félagssamþykktum, að stjórnendur skuli kosnir hlutfalls- eða margfeldiskosningu. Við margfeldiskosningu er gildi hvers atkvæðis í félaginu margfaldað með tölu þeirra manna, sem kjósa á, en síðan má hluthafi verja öllu atkvæðamagni sínu, hvort sem er á jafnmarga menn eða færri en kjósa skal. Ef t. d. aðeins einum manni er greitt atkvæði, er kjósa skal fimm manna stjórn, hefur hver hlutur fimmfalt atkvæðagildi.

□ Ef hluthafar, sem ráða yfir [minnst ⅕ hlutafjárins],[1] krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. [Í félögum þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri geta hluthafar, er ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, einnig gert slíka kröfu.][2] Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

□ Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma, sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal vera lokið við lok aðalfundar, í síðasta lagi 4 árum eftir kjörið.

□ Ákvæði laganna um stjórnarmenn eiga við um varamenn þeirra.

[1] *L. 69/1989, 27. gr.* [2] *L. 12/1990, 1. gr.*

■ **48. gr.** Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum. Tilkynningu þar um skal hann senda stjórn félagsins og einnig þeim, sem tilnefnt hefur hann, hafi hann ekki verið kjörinn af hluthafafundi. Sá, sem kjörið hefur eða tilnefnt stjórnarmann, getur vikið honum frá störfum.

□ Ef starfi stjórnarmanns lýkur, áður en kjörtímabili er lokið, eða hann uppfyllir ekki lengur skilyrði 50. gr. til þess að geta verið í stjórn og enginn varamaður er til þess að koma í hans stað, hvílir sú skylda á hinum stjórnarmönnunum að efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtíma hins fyrri. Ef kjörið heyrir undir hluthafafund, er þó unnt að fresta kjöri nýs stjórnarmanns til næsta aðalfundar, þar sem stjórnarkjör skal fara fram, svo fremi stjórnin sé ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum, sem eftir eru.

■ **49. gr.** ...[1]

[1] *L. 69/1989, 28. gr.*

■ **50. gr.** Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega eigi hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

□ Framkvæmdastjórar og meirihluti stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

■ **51. gr.** Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu, er þeir gerast stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar, gefa stjórninni skýrslu um hlutabréfaeign sína í félaginu og í félögum innan sömu hlutafélagasamstæðu. Þá skulu þeir síðar gefa skýrslu um kaup þeirra og sölu á slíkum hlutabréfum.

■ **52. gr.** Félagsstjórn fer með málefni félagsins og skal annast um, að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sé framkvæmdastjóri ráðinn, fara félagsstjórn og framkvæmdastjóri með stjórn félagsins.

□ Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

□ Félagsstjórn skal annast um, að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri, skal hann sjá um, að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

□ Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð.

■ **53. gr.** Þegar samstæða hlutafélaga er mynduð, skal stjórn móðurfélags tilkynna það stjórn dótturfélags. Stjórn dótturfélags skal gefa móðurfélaginu allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru varðandi mat á fjárhagsstöðu samstæðunnar og starfsemi hennar.

■ **54. gr.** [Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann í félögum sem um ræðir í 1. málsl. 1. mgr. 49. gr.][1]

□ Formaður kveður til stjórnarfunda. Fund skal og jafnan halda, ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess. Framkvæmdastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar, þótt ekki sé hann stjórnarmaður, og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

□ Um það, sem gerist á stjórnarfundum, skal haldin gerðabók, sem undirrituð skal af þeim, er fund sitja. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

[1] *L. 69/1989, 29. gr.*

■ **55. gr.** Félagsstjórn er ákvörðunarbær, þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund, svo framarlega sem ekki eru gerðar strangari kröfur í samþykktum félags. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess, að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru o. þ. h. og valinn hefur verið varamaður, skal honum veittur kostur á þátttöku í stjórnarfundum, meðan forföllin vara.

□ Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum má kveða svo á, að atkvæði formanns ráði úrslitum, þegar atkvæði eru jöfn.

■ **56. gr.** Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni, ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.

■ **57. gr.** Í samþykktum má ákveða, að auk félagsstjórnar skuli vera fulltrúanefnd. Ef fulltrúanefnd er kjörin, skal með ákvæðum í samþykktum nánar kveða á um vald hennar og starfssvið. Hluthafafundur kýs nefndina. Í samþykktum má þó ákveða, að einn eða fleiri fulltrúanefndarmenn skuli tilnefndir með öðrum hætti, en meirihluti nefndarinnar skal þó ætíð kjörinn af hluthafafundi.

□ Minnst fimm menn skulu eiga sæti í fulltrúanefnd. Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn mega ekki vera í fulltrúanefnd. Í samþykktum skulu vera nánari ákvæði um nefndina og starfstíma nefndarmanna.

□ Fulltrúanefndin skal hafa eftirlit með því, hvernig félagsstjórn og framkvæmdastjóri ráða málum félagsins, svo og láta aðalfundi í té umsögn um, hvort samþykkja beri ársreikninga félagsins og tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar. Fulltrúanefnd skal gefa skýrslu um störf sín á aðalfundi.

□ Ákvæði þau um stjórn og stjórnarmenn í 48., 50. – 51., 54. – 56., 62., 2. mgr. 100., 112. og 132. gr. eiga við um fulltrúanefnd og nefndarmenn, eftir því sem við á.

■ **58. gr.** Félagsstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félags og ritar firma þess.

□ Félagsstjórn getur veitt stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firma félagsins, svo framarlega sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykktum þess. Ákvæði 50. og 56. gr. eiga við um þá, er heimild hafa til ritunar firma og ekki eru stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar.

□ Ritunarréttinn má takmarka á þann hátt, að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun á ritunarrétti er ekki unnt að skrá.

□ Félagsstjórn getur, hvenær sem er, afturkallað heimild, sem hún hefur veitt til að rita firma félagsins.

■ **59. gr.** Framkvæmdastjóri getur ávallt komið fram fyrir hönd félagsins í málum, sem eru innan verksviðs hans samkvæmt ákvæðum 52. gr.

■ **60. gr.** Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

□ Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins, ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess, að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir.

■ **61. gr.** Ef sá, sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 58. – 59. gr., fer út fyrir heimild sína, er löggerningurinn ekki bindandi fyrir félagið, ef viðsemjandinn vissi eða mátti vita um heimildarskortinn.

■ **62. gr.** Aðalfundur ákveður árlega laun stjórnarmanna og fulltrúanefndarmanna.

□ Félagsstjórn ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra.

**X. kafli. Hluthafafundir.**

■ **63. gr.** Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélags samkvæmt því sem lög og samþykktir þess ákveða.

□ Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum.

□ Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls.

1978 Nr. 32 12. maí

■ **64. gr.** Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

□ Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en 5 ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla.

■ **65. gr.** Hver hlutur veitir atkvæðisrétt. Í félagssamþykktum má ákveða, að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi, þó ekki frekar en svo, að atkvæðagildi þeirra sé tífalt meira en atkvæðagildi annars jafnhás hlutar eða hlutafjárupphæðar.

□ Í félagssamþykktum má ákveða, að enginn geti farið með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra nema takmarkaðan hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.

□ Í félagssamþykktum má ákveða, að hluthafi, sem hefur eignast hluti með framsali, geti ekki farið með atkvæðisrétt að því er þá hluti varðar, fyrr en að liðnum ákveðnum tíma, þó ekki lengri en þrjá mánuði, eftir að hann hefur verið skráður í hlutaskrá eða tilkynnt og fært sönnur á eign sína að hlut.

□ Eigin hlutir félags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, njóta ekki atkvæðisréttar. Slíkir hlutir skulu ekki taldir með, þegar krafist er samþykkis allra hluthafa, ákveðins meirihluta alls hlutafjár eða þess, sem farið er með á hluthafafundi.

□ Óheimilt er hluthafa sjálfum, með umboðsmanni eða sem umboðsmaður fyrir aðra, að taka þátt í atkvæðagreiðslu á hluthafafundi um málsókn gegn honum sjálfum eða um ábyrgð hans gagnvart félaginu. Sama á við um málsókn gegn öðrum eða um ábyrgð annarra, ef hluthafi hefur þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kynnu að vera andstæðir hagsmunum félagsins.

■ **66. gr.** Hluthafafund skal halda á heimili félags nema félagssamþykktir kveði svo á, að fund skuli eða megi halda á öðrum stað. Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar, ef slíkt er nauðsynlegt af sérstökum ástæðum.

■ **67. gr.** Aðalfund skal halda eftir því sem félagssamþykktir ákveða, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan níu mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda.

□ Á aðalfundi skal taka ákvörðun um:

a. Staðfestingu [ársreiknings].[1)]

b. Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

c. Önnur þau mál, sem heyra undir aðalfund samkvæmt félagssamþykktum.

□ Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅕ hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðunum um málefni þau, sem greinir í a- og b-liðum 2. mgr. eða varða lausn undan ábyrgð, til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

[1)] *L. 69/1989, 30. gr.*

■ **68. gr.** Aukafund skal halda, þegar félagsstjórn eða fulltrúanefnd telja þess þörf. Boða skal til aukafundar innan 14 daga, ef kjörnir endurskoðendur eða hluthaf-

ar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, enda sé ekki lægra mark ákveðið í félagssamþykktum, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

■ **69. gr.** Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

■ **70. gr.** Félagsstjórn annast boðun til hluthafafunda.

□ Ef félagið hefur enga stjórn eða félagsstjórn lætur hjá líða að boða til hluthafafundar, sem halda skal samkvæmt lögum, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafundar, skal ráðherra láta boða til fundarins, ef stjórnarmaður, fulltrúanefndarmaður, framkvæmdastjóri, endurskoðandi eða hluthafi krefst þess. Umboðsmaður ráðherra skal stýra hluthafafundum, sem ráðherra hefur látið boða til, sbr. 3. mgr. 73. gr., og er félagsstjórn skylt að afhenda honum hlutaskrá, fundargerðabók og endurskoðunarbók félagsins. Ráðherra greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins, en félagið ber kostnaðinn endanlega.

■ **71. gr.** Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum fyrir fund og, sé ekki mælt fyrir um lengri frest í félagssamþykktum, skemmst viku fyrir fund. Sé samþykkt að fresta hluthafafundi um meira en fjórar vikur, skal boða til framhaldsfundarins. Ef gildi ákvörðunar hluthafafundar er samkvæmt félagssamþykktum háð samþykki tveggja funda, skal boðun til síðari fundarins ekki fara fram, fyrr en fyrri fundurinn hefur verið haldinn. Í því fundarboði skal greina ákvörðun fyrri fundarins.

□ Boða skal til funda með þeim hætti, sem félagssamþykktir ákveða. Boðun skal þó vera skrifleg til allra þeirra hluthafa, sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá. ...[1)]

□ Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félags, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

□ Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og [ársreikningur, ársskýrsla stjórnar][1)] og skýrsla endurskoðenda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar.

[1)] *L. 69/1989, 31. gr.*

■ **72. gr.** [Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki fundarmanna sem samtals fara með minnst 2/3 hluta atkvæða í félaginu.][1)] Þótt máls hafi ekki verið getið í dagskrá, er það því ekki til fyrirstöðu, að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál, sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

[1)] *L. 69/1989, 32. gr.*

■ **73. gr.** Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða annarra, nema félagssamþykktir kveði á um annað.

□ Formaður félagsstjórnar eða annar, sem stjórnin nefnir til, setur hluthafafund og stjórnar kjöri fundarstjóra.

□ Sé boðað til hluthafafundar samkvæmt 2. mgr. 70. gr., ákveður umboðsmaður ráðherra fundarstjóra.

□ Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, er fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

□ Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir, ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

□ Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

■ **74. gr.** Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar, skulu félagsstjórn og framkvæmdastjóri leggja fram á hluthafafundi upplýsingar um þau málefni, sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála, er ákvörðun á að taka um á fundinum. Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög innan sömu samstæðu.

□ Ef upplýsingar eru ekki tiltækar á hluthafafundi, skulu hluthafar innan fjórtán daga þar frá eiga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og einnig skulu þær sendar þeim hluthöfum, er þess hafa óskað.

■ **75. gr.** Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi, nema öðruvísi sé mælt í lögum eða félagssamþykktum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu, og ræður þá hlutkesti úrslitum, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

■ **76. gr.** [Ákvörðun um breytingu félagssamþykkta í öðrum tilvikum en þeim sem nefnd eru í 16., 36., 37. og 45. gr. skal tekin á hluthafafundi.][1)] Ákvörðun verður því aðeins gild, að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Ákvörðun skal að öðru leyti uppfylla frekari fyrirmæli, er félagssamþykktir kunna að kveða á um, auk hinna sérstöku ákvæða 77. gr.

□ Samþykkt um breyting á samþykktum hlutafélags skal tilkynnt til hlutafélagaskrár þegar í stað og eigi öðlast breytingin gildi, fyrr en hún hefur verið skráð.

[1)] *L. 69/1989, 33. gr.*

■ **77. gr.** Samþykki allra hluthafa þarf til þess, að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á félagssamþykktum verði gildar:

1. Að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða til annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta.

2. Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu.

3. Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eftir ákvæðum 19. og 20. gr. eða skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess, að um slit félagsins sé að ræða.

□ Ákvörðun um breyting á félagssamþykktum, sem skerðir rétt hluthafa til arðs eða annarrar greiðslu af

eignum félagsins án þess þó, að 1. tl. 1. mgr. eigi við, er því aðeins gild, að hluthafar, sem ráða yfir meiru en 9/10 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, gjaldi henni jákvæði.

□ Ákvörðun um breyting á félagssamþykktum, sem raska réttarsambandinu milli hluthafa, er því aðeins gild, að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jákvæði. Nú eru fleiri en einn hlutaflokkur í félaginu og er þá unnt að gera breytingu á félagssamþykktum, sem veldur röskun á réttarsambandinu milli hlutaflokkanna, ef hluthafar, sem eiga meira en 9/10 hluta hlutafjár þess hlutaflokks, er sæta skal skerðingu og farið er með atkvæði fyrir á fundi, og meira en helming þess hlutaflokks í heild, gjalda breytingunni jákvæði.

■ **78. gr.** Hluthafafundur má ekki taka ákvörðun, sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

■ **79. gr.** Hluthafi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri getur höfðað mál vegna ákvörðunar hluthafafundar, sem hefur verið tekin með ólögmætum hætti, eða brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins.

□ Mál skal höfða innan þriggja mánaða frá því, að ákvörðun var tekin, ella telst hún gild.

□ Ákvæði 2. málsgreinar eiga ekki við:

a. Þegar ákvörðunin er ólögleg, jafnvel með samþykki allra hluthafa.

b. Þegar krafist er samþykkis allra eða tiltekinna hluthafa, til þess að ákvörðun öðlist gildi, og slíkt samþykki er ekki fengið.

c. Þegar boðun til hluthafafundar hefur ekki farið fram eða reglna þeirra, sem um fundarboðun gilda, hefur í verulegum atriðum ekki verið gætt.

d. Þegar sá hluthafi, sem höfðað hefur mál, eftir að frestur sá, sem tiltekinn er í 2. mgr., er útrunninn, en þó innan tveggja ára, eftir að ákvörðun var tekin, hefur haft frambærilega ástæðu til að draga málshöfðun og beiting ákvæða 2. mgr. yrði bersýnilega ósanngjörn.

□ Nú verða úrslit í dómsmáli þau, að ákvörðun hluthafafundar telst ógild, og skal þá ómerkja ákvörðunina eða breyta henni. Breyting á ákvörðun hluthafafundar er þó einungis unnt að gera, að þess sé krafist og það sé á færi dómsins að ákveða, hvers efnis ákvörðunin hefði réttilega átt að vera. Dómur í slíku máli bindur einnig þá hluthafa, er ekki hafa staðið að málshöfðun.

□ Endurrit dóma í slíkum málum skal senda til hlutafélagaskrár og þar skráð niðurstaða þeirra, ef ástæða þykir til.

## XI. kafli. Endurskoðun og sérstakar rannsóknir.

■ **80. gr.** [Á aðalfundi skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur í samræmi við samþykktir félagsins.][1] Aðalfundur getur einnig kosið varaendurskoðendur. Í samþykktum félags má ákveða, að einn eða fleiri endurskoðendur, en ekki allir, skuli tilnefndir á annan hátt.

□ Hafi tillaga um kosningu endurskoðanda verið felld á aðalfundi og hluthafahópur, sem ræður minnst 1/5 hlutafjár, krefst þess á aðalfundi, þar sem endurskoðendur skal kjósa, skal stjórn félags fara þess á leit við ráðherra, að hann nefni til einn endurskoðanda, er starfi að endurskoðun reikninga félagsins ásamt kjörnum endurskoðendum kjörtímabil þeirra. Ef stjórn félagsins hefur ekki komið ósk þessari á framfæri innan tveggja vikna frá aðalfundi, getur hver hluthafi borið fram ósk þessa við ráðherra. Telji ráðherra nægilegar ástæður til þess að verða við óskinni, skal hann nefna til löggiltan endurskoðanda. Þóknun til þess endurskoðanda, er ráðherra tilnefnir, er háð samþykki hans og skal félagið greiða hana.

[1] *L. 69/1989, 34. gr.*

■ **81. gr.** Endurskoðendur hlutafélags skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Af endurskoðendum félags skal að minnsta kosti einn vera heimilisfastur hér á landi.

□ Endurskoðendur skulu með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins hafa þá þekkingu og reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum, sem nauðsynleg er til rækslu starfans.

□ Þegar endurskoðunarfélag er kosið til að annast endurskoðun, skal sá, sem falin er endurskoðunin, uppfylla skilyrði 81. – 83. gr.

□ Óheimilt er að kjósa samstarfsmenn eða sameigendur að endurskoðunarstofu sem endurskoðendur í sama hlutafélagi.

□ Kjósa skal einn af endurskoðendum móðurfélags sem endurskoðanda í dótturfélagi, ef þess er nokkur kostur.

■ **82. gr.** [Í hlutafélögum, þar sem hlutafé er að minnsta kosti fimmtánfalt hærra en lágmark þeirrar fjárhæðar sem þarf til að stofna hlutafélag, sbr. 1. gr., eða hafa fleiri en 100 starfsmenn (ársmenn) eða þar sem skuldir og bundið eigið fé nemur að minnsta kosti tvö hundruð sinnum hærri fjárhæð en þeirri sem þarf til að stofna hlutafélag, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.][1] Þegar ljóst er við stofnun félagsins eða upphaf rekstrar, að einhverjum framangreindum mörkum verði þegar náð, skal regla 1. málsliðar gilda frá þeim tíma, en annars skal við það miða, að skuldir og bundið eigið fé hafi náð framangreindum mörkum í ársreikningi tveggja síðast liðinna reikningsára eða starfsmenn hafi verið fleiri en 100 tvö síðast liðin reikningsár.

□ [Í félögum, þar sem engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hlutabréf milli íslenskra aðila, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.][1]

□ Í öðrum félögum getur hluthafahópur, sem ræður yfir minnst 1/5 hlutafjár, krafist þess, að kosinn verði einn löggiltur endurskoðandi. Krafa um þetta skal fram borin á aðalfundi, þar sem kjósa skal endurskoðendur.

[1] *L. 69/1989, 35. gr.*

■ **83. gr.** Endurskoðandi hlutafélags má ekki vera í stjórn eða fulltrúanefnd þess, framkvæmdastjóri þess eða starfsmaður. Eigi má hann heldur vera í þjónustu formanns stjórnar félagsins, framkvæmdastjóra þess, prókúruhafa eða þeirra starfsmanna, sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi þess eða fjármálum. Þá má endurskoðandi eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

□ Endurskoðandi hlutafélags má ekki vera í þjónustu stjórnarmanns félagsins.

□ Þann, sem ekki er hlutgengur við kosningu endurskoðanda í móðurfélagi, má ekki kjósa sem endurskoðanda í dótturfélagi.

□ Endurskoðandi má hvorki vera skuldugur félaginu né félögum í sömu samstæðu.

■ **84. gr.** Í samþykktum félags skal kveðið á um starfstíma endurskoðanda. Starfi endurskoðanda skal ljúka við lok þess aðalfundar, sem haldinn er eftir lok síðasta reikningsárs, sem endurskoðandi var kosinn fyrir, eða ef endurskoðandi er kosinn til óákveðins tíma, þá þegar annar endurskoðandi er kosinn í hans stað.

□ Endurskoðandi getur hvenær sem er sagt af sér störfum. Hann verður einnig leystur frá störfum samkvæmt ákvörðun þeirra, er kusu hann eða tilnefndu.

□ Ljúki starfi endurskoðanda, áður en kjörtímabili hans er lokið, eða uppfylli hann ekki lengur skilyrði til að vera endurskoðandi, og enginn varamaður er til að koma í hans stað, þá skal stjórnin annast um, að kosinn verði nýr endurskoðandi í hans stað eins fljótt og unnt er.

■ **85. gr.** Ef endurskoðandi er ekki kosinn eða kosning hans brýtur í bága við ákvæði 1. mgr. 81. gr., 1. og 2. mgr. 82. gr. eða 1. – 3. mgr. 83. gr. eða er andstæð ákvæðum í samþykktum félagsins, þá skal ráðherra tilnefna endurskoðanda, ef tilmæli um það koma fram frá stjórnarmanni, framkvæmdastjóra eða hluthafa.

□ Hafi á aðalfundi ekki verið sinnt kröfu um kosningu löggilts endurskoðanda skv. ákvæðum 3. mgr. 82. gr., skal ráðherra tilnefna þennan endurskoðanda, þegar tilmæli um það koma fram frá hluthafa. Tilmæli skulu borin fram í síðasta lagi einum mánuði eftir að aðalfundurinn var haldinn.

□ Tilnefning endurskoðanda skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar gildir þar til nýr endurskoðandi hefur verið kosinn í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykktir félagsins.

■ **86. gr.** Endurskoðendur skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu.

□ Ef um móðurfélag er að ræða, skulu endurskoðendur einnig endurskoða samstæðureikninginn og reikningsleg tengsl samstæðufélaganna.

□ Endurskoðendur skulu fylgja þeim kröfum, sem settar hafa verið á aðalfundi um endurskoðun, ef þær brjóta ekki í bága við lög eða samþykktir félagsins eða góða endurskoðunarvenju.

■ **87. gr.** Félagsstjórn og framkvæmdastjóri skulu veita endurskoðendum aðstöðu til að framkvæma þær athuganir, sem þeir telja nauðsynlegar. Þá skulu sömu aðilar einnig sjá til þess, að endurskoðendur fái þau gögn, þær upplýsingar og þá aðstoð, sem þeir álíta nauðsynlega til að framkvæma verk sitt. Félagsstjórn og framkvæmdastjóri dótturfélags hafa samsvarandi skyldur við endurskoðendur móðurfélags.

■ **88. gr.** Endurskoðendur skulu gera endurskoðunarskýrslu, sem leggja skal fyrir aðalfund. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnar í síðasta lagi tveim vikum fyrir aðalfund.

□ Í endurskoðunarskýrslunni skal felast yfirlýsing um, að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal fram koma skoðun endurskoðenda á því, hvort ársreikningur og samsvarandi samstæðureikningur séu samdir í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktir félagsins, svo og greinargerð um niðurstöður endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef endurskoðendur eru þeirrar skoðunar, að ekki beri að samþykkja ársreikninginn, skulu þeir taka það fram sérstaklega.

□ Séu ekki í ársreikningi þær upplýsingar, sem fram eiga að koma um rekstur félagsins og fjárhagslega stöðu þess að öðru leyti, eða ef endurskoðendur í móðurfélagi telja vanta nauðsynlegar upplýsingar um viðskipti dótturfélags, skulu endurskoðendur geta þess og gefa nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í skýrslu sinni, ef kostur er. [Ef ársskýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar, sem ber að veita, eða er ekki í samræmi við ársreikning skulu endurskoðendur vekja á því athygli í skýrslu sinni.][1] Ef endurskoðendur hafa komist að raun um við endurskoðun, að atvik liggi fyrir, sem haft geti ábyrgð í för með sér fyrir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra, skulu þeir geta þess í skýrslunni. Að öðru leyti geta endurskoðendur skýrt frá þeim atriðum í skýrslu sinni, sem þeir telja rétt, að hluthafar fái vitneskju um.

[1] *L. 69/1989, 36. gr.*



■ **89. gr.** Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók eða færa fram skriflega á annan hátt. Stjórnin varðveitir gögn þessi á öruggan hátt.

■ **90. gr.** Endurskoðendur hafa rétt til að sitja hluthafafundi félagsins.

■ **91. gr.** Endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er ekki heimilt að gefa einstökum hluthöfum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félags. Endurskoðanda, sem segir af sér starfi, er þó heimilt að tilkynna þeim endurskoðanda, sem kemur í hans stað, ástæðuna fyrir uppsögn sinni.

■ **92. gr.** Hluthafi getur á aðalfundi eða á öðrum hluthafafundi, þar sem málið er á dagskrá, komið fram með tillögu um, að fram fari rannsókn á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum bókhalds eða ársreiknings. Hljóti tillagan fylgi hluthafahóps, sem ræður yfir minnst ¼ hlutafjárins, getur hluthafi í síðasta lagi einum mánuði frá lokum fundarins, farið þess á leit við ráðherra, að hann tilnefni rannsóknarmenn. Tilmælin skal taka til greina, svo framarlega sem ráðherra telur nægilegar ástæður til þeirra. Ráðherra skal gefa stjórn félagsins og endurskoðendum þess, og þegar við á þeim, sem málið varðar, tækifæri til að láta í ljós álit sitt um kröfuna, áður en hann tekur ákvörðun sína. Ráðherra ákveður fjölda rannsóknarmanna, en meðal þeirra skulu vera bæði löggiltur endurskoðandi og lögfræðingur.

□ Ákvæði 1. mgr. 81. gr., 83. gr., 87. gr., 90. gr. og 91. gr. eiga einnig við um rannsóknarmenn, eftir því sem við á.

□ Rannsóknarmennirnir skulu gefa skriflega skýrslu til hluthafafundar. Þeir skulu fá greidda þóknun frá félaginu og skal hún ákveðin af ráðherra.

□ Skýrsla rannsóknarmanna skal liggja frammi til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins í skemmsta lagi viku fyrir hluthafafund.

**XII. kafli. [Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.][1]**

[1] *L. 69/1989, 37. gr.*

■ **93. gr.** Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár og jafnframt reikning félagasamstæðu, ef um móðurfélag er að ræða. [Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.][1]

□ Ársreikningur og samstæðureikningur skulu undirrit-

aðir af stjórn félags og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi eða samstæðureikningi, skulu þeir undirritaðir með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í [ársskýrslu stjórnar, sbr. 103. gr.],[1] hvers eðlis fyrirvarinn er.

☐ Ársreikningur, og ef við á samstæðureikningur, skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en [einum mánuði][1] fyrir aðalfund.

[1] *L. 69/1989, 38. gr.*

■ **94. gr.** Reikningsár hlutafélags skal vera tólf mánuðir. Við stofnun félags eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó ekki lengra en átján mánuðir.

☐ Félög í sömu félagasamstæðu skulu hafa sama reikningsár, nema sérstakar aðstæður gefi efni til annars.

■ **95. gr.** Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða. Ákvæði 99., 101. og 102. gr. um eignarhluta í hlutafélögum gilda einnig um eignarhluta í öðrum félögum.

☐ [Í ársreikningi skulu vera skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 102. gr.][1]

[1] *L. 69/1989, 39. gr.*

■ **96. gr.** Eignir, sem ekki eru ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ. e. veltufjármuni, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði, ef það er lægra. Veltufjármuni má þó færa á hærra verði en kostnaðarverði í þeim tilvikum, sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

■ **97. gr.** Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ. e. fastafjármuni, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði. Til kostnaðarverðs telst kostnaður við endurbætur, sem færður hefur verið sérstaklega á reikningsárinu eða eignfærður hefur verið á fyrri reikningsárum. Fastafjármuni má annars ekki, að undanteknum ákvæðum 4. og 6. mgr. þessarar greinar, færa á hærra verði en bókfært verð þeirra er í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs.

☐ Fastafjármunir, sem rýrna að verðgildi vegna aldurs, slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu árlega afskrifaðir a. m. k. um þá fjárhæð, er nemur verðrýrnuninni, nema viðkomandi eign hafi þegar verið afskrifuð nægilega. Afskrifa skal, þótt tap sé eða verði á rekstrarreikningi.

☐ Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar, og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar, ber að lækka verð viðkomandi eignar að því marki, sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

☐ Ef raunvirði fastafjármuna er verulega hærra en bókfært verð þeirra í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs, má hækka bókfært verð þeirra, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, enda sé hækkunin talin varanleg. [Þá fjárhæð, sem hækkuninni nemur, skal setja í endurmatsreikning. Í endurmatsreikning skal og gerð mótbókun við gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir. Endurmatsreikningi má aðeins ráðstafa til:

1. nauðsynlegrar niðurfærslu á öðrum fastafjármunum,
2. að mæta tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir,
3. hækkunar á hlutafé,
4. að verðbæta varasjóð, sbr. 108. gr., í samræmi við verðlagsbreytingar en þó aðeins að því marki sem svarar útgefnum jöfnunarhlutabréfum,
5. að verðbæta frjálst eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar,
6. að verðbæta þau tillög í skattalega sjóði og aðrar hliðstæðar ráðstafanir, sbr. 6. tl. 4. mgr. 101. gr., sem skylt er að verðbæta.][1]

☐ Þá lækkun fastafjármuna, sem ekki verður jöfnuð samkvæmt [lið 1][1] að framan, má jafna með sérstakri afskrift.

☐ Langtímakröfu má færa með áætluðu raunvirði, enda þótt hún hafi verið færð með lægra verði í síðasta efnahagsreikningi sem vafasöm eða verðlaus.

☐ [Ráðstöfun endurmatsreiknings í því skyni, sem um ræðir í 2., 4., 5. og 6. lið 4. málsl. 4. mgr. þessarar greinar, er heimil frá upphafi árs 1979.][1]

[1] *L. 69/1989, 40. gr.*

■ **98. gr.** Eigin hlutabréf skulu færð til frádráttar heildarhlutafé. Ef hlutabréfin hafa verið löglega keypt á síðustu tveimur reikningsárum, er heimilt að færa þau til eignar í efnahagsreikningi með verði allt að kostnaðarverði.

☐ Við mat á hlutabréfum móðurfélags í dótturfélagi skal ekki tekið tillit til verðgildis þeirra hlutabréfa, sem dótturfélag kann að eiga í móðurfélagi.

☐ Hafi félag tekið við starfsemi eða fyrirtæki og kaupverðið er hærra en raunverð hinna fengnu eigna, þá má færa það, sem umfram er, til eignar meðal fastafjármuna, ef talið verður, að um viðskiptavild sé að ræða. Viðskiptavild skal afskrifa árlega um hæfilega fjárhæð og ekki minna en nemur 10% á ári af kostnaðarverði.

☐ Færa má sem fastafjármuni kostnað við tæknilega og viðskiptalega aðstoð, rannsóknar- og þróunarvinnu, tilraunavinnslu, markaðsrannsóknir og þess háttar, ef um er að ræða verulegt og varanlegt verðmæti fyrir félagið. Árleg afskrift skal nema hæfilegri fjárhæð og ekki lægri en 20% af eignfærðum kostnaði nema við þær sérstöku aðstæður, að lægri afskrift verði talin eðlileg samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

☐ Þóknun og beinan kostnað við töku langtímalána, gengistap, svo og samsvarandi hækkun vegna verðtryggingar slíkra lána er heimilt að eignfæra og afskrifa innan lánstímans, hafi kostnaðurinn ekki verið gjaldfærður strax.

☐ Kostnað við stofnun félags eða hækkun á hlutafé má ekki eignfæra.

☐ Verðbréf, sem opinber gengisskráning er til um, má ekki færa á hærra verði en síðasta skráðu kaupverði í lok reikningsársins.

☐ Við mat á verkum, sem unnið er að fyrir aðra aðila, má telja með hluta af áætluðum hagnaði, en sýna ber fyllstu varfærni við matið.

■ **99. gr.** Efnahagsreikningur skal sýna eignir, skuldir og eigið fé félagsins í lok reikningsárs.

☐ Eftirfarandi liðir skulu sérgreindir í efnahagsreikningi. Þó skal frekari greining gerð, þar sem aðstæður gefa tilefni til þess. Víkja má frá uppsetningu þessari, að því leyti sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

1978 Nr. 32 12. maí

**A. Eignir.**

**1. Veltufjármunir.**

1.1. Sjóður.
1.2. Innstæður í bönkum o. þ. h.
1.3. Viðskiptakröfur.
1.4. Viðskiptavíxlar.
1.5. Aðrar skammtímakröfur.
1.6. Fyrirframgreiðslur.
1.7. Vörubirgðir.
1.8. Verk í vinnu.

**2. Fastafjármunir.**

2.1. Hlutabréf og stofnfé í dótturfélögum.
2.2. Hlutabréf og stofnfé í öðrum félögum.
2.3. Skuldabréf og önnur verðbréf.
2.4. Innstæður hjá dótturfélögum.
2.5. Aðrar langtímakröfur.
2.6. Fyrirframgreiðslur.
2.7. Vélar, áhöld og önnur varanleg rekstrartæki.
2.8. Skip og flugvélar.
2.9. Fasteignir.
2.10. Einkaleyfi og hliðstæð réttindi.
2.11. Viðskiptavild, sbr. 3. mgr. 98. gr.
2.12. Skipulagningarkostnaður og annar eignfærður stofnkostnaður, sbr. 4. og 5. mgr. 98. gr.

**3. Aðrar eignir.**

3.1. Hlutafjárloforð.
3.2. Eigin hlutabréf.

**B. Skuldir og eigið fé.**

**1. Skammtímaskuldir.**

1.1. Skuldir í bönkum.
1.2. Viðskiptaskuldir.
1.3. Viðskiptavíxlar.
1.4. Aðrar víxilskuldir.
1.5. Aðrar skammtímaskuldir.
1.6. Fyrirframgreiðslur.
1.7. Ógreiddur arður.
1.8. Ógreiddur tekju- og eignarskattur.
1.9. Ógreiddir aðrir skattar.

**2. Langtímaskuldir.**

2.1. Veðskuldir.
2.2. Aðrar langtímaskuldir.

**3. Bundið óskattlagt fjármagn og aðrar hliðstæðar ráðstafanir.**

**4. Eigið fé.**

4.1. Bundið eigið fé.
4.1.1. Hlutafé.
4.1.2. Lögbundinn varasjóður.
4.1.3. Endurmatssjóður.
4.2. Frjálst eigið fé.
4.2.1. Frjáls varasjóður.
4.2.2. Yfirfært til næsta árs. Ójafnað tap færist sem frádráttarliður.

☐ Í efnahagsreikningi eða í skýringum með honum skal ennfremur veita upplýsingar um:

**1. Veðsetningar.**

1.[1)] Skrá yfir veð í fasteignum félagsins.
2.[1)] Skrá yfir aðrar veðsetningar, með upplýsingum um bókfært verð veðsins.

**2. Ábyrgðarskuldbindingar.**

2.1. Víxlaábyrgðir.
2.2. Aðrar ábyrgðar- og tryggingaskuldbindingar.

[1)] *Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera „1.1." og „1.2."*

■ **100. gr.** Kröfur á eða skuldir við dótturfélög eða móðurfélög skal tilgreina sérstaklega í efnahagsreikningi. Heimilt er þó að gefa upplýsingar um fjárhæðir slíkra krafna eða skulda í texta í efnahagsreikningi eða í skýringum með honum. Á sama hátt skal gefa upplýsingar um veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar fyrir dótturfélög eða móðurfélög.

☐ Hafi félag lánað verðmæti til hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra þess, eða móður- eða dótturfélags, skal samanlögð fjárhæð þessara krafna færð sem sérstakur liður í efnahagsreikningi. Hafi félag sett veðtryggingu eða tekið á sig aðrar ábyrgðarskuldbindingar fyrir þá aðila, sem nefndir eru í þessari málsgrein, skal þess einnig sérstaklega getið í efnahagsreikningi eða í skýringum með honum.

☐ Hafi félag sett veð eða tekið á sig ábyrgðarskuldbindingar fyrir þriðja aðila, án þess að það falli undir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal tilgreina heildarfjárhæð slíkra veðsetninga eða skuldbindinga á sama hátt.

■ **101. gr.** Rekstrarreikningur skal gerður þannig, að hann gefi, með hliðsjón af rekstri félagsins, skýra mynd af því, hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast.

☐ Í rekstrarreikningi skulu heildartekjur af rekstri félagsins á reikningsárinu koma fram og skulu tekjur og gjöld sundurliðuð, eftir því sem rekstur félagsins gefur tilefni til.

☐ Meðal tekna skal sérstaklega greina:

1. [Tekjur af aðalstarfsemi.][1)]
2. Arð af hlutabréfum í dóttur- eða móðurfélagi.
3. Arð af hlutabréfum í öðrum félögum.
4. Vaxtatekjur.

[5. Tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.][1)]

[6.][1)] Hagnað, sem fram kemur við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna.

[7.][1)] [Óreglulegar tekjur.][1)]

☐ [Meðal gjalda skal sérstaklega greina:

1. Gjöld af aðalstarfsemi.
2. Vaxtagjöld.
3. Afskriftir og niðurfærslur á fastafjármunum.
4. Gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.
5. Tap sem verður við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna.
6. Óregluleg gjöld.
7. Tekjuskatt og eignarskatt reikningsársins.][1)]

☐ [Óreglulegar tekjur og gjöld samkvæmt 7. lið 3. mgr. og 6. lið 4. mgr. skal sundurliða eftir tegundum.][1)]

☐ [Víkja má frá uppsetningu þessari að því leyti sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 41. gr.*

■ **102. gr.** [Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki þar greinilega fram:][1)]

1. Eignahluta í öðrum félögum og annað áhættufé skal sundurliða. Þar skal greina nafn hvers félags, nafnverð eignahluta og bókfært verð í efnahagsreikningi.

[2. Hafi við gerð ársreiknings verið tekið tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir skal gera grein fyrir þeirri aðferð sem beitt hefur verið.][1)]

1978 Nr. 32 12. maí

[3.][1] Varanlega rekstrarfjármuni skal sundurliða. Þar komi fram kostnaðarverð hvers eignaflokks í ársbyrjun samkvæmt efnahagsreikningi fyrra árs ásamt eldri endurmatshækkunum. Þá skal greina heildarverð hækkunar og lækkunar þessara eigna á reikningsárinu ásamt afskriftum og niðurfærslum á reikningsárinu og samtölu þeirra til loka reikningsársins. Niðurstöður þessara skýringa skulu vera samanburðarhæfar við einstaka eignaliði í efnahagsreikningi og við afskriftir í rekstrarreikningi.

[4.][1] Gildandi fasteignamatsverð fasteigna og brunabótamatsverð þeirra.

[5.][1] Hafi einstakir veltufjármunir verið færðir á hærra verði en kostnaðarverði, skal það upplýst, ásamt fjárhæð mismunar.

[6.][1] Endurmatshækkun fastafjármuna, fjárhæð hennar og ráðstöfun.

[7.][1] Ef eftirlaunaskuldbinding félags er ekki færð í efnahagsreikning, skal gefa upplýsingar um hana.

[8.][1] Þegar útgefin hlutabréf eru ekki öll sömu tegundar, skal greina frá því, að hvaða leyti bréfin eru frábrugðin, og heildarfjárhæð bréfa í hverjum flokki.

[9.][1] Breytingar, sem orðið hafa á hinum ýmsu liðum eigin fjár frá efnahagsreikningi síðasta árs, skal sundurliða.

[10.][1] Ef gerðar hafa verið breytingar á mati veltufjármuna eða afskriftum fastafjármuna eða gerðar aðrar breytingar frá ársreikningi síðasta árs, sem hafa veruleg áhrif á afkomu ársins eða hafa að öðru leyti verulega þýðingu.

[11.][1] Heildarfjárhæð eigna og skulda í erlendum gjaldeyri eða þeim liðum efnahagsreiknings, sem háðir eru gengisáhættu eða verðtryggingu.

[12.][1] Ef gerðar eru verulegar breytingar á uppsetningu eða flokkun liða í rekstrarreikningi eða efnahagsreikningi, sem haft geta veruleg áhrif á möguleika til samanburðar við ársreikning síðasta árs, skal gera grein fyrir þeim breytingum.

[13.][1] Ef félagið hefur keypt eða yfirtekið eigin hlutabréf á reikningsárinu eða hlutabréf í móður- eða dótturfélagi, sbr. 46. gr., skal upplýsa um nafnverð þeirra og kaupverð og hlutfall af heildarhlutafé viðkomandi félags.

[14.][1] Hafi verið áætlaður hagnaður af verki í framkvæmd, skal það koma fram ásamt greinargerð um matið.

[15.][1] Þau atriði, sem hafa eða geta haft veruleg áhrif á skattalega stöðu félagsins, svo sem ef um heimild til yfirfærslu á rekstrartapi frá fyrri árum er að ræða eða ef sala eða önnur afhending á eignum félagsins fyrir bókfært verð gæti leitt til skattlagningar.

[16.][1] Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar, sbr. 99. gr.

[17.][1] Kröfur á eða skuldir við dótturfélög eða móðurfélög skal sérgreina, sbr. 1. mgr. 100. gr.

[18.][1] Ábyrgðarskuldbindingar vegna hluthafa, stjórnarmanna o. fl. aðila, sbr. 2. og 3. mgr. 100. gr.

[1] *L. 69/1989, 42. gr.*

■ **103. gr.** Í [ársskýrslu stjórnar sem lögð skal fram á aðalfundi][1] skal gefa, nema sérstakar ástæður séu til að ætla, að slíkt gæti skaðað félagið, upplýsingar um atriði, sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahags- eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim. Þetta á einnig við um mikilvæg atriði, sem fram hafa komið eftir lok reikningsársins.



□ Ársskýrsla skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra í þjónustu félagsins. Ágóðahluti til stjórnar og framkvæmdastjóra skal sérgreindur. [Í ársskýrslu skal upplýst um fjölda hluthafa í lok reikningsárs. Þá skal í ársskýrslu upplýst um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga að minnsta kosti tíu hundruðustu hlutafjár félagsins í lok reikningsárs. Ef atkvæðagildi hluta er hlutfallslega mismikið miðað við fjárhæð hluta skal enn fremur gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa sem ráða yfir að minnsta kosti tíu hundruðustu allra atkvæða. Við útreikning í þessu skyni telst samstæða hlutafélaga vera einn aðili.][1]

□ Stjórnin skal í ársskýrslu gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði félagsins eða jöfnun taps.

□ Í ársskýrslu móðurfélags skal veita upplýsingar um afkomu félagssamstæðunnar á reikningsárinu, ásamt upplýsingum um frjálst eigið fé hennar eða ójafnað tap.

[1] *L. 69/1989, 43. gr.*

■ **104. gr.** Í móðurfélagi skal gera samstæðureikning, sem ná skal til sama tímabils og ársreikningur þess.

□ Samstæðureikningurinn skal hafa að geyma samantekt á ársreikningum móður- og dótturfélaganna, saminn í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og með hliðsjón af öðrum ákvæðum þessa kafla. Við gerð reikningsins skal fella brott innbyrðis tekjur og ardgreiðslur milli félaga í samstæðunni svo og innbyrðis eignir og skuldir.

□ Til innbyrðis tekna telst hluti móðurfélags í tekjum af eignatilfærslum innan samstæðunnar, svo framarlega sem eignin hefur ekki þegar verið afskrifuð um samsvarandi fjárhæð í því félagi, sem aflaði hennar.

□ Ef samsetning samstæðunnar eða aðrar sérstakar aðstæður gera það að verkum að gerð samstæðureiknings er verulegum vandkvæðum bundin, má víkja frá ákvæðum þessarar greinar.

■ **105. gr.** [Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings hlutafélags, sem leggur engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, þó eigi síðar en tíu mánuðum eftir lok reikningsárs, skal staðfest endurrit hans ásamt ársskýrslu stjórnar og endurskoðunarskýrslu hafa borist til hlutafélagaskrár. Hlutafélagaskrá er heimilt að kalla eftir ársreikningum annarra hlutafélaga.][1] Með ársreikningnum skulu fylgja staðfestar upplýsingar um, hvenær hann var samþykktur og hvaða ákvörðun aðalfundur tók um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun á tapi. Móðurfélag skal ennfremur senda staðfestan samstæðureikning eða samstæðuskýrslu.

[1] *L. 69/1989, 44. gr.*

### XIII. kafli. Arðsúthlutun, varasjóðir o. fl.

■ **106. gr.** Óheimilt er að úthluta af fjármunum félagsins til hluthafa nema það fari fram eftir reglum um úthlutun arðs, sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita.

■ **107. gr.** [Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og

frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap, sem ekki hefur verið jafnað, og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa.][1] Nú nemur varasjóður ekki einum tíunda hluta af hlutafénu, og má þá ekki greiða hærri arð en sem nemur þeim hundraðshluta af greiddu hlutafé, sem svarar til vaxta á almennum sparisjóðsbókum, sbr. og 43. gr.

□ Í móðurfélagi er óheimilt að úthluta það miklum arði, að andstætt sé góðum rekstrarvenjum með tilliti til fjárhagsstöðu samstæðunnar, enda þótt arðsúthlutun sé annars heimil.

[1] *L. 69/1989, 45. gr.*

■ **108. gr.** Minnst tíu hundraðshluta þess [hagnaðar],[1] sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, skal leggja í varasjóð, uns hann nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð, skulu framlög vera minnst fimm hundraðshlutar, þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta hlutafjárins. Í félagssamþykktum er unnt að mæla fyrir um skyldu til hærri framlaga.

□ Ef félagi hefur verið greitt meira en nafnverð fyrir hluti, þegar það var stofnað eða hlutafé þess hækkað, skal fé það, sem greitt var umfram nafnverð, lagt í varasjóð, að frádregnum kostnaði af stofnun félagsins eða hækkun hlutafjárins. Einnig skal lagt í varasjóð það fé, sem félagið hefur fengið vegna sölu hlutabréfa samkvæmt 38. gr.

□ Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap, sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Nú nemur varasjóður meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins og er þá heimilt að nota upphæð þá, sem umfram er, til þess að hækka hlutafé eða, sé fyrirmæla 44. gr. gætt, til annarra þarfa.

[1] *L. 69/1989, 46. gr.*

■ **109. gr.** Hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs, eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur [um það efni].[1] Ekki má ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir.

□ [Hluthafar, sem eiga samtals minnst 1/10 hluta hlutafjárins, eiga á aðalfundi kröfu til þess, sé krafan tilkynnt félagsstjórn samkvæmt ákvæðum 69. gr., að aðalfundur taki ákvörðun um að úthluta sem arði fjárhæð sem nemur allt að fjórðungi þess sem eftir stendur af árshagnaði þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað og það dregið frá sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða sem af öðrum ástæðum er ekki unnt að úthluta sem arði. Þó er ekki unnt að krefjast þess að meiru sé úthlutað en sem nemur tveim hundraðshlutum af eigin fé félagsins.][1]

□ Gjalddagi arðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

[1] *L. 69/1989, 47. gr.*

■ **110. gr.** Ef greiðsla til hluthafa hefur farið fram andstætt ákvæðum laga þessara, skal hann endurgreiða það, sem hann hefur við tekið, með vöxtum, er séu [jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsbókum, sbr. 1. mgr. 14. gr.].[1] Þetta gildir þó ekki um úthlutun arðs, ef hluthafinn hvorki vissi né mátti vita, að greiðslan var ólögmæt.

□ Nú kemur í ljós, að féð fæst ekki endurgreitt, og skulu þá þeir, sem átt hafa þátt í ákvörðun um greiðsluna, framkvæmd hennar, í gerð eða samþykkt hinna röngu reikningsskila, bera ábyrgð eftir ákvæðum 132. – 134. gr.

[1] *L. 69/1989, 48. gr.*



■ **111. gr.** Hluthafafundur getur ákveðið að gefa af fjármunum félagsins til almenningsheilla, mannúðarmála eða í hliðstæðum tilgangi, að svo miklu leyti sem slíkt telst hæfilegt með hliðsjón af tilganginum með gjöfinni, fjárhagsstöðu félagsins svo og atvikum að öðru leyti.

□ Félagsstjórn er heimilt að verja smávægilegum fjárhæðum, miðað við fjárhagsstöðu félagsins, í sama skyni sem um getur í 1. mgr.

■ **112. gr.** Félagi er einungis heimilt gegn fullnægjandi tryggingu, og aðeins að því marki, sem eigið fé félagsins er hærra en bundið eigið fé, að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán eða setja tryggingu fyrir þá. Trygging félagsins fyrir áðurnefnda aðila er þó bindandi nema viðsemjendur vissu eða máttu vita, að tryggingin var sett andstætt framanskráðu.

□ Í gerðabók félagsstjórnar skal getið sérhvers þess láns, sem veitt hefur verið samkvæmt 1. mgr., svo og sérhverrar þeirrar tryggingar, sem sett hefur verið.

□ Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um lán til móðurfélags og tryggingu fyrir skuldbindingum móðurfélags. Ákvæðum 1. mgr. verður ekki beitt um hlutafélagsbanka.

**XIV. kafli. Félagsslit.**

■ **113. gr.** [Félagsstjórn er skylt að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta samkvæmt ákvæðum 14. gr. gjaldþrotalaga.

□ Standi eignir eftir við gjaldþrotaskipti að greiddum kröfum lánardrottna skal skiptaráðandi skipta þeim milli hluthafa í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema samþykktir félags kveði á um aðra skipan. Lögmætur hluthafafundur getur þó ákveðið að halda starfsemi félagsins áfram að fullnægðum lögmæltum skilyrðum til þess.][1]

[1] *L. 69/1989, 49. gr.*

■ **114. gr.** [Hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/5 hluta hlutafjár, geta krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

□ Sé þess krafist fyrir dómi af hálfu félagsins má í dómi ákveða að í stað félagsslita geti félagið innan frests og fyrir verð, sem ákveðið er í dóminum, leyst til sín hlutabréf þeirra hluthafa sem félagsslita hafa krafist samkvæmt 1. mgr.][1]

[1] *L. 69/1989, 50. gr.*

■ **115. gr.** [Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu ráðherra:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í lögum en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.

2. Ef hluthafar verða færri en tveir enda sé eigi úr bætt innan þriggja mánaða.

3. Ef félagið tilkynnir ekki hlutafélagaskrá um stjórn eða stjórnarmenn, sem fullnægja lögákveðnum skilyrðum, innan árs frá lokum lögmælts frests til þess eða hefur ekki framkvæmdastjóra sé þess krafist í lögum.

4. Þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar þeirra hlutafélaga, sem skila skulu ársreikningum, hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár.

5. Ef ráðherra neitar um eða fellir úr gildi löggildingu skilanefndar samkvæmt 4. – 6. mgr. 118. gr.

☐ Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu hluthafa:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í samþykktum þess en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.

2. Hafi krafa samkvæmt 1. mgr. 114. gr. verið tekin til greina með dómi.

☐ Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu félagsstjórnar hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár félagsins, samþykkt að slíta félaginu á þennan hátt eða skilyrðum 2. mgr. 117. gr. fyrir skipun skilanefndar er ekki fullnægt.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 51. gr.*

■ **116. gr.** [Er skiptaráðanda hefur borist krafa um skipti samkvæmt 1. eða 2. mgr. 115. gr. skulu um meðferð hennar gilda reglur 2. – 5. tl. 18. gr. gjaldþrotalaga.

☐ Skiptaráðandi skal kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við kröfu um að bú hlutafélags verði tekið til skipta. Sé krafan tekin til greina skal skiptaráðandi auglýsa skiptin að hætti 3. tl. 19. gr. gjaldþrotalaga þar sem greint er á hvern hátt þúið sé komið til skipta og skal kröfulýsingarfrestur vera sá sami og þar greinir, svo og réttaráhrif innköllunarinnar.

☐ Um búsmeðferð að öðru leyti skulu gilda ákvæði 20. og 21. gr., IV. – VII. og IX. – XIX. kafla gjaldþrotalaga, eftir því sem við á, og 2. mgr. 113. gr. laga þessara.

☐ Komi fram að loknum kröfulýsingarfresti að eignir félagsins muni ekki hrökkva fyrir skuldum þess getur skiptaráðandi með úrskurði kveðið svo á samkvæmt kröfu lánardrottins félagsins að með búið skuli farið sem þrotabú og gilda þá almennar reglur gjaldþrotalaga um búsmeðferð upp frá því.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 52. gr.*

■ **117. gr.** [Hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár félags, tekið um það ákvörðun á hluthafafundi að félaginu skuli slitið, og æskja þess ekki að skipti fari að hætti 3. mgr. 115. gr., skal félagsstjórn þegar láta gera efnahags- og rekstrarreikning fyrir félagið. Reikningi þessum skal fylgja álitsgerð löggilts endurskoðanda um hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

☐ Innan mánaðar frá því að hluthafafundur hefur tekið ákvörðun um félagsslit samkvæmt 1. mgr. skal haldinn nýr hluthafafundur þar sem reikningar samkvæmt 1. mgr. skulu lagðir fram. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum skal á fundinum kosin skilanefnd. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi ekki svo víst sé fyrir skuldum þess skal félagsstjórn óska eftir skiptum á búi félagsins samkvæmt 3. mgr. 115. gr.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 53. gr.*

■ **118. gr.** [Í skilanefnd skulu kosnir hlutfallskosningu hið minnsta tveir, en hið mesta fimm menn. Hluthafahópi, er ræður yfir minnst ⅓ hluta heildarhlutafjár, er rétt að ráða vali eins skilanefndarmanns.

☐ Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða löggiltur endurskoðandi.

☐ Þegar er kosin hefur verið skilanefnd skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um ákvörðun um slit félagsins og kosningu sína og óska eftir löggildingu ráðherra á starfa sínum. Er löggilding hefur fengist tekur skilanefnd við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

☐ Ráðherra er rétt að synja um löggildingu skilanefndar ef fyrirliggjandi gögn bera ekki með sér að réttilega hafi verið staðið að ákvörðun um félagsslit eða kjöri skilanefndar eða vafasamt þykir að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

☐ Óski maður, sem hlotið hefur löggildingu til starfa í skilanefnd, lausnar frá starfi sínu eða andist skilanefndarmaður áður en hún hefur lokið störfum skal skilanefnd tafarlaust tilkynna það ráðherra og boða innan eins mánaðar til hluthafafundar til að kjósa nýjan mann í hans stað. Sé ekki leitað löggildingar nýs skilanefndarmanns án ástæðulausrar tafar er ráðherra heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

☐ Telji ráðherra að ástæðulaus dráttur hafi orðið á starfi skilanefndar eða að hún hafi á annan hátt brotið skyldur sínar skal hann veita henni áminningu og frest til úrbóta. Sé málum ekki komið í rétt horf innan slíks frests er ráðherra heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

☐ Skilanefndarmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn hluthöfum og lánardrottnum félagsins allt tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 54. gr.*

■ **119. gr.** [Þegar er skilanefnd hefur verið löggilt skal hún láta birta tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu til skilanefndar innan tveggja mánaða frá því að auglýsingin birtist fyrra sinni. Réttaráhrif slíkrar innköllunar skulu vera hin sömu og við gjaldþrotaskipti á búi hlutafélags.

☐ Í auglýsingu samkvæmt 1. mgr. skal skilanefnd boða til fundar með lánardrottnum félags og hluthöfum til þess að fjalla um kröfur á hendur félaginu og skal sá fundur haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.

☐ Löggilding skilanefndar og innköllun krafna breyta ekki rétti lánardrottna til að leita fullnustu krafna sinna samkvæmt almennum reglum.

☐ Um kröfur á hendur félaginu og gagnkvæma samninga þess skulu gilda ákvæði VI. og VII. kafla gjaldþrotalaga, eftir því sem við á.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 55. gr.*

■ **120. gr.** [Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal skilanefnd gera skrá um þær kröfur sem henni hafa borist. Skal hún láta í ljós álit sitt á því hvort eða að hversu miklu leyti hún telji að viðurkenna skuli hverja kröfu. Telji skilanefnd ekki unnt að viðurkenna kröfu að öllu leyti eins og henni hefur verið lýst skal hún tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa um það á sannanlegan hátt og boða hann sérstaklega til þess fundar þar sem fjallað verður um lýstar kröfur.

☐ Komi ekki andmæli fram gegn afstöðu skilanefndar

til viðurkenningar á lýstum kröfum á fundi sem haldinn er til umfjöllunar um lýstar kröfur skal afstaða hennar teljast endanlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi.

☐ Andmæli lánardrottinn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar kröfu sinnar eða sæti krafa andmælum af hendi annars lánardrottins eða hluthafa og ekki er á fundinum leystur ágreiningur þeirra skal skilanefnd þegar í stað vísa honum til úrlausnar skiptaráðanda á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um hann.

☐ Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 111. gr. gjaldþrotalaga eftir því sem við á.

☐ Telji skilanefnd orka tvímælis að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess að loknum kröfulýsingarfresti skal hún án tafar afhenda bú þess til gjaldþrotaskipta. Skiptaráðandi skal auglýsa tvívegis í Lögbirtingablaði að búið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta en innköllun skilanefndar og kröfulýsingarfrestur samkvæmt 1. mgr. 119. gr. skal vera endanlegur við gjaldþrotaskiptin. Að öðru leyti gilda almennar reglur gjaldþrotalaga um skiptin.

☐ Sé bú hlutafélags tekið til gjaldþrotaskipta með þeim hætti er segir í 5. mgr. skal við búsmeðferð telja frestdag þann dag, sem hluthafafundur hefur ákveðið félagsslit samkvæmt 1. mgr. 117. gr., en úrskurðardag eða upphafsdag skipta þann dag sem skilanefnd hefur hlotið löggildingu ráðherra.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 56. gr.*

■ **121. gr.** [Þegar að loknum fundi samkvæmt 120. gr., og þegar nægilegum eignum félagsins hefur verið komið í verð, skal skilanefnd greiða viðurkenndar kröfur á hendur félaginu. Skal hún taka frá fé til greiðslu umdeildra krafna.

☐ Skilanefnd skal eftir þörfum boða hluthafa til fundar um tilhögun á slitum félagsins.

☐ Þegar lokið er greiðslu krafna og fé hefur verið sérgreint til greiðslu umdeildra krafna samkvæmt 1. mgr., og þegar fram er komin afstaða hluthafa til þess að hverju leyti eignum félagsins skuli komið í verð, skal skilanefndin gera frumvarp til úthlutunargerðar til hluthafa og lokareikninga félagsins. Greiðslur til hluthafa skulu vera í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins.

☐ Skilanefnd skal boða til hluthafafundar til umfjöllunar um lokareikninga og frumvarp til úthlutunargerðar. Sé frumvarpi ekki andmælt eða athugasemdir gerðar við reikninga skal skilanefnd greiða hluthöfum eða afsala þeim eignum í samræmi við frumvarpið.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 57. gr.*

■ **122. gr.** [Hafi skilanefnd ekki lokið störfum innan eins árs frá löggildingu skal hún gera ráðherra skriflega grein fyrir ástæðum þess og síðan tvívegis á ári hverju þar til hún lýkur störfum.

☐ Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar sem við gjaldþrotameðferð ætti undir lögsögu skiptaráðanda skal skilanefnd tafarlaust vísa ágreiningsefninu til úrlausnar skiptaráðanda á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 58. gr.*

■ **123. gr.** [Ef lánardrottinn eða hluthafi vitjar ekki fjár, sem í hlut hans á að koma við félagsslitin, eða ef ágreiningur um réttmæti kröfu samkvæmt 3. mgr. 120. gr. er óleystur við úthlutun skilanefndar skal skilanefnd leggja viðkomandi fjárhæð á geymslureikning við viðskiptabanka. Sé fjárins ekki vitjað innan tíu ára, eftir atvikum frá lyktum ágreinings um kröfu lánardrottins að telja, skal það renna til ríkissjóðs.

☐ Þegar skilanefnd hefur lokið úthlutun til hluthafa eða lagt fé á geymslureikninga samkvæmt 1. mgr. skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um lok starfa sinna og afhenda henni lokareikninga félagsins, úthlutunargerð sína, kvittanir þeirra, er við greiðslum hafa tekið, og skilríki fyrir geymslureikningum, svo og öll skjöl og bækur félagsins.

☐ Skilanefnd skal auglýsa í Lögbirtingablaði um lok starfa sinna og hver málalok hafi orðið.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 59. gr.*

■ **124. gr.** [Þegar lokið hefur verið greiðslu krafna á hendur félaginu eða fé til greiðslu umdeildra krafna hefur verið lagt á geymslureikning getur hluthafafundur ákveðið að starfi skilanefndar skuli lokið og að félagið taki upp starfsemi á ný ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár, eru því samþykkir. Skal tilkynna hlutafélagaskrá um samþykktina en ekki er heimilt að hefja á ný starfsemi fyrr en samþykktin hefur verið skráð og félagið fullnægir lögmæltum skilyrðum að öðru leyti.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 60. gr.*

■ **125. gr.** [Komi fram eignir félags eftir að skilanefnd hefur lokið störfum, eða verði þau málalok á ágreiningi um réttmæti kröfu lánardrottins að fé, sem lagt hefur verið á geymslureikning vegna kröfunnar, notist ekki að öllu leyti til greiðslu hennar, skal skilanefnd taka upp starf sitt á ný án innköllunar og úthluta eignum í samræmi við upphaflega úthlutunargerð sína. Um lok framhaldsskipta gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 123. gr.

☐ Sé þess ekki kostur að skilanefnd annist um framhaldsskipti samkvæmt 1. mgr. skal ráðherra beina því til skiptaráðanda á varnarþingi því sem félagið hafði að hann annist um framhaldsskiptin í stað skilanefndar.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 61. gr.*

## XV. kafli. Samruni hlutafélaga.

■ **126. gr.** Með þeirri undantekningu, sem um getur í 131. gr., hefur hluthafafundur einn vald til þess að taka ákvörðun um slit hlutafélags án skuldaskila með þeim hætti, að félagið sé algerlega sameinað öðru hlutafélagi. Þegar ákvörðun er tekin um þetta, skal gætt fyrirmæla 76. gr. auk frekari fyrirmæla, er félagssamþykktir kunna að kveða á um varðandi félagsslit eða samruna. Á hluthafafundinum skulu lögð fram drög að samningi milli félaganna og skal fylgt ákvæðum 4. mgr. 71. gr. um það. Einnig skal lagt fram endurskoðað, sameiginlegt reikningsyfirlit, er sýnir allar eignir og skuldir hvors félagsins um sig, þær breytingar, sem samruninn er álitinn hafa í för með sér, og drög að efnahagsreikningi (upphafsreikningi) þess félags, sem við tekur, eins og hann mun verða, þegar samruninn hefur farið fram.

☐ Eftir fyrirmælum 1. – 3. málsliðar 1. mgr. skal farið með hliðstæðum hætti ef hluthafafundur ákveður að framselja íslenska ríkinu eða íslensku sveitarfélagi allar eignir hlutafélags. Auk þess skal ákvæðum 128. gr. beitt með hliðstæðum hætti. Framsalið getur farið fram án þess, að gætt sé fyrirmæla 130. gr. Félagsstjórn skal

tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðunina innan viku og getur um leið tilkynnt, að félaginu sé slitið. Tilkynningu skal fylgja samningur sá, sem nefndur er í 1. mgr., og skal hann annaðhvort vera í frumriti eða staðfestu endurriti.

■ **127. gr.** Nú er ákveðið að sameina tvö eða fleiri hlutafélög og stofna þannig nýtt félag, og eiga þá ákvæði 1. mgr. 126. gr. svo og ákvæði 128. – 130. gr. við með hliðstæðum hætti. Ef kjör félagsstjórnar og endurskoðenda fer ekki fram, eftir að hluthafafundirnir hafa samþykkt sameininguna og staðfest samþykktir og efnahagsreikning (upphafsreikning) hins nýja félags, skal innan viku þar frá halda hluthafafund í nýja félaginu til þess að kjósa félagsstjórn og endurskoðendur.

□ Tilkynningar vegna sameiningarinnar skulu sendar hlutafélagaskrá innan viku frá samþykkt hennar.

■ **128. gr.** Hluthafar í því félagi eða félögum, sem sameinuð eru öðrum, er hafa greitt atkvæði gegn samruna eða sameiningu í nýtt félag, eiga kröfu á því, að hlutabréf þeirra verði innleyst, ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því, að hluthafafundurinn var haldinn. Nú hefur þess verið farið á leit við hluthafa fyrir atkvæðagreiðslu, að þeir, sem nota vilja innlausnarréttinn, gæfu til kynna vilja sinn í því efni, og er innlausnarrétturinn þá bundinn því skilyrði, að hlutaðeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á hluthafafundinum. Félagið skal kaupa hlutina af þeim á verði, sem svarar til verðmætis hlutanna og sem skal ákveðið, sé ekki um samkomulag að ræða, af matsmönnum, dómkvöddum á heimilisvarnarþingi félagsins. Hvor aðili um sig getur borið ákvörðun matsmanna undir dómstóla. Mál verður að höfða innan þriggja mánaða frá því, að mat hefur farið fram.

■ **129. gr.** Ákvörðun um samruna skal tilkynna til hlutafélagaskrár innan viku frá því, að hún var gerð. Hafi tilkynning ekki farið fram innan tveggja mánaða frá því að ákvörðunin var tekin, fellur hún úr gildi.

■ **130. gr.** Stjórn þess félags, sem sameinað er öðru, skal láta birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna félagsins um að lýsa kröfum sínum innan þriggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunar talið. Eignum félagsins skal halda aðgreindum, þar til fresturinn er útrunninn og lýstum kröfum fullnægt. Ekki þarf að halda eignunum aðgreindum, ef allir lánardrottnar samþykkja eða þeim er sett fullnægjandi trygging. Ráðherra úrskurðar eftir kröfu aðila, hvort trygging sú, sem fram er boðin, sé fullnægjandi.

□ Ef það félag, sem við eignum og skuldum tekur, verður gjaldþrota, meðan það hefur aðgreindar eignir þess félags, sem sameinað er, skulu kröfur á hendur síðarnefnda félaginu svo og kröfur fyrri hluthafa til greiðslu samkvæmt samningnum njóta forgangsréttar til greiðslu af eignum félagsins.

□ Þegar ekki er lengur skylt að halda eignum þess félags aðgreindum, sem sameinað er öðru og hluthöfum þess félags hefur verið fullnægt, skal senda tilkynningu til hlutafélagaskrár um afskráningu félagsins innan viku. Félagsstjórnir beggja félaganna skulu undirrita tilkynninguna.

□ Ef endurgjald hluthafa í því eða þeim félögum, sem sameinuð eru öðru hlutafélagi, er að öllu leyti eða hluta fólgið í hlutabréfum í síðarnefnda félaginu, skal ákvæðum 32. gr. ekki beitt um þá hækkun hlutafjár félagsins, sem við þetta verður óhjákvæmileg.



■ **131. gr.** Ef móðurfélag á meira en 9/10 hluta hlutabréfanna í dótturfélagi og fer með samsvarandi hluta atkvæðanna, geta stjórnir félaganna tekið ákvörðun um innlausn móðurfélagsins á þeim hluta hlutabréfanna í dótturfélaginu, sem ekki eru í eigu móðurfélagsins, og ákveðið, að móðurfélagið taki við öllum eignum og skuldum dótturfélagsins. Ákvæði 129. gr. og 1. – 3. mgr. 130. gr. eiga við með hliðstæðum hætti.

□ Nú næst ekki samkomulag við hluthafa þá, sem í minnihlutanum eru, um innlausnarverð, og skal það þá ákveðið af matsmönnum, sbr. 3. – 5. málsl. 128. gr.

□ Hluthafar þeir, sem í minnihlutanum eru, eiga rétt á því, að móðurfélagið innleysi hluti þeirra í dótturfélaginu. Ákvæði 2. mgr. eiga þá við með hliðstæðum hætti.

**XVI. kafli. Skaðabætur o. fl.**

■ **132. gr.** Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur hlutafélags eru skyldir að bæta hlutafélagi það tjón, er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir, þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.

□ Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess, hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

■ **133. gr.** Ákvörðun um, að félag skuli hafa uppi skaðabótakröfu, sbr. 132. gr., skal tekin á hluthafafundi.

□ Hafi hluthafafundur gert samþykkt um ábyrgðarleysi manns eða fellt tillögur um að beita fébótaábyrgð, geta hluthafahópar, sem ráða yfir minnst 1/5 heildarhlutafé félagsins, gert skaðabótakröfuna vegna félagsins og í nafni þess. Kostnaður af slíku máli er félaginu óviðkomandi. Þó geta málshefjendur krafist, að kostnaður sé greiddur af félaginu allt að þeirri fjárhæð, sem félagið fengi greidda í skaðabætur.

□ Ákvörðun hluthafafundar um ábyrgðarleysi eða um að beita ekki fébótaábyrgð er ekki bindandi fyrir þrotabú félagsins, ef félagið telst hafa verið ógjaldfært, þegar ákvörðun var tekin, eða gjaldþrotaskipti hefjast innan árs frá ákvörðuninni.

■ **134. gr.** Skaðabótamál þau, sem um ræðir í 133. gr., skal höfða, nema krafan byggist á refsiverðum verknaði:

a. Gegn stofnendum innan þriggja ára frá því, að ákvörðun um stofnun félags var tekin.

b. Gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum innan þriggja ára frá lokum þess reikningsárs, þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð.

c. Gegn endurskoðendum innan tveggja ára frá því, að endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing lögð fram.

□ Mál samkvæmt 3. mgr. 133. gr. skal höfða síðast þrem mánuðum eftir, að félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota.

**XVII. kafli. Erlend hlutafélög.**

■ **135. gr.** Ráðherra getur veitt hlutafélagi, sem á lögheimili og varnarþing erlendis, rétt til að starfa hér á landi, ef fullnægt er eftirtöldum skilyrðum:

1. Að félagið sé löglegt í heimalandi sínu.
2. Að félagið fullnægi meginskilyrðum laga þessara fyrir því að teljast hlutafélag.
3. Að íslensk hlutafélög njóti sama réttar í heimalandi erlenda félagsins.
4. Að félagið fullnægi ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér.
5. Að félagið hafi hér skrásett útibú.

■ **136. gr.** Öll lögskipti, sem leiðir af starfsemi erlends félags hér á landi, skulu lúta íslenskum lögum og lögsögu.

■ **137. gr.** Í heiti útibús erlends hlutafélags skal greina nafn og heimilisfang hins erlenda félags svo og þess getið, að um útibú sé að ræða. Ef félag eða útibú er undir forræði skilanefndar, skal þess sérstaklega getið.

■ **138. gr.** Útibússtjóri, einn eða fleiri, skal veita útibúi forstöðu. Útibússtjóri skal vera íslenskur ríkisborgari, lögráða, fjár síns ráðandi og heimilisfastur hér á landi. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðum um íslenskan ríkisborgararétt.

□ Útibússtjóri undirritar skuldbindingar útibúsins og ber ábyrgð á, að gætt sé íslenskra laga um rekstur þess. Félagsstjórn getur þó veitt prókúrumboð fyrir útibúið, enda fullnægi prókúruhafi skilyrðum 1. mgr. um útibússtjóra.

■ **139. gr.** Tilkynna skal til hlutafélagaskrár stofnun útibús erlends hlutafélags. Tilkynning skal gerð á eyðublað, sem ráðherra lætur af hendi.

□ Í tilkynningu skal greina:

1. Heiti erlenda félagsins og heimilisfang.
2. Tilgang félagsins, ef hann er annar en sá að afla ágóða til skiptingar meðal hluthafa, starfsemi félagsins, dagsetning félagssamþykkta og upphæð hlutafjár svo og hvort eða að hve miklu leyti hlutafé sé greitt. Ef hlutafé er ekki að fullu greitt, skal þess getið, hvenær greiða á eftirstöðvarnar.
3. Heiti útibús, heimilisfang, varnarþing og starfsemi útibús sérgreinda.
4. Nafn, stöðu og heimilisfang útibússtjóra og prókúruhafa svo og hverjir hafi heimild til að skuldbinda útibúið og skulu þeir sýna með eigin hendi, hvernig undirskriftum sé hagað.

□ Tilkynningu skal fylgja:

1. Embættisvottorð um, að félagið sé löglegt í heimalandi sínu.
2. Yfirlýsing félagsstjórnar, staðfest af notarius publicus, um, að félagið hlíti því, að lögskipti þess hér á landi lúti íslenskum lögum og íslenskri lögsögu.
3. Starfsumboð til handa útibússtjóra og prókúruhafa.
4. Samþykktir félagsins á frummáli og í þýðingu löggilts skjalaþýðanda.
5. Skilríki um, að útibússtjóri og prókúruhafi fullnægi skilyrðum 138. gr.
6. Ársreikningar félagsins þrjú s. l. reikningsár.

□ Útibússtjóri undirritar tilkynningu og ber ábyrgð á efni hennar og fylgiskjala.

■ **140. gr.** Útibússtjóra ber að tilkynna hlutafélagaskrá allar breytingar á því, sem skráð er, sbr. 147. gr.

□ Útibússtjóri skal senda hlutafélagaskrá ársreikninga aðalfélags og útibús innan sex mánaða frá lokum reikningsárs.

■ **141. gr.** Ef hið erlenda félag verður gjaldþrota, skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna það hlutafélagaskrá svo og skiptarétti, þar sem útibúið á varnarþing, sem tekur bú útibúsins til meðferðar og annast þær skiptagerðir, sem hér fara fram.

■ **142. gr.** Útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá:

1. Ef hið erlenda hlutafélag ákveður að leggja útibúið niður.
2. Ef þess er krafist af lánardrottni, sem sannað hefur með árangurslausri aðför eða löghaldsgerð eða með játningu útibússtjóra, að eignir félagsins hér á landi nægi ekki til greiðslu á kröfu hans.
3. Ef útibússtjóri fullnægir ekki lengur skilyrðum 138. gr. eða hverfur úr starfi. Ráðherra getur þó veitt félagi hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf að þessu leyti.
4. Ef hið erlenda félag fullnægir ekki lengur skilyrðum þeim, sem greind eru í 1. – 4. tl. 135. gr.

■ **143. gr.** Nú ber að afmá útibú úr hlutafélagaskrá, og falla þá í gjalddaga þær kröfur hérlendra lánardrottna, sem stofnast hafa vegna starfsemi útibúsins. Ef innköllun hefur ekki áður farið fram, skal skiptaráðandi, þar sem útibú var skrásett, láta birta þrisvar í Lögbirtingablaði áskorun til hérlendra lánardrottna þess um að lýsa kröfum sínum innan þriggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunar talið með sömu réttaráhrifum og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

□ Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda, að milliríkjasamningar standi því ekki í vegi.

■ **144. gr.** Útibússtjóri ber ábyrgð á skuldbindingum, sem hann stofnar til fyrir hönd útibús, eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot félagsins, sbr. 141. gr., eða um atvik, sem valda því, að útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá, sbr. 142. gr.

**XVIII. kafli. Skráning hlutafélaga.**

■ **145. gr.** Viðskiptaráðherra annast skráningu allra íslenskra hlutafélaga og útibúa erlendra hlutafélaga og heldur hlutafélagaskrá.

□ Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og skráningargjöld.[1] [Ráðherra er heimilt að veita almennan aðgang að skránni. Þó er einungis heimilt að veita aðgang að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, sbr. 19. og 20. gr.][2]

□ Tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birtingargjöldum skal senda beint til hlutafélagaskrár eða til lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem tilkynnandi á heimili. Sé tilkynning afhent lögreglustjóra, skal hann þegar framsenda hana til hlutafélagaskrárinnar, enda öðlast tilkynning ekki gildi, fyrr en við skráningu þar.

[1] *Augl. 78/1986.* [2] *L. 69/1989, 62. gr.*

■ **146. gr.** Tilkynning um stofnun hlutafélags skal greina:

1. Ákvæði samþykkta félagsins um það efni, er greinir í 1. – 3., 5. og 9. – 13. tl. 6. gr.
2. Upphæð hlutafjár og hve mikill hluti af því er greiddur. Á hvern hátt greiðsla hefur farið fram og hvenær eftirstöðvar skulu greiddar.
3. Nöfn, stöðu og heimilisföng stofnenda félagsins, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og allra þeirra, er hafa heimild til að rita félagið. Ennfremur nöfn og heimilisföng endurskoðenda. Sama gildir um varamenn.

□ Tilkynning skal undirrituð af öllum stjórnarmönnum félags og skulu undirskriftir staðfestar af notarius publicus eða tveimur vottum.

□ Tilkynningu skal fylgja:

1. Stofnsamningur, reikningsgögn þau, sem um ræðir í 3. mgr. 5. gr., svo og önnur gögn og skjöl í sambandi við stofnun félagsins.

2. Staðfest endurrit af fundargerð stofnfundar.

3. [Sönnur fyrir því að stofnendur uppfylli þau skilyrði er um ræðir í 3. gr., stjórnarmenn og framkvæmdastjóri uppfylli þau skilyrði sem um getur í 50. gr. og endurskoðendur skilyrði þau er getur í 81. gr., ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér.][1)]

□ Ráðherra getur auk þessa krafist hverra þeirra gagna og upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til þess að taka afstöðu til þess, hvort við stofnunina hafi verið farið eftir lögum og samþykktum félagsins. [M. a. getur hann krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða löggilts endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun hlutafélags varðandi greiðslu hlutafjár séu réttar.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 63. gr.*

■ **147. gr.** Breytingar á félagssamþykktum eða öðru því, sem tilkynnt hefur verið, skal tilkynna innan mánaðar, sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum. Með tilkynningu skulu fylgja sönnur fyrir lögmæti breytinga. [Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa. Ákvæði 4. mgr. 146. gr. gilda eftir því sem við á.

□ Auk tilkynninga samkvæmt 1. mgr. um breytingar á stjórn o. fl. skal í júnímánuði ár hvert tilkynna heimilisföng hlutafélaga og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, þeirra sem hafa heimild til að rita firma félagsins og prókúruhafa, miðað við 1. júní, nema ráðherra ákveði að tilkynningarnar skuli miðast við annan dag.][1)]

[1)] *L. 69/1989, 64. gr.*

■ **148. gr.** Ef tilkynningar fullnægja ekki fyrirmælum laga þessara eða samþykkta hlutafélags eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum, skal synja skráningar.

□ Nú má bæta úr göllum á einfaldan hátt með ákvörðun hluthafafundar eða samþykkt stjórnar og skal þá gefa félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins, skal synja skráningar.

□ Tilkynnanda skal skýrt bréflega frá synjun og um ástæður til hennar.

□ Nú getur skráning tilkynningar skipt þriðja aðila máli og skal ráðherra láta sjá svo um, að þeim aðila verði gert viðvart með fullnægjandi hætti.

□ Ef tilkynnandi vill ekki hlíta ákvörðunum samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar, getur hann borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan 6 mánaða frá því, að tilkynnandi fékk vitneskju um ákvörðun.

□ Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu og getur hann þá borið málið undir dómstóla, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá því, að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir þess, skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í hlutafélagaskrá og birta síðan samkvæmt 149. gr.

■ **149. gr.** Ráðherra skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess, sem skrásett hefur verið.

□ Það, sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði, skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin, að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

□ Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim, sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.



**XIX. kafli. Refsingar o. fl.**

■ **150. gr.** Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, framkvæmdastjóri, endurskoðendur, skilanefndarmenn eða útibússtjóri erlends hlutafélags skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, félagssamþykktum eða ályktunum hluthafafundar og getur þá ráðherra boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti úrskurðar[1)] undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

[1)] *Úrskurðir 149/1981 og 150/1981.*

■ **151. gr.** Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum:

1. Að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru, er það varðar, í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, í opinberu boði í þátttöku í stofnun félags eða í útboði hluta, í skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða í tilkynningum til hlutafélagaskrár.

2. Að brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um útgáfu hlutabréfa eða bráðabirgðaskírteina, um hlutaskrá, [tillög][1)] í varasjóð, úthlutun arðs og endurgreiðslu á hlutafjárframlögum.

[1)] *L. 69/1989, 65. gr.*

■ **152. gr.** Hver sá, sem vísvitandi ber út rangar frásagnir, eða með öðrum samsvarandi hætti skapar rangar hugmyndir um hag hlutafélags eða annað, er það varðar, þannig að áhrif geti haft á sölu eða söluverð hluta í félaginu, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að tveimur árum.

□ Ef sá, sem stjórnar hlutafélagi eða kemur að öðru leyti fram fyrir hönd þess, hermir vísvitandi rangt eða villandi um efnahag félags eða eignir í skjölum, bréfum til viðskiptamanna, umburðarbréfum eða tilkynningum eða skýrslum til opinberra aðila, þá varðar það sektum eða varðhaldi, enda taki ákvæði 151. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar ekki þar til.

■ **153. gr.** Sá maður skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, sem gerist sekur um eftirgreindar athafnir, að því er varðar atkvæðagreiðslu á hluthafafundi:

1. Aflar sér eða öðrum ólöglega færis á að taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ruglar atkvæðagreiðslu með öðrum hætti.

2. Leitast við með ólögmætri nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá hluthafa eða umboðsmann hans til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.

3. Kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli, að hluthafi eða umboðsmaður hans greiði ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýtist eða hefur önnur áhrif en til var ætlast.

4. Greiðir, lofar að greiða eða býður hluthafa eða umboðsmanni hans fé eða annan hagnað til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.

1978 Nr. 32 12. maí

5. Tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér eða öðrum hagnaði, til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.

■ **154. gr.** Sá, sem vanrækir tilkynningar til hlutafélagaskrár samkvæmt lögum þessum, skal sæta sektum eða varðhaldi.

■ **155. gr.** Nú hefur stjórnanda félags eða öðrum, sem komið hefur fram fyrir hönd þess, verið dæmd sekt vegna brots í starfi sínu fyrir félagið, og ber félagið þá ábyrgð á greiðslu sektar, ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki eru ákvæði í refsidómi um ábyrgð félagsins, verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því, að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

**XX. kafli. Gildistaka laganna o. fl.**

■ **156. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Ákvæði 3. mgr. 1. gr. um lágmarksfjárhæð hlutafjár öðlist gildi þegar í stað. Ákvæði XII. kafla um ársreikning taka gildi fyrir það reikningsár, sem hefst á árinu 1979. Ákvæði 82. gr. um skyldu hlutafélaga til að hafa löggiltan endurskoðanda og ákvæði 104. gr. um skyldu til að gera samstæðureikning koma til framkvæmda 1. janúar 1982.

■ **157. gr.** Ákvæði laga þessara taka til þeirra hlutafélaga, sem stofnuð hafa verið og skráð fyrir gildistöku þeirra, með þeim undantekningum, sem greinir í 158. – 160. gr.

■ **158. gr.** Ákvæði 3. mgr. 1. gr. um hlutafé og reglur II. kafla um stofnun gilda ekki um félög, sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku laga þessara, sbr. þó 160. gr.

☐ Hafi hlutafélag ekki verið skráð, er lögin taka gildi, en stofnun þess ráðin til hlítar á stofnfundi samkvæmt II. kafla laga nr. 77/1921, og er skráning þess þá heimil. Um skráningu gilda þó ákvæði 1. mgr. 11. gr. og reglur XVIII. kafla laganna, eftir því sem við á.

☐ Ef undirbúningur að stofnun hlutafélags er skemmra á veg kominn en í 2. mgr. getur, skal um stofnun þess fara að öllu leyti eftir ákvæðum laga þessara. Heimilt er þó ráðherra að veita aukna fresti til að koma stofnun félags í rétt horf, þegar svo stendur á.

■ **159. gr.** Ákvæði V. og VII. kafla taka ekki til hlutafélaga, sem löglega hafa ákveðið hækkun eða lækkun hlutafjár fyrir gildistöku laganna.

☐ Ef skilanefnd hefur verið kosin til að annast félagsslit, áður en lög þessi öðlast gildi, taka ákvæði 2. mgr. 116. gr. ekki til skilanefndarmanna.

☐ Ákvæði 135. gr. gilda ekki um útibú erlends hlutafélags, sem löglega hefur verið stofnað fyrir gildistöku laga þessara.

■ **160. gr.** Hlutafélög, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara og ekki hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta né félagsslita, skulu á fyrsta aðalfundi, eftir að lögin taka gildi, samræma félagssamþykktir sínar ákvæðum laga þessara. Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt frest í þessu skyni til næsta aðalfundar á eftir.

■ **161. gr.** Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Þrátt fyrir ákvæði XIV. kafla laga þessara skal heimilt samkvæmt skriflegri beiðni félagsstjórnar að afmá félag úr hlutafélagaskrá að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Að engin starfsemi hafi átt sér stað hjá félaginu á næstu fjórum reikningsárum áður en beiðni berst. 1978 Nr. 32 12. maí

2. Að eigi sé kunnugt um að nokkrar kröfur hvíli á félaginu.

3. Að hluthafar, er ráði yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár félagsins, lýsi því yfir að þeir ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn greiðslu á öllum kröfum sem kunna að koma fram á hendur félaginu eða í tengslum við slit þess.

☐ Beiðni samkvæmt 1. mgr. skulu fylgja staðfest endurrit ársreikninga og staðfest endurrit skattframtala fyrir sama tímabil og í 1. tl. 1. mgr. greinir. Þá skal og fylgja ítarleg greinargerð um hvernig eignum félagsins verði ráðstafað til hluthafa ef beiðni verður tekin til greina. Öll útgefin hlutabréf með óslitinni framsalsröð til núverandi hluthafa skulu þeir, sem ábyrgðaryfirlýsingar gefa, einnig afhenda með beiðni eða færa fram aðra óyggjandi sönnun fyrir hlutafjáreign sinni.

☐ Telji ráðherra fullnægt skilyrðum til þess skal félagið afmáð úr hlutafélagaskrá með sömu réttaráhrifum og ef því hefði verið slitið samkvæmt almennum reglum. Skal auglýst í Lögbirtingablaði að félagið hafi verið afmáð úr hlutafélagaskrá og hverjir þeir hluthafar séu sem gengið hafi í ábyrgð fyrir kröfum samkvæmt framansögðu.

☐ Ákvæði þetta skal falla niður að liðnum fjórum árum frá gildistöku laga þessara.][1)]

[1)] *L. 69/1989, ákv. til bráðab.*

**Lög um heimild til sölu hlutabréfa í Íslensku matvælamiðstöðinni hf. til erlendra aðila.** 1977 Nr. 17 7. maí

■ **1. gr.** Íslensku hluthöfunum í Íslensku matvælamiðstöðinni hf. skal heimilt að selja breskum aðilum öll hlutabréf sín í félaginu, enda skuldbindi hinir bresku kaupendur sig til að félagið stundi engan atvinnurekstur á Íslandi og til að slíta félaginu eigi síðar en 1981.

**Lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.** 1988 Nr. 19 5. maí

■ **1. gr.** Lög þessi taka til sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðherra samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af forseta Íslands eða konungi fyrir gildistöku laga þessara, sbr. þó 2. mgr.

☐ Undanskildir lögum þessum eru þó þeir sjóðir og stofnanir sem stofnað er til með lögum, ákvörðunum Alþingis eða milliríkjasamningum enda þótt skipulagsskrá þeirra sé staðfest.

■ **2. gr.** Stofnfé sjóðs eða stofnunar skal vera 300 000 kr. hið minnsta miðað við lánskjaravísitölu þá sem í gildi er við gildistöku laganna og breytist síðan árlega í samræmi við þá vísitölu í janúarmánuði. Skal dómsmálaráðherra auglýsa árlega lágmarksupphæð. Heimilt skal þó ef sérstakar ástæður þykja mæla með að stofnfé nemi lægri upphæð.

☐ Í skipulagsskrá skal greina stofnfé og hvaðan það er runnið, svo og hvert skuli vera markmið sjóðs eða stofnunar og hvernig fé skuli varið til að ná þeim markmiðum. Þá skal greina skýrt hvernig stjórn sjóðs eða stofnunar skal skipuð og hver bera skuli ábyrgð á fjárvörslu.

☐ Dómsmálaráðherra skal halda skrá um alla sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og nefnist hún sjóðaskrá.

1988 Nr. 19 5. maí

□ Staðfestar skipulagsskrár og breytingar á þeim skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

■ **3. gr.** Sá sem ábyrgð ber á sjóði eða stofnun skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins eða stofnunarinnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðs eða stofnunar hefur verið ráðstafað á því ári.

□ Stjórn sjóðs eða stofnunar skal jafnframt tilkynna sjóðaskrá hverjir skipi stjórn hverju sinni.

□ Ríkisendurskoðun skal halda skrá yfir heildartekjur og gjöld svo og eignir og skuldir allra skráðra sjóða og stofnana, svo og athugasemdir sínar við framlagða reikninga. Skal færa nýjar upplýsingar í skrána eftir því sem þær berast. Aðgangur að upplýsingum í skránni er öllum frjáls og skal láta í té afrit af henni til þeirra sem eftir því leita.

■ **4. gr.** Hafi skýrsla og reikningur sjóðs eða stofnunar eigi borist í eitt ár eða reikningsskil reynast ófullkomin getur dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum Ríkisendurskoðunar, falið lögreglustjóra að rannsaka fjárreiður sjóðsins eða stofnunarinnar og taka í sína vörslu skjöl og eignir. Skal lögreglustjóri hafa fjárvörsluna á hendi þar til dómsmálaráðherra hefur skipað málum á annan veg.

□ Kostnað, sem leiðir af rannsókn á fjárreiðum og vörslu sjóðs, má leggja á viðkomandi sjóð eða stofnun eftir mati dómsmálaráðherra og í samráði við Ríkisendurskoðun.

■ **5. gr.** Eigi má selja eða veðsetja fasteignir sem eru eign sjóðs eða stofnunar, nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Áður en tekin er afstaða til umsóknar um veðsetningu eða sölu slíkrar fasteignar skal leitað umsagnar Ríkisendurskoðunar.

■ **6. gr.** Nú hafa þjóðfélagshættir og aðstæður breyst svo mjög frá því að skipulagsskrá sjóðs eða stofnunar var staðfest að markmiðum þeim, sem skipulagsskrá gerir ráð fyrir, verður eigi náð eða stjórn verður ekki skipuð samkvæmt ákvæðum hennar og er dómsmálaráðherra þá heimilt að breyta skipulagsskrá. Við slíka breytingu skal þess gætt að fara eftir óskum stofnenda svo sem unnt er. Ef unnt er skal fá samþykki stjórnar sjóðs eða stofnunar til breytinganna.

□ Eftir sömu reglum og greinir í 1. mgr. er dómsmálaráðherra heimilt að sameina tvo eða fleiri sjóði eða stofnanir í einn sjóð eða stofnun. Þá er dómsmálaráðherra heimilt að leggja niður staðfestan sjóð eða stofnun en eignum skal varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum.[1)]

□ Áður en breytt er staðfestri skipulagsskrá, sjóðir eða stofnanir sameinaðar eða lagðar niður skal ætíð leita umsagnar Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun getur einnig átt frumkvæði að því að tekin verði afstaða til aðgerða samkvæmt framansögðu.

[1)] *Sbr. augl. 16/1990.*

■ **7. gr.** Dómsmálaráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um efni og gerð skipulagsskráa og önnur atriði sem varða framkvæmd laga þessara. Má í því sambandi og í samráði við Ríkisendurskoðun setja nánari reglur um samstarf dómsmálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar eftir því sem þurfa þykir.

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989. Jafnframt falla þá úr gildi lög um eftirlit með opinberum sjóðum, nr. 20 20. maí 1964.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Dómsmálaráðherra skal láta gera skrá um þá sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri fyrir gildistöku laga þessara. Jafnframt skal kannað hvort eigi er ástæða til að breyta gildandi skipulagsskrám eða sameina sjóði eða stofnanir eða leggja niður. Skal þessu verki lokið fyrir árslok 1991.

1988 Nr. 19 5. maí

**Lög um ráðstöfun á Minningarsjóði Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum.**

1970 Nr. 26 20. apríl

■ **1. gr.** Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum er hér með felld úr gildi. Jafnframt er heimilt að greiða stjórn Félags Gautlandaættar allt fé sjóðsins til þess að heiðra minningu gefandans með útgáfu niðjatals og minningarrits.

**Lög um breyting á skipulagsskrá nr. 79 18. sept. 1929 fyrir minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll.**[1)]

1972 Nr. 21 27. apríl

[1)] *Um texta laganna vísast til Stjtíð. A 1972, bls. 36 – 37.*

**Lög um Fjárfestingarfélag Íslands h. f.**

1970 Nr. 46 6. maí

■ **1. gr.** Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heitir Fjárfestingarfélag Íslands h. f. Hlutverk félagsins skal vera að efla íslenzkan atvinnurekstur og örva til þátttöku í honum með því að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum og veita þeim fjárhagslega fyrirgreiðslu og beita sér fyrir nýjungum í atvinnumálum. Í samræmi við þennan tilgang skal félaginu heimilt, meðal annars:

1. Að vera frumkvöðull að stofnun, endurskipulagningu og sameiningu atvinnufyrirtækja.
2. Að kaupa, eiga og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og skuldabréf þeirra.
3. Að greiða fyrir útgáfu hlutabréfa og skuldabréfa atvinnufyrirtækja með beinni og óbeinni þátttöku í útboðum og annarri dreifingu á þeim.
4. Að útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja, sem félagið tekur þátt í eða beitir sér fyrir.
5. Að taka þátt í rannsóknum á atvinnunýjungum og tilraunum með þær og hafa milligöngu um öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra.
6. Að annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu við stofnun og rekstur atvinnufyrirtækja.

■ **2. gr.** Heimili félagsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.

■ **3. gr.** Forgöngu um stofnun félagsins hafa Verzlunarráð Íslands, Félag íslenzkra iðnrekenda, Samband íslenzkra samvinnufélaga og þeir aðilar, sem samtök þessi kveðja til. Öllum skal gefinn kostur á að gerast hluthafar með almennu hlutafjárútboði.

■ **4. gr.** Hlutafé félagsins skal eigi vera minna en 80 milljónir króna.

□ Einkabönkum er heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í félaginu, án tillits til gagnstæðra ákvæða laga um þessar stofnanir, svo og opinberum sjóðum í landinu að áskildu samþykki ríkisstjórnar. Skal stofnunum þessum jafnframt heimilt að vera fullgildir stofnendur að félaginu.

■ **5. gr.** Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir, og skulu þar sett nánari ákvæði um félagið og starf-

**1970** Nr. 46 6. maí

semi þess. Samþykktir félagsins skulu háðar samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

■ **6. gr.** Fjárfestingarfélag Íslands h. f. skal [til ársloka 1982][1] njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 11 29. marz 1961.

[1] *L. 39/1979, 1. gr.*

# V. f. Hlutaréttindi.

**1281 Jónsbók.**

**Kaupabálkr.**

**Kap. 20. Ef menn tveir eða fleiri eigu einn grip saman.**

Alla þá gripi er menn eigu saman, hvárt sem þat er akr eða teigar, hús eða aðra hluti, þá er skipti fær á komit, þá skal sá skipti ráða er skipta vill ... En þar sem tveir menn eða fleiri eigu einn grip saman, þann eigi fær skipti á komit svá at eigi verði skaði af, eða þann er annarr vill gagn af hafa, en annarr órækir eða má eigi, bjóði þeim fyrst er til móts eigu við hann. Nú vilja þeir eigi kaupa, þá hluti, hverr kaupa skal, ok leysi sá er hlýtr eptir því sem ... skynsamir menn meta, eða seli hverjum er hann vill, ok lúki þeim sinn hluta verðs. Vilja þeir eigi við taka, hafi at ósekju þar til er hinir heimta ok ábyrgist sem sitt fé ...

**Þjófabálkr.**

**Kap. 14. Um fund, ef maðr finnr fémætt.**

Ef maðr finnr fjárhlut manns ok hefir eigandi glatat, þá skal hann lýsa fyrir mönnum. ... Nú skal maðr í ljósi fé hafa ok nýta sér, ok þó at eigandi komi þá eptir er slitit er, þá bætir hann engu fyrir. En sá er sér kallar, hann skal hafa til tveggja skilríkra manna vitni, at þat er hans fé ..., þá lætr hinn at lögum laust, ellar eignast hann. Nú fara fleiri menn at götu saman ok finnr sá fund er fyrstr gengr, þá eigu þeir allir saman ok þeir er eptir fara. Ekki eigu þeir í er um ganga. Nú fara menn á skipi saman ok finna fund þann er fjár er verðr, þá skulu þeir skipta at jafnaði sín á milli.

**1966** Nr. 19 6. apríl

**Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.**

■ **1. gr.** Enginn má öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum á landi hér, hvort sem er fyrir frjálsa afhendingu eða nauðungarráðstöfun, hjúskap, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sé fullnægt, sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera íslenzkur ríkisborgari.

2. Ef fleiri menn eru í félagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir allir vera íslenzkir ríkisborgarar.

3. Ef félag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða, ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera íslenzkir ríkisborgarar.

4. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenzkir ríkisborgarar. Í hlutafélögum skulu ⅘ hlutar hlutafjár vera eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

☐ Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1. – 4. tölulið segir, og er ráðherra þá rétt að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

☐ Ákvæði laga þessara ná til hvers konar afnotaréttar fasteigna, þar á meðal veiðiréttar og vatnsréttinda, að því leyti sem lög láta eigi öðruvísi um mælt.[1]

[1] *Sjá l. 58/1967.*

**1966** Nr. 19 6. apríl

■ **2. gr.** Eigi verður krafizt afsals á eign eða réttindum, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sé áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, enda á kaupandi þá rétt til að fá þegar endurgoldið það, er hann kann að hafa greitt.

■ **3. gr.** [Nú er beiðst þinglýsingar á skjali, er varðar afhending eigna, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og er eigi sannað, að leyfis sé aflað. Skal þá synja þinglýsingar, uns sönnur eru færðar á að leyfi sé veitt.][1]

[1] *L. 43/1978, 1. gr.*

■ **4. gr.** Nú hefur ráðherra ...[1] fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlazt réttindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því að fá rift kaupunum (2. gr.) eða með því að láta réttindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár. [Ákvörðun sinni um þetta efni lætur ráðherra þinglýsa á varnarþingi fasteignar svo fljótt sem unnt er.][2]

[1] *L. 43/1978, 2. gr.* [2] *L. 43/1978, 3. gr. Þar segir: „4. gr. 2. málsgr. orðist svo:" Á væntanlega við 4. gr. 3. ml.*

■ **5. gr.** Nú hefur aðili eigi sýnt fullt skilríki fyrir því, að málið sé komið í löglegt horf, áður en fresturinn er útrunninn, og lætur ráðherra þá selja eignarréttinn eða afnotaréttinn á nauðungaruppboði á kostnað fasteignareiganda og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er réttindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, eftir því sem við á. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum birt fasteignareiganda í stað skuldunauts, og sé hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sé enginn þar fyrir, þá næstu grönnum. Eigandi fær borgaðan þann hlut uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

■ **6. gr.** Nú er eigandi fasteignar eða afnota hennar í hjúskap, en hitt hjóna fullnægir ekki skilyrðum laga þessara til að mega öðlast þess konar eignarrétt eða afnotarétt, og skal eignarrétturinn þá vera séreign hans, sem ekki verður skert með kaupmála. Við slit á fjárfélagi eða búskipti telst eignarrétturinn til hjúskapareignar, nema kaupmáli standi til annars. Um málið fer síðan eftir ákvæðum 7. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

■ **7. gr.** Nú erfir maður eignarrétt yfir fasteign eða afnotarétt, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sérstöku leyfi, og skal skiptaráðandi

**1966** Nr. 19 6. apríl

þá gera ráðherra viðvart. Fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

■ **8. gr.** Nú verður sú breyting á, að maður, er öðlast mátti réttindi yfir fasteign án þess að fá leyfi samkv. 1. gr., missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

■ **9. gr.** Nú hefur erlendur ríkisborgari fengið leyfi það, er getur í 1. gr., og skal honum þá skylt ef hann er eigi sjálfur heimilisfastur hér á landi, að hafa umboðsmann heimilisfastan í þinghá eignarinnar, og skal hann vera fyrirsvarsmaður eiganda í öllum málum, er eignina varða, svo að jafngilt sé sem hann hefði það sjálfur gert, og skal dómara í þeirri þinghá skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og það þinglesið. Að öðrum kosti nefnir dómarinn honum umboðsmann á hans kostnað, er hann sé bundinn við, og lætur þinglesa og skrá það umboð.

■ **10. gr.** Nú á maður, er lög þessi öðlast gildi, réttindi, sem um ræðir í 1. gr., með lögmætum hætti samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 63 28. nóvember 1919, og raskast þau réttindi þá ekki við breytingu þessara laga á reglum þeirra laga um þetta efni.

■ **11. gr.** [1. – 10. gr. laga þessara taka eigi til annarra ríkja, að því er varðar rétt yfir fasteignum til afnota fyrir sendiráðsskrifstofur og bústaði forstöðumanna sendiráða eða fasteignum, sem þau ríki eignast til íbúðar fyrir aðra starfsmenn sendiráða sinna.

□ Kaupsamninga eða afsöl fyrir fasteignum, sem um ræðir í 1. mgr., skal leggja fyrir dómsmálaráðuneytið og öðlast gerningurinn eigi gildi fyrr en ráðuneytið hefur samþykkt hann með áritun sinni.][1)]

[1)] *L. 30/1980, 1. gr.*

■ [**12. gr.** Lög þessi taka eigi til þegna annarra ríkja, að því leyti sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að.][1)]

[1)] *L. 30/1980, 2. gr.*

## 1953 Lög um bæjanöfn o. fl.

Nr. 35 18. febr.

■ **1. gr.** Hvert býli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa skal nafn hafa. Í kaupstöðum og kauptúnum eða þorpum skulu hús auðkennd með götunafni og númeri. Þó er eiganda húss heimilt að auðkenna hús sitt jafnframt með öðru nafni, svo og að gefa húsi sínu nafn, þar sem svo hagar til, að húsið verður eigi auðkennt með götunafni og númeri, sbr. þó 6. gr.

■ **2. gr.** Ráðherra skipar 5 manna nefnd, er nefnist örnefnanefnd. Hún skal auk eftirlits og tillagna um býlanöfn hafa á hendi eftirlit með nafnsetningu á landabréfum þeim, sem gefin eru út að tilhlutun ríkisins, og vera ráðuneytinu til leiðbeiningar og aðstoðar um önnur málefni, er varða hvers konar staðarnöfn hér á landi.[1)]

[1)] *Augl. 218/1963 (Surtsey). Augl. 243/1973 (Eldfell).*

■ **3. gr.** Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna eða þorpa, þeim, er talin eru í fasteignabók 1942, má eigi breyta nema með leyfi ráðherra, að fengnum tillögum örnefnanefndar (sbr. 5. gr.).

■ **4. gr.** Eigi má taka upp nafn á nýbýli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa, nema með leyfi ráðherra, að fengnum tillögum örnefnanefndar.

■ **5. gr.** Vilji eigandi breyta nafni býlis síns samkvæmt 3. gr. eða taka upp nafn á nýbýli sínu samkvæmt 4. gr., skal hann senda örnefnanefnd beiðni um það. Í beiðninni skal hann skýra frá ástæðum til þess, að farið er fram á, að hið eldra nafn býlisins verði lagt niður, og þeim ástæðum, er ráðið hafa vali umsækjanda á hinu nýja nafni. Sé hið nýja nafn dregið af staðháttum, skal þeim lýst í umsókninni, hvort sem um er að ræða nafn á nýbýli eða nafn á býli, sem eigandi vill breyta um nafn á. Umsókninni skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarrétt umsækjanda á býlinu. Breytingar á nafni býlis skal ekki leyfa, nema alveg sérstaklega standi á, svo sem býlið eigi samnefnt við annað lögbýli í sama [héraði][1)] eða því um líkt. Við upptöku nýnefna skal gæta þess, að fylgt sé þeim venjum, sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi. Ekki mega nafngiftir leiða til samnefna á fasteignum í sama [héraði][1)] né nafna, sem eru svo lík öðrum nöfnum á fasteignum í [héraðinu],[1)] að hætt sé þess vegna við nafnabrenglum.

□ Nú þykir örnefnanefnd betur fara að breyta nafni á býli, annaðhvort af því að það er samnefnt öðru býli í sama [héraði][1)] eða svo líkt, að hætta getur verið á mistökum, eða nafnið er málskrípi eða sérstaklega óþjált, og er þá rétt að hún hlutist til um að fá nafninu breytt til betri vegar.

[1)] *L. 108/1988, 54. gr.*

■ **6. gr.** Nú vill eigandi húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi gefa húsi sínu nafn samkvæmt 1. gr. eða breyta nafni á því, og skal hann þá afhenda til þinglýsingar yfirlýsingu sína um nafn hússins. Í yfirlýsingunni skal eignin skilgreind svo nákvæmlega, að eigi geti verið vafi á, við hvaða eign er átt. Yfirlýsingunni skal fylgja skilríki fyrir eignarrétti þess manns, er yfirlýsinguna gefur, að eigninni, svo og meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar með nafninu. Þinglýsingarvaldsmanni skal heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt. Eigi má taka upp nafn, sem önnur fasteign í sama kaupstað, kauptúni, þorpi eða sýslufélagi hefur áður fengið með löglegum hætti.

■ **7. gr.** Nú myndast þéttbýli – þorp – í landi einhverrar jarðar eða jarða, og er þá rétt, að [sveitarstjórn][1)] sæki um það til örnefnanefndar að fá lögfest nafn á því, enda geri hún þá jafnframt tillögur um nafnið og lýsi staðháttum, eftir því sem ástæða er til (sbr. 5. gr.).

[1)] *L. 108/1988, 55. gr.*

■ **8. gr.** Örnefnanefnd skal svo fljótt sem henni er mögulegt, eftir að henni hafa borizt beiðnir um nafnfesti á býlum eða þorpum eftir 5. og 7. gr. senda ráðherra rökstuddar tillögur um málið. Nú telur ráðherra nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, og gefur hann þá út leyfisbréf til nafntökunnar. Nú telur örnefnanefnd ekki rétt að lögfesta nafn, sem um er beðið á nýbýli, og skal hún þá tilkynna það umsækjanda og jafnframt benda honum á þrjú nöfn, sem hann megi velja á milli á býli sitt. Hafi umsækjandi ekki innan sex mánaða valið eitt þeirra eða nýtt nafn, sem nefndin fellst á, og tilkynnt það örnefnanefnd, sendir örnefnanefnd öll gögn viðvíkjandi málinu til ráðherra, og úrskurðar hann, hvert nafn býlið skuli fá, og gefur út fyrir því leyfisbréf. [Leyfisbréfið sendir ráðherra þinglýsingardómara til þinglýsingar og skal dómari skýra þinglýstum veðhöfum frá nafnbreytingunni, ef þeir eru kunnir.][1)] Eigi má taka við skjölum til þinglestrar viðvíkjandi fasteign, sem hefur ekki fengið viðurkennt nafn samkvæmt lögum þessum. Sýslumaður

**1953** Nr. 35 18. febr.

**1953** Nr. 35 18. febr.

innheimtir lögboðið þinglestrargjald hjá eiganda býlisins. Birta skal árlega í B-deild Stjórnartíðindanna skrá um nöfn þau, sem leyft hefur verið að taka upp á árinu.[2] Svo skal og, er lög þessi hafa tekið gildi, birta skrá yfir nöfn þau, er leyfð hafa verið á eldri býlum og ekki eru talin í fasteignabók 1942 og ekki hafa þegar verið birt.

[1] *L. 22/1978, 1. gr.* [2] *T. d. augl. 59/1971, 454/1976, 473/1977, 674/1980, 810/1981, 805/1982, 820/1983, 501/1984, 481/1985, 524/1986 og 584/1987.*

■ **9. gr.** Ákvæði 5. og 8. gr. gilda einnig um nöfn á nýbýlum, sem tekin hafa verið upp og ekki eru talin í fasteignabók 1942. Eigendur skulu hafa sótt um nafnleyfi á slíkum býlum innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara.

■ **10. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum ...[1] er renna í ríkissjóð. Skulu lögreglustjórar og hreppstjórar hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt.

□ Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

[1] *L. 10/1983, 70. gr.*

**1976** Nr. 94 20. maí

## Lög um skráningu og mat fasteigna.

### I. kafli. Markmið, skilgreiningar og söfnun skráningaratriða.

■ **1. gr.** Halda skal skrá um allar fasteignir í landinu þar sem fram komi upplýsingar um eiginleika eignanna og rétt til þeirra. Hverja fasteign skal meta til verðs eftir því sem næst verður komist á hverjum tíma og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

□ Skráin skal vera tæk til skýrsluvélavinnslu sem gerir mögulega frekari úrvinnslu þeirra skráningar- og matsupplýsinga sem skráin geymir.

■ **2. gr.** Fasteign skv. lögum þessum telst vera annað tveggja:

1. Land, þ. e. hver sá skiki lands sem vegna sérgreinds eignar- eða afnotaréttar, hagnýtingar, auðkenna eða landamerkja getur talist sjálfstæð eind.

2. Mannvirki, þ. e. hvert það mannvirki sem gert hefur verið í landi eða á eða verið við það tengt, með hliðsjón af þeim rétti til lands sem mannvirkinu fylgir.

□ Ef um er að ræða sérgreindan eignarrétt eða sérstaka notkun einstakra hluta mannvirkja, sem eðlilegt er að skoða sem sjálfstæðar eindir, skal samkvæmt lögum þessum farið með slíka eignarhluta sem fasteignir, enda liggi skipting og eignarhlutföll fyrir í þinglýstum heimildum.

■ **3. gr.** Skráning skv. 1. gr. á fasteignum skv. 2. gr. skal fela í sér nýjustu upplýsingar, sem á hverjum tíma eru tiltækar og fasteignina varða, auk nauðsynlegra greinitalna hverrar fasteignar. Setja skal í reglugerð ákvæði um söfnun og skráningu upplýsingaatriða svo og um helstu skrár gefnar út á grundvelli þeirra.

■ **4. gr.** Upplýsingar skv. 3. gr. skulu skráðar og skráningu þeirra breytt þegar landsstærðir breytast, notkun lands breytist, svo sem við gerð lóðarsamnings eða úthlutun lóðar, en ella á byggingartíma mannvirkis, þegar mannvirki er tekið í notkun og loks þegar mannvirki er breytt eða eytt.

□ Upplýsingar skulu einnig skráðar við eignaskipti eða breytingu á notkun eignar svo og umráðum eignar, sbr. 12. gr. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þ. á m. um hve oft fasteignir skuli skoðaðar af Fasteignamati ríkisins.

■ **5. gr.** Skráningaraðila er heimilt að höfðu samráði við viðkomandi stjórnvöld að takmarka söfnun og skráningu upplýsinga um einstakar eignir eða tegundir eigna séu eignir þess eðlis að slík upplýsingasöfnun er erfið og/eða þjónar ekki opinberum hagsmunum.

□ Fasteignamati ríkisins ber að annast gerð og samræmingu hvers konar greinitalnakerfa sem notuð eru um fasteignir við skráningu þeirra, þar með talin gerð staðgreinitölukerfis (matrikel) sem taki til landsins alls. Heimilt er að skylda fasteignaeigendur til að sjá um auðkenningu fasteigna samkvæmt greinitalnakerfi Fasteignamats ríkisins.

### II. kafli. Skipulag og stjórn.

■ **6. gr.** [Gerð og viðhald þeirrar skráningar, sem um ræðir í lögum þessum, annast sérstök ríkisstofnun sem nefnist Fasteignamat ríkisins. Stofnunin starfar á ábyrgð fjármálaráðuneytisins og undir umsjón þess. Fasteignamat ríkisins er A-hluta stofnun skv. lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

□ Ráðherra hefur heimild til að fela öðrum opinberum aðilum, þ. m. t. einstökum sveitarfélögum eða samstarfsstofnunum þeirra, skráningu fasteigna skv. lögum þessum, eða einstaka þætti hennar, ef slík breyting þykir hagkvæm.

□ Þrátt fyrir ákvæði 19. greinar er ráðherra heimilt að fela einstökum sveitarfélögum eða samstarfsstofnunum þeirra að annast tiltekin störf til undirbúnings að mati fasteigna skv. IV. kafla laga þessara. Í því tilviki skal gætt ákvæða 9. greinar laga þessara, eftir því sem við getur átt.][1]

[1] *L. 27/1980, 1. gr.*

■ **7. gr.** Fasteignamat ríkisins starfar undir stjórn forstjóra sem ráðherra ræður til starfsins. Ráðherra ræður fast starfsfólk að fenginni umsögn forstjóra en forstjóri ræður starfsfólk til tímabundinna starfa og kaupir sérfræðilega aðstoð eftir því sem nauðsyn ber til og heimildir fjárlaga hverju sinni segja til um. Hann ákveður einnig innra skipulag stofnunarinnar að fengnu samþykki ráðherra.

■ **8. gr.** Við Fasteignamat ríkisins skal starfa ráðgefandi nefnd þeirra aðila sem nýta eða nýtt geta skrána við starfsemi sína. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar af einn þeirra tilnefndur af Reykjavíkurborg, og einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: Brunabótafélagi Íslands, Hús- og landeigendasambandi Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Landmælingum Íslands, Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Skipulagsstjórn ríkisins.

□ Fasteignamat ríkisins getur veitt fleiri aðilum rétt til þátttöku í störfum nefndarinnar eftir því sem henta þykir.

□ Ráðgjafarnefnd skv. þessari grein er vettvangur fyrir umræður um hvað eina sem varðar starfsemi Fasteignamats ríkisins. Nefndin gerir tillögur og ábendingar, eftir því sem henni þykir við þurfa, til forstjóra og ráðuneytis um viðfangsefni skrárinnar og lausn þeirra.

□ Fundi í ráðgjafarnefnd skal að jafnaði halda ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Nefndin kýs sér sjálf formann til tveggja ára í senn. Formaður kallar nefndina saman og stýrir fundum. Forstjóri Fasteignamats ríkisins skal sitja fundi nefndarinnar.

**1976** Nr. 94 20. maí

**III. kafli. Framkvæmd fasteignaskráningar.**

■ **9. gr.** Viðkomandi sveitarstjórn er ábyrg fyrir að Fasteignamati ríkisins berist upplýsingar um lönd og lóðir og breytingar á þeim, svo og um öll mannvirki, sem gerð eru í umdæmum þeirra hvers um sig, og um breytingar á þeim og eyðingu þeirra.

□ Sveitarstjórn skal að jafnaði fela byggingafulltrúa viðkomandi sveitarfélags upplýsingagjöf um fyrrgreind atriði. Þar sem byggingafulltrúar eru ekki starfandi skal sveitarstjórn fela upplýsingagjöfina öðrum aðila í hendur að fengnu samþykki Fasteignamats ríkisins. Eigendum fasteigna er skylt að veita þær upplýsingar um fasteignir sem um er beðið.

□ Fasteignamat ríkisins kveður á um form, efni og tímasetningu þessarar upplýsingagjafar. Byggingafulltrúar eða aðrir, sem sveitarstjórn hefur falið upplýsingagjöf skv. 2. mgr., eru ábyrgir fyrir að upplýsingar séu efnislega réttar.

□ Sveitarstjórn getur lagt fyrir þá aðila, sem leggja teikningar og önnur gögn fyrir bygginganefnd, að skila þeim einnig í því formi sem Fasteignamat ríkisins ákveður.

□ Fasteignamat ríkisins getur leyst sveitarstjórnir undan ábyrgð skv. 1. mgr. á upplýsingasöfnun um einstakar tegundir fasteigna og lagt hana á aðra aðila, enda er opinberum stofnunum, sem slíkum upplýsingum safna á sínu verksviði, skylt að leggja Fasteignamati ríkisins til þær upplýsingar.

□ Fasteignamat ríkisins sendir hverju sveitarfélagi árlega skv. nánari ákvörðun í reglugerð skrá með nægum upplýsingum um fasteignir til að gengið verði úr skugga um að aðilar skv. 2. mgr. hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni.

■ **10. gr.** Fasteignamati ríkisins ber að hafa frumkvæði að samræmingu á gagnasöfnun um atriði, sem snerta fasteignir, og koma í veg fyrir tvíverknað í því efni.

■ **11. gr.** Fasteignamat ríkisins getur, hvenær sem það telur þörf á, látið endurskoða upplýsingar sem fyrir liggja um einstakar fasteignir, einstakar tegundir fasteigna eða fasteignir á tilteknum svæðum.

□ Slík endurskoðun skal jafnan fara fram ef sýnt er að upplýsingar í fasteignaskrá gefa ekki rétta lýsingu á fasteign eða fasteignum sem um ræðir.

□ Eigandi fasteignar eða annar aðili, sem telur sig eiga hagsmuna að gæta í lýsingu fasteignar eða mati, getur krafist endurskoðunar skv. 1. mgr. Séu þessir hagsmunir að mati stofnunarinnar svo miklir að réttlæti endurskoðun skal sú endurskoðun fara fram svo fljótt sem við verður komið.

□ Breyting á fasteignaskrá, hvernig sem til hennar er stofnað, skal tilkynnt skráðum eiganda fasteignar bréflega strax og slík breyting hefur verið gerð.

■ **12. gr.** Eigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til Fasteignamats ríkisins um breytingar á umráðum yfir skráðri eign sinni samkvæmt fasteignaskrá. Við eigendaskipti er fyrrverandi eigandi ábyrgur fyrir tilkynningu um þá breytingu.

□ Fasteignamat ríkisins kveður á um form og efni slíkra tilkynninga og er eigendum skylt að veita allar þær upplýsingar sem um er beðið.

□ Þinglýsingardómurum er við þinglýsingu afsala skylt að ganga úr skugga um, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt, og hlutast til um gerð tilkynningar og sendingu ef þess gerist þörf. Fasteignasölum er einnig skylt í starfi sínu að stuðla að gerð slíkra tilkynninga og sendingu. Fasteignamati ríkisins er heimill aðgangur að skattframtölum til að sannreyna upplýsingar um fasteignir eða afla þeirra.

□ Fasteignamati ríkisins er heimilt að undirbúa og gefa út staðlaðar gerðir afsala, kaupsamninga og leigusamninga um fasteignir og fasteignaréttindi þar sem samrit viðkomandi skjals er sjálfkrafa fullnægjandi tilkynning til fasteignamatsins.

■ **13. gr.** Fasteignamati ríkisins ber að safna gögnum eftir föngum og vinna úr þeim yfirlitsupplýsingar um gangverð fasteigna við kaup og sölu og breytingar á því. Eftir því sem við verður komið skulu niðurstöður þessara rannsókna birtar almenningi jafnóðum.

■ **14. gr.** Fasteignamat ríkisins veitir þeim, er þess óska, upplýsingar úr skránni og er jafnframt heimilt að veita þjónustu um úrvinnslu á þeim.

□ Verðlagning þessarar þjónustu skal miðast við endurheimtu kostnaðar Fasteignamats ríkisins, að því marki sem fjárlög á hverjum tíma gera ráð fyrir. Við verðlagningu þjónustu til sveitarfélaga skal tekið sérstakt tillit til upplýsingasöfnunar þeirra, sbr. 9. gr.

■ **15. gr.** Opinberir aðilar, ríkisstofnanir, ríkisfyrirtæki, sveitarfélög og allar stofnanir þeirra skulu í öllum viðskiptum og í hvers konar verðmætisviðmiðunum nota upplýsingar fasteignaskrárinnar sem grundvöll viðskipta sinna eftir því sem við getur átt.

**IV. kafli. Fasteignamat og framkvæmd þess.**

■ **16. gr.** Eftirtaldar eignir eru undanþegnar fasteignamati:

1. Vegir, götur og torg í eign ríkisins eða sveitarfélaga, sem ætluð eru almenningi til umferðar án endurgjalds, ásamt tilheyrandi landssvæðum og mannvirkjum í þágu samgangna, svo sem brúm, ljósastólpum, götuvitum, umferðarskiltum, vegvísum, gjaldmælum og biðskýlum.

2. Hvers konar svæði í eign ríkis eða sveitarfélaga, sem ætluð eru til fegrunar í þágu almennings og til umferðar eða dvalar án endurgjalds.

3. Rafveitur, þ. á m. línur til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum. Meta skal eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir aflstöðvar og spennistöðvar, og þær lóðir er þau standa á.

4. Vatnsveitur, þ. á m. brunnar, geymar og dælubúnaður. Skólpveitur, þ. á m. skólpleiðslur og hreinsibrunnar.

5. Uppfyllingar og dýpkanir til hafnarbóta ásamt bryggjum og hafnargörðum, ef höfn er eign hafnarsjóðs, skv. hafnalögum nr. 45/1973,[1] eða ríkis og sveitarfélaga. Land á hafnarsvæði, sem ekki er í beinum tengslum við hafnargerðina, er ekki undanþegið mati né heldur dráttarbrautir, þurrkvíar eða önnur slík mannvirki, þótt í eign framangreindra aðila sé.

6. Flugbrautir flugvalla í eign opinberra aðila ásamt brautarljósum og öðrum búnaði flugbrauta, svo sem aðflugs- og lendingartækjum, og enn fremur þau landssvæði umhverfis flugbrautir, sem eru ónýtanleg vegna flugumferðar.

7. Lönd, er í samræmi við gildandi reglur hafa verið



1976 Nr. 94 20. maí

ákveðin greftrunarstaðir manna, ásamt mannvirkjum, sem eru í beinum tengslum við það markmið.

8. Fjarskiptavirki í eign opinberra aðila, en meta skal þó eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir fjarskiptavirki, svo og lóðir eða lönd, sem fjarskiptavirki eða hús yfir þau standa á.

9. Vitar.

10. Ráðherra getur í reglugerð undanþegið ákveðnar fasteignir eða tegundir fasteigna fasteignamati.

[1] *Nú l. 69/1984.*

■ **17. gr.** Skráð matsverð fasteignar skal vera gangverð umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í nóvembermánuði næst á undan matsgerð, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma.

□ Sé slíkt gangverð sambærilegra eigna ekki þekkt skal skráð matsverð ákveðið eftir bestu fáanlegri vitneskju um sambærilegt gangverð með hliðsjón af kostnaði við gerð mannvirkja, aldri þeirra, legu eignar með tilliti til samgangna, nýtingarmöguleikum, hlunnindum, jarðvegsgerð, gróðurfari, náttúrufegurð og öðrum þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif á gangverð eignarinnar.

□ Bújarðir skulu metnar miðað við notkun þeirra til búskapar á meðan þær eru nýttar þannig.

□ Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um mat fasteigna.

■ **18. gr.** Við ákvörðun matsverðs skv. 17. gr. skal eftir föngum finna tölfræðilega fylgni gangverðs við ýmsar staðreyndir um seldar eignir, s. s. stærð, gerð, búnað, stað o. s. frv., og sennilegt gangverð ákvarðað með útreikningum á grundvelli þeirra vísbendinga.

□ Huglægu, órökstuddu mati skal ekki beitt nema engra annarra kosta sé völ um ákvörðun matsverðs.

□ Ákvæði skulu sett í reglugerð um aðferð við útreikning staðgreiðsluvirðis miðað við mismunandi greiðslukjör við kaup og sölu.

■ **19. gr.** Fasteignamat ríkisins annast mat fasteigna samkvæmt lögum þessum.

□ Fasteignamat ríkisins skal leitast við að tryggja samræmingu í matsstörfum og samræmingu upplýsinga sem máli skipta við framkvæmd mats. Þá er Fasteignamati ríkisins heimil útvegun sérfræðilegrar aðstoðar við mat eigna eftir því sem þörf krefur.

□ Fasteignamati ríkisins er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að ráða trúnaðarmenn í einstökum kjördæmum, er annist mat og/eða skoðun fasteigna. Ef til kemur skal í reglugerð setja nánari ákvæði um ráðningu og starfssvið trúnaðarmanna.

■ **20. gr.** Fasteignamat ríkisins skal hlutast til um að allar nýjar eða breyttar eignir, sem upplýsingar berast um skv. 9. gr., skuli metnar frummati innan tveggja mánaða frá því að upplýsingar um þær bárust Fasteignamati ríkisins nema sérstakar ástæður hamli.

□ Fasteignamati ríkisins er heimilt að höfðu samráði við hlutaðeigandi stjórnvöld að meta ásláttarmati eignir sem eru þess eðlis að venjulegt mat er erfitt og/eða þjónar ekki opinberum hagsmunum.

■ **21. gr.** Aðili, sem verulega hagsmuni getur átt í matsverði eignar og sættir sig ekki við skráð mat skv. 19. og 20. gr., getur krafist nýs úrskurðar Fasteignamats ríkisins um matið. Krafa um endurmat skal vera skrifleg og studd rökum og nauðsynlegum gögnum.

□ Nýtt matsverð skal þegar skráð í fasteignaskrá og gildir með þeim almennu breytingum sem á því geta orðið, sbr. 22. gr., þar til því er hrundið með nýju mati eða yfirmati.

□ Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sá sem krefst endurmats beri kostnað af því mati ef krafan er bersýnilega tilefnislaus.

■ **22. gr.** Fasteignamati ríkisins er heimilt, sé þess krafist af hálfu fjármálaráðuneytisins eða sveitarfélags, að taka til endurmats einstakar tegundir eigna eða eignir í tilteknum hverfum, sveitarfélögum eða landshlutum, með gildistöku frá þeim tíma sem Fasteignamat ríkisins ákveður, ef það telur matsverð ekki í samræmi við gangverð eins og til er ætlast samkvæmt lögum þessum. Endurmat einstakra eigna skal fara fram eftir ákvæðum 21. gr.

■ **23. gr.** Yfirmat fasteigna annast yfirfasteignamatsnefnd fyrir landið allt.

□ [Nefndina skipar fjármálaráðherra þremur mönnum og þremur til vara úr hópi tíu manna, sem Hæstiréttur tilnefnir. Skipunartími nefndarinnar skal vera frá 15. maí til jafnlengdar að þremur árum liðnum.][1]

□ Kostnaður við yfirmat greiðist úr ríkissjóði. Yfirfasteignamatsnefnd getur þó gert eiganda fasteignar að greiða kostnað vegna tilefnislausrar kæru til nefndarinnar.

[1] *L. 28/1983, 1. gr.*

■ **24. gr.** Hagsmunaaðilar skv. 21. gr. geta kært niðurstöðu endurmats samkvæmt þeirri grein til yfirfasteignamatsnefndar. Kæra skal vera skrifleg og studd rökum og nauðsynlegum gögnum. Um meðferð máls fyrir nefndinni, framlagningu gagna eða málflutning fer eftir ákvörðun nefndarinnar.

□ Nefndin skal úrskurða slíkt mál innan þriggja mánaða frá kæru nema sérstök heimild fyrir frestun sé veitt af hálfu ráðuneytisins. Niðurstaða kærumáls skal þegar tilkynnt aðila þess og nýtt matsverð þegar skráð í fasteignaskrá.

□ Úrskurður yfirfasteignamatsnefndar er fullnaðarúrskurður.

■ **25. gr.** Nú varðar mat eða yfirmat á tiltekinni fasteign starfsmann Fasteignamats ríkisins, sem mat framkvæmir, eða yfirmatsnefndarmann, maka hans, skylda menn honum eða tengda að feðgatali eða niðja, kjörbarn hans eða kjörforeldri, fósturbarn eða fósturforeldri, og skal hann þá víkja sæti, þegar mat fer fram, og annar settur í hans stað.

■ **26. gr.** Yfirfasteignamatsnefnd ber í nóvembermánuði ár hvert að ákveða framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins á grundvelli gagna sem Fasteignamat ríkisins safnar og vinnur úr, sbr. 13. gr. Gerir Fasteignamat ríkisins tillögur um slíka framreikningsstuðla eftir því sem yfirfasteignamatsnefnd óskar eftir. Stuðlar þessir geta verið misjafnir, til hækkunar eða lækkunar fyrir mismunandi tegundir eigna, byggðahverfi, sveitarfélög eða landshluta, eftir mati nefndarinnar.

□ Ef eignir í einstökum sveitarfélögum verða fyrir verulegum og óvenjulegum verðbreytingum hefur hlutaðeigandi sveitarstjórn umsagnarrétt áður en yfirfasteignamatsnefnd tekur ákvörðun skv. 1. mgr.

**1976** Nr. 94 20. maí

□ Skráðu matsverði fasteigna skal breytt í fasteignaskrá í samræmi við ofangreinda stuðla og skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 1. desember til jafnlengdar næsta ár nema sérstakt endurmat komi til.

■ **27. gr.** Ráðherra getur með reglugerð[1] sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Áður en slík reglugerð er sett skal um hana leitað umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

[1] *Rg. 406/1978, sbr. 95/1986 (um fasteignaskráningu og fasteignamat).*

■ **28. gr.** Um brot gegn ákvæðum laga þessara skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum nema þyngri refsing komi til samkvæmt öðrum lögum.

■ **29. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 29. apríl 1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu. Umboð yfirfasteignamatsnefndar skv. lögum nr. 28/1963 fellur niður við gildistöku laganna svo og umboð millimatsmanna skv. 22. gr. laga nr. 28/1963, þó svo, að þeir skulu skila gögnum fyrir árið 1976 eftir því sem Fasteignamat ríkisins ákveður. Þá eru stöður við Fasteignamat ríkisins, sem ekki eru uppsegjanlegar með 3 mánaða fresti eða skemmri, lagðar niður frá gildistökudegi laganna, sbr. 14. gr. laga nr. 38/1954.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** Fasteignamat samkvæmt aðalmati 1970, með þeim breytingum sem á því hafa verið gerðar lögum samkvæmt, gildir þar til því er breytt samkvæmt ákvæðum þessara laga.

■ **II.** Fasteignamat ríkisins tekur við öllum eignum og gögnum sem nú eru í vörslu fasteignamatsins í Reykjavík eða utan Reykjavíkur, þar með talin hvers konar kerfisgögn og forrit vegna vélavinnslu fasteignaskrár.

■ **III.** Jafnhliða framkvæmd 4. mgr. 12. gr. laganna skal Fasteignamat ríkisins búa fasteignaskrá sína svo úr garði að flytja megi skrásetningu réttinda yfir fasteignum, sem nú fer fram við þinglýsingu, inn í fasteignaskrá þegar slík breyting þykir tímabær. Því til undirbúnings er Fasteignamati ríkisins heimilt að gera og gefa út staðlaðar gerðir skuldabréfa með veði í fasteignum sem falla mundu að slíku nýju skráningarkerfi eignar- og veðréttar á fasteignum.

■ **IV.** Nú vinnst eigi tími til skráningar einstakra hluta fasteigna í landinu, sbr. 2. mgr. 2. gr., fyrir 1. nóvember 1976 og skal Fasteignamati ríkisins þá heimilaður frestur til að ljúka þeirri skráningu til 1. nóvember 1977.

■ **V.** Áður en nýtt fasteignamat tekur gildi hinn 1. desember 1976, sbr. 3. mgr. 26. gr., skal fara fram endurskoðun á ákvæðum gildandi laga sem fasteignamat hefur áhrif á, þannig að samþykkt þessara laga valdi ekki breytingum á gjöldum af fasteignum.

■ [**VI.** Yfirfasteignamatsnefnd skv. 23. gr., eins og henni er breytt með lögum þessum, skal í fyrsta sinn skipuð frá 15. maí 1983. Skipun fyrri nefndar fellur niður frá og með þeim degi.][1]

[1] *L. 28/1983, 2. gr.*

**1919** Nr. 41 28. nóv.

## Lög um landamerki o. fl.

### I. kafli. Um gerð landamerkja, merkjalýsing og viðhald.

■ **1. gr.** Þar sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sé við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrétti eða lendu. Með sama hætti skal og setja merki um lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða utan kaupstaða og löggiltra kauptúna, ef skipt land fylgir þeim, svo og um aðrar lendur eða landhluta, sem skipt er úr landi jarðar.

□ Skylt er mönnum, er lönd þeirra liggja saman, að leggja vinnu og efni til merkjagerða, en eigi nær sú skylda lengra en til að gera merki glögg.

□ Nú skilur menn á um það, hversu hver skuli leggja til merkjagerðar, og skulu þá úttektarmenn skera úr. Nú rís ágreiningur um merkjagerð, og er sitt land í hvorum hreppi, en þó í sama lögsagnarumdæmi, og nefnir sýslumaður þá 2 lögráða, valinkunna og óhlutdræga menn til að skera úr. Ef lönd liggja í sínu lögsagnarumdæmi hvort, þá skal sýslumaður (bæjarfógeti) í hvoru þeirra nefna sinn manninn hvor, en ef þá greinir á, nefnir ráðherra oddamann.

■ **2. gr.** Eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skal gera glöggva skrá um landamerki, eins og hann veit þau réttust. Skal þar og getið ítaka og hlunninda í land það, svo og þeirra ítaka og hlunninda, er því landi fylgja í lönd annarra manna. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi. [Skal hann athuga, hvort allir aðilar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess í skránni. Hann skal þegar í stað senda sýslumanni skrána til þinglýsingar.][1]

□ Nú hefir merkjaskrá verið löglega gerð og þinglesin áður en lög þessi koma til framkvæmdar, og þarf þá eigi að gera hana að nýju, enda séu merki þau glögg og ágreiningslaus, er þá voru sett.

[1] *L. 77/1978, 1. gr.*

■ **3. gr.** Eiganda lands, eða fyrirsvarsmanni þess, er skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segir um merkjagerð. Ef ágreiningur verður um hluttöku í viðhaldi landamerkja, fer um hann samkvæmt reglum, sem í 1. gr. getur.

■ **4. gr.** Nú er landamerkjum breytt með samningi, landskiptum eða á annan lögmætan hátt, og fer þá um merkjagerð, merkjaskrá, þinglýsingu hennar og viðhald merkja samkvæmt 1. – 3. gr.

□ [Dómi um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá. Dómur skal afhentur til þinglýsingar innan fjögurra mánaða frá dómsuppsögn, enda hafi hann ekki sætt áfrýjun.][1]

[1] *L. 77/1978, 2. gr.*

■ **5. gr.** Í lögsagnarumdæmi hverju skal vera löggilt landamerkjabók, og skal valdsmaður í hana rita alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um skipulag landamerkjabóka.

■ **6. gr.** Jafnskjótt sem lög þessi koma til framkvæmda skulu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það, hvort merkjaskrám þar hafi þinglýst verið. Nú kemur

**1919** Nr. 41 28. nóv.

það í ljós, að merkjaskrám hefir eigi verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vantar á þinglýsta merkjaskrá, og skal valdsmaður þá bjóða landeiganda, eða fyrirsvarsmanni hans, að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og að láta þinglýsa henni lögum þessum samkvæmt.

□ Á manntalsþingum skulu valdsmenn grennslast eftir því, hvort ákvæðum laga þessara um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Svo skal hreppstjóri, hver í sínum hreppi, hafa gætur á hinu sama og skýra valdsmanni frá því, ef hann kemst að misbresti í þeim efnum.

■ **7. gr.** Nú hefir maður eigi fullnægt ákvæðum 1. – 3. gr. laga þessara á næstu 2 árum frá því, er þau komu til framkvæmda, eða hann gerist síðar sekur um brot á þeim, og skal hann þá sæta sektum, allt að 200 krónum, er renni í sveitarsjóð. Sömu eru viðurlög, ef maður brýtur ákvæði 4. gr. og 6. gr., 1. málsgr., 2. málsl.

□ Mál út af brotum á 1. – 4. og 6. gr., 1. málsgr., 2. málsl. laga þessara skulu sæta sömu meðferð sem almenn lögreglumál.

**II. kafli. Um meðferð landamerkjamála.**

■ **8. gr.** [Nú fær héraðsdómari áreiðanlega vitneskju um, að ágreiningur, er hann telur máli skipta, sé um landamerki eða ítak, eða merkjaskrá er eigi afhent til þinglýsingar samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og kveður dómari þá aðila þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem bæði löndin eða annað hvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðilar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal dómari leita sátta með aðilum. Nú kemst sátt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sáttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt.

□ Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður dómsmálaráðherra, í hvort þeirra skuli farið með málið.][1)]

[1)] *L. 29/1965, 1. gr.*

■ **9. gr. – 19. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 28/1981, 44. gr.*

**1941** Nr. 46 27. júní

**Landskiptalög.**

■ **1. gr.** Eftir lögum þessum geta komið til skipta eða endurskipta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afréttarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar, tún, sáðreitir, engi, landsnytjar aðrar og hlunnindi svo og mannvirki, sem tvö eða fleiri býli hafa eða hafa áður haft til samnota:

1. Ef lögfest skipti hafa eigi áður farið fram, og getur þá hver einstakur eigandi eða umráðamaður jarðar, jarðarparts eða landsnytja krafizt skiptanna.

2. Ef allir hlutaðeigandi eigendur beiðast skipta, þótt lögfest skipti hafi áður átt sér stað.

3. Nú þykir einum eða fleirum aðilum, að lögfest skipti séu óhagkvæm, og getur þá hver einstakur aðili krafizt endurskipta. Eigi skulu matsmenn taka slíka kröfu til greina nema þeir telji, að úr megi bæta öðrum aðilum að skaðlausu.

■ **2. gr.** Skipta skal eftir jarðamati frá árinu 1861, þar sem því verður við komið.

□ Nú eru í því jarðamati tvær eða fleiri jarðir (hjáleigur) metnar í einu lagi til dýrleika, en aðgreint mat þeirra er að finna í jarðatali Johnsens frá 1847, og skal það þá notað.

□ Verði hvorugu þessu mati við komið, skal farið eftir fasteignabók frá 1922 eða síðari fasteignabókum, þó þannig, að ávallt verði notað hið elzta jarðamat, sem við verður komið.

□ Nú hafa gilt manna á meðal í 20 ár eða lengur önnur eignahlutföll en jarðamatsbækur gefa upp, og allir eigendur samþykkja, að þau eignahlutföll skuli haldast, og er þá heimilt að skipta eftir þeim, en sýslumaður skal tilkynna fasteignamatsnefnd þess konar skipti.

■ **3. gr.** Við skiptin skal ekki aðeins farið eftir flatarmáli lands, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Eigi má staðbundin skipti gera á námarétti, þar með talin mótak, veiði í vötnum eða sjó, selveiði, fuglaveiði með háf eða skotum, reka, vergögnum, lóðagjöldum, beitutekjum, þörungum föstum og lausum og fjörubeit, nema skiptin séu það hagkvæm, að á engan eiganda sé hallað, eða samþykki allra eigenda komi til.

□ Nú hafa eignahlutföll á sameignarjörð breytzt við jarðamat (endurmat), fyrir misjafna ræktun eða aðrar verklegar framkvæmdir eiganda eða ábúanda, og breytast þá eigi fyrir það eignahlutföll óskipts lands eða landsnytja.

□ Nú er ágreiningur um eignahlutföll óskipts lands eða landsnytja, og næst ekki samkomulag. Verður þá eigi úr því skorið nema með dómi. Um umráð og notkun vatns og fallvatna, svo og um girðingar, fer eftir almennum lögum.

■ **4. gr.** Úttektarmenn skulu vera matsmenn og gera skiptin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er hindraður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan í hans stað. Sýslumaður skal og kveðja oddamann til skiptagerða. Skal hann vera formaður matsmanna, stýra skiptum og annast bókun skiptagerðar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

□ Matsmenn fá þóknun fyrir skiptin eftir gildandi kauptaxta í vegavinnu ríkisins í viðkomandi umdæmi, og reiknast þeim kaup á meðan þeir eru fjarverandi heimili sínu, enda tefji þeir ekki ferð sína eða störf meir en nauðsyn krefur. Oddamaður fær þriðjungi hærri þóknun en hinir. Ferðakostnaður greiðist þannig, að fargjöld með bifreiðum greiðast eftir gildandi taxta, en fyrir hesta greiðist eftir gildandi vegavinnutaxta.

■ **5. gr.** Þegar skipta skal landi eða landsnytjum, skal bjóða öllum eigendum og öðrum þeim, er notkunarrétt hafa á því, er til skipta getur komið, að vera við skiptin og gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur. Hið sama gildir og við yfirmat, en ekki skulu þeir þó viðstaddir, er matsmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiptanna eða ráða þeim til lykta. Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiptin, getur heimtað yfirmat innan 6 mánaða frá þeim degi, er skiptin fóru fram.

■ **6. gr.** Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður þeirra og stýra matinu. Heimilt er honum þó að kveðja annan í sinn stað. Yfirmatsmenn fá sama kaup og matsmenn og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar sýslumaður reikninga yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

□ Kostnað við skipti greiði sá, er þeirra beiðist, ef

skiptatilraun verður árangurslaus sökum vanheimilda, svo og við yfirmat, ef engin breyting er gerð á skiptum, ella skiptist allur kostnaður á eigendur að tiltölu við eignahlutföll þess, er skiptin ná til. Ef skipt er samkvæmt 3. tölulið 1. gr., skulu þeir einir greiða fyrir skipti, er verða leiðréttingar aðnjótandi eða fá bætta aðstöðu.

■ **7. gr.** Nú eru landskipti sérstaklega vandasöm, land sérstaklega verðmætt eða aðstaða þannig, að sýslumaður telji nauðsynlegt, að fagmaður fjalli um skiptin, og er honum þá heimilt að kveðja slíkan mann, einn eða fleiri, til skiptanna.

☐ Sýslumaður semur um þóknun til fagmanna, en aldrei má kaup þeirra yfirstíga lágmarkskauptaxta samkvæmt gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands.

■ **8. gr.** Ef land það, er skipta á, er tún, góðar engjar eða annað sérstaklega verðmætt land, geta eigendur hver um sig krafizt þess, að skipt sé eftir uppdrætti. Enn fremur ef landið er mjög óreglulegt eða aðstaða þannig, að torvelt sé að skipta, getur sérhver eigandi eða matsnefnd krafizt uppdráttar. Nú er uppdráttur ekki til af landinu, og skal þá sýslumaður fá mann til að gera uppdráttinn, og telst kostnaður við það til skiptakostnaðar. Á uppdráttinn skal draga greinilega með teiknibleki allar landamerkjalínur, og afhendist hann síðan sýslumanni til geymslu.

■ **9. gr.** Áður en skipti byrja, skulu úttektarmenn eða matsmenn rannsaka, hvort land það, er skipta skal, sé með löglegum landamerkjum, aðgreint frá landi nærliggjandi jarða. Séu landamerki krókótt og óhagkvæm, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rétting þeirra. Leita skulu þeir og upplýsinga um réttindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess. Nú er ágreiningur um aðliggjandi landamerki, og skulu matsmenn þá leita eftir samkomulagi, en náist það ekki, skal matsnefnd gera sýslumanni þegar í stað aðvart, og tekur hann þá málið fyrir samkv. lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki.

■ **10. gr.** Skipta skal landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í samhengi og sé sem skipulegast.

☐ Skipta skal með beinum línum, eins fáum og verða má, svo horn verði sem fæst. Boglínur í landamerkjum mega því aðeins eiga sér stað, að illa verði hjá þeim komizt, svo sem þegar vegur eða opinn vatnsfarvegur verður að ráða mörkum.

☐ Nú hefur einhver unnið hefð á landi samkvæmt lögum nr. 46 10. nóv. 1905, og má þá hefðarréttur eigi standa fyrir skipulegri landskiptingu samkvæmt lögum þessum, enda fái sá, er hefðarrétt hefur unnið sér, jafngildi lands á öðrum stað, og skal bæta honum við skiptin umbætur hans á landi því, er hann kann að missa.

■ **11. gr.** Nú hefur eigandi ræktað hluta úr óskiptu sameignarlandi, áður en lög þessi gengu í gildi, og skal hann við skiptin halda þessu landi gegn því að hinir sameigendurnir fái hver um sig að tiltölu samsvarandi hluta af óræktuðu landi í sameigninni, ef skiptin mega þannig vel fara. En verði landið úthlutað öðrum, án þess ræktað land komi í staðinn, skal honum heimilt að nytja það sem sína eign, þar til sá, sem landið var úthlutað, hefur ræktað honum jafnstóran blett og ekki lakari í hans landi.

☐ Verði ágreiningur við samanburð ræktunarlandanna eða hvar land skuli ræktað til endurgreiðslu, eftir að landskiptum er lokið, skal hlíta úrskurði viðkomandi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

☐ Ef ekki er völ á ræktunarhæfu landi til skipta á móti því, sem ræktað hefur verið, skal, ef þess er krafizt, nema svo mikið af hinu ræktaða landi, að rétt skiptahlutföll fáist, og skal þá sá, er ræktunarlandið fékk, greiða þeim, er landið lét, ræktunarkostnaðinn eftir mati skiptanefndar.

■ **12. gr.** Nú kemur í ljós við skiptin, að flytja þarf til hús, girðingar eða önnur færanleg mannvirki, og kveður skiptanefnd á um, innan hvers tíma flutt skuli og hver skuli kosta flutninginn eða hvernig flutningskostnaði skuli skipt niður.

☐ Nú liggja tún- eða engjavegir yfir landið, eða nauðsynlegt þykir, að slíkir vegir verði þar lagðir og skal þá í skiptagerðinni ákveðið um notkunarrétt hvers einstaks landeiganda á þeim, um viðhalds- og vegagerðarkostnað, svo og hvar nýir vegir skuli liggja.

■ **13. gr.** Nú er land að einhverju leyti undirorpið hættu af vatnságangi, skriðufalli, sandfoki eða uppblæstri, og skal þá við skiptin taka sérstakt tillit til slíkrar hættu og um leið, ef unnt er, koma á samningum um það, hver vera skuli aðstaða eigendanna innbyrðis um varnir gegn þessari hættu, eða aðgerðir á slíkum skemmdum, er fyrir koma, eftir að landinu er skipt.

☐ Á sama hátt skal gera ráðstafanir gagnvart væntanlegum landvinningum, svo sem ef land grær upp úr vatni eða sandauðnum, þannig, að eftir föngum sé haldið opinni leið til hagkvæmra framhaldsskipta eða endurskipta.

■ **14. gr.** Skiptagerðir eftir lögum þessum skal rita í bók, er sýslumaður löggildir, og greiðist verð bókarinnar úr ríkissjóði.

☐ [Skiptagerðum samkvæmt lögunum skal þinglýsa.][1)]

[1)] *L. 72/1978, 1. gr.*

■ **15. gr.** Þegar landi hefur verið skipt samkvæmt lögum þessum, skulu úttektarmenn eða matsmenn láta setja glögg merki fyrir skiptunum. Eru landeigendur skyldir að gera þau tafarlaust. Í skiptagerðum skal lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega, að ekki verði um villzt. Þegar greinilegir skurðir, garðar, vegir eða girðingar eru í mörkum, þarf ekki um að bæta, en ef engin slík merki eru í markabeygjum, og ekki heldur glögg náttúrueinkenni, sem ekki verður á villzt, skal hlaða vörður úr torfi eða grjóti, nema hlutaðeigendur kjósi varanlegri merki, svo sem steinsteypustaur, skurð eða annað, sem skiptanefnd tekur gilt. Ef vörður eru hlaðnar, skulu þær vera keilumyndaðar, eigi minni en 1½ m í þvermál að neðan og dragast saman með fláa 1 : 1. Landeigendum er skylt að halda landamerkjum glöggum.

☐ Ef skráð landamerki eru færð til af mannavöldum, eða önnur lík merki sett upp, er valdið geta ruglingi, varðar það sektum allt að 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

■ **16. gr.** Landeigendum er frjálst að skipta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum og leiguliðar og aðrir, er nokkurn rétt hafa á landinu og skiptin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess. Þó skal landeigendum skylt að fá hreppstjóra, úttektarmann eða trúnaðarmann Búnaðarfélags Íslands – eða fagmann, ef skiptin eru sérstaklega vandasöm – til

**1941** Nr. 46 27. júní

aðstoðar, enda sé hann leiðbeinandi um það, að skiptin verði sem skipulegust og réttlátust.

□ Frá landamerkjum skal gengið eins og segir í 15. gr. Um slík skipti skal skrá greinilega skiptagerð. Skal í henni nákvæmlega lýst afstöðu lands þess, er hver um sig hlýtur við skiptin, takmörkum þess og réttindum öllum, er því fylgja. Geta skal og þess, hver áhrif skiptin hafa á leiguliðaafnot af landi því, er skipt var. ...[1]

□ Sé ekki skipt að tiltölu réttri, en einhver eigenda hafi látið af hendi meira verðmæti í landeign eða réttindum innan sameignarinnar en hann fékk á móti, skal líta á það sem afsal eða selt, og breytist þá skattskylda jarðanna eða jarðapartanna samkvæmt því.

[1] *L. 72/1978, 2. gr. Þar segir: „Úr 2. málsgr. 16. gr. falla brott orðin: Skiptameðferð þessari skal þinglýsa." „Skiptameðferð" á að vera „skiptagerð".*

■ **17. gr.** Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiptu landi, má enginn eigenda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

■ **18. gr.** Þar sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiptu landi, má enginn þeirra nota beitina, nema eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sé af úttektarmönnum. Ítölu skal meta eftir jarðardýrleika og jarðarstærð, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fénað má í högum hafa án þess örtröð verði.

□ Nú hefur einhver sambeitareigenda minni fénað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meira en þeim ber, og skulu þeir þá hafa forgangsrétt til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurétt þess, sem of fátt hefur, meðan hann notar eigi sjálfur.

■ **19. gr.** Enginn má, eftir gildistöku þessara laga, taka land til ræktunar, setja upp varanlega girðingu, gera skurð, byggja hús eða önnur varanleg mannvirki í óskiptu sameignarlandi, þó samþykki allra annarra hlutaðeigenda liggi fyrir. Brot gegn þessu ákvæði varðar sekt. ...[1]

[1] *L. 10/1983, 70. gr.*

**1978** Nr. 39 10. maí

## Þinglýsingalög.[1]

[1] *L. 85/1989, um breyting á þinglýsingalögum, taka ekki gildi fyrr en 1. júlí 1992. Þinglýsingalögin nr. 39/1978 eru því birt fyrst með innfelldum breytingum og síðan núgildandi texti.*

### I. kafli. [Þinglýsingarstjórar.][1]

[1] *L. 85/1989, 1. gr.*

■ **1. gr.** [Sýslumenn eru þinglýsingarstjórar, hver í sínu umdæmi.][1]

[1] *L. 85/1989, 2. gr.*

■ **2. gr.** [Þinglýsingarstjóri][1] skal ekki greiða úr, hvort skjali skuli þinglýst, ef það veitir honum sjálfum rétt eða leysir hann undan skyldu eða slíku gegnir um ættmenni hans að feðgatali eða niðja eða jafnmægða. Sama er, ef þinglýsingin varðar hann eða fyrrnefnda venslamenn hans verulega fjárhagslega. Þó ber [þinglýsingarstjóra][1] jafnan að hlutast til um aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að varna réttarspjöllum.

□ [Fulltrúi sýslumanns][1] getur leyst úr þinglýsingarmáli, þótt [þinglýsingarstjóra][1] bagi þau atvik er í 1. málsgr. greinir.

[1] *L. 85/1989, 3. gr.*

■ **3. gr.** [Úrlausn þinglýsingarstjóra við meðferð þinglýsingar samkvæmt lögum þessum sætir stjórnsýslukæru til dómsmálaráðuneytis innan þriggja vikna frá því að þinglýsingarbeiðanda var tilkynnt hún eða tilkynning um úrlausnina var send honum, en einnig er hægt að höfða mál fyrir héraðsdómi til ógildingar úrlausninni innan sama tíma eða innan þriggja vikna frá því að kæranda er tilkynnt um úrskurð ráðuneytis í málinu.

□ Nú kærir aðili úrlausn og skal þá skrá athugasemd um það í þinglýsingabók.][1]

[1] *L. 85/1989, 4. gr.*

**1978** Nr. 39 10. maí

### II. kafli. Framkvæmd þinglýsinga og aflýsinga.

■ **4. gr.** Skjal, sem þinglýsa á, skal afhenda þar í umdæmi, sem þinglýsing á fram að fara, sbr. 20., 41., 43. og 47. gr.

■ **5. gr.** Sá, sem beiðist þinglýsingar, skal afhenda [þinglýsingarstjóra][1] skjal í tvíriti, frumriti og samriti eða endurriti. Það eintak, sem [þinglýsingarstjóra][1] er ætlað, skal vera ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðuneytið hefur löggilt í þessu skyni.

□ Ef skjal, sem þinglýsa á, er ritað á erlendu máli, getur [þinglýsingarstjóri][1] krafist þess, að því fylgi íslensk þýðing, rituð á löggiltan þinglýsingapappír og gerð af löggiltum skjalaþýðara, sé þess kostur.

□ Vegna breytinga á vörslu þinglýsingaskjala má með reglugerð setja önnur fyrirmæli um gerð skjala og tölu eintaka, sem afhenda skal til þinglýsingar.

[1] *L. 85/1989, 5. gr.*

■ **6. gr.** Öll skjöl, sem afhent eru til þinglýsingar, skulu færð í dagbók. Dagbók skal þannig úr garði gerð, að framlagning afrits úr henni geti, eftir atvikum með nauðsynlegum athugasemdum, fullnægt ákvæðum laga þessara um birtingu vikulegrar skrár yfir þinglýst skjöl, sbr. 9. gr. 3. mgr.

□ Nú er afhent skjal til þinglýsingar í röngu þinglýsingaumdæmi, eða eigi er ótvírætt við hvaða eign skjal á, eða hvert efni þess sé að öðru leyti, eða skjalið skortir undirritun útgefanda og vitundarvotta eða annarra þeirra, er skjal geta staðfest, sbr. 22. gr., sé þessa þörf, eða skjal er aðeins afhent í einu eintaki, eða samrit eða endurrit er ekki ritað á löggiltan þinglýsingapappír, og skal þá vísa skjali frá.

□ Að lokinni færslu skjals í dagbók, skal árita það og endurrit eða samrit þess. Áritun skal fela í sér viðurkenningu um viðtöku skjals og tilgreiningu viðtökudags.

■ **7. gr.** Eftir að skjal hefur verið fært í dagbók, skal [þinglýsingarstjóri][1] sannreyna, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að skjalinu verði þinglýst.

□ Vísa skal skjali frá þinglýsingu, ef útgefanda þess brestur heimild til eignar á þann veg, er skjalið greinir, sbr. þó 24., 25. og 51. gr. 3. málsgr. Sama máli gegnir, ef þinglýsing er bersýnilega óþörf til verndar rétti, ef lesmál skjals eða aðrar áletranir eru ógreinilegar eða letri svo farið, að sérstök hætta er á, að það máist, svo og ef eintökin eru í verulegum atriðum ósamhljóða eða skjalið hefur aðra svo verulega galla, að ekki þykir fært að taka það til þinglýsingar og vörslu.

□ Nú eru í skjali atriði, orðuð eða óorðuð, sem ekki eru í samræmi við efni þinglýsingabóka, en skjalið er þó tækt til þinglýsingar. Skal þá gerð athugasemd um það á skjölin, ef telja verður að ósamræmið geti skipt verulegu máli um rétt þann, sem skjalinu er ætlað að veita. Ef tvö eða fleiri skjöl um sömu eign eru afhent samtímis til þinglýsingar, sbr. 15. gr., og réttindum, er þau mæla um, lýstur saman, skal og rituð athugasemd á skjölin um það

atvik. Sama er, ef aðili, sem aðeins nýtur skilorðsbundinnar heimildar að eign, gefur út skjal án þess að greina skilorðið.

☐ Nú verður skjali ekki þinglýst án athugasemdar, og skal þá þinglýsingabók bera með sér, að skjalinu hafi verið þinglýst með athugasemd.

☐ [Þinglýsingarstjóri][1] skal greiða úr því svo fljótt sem föng eru á og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því, að skjal barst til þinglýsingar, hvort það verði fært í þinglýsingabók. Skjal verður ekki afhent þinglýsingarbeiðanda, fyrr en þessari rannsókn er lokið. Sé þinglýsingar synjað, skal þinglýsingarbeiðanda þegar í stað tilkynnt um synjunina og rökstuddar ástæður fyrir henni í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt.

[1] *L. 85/1989, 6. gr.*

■ **8. gr.** [Þinglýsingarstjórar][1] færa þessar bækur:

1. Fasteignabók um skjöl, er varða fasteignir.
2. Skipabók um skjöl, er varða öll skip, sem skrásetningarskyld eru.
3. Bifreiðabók um skjöl, er bifreiðar varða.
4. Lausafjárbók um öll skjöl, er varða lausafé almennt, þ. á m. skip, sem eru ekki skrásetningarskyld, en skjöl um slík skip má þó einnig færa í skipabók samkvæmt 2. tölulið, ef [þinglýsingarstjóra][1] þykir það hentara.

☐ Bækur þessar skulu allar vera lausblaðabækur, en heimilt er þó að hafa þær í spjaldskrárformi. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þeirra. Einnig getur dómsmálaráðuneytið ákveðið, að tölvutækni skuli beitt við skráningu þeirra upplýsinga, sem þinglýsingabækur geyma, og sé sá háttur hafður annaðhvort í sumum þinglýsingaumdæmum eða þeim öllum.

☐ Með heitinu þinglýsingabækur er í lögum þessum átt við bækur þessar, ef ekki er annars getið.

☐ Í bókum þessum skal ætla hverri fasteign, skrásetningarskyldu skipi og bifreið eitt eða fleiri blöð eftir þörfum. Enn fremur skal ætla þeim manni blað í lausafjárbók, sem stofnar til réttinda yfir lausafé, þar á meðal skipi, sem ekki er skrásetningarskylt. Þegar skjöl eru móttekin til þinglýsingar, skal þeirra getið á blaði hlutaðeigandi fasteignar, skips, bifreiðar og réttsala almenns lausafjár, og þá þannig að yfirleitt sé hægt að gefa eignar- og veðbókarvottorð með afhendingu ljósrits af blaðinu.

☐ [Þegar skjal, er varðar skrásetta bifreið, er móttekið til þinglýsingar, skal þinglýsingardómari[2] senda þeim er annast skráningu bifreiða tilkynningu um móttöku slíks skjals. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þessara tilkynninga og færslu í bifreiðaskrá.][3]

[1] *L. 85/1989, 7. gr.* [2] *Á væntanlega að vera þinglýsingarstjóri, sbr. l. 85/1989.* [3] *L. 63/1988, 1. gr.*

■ **9. gr.** Þinglýsing fer fram með þeim hætti, að meginatriði úr skjali því, sem þinglýsa á, eru færð í þinglýsingabók rétta, auk dagsetningar dagbókarfærslu.

☐ Þá er skjal hefur verið fært í þinglýsingabók, ritar [þinglýsingarstjóri][1] vottorð um þinglýsinguna á eintök skjalsins.

☐ Vikulega skal gera skrá um þinglýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu [þinglýsingarstjóra][1] fulla viku. Í skrá þessari skal getið, hver sé útgefandi skjals, eigandi þess, tegundar og annars, sem þarf til þess að skjalinu sé lýst nægilega. Dómsmálaráðherra getur ákveðið birtingu slíkra skráa í opinberu blaði.

[1] *L. 85/1989, 8. gr.*

■ **10. gr.** Þau eintök þinglýstra skjala, sem [þinglýsingarstjóri][1] heldur eftir, skulu geymd í sérstökum skjalahylkjum, og ákveður dómsmálaráðuneytið gerð þeirra.

☐ Þegar skjali er aflýst, skal nema það úr skjalahylki og leggja það í skjalasafn [þinglýsingarstjóra][1] og síðar til annarra skjalasafna eftir því, sem lög mæla.

☐ Með reglugerð getur dómsmálaráðherra ákveðið þann hátt á geymslu skjala, að hverri eign sé ætlað eitt hylki og þar séu lögð öll skjöl, er þá tilteknu eign varða, og sé þessi háttur hafður annaðhvort í sumum þinglýsingaumdæmum eða öllum eftir því, sem henta þykir og fé verður til þess veitt.

☐ Með reglugerð má einnig ákveða, að sérstakri tækni skuli beitt við vörslu skjala, svo sem með myndun skjala á mikrófilmur. Má hafa þann hátt á í sumum þinglýsingaumdæmum aðeins eða þeim öllum. Takmarka má vörslu skjala með slíkum hætti við ákveðnar tegundir skjala.

[1] *L. 85/1989, 9. gr.*

■ **11. gr.** Ef í einu og sama skjali er stofnað til fleiri réttinda en þeirra, sem skjalinu er aðallega ætlað að veita, skal athygli [þinglýsingarstjóra][1] sérstaklega vakin á því, annaðhvort með áritun á skjalið sjálft eða með undirstrikunum í texta skjalsins, til hvaða réttinda þinglýsingin eigi að taka.

[1] *L. 85/1989, 10. gr.*

■ **12. gr.** Nú gefur veðhafi samkvæmt veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi eftir veðrétt sinn að nokkru eða öllu leyti (veðbandsleysing) eða hann samþykkir nýja veðsetningu eða tilfærslu á veðrétti sínum (veðleyfi) eða hann gefur einhverjar áþekkar yfirlýsingar, vegna veðréttar síns. Verður þá slíkum yfirlýsingum ekki þinglýst, nema sjálft veðbréfið sé afhent með áritun um veðbreytinguna ásamt endurriti af henni, ritaðri á löggiltan skjalapappír, eða veðbréfið sé sýnt [þinglýsingarstjóra][1] um leið og slík yfirlýsing er afhent til þinglýsingar, svo að hann geti gengið úr skugga um, að hennar sé nægilega getið í veðbréfinu sjálfu.

☐ Undanþegnir ákvæði 1. málsgr. eru bankar, sparisjóðir og opinberir aðilar.

[1] *L. 85/1989, 11. gr.*

■ **13. gr.** Aflýsing skjals fer fram með þeim hætti, að dregið er strik yfir færslu skjalsins í þinglýsingabók og ber að geta þess, hvenær slík útstrikun fór fram, og vitna til þess skjals, er heimilaði aflýsinguna. Útstrikun skal þannig gerð, að eigi séu nein vandkvæði á að lesa það síðar, er áður var skráð. Yfir texta þess eintaks af skjalinu, sem [þinglýsingarstjóri][1] varðveitti, skal draga lóðrétt strik og lokakvittun eða samþykki til aflýsingar rituð á skjalið. Síðan skal rita vottorð um aflýsinguna á bæði eintök skjalsins og geta þess, hvenær hún fór fram og hvar hennar sé getið. Að svo vöxnu skal skila aðila sínu eintaki.

[1] *L. 85/1989, 12. gr.*

### III. kafli. Um forgangsáhrif þinglýsingar og grandleysi.

■ **14. gr.** Ekki telst skjal afhent til þinglýsingar, nema [þinglýsingarstjóra][1] séu jafnframt gefnar þær upplýsingar, sem hann óskar eftir, og lögmæt greiðsla sé innt af hendi fyrir meðferð skjalsins.

☐ Skjöl, sem berast eftir skrifstofutíma, teljast afhent næsta dag, og eins getur dómsmálaráðuneytið ákveðið í

reglugerð, að skjöl, sem ekki berast fyrr en ein klukkustund er eftir af skrifstofutíma, skuli einnig teljast afhent næsta dag.

[1] *L. 85/1989, 13. gr.*

■ **15. gr.** Skjali er þinglýst, þegar það hefur verið fært í þinglýsingabók, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast frá þeim degi, er skjal var afhent til þinglýsingar, sbr. þó 14. gr. 2. mgr., enda sé skjalið tækt til þinglýsingar. Skjal telst afhent til þinglýsingar á þeim degi, sem tilgreindur er í dagbók, nema full sönnun komi fram um hið gagnstæða. Nú eru tvö skjöl eða fleiri, sem ekki geta samrýmst, afhent samdægurs til þinglýsingar, og eru þau þá jafnstæð að þinglýsingargildi. Þó ganga aðfarargerðir og kyrrsetningar fyrir rétti, sem stafar af öðrum atvikum. Ef skjöl um tvær aðfarargerðir (kyrrsetningargerðir) eða fleiri eru afhent samtímis, er hin elsta þeirra rétthæst. Nú afhendir eigandi öðrum manni eign sína og hefur áskilið sér jafnframt réttindi yfir eigninni, svo sem veðrétt eða forkaupsrétt, og gengur þá sá réttur fyrir réttindum, sem yngri eigandinn kann að stofna til handa öðrum mönnum, ef heimildarskjal yngra eigandans ber með sér áskilnaðinn um rétt eldra eigandans og skjalið, sem gefur þetta til kynna, er afhent í síðasta lagi samtímis skjali því, sem heitir viðsemjanda yngra eigandans réttindum.

□ Um rétthæð fjárnáms gagnvart kyrrsetningu fer eftir reglum 19. gr. laga nr. 18/1949.[1]

[1] *2. mgr. 15. gr. fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 31/1990, 44. gr.*

■ **16. gr.** Hafi hefðuðum réttindum til fasteignar eigi verið þinglýst, þá skulu þau þó engu að síður standa óhögguð, þrátt fyrir það að 15. og 29. gr., sbr. 32. gr. laga þessara ættu að leiða til annarrar niðurstöðu, ef sá aðili, sem öðlast hefur rétt yfir sömu fasteign, hefur ekki höfðað mál til að fylgja fram rétti sínum innan tveggja ára frá því að hann öðlaðist réttindi sín.

□ Sé hefðartími eigi liðinn, þegar aðili fékk rétt sinn, verður hann að fylgja eftir rétti sínum með málssókn, áður en ofangreindur frestur er úti, enda sé hefðartími fullnaður á frestinum.

□ Við fullnaða hefð falla niður þau réttindi yfir fasteigninni, sem fara myndu í bága við þau not, sem hefðin heimilar.

■ **17. gr.** Nú telur [þinglýsingarstjóri][1] sig ekki geta ákveðið, hvaða gjald eða gjöld eigi að taka fyrir skjal, sem afhent hefur verið til þinglýsingar, án samráða við viðkomandi ráðuneyti. Skal hann þá færa skjalið til bráðabirgða í þinglýsingabók og geta þess, að færslan sé eigi endanleg. Jafnskjótt og svar ráðuneytisins hefur borist [þinglýsingarstjóra],[1] tilkynnir hann þeim, er skjalið afhenti, með tryggilegum hætti um úrlausn ráðuneytisins um gjöld. Ef gjöldin eru greidd samkvæmt þessu innan tveggja vikna frá því, að tilkynning var send aðila, skal [þinglýsingarstjóri][1] bóka í þinglýsingabók, að færslan sé endanleg, enda teljast forgangsáhrif þinglýsingar þá frá því, er skjal var afhent til þinglýsingar. Að öðrum kosti dregur [þinglýsingarstjóri][1] strik yfir færslu skjals í þinglýsingabók, og falla þá brott áhrif þinglýsingarinnar.

[1] *L. 85/1989, 14. gr.*

■ **18. gr.** Nú er efni skjals fært ranglega í þinglýsingabók, láðst hefur að færa skjalið í þinglýsingabók innan frests þess, er greinir í 7. gr. 5. málsgr., eða skjal, sem samrýmist ekki öðru skjali, er fyrr barst til þinglýsingar, er fært í þinglýsingabók á undan því. Er þá kostur að kveða svo á með dómi, að réttur sá, er skjal þetta veitir, skuli víkja fyrir rétti, sem síðar er þinglýst og styðst við samning, enda sé rétthafi grandlaus um þessi atvik. Skilyrði þessa eru:

A. að yngra rétthafanum væri bakað óverðskuldað tjón, ef hann hlyti að þoka og

B. að tjónið yrði þeim rétthafa, ef hann þyrfti að vægja, miklum mun bagalegra en hinum eldra eða leiða myndi til verulegra raskana á síðar þinglýstum réttindum, ef réttur sá, er mistök urðu um, gengi fyrir.

■ **19. gr.** Með grandleysi er í lögum þessum átt við það, að rétthafi eftir samningi eða löggerningi hvorki þekki né ætti að þekkja hin óþinglýstu réttindi.

## IV. kafli. Þinglýsing, er varðar fasteignir.

### 1. Skilyrði þess, að skjali verði þinglýst.

■ **20. gr.** Skjali, sem snertir fasteign, skal þinglýsa í umdæmi því, sem eignin er í.

□ Setja má það skilyrði fyrir þinglýsingu, að skjali fylgi uppdráttur af lóð eða landi, staðfestur af skipulagsyfirvöldum eða gerður af mælingamanni, sem [þinglýsingarstjóri][1] hefur samþykkt.

[1] *L. 85/1989, 15. gr.*

■ **21. gr.** Afsali verður ekki þinglýst sem eignarheimild, ef það er háð öðrum skilyrðum um yfirfærslu eignarréttar en uppgjöri og greiðslu kaupverðs innan tiltekins frests.

■ **22. gr.** Afsali eða veðbréfi, sem ekki er útgefið af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum, verður ekki þinglýst, nema undirskriftin sé staðfest af notario publico, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasala, eða tveimur vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram, að útgefandi hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra, er undirskriftina staðfesta, svo og að hann hafi verið fjárráða, er hann ritaði nafn sitt. Vitundarvottar skulu geta stöðu sinnar og heimilisfangs.

□ Ritun undir samþykki samkvæmt 24. gr. skal staðfesta með hliðstæðum hætti.

■ **23. gr.** Skjal, sem þinglýsa á, má vera bundið skilorði, en efni þess skal vera endanlega ákveðið. Tryggingarbréfum má samt þinglýsa, þótt eingöngu sé greind hámarksfjárhæð skuldar, er bréf á að tryggja.

■ **24. gr.** Nú hvílir skjal á löggerningi, og verður það þá eigi fært í fasteignabók, ef útgefanda þess brestur þinglýsta heimild til að ráðstafa eign þann veg, er í skjali greinir, eða hann skortir skriflegt samþykki þess, er slíkrar heimildar nýtur, sbr. þó 51. gr. 3. málsgr.

□ Aðfarargerð og kyrrsetningargerð í eign verður samt þinglýst, þótt gerðarþola skorti þinglýsta heimild til eignarinnar. Afsal (útlagning), er stafar frá nauðungaruppboði, verður og fært í fasteignabók, þótt grundvöllur uppboðs sé veðréttur, er stofnaður var með löggerningi af þeim, sem ekki hafði eða hefur þinglýsta heimild eða eins var ástatt um þann, er aðför var gerð hjá.

□ Skiptaafsali fyrir eign verður ekki þinglýst, ef sá, er afsalið tjáir hafa átt eignina, er ekki þinglýstur eigandi hennar, en þetta gildir þó ekki um skiptaafsal samkvæmt nauðungaruppboði.

□ Dómi um réttindi til fasteignar verður ekki þinglýst, nema hann bindi þann, er nýtur þinglýstrar heimildar að eign, enda mæli lög ekki öðrum orðum.

■ **25. gr.** Þinglýsta eignarheimild hefur sá, er þinglýsingabók nefnir eiganda á hverjum tíma. Sama er um þann, er færir sönnur á, að eignarréttur hafi flust til sín vegna andláts eiganda. Um þinglýsta heimild að öðrum réttindum gilda hliðstæðar reglur.

□ Nú skipta erfingjar búi einkaskiptum og þinglýsa skiptagjörð eða yfirlýsingu um, að fasteign hafi orðið eign þeirra eða einhvers þeirra, og er það nægileg eignarheimild fyrir þá, sbr. þó 3. málsgr. 24. gr. Ef maki situr í óskiptu búi, er nægilegt að þinglýsa leyfi skiptaráðanda til búsetu.

□ Nú er eign seld á nauðungaruppboði eða lögð út veðhöfum, og skal þá uppboðsráðandi gera ráðstafanir til þess að um það sé getið á blaði fasteignar í fasteignabók. Hliðstæð skylda hvílir á skiptaráðanda við upphaf gjaldþrotaskipta og opinberra skipta á búi og við upphaf nauðasamninga. Fyrir færslu slíkra tilkynninga skal ekki greiða þinglýsingagjald.

■ **26. gr.** Sá, sem hefur þinglýsta eignarheimild að eign, nýtur einnig slíkrar heimildar að einstökum hlutum hennar, þ. á m. byggingum, sem reistar hafa verið eða reistar verða á eigninni, nema fasteignabók nefni annan rétthafa.

□ Nú er þinglýst gögnum, er veita öðrum eignarrétt að byggingu en lóðareiganda, og skal þá ætla byggingu sérstakt blað í fasteignabók.

□ Erfðafesturétti og öðrum varanlegum afnotarétti skal velja sérstakt blað í fasteignabók. Sá, sem nýtur heimildar að slíkum rétti, telst einnig hafa heimild að byggingum, sem standa á landi því, er leiguréttur tekur til, nema annars sé getið.

**2. Leiðrétting á röngum færslum. Bráðabirgðavernd réttinda.**

■ **27. gr.** Nú verður [þinglýsingarstjóri][1] þess áskynja, að færsla í fasteignabók er röng eða mistök hafa orðið um þinglýsinguna ella, og skal hann þá bæta úr. Ef ætla má, að tilteknir aðilar hafi hlotið rangar upplýsingar um eign sakir mistakanna, skal [þinglýsingarstjórinn][1] skýra þeim frá málavöxtum, ef gerlegt er, í ábyrgðarbréfi eða með jafntryggilegum hætti.

□ Nú staðhæfir maður, að færsla í fasteignabók sé efnislega röng og horfi sér til réttarspjalla, og er honum þá kostur að fá þinglýst kröfu sinni um leiðréttingu, ef hann færir veigamikil rök fyrir staðhæfingu sinni, að mati [þinglýsingarstjóra],[1] eða setur tryggingu eftir því, sem [þinglýsingarstjóri][1] kveður á um. Ef hann færir ekki sönnur fyrir staðhæfingu sinni innan frests, sem [þinglýsingarstjóri][1] setur honum, skal athugasemdin strikuð út í fasteignabókinni.

[1] *L. 85/1989, 16. gr.*

■ **28. gr.** Ef mál, sem varðar réttindi yfir fasteign, er sótt fyrir dómstóli, getur dómurinn ákveðið með úrskurði, að stefnunni eða útdrætti úr henni megi þinglýsa. Nú synjar dómari þessa, og má þá kæra þá úrlausn til Hæstaréttar samkv. meginreglum II. kafla laga nr. 75/1973.

□ Nú er málið hafið, eða dómur gengur sóknaraðila eigi í vil um heimt eða viðurkenningu réttinda yfir fasteigninni. Skal þá strika út athugasemd um stefnu í fasteignabókinni að beiðni varnaraðila eða annarra, er hagsmuna hafa að gæta, þá er mál hefur verið hafið, áfrýjunarfresti lýkur án áfrýjunar eða dómur æðsta dómstigs hefur gengið um málið.

**3. Hvaða réttindi séu háð þinglýsingu og að hverju marki.**



■ **29. gr.** Réttindum yfir fasteign skal þinglýsa til þess að þau haldi gildi gegn þeim, er reisa rétt sinn á samningum um eignina, og gegn skuldheimtumönnum eiganda eða annars rétthafa að eign.

□ Samningur eða réttargerð, er skuldheimtumenn byggja á, fær ekki hrundið eldri óþinglýstum rétti, sem háður er þinglýsingu, nema gögnum þessum sé þinglýst sjálfum, ef þinglýsingar er þörf, enda sé rétthafi eftir samningi grandlaus um rétt þann, er hrinda á.

■ **30. gr.** Nú er veðbréfi þinglýst, og þarf þá ekki að þinglýsa framsali veðbréfs eða gerningi (gerð), sem varðar annars konar yfirfærslu á réttindum að því. Sama er um veðsetningu veðbréfs, þegar til hennar er stofnað með því að setja bréfið að handveði.

■ **31. gr.** Stofnun afnotaréttar og framsal á afnotarétti er ekki háð þinglýsingu:

1. Ef afnotatími er 12 mánuðir hið lengsta eða fært er að segja upp samningi með fyrirvara, sem eigi sé lengri en 3 mánuðir, miðað við almennan fardag, enda varði samningur íbúðarhúsnæði.

2. Ef afnotatími er eigi lengri en 2 ár eða heimilt er að segja upp samningi með fyrirvara, er eigi sé lengri en 6 mánuðir, enda varði samningur atvinnuhúsnæði. Afnotasamningar, er lúta ákvæðum lagasetningarinnar um ábúð jarða, eru ekki háðir þinglýsingu.

□ Fyrirframgreiðsla á leigu fyrir lengri tíma en eitt ár og lækkun á leigu frá því, er segir í þinglýstum samningi, eru háð þinglýsingu, enda sé þessara atvika ekki sérstaklega getið í þinglýstum samningi.

■ **32. gr.** Réttarvernd lögveðréttinda er ekki háð þinglýsingu, nema lög áskilji annað. Réttarvernd eignarnámsgerða er hins vegar háð þinglýsingu. Sama er um réttindi, sem fengin eru fyrir hefð.

**4. Réttaráhrif þinglýsingar.**

■ **33. gr.** Sá, er hlýtur réttindi með samningi við þinglýstan eiganda að eign, þarf ekki að sæta þeirri mótbáru, að heimildarbréf fyrirrennara hans sé ógilt, ef hann er grandlaus um ógildisatvikið, er hann öðlaðist réttindin.

□ Mótbára, er lýtur að því að skjal samkvæmt 1. málsgrein sé falsað eða fengið með beitingu slíkrar nauðungar, er í 28. gr. laga nr. 7/1936 greinir, glatast þó ekki. Sama er um þá mótbáru, að skjal sé ógilt vegna lögræðisskorts útgefanda fyrir ævi.

□ Nú er þinglýst skjali, sem ógilt er að lögum. Ef annmarkinn eyðist síðar, er ekki þörf nýrrar þinglýsingar, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast þá frá því, að annmarkanum létti.

■ **34. gr.** Leiga, afgjöld og aðrar greiðslur verða inntar til þeirra, sem heimild hafa eftir þinglýsingabók til að veita þeim móttöku, svo að bindandi sé, enda sé greiðandi grandlaus um að viðtökuheimild hafi síðar horfið á hönd öðrum manni. Hliðstæðu gegnir um uppsagnir og svipaðar aðgerðir.

□ Um afborgun af veðskuldabréfi og aðgerðir út af því fer samkvæmt sérreglum um viðskiptabréf.

**5. Brottfall þinglýsingar.**

*a. Tímabundið gildi þinglýsingar.*

■ **35. gr.** Nú er þinglýst hafti eða kvöð á eign, og er þeim ekki ætlað að vera ævarandi. Falla þá brott þau áhrif, er greinir í 15. gr., þegar liðin eru 30 ár frá því að

haftinu var þinglýst, enda sé því ekki þinglýst að nýju, áður en frestur þessi er úti, sbr. þó 36. og 37. gr.

☐ Þinglýsing áritunar á áður þinglýst skjal slítur ekki fresti þeim, er greinir í 1. málsgr., ef áritun felur ekki í sér sérstaka viðurkenningu á tilvist haftsins. Í hækkun á fjárhæð veðbréfs telst fólgin slík viðurkenning.

■ **36. gr.** Ef skjal tekur til ákveðið tímabil, sem því er ætlað að gilda um, eða er bundið við lífstíð rétthafa, eiga ákvæði 35. gr. ekki við.

☐ Nú er lágmarkstími um gildi skjals nefndur og falla þá réttaráhrif þinglýsingar aldrei brott fyrr en þremur árum eftir lok þess tíma.

☐ Um veðbréf eyðast áhrif þinglýsingar ekki fyrr en fimm ár hið skemmsta eru liðin frá þeim degi, er skuldin átti að vera greidd að fullu samkvæmt ákvæðum bréfsins eða skuldin gat fyrst orðið eindöguð fyrir uppsögn af hendi kröfuhafa, en gæta verður þó ávallt ákvæða 1. málsgr. 35. gr.

■ **37. gr.** Áhrif þinglýsingar á veðrétt, er stofnast fyrir fjárnám, lögtak eða svipaðar réttargerðir, falla ekki brott fyrr en full fimm ár eru liðin frá því að réttargerðinni var þinglýst. Áhrif þinglýsingar um kyrrsetningargerð og lögbann eyðast tveimur árum eftir að réttargerðinni eða dómsúrlausn um gildi hennar var þinglýst.

☐ Ákvæði 1. málsgr. koma ekki til greina, ef þinglýst er tilkynningu frá rétthafa, áður en frestur er úti, um, að haftið sé eigi niður fallið. Frá þeirri tilkynningu eða nýrri þinglýsingu hefjast nýir frestir, jafnlangir hinum fyrsta, frá síðustu þinglýsingu á undan að telja.

■ **38. gr.** [Þinglýsingarstjóri][1] fylgist með því eftir föngum, hvort réttaráhrif tiltekinnar þinglýsingar séu fallin brott, og ber honum að má haftið úr fasteignabók, ef því er að skipta, að eigin frumkvæði. Sama máli gegnir, ef rétti er bersýnilega lokið. [Þinglýsingarstjóri][1] skal þó jafnan senda rétthafa sérstaka tilkynningu um væntanlega afmáningu, svo að rétthafa sé kostur að varna því, að áhrif þinglýsingar eyðist.

☐ Nú eru horfur á, að eignarhafti, sem þinglýst hefur verið fyrir tuttugu árum hið skemmsta, sé lokið, og getur þá [þinglýsingarstjóri][1] að beiðni eiganda gefið út áskorun, sem birta skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, til væntanlegra rétthafa um að halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar. Ef gerlegt er, skal sérstök tilkynning send í ábyrgðarbréfi þeim, er fasteignabók nefnir rétthafa. Gefi enginn sig fram, skal afmá eignarhaftið.

☐ Nú er eignarhaft máð ranglega, og skal þá beita reglum 18. gr. eftir því sem við á.

☐ Ef miða skal frest eftir 35. – 37. gr. við þinglýsingu skjals, skal miða við færsludag í þinglýsingabók.

[1] *L. 85/1989, 17. gr.*

*b. Aflýsingar.*

■ **39. gr.** Eignarhafti skal aflýsa, þegar þinglýst er sönnun fyrir brottfalli þess eða skjal er afhent með yfirlýsingu rétthafa um að því megi aflýsa.

☐ Veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi verður þó ekki aflýst, nema kvittun eða samþykki til aflýsingar sé ritað á bréfið sjálft. Kvittun rétthafa samkvæmt þinglýsingabók er þó fullnægjandi, ef um er að ræða bréf, sem gefin hafa verið út til ríkissjóðs, opinberra stofnana, banka, sparisjóða eða lífeyrissjóða.

☐ Þegar þinglýst skjal hefur verið ógilt með dómi, má þó aflýsa því, ef lagt er fram endurrit af dóminum með áritaðri beiðni dómhafa um aflýsingu.

1978 Nr. 39 10. maí

☐ Nú er veðsett fasteign seld á nauðungaruppboði eða lögð út veðhafa til eignar, án þess að síðari veðhafar hafi fengið greiðslu úr fjárhæð þeirri, er fasteignin var seld eða lögð út fyrir, og skal þá má úr þinglýsingabók slík veðréttindi, þegar þinglýst er uppboðsafsali eða útlagningu, sem ber það með sér, að þau séu niður fallin. Til þess að slík veðskjöl verði máð úr þinglýsingabók, þarf ekki að afhenda þau, en geta skal [þinglýsingarstjóri][1] þess með áritun á það eintak skjalsins, er hann varðveitti, hvers vegna það hafi verið afmáð.

☐ Ef sönnur þær, sem aflýsingarbeiðandi ber fyrir sig, eru ekki metnar fullnægjandi, skal synja um aflýsingu.

[1] *L. 85/1989, 18. gr.*

**V. kafli. Þinglýsing um skrásett skip, 5 rúmlestir og stærri.**

■ **40. gr.** Stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu skipi, sem er 5 rúmlestir eða stærra, eða hluta slíks skips, lýtur reglunum um fasteignir, eftir því sem við verður komið.

☐ Nú er rétthöfum í fasteign veitt sérstakt hagræði í lögum við heimt krafna sinna, og njóta þá slíkir rétthafar í eignum þeim, er 1. málsgr. tekur til, hliðsetts hagræðis.

■ **41. gr.** Þinglýsing skjala, er varða skip 5 rúmlestir eða stærra, skal fara fram þar í umdæmi, sem skipið er skráð. Ákvæði 5. og 6. gr. laga nr. 66/1963[1] halda þó gildi sínu eftir því sem við á.

[1] *Nú 4. og 5. gr. l. 34/1985.*

■ **42. gr.** Til nafnbreytingar á skrásettu skipi þarf samþykki þinglýstra eigenda þess. Nafnbreytingu og flutning skips skal [þinglýsingarstjóri][1] tilkynna óbeinum rétthöfum í skipinu, ef þeir eru kunnir. Tilkynningu um flutning annast [þinglýsingarstjóri][1] í þinglýsingaumdæmi því, sem skip er flutt úr.

☐ Nú er skrásett skip, er þessi kafli laganna tekur til, flutt á milli umdæma. Skal þá [þinglýsingarstjóri][1] senda [þinglýsingarstjóra][1] í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl, sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit, ef um er að ræða skjöl, sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en [þinglýsingarstjóranum][1] í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests, er greinir í 7. gr. 5. mgr.

☐ Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips milli umdæma.

[1] *L. 85/1989, 19. gr.*

**VI. kafli. [Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir.][1]**

[1] *L. 63/1988, 2. gr.*

■ **43. gr.** [Skjali, er varðar skrásett skráningarskylt skip minna en 5 rúmlestir, skal þinglýst þar sem skipið er skráð.

☐ Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, þarf ekki að þinglýsa, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

☐ Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu

skipi skal þinglýsa til þess að það hafi gildi gagnvart þeim sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra og gagnvart skuldheimtumönnum.

☐ Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. mgr. 48. gr. og skal undirskrift og lögræði útgefanda, svo og rétt dagsetning, staðfest að hætti 22. gr.][1)]

[1)] *L. 63/1988, 3. gr.*

■ **44. gr.** Veðbréf í skrásettu skráningarskyldu skipi minna en 5 rúmlestir ...[1)] skal máð úr þinglýsingabók, þegar liðin eru 15 ár frá þinglýsingu bréfsins, enda hafi [þinglýsingarstjóranum][2)] ekki borist tilkynning til þinglýsingar innan þessa frests um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

[1)] *L. 63/1988, 4. gr.* [2)] *L. 85/1989, 20. gr.*

■ **45. gr.** [Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 rúmlesta flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá [þinglýsingarstjóri][1)] senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit ef um er að ræða skjöl sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en [þinglýsingarstjóranum][1)] í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests er greinir í 5. mgr. 7. gr.

☐ Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips.

☐ [Þinglýsingarstjóri][1)] í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips milli umdæma.][2)]

[1)] *L. 85/1989, 21. gr.* [2)] *L. 63/1988, 5. gr.*

■ **46. gr.** Af ákvæðum IV. kafla laga þessara gilda um eignir þær, sem þessi kafli fjallar um, 21. – 23. gr., 25. gr. og eftir því sem við á, ákvæði 27. – 28. gr. og 29. gr. 2. málsgr. og 30. – 39. gr. (sbr. þó 44. gr.).

**VII. kafli. [Þinglýsing er varðar lausafé almennt, þar á meðal skip sem ekki eru skráningarskyld og skip sem ekki hafa verið skrásett.][1)]**

[1)] *L. 63/1988, 6. gr.*

■ **47. gr.** Skjali, sem varðar lausafé, þ. á m. skip, sem ekki er skráningarskylt, eða hefur eigi verið skráð, skal þinglýsa á heimavarnarþingi eiganda þeirra eigna, sem haft er fellt á, eða þess, er hlíta verður takmörkun á rétti. Eigi hann ekki varnarþing hérlendis, má þinglýsa skjalinu í Reykjavík.

☐ Nú er skrásett firma eða félag eigandi muna, og skal þá þinglýsa skjali, er þá varðar, í því þinglýsingaumdæmi, sem þau eru skrásett. Ef önnur félög eru eigendur muna, skal þinglýsa skjali á varnarþingi formanns félagsstjórnar. Ef um sérstaka sameign er að ræða, skal þinglýsa skjali á varnarþingi þess, sem er í fyrirsvari fyrir sameigninni, ella á varnarþingi allra sameigenda.

☐ [Nú er þinglýst skjali er varðar skrásetta bifreið og þarf þá ekki að þinglýsa eignarheimild, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í bifreiðaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.][1)]

☐ Nú flytur eigandi úr þinglýsingaumdæmi eða eigendaskipti verða að eign, og má þá þinglýsing fara fram að nýju, en hún er ekki nauðsynleg.

☐ Af ákvæðum IV. kafla laga þessara gilda 22. – 23. gr., 29. gr. 2. málsgr. og 30. – 39. gr. (sbr. þó 48. gr.) eftir því, sem við á.

[1)] *L. 63/1988, 7. gr.*

■ **48. gr.** Veðbréf, sem veitir sjálfsvörsluveð í lausafé, þ. á m. skipi, sem ekki er skráningarskylt eða skráð, skal afhent [þinglýsingarstjóra][1)] til þinglýsingar innan þriggja vikna frá því að það var gefið út, ef í kaupstað er eða þinghá, þar sem [þinglýsingarstjóri][1)] sá, er fjalla á um þinglýsinguna, hefur skrifstofu, ella innan fjögurra vikna. Auk staðfestingar á undirritun og lögræði útgefanda að hætti 22. gr. skal einnig votta, að dagsetning sé rétt.

☐ Þinglýsing er forsenda þess, að veðbréf haldi gildi gagnvart rétthöfum samkvæmt samningum, sem gerðir eru í grandleysi við eiganda veðsins um veðsetta lausafjármuni, og gagnvart skuldheimtumönnum.

☐ Ef þinglýsing fer ekki fram innan frests þess, er grein þessi tekur til, hefur veðbréfið ekki gildi gagnvart aðiljum þeim, sem getur í 2. málsgrein.

☐ Veðbréf, sem veitir sjálfsvörsluveð í tilteknum lausafjármunum, skal máð úr þinglýsingabók, þegar tíu ár eru liðin frá þinglýsingu bréfsins, hafi [þinglýsingarstjóra][1)] ekki innan þessa frests borist tilkynning til þinglýsingar um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

☐ Réttaráhrif þinglýsingar á veðsetningu viðskiptabréfs gagnvart grandlausum framsalshöfum að bréfinu eru háð áritun á bréfið sjálft um veðsetninguna.

[1)] *L. 85/1989, 22. gr.*

**VIII. kafli. Bótaákvæði.**

■ **49. gr.** Nú hlýtur maður tjón, sem telja verður sennilega afleiðingu af mistökum [þinglýsingarstjóra][1)] eða af atvikum, sem greinir í d- og e-liðum þessarar greinar, en bótakrefjandi á sjálfur ekki sök á því, og á hann þá rétt á bótum úr ríkissjóði, ef tjónið stafar af því:

a. Að hann hefur treyst þinglýsingarvottorði [þinglýsingarstjóra],[1)] sbr. 9. gr., eða vottorði [þinglýsingarstjóra][1)] um efni þinglýsingabóka (veðbókarvottorði), enda sé aðili grandlaus.

b. Að skjali, sem borist hefur til þinglýsingar, hefur ekki verið þinglýst, eða þinglýst of seint.

c. Að skjal verður að þoka fyrir síðar þinglýstu skjali samkvæmt 18. gr.

d. Að heimildarskjali, sem greint er í 2. málsgr. 33. gr., er þinglýst og aðili hefur gert samning um fasteign eða skrásett skip, 5 rúmlestir eða stærra, í trausti þess, að skjalið væri gilt.

e. Að ákvæði 38. eða 50. gr. hafa leitt til þess að réttindi hans féllu niður.

[1)] *L. 85/1989, 23. gr.*

**IX. kafli. Gildistaka o. fl.**

■ **50. gr.** Nú fer maður með eignarumráð að tiltekinni eign við gildistöku laga þessara, en þinglýstri eignarheimild hans er nokkuð áfátt. Er honum þá rétt að snúa sér til [þinglýsingarstjóra][1)] á varnarþingi eignar með yfirlýsingu um, að hann sé eigandi eignarinnar. Skilyrði þess, að hann fái óskoraða eignarheimild á grundvelli yfirlýsingarinnar eru þessi:

a. að hann hafi í höndum heimildarskjal, sem áfátt er

og þinglýst hefur verið a. m. k. 5 árum áður en heimildar þessarar er neytt, eða

b. hafi í höndum heimildarskjal frá manni, sem fengið hefur slíku skjali þinglýst fyrir 5 árum hið skemmsta.

☐ Nú telur [þinglýsingarstjóri],[1] að skilyrðum þessum sé fullnægt, og gefur hann þá út áskorun til rétthafa um að halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar, að viðlögðum réttarmissi. Áskorun þessi skal birt þrisvar í Lögbirtingablaðinu á kostnað beiðanda. Ef enginn gefur sig fram innan frests þessa, skráir [þinglýsingarstjóri][1] athugasemd í þinglýsingabók um, að eignarheimild sé ekki áfátt.

☐ Nú brestur mann þinglýsta eignarheimild og jafnframt skilríki fyrir réttindum sínum, og skal þá með farið samkv. 220. gr. laga nr. 85/1936, ef réttindin varða þar greind verðmæti.

[1] *L. 85/1989, 24. gr.*

■ **51. gr.** Nú er stofnað að fullu fyrir gildistöku laganna til réttinda yfir fasteign, skráðu skráningarskyldu skipi eða skrásettri bifreið og hefðu réttindi haldið gildi sínu gagnvart þriðja manni án þinglýsingar eftir eldra rétti, og eru þau þá einnig gild með sama hætti framvegis.

☐ Reglum 22. og 24. gr., sbr. 43. og 48. gr. laganna verður ekki beitt um skjöl, sem gefin eru út fyrir gildistöku þeirra.

☐ Nú er húseign án þinglýstra lóðarréttinda vegna þess, að af sérstökum ástæðum vill lóðareigandi ekki gera tímabundinn afnota- eða leigusamning um lóðina, og skal þá ákvæðum 1. og 3. málsgr. 24. gr. laganna ekki beitt um skjöl, sem slíkar húseignir varða. 50. gr. laganna tekur ekki til slíkra eigna.

☐ 1. málsgr. 33. gr. og d-liður 49. gr. taka aðeins til skjala, sem þinglýst er eftir gildistöku laga þessara og ekki gilda sérstakar undantekningar um.

■ **52. gr.** Skjöl, sem þinglýst er fyrir 1. janúar 1949, skal ekki má úr þinglýsingabók eftir 35. gr., sbr. 38. gr., fyrir 1. janúar 1984.

☐ Skjöl þau, er greinir í 37. gr., 44. gr. og 48. gr. og þinglýst er fyrir gildistöku laganna, skulu ekki máð úr þinglýsingabók fyrir 1. janúar 1986.

☐ Á næstu 5 árum eftir gildistöku laganna skulu þinglýsingardómarar rannsaka grandgæfilega þinglýsingabækur til úrlausnar um réttindi, sem kunna að hafa glatað gildi sínu. Um réttindi, sem bersýnilega eru fallin brott, fer samkv. 38. gr. 1. málsgr. Ef vafi er um gildi einstakra réttinda, ber dómara að leita upplýsinga hjá réttum aðiljum. Honum er og kostur að beita ákvæðum 2. málsgr. 38. gr. eftir því, sem við á.

☐ Þinglýsingabækur þær, sem færðar eru við gildistöku laganna, skal nota, uns dómsmálaráðuneytið skipar fyrir um nýjar bækur eða notkun nýrrar tækni. Þegar nýjar þinglýsingabækur eru teknar í notkun, skal ekki færa í þær réttindi, sem bersýnilega eru niður fallin. Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvenær ákvæði 10. gr. frv.[1] koma til framkvæmda í einstökum umdæmum.

☐ Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvenær færsla skjala í dagbækur samkvæmt 6. gr. skuli tekin upp í einstökum umdæmum. Þar til slík ákvörðun hefur verið tekin, skal viðtöku skjala og áritun um hana hagað með sama hætti og verið hefur fyrir gildistöku laga þessara.

[1] *Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera „laganna".*

■ **53. gr.** Dómsmálaráðuneytið setur í reglugerð[1] ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um þinglýsingapappír, útlit skjala og efni, endurrit skjala, um geymslu skjala, fyrirkomulag þinglýsingabóka og færslu þeirra, um þinglýsingarvottorð, og að hverju marki almenningi sé kostur að kynna sér efni þinglýsingabóka. Enn fremur skal kveða nánar á um birtingu skjala, sem sætt hafa færslu í þinglýsingabækur.

[1] *Rg. 438/1978, sbr. 646/1980 og 12/1989.*

■ **54. gr.** Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um þinglýsing skjala og aflýsing nr. 30 7. maí 1928, 7. gr. veðlaga nr. 18 4. nóv. 1887, lög nr. 64 4. júlí 1942, 3. málsgrein 3. gr. laga nr. 74 27. apríl 1972,[1] lög nr. 11 25. febr. 1957, lög nr. 65 13. mars 1957, og 2. málsl. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 53 12. maí 1970.

[1] *Á væntanlega að vera 2. málsgr. 3. gr.*

■ **55. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

## Þinglýsingalög.[1]

[1] *Hér á eftir fara l. 39/1978, eins og þau verða fram til 1. júlí 1992. Þá taka gildi l. 85/1989, um breytingar á lögunum, sbr. hér að framan.*

### I. kafli. Þinglýsingardómarar.

■ **1. gr.** Sýslumenn og bæjarfógetar og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli eru þinglýsingardómarar, hver í sínu umdæmi. Í Reykjavík eru borgarfógetar þinglýsingardómarar, sbr. 3. gr. laga nr. 74/1972.

☐ Nú er sérstakur lögreglustjóri í kauptúni, og getur þá dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli vera þinglýsingardómari að nokkru eða að öllu leyti, eftir atvikum.

■ **2. gr.** Þinglýsingardómari skal ekki greiða úr, hvort skjali skuli þinglýst, ef það veitir honum sjálfum rétt eða leysir hann undan skyldu eða slíku gegnir um ættmenni hans að feðgatali eða niðja eða jafnmægða. Sama er, ef þinglýsingin varðar hann eða fyrrnefnda venslamenn hans verulega fjárhagslega. Þó ber dómaranum jafnan að hlutast til um aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að varna réttarspjöllum.

☐ Fulltrúi dómara getur leyst úr þinglýsingarmáli, þótt dómara bagi þau atvik er í 1. málsgr. greinir.

■ **3. gr.** Úrlausn dómara á þinglýsingarmáli eftir lögum þessum sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt meginreglum II. kafla laga nr. 75/1973. Rökstuddar ástæður dómarans fyrir úrlausninni skulu fylgja skjölum máls til Hæstaréttar. Úrlausn skal kærð innan fjögurra vikna frá því, að þinglýsingarbeiðanda var tilkynnt hún eða tilkynning um úrlausnina var send honum.

☐ Nú kærir aðili úrlausn, og skal þá skrá athugasemd um það í þinglýsingabók.

### II. kafli. Framkvæmd þinglýsinga og aflýsinga.

■ **4. gr.** Skjal, sem þinglýsa á, skal afhenda þar í umdæmi, sem þinglýsing á fram að fara, sbr. 20., 41., 43. og 47. gr.

■ **5. gr.** Sá, sem beiðist þinglýsingar, skal afhenda dómara skjal í tvíriti, frumriti og samriti eða endurriti. Það eintak, sem dómara er ætlað, skal vera ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðuneytið hefur löggilt í þessu skyni.

☐ Ef skjal, sem þinglýsa á, er ritað á erlendu máli, getur dómari krafist þess, að því fylgi íslensk þýðing, rituð á löggiltan þinglýsingapappír og gerð af löggiltum skjalaþýðara, sé þess kostur.

☐ Vegna breytinga á vörslu þinglýsingaskjala má með

reglugerð setja önnur fyrirmæli um gerð skjala og tölu eintaka, sem afhenda skal til þinglýsingar.

■ **6. gr.** Öll skjöl, sem afhent eru til þinglýsingar, skulu færð í dagbók. Dagbók skal þannig úr garði gerð, að framlagning afrits úr henni geti, eftir atvikum með nauðsynlegum athugasemdum, fullnægt ákvæðum laga þessara um birtingu vikulegrar skrár yfir þinglýst skjöl, sbr. 9. gr. 3. mgr.

□ Nú er afhent skjal til þinglýsingar í röngu þinglýsingaumdæmi, eða eigi er ótvírætt við hvaða eign skjal á, eða hvert efni þess sé að öðru leyti, eða skjalið skortir undirritun útgefanda og vitundarvotta eða annarra þeirra, er skjal geta staðfest, sbr. 22. gr., sé þessa þörf, eða skjal er aðeins afhent í einu eintaki, eða samrit eða endurrit er ekki ritað á löggiltan þinglýsingapappír, og skal þá vísa skjali frá.

□ Að lokinni færslu skjals í dagbók, skal árita það og endurrit eða samrit þess. Áritun skal fela í sér viðurkenningu um viðtöku skjals og tilgreiningu viðtökudags.

■ **7. gr.** Eftir að skjal hefur verið fært í dagbók, skal þinglýsingardómari sannreyna, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að skjalinu verði þinglýst.

□ Vísa skal skjali frá þinglýsingu, ef útgefanda þess brestur heimild til eignar á þann veg, er skjalið greinir, sbr. þó 24., 25. og 51. gr. 3. málsgr. Sama máli gegnir, ef þinglýsing er bersýnilega óþörf til verndar rétti, ef lesmál skjals eða aðrar áletranir eru ógreinilegar eða letri svo farið, að sérstök hætta er á, að það máist, svo og ef eintökin eru í verulegum atriðum ósamhljóða eða skjalið hefur aðra svo verulega galla, að ekki þykir fært að taka það til þinglýsingar og vörslu.

□ Nú eru í skjali atriði, orðuð eða óorðuð, sem ekki eru í samræmi við efni þinglýsingabóka, en skjalið er þó tækt til þinglýsingar. Skal þá gerð athugasemd um það á skjölin, ef telja verður að ósamræmið geti skipt verulegu máli um rétt þann, sem skjalinu er ætlað að veita. Ef tvö eða fleiri skjöl um sömu eign eru afhent samtímis til þinglýsingar, sbr. 15. gr., og réttindum, er þau mæla um, lýstur saman, skal og rituð athugasemd á skjölin um það atvik. Sama er, ef aðili, sem aðeins nýtur skilorðsbundinnar heimildar að eign, gefur út skjal án þess að greina skilorðið.

□ Nú verður skjali ekki þinglýst án athugasemdar, og skal þá þinglýsingabók bera með sér, að skjalinu hafi verið þinglýst með athugasemd.

□ Þinglýsingardómari skal greiða úr því svo fljótt sem föng eru á og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því, að skjal barst til þinglýsingar, hvort það verði fært í þinglýsingabók. Skjal verður ekki afhent þinglýsingarbeiðanda, fyrr en þessari rannsókn er lokið. Sé þinglýsingar synjað, skal þinglýsingarbeiðanda þegar í stað tilkynnt um synjunina og rökstuddar ástæður fyrir henni í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt.

■ **8. gr.** Þinglýsingardómarar færa þessar bækur:

1. Fasteignabók um skjöl, er varða fasteignir.
2. Skipabók um skjöl, er varða öll skip, sem skrásetningarskyld eru.
3. Bifreiðabók um skjöl, er bifreiðar varða.
4. Lausafjárbók um öll skjöl, er varða lausafé almennt, þ. á m. skip, sem eru ekki skrásetningarskyld, en skjöl um slík skip má þó einnig færa í skipabók samkvæmt 2. tölulið, ef dómara þykir það hentara.

□ Bækur þessar skulu allar vera lausblaðabækur, en heimilt er þó að hafa þær í spjaldskrárformi. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þeirra. Einnig getur dómsmálaráðuneytið ákveðið, að tölvutækni skuli beitt við skráningu þeirra upplýsinga, sem þinglýsingabækur geyma, og sé sá háttur hafður annaðhvort í sumum þinglýsingaumdæmum eða þeim öllum.

□ Með heitinu þinglýsingabækur er í lögum þessum átt við bækur þessar, ef ekki er annars getið.

□ Í bókum þessum skal ætla hverri fasteign, skrásetningarskyldu skipi og bifreið eitt eða fleiri blöð eftir þörfum. Enn fremur skal ætla þeim manni blað í lausafjárbók, sem stofnar til réttinda yfir lausafé, þar á meðal skipi, sem ekki er skrásetningarskylt. Þegar skjöl eru móttekin til þinglýsingar, skal þeirra getið á blaði hlutaðeigandi fasteignar, skips, bifreiðar og réttsala almenns lausafjár, og þá þannig að yfirleitt sé hægt að gefa eignar- og veðbókarvottorð með afhendingu ljósrits af blaðinu.

□ [Þegar skjal, er varðar skrásetta bifreið, er móttekið til þinglýsingar, skal þinglýsingardómari senda þeim er annast skráningu bifreiða tilkynningu um móttöku slíks skjals. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þessara tilkynninga og færslu í bifreiðaskrá.][1)]

[1)] *L. 63/1988, 1. gr.*

■ **9. gr.** Þinglýsing fer fram með þeim hætti, að meginatriði úr skjali því, sem þinglýsa á, eru færð í þinglýsingabók rétta, auk dagsetningar dagbókarfærslu.

□ Þá er skjal hefur verið fært í þinglýsingabók, ritar þinglýsingardómari vottorð um þinglýsinguna á eintök skjalsins.

□ Vikulega skal gera skrá um þinglýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu þinglýsingardómara fulla viku. Í skrá þessari skal getið, hver sé útgefandi skjals, eigandi þess, tegundar og annars, sem þarf til þess að skjalinu sé lýst nægilega. Dómsmálaráðherra getur ákveðið birtingu slíkra skráa í opinberu blaði.

■ **10. gr.** Þau eintök þinglýstra skjala, sem þinglýsingardómari heldur eftir, skulu geymd í sérstökum skjalahylkjum, og ákveður dómsmálaráðuneytið gerð þeirra.

□ Þegar skjali er aflýst, skal nema það úr skjalahylki og leggja það í skjalasafn dómara og síðar til annarra skjalasafna eftir því, sem lög mæla.

□ Með reglugerð getur dómsmálaráðherra ákveðið þann hátt á geymslu skjala, að hverri eign sé ætlað eitt hylki og þar séu lögð öll skjöl, er þá tilteknu eign varða, og sé þessi háttur hafður annaðhvort í sumum þinglýsingaumdæmum eða öllum eftir því, sem henta þykir og fé verður til þess veitt.

□ Með reglugerð má einnig ákveða, að sérstakri tækni skuli beitt við vörslu skjala, svo sem með myndun skjala á mikrófilmur. Má hafa þann hátt á í sumum þinglýsingaumdæmum aðeins eða þeim öllum. Takmarka má vörslu skjala með slíkum hætti við ákveðnar tegundir skjala.

■ **11. gr.** Ef í einu og sama skjali er stofnað til fleiri réttinda en þeirra, sem skjalinu er aðallega ætlað að veita, skal athygli þinglýsingardómara sérstaklega vakin á því, annaðhvort með áritun á skjalið sjálft eða með undirstrikunum í texta skjalsins, til hvaða réttinda þinglýsingin eigi að taka.

■ **12. gr.** Nú gefur veðhafi samkvæmt veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi eftir veðrétt sinn að nokkru eða öllu leyti (veðbandsleysing) eða hann samþykkir nýja veð-

setningu eða tilfærslu á veðrétti sínum (veðleyfi) eða hann gefur einhverjar áþekkar yfirlýsingar, vegna veðréttar síns. Verður þá slíkum yfirlýsingum ekki þinglýst, nema sjálft veðbréfið sé afhent með áritun um veðbreytinguna ásamt endurriti af henni, ritaðri á löggiltan skjalapappír, eða veðbréfið sé sýnt þinglýsingardómara um leið og slík yfirlýsing er afhent til þinglýsingar, svo að hann geti gengið úr skugga um, að hennar sé nægilega getið í veðbréfinu sjálfu.

□ Undanþegnir ákvæði 1. málsgr. eru bankar, sparisjóðir og opinberir aðilar.

■ **13. gr.** Aflýsing skjals fer fram með þeim hætti, að dregið er strik yfir færslu skjalsins í þinglýsingabók og ber að geta þess, hvenær slík útstrikun fór fram, og vitna til þess skjals, er heimilaði aflýsinguna. Útstrikun skal þannig gerð, að eigi séu nein vandkvæði á að lesa það síðar, er áður var skráð. Yfir texta þess eintaks af skjalinu, sem þinglýsingardómari varðveitti, skal draga lóðrétt strik og lokakvittun eða samþykki til aflýsingar rituð á skjalið. Síðan skal rita vottorð um aflýsinguna á bæði eintök skjalsins og geta þess, hvenær hún fór fram og hvar hennar sé getið. Að svo vöxnu skal skila aðila sínu eintaki.

**III. kafli. Um forgangsáhrif þinglýsingar og grandleysi.**

■ **14. gr.** Ekki telst skjal afhent til þinglýsingar, nema dómara séu jafnframt gefnar þær upplýsingar, sem hann óskar eftir, og lögmæt greiðsla sé innt af hendi fyrir meðferð skjalsins.

□ Skjöl, sem berast eftir skrifstofutíma, teljast afhent næsta dag, og eins getur dómsmálaráðuneytið ákveðið í reglugerð, að skjöl, sem ekki berast fyrr en ein klukkustund er eftir af skrifstofutíma, skuli einnig teljast afhent næsta dag.

■ **15. gr.** Skjali er þinglýst, þegar það hefur verið fært í þinglýsingabók, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast frá þeim degi, er skjal var afhent til þinglýsingar, sbr. þó 14. gr. 2. mgr., enda sé skjalið tækt til þinglýsingar. Skjal telst afhent til þinglýsingar á þeim degi, sem tilgreindur er í dagbók, nema full sönnun komi fram um hið gagnstæða. Nú eru tvö skjöl eða fleiri, sem ekki geta samrýmst, afhent samdægurs til þinglýsingar, og eru þau þá jafnstæð að þinglýsingargildi. Þó ganga aðfarargerðir og kyrrsetningar fyrir rétti, sem stafar af öðrum atvikum. Ef skjöl um tvær aðfarargerðir (kyrrsetningargerðir) eða fleiri eru afhent samtímis, er hin elsta þeirra rétthæst. Nú afhendir eigandi öðrum manni eign sína og hefur áskilið sér jafnframt réttindi yfir eigninni, svo sem veðrétt eða forkaupsrétt, og gengur þá sá réttur fyrir réttindum, sem yngri eigandinn kann að stofna til handa öðrum mönnum, ef heimildarskjal yngra eigandans ber með sér áskilnaðinn um rétt eldra eigandans og skjalið, sem gefur þetta til kynna, er afhent í síðasta lagi samtímis skjali því, sem heitir viðsemjanda yngra eigandans réttindum.

□ Um rétthæð fjárnáms gagnvart kyrrsetningu fer eftir reglum 19. gr. laga nr. 18/1949.

■ **16. gr.** Hafi heföuðum réttindum til fasteignar eigi verið þinglýst, þá skulu þau þó engu að síður standa óhögguð, þrátt fyrir það að 15. og 29. gr., sbr. 32. gr. laga þessara ættu að leiða til annarrar niðurstöðu, ef sá aðili, sem öðlast hefur rétt yfir sömu fasteign, hefur ekki höfðað mál til að fylgja fram rétti sínum innan tveggja ára frá því að hann öðlaðist réttindi sín.

□ Sé hefðartími eigi liðinn, þegar aðili fékk rétt sinn, verður hann að fylgja eftir rétti sínum með málssókn, áður en ofangreindur frestur er úti, enda sé hefðartími fullnaður á frestinum.

□ Við fullnaða hefð falla niður þau réttindi yfir fasteigninni, sem fara myndu í bága við þau not, sem hefðin heimilar.

■ **17. gr.** Nú telur þinglýsingardómari sig ekki geta ákveðið, hvaða gjald eða gjöld eigi að taka fyrir skjal, sem afhent hefur verið til þinglýsingar, án samráða við viðkomandi ráðuneyti. Skal hann þá færa skjalið til bráðabirgða í þinglýsingabók og geta þess, að færslan sé eigi endanleg. Jafnskjótt og svar ráðuneytisins hefur borist dómara, tilkynnir hann þeim, er skjalið afhenti, með tryggilegum hætti um úrlausn ráðuneytisins um gjöld. Ef gjöldin eru greidd samkvæmt þessu innan tveggja vikna frá því, að tilkynning var send aðila, skal dómari bóka í þinglýsingabók, að færslan sé endanleg, enda teljast forgangsáhrif þinglýsingar þá frá því, er skjal var afhent til þinglýsingar. Að öðrum kosti dregur dómari strik yfir færslu skjals í þinglýsingabók, og falla þá brott áhrif þinglýsingarinnar.

■ **18. gr.** Nú er efni skjals fært ranglega í þinglýsingabók, láðst hefur að færa skjalið í þinglýsingabók innan frests þess, er greinir í 7. gr. 5. málsgr., eða skjal, sem samrýmist ekki öðru skjali, er fyrr barst til þinglýsingar, er fært í þinglýsingabók á undan því. Er þá kostur að kveða svo á með dómi, að réttur sá, er skjal þetta veitir, skuli víkja fyrir rétti, sem síðar er þinglýst og styðst við samning, enda sé rétthafi grandlaus um þessi atvik. Skilyrði þessa eru:

A. að yngra rétthafanum væri bakað óverðskuldað tjón, ef hann hlyti að þoka og

B. að tjónið yrði þeim rétthafa, ef hann þyrfti að vægja, miklum mun bagalegra en hinum eldra eða leiða myndi til verulegra raskana á síðar þinglýstum réttindum, ef réttur sá, er mistök urðu um, gengi fyrir.

■ **19. gr.** Með grandleysi er í lögum þessum átt við það, að rétthafi eftir samningi eða löggerningi hvorki þekki né ætti að þekkja hin óþinglýstu réttindi.

**IV. kafli. Þinglýsing, er varðar fasteignir.**

**1. Skilyrði þess, að skjali verði þinglýst.**

■ **20. gr.** Skjali, sem snertir fasteign, skal þinglýsa í umdæmi því, sem eignin er í.

□ Setja má það skilyrði fyrir þinglýsingu, að skjali fylgi uppdráttur af lóð eða landi, staðfestur af skipulagsyfirvöldum eða gerður af mælingamanni, sem þinglýsingardómari hefur samþykkt.

■ **21. gr.** Afsali verður ekki þinglýst sem eignarheimild, ef það er háð öðrum skilyrðum um yfirfærslu eignarréttar en uppgjöri og greiðslu kaupverðs innan tiltekins frests.

■ **22. gr.** Afsali eða veðbréfi, sem ekki er útgefið af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum, verður ekki þinglýst, nema undirskriftin sé staðfest af notario publico, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasala, eða tveimur vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram, að útgefandi hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra, er undirskriftina staðfesta, svo

og að hann hafi verið fjárráða, er hann ritaði nafn sitt. Vitundarvottar skulu geta stöðu sinnar og heimilisfangs.

□ Ritun undir samþykki samkvæmt 24. gr. skal staðfesta með hliðstæðum hætti.

■ **23. gr.** Skjal, sem þinglýsa á, má vera bundið skilorði, en efni þess skal vera endanlega ákveðið. Tryggingarbréfum má samt þinglýsa, þótt eingöngu sé greind hámarksfjárhæð skuldar, er bréf á að tryggja.

■ **24. gr.** Nú hvílir skjal á löggerningi, og verður það þá eigi fært í fasteignabók, ef útgefanda þess brestur þinglýsta heimild til að ráðstafa eign þann veg, er í skjali greinir, eða hann skortir skriflegt samþykki þess, er slíkrar heimildar nýtur, sbr. þó 51. gr. 3. málsgr.

□ Aðfarargerð og kyrrsetningargerð í eign verður samt þinglýst, þótt gerðarþola skorti þinglýsta heimild til eignarinnar. Afsal (útlagning), er stafar frá nauðungaruppboði, verður og fært í fasteignabók, þótt grundvöllur uppboðs sé veðréttur, er stofnaður var með löggerningi af þeim, sem ekki hafði eða hefur þinglýsta heimild eða eins var ástatt um þann, er aðför var gerð hjá.

□ Skiptaafsali fyrir eign verður ekki þinglýst, ef sá, er afsalið tjáir hafa átt eignina, er ekki þinglýstur eigandi hennar, en þetta gildir þó ekki um skiptaafsal samkvæmt nauðungaruppboði.

□ Dómi um réttindi til fasteignar verður ekki þinglýst, nema hann bindi þann, er nýtur þinglýstrar heimildar að eign, enda mæli lög ekki öðrum orðum.

■ **25. gr.** Þinglýsta eignarheimild hefur sá, er þinglýsingabók nefnir eiganda á hverjum tíma. Sama er um þann, er færir sönnur á, að eignarréttur hafi flust til sín vegna andláts eiganda. Um þinglýsta heimild að öðrum réttindum gilda hliðstæðar reglur.

□ Nú skipta erfingjar búi einkaskiptum og þinglýsa skiptagjörð eða yfirlýsingu um, að fasteign hafi orðið eign þeirra eða einhvers þeirra, og er það nægileg eignarheimild fyrir þá, sbr. þó 3. málsgr. 24. gr. Ef maki situr í óskiptu búi, er nægilegt að þinglýsa leyfi skiptaráðanda til búsetu.

□ Nú er eign seld á nauðungaruppboði eða lögð út veðhöfum, og skal þá uppboðsráðandi gera ráðstafanir til þess að um það sé getið á blaði fasteignar í fasteignabók. Hliðstæð skylda hvílir á skiptaráðanda við upphaf gjaldþrotaskipta og opinberra skipta á búi og við upphaf nauðasamninga. Fyrir færslu slíkra tilkynninga skal ekki greiða þinglýsingagjald.

■ **26. gr.** Sá, sem hefur þinglýsta eignarheimild að eign, nýtur einnig slíkrar heimildar að einstökum hlutum hennar, þ. á m. byggingum, sem reistar hafa verið eða reistar verða á eigninni, nema fasteignabók nefni annan rétthafa.

□ Nú er þinglýst gögnum, er veita öðrum eignarrétt að byggingu en lóðareiganda, og skal þá ætla byggingu sérstakt blað í fasteignabók.

□ Erfðafesturétti og öðrum varanlegum afnotarétti skal velja sérstakt blað í fasteignabók. Sá, sem nýtur heimildar að slíkum rétti, telst einnig hafa heimild að byggingum, sem standa á landi því, er leiguréttur tekur til, nema annars sé getið.

**2. Leiðrétting á röngum færslum. Bráðabirgðavernd réttinda.**

■ **27. gr.** Nú verður dómari þess áskynja, að færsla í fasteignabók er röng eða mistök hafa orðið um þinglýsinguna ella, og skal hann þá bæta úr. Ef ætla má, að tilteknir aðilar hafi hlotið rangar upplýsingar um eign sakir mistakanna, skal dómarinn skýra þeim frá málavöxtum, ef gerlegt er, í ábyrgðarbréfi eða með jafntryggilegum hætti.

□ Nú staðhæfir maður, að færsla í fasteignabók sé efnislega röng og horfi sér til réttarspjalla, og er honum þá kostur að fá þinglýst kröfu sinni um leiðréttingu, ef hann færir veigamikil rök fyrir staðhæfingu sinni, að mati dómara, eða setur tryggingu eftir því, sem dómari kveður á um. Ef hann færir ekki sönnur fyrir staðhæfingu sinni innan frests, sem dómari setur honum, skal athugasemdin strikuð út í fasteignabókinni.

■ **28. gr.** Ef mál, sem varðar réttindi yfir fasteign, er sótt fyrir dómstóli, getur dómurinn ákveðið með úrskurði, að stefnunni eða útdrætti úr henni megi þinglýsa. Nú synjar dómari þessa, og má þá kæra þá úrlausn til Hæstaréttar samkv. meginreglum II. kafla laga nr. 75/1973.

□ Nú er málið hafið, eða dómur gengur sóknaraðila eigi í vil um heimt eða viðurkenningu réttinda yfir fasteigninni. Skal þá strika út athugasemd um stefnu í fasteignabókinni að beiðni varnaraðila eða annarra, er hagsmuna hafa að gæta, þá er mál hefur verið hafið, áfrýjunarfresti lýkur án áfrýjunar eða dómur æðsta dómstigs hefur gengið um málið.

**3. Hvaða réttindi séu háð þinglýsingu og að hverju marki.**

■ **29. gr.** Réttindum yfir fasteign skal þinglýsa til þess að þau haldi gildi gegn þeim, er reisa rétt sinn á samningum um eignina, og gegn skuldheimtumönnum eiganda eða annars rétthafa að eign.

□ Samningur eða réttargerð, er skuldheimtumenn byggja á, fær ekki hrundið eldri óþinglýstum rétti, sem háður er þinglýsingu, nema gögnum þessum sé þinglýst sjálfum, ef þinglýsingar er þörf, enda sé rétthafi eftir samningi grandlaus um rétt þann, er hrinda á.

■ **30. gr.** Nú er veðbréfi þinglýst, og þarf þá ekki að þinglýsa framsali veðbréfs eða gerningi (gerð), sem varðar annars konar yfirfærslu á réttindum að því. Sama er um veðsetningu veðbréfs, þegar til hennar er stofnað með því að setja bréfið að handveði.

■ **31. gr.** Stofnun afnotaréttar og framsal á afnotarétti er ekki háð þinglýsingu:

1. Ef afnotatími er 12 mánuðir hið lengsta eða fært er að segja upp samningi með fyrirvara, sem eigi sé lengri en 3 mánuðir, miðað við almennan fardag, enda varði samningur íbúðarhúsnæði.

2. Ef afnotatími er eigi lengri en 2 ár eða heimilt er að segja upp samningi með fyrirvara, er eigi sé lengri en 6 mánuðir, enda varði samningur atvinnuhúsnæði. Afnotasamningar, er lúta ákvæðum lagasetningarinnar um ábúð jarða, eru ekki háðir þinglýsingu.

□ Fyrirframgreiðsla á leigu fyrir lengri tíma en eitt ár og lækkun á leigu frá því, er segir í þinglýstum samningi, eru háð þinglýsingu, enda sé þessara atvika ekki sérstaklega getið í þinglýstum samningi.

■ **32. gr.** Réttarvernd lögveðréttinda er ekki háð þinglýsingu, nema lög áskilji annað. Réttarvernd eignarnámsgerða er hins vegar háð þinglýsingu. Sama er um réttindi, sem fengin eru fyrir hefð.

1978 Nr. 39 10. maí

**4. Réttaráhrif þinglýsingar.**

■ **33. gr.** Sá, er hlýtur réttindi með samningi við þinglýstan eiganda að eign, þarf ekki að sæta þeirri mótbáru, að heimildarbréf fyrirrennara hans sé ógilt, ef hann er grandlaus um ógildisatvikið, er hann öðlaðist réttindin.

□ Mótbára, er lýtur að því að skjal samkvæmt 1. málsgrein sé falsað eða fengið með beitingu slíkrar nauðungar, er í 28. gr. laga nr. 7/1936 greinir, glatast þó ekki. Sama er um þá mótbáru, að skjal sé ógilt vegna lögræðisskorts útgefanda fyrir ræsku.

□ Nú er þinglýst skjali, sem ógilt er að lögum. Ef annmarkinn eyðist síðar, er ekki þörf nýrrar þinglýsingar, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast þá frá því, að annmarkanum létti.

■ **34. gr.** Leiga, afgjöld og aðrar greiðslur verða inntar til þeirra, sem heimild hafa eftir þinglýsingabók til að veita þeim móttöku, svo að bindandi sé, enda sé greiðandi grandlaus um að viðtökuheimild hafi síðar horfið á hönd öðrum manni. Hliðstæðu gegnir um uppsagnir og svipaðar aðgerðir.

□ Um afborgun af veðskuldabréfi og aðgerðir út af því fer samkvæmt sérreglum um viðskiptabréf.

**5. Brottfall þinglýsingar.**

*a. Tímabundið gildi þinglýsingar.*

■ **35. gr.** Nú er þinglýst hafti eða kvöð á eign, og er þeim ekki ætlað að vera ævarandi. Falla þá brott þau áhrif, er greinir í 15. gr., þegar liðin eru 30 ár frá því að haftinu var þinglýst, enda sé því ekki þinglýst að nýju, áður en frestur þessi er úti, sbr. þó 36. og 37. gr.

□ Þinglýsing áritunar á áður þinglýst skjal slítur ekki fresti þeim, er greinir í 1. málsgr., ef áritun felur ekki í sér sérstaka viðurkenningu á tilvist haftsins. Í hækkun á fjárhæð veðbréfs telst fólgin slík viðurkenning.

■ **36. gr.** Ef skjal tekur til ákveðið tímabil, sem því er ætlað að gilda um, eða er bundið við lífstíð rétthafa, eiga ákvæði 35. gr. ekki við.

□ Nú er lágmarkstími um gildi skjals nefndur og falla þá réttaráhrif þinglýsingar aldrei brott fyrr en þremur árum eftir lok þess tíma.

□ Um veðbréf eyðast áhrif þinglýsingar ekki fyrr en fimm ár hið skemmsta eru liðin frá þeim degi, er skuldin átti að vera greidd að fullu samkvæmt ákvæðum bréfsins eða skuldin gat fyrst orðið eindöguð fyrir uppsögn af hendi kröfuhafa, en gæta verður þó ávallt ákvæða 1. málsgr. 35. gr.

■ **37. gr.** Áhrif þinglýsingar á veðrétt, er stofnast fyrir fjárnám, lögtak eða svipaðar réttargerðir, falla ekki brott fyrr en full fimm ár eru liðin frá því að réttargerðinni var þinglýst. Áhrif þinglýsingar um kyrrsetningargerð og lögbann eyðast tveimur árum eftir að réttargerðinni eða dómsúrlausn um gildi hennar var þinglýst.

□ Ákvæði 1. málsgr. koma ekki til greina, ef þinglýst er tilkynningu frá réttþafa, áður en frestur er úti, um, að haftið sé eigi niður fallið. Frá þeirri tilkynningu eða nýrri þinglýsingu hefjast nýir frestir, jafnlangir hinum fyrsta, frá síðustu þinglýsingu á undan að telja.

■ **38. gr.** Dómari fylgist með því eftir föngum, hvort réttaráhrif tiltekinnar þinglýsingar séu fallin brott, og ber honum að má haftið úr fasteignabók, ef því er að skipta, að eigin frumkvæði. Sama máli gegnir, ef rétti er bersýnilega lokið. Dómari skal þó jafnan senda rétthafa sérstaka tilkynningu um væntanlega afmáningu, svo að rétthafa sé kostur að varna því, að áhrif þinglýsingar eyðist.



□ Nú eru horfur á, að eignarhafti, sem þinglýst hefur verið fyrir tuttugu árum hið skemmsta, sé lokið, og getur þá dómari að beiðni eiganda gefið út áskorun, sem birta skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, til væntanlegra rétthafa um að halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar. Ef gerlegt er, skal sérstök tilkynning send í ábyrgðarbréfi þeim, er fasteignabók nefnir rétthafa. Gefi enginn sig fram, skal afmá eignarhaftið.

□ Nú er eignarhaft máð ranglega, og skal þá beita reglum 18. gr. eftir því sem við á.

□ Ef miða skal frest eftir 35. – 37. gr. við þinglýsingu skjals, skal miða við færsludag í þinglýsingabók.

*b. Aflýsingar.*

■ **39. gr.** Eignarhafti skal aflýsa, þegar þinglýst er sönnun fyrir brottfalli þess eða skjal er afhent með yfirlýsingu rétthafa um að því megi aflýsa.

□ Veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi verður þó ekki aflýst, nema kvittun eða samþykki til aflýsingar sé ritað á bréfið sjálft. Kvittun rétthafa samkvæmt þinglýsingabók er þó fullnægjandi, ef um er að ræða bréf, sem gefin hafa verið út til ríkissjóðs, opinberra stofnana, banka, sparisjóða eða lífeyrissjóða.

□ Þegar þinglýst skjal hefur verið ógilt með dómi, má þó aflýsa því, ef lagt er fram endurrit af dóminum með áritaðri beiðni dómhafa um aflýsingu.

□ Nú er veðsett fasteign seld á nauðungaruppboði eða lögð út veðhafa til eignar, án þess að síðari veðhafar hafi fengið greiðslu úr fjárhæð þeirri, er fasteignin var seld eða lögð út fyrir, og skal þá má úr þinglýsingabók slík veðréttindi, þegar þinglýst er uppboðsafsali eða útlagningu, sem ber það með sér, að þau séu niður fallin. Til þess að slík veðskjöl verði máð úr þinglýsingabók, þarf ekki að afhenda þau, en geta skal þinglýsingardómari þess með áritun á það eintak skjalsins, er hann varðveitti, hvers vegna það hafi verið afmáð.

□ Ef sönnur þær, sem aflýsingarbeiðandi ber fyrir sig, eru ekki metnar fullnægjandi, skal synja um aflýsingu.

**V. kafli. Þinglýsing um skrásett skip, 5 rúmlestir og stærri.**

■ **40. gr.** Stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu skipi, sem er 5 rúmlestir eða stærra, eða hluta slíks skips, lýtur reglunum um fasteignir, eftir því sem við verður komið.

□ Nú er rétthöfum í fasteign veitt sérstakt hagræði í lögum við heimt krafna sinna, og njóta þá slíkir rétthafar í eignum þeim, er 1. málsgr. tekur til, hliðsetts hagræðis.

■ **41. gr.** Þinglýsing skjala, er varða skip 5 rúmlestir eða stærra, skal fara fram þar í umdæmi, sem skipið er skráð. Ákvæði 5. og 6. gr. laga nr. 66/1963[1)] halda þó gildi sínu eftir því sem við á.

[1)] *Nú 4. og 5. gr. l. 34/1985.*

■ **42. gr.** Til nafnbreytingar á skrásettu skipi þarf samþykki þinglýstra eigenda þess. Nafnbreytingu og flutning skips skal dómari tilkynna óbeinum rétthöfum í skipinu, ef þeir eru kunnir. Tilkynningu um flutning annast dómari í þinglýsingaumdæmi því, sem skip er flutt úr.

□ Nú er skrásett skip, er þessi kafli laganna tekur til,

flutt á milli umdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda dómara í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl, sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit, ef um er að ræða skjöl, sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en dómaranum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests, er greinir í 7. gr. 5. mgr.

☐ Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips milli umdæma.

**VI. kafli. [Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir.]**[1)]

[1)] *L. 63/1988, 2. gr.*

■ **43. gr.** [Skjali, er varðar skrásett skráningarskylt skip minna en 5 rúmlestir, skal þinglýst þar sem skipið er skráð.

☐ Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, þarf ekki að þinglýsa, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

☐ Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi skal þinglýsa til þess að það hafi gildi gagnvart þeim sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra og gagnvart skuldheimtumönnum.

☐ Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. mgr. 48. gr. og skal undirskrift og lögræði útgefanda, svo og rétt dagsetning, staðfest að hætti 22. gr.]**[1)]**

[1)] *L. 63/1988, 3. gr.*

■ **44. gr.** Veðbréf í skrásettu skráningarskyldu skipi minna en 5 rúmlestir ...[1)] skal máð úr þinglýsingabók, þegar liðin eru 15 ár frá þinglýsingu bréfsins, enda hafi dómaranum ekki borist tilkynning til þinglýsingar innan þessa frests um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

[1)] *L. 63/1988, 4. gr.*

■ **45. gr.** [Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 rúmlesta flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit ef um er að ræða skjöl sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en dómaranum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests er greinir í 5. mgr. 7. gr.

☐ Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips.

☐ Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips milli umdæma.]**[1)]**

[1)] *L. 63/1988, 5. gr.*

■ **46. gr.** Af ákvæðum IV. kafla laga þessara gilda um eignir þær, sem þessi kafli fjallar um, 21. – 23. gr., 25. gr. og eftir því sem við á, ákvæði 27. – 28. gr. og 29. gr. 2. málsgr. og 30. – 39. gr. (sbr. þó 44. gr.).

**VII. kafli. [Þinglýsing er varðar lausafé almennt, þar á meðal skip sem ekki eru skráningarskyld og skip sem ekki hafa verið skrásett.]**[1)]

[1)] *L. 63/1988, 6. gr.*

■ **47. gr.** Skjali, sem varðar lausafé, þ. á m. skip, sem ekki er skráningarskylt, eða hefur eigi verið skráð, skal þinglýsa á heimavarnarþingi eiganda þeirra eigna, sem haft er fellt á, eða þess, er hlíta verður takmörkun á rétti. Eigi hann ekki varnarþing hérlendis, má þinglýsa skjalinu í Reykjavík.

☐ Nú er skrásett firma eða félag eigandi muna, og skal þá þinglýsa skjali, er þá varðar, í því þinglýsingaumdæmi, sem þau eru skrásett. Ef önnur félög eru eigendur muna, skal þinglýsa skjali á varnarþingi formanns félagsstjórnar. Ef um sérstaka sameign er að ræða, skal þinglýsa skjali á varnarþingi þess, sem er í fyrirsvari fyrir sameigninni, ella á varnarþingi allra sameigenda.

☐ [Nú er þinglýst skjali er varðar skrásetta bifreið og þarf þá ekki að þinglýsa eignarheimild, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í bifreiðaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.]**[1)]**

☐ Nú flytur eigandi úr þinglýsingaumdæmi eða eigendaskipti verða að eign, og má þá þinglýsing fara fram að nýju, en hún er ekki nauðsynleg.

☐ Af ákvæðum IV. kafla laga þessara gilda 22. – 23. gr., 29. gr. 2. málsgr. og 30. – 39. gr. (sbr. þó 48. gr.) eftir því, sem við á.

[1)] *L. 63/1988, 7. gr.*

■ **48. gr.** Veðbréf, sem veitir sjálfsvörsluveð í lausafé, þ. á m. skipi, sem ekki er skráningarskylt eða skráð, skal afhent dómara til þinglýsingar innan þriggja vikna frá því að það var gefið út, ef í kaupstað er eða þinghá, þar sem dómari sá, er fjalla á um þinglýsinguna, hefur skrifstofu, ella innan fjögurra vikna. Auk staðfestingar á undirritun og lögræði útgefanda að hætti 22. gr. skal einnig votta, að dagsetning sé rétt.

☐ Þinglýsing er forsenda þess, að veðbréf haldi gildi gagnvart rétthöfum samkvæmt samningum, sem gerðir eru í grandleysi við eiganda veðsins um veðsetta lausafjármuni, og gagnvart skuldheimtumönnum.

☐ Ef þinglýsing fer ekki fram innan frests þess, er grein þessi tekur til, hefur veðbréfið ekki gildi gagnvart aðiljum þeim, sem getur í 2. málsgrein.

☐ Veðbréf, sem veitir sjálfsvörsluveð í tilteknum lausafjármunum, skal máð úr þinglýsingabók, þegar tíu ár eru liðin frá þinglýsingu bréfsins, hafi dómara ekki innan þessa frests borist tilkynning til þinglýsingar um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

☐ Réttaráhrif þinglýsingar á veðsetningu viðskiptabréfs gagnvart grandlausum framsalshöfum að bréfinu eru háð áritun á bréfið sjálft um veðsetninguna.

**VIII. kafli. Bótaákvæði.**

■ **49. gr.** Nú hlýtur maður tjón, sem telja verður sennilega afleiðingu af mistökum þinglýsingardómara eða af atvikum, sem greinir í d- og e-liðum þessarar greinar, en bótakrefjandi á sjálfur ekki sök á því, og á hann þá rétt á bótum úr ríkissjóði, ef tjónið stafar af því:

a. Að hann hefur treyst þinglýsingarvottorði dómara, sbr. 9. gr., eða vottorði dómara um efni þinglýsingabóka (veðbókarvottorði), enda sé aðili grandlaus.

b. Að skjali, sem borist hefur til þinglýsingar, hefur ekki verið þinglýst, eða þinglýst of seint.

c. Að skjal verður að þoka fyrir síðar þinglýstu skjali samkvæmt 18. gr.

d. Að heimildarskjali, sem greint er í 2. málsgr. 33. gr., er þinglýst og aðili hefur gert samning um fasteign eða skrásett skip, 5 rúmlestir eða stærra, í trausti þess, að skjalið væri gilt.

e. Að ákvæði 38. eða 50. gr. hafa leitt til þess að réttindi hans féllu niður.

**IX. kafli. Gildistaka o. fl.**

■ **50. gr.** Nú fer maður með eignarumráð að tiltekinni eign við gildistöku laga þessara, en þinglýstri eignarheimild hans er nokkuð áfátt. Er honum þá rétt að snúa sér til þinglýsingardómara á varnarþingi eignar með yfirlýsingu um, að hann sé eigandi eignarinnar. Skilyrði þess, að hann fái óskoraða eignarheimild á grundvelli yfirlýsingarinnar eru þessi:

a. að hann hafi í höndum heimildarskjal, sem áfátt er og þinglýst hefur verið a. m. k. 5 árum áður en heimildar þessarar er neytt, eða

b. hafi í höndum heimildarskjal frá manni, sem fengið hefur slíku skjali þinglýst fyrir 5 árum hið skemmsta.

□ Nú telur dómari, að skilyrðum þessum sé fullnægt, og gefur hann þá út áskorun til rétthafa um að halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar, að viðlögðum réttarmissi. Áskorun þessi skal birt þrisvar í Lögbirtingablaðinu á kostnað beiðanda. Ef enginn gefur sig fram innan frests þessa, skráir þinglýsingardómari athugasemd í þinglýsingabók um, að eignarheimild sé ekki áfátt.

□ Nú brestur mann þinglýsta eignarheimild og jafnframt skilríki fyrir réttindum sínum, og skal þá með farið samkv. 220. gr. laga nr. 85/1936, ef réttindin varða þar greind verðmæti.

■ **51. gr.** Nú er stofnað að fullu fyrir gildistöku laganna til réttinda yfir fasteign, skráðu skráningarskyldu skipi eða skrásettri bifreið og hefðu réttindi haldið gildi sínu gagnvart þriðja manni án þinglýsingar eftir eldra rétti, og eru þau þá einnig gild með sama hætti framvegis.

□ Reglum 22. og 24. gr., sbr. 43. og 48. gr. laganna verður ekki beitt um skjöl, sem gefin eru út fyrir gildistöku þeirra.

□ Nú er húseign án þinglýstra lóðarréttinda vegna þess, að af sérstökum ástæðum vill lóðareigandi ekki gera tímabundinn afnota- eða leigusamning um lóðina, og skal þá ákvæðum 1. og 3. málsgr. 24. gr. laganna ekki beitt um skjöl, sem slíkar húseignir varða. 50. gr. laganna tekur ekki til slíkra eigna.

□ 1. málsgr. 33. gr. og d-liður 49. gr. taka aðeins til skjala, sem þinglýst er eftir gildistöku laga þessara og ekki gilda sérstakar undantekningar um.

■ **52. gr.** Skjöl, sem þinglýst er fyrir 1. janúar 1949, skal ekki má úr þinglýsingabók eftir 35. gr., sbr. 38. gr., fyrir 1. janúar 1984.

□ Skjöl þau, er greinir í 37. gr., 44. gr. og 48. gr. og þinglýst er fyrir gildistöku laganna, skulu ekki máð úr þinglýsingabók fyrir 1. janúar 1986.

□ Á næstu 5 árum eftir gildistöku laganna skulu þinglýsingardómarar rannsaka grandgæfilega þinglýsingabækur til úrlausnar um réttindi, sem kunna að hafa glatað gildi sínu. Um réttindi, sem bersýnilega eru fallin brott, fer samkv. 38. gr. 1. málsgr. Ef vafi er um gildi einstakra réttinda, ber dómara að leita upplýsinga hjá réttum aðiljum. Honum er og kostur að beita ákvæðum 2. málsgr. 38. gr. eftir því, sem við á.

□ Þinglýsingabækur þær, sem færðar eru við gildistöku laganna, skal nota, uns dómsmálaráðuneytið skipar fyrir um nýjar bækur eða notkun nýrrar tækni. Þegar nýjar þinglýsingabækur eru teknar í notkun, skal ekki færa í þær réttindi, sem bersýnilega eru niður fallin. Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvenær ákvæði 10. gr. frv.[1] koma til framkvæmda í einstökum umdæmum.

□ Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvenær færsla skjala í dagbækur samkvæmt 6. gr. skuli tekin upp í einstökum umdæmum. Þar til slík ákvörðun hefur verið tekin, skal viðtöku skjala og áritun um hana hagað með sama hætti og verið hefur fyrir gildistöku laga þessara.

[1] *Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera „laganna".*

■ **53. gr.** Dómsmálaráðuneytið setur í reglugerð[1] ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um þinglýsingapappír, útlit skjala og efni, endurrit skjala, um geymslu skjala, fyrirkomulag þinglýsingabóka og færslu þeirra, um þinglýsingarvottorð, og að hverju marki almenningi sé kostur að kynna sér efni þinglýsingabóka. Enn fremur skal kveða nánar á um birtingu skjala, sem sætt hafa færslu í þinglýsingabækur.

[1] *Rg. 438/1978, sbr. 646/1980 og 12/1989.*

■ **54. gr.** Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um þinglýsing skjala og aflýsing nr. 30 7. maí 1928, 7. gr. veðlaga nr. 18 4. nóv. 1887, lög nr. 64 4. júlí 1942, 3. málsgrein 3. gr. laga nr. 74 27. apríl 1972,[1] lög nr. 11 25. febr. 1957, lög nr. 65 13. mars 1957, og 2. málsl. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 53 12. maí 1970.

[1] *Á væntanlega að vera 2. málsgr. 3. gr.*

■ **55. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

## Lög um framkvæmd eignarnáms.



■ **1. gr.** Við ákvörðun bóta vegna eignarnáms, sem heimilað er í lögum, skal gætt ákvæða laga þessara. Sama á við bætur og annað endurgjald, sem lögum samkvæmt skal ákvarða í samræmi við lög um framkvæmd eignarnáms. Í engu skal þó haggað ákvæðum laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, né vatnalaga, nr. 15/1923. Um eignarnám til öflunar vatnsréttinda og aðstöðu til nýtingar þeirra samkvæmt öðrum lögum skal og fara eftir ákvæðum vatnalaga. Þá skulu einnig haldast ákvæði loftferðalaga, skipulagslaga, náttúruverndarlaga og vegalaga um fresti til að lýsa kröfum vegna tiltekinna eignarskerðinga samkvæmt þeim lögum.

□ Í lögunum er merking eftirtalinna orða þessi:

**Eignarnemi:** Aðili, sem neytir eða hyggst neyta eignarnámsheimildar.

**Eignarnámsþoli:** Eigandi verðmætis, sem eignarnám beinist að, eða annar rétthafi, sem getur átt rétt til eignarnámsbóta.

**Heimildarlög:** Lög, sem heimila eða fyrirskipa eignarnám.

■ **2. gr.** Matsnefnd eignarnámsbóta sker úr ágreiningi um eignarnámsbætur og annað endurgjald, sem ákveða á samkv. lögum um framkvæmd eignarnáms.

□ Ráðherra skipar formann matsnefndar til fimm ára í senn og annan til vara. Þeir skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Til meðferðar hvers máls kveður formaður tvo eða fjóra hæfa og óvilhalla menn. Um hæfi matsmanns til meðferðar einstaks máls skal fara eftir ákvæðum 36. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt. Afl atkvæða ræður matsniðurstöðu.

■ **3. gr.** Ef eigi leiðir annað af heimildarlögum, má með eignarnámi afla eignarréttar að landi og mannvirkjum ásamt því, sem þeim fylgir, skerða um ákveðinn tíma eða fyrir fullt og allt eignarrétt eða takmörkuð eignarréttindi yfir fasteign og stofna eða fella niður afnotaréttindi, ítaksréttindi og önnur takmörkuð eignarréttindi yfir fasteignum.

□ Þegar eignarréttar er aflað með eignarnámi, skulu öll takmörkuð eignarréttindi jafnframt afnumin, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

■ **4. gr.** Eignarnemi skal, þegar hann neytir eignarnámsheimildar sinnar, senda matsnefnd eignarnámsbóta beiðni um, að mat fari fram. Beiðninni skal fylgja greinargerð fyrir eignarnámsheimild þeirri, sem beiðnin styðst við, og þeim framkvæmdum, sem eru tilefni eignarnámsins. Einnig skal tilgreina þær eignir, sem eignarnám lýtur að, og þeim eignarskerðingum lýst, sem eignarnámið hefur í för með sér. Þá skal eignarnemi, að svo miklu leyti sem auðið er, láta fylgja beiðninni skrá yfir eigendur og aðra rétthafa, sem eignarnámið snertir.

■ **5. gr.** Fallist matsnefnd á, að lagaheimild sé til eignarnámsins, ákveður hún dag til fyrirtöku málsins með a. m. k. viku fyrirvara. Skal það gert með skriflegri tilkynningu til eignarnema og eignarnámsþola, í ábyrgðarbréfi, símskeyti eða með öðrum tryggum hætti.

□ Ef ekki þykir nægilega ljóst, hverjir eigi rétt til eignarnámsbóta, skal birta opinbera tilkynningu í Lögbirtingablaði eða með öðrum tryggilegum hætti. Matsnefnd skal taka mál fyrir, áður en liðnir eru tveir mánuðir frá því að hún fékk það til meðferðar.

■ **6. gr.** Nú hefur aðili, sem heimild hefur til eignarnáms, tekið umráð eignar, og geta þá eigandi og aðrir rétthafar krafizt fyrirtöku máls, sbr. 5. gr.

■ **7. gr.** Við fyrirtöku máls skal matsnefnd leita sátta með aðilum um eignarnámsbætur. Takist sættir, er matsmáli þar með lokið. Færa skal sátt til bókar og skal greina bótafjárhæð, greiðsluskilmála og önnur skilyrði, sem eignarnemi skal uppfylla, áður en hann fær umráð verðmætis þess, sem eignarnámi er tekið.

■ **8. gr.** Eigendur og aðrir rétthafar eignar, sem eignarnámi er tekin, skulu eiga þess kost að kynna sér öll gögn, er eignarnámið varða og máli skipta við ákvörðun bótafjárhæðar. Krefja má og eignarnema nánari skýringa á einstökum atriðum fyrirhugaðra framkvæmda, sem eignarskerðingu hafa í för með sér, svo og upplýsinga um ráðstafanir til að firra eignarnámsþola tjóni.

□ Veita skal aðilum hæfilegan frest til gagnaöflunar og málatilbúnaðar að öðru leyti.

■ **9. gr.** Eignarnemi og eignarnámsþoli skulu lýsa sjónarmiðum sínum og rökstyðja þau í skriflegum greinargerðum. Einnig má ákveða, að mál skuli auk þess munnlega flutt.

□ Þegar nauðsyn krefur, framkvæmir matsnefnd vettvangsgöngu að tilkvöddum málsaðilum.

■ **10. gr.** Matsnefnd skal kveða upp úrskurð um fjárhæð eignarnámsbóta til eignarnámsþola. Í úrskurðinum skal gerð grein fyrir þeim atvikum og réttarreglum, sem liggja til grundvallar niðurstöðum mats. Bótafjárhæð skal vera sundurliðuð og lýst grundvelli útreikninga. Jafnan skal taka afstöðu til ágreiningsatriða. Tiltaka skal sérstaklega, hvern matskostnað eignarnemi eigi að greiða, sbr. 11. gr.

□ Eigi aðrir rétthafar en eigandi eignarnumins verðmætis rétt til eignarnámsbóta, skal meta og tilgreina sérstaklega þær bætur, sem hverjum þeirra ber.

■ **11. gr.** Kostnað af starfi matsnefndar skal greiða úr ríkissjóði, en matsnefnd ákveður hverju sinni í úrskurði sínum, þegar ríkið er ekki eignarnemi, hverja greiðslu eignarnemi skuli inna af hendi til ríkissjóðs vegna slíks kostnaðar. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um greiðslu þessa kostnaðar, og svo um þóknun til nefndarmanna. Eignarnemi skal greiða eignarnámsþola endurgjald vegna þess kostnaðar, sem eignarnámsþoli hefur haft af rekstri matsmáls og hæfilegur verður talinn.

■ **12. gr.** Skerðist fasteign með þeim hætti við eignarnám, að sá hluti hennar, sem eftir er, verður ekki nýttur á eðlilegan hátt sem sjálfstæð eign, getur matsnefnd ákveðið að kröfu eiganda, að eignarnámið skuli ná til eignarinnar allrar.

□ Ef bersýnilegt ósamræmi reynist milli bóta vegna skerðingar eignar og verðmætis þess hluta hennar, sem eftir er, getur eignarnemi krafizt þess, að eignarnámið taki til eignarinnar allrar.

□ Þegar fasteign eða hluti fasteignar er tekinn eignarnámi, getur matsnefnd ákveðið, að eignarnámsþola verði bætt tjón hans að einhverju eða öllu leyti með fasteign eða hluta fasteignar, sem eignarnemi getur ráðstafað.

■ **13. gr.** Þegar mat liggur fyrir, getur eignarnemi tekið umráð eignarnumins verðmætis gegn greiðslu matsfjárhæðar og kostnaðar af mati. Er eignarnema rétt að leita aðstoðar fógeta í þessu skyni. Sama gildir, þegar sátt hefur orðið um eignarnámsbætur, sbr. 7. gr., eða umráðataka verið heimiluð gegn tryggingu, ef tryggingar hefur verið krafizt, sbr. 14. gr.

■ **14. gr.** Þótt mati sé ekki lokið, getur matsnefnd heimilað eignarnema að taka umráð verðmætis, sem taka á eignarnámi, og ráðast í þær framkvæmdir, sem eru tilefni eignarnámsins. Ef krafa kemur fram um það af hálfu eignarnámsþola, skal eignarnemi setja tryggingu fyrir væntanlegum bótum. Ákveður matsnefnd tryggingu-na.

□ Matsnefnd er og heimilt að hafa þann hátt á, sem segir í 1. mgr. þessarar greinar, ef vandkvæði eru á að ákveða bætur fyrirfram eða mat er að öðru leyti vandasamt.

■ **15. gr.** Eignarnemi getur horfið frá fyrirhuguðu eignarnámi, ef hann segir til þess innan mánaðar frá því að mat á eignarnámsbótum lá fyrir, en bæta skal hann allt tjón, sem rakið verður til aðgerða hans. Að kröfu eignarnámsþola er eignarnema þó skylt að greiða eignarnámsbætur, ef eignarnemi hefur tekið umráð eða hafið hagnýtingu verðmætis, eftir atvikum gegn tryggingu, sbr. 14. gr.

■ **16. gr.** Heimilt er matsnefnd, þótt eignarnámsmati sé lokið, að taka til úrlausnar kröfur um eignarnámsbætur, sem ekki hefur verið fjallað um í matinu, ef krafa

1973 Nr. 11 6. apríl

**1973** Nr. 11 6. apríl

kemur fram um það, áður en ár er liðið frá því að þeim framkvæmdum lauk, sem voru tilefni eignarnámsins. Sama gildir um bótakröfur eignarnámsþola, er stafa af því, að veruleg breyting hefur orðið á bótagrundvelli þeim, sem matsniðurstaða byggist á.

■ **17. gr.** Leita má úrlausnar dómstóla um ágreining út af lögmæti eignarnáms, þar á meðal ágreining um fjárhæð eignarnámsbóta, en um síðastgreint atriði þó ekki fyrr en úrlausn matsnefndar liggur fyrir.

■ **18. gr.** Formaður matsnefndar varðveitir matsúrskurði og sér um útgáfu þeirra eða útdrátta úr þeim. Jafnan skal senda fasteignamati ríkisins afrit matsúrskurða.

■ **19. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. ... Nú hefur dómkvaðning matsmanna farið fram fyrir gildistöku laga þessara, og skal þá það mat fara eftir eldri reglum.

**1952** Nr. 113 29. des.

## Lög um lausn ítaka af jörðum.

■ **1. gr.** Ítak merkir í lögum þessum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi eru samfara vörzlum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taka til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis.

■ **2. gr.** Lög þessi taka eigi til ítaka í aðrar fasteignir en jarðir.

■ **3. gr.** Lög þessi taka eigi til skógarítaka né til lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum.

■ **4. gr.** Á næstu 6 mánuðum, eftir að lög þessi taka gildi, skulu héraðsdómarar birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til þeirra, er telja sig eiga ítök í jarðir innan lögsagnarumdæmisins, um að lýsa ítaksrétti sínum innan 12 mánaða frá síðustu birtingu áskorunarinnar. Í lýsingunni til héraðsdómara skal greina efni ítaksins, hagnýtingu þess að undanförnu, og eftir því sem unnt er, hversu það í fyrstu er tilkomið.

■ **5. gr.** Nú hefur ítaki verið lýst samkv. 4. gr., og skal héraðsdómari þá senda eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, er ítaki er lýst í, eftirrit af lýsingunni. Vefengi þeir lýsinguna, skal úr þeim ágreiningi skorið samkvæmt l. nr. 41 28. nóv. 1919. Komi engin vefenging fram innan 12 mánaða frá því jarðeiganda og ábúanda var send tilkynning þessi, skal það metið svo sem þeir viðurkenni, að lýsingin sé rétt, og skal þá þinglýsa ítakslýsingunni á varnarþingi jarðarinnar, hafi ítakinu eigi verið þinglýst þar áður.

☐ Nú er ítaki eigi lýst samkvæmt framansögðu, og fellur það þá úr gildi. Hafi því áður verið þinglýst, skal afmá það úr veðmálabókunum.

■ **6. gr.** Eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, á þess kost að leysa það af jörð sinni samkv. þeim reglum, sem hér fara á eftir.

☐ Sama rétt á sá, sem erfðaábúð hefur á jörð, svo og óðalsmaður, að því er tekur til ítaka í óðalsjörð hans.

☐ Nú er jörð sú, sem ítakið er í, í sameign fleiri manna, og verða þeir þá allir að vera sammála um lausn ítaksins af jörðinni.

■ **7. gr.** Nú vill eigandi leysa ítak af jörð sinni, og skal hann þá snúa sér til ítakshafans um það. Náist eigi samkomulag um lausn ítaksins, getur lausnarbeiðandinn fengið dómkvadda tvo óvilhalla menn og lagt málið undir álit og mat þeirra. Matsmenn þessir skulu meta annars vegar hagsmuni ítakshafa af notkun ítaksins og hins vegar hagsmuni lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörð sinni. Er ítakshafa þá því aðeins skylt að hlíta lausn ítaksins, að hagsmunir hans af ítakinu séu metnir mun minni en hagsmunir lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörðinni. Meta þá matsmennirnir ítakið til peningaverðs, ef óskað er.

**1952** Nr. 113 29. des.

■ **8. gr.** Nú eiga tvær jarðir ítök hvor í annarrar land og leysir eigandi annarrar jarðarinnar ítakið af henni, og er það þá á valdi eiganda hinnar jarðarinnar, hvort hann leysir einnig ítakið af jörð sinni.

■ **9. gr.** Nú hefur ítak verið leyst af jörð, sem í leiguábúð er, og getur landsdrottinn þá látið fara fram endurmat á landsskuld ábúandans. Sama rétt á leiguliði, er ítak, sem ábýlisjörð hans fylgdi, hefur verið skilið frá jörðinni og leyst af jörð þeirri, er það var í. Endurmat þetta framkvæma úttektarmenn.

■ **10. gr.** Aðili, sem eigi vill una álits- og matsgerð dómkvaddra manna, er ræðir um í 7. gr., getur skotið henni til yfirmats þriggja dómkvaddra óvilhallra manna. Kostnaður við undirmat greiðist af þeim aðila, sem æskir þess, svo og við yfirmat, ef engin breyting verður á matinu honum í vil; ella greiðist kostnaður við yfirmat að hálfu af hvorum aðila.

**1905** Nr. 46 10. nóv.

## Lög um hefð.

■ **1. gr.** Hefð má vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign.

■ **2. gr.** Skilyrði fyrir hefð er 20 ára óslitið eignarhald á fasteign, en 10 ára óslitið eignarhald á lausafé.

☐ Nú hefir maður umráðum náð með glæp eða óráðvandlegu atferli, og má hann þá ekki hefð vinna. Sama er og ef hefðandi fær vitneskju um, áður en hefðin er fullnuð, að eignarhaldið sé þannig til komið.

☐ Nú hefir hefðandi fengið hlutinn að veði, til geymslu, til láns eða á leigu, og geta þá slík umráð ekki heimilað hefð.

■ **3. gr.** Til hefðartíma má telja óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri, ef eignarhaldið hefir löglega gengið frá manni til manns. Eignarhald hvers einstaks hefðanda verður að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr.

■ **4. gr.** Nú missir hefðandi umráð yfir hlutnum, og slitnar þá hefðarhaldið, nema svo sé, að hann hafi umráðin óviljandi misst og náð þeim aftur innan 6 mánaða eða nái þeim með lögsókn, er hafin sé innan þess frests og rekin með hæfilegum hraða.

☐ Nú er réttur hefðanda til eignarhaldsins vefengdur með löglega birtri kæru til sáttanefndar eða dómstefnu, áður en hefðartíminn er fullnaður, og málið því næst rekið með hæfilegum hraða, eða vefengingarkröfu er lýst í bú hefðanda og skal þá álíta hefðarhaldið slitið þann dag, er sáttakæra eða dómstefna er dagsett, ef dómur gengur sækjanda í vil, en dagsetningardag vefengingarkröfu, verði hún gild metin af skiptarétti.

■ **5. gr.** Nú hefir maður arðberandi hlut í eignarhaldi, er til hefðar mátti leiða samkv. 2. gr., og hluturinn verður af honum dæmdur, þá ber honum aðeins að standa skil á þeim arði, er hann hefir haft af hlutnum, frá þeim degi, er honum var birt sáttakæra eða dómstefna, eða sagt var til kröfu í búi hans.

■ **6. gr.** Fullnuð hefð skapar eignarrétt yfir hlut þeim,

**1905** Nr. 46 10. nóv.

er í eignarhaldi var, og þarf hefðandi ekki að styðjast við aðra eignarheimild.

□ Afnotaréttur, sem stofnaður er áður en hefðarhaldið byrjaði, fellur úr gildi um leið og hefðin er fullnuð, ef umráð hefðanda yfir eigninni hafa útilokað afnotin. Nú stofnar annar en hefðandi afnotarétt með samningi yfir eign þeirri, er hefðandi hefir í eignarhaldi, og fellur þá afnotaréttur sá úr gildi um leið og eignarhefð er fullnuð, þótt ekki sé liðinn hefðartími fullur frá stofnun hans, ef eignarhald hefðanda hefir útilokað afnotin.

□ Afgjaldsskyldur, er á jörð hvíla, og sjálfsvörzluveðsréttur falla ekki úr gildi við það, að eign sú, er réttindi þessi hvíla á, verður hefðuð.

■ **7. gr.** Notkun með samsvarandi skilyrðum og þeim, er gilda um eignarhefð, skapar afnotarétt.

■ **8. gr.** Hefð á ósýnilegum ítökum, svo sem slægjum, beit, reka o. s. frv., getur aðeins unnizt með 40 ára notkun og öðrum skilyrðum sömu sem eignarhefð.

■ **9. gr.** ...[1]

[1] *L. 85/1936, 224. gr.*

**1811** 8. júní

**Opið bréf (frá kansellíinu) um meðferð á fundnu fé í kaupstöðum.**[1]

[1] *Vafasamt er um gildi þessa opna bréfs, en því hefur verið beitt hér. Sjá l. 88/1989.*

Í opnu bréfi 28. sept. 1767, fyrir Kaupmannahöfn, er ákveðið: að fundnir munir skulu geymdir á skrifstofu lögreglustjóra, og skuli þar bókað, hver fundið hafi hvern hlut og hvar, og það auglýst í blaði og með uppfestri skrifaðri auglýsingu; að þegar eigandinn gefur sig fram og fær hið fundna afhent á skrifstofu lögreglustjóra, skuli hann greiða dálitla þóknun í fundarlaun, eftir verði hlutarins, atvikum og úrskurði lögreglustjóra og auk þess kostnað við birtingu í blaði; og loks að, ef eigandinn kemur eigi innan árs og dags, skuli selja hið fundna handa lögreglusjóðnum, og finnandi þá fá þriðjung þess í fundarlaun. En með allrahæstum úrskurði, 5. júní síðastl., hefir Hans Hátign allramildilegast ákveðið, að fyrirmælin í ofannefndu opnu bréfi, 28. sept. 1767, skulu eftirleiðis einnig ná til allra annarra kaupstaða í báðum ríkjunum, þó svo, að í þeim kaupstöðum, þar sem engin blöð koma út, skal hinum fundnu munum lýst með uppfestum auglýsingum og bumbuslætti.

**1812** 5. des.

**Opið bréf kansellíisins um fundið fé í sveitum.**[1]

[1] *Samkv. konungsúrskurði 24. nóv. 1812.*

(Ákveðið, að ákvæðin í opnu bréfi 8. júní 1811 skulu einnig gilda í sveitum í „báðum ríkjunum, þó svo, að fundi skal lýst af prédikunarstóli og með uppfestum auglýsingum".)

**1887** Nr. 18 4. nóv.

**Lög um veð.**

■ **1. gr.** Ef skuld, sem handveð er fyrir, er eigi borguð í gjalddaga, eða vextir á ákveðnum tíma, hefir veðhafi rétt til að láta selja veðið á uppboðsþingi, en gera skal hann veðsala áður aðvart um það, svo vottfast sé, með 8 daga fyrirvara og sé veðsali ókunnur eða heimili hans, skal veðhafi stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa út veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í auglýsingar stjórnarvalda.

■ **2. gr.** Eigi missir lánardrottinn kröfu sína, þótt handveð glatist, nema vangæzlu hans sé um að kenna.

■ **3. gr.** Rétt er, að ákvæði það, sem um er getið í tilskipun 18. febr. 1847 um fé ómyndugra á Íslandi, 10. gr., sé sett í hvert það veðskuldabréf, er fasteignartrygging veitir.[1]

[1] *Ath. l. 68/1984, 39. gr.*

■ **4. gr.** Engum er heimilt, eftir það að lög þessi öðlast gildi að veðsetja allt það, er hann á og eignast kann.

□ Enginn má, eftir það að lög þessi öðlast gildi, setja að sjálfsvörzluveði safn af munum, sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar, og einkenndir eru einu almennu nafni.

□ Þó er leiguliða heimilt að setja landsdrottni að sjálfsvörzluveði áhöld þau, er hann á til að yrkja leigujörð sína, svo og afurðir bús síns, þeim skuldum til tryggingar, sem hann er kominn eða kann að komast í við landsdrottin sinn, og af ábúðinni leiða.

□ [Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða, landbúnaðarafurða og eldisfisks og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölu, heimilt að setja ríkissjóði, svo og banka eða öðrum lánastofnunum, að sjálfsvörsluveði afla, eldisfisk og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölu á tilteknu tímabili, til tryggingar lánum þeim er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla, eldisfisks og afurða, án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs, og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda sem fylgja afla, eldisfiski eða afurðum á hverjum tíma. Veðsölum, öðrum en framleiðendum eldisfisks, er þó óheimilt að veðsetja framangreind verðmæti til lengri tíma en eins árs í senn. Veðsetning á eldisfiski er óheimil til lengri tíma en fjögurra ára í senn.][1]

□ [Nú hefur eigandi veðsetts afla, eldisfisks eða afurða afhent öðrum hinar veðsettu vörur og öðlast veðhafinn þá veðrétt, sams konar og hann átti í aflanum, eldisfiskinum eða afurðunum, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim sem við hinum veðsettu afurðum tók um endurgjald af hans hálfu fyrir afla, eldisfisk eða afurðir sem af hendi voru látin. Sá sem við aflanum, eldisfiskinum eða afurðunum tók bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari hafi hann greitt hana veðsala áður en veðrétturinn í henni var niður fallinn.][2]

□ [Fjármálaráðuneytinu er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld af veðbréfum fyrir lánum þessum.

□ Víxlar til framlengingar á afurðavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir, skulu undanþegnir stimpilgjaldi.][3]

□ [Ákvæði 89. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, gilda eigi um veðrétt þennan, að undanteknum kröfum þeim, er um ræðir í 3. og 5. lið 83. gr. skiptalaga.][4]

[1] *L. 9/1989, 14. gr.* [2] *L. 43/1986, 2. gr.* [3] *L. 87/1960, 1. gr.* [4] *L. 87/1960, 2. gr.*

■ **5. gr.** Þegar jörð er sett að veði, er rétt svo um að semja, að jörðinni skuli fylgja auk kúgilda og jarðarhúsa önnur tiltekin hús á jörðinni, áhöld, búsgögn og heyforði sá, sem á henni er í hvert skipti.

■ **6. gr.** Rétt er þeim, sem veðsetur verksmiðjur eða önnur iðnaðarhýsi, að semja svo um, að vélar eða önnur iðnaðaráhöld og verkefni skuli fylgja fasteigninni.

□ [Svo er og þeim, er veðsetur skrásett skip, rétt að semja svo um, að skipinu skuli, auk venjulegs fylgifjár,

**1887** Nr. 18 4. nóv. fylgja aðrir lausafjármunir, sem ætlaðir eru til notkunar á skipinu, svo sem kola- og olíubirgðir þær, sem í skipinu eru í hvert skipti, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.][1)]

[1)] *L. 46/1933, 2. gr.*

■ **7. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 39/1978, 54. gr.*

■ **8. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 25/1929, 20. gr.*

■ **[9. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna er bændum rétt og heimilt að veðsetja bönkum og sparisjóðum að sjálfsvörzluveði einu nafni tiltekna flokka búfjár síns til tryggingar rekstrarlánum, sem veitt eru til ekki lengri tíma en eins árs í senn, og gengur það veð fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár og einstakra gripa.][1)]

[1)] *L. 28/1953, 1. gr.*

**1937** Nr. 39 13. júní **Lög um skipting fasteignaveðslána.**

■ **1. gr.** Þegar skipta á jörð í tvö eða fleiri sjálfstæð býli milli eigenda, eða byggja á nýbýli úr landi jarðar, skal, ef óskað er, meta hvernig heildar-fasteignarmatsverð fasteignarinnar skiptist á hin einstöku býli.

■ **2. gr.** Við matsgerð þessa skal ekki meta þau mannvirki, er unnin hafa verið á jörðinni eftir að mats var óskað.

■ **3. gr.** Mat það, sem um ræðir í 1. og 2. gr., skal framkvæmt af úttektarmönnum hlutaðeigandi hrepps. Matskostnað greiða eigendur í hlutfalli við verðmæti hvers býlis, eftir því sem metið er, og skal um matskostnað farið eftir lögum nr. 64 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur.[1)]

[1)] *Nú l. 32/1965.*

■ **4. gr.** Nú hefir mat farið fram samkvæmt fyrirmælum 1. – 3. gr., og er þá peningastofnunum skylt, sé þess óskað af eigendum býlanna, að skipta fasteignaveðslánum, er á fasteigninni hvíla, hlutfallslega jafnt á hin einstöku býli, eftir verðmæti þeirra, samkvæmt mati því, er að ofan getur, enda skal, að dómi hlutaðeigandi lánsstofnunar, trygging fyrir fasteignaveðslánum þessum ekki lakari en áður, og veðhæfi eignarinnar og veðréttur í engu lakari en áður en skipti fóru fram.

■ **5. gr.** Kostnað þann, er leiðir af skiptingu lánanna, svo sem þinglestur, greiða lántakendur, en engin afföll skal þeim reikna af hinum nýju lánum.

■ **6. gr.** Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

**1901** Nr. 23 13. sept. **Lög um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum.**

Sé skuldunaut veittur gjaldfrestur á vöxtum af skuld, sem fasteignaveð er fyrir, eftir að þeir eru komnir í gjalddaga, þá helzt eigi forgangsréttur til veðsins fyrir vöxtum þessum gagnvart síðari veðhöfum lengur en eitt ár frá því þeir komu í gjalddaga.

# V. g. Einkaréttindi.

**1923** Nr. 12 20. júní **Lög um einkaleyfi.**

■ **1. gr.** Einkaleyfi er rétt að veita fyrir uppgötvunum, er hagnýttar verða í iðnaði, eða er tilbúning þeirra má reka sem iðn.

□ Enginn má öðlast einkaleyfi fyrir:

1. uppgötvunum, er eigi verða taldar hafa neitt verulegt gildi;

2. uppgötvunum, er notkun þeirra kemur í bága við lög, siðgæði eða allsherjarreglu;

3. nýfundnum læknislyfjum, neyzluefnum eða nautnar. Einkaleyfi má þó veita fyrir sérstakri aðferð við tilreiðslu slíkra hluta;

4.[1)] uppgötvunum, sem lýst hefir verið í riti, er almenningur hefir átt kost á að kynna sér, eða þær hafa verið hafðar opinberlega um hönd hér á landi, sýndar á sýningu (sbr. þó 24. gr.) eða á annan hátt hafðar til sýnis almenningi, og eru þær uppgötvanir svo kunnar orðnar með þessum hætti, að þeir menn, sem vit hafa á, geta fært sér þær í nyt. Til rita, er almenningi er heimilt að kynna sér, teljast ekki í skilningi laga þessara lýsingar á uppgötvunum, er lagðar eru fram til sýnis almenningi í ríki þessu samkvæmt 13. gr. laganna, eða í erlendu ríki samkvæmt samskonar lagaákvæði. Að áskildu gagnkvæmi getur konungur ákveðið, að uppgötvanalýsingar, er gefnar eru út embættislega í erlendu ríki, skuli ekki fyrr en að tilteknum tíma liðnum teljast til rita, er almenningi er heimilt að kynna sér í skilningi laga þessara.

[1)] *Sbr. l. 15/1946.*

■ **2. gr.** Rétt er að veita einkaleyfi fyrir breytingum á uppgötvunum, sem áður er fengið einkaleyfi fyrir, ef svo mikið kveður að breytingum þessum, að þær megi í sjálfu sér teljast uppgötvanir.

□ Slíkt einkaleyfi nefnist aukaleyfi, og skal í því berum orðum vísað til frumleyfisins, að því viðbættu, að aukaleyfið veiti ekki leyfishafa rétt til að hagnýta sér aðaluppgötvunina.

■ **3. gr.** Uppgötvari hefir einn rétt til að öðlast einkaleyfi, eða sá, er löglega hefir eignazt rétt hans. Skuldheimtumenn mega ekki leita fullnægingar í rétti til að öðlast einkaleyfi; en í rétti þeim, er einkaleyfi veitir, má fullnægingar leita.

□ Nú beiðast fleiri en einn einkaleyfis fyrir einni og sömu, eða nálega sömu, uppgötvun, og gengur sá fyrir hinum til að öðlast leyfið, sem fyrr eða fyrst hefir borið upp beiðni um það.

■ **4. gr.** Einkaleyfi skal veita fyrir 15 ár, að telja frá dagsetningu leyfisbréfsins.

□ Nú er gerð breyting á uppgötvun, sem einkaleyfi er fengið fyrir, og getur leyfishafi þá öðlazt viðbótarleyfi fyrir breytingunni, og rennur það út jafnsnemma og frumleyfið.

■ **5. gr.** Án samþykkis einkaleyfishafa má enginn gera sér atvinnu eða gróða af því:

1. að tilbúa, flytja inn eða hafa til sölu hlut þann, er einkaleyfður er, eða tilreiddur með einkaleyfðri aðferð, eða

2. að nota hina einkaleyfðu aðferð.

□ Þó má án tillits til einkaleyfis:

a. nota hluti, er fylgja samgöngutækjum úr öðrum löndum, í sambandi við tækin sjálf, þá er þau eru um stundarsakir hér á landi, og

b. nota til langframa hluti, er fylgt hafa hingað og heyrt til samgöngutækjum, sem keypt hafa verið í útlöndum fyrir íslenzkt fé eða handa íslenzku skipi, sem bilað hefir á sjó, og gert hefir verið við í útlöndum.

■ **6. gr.** Einkaleyfi verður ekki beitt gegn þeim, er farinn var að nota uppgötvunina hér á landi áður en beiðni um einkaleyfi var borin upp, eða búið hafði sig undir það til hlítar.

☐ Nú hefir maður notað uppgötvun eftir það, er einkaleyfisbeiðni var borin upp, og má þá koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir ágang á einkaleyfisrétt (sbr. 21. gr.), svo framarlega sem honum, er hann tók að nota uppgötvunina, hefir verið kunnugt um, að einkaleyfisbeiðni hafi verið borin upp, eða hann haldið því áfram eftir að hann varð þess vísari. Nú hefir auglýsing verið birt (sbr. 13. gr.), og skal þá hafa fyrir satt, að alkunnugt sé, að beiðnin hafi verið borin upp.

■ **7. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 79/1975, 25. gr.*

■ **8. gr.** Ákveða má með konungsúrskurði, að hið opinbera skuli, án samþykkis einkaleyfishafa, hafa rétt til að nota einkaleyfða uppgötvun mót endurgjaldi.

☐ Nú lætur einkaleyfishafi líða svo 5 ár frá því er leyfið er út gefið, að hann kemur ekki uppgötvuninni í framkvæmd innan ríkisins, að svo miklu leyti sem ætlazt verður til með sanngirni, annaðhvort sjálfur eða aðrir hans vegna, og er honum þá skylt að veita öðrum leyfi til að nota uppgötvunina í iðn sinni, ef þess er beiðzt, mót endurgjaldi.

☐ Þá er liðin eru þrjú ár frá því, er einkaleyfisbréf var gefið út, er einkaleyfishafa sömuleiðis skylt að leyfa notkun einkaleyfisins þeim; er hefir yngra einkaleyfi fyrir uppgötvun, sem er mjög mikilsvarðandi fyrir iðnaðinn, en ekki er unnt að hagnýta án þess að nota eldra leyfið, enda komi endurgjald fyrir. Þegar svo lagað leyfi er veitt, er eiganda eldra einkaleyfisins hins vegar heimilt að nota uppgötvun þá, er seinna varð einkaleyfð, gegn endurgjaldi.

☐ Ráðuneytið sker úr því, hvort skilyrði eru til þess að öðlast leyfi til að nota einkaleyfi annars manns samkvæmt lagagrein þessari. Sá, sem ber slíkt mál upp, greiði gjald, að upphæð 100 kr. Úrskurði ráðuneytisins má, innan þriggja mánaða frá því er hann var uppkveðinn, skjóta til dómstólanna, að því er snertir skilning þann á lögunum, sem úrskurðurinn er byggður á.

☐ Grein þessi nær ekki til einkaleyfa, sem eru eign hins opinbera.

☐ Að áskildu gagnkvæmi getur konungur samið svo um við önnur ríki, að það skuli eigi hafa lögmæltar afleiðingar, þótt uppgötvun komist eigi í framkvæmd í ríki hér.

■ **9. gr.** Endurgjald það, er einkaleyfishafa ber samkvæmt 8. gr., skal ákveðið með mati óvilhallra manna, ef ekki næst samkomulag.

☐ Nú er endurgjald ákveðið þannig, að greiða skuli tiltekna fjárhæð eitt skipti fyrir öll, og skal inna hana af hendi áður en farið er að nota uppgötvunina.

☐ Sé afgjald ákveðið, skulu matsmennirnir, ef einkaleyfishafi fer þess á leit, einnig tiltaka gjalddaga á því og ákveða, hverja tryggingu setja skuli fyrir skilvíslegri greiðslu þess.

☐ Afgjald það, er ákveðið er með mati eða úrskurði ráðuneytisins, má innheimta með lögtaki.

■ **10. gr.** Ráðuneytið úrskurðar um einkaleyfisumsóknir.

☐ Sá, sem vill beiðast einkaleyfis fyrir uppgötvun, á að senda ráðuneytinu:

1. beiðni um einkaleyfi, er stíluð sé til ráðuneytisins og tvíritуð;
2. lýsingu á uppgötvuninni, tvíritaða;
3. ennfremur uppdrátt, ef með þarf til þess að lýsingin skiljist, og eiga sömuleiðis að vera tvö eintök af honum; eftir atvikum ber einnig að senda fyrirmynd, sýnishorn o. fl.;
4. yfirlýsing um það, hvort beiðzt hefir verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni.

☐ Áður en leyfið sé veitt getur ráðuneytið heimtað að lögð sé fyrir það skýrsla um árangur af rannsókn um einkaleyfið í öðrum ríkjum.

■ **11. gr.** Í beiðninni skal greina nafn beiðanda, stöðu og heimili, svo og tákna uppgötvunina, eins og ætlazt er til að hún eigi að verða nefnd í leyfinu. Beiðandi skal og segja til, hver uppgötvari er; ef það er annar en sjálfur hann, ber honum að leiða fullnægjandi rök að því, að hann sé löglega að rétti hins kominn.

☐ Lýsingin á að vera svo glögg og fullkomin, að þeir, sem þekkingu hafa til að bera, þurfi ekki frekari leiðbeiningar við til að framleiða og nota uppgötvunina. Þar á að vera ljós skilgreining á því, sem beiðandi telur vera uppgötvun og vill því fá verndað með einkaleyfi. Uppdrættir skulu vera greinilegir og haldgóðir og þannig, að allir heildarpartar, sem drepið er á í lýsingunni, komi fram í þeim, enda eiga þeir í lýsingu og uppdrætti að vera táknaðir með sömu bókstöfum eða tölum.

☐ Nú vill maður beiðast einkaleyfis fyrir fleiri uppgötvunum en einni, og er hver annarri óháð, og skal hann þá bera upp sína beiðnina fyrir hverja uppgötvun.

■ **12. gr.** Einkaleyfisbeiðni skal fylgja yfirlýsing beiðanda um, að hann játist undir íslenzk lög í öllum málum, er varða hið íslenzka einkaleyfi, og lofi að svara til sakar í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Nú er beiðandi ekki heimilisfastur hér á landi, eða lætur af heimilisfangi hér, enda hafi hann ekki sagt ráðuneytinu til einhvers, er hér sé heimilisfastur og hafi umboð fyrir hann, eða umboð fellur úr gildi, og er þá rétt að senda tilkynningar allar, er snerta einkaleyfið, svo og stefnur til réttarhalda hér á landi, í ábyrgðarbréfi, er sent sé ráðuneytinu til framskila og beri utanáskrift beiðanda eða umboðsmanns hans erlendis, samkvæmt því, sem sagt hefir verið til í beiðninni eða síðar tilkynnt í ráðuneytinu. Bæjarfógetinn í Reykjavík[1)] tiltekur stefnufrestinn, þá er stefnt er á þennan hátt.

[1)] *Sjá nú l. 74/1972, 1. gr.*

■ **13. gr.** Ef beiðni um einkaleyfi er ekki með þeim frágangi, sem fyrirskipað er í 10. – 12. gr., setur ráðuneytið beiðanda hæfilegan frest til að ráða bót á því, sem áfátt er.

☐ Þegar beiðnin er í réttu lagi, lætur ráðuneytið birta stuttorða auglýsingu um, að hún sé komin því í hendur, og skal þar getið nafns beiðanda, stöðu hans og heimilis og uppgötvunin nefnd á nafn. Jafnframt skal beiðnin með fylgiskjölum lögð fram almenningi til sýnis á þeim stað, er ráðuneytið tiltekur. Beiðandi á heimtingu á, að auglýsingu og framlagningu sé frestað í 6 mánuði, frá því að beiðnin var afhent.

■ **14. gr.** Í 12 vikur frá birtingu auglýsingar er sérhverj-

um frjálst að gefa sig fram við ráðuneytið og hreyfa mótmælum gegn því, að einkaleyfi verði veitt, hvort sem mótmælin eru byggð á því, að til þess bresti almenn skilyrði, eða því er haldið fram, að leyfisveiting mundi koma í bága við einkarétt mótmælanda. Mótmæli skulu vera skrifleg og rökstudd, og á að gefa leyfisbeiðanda kost á að segja álit sitt um þau.

■ **15. gr.** Nú hefir beiðandi áður eða jafnframt beiðzt einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og verður einkaleyfi þá að jafnaði ekki veitt fyrr en beiðandi sýnir skilríki fyrir því, að hann hafi fengið einkaleyfi í einhverju slíku ríki.

□ Nú hefir ekki verið beiðzt einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og lætur ráðuneytið þá framkvæma rannsókn á beiðninni. Kostnað við rannsóknina greiðir beiðandi.

■ **16. gr.** Nú synjar ráðuneytið beiðanda um einkaleyfið, en hann telur synjunina ekki vera á rökum byggða, og [getur hann þá skotið málinu til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum],[1] ef hann fer þess á leit við ráðuneytið innan 12 vikna frá því, er hann fékk frá því tilkynningu um úrslitin, og gerir grein fyrir málaleitun sinni.

[1] *L. 36/1984, 1. gr.*

■ **17. gr.** Nú hefir ráðuneytið [eða áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum][1] úrskurðað, að veita megi einkaleyfi og skal það tilkynnt beiðanda og honum jafnframt tjáð, að honum beri að útleysa einkaleyfið innan 3 vikna frá því, er honum barst tilkynningin. Ráðuneytið auglýsir, að leyfið sé útleyst, þegar það er gert.

[1] *L. 36/1984, 2. gr.*

■ **18. gr.** Ráðuneytið heldur skrá yfir öll einkaleyfi, sem út eru gefin, og skal þar geta um aðalefni hvers einkaleyfis og dagsetning, en frá henni telst gildi þess, svo og nafn, stöðu og heimili einkaleyfishafa og umboðsmanns hans, ef nokkur er.

□ Þegar einkaleyfistíminn er á enda, eða einkaleyfi fellur niður eða er metið ógilt að öllu eða nokkru leyti, skal þess getið í einkaleyfaskránni.

□ Sömuleiðis skal geta þess í skránni, er ráðuneytinu berst tilkynning um skilríki fyrir, að einkaleyfi hafi verið framselt öðrum eða höfð hafi verið umboðsmannaskipti. Meðan ekki er komin tilkynning um slíkt, má höfða mál út af einkaleyfinu á hendur hinum fyrri einkaleyfishafa eða umboðsmanni.

□ Hverjum manni er heimilt að kynna sér bæði einkaleyfaskrána og umsóknir þær, lýsingar og annað, er snertir útgefin einkaleyfi.

■ **19. gr.** Auglýsingar frá ráðuneytinu um einkaleyfi[1] skulu birtar í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar.

[1] *Sjá t. d. augl. 815/1981 og 801/1983.*

■ **20. gr.** Nú telur einhver, að einkaleyfi komi í bága við rétt sinn, eða við 1. gr. 4. lið í lögum þessum, og að því hefði ekki átt að veita það, eða veita það innan þrengri takmarka en gert hefir verið, og getur hann þá höfðað mál til ógildingar einkaleyfinu á heimilisþingi eða umsömdu varnarþingi einkaleyfishafa eða umboðsmanns hans í ríki hér, sbr. 12. gr.

□ Í hvert skipti sem dæmt er að einkaleyfi sé niður fallið eða ógilt, ber dómstólnum að senda ráðuneytinu afrit af dómnum.

■ **21. gr.** Hver sá, er gengur á réttindi þau, er einkaleyfi veitir (5. gr.), er skyldur að bæta þeim, er fyrir ágangi verður, allt það tjón, er hann af því bíður, samkvæmt almennum skaðabótareglum; munir þeir, er ólöglega hafa verið aðfluttir, tilbúnir eða boðnir til kaups, skulu látnir af hendi við hann, ef hann krefst þess, gegn því að hann greiði andvirði þeirra, eða það sé látið koma upp í skaðabætur þær, er honum bera. [Sá, sem af ásettu ráði gengur á einkaleyfisrétt, skal auk þess sæta sektum.][1]

[1] *L. 75/1982, 51. gr.*

■ **22. gr.** [Mál út af brotum á lögum þessum getur sá einn höfðað sem misgert er við.][1]

□ Nú er því haldið fram í málinu, að einkaleyfið sé niður fallið eða ógilt, og ber að leggja dóm á það atriði, svo framarlega sem sekt eða sýkna hins kærða er undir því komin.

□ Bæði hegning og skaðabætur falla niður, ef ágangur er ekki kærður innan árs frá því, er einkaleyfishafa varð kunnugt um hann, eða innan 3 ára frá því, er hann átti sér stað.

[1] *L. 75/1982, 51. gr.*

■ **23. gr.** Lög þessi ná eigi til einkaleyfa, er veitt hafa verið eftir reglum þeim, er gilt hafa hingað til.

□ Með einkaleyfisumsóknir, sem bornar hafa verið upp, en ekki afgreiddar áður en lög þessi ganga í gildi, ber að fara eftir reglum þeim, er gilt hafa til þessa, og ber að veita einkaleyfi, ef til kemur, eftir sömu reglum.

■ **24. gr.** Nú hefir uppgötvun verið sýnd á íslenzkri sýningu eða alþjóðasýningu hér á landi, og á þá uppgötvari heimting á að fá einkaleyfi fyrir henni, ef hann ber upp beiðni um það innan 6 mánaða frá því, er uppgötvunin var látin á sýninguna, og kemur þá eigi til greina, þó að uppgötvuninni hafi á því tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 4. lið 1. greinar. Með konunglegri tilskipun má ákveða, að hið sama skuli gilda um uppgötvanir, sem sýndar eru á alþjóðasýningum í öðru ríki.

□ Ennfremur má ákveða með konunglegri tilskipun:

1. að hver sá, er sótt hefir um einkaleyfi fyrir uppgötvun í öðrum ríkjum, er tilgreind séu, einu eða fleirum, skuli eiga heimting á að öðlast einkaleyfi fyrir hinni sömu uppgötvun hér á landi, ef hann beiðist þess innan 12 mánaða frá því er fyrsta beiðnin var borin upp, og það þótt uppgötvuninni hafi á nefndu tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 4. lið 1. greinar;

2. að beiðni, sem þannig hefir verið borin upp hér á landi, skuli standa svo að vígi gagnvart öðrum beiðnum, sem hafi hún verið borin upp jafnsnemma og sú, er fyrst var borin upp í öðru ríki.[1]

[1] *Augl. C 5/1966 (um fullgildingu Evrópusamnings frá 11. 12. 1953 um formsatriði við umsóknir um einkaleyfi).*

■ **25. gr.** Ráðuneytið getur með reglugerð skipað nánar fyrir um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, fyrirkomulag einkaleyfisbréfa og efni, greiðslu einkaleyfisgjalda og kostnaðar við rannsókn einkaleyfa.[1] Í reglugerðinni má ákveða, að veita megi efnalitlum beiðendum eftirgjöf á kostnaði við rannsókn, samkvæmt 15. gr., ef ráðuneytið telur ástæðu til.

[1] *Rg. 59/1966, sbr. 43/1979 og 555/1980 (um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa).*

■ **26. gr.** ...

■ [**27. gr.** Nefnd sú, sem skipuð skal samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki,

**1923** Nr. 12 20. júní áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum, úrskurðar í deilumálum skv. 16. gr., sbr. 17. gr. laga þessara.][1)]

[1)] *L. 36/1984, 3. gr.*

**1946** Nr. 15 2. apríl **Lög um breyting á lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi.**

■ **1. gr.** Ákvæði 4. liðs 1. gr. laga nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, varðandi embættislega birtingu uppgötvanalýsinga skulu ekki gilda um þær uppgötvanir, sem embættisleg birting hefur farið fram á erlendis eftir 1. september 1939, ef sótt er um einkaleyfi á þeim fyrir 1. janúar 1947.

**1972** Nr. 73 29. maí **Höfundalög.**[1)]

[1)] *Alþjóðasamn. um höfundarétt, augl. A 82/1956. Alþjóðasáttmáli til verndar bókmenntum og listaverkum (Bernarsáttmálinn), sjá l. 80/1972.*

**I. kafli. Réttindi höfunda o. fl.**

■ **1. gr.** Höfundur að bókmenntaverki eða listaverki á eignarrétt á því með þeim takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.

□ Til bókmennta og lista teljast samið mál í ræðu og riti, leiksviðsverk, tónsmíðar, myndlist, byggingarlist, kvikmyndir, ljósmyndalist, nytjalist og aðrar samsvarandi listgreinar, á hvern hátt og í hverju formi sem verkið birtist.

□ Uppdrættir, teikningar, mótanir, líkön og önnur þess háttar gögn, sem fræðslu veita um málefni eða skýra þau, njóta verndar með sama hætti og bókmenntaverk.

■ **2. gr.** Það er eintakagerð, þegar hugverk (bókmenntaverk eða listaverk) er tengt hlutum, einum eða fleiri.

□ Verk telst gefið út, þegar eintök af því eru með réttri heimild og í álitsverðum fjölda boðin opinberlega til sölu, láns eða leigu eða þeim er dreift til almennings með öðrum hætti. Nú er vernd verks háð því, að það hafi fyrst verið gefið út hér á landi, og telst því skilyrði þá fullnægt, ef það er gefið hér út innan 30 daga frá því, að það kom fyrst út erlendis.

□ Verk telst birt, þegar það er með réttri heimild flutt eða sýnt opinberlega eða eintök af því hafa verið gefin út, eins og segir í 2. málsgr.

□ Það telst sjálfstæð opinber birting, þegar útvarpsflutningi á tónlist eða bókmenntaverki er dreift til almennings með hátalara eða á annan hátt.

□ Nú er verk flutt eða sýnt á atvinnustöðvum, þar sem 10 menn vinna eða fleiri, og telst það þá opinber birting.

□ Þegar rætt er í lögum þessum um flutning verks eða birtingu í útvarpi, nær það bæði til hljóðvarps og sjónvarps, nema annars sé getið.

■ **3. gr.** Höfundur hefur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum.

■ **4. gr.** Skylt er, eftir því sem við getur átt, að geta nafns höfundar bæði á eintökum verks og þegar það er birt.

□ Óheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.

□ Ógilt er afsal höfundar á rétti samkvæmt þessari grein, nema um einstök tilvik sé að ræða, sem skýrt eru tilgreind bæði um tegund og efni.

■ **5. gr.** Sá, sem þýðir verk, aðhæfir það tiltekinni notkun, breytir því úr einni grein bókmennta eða lista í aðra eða framkvæmir aðrar aðlaganir á því, hefur höfundarétt að verkinu í hinni breyttu mynd þess. Ekki raskar réttur hans höfundarétti að frumverkinu.

□ Nú hefur verk verið notað sem fyrirmynd eða með öðrum hætti við gerð annars verks, sem telja má nýtt og sjálfstætt, og er þá hið nýja verk óháð höfundarétti að hinu eldra.

■ **6. gr.** Þegar verk eða hlutar af verkum höfunda, eins eða fleiri, eru tekin upp í safnverk, sem í sjálfu sér má telja til bókmennta eða lista, hefur sá, sem safnverkið gerði, höfundarétt að því. Ekki raskar réttur hans höfundarétti að þeim verkum, sem í safnverkið eru tekin.

□ Ákvæði 1. málsgr. taka ekki til blaða og tímarita, sbr. 40. gr.

■ **7. gr.** Nú eru tveir menn eða fleiri höfundar að sama verki, og framlög þeirra verða ekki aðgreind hvert frá öðru sem sjálfstæð verk, og eiga þeir þá saman höfundarétt að verkinu.

■ **8. gr.** Höfundur verks telst sá, unz annað reynist, sem nafngreindur er á eintökum þess með venjulegum hætti eða lýstur er höfundur, þegar verk er birt. Gildir þetta einnig um höfunda, sem nota gervinöfn eða merki, þegar almennt er vitað, hver þar felst að baki. Framangreindum ákvæðum skal einnig beita um framleiðanda kvikmyndaverks.

□ Nú er verk gefið út, án þess að höfundar þess sé getið samkvæmt 1. málsgr., og kemur útgefandi þá fram fyrir hönd hans, unz nafn hans er birt á nýrri útgáfu eða með tilkynningu til menntamálaráðherra.

■ **9. gr.** Lög, reglugerðir, fyrirmæli stjórnvalda, dómar og önnur áþekk gögn, sem gerð eru af opinberri hálfu, njóta ekki verndar eftir lögum þessum, og ekki heldur opinberar þýðingar á slíkum gögnum.

■ **10. gr.** Mynztur njóta verndar sem nytjalist, enda fullnægi þau skilyrðum um notagildi og listræn einkenni.

**II. kafli. Takmarkanir á höfundarétti.**

■ **11. gr.** Heimilt er að gera eintök af birtu verki til einkanota eingöngu. Enginn má þó gera eða láta gera fleiri en þrjú slík eintök til notkunar í atvinnu sinni.

□ Ákvæði 1. málsgr. veita ekki rétt til mannvirkjagerðar eftir verki, sem verndar nýtur eftir reglum um byggingarlist, og ekki heldur til eftirgerðar á verkum, sem verndar njóta eftir reglum um höggmyndalist, nytjalist eða dráttlist, ef leitað er til hennar aðstoðar annarra manna.

□ [Höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra á hljóð- eða myndbönd til einkanota með heimild í 1. mgr. þessarar greinar. Greiða skal gjald af tækjum til upptöku verka á hljóð- og myndbönd til einkanota, svo og af auðum hljóð- og myndböndum og öðrum böndum sem telja má ætluð til slíkra nota. Gjaldið skal greitt af tækjum og böndum sem flutt eru til landsins eða framleidd eru hér á landi og hvílir skylda til að svara gjaldi þessu á innflytjendum og framleiðendum. Gjald af tækjum nemi 4% af innflutningsverði eða framleiðsluverði ef um innlenda framleiðslu er að ræða. Gjald af auðum hljóðböndum nemi kr. 10,00 en kr. 30,00 ef um auð myndbönd er að ræða. Menntamálaráðherra setur nánari reglur[1)] um gjald þetta, þ. á m. um verðtryggingu gjaldsins.

**1972** Nr. 73 29. maí

□ Sameiginleg innheimtumiðstöð samtaka rétthafa, þar með talinna listflytjenda og framleiðenda, innheimtir höfundaréttargjald samkvæmt næstu málsgr. hér á undan og ráðstafar því. Innheimtumiðstöðinni skulu settar samþykktir[2] í samvinnu við menntamálaráðuneytið og þær vera háðar staðfestingu þess. Í samþykktum þessum skal meðal annars ákveða skiptingu tekna með aðildarfélögum og þar má einnig mæla fyrir um framlög til styrktar útgáfu hljóð- og myndrita.][3]

[1] *Rg. 177/1989.* [2] *Samþ. 517/1984. Höfundarréttargjald, rg. 141/1985.* [3] *L. 78/1984, 1. gr.*

■ **12. gr.** Ákveða má í reglugerð, að tilgreindum opinberum bókasöfnum, skjalasöfnum og vísinda- og rannsóknastofnunum sé heimilt að ljósmynda verk til sjálfs sín nota. Greina skal skilyrði fyrir heimildinni, þar á meðal um umráð eintakanna og varðveizlu. Ekki má lána þau né afhenda út fyrir stofnunina.

■ **13. gr.** Nú nýtur mannvirki verndar eftir reglum um byggingarlist, og er eiganda þó allt að einu heimilt að breyta því án samþykkis höfundar, að því leyti sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum.

□ Heimilt er án samþykkis höfundar að breyta munum, sem verndar njóta eftir reglum um nytjalist.

■ **14. gr.** Heimil er tilvitnun í birt bókmenntaverk, þar á meðal leiksviðsverk, svo og birt kvikmyndaverk og tónverk, ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið.

□ Með sömu skilyrðum er heimilt að birta myndir og teikningar af birtum listaverkum og gögnum, sem getið er í 3. málsgr. 1. gr.

□ Nú eru birtar myndir eða teikningar af tveimur verkum eða fleiri hins sama höfundar í sambandi við meginmál, sem lýtur að almennri kynningu, og á hann þá rétt til þóknunar.

■ **15. gr.** Taka má upp í blöð eða tímarit og flytja í útvarpi dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál úr blöðum eða tímaritum svo og útvarpsefni af sama tagi, nema þess sé getið við greinarnar eða í útvarpssendingu, að slík endurbirting sé bönnuð. Jafnan skal heimildar getið við slíka endurbirtingu.

□ Heimilt er að birta í blöðum, tímaritum, sjónvarpi og kvikmyndum myndir eða teikningar af birtum listaverkum í sambandi við frásögn af dægurviðburðum. Þetta nær þó ekki til verka, sem gerð eru í þeim tilgangi að birta þau með framangreindum hætti.

□ Þegar flutningur eða sýning verks er þáttur í dægurviðburði, sem kynntur er almenningi í útvarpi eða kvikmynd, er heimilt að láta einstaka þætti úr verkinu fylgja með í sýningu viðburðarins eða frásögn af honum.

■ **16. gr.** Heimilt er að taka og birta myndir af byggingum, svo og listaverkum, sem staðsett hafa verið varanlega utanhúss á almannafæri. Nú er bygging, sem nýtur verndar eftir reglum um byggingarlist, eða slíkt listaverk, sem áður greinir, aðalatriði myndar, sem hagnýtt er til markaðssölu, og á höfundur þá rétt til þóknunar, nema um blaðamyndir eða sjónvarpsmyndir sé að ræða.

■ **17. gr.** Heimilt er að birta í safnverkum, sem tekin eru saman úr verkum margra höfunda og ætluð til notkunar við guðsþjónustu, skólakennslu eða útvarpskennslu:

1. Einstök bókmenntaverk eða tónverk, ef smá eru að vöxtum, og kafla úr stærri verkum, þegar liðin eru 5 ár frá næstu áramótum eftir útgáfu þeirra.

2. Myndir eða teikningar af listaverkum eða gögnum, sem getið er í 3. málsgr. 1. gr., í tengslum við meginmál samkvæmt 1. tölul., enda séu 5 ár liðin frá næstu áramótum, eftir að verkið var birt.

□ Verk, sem samin hafa verið til notkunar við skólakennslu, má þó ekki án samþykkis höfundar taka að neinu leyti upp í safnverk, sem gefið er út í sama skyni.

□ Þegar verk eða hluti af verki höfundar er birt í safnverki samkvæmt þessari grein, á hann rétt til þóknunar.

■ **18. gr.** Fræðslumálastjórninni er heimilt að láta fara fram innan opinberra skóla upptöku birtra verka á hljóðrit til bráðabirgðanotkunar við kennslu. Ekki má nota hljóðritin í öðru skyni.

□ Ákvæði 1. málsgr. veitir ekki rétt til beinnar upptöku eftir hljómplötum eða öðrum hljóðritum, sem framleidd eru til markaðssölu.

□ Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar á meðal um notkun og varðveizlu umræddra hljóðrita.

■ **19. gr.** Heimilt er að prenta og gefa út með blindraletri bókmenntaverk og tónverk, sem út hafa verið gefin. Einnig má ljósmynda þau til notkunar í heyrnar- og málleysingjaskólum.

■ **20. gr.** Þegar lög eru sungin opinberlega á hljómleikum, er heimilt að nota sem texta einstök kvæði eða kafla úr stærri verkum, sem út hafa verið gefin. Má þá einnig prenta textann á söngskrá án nótna til afnota fyrir áheyrendur.

□ Höfundur á rétt til þóknunar fyrir afnot samkvæmt þessari grein.

■ **21. gr.** Opinber flutningur bókmenntaverks eða tónverks, sem út hefur verið gefið og ekki er leiksviðsverk, er heimill, eins og hér segir:

1. Við fræðslustarfsemi. Höfundi ber þóknun, ef greitt er sérstaklega fyrir flutninginn.

2. Á samkomum, sem stofnað er til í góðgerðaskyni, til almenns mannfagnaðar, til kynningar á menntun og menningu eða til styrktar málefnum, sem að öðru leyti miða að almannaheill, enda komi ekki þóknun fyrir flutninginn.

3. Á mannfundum, sem ekki er stofnað til í atvinnuskyni eða ávinnings, svo sem á samkomum skóla og félaga og við önnur svipuð tækifæri, enda sé ekki greitt fyrir flutninginn og aðgöngueyrir ekki hærri en svarar beinum kostnaði.

4. Við guðsþjónustu og aðrar kirkjulegar embættisathafnir. Höfundur á rétt til þóknunar samkvæmt þessum tölulið eftir reglum,[1] sem menntamálaráðherra setur.

[1] *Reglur 232/1974.*

■ **22. gr.** Heimil er prentun, upptaka á hljóðrit og önnur eintakagerð og birting á umræðum, sem fram fara í heyranda hljóði á opinberum fulltrúasamkomum, og á gögnum, sem þar eru lögð fram opinberlega og starfsemi þeirra varða. Sama gildir um dómþing, sem háð eru fyrir opnum dyrum, nema dómstóll leggi bann við birtingu tiltekinna gagna.

□ Ákvæði 1. málsgr. ná einnig til umræðna um málefni, sem varða almenna hagsmuni og fram fara á samkomum, sem almenningur á aðgang að, eða í útvarpi.

□ Höfundur hefur einkarétt til að gefa út safn af sjálfs sín framlagi til umræðna, sem getur í 1. og 2. málsgr., og af gögnum, sem hann hefur lagt þar fram.

■ **23. gr.** Nú hefur stéttarfélag eða stéttarsamband höfunda fengið almenna aðild eða umboð um flutningsrétt á bókmenntaverkum eða tónverkum eða sérstökum greinum þeirra og menntamálaráðherra sett reglur[1)] um það efni, og skal þá heimilt án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni að flytja í útvarpi áður útgefin einstök kvæði, smásögur og ritgerðir eða kafla úr stærri verkum og einstök lög og tónverk, ef smá eru, og kafla úr stærri tónverkum, enda sé fullnægt skilyrðum um greiðslu til höfundar. Nú er höfundur ekki í stéttarfélagi, og nýtur hann þó sama réttar sem áskilinn er í hinum almennu reglum, en hvorki meiri né minni. Framangreindar reglur um afnotakvöð gilda ekki um leiksviðsverk og ekki heldur um önnur verk, er höfundur hefur lagt bann við flutningi þeirra í útvarpi.

□ Þegar útvarpsstofnun er heimilt að útvarpa verki, er henni frjáls upptaka þess á hljóðrit eða filmur til sjálfs sín nota, en ekki í öðru skyni. Menntamálaráðherra setur reglur um notkun og varðveizlu slíkrar upptöku. Reglur þær, sem hér var getið, skulu þó ekki koma til framkvæmdar, ef tíðkazt hefur, að um það málefni sé gerður samningur milli útvarpsstofnana og stéttarsambands höfunda.

[1)] *Rg. 3/1976 (um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum). Reglur 39/1953, sbr. 54/1957 (úthlutun á tekjum af flutningi tónverka (STEF)). Reglur 52/1960 (Rithöfundasamband Ísl.).*

■ **24. gr.** Heimil er sala, lán, leiga og önnur dreifing til almennings á eintökum bókmenntaverks eða tónverks, sem út hefur verið gefið. Útleiga og lán tónverka á nótum til almennings eru þó óheimil án samþykkis höfundar.

■ **25. gr.** Nú hefur eintak af myndlistarverki verið afhent til eignar, og er eiganda þá heimilt, nema annað sé áskilið, að láta eintakið af hendi og sýna það almenningi. Opinber kynning þess á listsýningum er þó óheimil án samþykkis höfundar, nema á listasöfnum sé, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um eintök, sem gerð hafa verið eftir listaverki og gefin út.

□ Heimilt er eiganda myndlistarverks að taka eða leyfa töku mynda af því til sýningar í kvikmynd eða sjónvarpi, ef myndin er aðeins aukaatriði í efni kvikmyndar eða sjónvarpsdagskrár.

□ Þegar listaverk heyrir til listasafni, er heimilt að birta myndir af því í safnmunaskrá.

□ Nú er listaverk boðið til sölu, og má þá birta myndir af því í tilkynningu um sölutilboð.

□ Nú hefur andlitsmynd verið máluð, mótuð eða gerð með öðrum hætti eftir pöntun, og er höfundi þá ekki heimilt að neyta einkaréttar síns samkvæmt 3. gr. án samþykkis þess, sem lét gera myndina, eða erfingja hans, ef hann er látinn.

■ **26. gr.** Ákvæði kafla þessa, að undanskilinni 13. gr., raska ekki rétti höfundar eftir 4. gr.

□ Þegar verk er birt almenningi samkvæmt þessum kafla, skal auk nafns höfundar geta þeirrar heimildar, sem notuð er, eftir því sem ástæður leyfa.

□ Þegar eintök af verki eru gerð samkvæmt þessum kafla, má ekki án samþykkis höfundar gera breytingar á verkinu fram yfir það, sem lögmæltur tilgangur með eintakagerðinni leyfir.

**III. kafli. Um aðiljaskipti að höfundarétti.**

**Almenn ákvæði.**

■ **27. gr.** Framsal höfundaréttar að nokkru leyti eða öllu er heimilt með þeirri takmörkun, sem leiðir af ákvæðum 4. gr.

□ Nú er eintak af verki afhent til eignar, og felst þá ekki í þeim gerningi framsal á höfundarétti að verkinu, nema þess sé getið sérstaklega.

■ **28. gr.** Framsal höfundaréttar að verki veitir framsalshafa ekki rétt til að gera breytingar á því, nema svo hafi verið um samið.

□ Ekki er framsalshafa heimilt að framselja öðrum höfundaréttinn án samþykkis höfundar. Ef rétturinn er þáttur í eignum fyrirtækis, má þó framselja hann ásamt því eða tiltekinni grein þess. Þrátt fyrir slíkt framsal ber framseljandi áfram ábyrgð á efndum skuldbindinga sinna við höfund.

■ **29. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 11/1986, 9. gr.*

■ **30. gr.** Nú er höfundur í hjúskap, og skal höfundaréttur þá vera séreign hans, sem ekki verður skert með kaupmála eða með öðrum hætti, þar á meðal ekki við slit á fjárfélagi né við búskipti, meðan höfundur lifir. Tekjur af höfundarétti og endurgjald fyrir framsal hans verða hjúskapareign, nema ákveðið sé á annan veg í kaupmála. Að höfundi látnum telst höfundaréttur til hjúskapareignar hans, nema kaupmáli hjóna standi til annars, sbr. og 2. málsgr. 31. gr.

□ Skuldheimtumenn geta ekki leitað fullnustu í höfundarétti, hvorki hjá höfundi sjálfum né neinum þeim, sem hlotið hafa réttinn að arfi eða fyrir hjúskap. Nú hefur aðili eignazt höfundarétt með framsali, og má þá aðeins leita fullnustu hjá honum í þeim rétti, sem honum er heimilt að framselja, sbr. 2. málsgr. 28. gr.

□ Ákvæði 1. og 2. málsgr. gilda einnig um eintök listaverka, sem höfundur hefur ekki haft til sýnis almenningi, boðið opinberlega til sölu eða viðurkennt með öðrum hætti, að birta megi opinberlega, svo og um handrit.

■ **31. gr.** Nú deyr höfundur, og fer þá um höfundarétt eftir ákvæðum erfðalaga,[1)] sbr. og 30. gr.

□ Höfundur getur með ákvæði í erfðaskrá gert ráðstafanir um framkvæmd höfundaréttar að honum látnum og meðal annars falið sérstökum tilsjónaraðilja að annast hana. Skulu slík ákvæði hafa gildi gagnvart öllum erfingjum, þar á meðal skylduerfingjum, og einnig að því er varðar búshluta maka.

□ Fyrirmæli 2. málsgr. taka einnig til slíkra eintaka af verkum, sem getið er í 3. málsgr. 30. gr.

[1)] *Sjá erfðalög 8/1962.*

**Flutningsréttur.**

■ **32. gr.** Þegar höfundur hefur veitt heimild til opinbers listflutnings á verki, fylgir henni ekki einkaréttur til flutnings, nema svo hafi verið um samið.

□ Ef heimildin er veitt um óákveðinn tíma, hvort sem

í henni felst einkaréttur eða ekki, skal talið, að hún gildi ekki lengur en 3 ár. Ákvæði þetta tekur ekki til samninga um flutningsrétt, sem samtök eigenda slíkra réttinda eru aðiljar að.

□ Nú hefur einkaréttur til flutnings verið veittur um tiltekinn tíma, lengur en 3 ár, og skal höfundi þó heimilt að flytja verkið sjálfur eða leyfa öðrum flutning þess, ef umrædds einkaréttar hefur ekki verið neytt í 3 ár samfleytt, enda hafi ekki verið á annan veg samið.

□ Ákvæði þessarar greinar taka ekki til kvikmyndagerðar.

**Útgáfusamningar.**

■ **33. gr.** Það er útgáfusamningur, er höfundur veitir tilteknum aðilja (útgefanda) rétt til að framleiða á prenti eða með svipuðum hætti eintök af bókmenntaverki eða listaverki og gefa þau út.

□ Útgáfusamningur veitir útgefanda ekki eignarrétt að handriti því eða annars konar eintaki af verki, sem notað er til eftirgerðar, nema svo sé um samið sérstaklega.

■ **34. gr.** Útgefandi hefur, ef ekki er á annan veg samið, rétt til að gefa út upplag, er nemi 2000 eintökum af bókmenntaverki, 1000 eintökum af tónverki og 200 eintökum af myndlistarverki.

□ Með orðinu upplag er átt við þann eintakafjölda, sem út er gefinn í einu.

■ **35. gr.** Skylt er útgefanda að gefa verkið út innan hæfilegs tíma og stuðla að dreifingu þess, eftir því sem aðstæður leyfa og venja er um sams konar verk.

■ **36. gr.** Nú hefur bókmenntaverk eða myndlistarverk ekki verið gefið út innan 2 ára eða tónverk innan 4 ára frá því, að útgefandi fékk í hendur fullgert handrit eða annað eintak, sem nota skal til eftirgerðar, og er höfundi þá, ef ekki hefur verið samið um lengri frest til útgáfu, heimilt að rifta útgáfusamningi, enda þótt skilyrði til riftunar eftir almennum réttarreglum séu ekki fyrir hendi. Sama gildir, ef upplag hefur selzt upp og útgefandi, sem fengið hefur rétt til nýrrar útgáfu, hefur ekki gefið verkið út að nýju innan 2 ára frá því, að höfundur krafðist þess.

□ Þegar útgáfusamningi er riftað samkvæmt 1. málsgr., er höfundi ekki skylt að skila aftur greiðslu, sem hann hefur þegar fengið. En hafi hann beðið tjón vegna saknæmra vanefnda útgefanda, sem ekki er bætt að fullu með þeirri greiðslu, á hann rétt til frekari bóta.

■ **37. gr.** Skylt er útgefanda að láta höfundi í té skriflega yfirlýsingu prentsmiðju eða annars aðilja, sem framkvæmir eintakagerð, um eintakafjölda þann, sem gerður hefur verið.

□ Nú á höfundur rétt til þóknunar, miðað við sölu eða leigu eintaka á reikningsári, og ber útgefanda þá að senda honum innan 9 mánaða frá lokum reikningsárs skilagrein um sölu eða leigu á reikningsárinu og um eftirstöðvar upplags í lok reikningsárs.

□ Þó að höfundur eigi ekki að fá þóknun, eins og getið er í 2. málsgr., á hann samt rétt til að fá skilagrein um eftirstöðvar upplags í lok reikningsárs, þegar 9 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma.

□ Höfundur getur ekki með samningi fallið frá rétti þeim, sem honum er áskilinn með þessari grein.

■ **38. gr.** Ef hafizt er handa um útgáfu á nýju upplagi, þegar meira en ár er liðið frá útkomu hins fyrra, ber útgefanda að gefa höfundi kost á að gera breytingar, enda hafi þær ekki í för með sér verulegan kostnað né breyti heildarsvip verksins.



■ **39. gr.** Ef ekki er á annan veg samið, fær útgefandi einkarétt til að gefa verkið út með þeim hætti og í því formi, sem útgáfusamningur greinir. Nú hefur útgefandi fengið einkarétt, og er höfundi þá ekki heimilt að gefa verkið út með greindum hætti né leyfa öðrum að gera það, fyrr en uppselt er upplag það eða upplög, sem útgáfusamningur tekur til.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. hefur höfundur rétt til að gefa bókmenntaverk út sem hluta af heildarútgáfu verka sinna eða úrvals úr þeim, þegar liðin eru 15 ár frá næstu áramótum, eftir að útgáfusamningur var gerður. Höfundur getur með samningi fallið frá þessum rétti sínum.

■ **40. gr.** Útgefendur blaða og tímarita hafa einkarétt til að endurprenta rit þessi bæði í heild og einstök blöð eða hefti.

□ Ekki raskar réttur útgefenda höfundarétti að einstökum ritgerðum, myndum eða öðrum verkum, sem í blöðum eða tímaritum birtast. Þó þarf ekki að leita samþykkis höfunda til þeirrar endurprentunar, sem í 1. málsgr. getur, nema svo hafi verið um samið.

□ Ákvæði þessa kafla um útgáfusamninga taka ekki til blaða og tímarita framar en segir í 1. og 2. málsgr.

□ Ákvæði 35. og 36. gr. gilda ekki um framlög til safnverka.

**Samningar um kvikmyndagerð.**

■ **41. gr.** Nú hefur höfundur veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks, og getur hann þá ekki nema sérstakur áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað eintakagerð, útbreiðslu, opinbera sýningu, hvers konar dreifingu til almennings um þráð eða þráðlaust né aðra notkun verksins.

□ Ákvæði 1. málsgr. taka ekki til tónverka, kvikmyndahandrita né samtalstexta, sem gerð hafa verið til notkunar í kvikmynd, og ekki heldur til framlags aðalleikstjóra.

■ **42. gr.** Nú hefur aðili fengið með samningi rétt til að nota bókmenntaverk eða tónverk við gerð kvikmyndar, sem ætluð er almenningi til sýnis, og skal hann þá, ef ekki er á annan veg samið, ljúka gerð kvikmyndarinnar innan hæfilegs tíma og annast um, að hún verði sýnd, eftir því sem aðstæður leyfa og venja er um sams konar verk.

□ Nú er gerð kvikmyndar ekki lokið innan 5 ára frá því, að höfundur fullnægði samningsskyldum sínum, og er höfundi þá heimilt, ef ekki hefur verið samið um lengri frest, að rifta samningnum, enda þótt riftunarskilyrði eftir almennum reglum séu ekki fyrir hendi. Ákvæði 2. málsgr. 36. gr. gilda hér, eftir því sem við á.

**IV. kafli. Gildistími höfundaréttar.**

■ **43. gr.** Höfundaréttur helzt, unz 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Nú er um verk að ræða, sem ákvæði 7. gr. taka til, og skal þá telja greint 50 ára tímabil frá næstu áramótum eftir lát þess höfundar, sem lengst lifir.

■ **44. gr.** Þegar verk hefur verið birt, án þess að höfundur sé nafngreindur, sbr. 2. málsgr. 8. gr., helzt höfundaréttur að verkinu, unz 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir fyrstu birtingu þess. Nú er slíkt verk gefið út í deildum, sem mynda þó eina heild eftir efni sínu, og telst greint 50 ára tímabil þá frá næstu áramótum eftir birtingu síðustu deildarinnar.

□ Ef höfundur er nafngreindur með þeim hætti, sem

segir í 2. málsgr. 8. gr., áður en framangreint 50 ára tímabil er liðið, eða leitt er í ljós, að höfundur var látinn, er verkið birtist, skal um gildistíma höfundaréttar fara eftir ákvæðum 43. gr.

**V. kafli. Ýmis réttindi, skyld höfundarétti.**[1)]

[1)] *Reglur 151/1956 (úthlutun á tekjum fyrir upptökuréttindi (STEF)). Samþ. 229/1973 (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH)).*

■ **45. gr.** Óheimilar eru án samþykkis listflytjanda þær aðgerðir, sem hér eru taldar:

1. Upptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur, sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi, og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
2. Útvarp á beinum listflutningi.
3. Dreifing beins listflutnings með tækniaðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða, sem almenningur á aðgang að.
4. Eftirgerð á upptöku listflutnings, sem framkvæmd hefur verið með samþykki listflytjanda. Réttur listflytjanda samkvæmt þessum tölulið helzt í 25 ár frá næstu áramótum, eftir að upptaka fór fram.

□ Um upptöku, dreifingu og eftirgerð listflutnings, sem um getur í 1. málsgr., skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði 4. gr., [1. og 3. – 4. málsgr. 11. gr.],[1)] 1. málsgr. 14. gr., 3. málsgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. málsgr. 23. gr., 26. – 31. gr. og 53. gr.

[1)] *L. 78/1984, 2. gr.*

■ **46. gr.** [Óheimil er eftirgerð á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum],[1)] án samþykkis framleiðanda, unz liðin eru 25 ár frá næstu áramótum, eftir að frumupptaka var framkvæmd.

□ Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum [1. og 3. – 4. málsgr. 11. gr.],[2)] 1. málsgr. 14. gr., 3. málsgr. 15. gr., 18. gr. og 2. málsgr. 23. gr.

[1)] *L. 78/1984, 3. gr.* [2)] *L. 78/1984, 4. gr.*

■ **47. gr.** Nú er hljóðrit, sem gefið hefur verið út í markaðssöluskyni, notað á því tímabili, sem í 46. gr. getur,

1. til flutnings í útvarpi eða
2. til annarrar opinberrar dreifingar listflutnings í atvinnuskyni eða ávinnings, hvort heldur með beinni notkun eða eftir útvarpi, og ber notanda þá að greiða framleiðanda þess og listflytjendum þóknun í einu lagi.

□ Setja má í reglugerð fyrirmæli um þessi efni, þar á meðal um fyrirsvar af hálfu listflytjenda, ef þeir standa fleiri saman að hinum sama listflutningi, hvernig viðtöku þóknunar skuli háttað og skiptingu hennar milli framleiðenda og listflytjenda. Þessar reglur koma þó ekki til framkvæmdar, ef sameiginleg félagssamtök framleiðenda og listflytjenda, sem hlotið hafa staðfestingu menntamálaráðherra, hafa gert heildarsamning við notanda eða notendur eða sérsamningar eru fyrir hendi í einstökum tilvikum.

□ Með samþykki félagssamtaka listflytjenda og framleiðenda, sem um ræðir í 2. málsgr., má ákveða í reglugerð,[1)] að þóknun samkv. 1. málsgr. renni í sérstakan sjóð, er sé í tveimur deildum, annarri fyrir listflytjendur og hinni fyrir framleiðendur. Um vörzlu sjóðsins og úthlutanir úr deildum hans fer eftir því, sem ákveðið verður í reglugerð með samþykki áðurgreindra félagssamtaka.

□ Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. málsgr. 14. gr., 3. málsgr. 15. gr. og 21. gr. Sama er um ákvæði 27. – 31. gr., að því er til listflytjenda tekur.

□ Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um hljómkvikmyndir.

[1)] *Rg. 228/1973.*

■ **48. gr.** Óheimilar eru eftirgreindar aðgerðir án samþykkis útvarpsstofnunar:

1. Endurvarp (samtímisútvarp) á útvarpi hennar og dreifing þess um þráð.
2. Upptaka endurflutnings á útvarpi hennar.
3. Birting á sjónvarpi hennar í atvinnuskyni eða ávinnings.
4. Eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps hennar. Réttur útvarpsstofnunar samkv. þessum tölulið helzt, unz liðin eru 25 ár frá næstu áramótum, eftir að útvarp fór fram.

□ Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. málsgr. 11. gr., 1. málsgr. 14. gr., 3. málsgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr. og 2. málsgr. 23. gr.

■ **49. gr.** Eftirgerð ljósmynda, sem ekki njóta verndar laga þessara sem listaverk, sbr. 2. málsgr. 1. gr., er óheimil án samþykkis ljósmyndara eða þess aðilja, sem rétt hans hefur hlotið. Nú er slík mynd birt opinberlega í atvinnuskyni eða ávinnings, og á ljósmyndari eða síðari rétthafi þá kröfu til þóknunar. Vernd ljósmyndar samkvæmt þessari grein skal haldast, unz liðin eru 25 ár frá næstu áramótum eftir gerð hennar.

□ Ákvæði II. kafla laga þessara taka til ljósmynda þeirra, sem í 1. málsgr. getur, eftir því sem við á.

■ **50. gr.** Nú taka reglur um höfundarétt ekki til rits, sem út hefur verið gefið, og er þá eftirprentun eða önnur eftirgerð óheimil, unz liðin eru 10 ár frá næstu áramótum, eftir að það var gefið út.

□ Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum II. kafla laga þessara.

**VI. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **51. gr.** Nú hefur höfundur notað sérstakan titil, gervinafn eða merki á birtu verki, og er öðrum þá óheimilt að birta verk með sams konar auðkenni eða svo áþekku, að líklegt sé, að villzt verði á verkunum eða höfundum þeirra.

■ **52. gr.** Engum er heimilt án samþykkis höfundar að setja nafn hans eða höfundarauðkenni á listaverk.

□ Óheimilt er bæði höfundi og öðrum að setja nafn hans eða höfundarauðkenni á eintak, sem gert hefur verið eftir listaverki, ef hætta er á, að villzt verði á eftirgerðinni og frumverkinu.

■ **53. gr.** Ákvæði 2. málsgr. 4. gr. skulu gilda um bókmenntaverk og listaverk, sem ekki eru háð höfundarétti.

□ Mál út af brotum gegn 1. málsgr. skal aðeins höfða eftir kröfu menntamálaráðherra, enda telji hann þess þörf vegna tillits til almennrar menningarverndar.

**VII. kafli. Refsiákvæði, bætur, ákærureglur o. fl.**

■ **54. gr.** Fyrir brot á lögum þessum skal því aðeins refsa, að þau séu framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

□ [Sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að 2 árum, varða:][1)]

1. Aðgerðir, sem brjóta í bága við einkarétt höfundar samkvæmt 3. gr.

2. Brot á 1. og 2. málsgr. 4. gr., 2. og 3. málsgr. 26. gr., 1. málsgr. 28. gr., 1. málsgr. 39. gr., 53. gr. og fyrirmælum, sem getur í 2. málsgr. 31. gr.

3. Brot á 1. málsgr. 45. gr. og 2. málsgr. sömu gr., sbr. tilvitnanir þar í 4. gr., 1. málsgr. 28. gr. og fyrirmæli, sem getur í 2. málsgr. 31. gr.

4. Brot á 1. málsgr. 46. gr., 1. málsgr. 48. gr., 1. málsgr. 49. gr., 1. málsgr. 50. gr., 51. gr. og 52. gr.

5. Innflutningur til landsins á eintökum af verkum eða annarri framleiðslu, sem verndar nýtur eftir V. kafla laga þessara, ef eintökin eru gerð erlendis og atvikum svo háttað, að gerð þeirra hér á landi hefði brotið í bága við lögin, enda séu eintökin flutt inn í þeim tilgangi að sýna þau opinberlega eða dreifa þeim til almennings.

[6. Innflutningur og framleiðsla tækja og hljóð- eða myndbanda í því skyni að dreifa þeim til almennings og dreifing slíkra tækja eða banda til almennings án þess að greitt sé af þeim höfundaréttargjald samkvæmt 3. og 4. málsgr. 11. gr. eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim, sbr. 3. málsgr. 11. gr.][2)]

□ Nú er brot framið á vegum félags eða annars fyrirtækis, og má þá dæma fésekt á hendur því.

[1)] *L. 78/1984, 5. gr.* [2)] *L. 78/1984, 6. gr.*

■ **55. gr.** Nú hafa eintök af verkum verið gerð, flutt hingað til lands eða birt almenningi, þannig að í bága fari við ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt 2. málsgr. 31. gr., og má þá ákveða í dómi, að eintökin séu án endurgjalds upptæk til handa þeim, sem misgert var við, eða afhent honum gegn endurgjaldi, sem ekki má nema hærri fjárhæð en framleiðslukostnaði. Sama gildir um prentmót, prentsteypu, myndamót og þess háttar muni, sem varða undirbúning eða framkvæmd brots eða eru til slíks fallnir.

□ Ákveða má, að í stað upptöku til afhendingar samkvæmt 1. málsgr. séu munir eða eintök ónýtt að öllu leyti eða nokkru, eða gerð á annan hátt óhæf til hinna ólöglegu nota.

□ Ákvæðum 1. og 2. málsgr. verður ekki beitt gagnvart aðiljum, sem hafa eignazt í grandleysi eintak eða eintök til einkanota.

□ Ákvæði um upptöku og ónýtingu taka ekki til bygginga.

■ **56. gr.** Þegar saknæmt brot á lögum þessum hefur haft fétjón í för með sér, ber að bæta það eftir almennum reglum fébótaréttar.

□ [Dæma skal höfundi og listflytjanda miskabætur úr hendi þess sem raskað hefur rétti þeirra með ólögmætri háttsemi.][1)]

□ Heimilt er að dæma þeim, sem misgert er við, bætur úr hendi þess, sem réttarröskun olli, þó að hann hafi gert það í grandleysi, en ekki mega bæturnar nema hærri fjárhæð en ávinningi hans af brotinu.

[1)] *L. 78/1984, 7. gr.*

■ **57. gr.** Þegar afnot verndaðs verks eru heimil samkvæmt lögum þessum með því skilyrði, að höfundi sé greidd þóknun, svo og þegar framleiðandi hljóðrits eða listflytjandi á rétt til þóknunar samkvæmt 47. gr., skal hún fara eftir heildarsamningi, ef til er, milli stéttarfélags viðkomandi rétthafa annars vegar og greiðanda eða stéttarfélags hans hins vegar.

□ Nú eru skilyrði til ákvörðunar þóknunar samkv. 1. málsgr. ekki fyrir hendi, og geta aðiljar þá, ef þeir eru sammála um það, lagt ágreininginn undir úrskurð gerðardóms, sem skipaður skal 3 mönnum, nefndum af Hæstarétti til 5 ára í senn. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrlausn um ágreiningsefnið. Menntamálaráðherra setur nánari reglur[1)] um þetta, þar á meðal um þóknun úr ríkissjóði til gerðardómsmanna.

□ Nú rís ágreiningur um þóknun, sem um ræðir í 1. málsgr., og skulu þá, unz fullnaðarúrlausn er fengin fyrir dómstólum eða gerðardómi, afnot verks heimil gegn þóknun samkvæmt eldri reglum, en dómstóll eða gerðardómur getur kveðið á um viðbótargreiðslur fyrir þann tíma, sem liðinn er síðan eldri ákvæði skyldu falla úr gildi eftir uppsögn eða ákvæði í þeim sjálfum.

[1)] *Reglur 800/1982.*

■ **58. gr.** Til ráðuneytis menntamálaráðherra um höfundaréttarmálefni skal vera höfundaréttarnefnd sem ráðherra skipar til 4 ára í senn. Samkvæmt tilnefningu aðila þeirra, sem fengið hafa löggildingu ráðuneytis um aðild að flutningsrétti, skal skipa í nefndina einn fulltrúa fyrir hvern aðila. Einn nefndarmanna skal skipa samkvæmt tilnefningu Ríkisútvarpsins. Auk þess skipar ráðherra einn eða fleiri nefndarmenn án tilnefningar. Ráðherra setur nánari reglur um nefndina og störf hennar.

■ **59. gr.** [Brot á lögum þessum sæti opinberri ákæru, en jafnan skal málshöfðun heimil þeim sem misgert er við. Brot sæta aðeins opinberri ákæru eftir kröfu þess sem misgert er við nema mikilvægir almannahagsmunir krefjist málshöfðunar.

□ Nú er höfundur látinn og getur þá enn fremur tilsjónaraðili, sem nefndur hefur verið eftir 2. málsgr. 31. gr., en ella eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn og systkin, krafist opinberrar ákæru eða höfðað mál út af brotum gegn 1. og 2. málsgr. 4. gr., 2. og 3. málsgr. 26. gr., 1. málsgr. 28. gr. og fyrirmælum höfundar samkvæmt 2. málsgr. 31. gr. eða listflytjanda samkvæmt sama ákvæði, sbr. 2. málsgr. 45. gr.][1)]

□ Mál út af brotum gegn ákvæðum 53. gr. sæta opinberri saksókn eftir kröfu menntamálaráðherra.

[1)] *L. 78/1984, 8. gr.*

## VIII. kafli. Gildissvið laganna.

■ **60. gr.** Ákvæði um höfundarétt í lögum þessum taka til:

1. Verka íslenzkra ríkisborgara.

2. Verka erlendra ríkisborgara, sem eiga heimilisfang hér á landi.

3. Verka ríkisfangslausra manna og flóttamanna, sem hafa samfellt aðsetur hér á landi.

4. Verka, sem fyrst hafa verið gefin út hér á landi, sbr. og 2. málsgr. 2. gr.

5. Bygginga, sem reistar hafa verið hér á landi, og listaverka, sem eru hluti af slíkum byggingum.

6. Kvikmyndaverka, ef atvinnufyrirtæki framleiðanda þeirra hefur aðalstöðvar sínar hér á landi eða framleiðandinn sjálfur á hér fast aðsetur.

□ Ákvæði 2. málsgr. 4. gr. og 51. – 53. gr. gilda um öll verk, sem falla undir ákvæði 1. gr., án tillits til uppruna þeirra eða þjóðernis höfunda.

■ **61. gr.** A. Ákvæði 45. gr. taka til:

1. Listflutnings íslenzkra ríkisborgara, hvar sem hann hefur fram farið.

**1972** Nr. 73 29. maí

2. Listflutnings erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra manna, sem hér segir:

a. Ef listflutningur hefur farið fram hér á landi.

b. Ef listflutningur hefur verið tekinn upp á hljóðrit, sem verndar nýtur eftir ákvæðum 2. tölul. C-liðs hér á eftir.

c. Ef listflutningi, sem ekki hefur verið tekinn upp á hljóðrit, er útvarpað af útvarpsstofnun, sem verndar nýtur eftir ákvæðum í D-lið hér á eftir.

B. [Ákvæði 46. gr. taka til myndrita og hljóðrita hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd, en réttur til endurgjalds samkvæmt 3. og 4. málsgr. 11. gr. fylgir aðeins upptökum sem gerðar eru hér á landi eða í ríkjum sem veita íslenskum upptökum sams konar rétt.][1)]

C. Ákvæði 47. gr. taka til:

1. Listflutnings íslenzkra ríkisborgara, sem tekinn hefur verið upp á hljóðrit.

2. Hljóðrita, svo og listflutnings þess, er þau hafa að geyma, ef framleiðandi hljóðrits er íslenzkur ríkisborgari eða fyrirtæki, sem hefur aðsetur hér á landi.

D. Ákvæði 48. gr. taka til útvarpsstofnana, ef þær fullnægja öðru hvoru því skilyrði sem hér segir:

1. Að aðalstöðvar stofnunarinnar séu hér á landi.

2. Að útvarpað hafi verið með senditæki, staðsettu hér á landi.

[1)] *L. 78/1984, 9. gr.*

■ **62. gr.** Ákvæði 1. – 4. tölul. 1. málsgr. 60. gr. skulu, eftir því sem við getur átt, gilda um ljósmyndir og rit, sem getur í 49. og 50. gr.

■ **63. gr.** Ákvæði laga þessara skulu einnig taka til bókmenntaverka og listaverka, sem til hafa orðið fyrir gildistöku laganna. Sama gildir um listflutning, hljóðrit og útvarp samkvæmt V. kafla laga þessara.

■ **64. gr.** ...

■ **65. gr.** Lög þessi öðlast gildi, þegar sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu þeirra.

**1947** Nr. 74 5. júní

## Lög um inngöngu Íslands í Bernarsambandið.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd sáttmála þann, er gerður var í Bern hinn 9. september 1886 og endurskoðaður í Berlín 13. nóvember 1908 og í Róm 2. júní 1928, um vernd bókmennta og listaverka. Menntamálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd sáttmálans hér á landi.

■ **2. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 73/1972, 64. gr.*

■ **3. gr.** Ríkisstjórnin skal, eftir því sem verða má, tryggja það, að þýðendur eða bókaútgefendur, sem þegar hafa þýtt eða látið þýða erlendar bækur, hafi forgangsrétt til útgáfu þeirra gegn hæfilegri þóknun til eiganda þýðingarréttarins, enda verði bókin gefin út fyrir 31. desember 1948.

□ Þýðendur og útgefendur, sem notfæra vilja sér þetta ákvæði, skulu senda menntamálaráðuneytinu skrá um bækur þessar innan þess tíma, sem ráðuneytið ákveður með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, og færa sönnur á, ef óskað er, að þýðingarstarfið hafi verið hafið, áður en Ísland óskaði inngöngu í Bernarsambandið.

**1947** Nr. 110 19. sept.

## Auglýsing um inngöngu Íslands í Bernarsambandið.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 74 frá 5. júní 1947 hefur utanríkisráðuneyti Svisslands verið afhent skjal um staðfestingu Íslands á sáttmála þeim, er gerður var í Bern 9. september 1886 og síðast endurskoðaður í Róm 2. júní 1928, um vernd bókmennta og listaverka.

□ Sáttmálinn gekk í gildi fyrir Ísland 7. þ. m. með þeim fyrirvara, að varðandi þýðingar gildir 10 ára frestur sá, sem tiltekinn er í 4. gr. laga nr. 13 frá 20. október 1905 í stað 50 ára frests 8. gr., sbr. 7. gr. sáttmálans.

**Fylgiskjal I.**

**Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listaverkum, frá 9. sept. 1886, endurskoðaður í Berlín 13. nóv. 1908 og í Róm 2. júní 1928.**[1)]

[1)] *Sjá l. 80/1972.*

**Fylgiskjal II.**

**Skrá yfir erlend ríki, sem aðilar eru að Bernarsáttmálanum.**

Ástralía, Belgía, Brazilía, Bretland, Búlgaría, Canada, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Ítalía, Japan, Júgóslavía, Liechtenstein, Luxemburg, Monaco, Noregur, Nýja-Sjáland, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Spánn, Suður-Afríka, Sviss, Svíþjóð, Tékkóslóvakía, Vatikanið, Þýzkaland.

**1947** Nr. 110 19. sept.

**1972** Nr. 80 31. maí

## Lög um heimild ríkisstjórninni til handa til að staðfesta Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans, sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. júlí 1971.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans, sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkjanna í París 24. júlí 1971. Gera má þá fyrirvara um einstök ákvæði og þær takmarkanir varðandi aðild, sem ríkisstjórninni þykir við eiga og heimilt er að gera samkvæmt sáttmálanum. Eftir að sáttmálinn hefur verið staðfestur, skulu ákvæði hans, sem Ísland er við bundið, hafa lagagildi hér á landi frá þeim tíma, sem ríkisstjórnin ákveður.[1)] Sáttmálinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

[1)] *Augl. C 18/1984, um aðild Íslands að Bernarsáttmálanum. Aðildin nær þó ekki til 1. – 21. gr. og viðauka sáttmálans. Sjá l. 74/1947, sbr. augl. A 110/1947.*

**Fylgiskjal.**

**Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listum frá 9. september 1886, fullgerður í París 4. maí 1896, endurskoðaður í Berlín 13. nóvember 1908, fullgerður í Bern 20. marz 1914 og endurskoðaður í Róm 2. júní 1928, í Brüssel 26. júní 1948, í Stokkhólmi 14. júlí 1967 og í París 24. júlí 1971.**

Sambandslöndin, sem eru einhuga um þá ósk, að vernda á sem virkan og samræmdan hátt, sem kostur er, rétt höfunda til verka sinna á sviði bókmennta og lista, viðurkenna gildi þess starfs, sem unnið var á endurskoðunarráðstefnunni í Stokkhólmi 1967, en hafa ákveðið að endurskoða samninginn, sem gerður var á Stokkhólmsráðstefnunni, en láta haldast óbreytt ákvæði 1. – 20. gr. og 22. – 26. gr. þess samnings.

□ Undirritaðir umboðsmenn, sem lagt hafa fram full umboð, talin í góðu og gildu formi, hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

■ **1. gr.** Löndin, sem sáttmáli þessi tekur til, mynda

með sér samband til verndar rétti höfunda til verka sinna á sviði bókmennta og lista.

■ **2. gr.** 1. Hugtökin „bókmenntir og listir" skulu taka til hvers konar framleiðslu á sviði bókmennta, vísinda og lista, án tillits til þess, með hvaða aðferð eða í hverju formi hún birtist, svo sem bækur, bæklingar og önnur rit; fyrirlestrar, ávörp, ræður og önnur verk af því tagi; leikrit; eða söngleikir; dansar eða látbragðsleikir; tónverk með texta eða án hans; kvikmyndir, þar með talin verk, sem gerð eru með líkum aðferðum; teikningar, málverk, húsagerð, höggmyndir, myndstungur og prentun; ljósmyndir, þar með talin verk, sem gerð eru með líkum aðferðum; listiðnaður; myndir, kort, teikningar, uppdrættir og þrívíddarverk í landafræði, staðarlýsingum, húsagerð eða vísindum.

□ 2. Sambandslöndunum er samt sem áður áskilinn réttur til að ákveða með lögum, að verk almennt, eða sérstakar tegundir verka, skuli því aðeins njóta verndar, að þau hafi komið fram í einhvers konar efnislegu formi.

□ 3. Þýðingar, aðlaganir, útsetningar á tónlist, eða aðrar breytingar á bókmenntum eða listaverki, skulu njóta verndar sem frumsmíðar, en að óskertum rétti höfundarins til sjálfra frumsmíðanna.

□ 4. Sambandslöndunum er áskilinn réttur til að kveða á um það með lögum, hver vernd skuli veitt opinberum textum í löggjöf, stjórnsýslu, eða textum lögfræðilegs eðlis, og opinberum þýðingum á þess konar textum.

□ 5. Safnverk á sviði bókmennta og lista, svo sem alfræðiorðabækur og sýnisbækur, þar sem efnisval og niðurröðun efnis felur í sér andlega sköpun, skulu vernduð sem slík að óskertum höfundarrétti til einstakra verka í safninu.

□ 6. Verk þau, sem um getur í þessari grein, skulu njóta verndar í öllum sambandslöndunum. Verndin er til handa höfundi og síðari rétthöfum að verkum hans.

□ 7. Sambandslöndunum er áskilinn réttur til að kveða á um það með lögum, sbr. þó 4. mgr. 7. gr., að hve miklu leyti löggjöf þeirra taki til listiðnaðar og til hönnunar og frumgerða á sviði iðnaðar, ennfremur að kveða á um það, með hvaða skilmálum slík verk, hönnun og frumgerðir skuli verndaðar. Nú er verk einungis verndað í upprunalandi sínu sem hönnun eða fyrsta smíði, og skal það þá einungis njóta þeirrar sérstöku verndar í öðru sambandslandi, sem þar er veitt hönnun og fyrstu smíði. En ef engin þess konar sérstök vernd er veitt í því landi, skulu slík verk njóta verndar sem listaverk.

□ 8. Vernd sú, sem veitt er í sáttmála þessum, tekur ekki til daglegra frétta eða til þess konar upplýsinga, sem eru í eðli sínu einungis blaðafréttir.

■ **2. gr. a.** 1. Sambandslöndunum er áskilinn réttur til að kveða á um það með lögum, að stjórnmálaræður og ræður málflytjenda fyrir dómstólum skuli að nokkru leyti eða að öllu leyti undanskildar vernd þeirri, sem veitt er í næstu grein á undan.

□ 2. Sambandslöndunum er einnig áskilinn réttur til að kveða á með lögum um skilmála fyrir því, að fyrirlestrar, ávörp og annað þess háttar sé birt í blöðum eða útvarpi, eða birt almenningi um þráð eða á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 11. gr. a, þegar slík birting helgast af þeim tilgangi að upplýsa.

□ 3. Höfundur skal þó hafa einkarétt til að gera safnverk úr verkum sínum, sem getið er um í málsgreinunum hér fyrir framan.

■ **3. gr.** 1. Verndar samkvæmt sáttmála þessum njóta:

a. Höfundar, sem eru ríkisborgarar í einhverju sambandslandi, fyrir verk sín, hvort sem þau hafa verið gefin út eða ekki.

b. Höfundar, sem ekki eru ríkisborgarar í sambandslandi, fyrir þau verk, sem gefin eru út í fyrsta sinn í sambandslandi, eða gefin eru út samtímis í sambandslandi og í landi utan sambandsins.

□ 2. Höfundar, sem ekki eru ríkisborgarar í sambandslandi en búa að staðaldri í öðru sambandslandi, skulu í skilningi sáttmálans taldir ríkisborgarar þess lands.

□ 3. Með „útgefnum verkum" er átt við verk, sem hafa verið gefin út með samþykki höfundar, án tillits til þess, hvernig eintökin eru framleidd, enda fullnægi framboð þeirra sanngjörnum kröfum almennings, þegar hliðsjón er höfð af tegund verksins. Það telst ekki útgáfa, þótt leikrit sé flutt eða söngleikur, kvikmynd sýnd eða tónverk leikið, bókmenntaverk lesið upp opinberlega, bókmennta- eða listaverk flutt um þráð eða útvarp, sýning haldin á listaverkum eða hús reist.

□ 4. Verk telst hafa verið gefið út samtímis í fleiri löndum en einu, ef það hefur komið út í tveimur löndum eða fleirum áður en liðnir eru þrjátíu dagar frá fyrstu útgáfu.

■ **4. gr.** Enda þótt skilyrðum 3. gr. sé ekki fullnægt, skulu njóta verndar samkvæmt þessum sáttmála:

a. Höfundar kvikmynda, ef framleiðandinn hefur aðalstöðvar sínar í sambandslandi eða býr þar að staðaldri.

b. Höfundar byggingarlistar, ef bygging er reist í sambandslandi, svo og höfundar listaverka, sem eru hluti af byggingum eða öðrum mannvirkjum í sambandslandi.

■ **5. gr.** 1. Höfundar skulu í öðrum sambandslöndum en upprunalandi njóta þess réttar fyrir verk sín, sem vernduð eru samkvæmt þessum sáttmála, sem landslög þar kunna að veita ríkisborgurum, nú eða síðar, og þar að auki þess sérstaka réttar, sem veittur er með sáttmála þessum.

□ 2. Höfundar skulu njóta réttinda þessara án nokkurra formskilyrða. Er neyzla réttindanna og beiting óháð þeirri vernd, sem veitt er í upprunalandi verksins, en af því leiðir, að umfang verndarinnar og dómstólaleiðir til verndar rétti höfundar fara einungis eftir landslögum, þar sem verndar er krafizt, svo fremi að sáttmálinn mæli ekki fyrir á annan hátt.

□ 3. Um verndina í upprunalandi fer eftir lögum þar. Nú er höfundur verks, sem verndar nýtur eftir sáttmála þessum, ekki ríkisborgari í upprunalandi verksins, og skal hann þó njóta þar sömu réttinda og höfundar, sem þar eiga ríkisfang.

□ 4. Upprunaland skal talið, sem hér segir:

a. Ef um er að ræða verk, sem gefin eru út í fyrsta sinn í sambandslandi, telst það land upprunaland. Ef verk hefur verið gefið út samtímis í fleiri sambands-

löndum en einu og verndartími er misjafnlega langur, telst það land upprunaland, sem skemmstan verndartíma veitir.

b. Ef verk er samtímis gefið út í sambandslandi og í landi utan sambandsins, telst sambandslandið upprunaland.

c. Ef um er að ræða verk, sem ekki hafa verið gefin út, eða verk, sem hafa verið gefin út í fyrsta skipti í öðru landi en sambandslandi, án þess að hafa verið gefin samtímis út í sambandslandi, skal sambandsland það, þar sem höfundur á ríkisfang, talið sambandsland – þannig:

1. að þegar um er að ræða kvikmynd og framleiðandi hefur aðalstöðvar sínar í sambandslandi, eða býr þar að staðaldri, skal það talið upprunaland eða,

2. ef um er að ræða byggingarlist, og bygging er reist í sambandslandi, eða önnur listaverk eru hluti af byggingu eða mannvirki í sambandslandi, skal það land talið upprunaland.

■ **6. gr.** 1. Ef land, annað en sambandsland, veitir ekki nægilega vernd verkum þeirra höfunda, sem eru ríkisborgarar í sambandslandi, er sambandslandi heimilt að takmarka þá vernd, sem veitt er verkum höfunda, sem á útgáfudegi fyrstu útgáfu eru ríkisborgarar annars lands eða búa ekki að staðaldri í sambandslandi. Nú neytir land það, þar sem verk var fyrst gefið út, þessa réttar, og er þá öðrum sambandslöndum ekki skylt að veita því verki, sem þannig sætir sérstakri meðferð, meiri vernd en það nýtur í því sambandslandi, þar sem það var gefið út í fyrsta sinn.

☐ 2. Engin takmörkun samkvæmt undanfarandi málsgrein skal skerða þau réttindi, sem höfundur hefur öðlazt fyrir verk í sambandslandi og út voru gefin áður en takmörkunin kom til framkvæmda.

☐ 3. Þau sambandslönd, sem takmarka viðurkenningu höfundarréttar samkvæmt þessari grein, skulu tilkynna það framkvæmdastjóra World Intellectual Property Organization (hér eftir nefndur „framkvæmdastjórinn") með skriflegri yfirlýsingu, þar sem tilgreind séu þau lönd, sem veitt er takmörkuð vernd, og þær takmarkanir á rétti þeirra höfunda, sem eru ríkisborgarar í þeim löndum. Framkvæmdastjórinn skal þegar í stað skýra sambandslöndunum frá yfirlýsingunni.

■ **6. gr. a.** 1. Auk fjárhagslegra réttinda og jafnvel þótt höfundur hafi framselt þess konar réttindi, skal hann hafa rétt til að krefjast viðurkenningar á því, að hann sé höfundur verksins, og til að mótmæla hvers konar afbökunum, misþyrmingum eða öðrum breytingum á því eða annars konar spjöllum, sem skerða mundu heiður hans eða álit.

☐ 2. Þau réttindi, sem höfundi eru veitt í 1. mgr., skulu haldast að honum látnum, a. m. k. þangað til fjárhagslegu réttindin falla niður, og skulu þau vera í höndum þeirra einstaklinga og stofnana, sem lög ákveða í landi, þar sem réttindanna er krafizt. Þó skal þeim löndum, sem ekki hafa ákvæði í lögum sínum, þegar þau fullgilda samninginn eða gerast aðilar að honum, um vernd eftir lát höfundar fyrir öll þau réttindi, sem tilgreind eru í 1. mgr., heimilt að ákveða, að sum þeirra skuli falla niður að höfundi látnum.

☐ 3. Lagaleg aðstoð til verndar réttindum þeim, sem fjallað er um í þessari grein, fer eftir lögum þess lands þar sem verndar er krafizt.



■ **7. gr.** 1. Gildistími þeirrar verndar, sem sáttmáli þessi veitir, skal vera æviskeið höfundar og fimmtíu ár eftir lát hans.

☐ 2. Þegar um er að ræða kvikmyndir, á hinn bóginn, geta sambandslöndin ákveðið, að gildistíma skuli ljúka fimmtíu árum eftir að kvikmynd hefur verið sýnd almenningi með leyfi höfundar, en ef þess konar sýning hefur ekki farið fram á fimmtíu árum frá gerð hennar, lýkur gildistímanum fimmtíu árum eftir gerð hennar.

☐ 3. Þegar um er að ræða nafnlaus verk eða verk með dulnefni, lýkur gildistíma verndar þeirrar, sem sáttmáli þessi veitir, fimmtíu árum eftir að verkið hefur á löglegan hátt verið birt almenningi. En þegar dulnefnið, sem höfundur hefur valið sér, veldur engum vafa um, hver hann er, skal gildistími verndarinnar vera sá, sem til er tekinn í 1. mgr. Ef höfundur að nafnlausu verki eða að verki með dulnefni skýrir frá því, hver hann er, á áðurnefndu tímabili, skal gildistími verndarinnar vera sá, sem til er tekinn í 1. mgr. Sambandslöndunum er ekki skylt að vernda nafnlaus verk eða verk með dulnefni, ef ástæða er til að ætla, að höfundurinn hafi látizt fyrir fimmtíu árum.

☐ 4. Sambandslöndunum er áskilinn réttur til að kveða á með lögum um gildistíma verndar fyrir ljósmyndir og listiðnað, að svo miklu leyti, sem hann kann að njóta verndar sem listaverk. Gildistíminn skal þó ekki vera styttri en tuttugu og fimm ár frá því, að verkið var gert.

☐ 5. Vernd sú eftir lát höfundar og verndin, sem veitt er í 2., 3. og 4. mgr., verður virk á dánardegi eða á þeim degi, þegar atburðir þeir verða, sem um er rætt í þessum málsgreinum, en gildistíminn skal þó jafnan talinn hefjast 1. janúar árið á eftir.

☐ 6. Sambandslöndunum er heimilt að ákveða, að verndartíminn skuli vera lengri en til er tekinn í málsgreinunum að ofan.

☐ 7. Þau sambandslönd, sem bundin eru af Rómarsamningi þessa sáttmála og hafa í lögum sínum, þeim sem í gildi voru við undirritun þessa samnings, ákvæði um skemmri gildistíma en til er tekinn í málsgreinunum að ofan, skulu mega halda þeim gildistíma, þegar þau fullgilda þennan samning eða gerast aðilar að honum.

☐ 8. Gildistíminn skal jafnan fara eftir lögum þess lands, þar sem verndar er krafizt. Þó skal hann ekki vera lengri en sá tími, sem til er tekinn í upprunalandi verksins, nema lög, þar sem verndar er krafizt, mæli fyrir á annan hátt.

■ **7. gr. a.** Ákvæði undanfarandi greinar skulu einnig gilda, þegar fleiri en einn er höfundur að verki, þannig að gildistíminn, sem talinn er frá láti höfundar, verði talinn frá láti þess, sem síðastur deyr.

■ **8. gr.** Höfundar bókmennta- og listaverka, sem njóta verndar samkvæmt þessum sáttmála, skulu hafa einkarétt til að þýða eða leyfa þýðingar á verkum sínum, meðan réttur þeirra til frumverkanna nýtur verndar.

■ **9. gr.** 1. Höfundar bókmennta- og listaverka, sem njóta verndar samkvæmt þessum sáttmála, skulu hafa

einkarétt til að leyfa eftirgerðir verkanna með hvaða aðferðum og í hvaða formi sem er.

☐ 2. Sambandslöndunum er áskilinn réttur til að heimila með lögum, að eftirgerðir þessara verka skuli leyfðar í sérstökum tilfellum, enda brjóti þær ekki í bága við eðlilega hagnýtingu þeirra og hafi ekki í för með sér ósanngjarna röskun á lögmætum hagsmunum höfundar.

☐ 3. Hvers konar upptaka á hljóðum eða myndum skal talin eftirgerð í merkingu þessa sáttmála.

■ **10. gr.** 1. Heimilt er að nota tilvitnanir úr verkum, sem þegar hafa verið löglega birt almenningi, enda sé notkunin í samræmi við þær venjur, sem teljast mega sanngjarnar, og gangi ekki lengra en tilgangurinn réttlætir; tekur þetta einnig til tilvitnana úr blaðagreinum og tímaritum, sem dagblöð birta sem útdrætti.

☐ 2. Það er sambandslandanna að ákveða með lögum eða með sérstökum samningum, sem þegar eru fyrir hendi eða gerðir verða milli þeirra, að leyfilegt skuli að nota bókmennta- og listaverk við kennslu, svo sem með því, að birta myndir í bókum, lesa upp í útvarpi, eða gera upptökur í hljóðum eða myndum, enda sé ekki gengið lengra en tilgangurinn helgar og notkunin í samræmi við sanngjarnar venjur.

☐ 3. Þegar verk eru notuð með þeim hætti, sem greint er frá í málsgreininni að ofan, skulu verkin nafngreind og eins nafn höfundar, ef það sést á þeim.

■ **10. gr. a.** 1. Sambandslöndunum er áskilinn réttur til að leyfa með lögum að almenningi séu birtar, í dagblöðum, í útvarpi eða um þráð, greinar, sem áður hafa birzt í dagblöðum eða tímaritum, um þá þætti fjármála, stjórnmála og trúmála, sem efst eru á baugi, eða ef um þessi efni hefur áður verið fjallað í útvarpi, enda sé birting í blöðum, útvarpi og um þráð ekki gagngert áskilin öðrum. Heimilda skal jafnan getið greinilega. Ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, skal fara um viðurlög við því eftir lögum þess lands, þar sem verndar er krafizt.

☐ 2. Sambandslöndunum er einnig áskilinn réttur til að kveða á um það með lögum með hvaða skilmálum megi, til þess að flytja almenningi fréttir af daglegum atburðum í myndum, í kvikmyndum, í útvarpi og um þráð, af tilliti til þess, sem réttlætist af tilgangi fréttaþjónustunnar, hafa eftir og birta almenningi bókmennta- eða listaverk, sem sjást eða heyrast, þegar atburðirnir verða.

■ **11. gr.** 1. Höfundar leikrita, söngleikja og tónverka hafa einkarétt til að leyfa:

1. opinberan flutning verka sinna og með hvaða aðferðum eða hætti slíkur opinber flutningur skuli fara fram;

2. hvers konar flutning almenningi á flutningi verka sinna.

☐ 2. Höfundar leikrita og söngleikja skulu allan þann tíma, sem réttur helzt til frumverkanna, njóta sömu réttinda varðandi þýðingar á þeim.

■ **11. gr. a.** 1. Höfundar bókmennta- og listaverka hafa einkarétt til að leyfa:

1. að verk þeirra séu flutt í útvarpi eða flutt almenningi með hvers konar öðrum þráðlausum sendingum, í táknum, hljóðum eða myndum;

2. hvers konar flutning almenningi, um þráð eða með endurflutningi útvarpsflutnings, ef um hann annast aðrir en verkið fluttu upphaflega;

3. opinberan endurflutning á flutningi verksins í útvarpi, með hátalara eða öðrum samsvarandi tækjum, sem senda í táknum, með hljóðum eða í myndum.



☐ 2. Það er sambandslandsins að ákveða með lögum skilyrði fyrir því, að unnt sé að beita réttindum þeim, sem getið er um í málsgreininni að ofan, en skilyrðin skulu einungis gilda í þeim löndum, sem skilyrðin hafa sett. Þau skulu með engu móti skerða siðferðilegan rétt höfundar, né heldur rétt hans til að fá sanngjarna þóknun, sem ákveðin skal af þeim aðila, sem til þess hefur vald, ef ekki næst samkomulag um hana.

☐ 3. Ef ekki eru fyrirmæli um það í gagnstæða átt, skal leyfi, sem veitt hefur verið samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, ekki fela í sér heimild til upptöku á verki, sem flutt er í útvarpi, með tækjum til upptöku á hljóðum og myndum. Sambandslöndunum skal þó heimilt að setja með lögum reglur um bráðabirgðaupptökur, sem útvarpsstöð gerir með eigin tækjum til afnota við útvarpssendingar sínar. Má leyfa í slíkum lögum, að upptökur þessar skuli varðveittar í opinberum söfnum vegna sérstaks sögulegs gildis þeirra.

■ **11. gr. b.** 1. Höfundar bókmenntaverka hafa einkarétt til að leyfa:

1. opinberan upplestur á verkum sínum og þess konar opinberan upplestur með hvaða hætti og tækjum sem er;

2. hvers konar endurflutning almenningi á upplestri verka sinna.

☐ 2. Höfundar bókmenntaverka skulu allan þann tíma, sem réttur helzt til frumverkanna, njóta sömu réttinda varðandi þýðingar á þeim.

■ **12. gr.** Höfundar bókmennta- eða listaverka skulu hafa einkarétt til að leyfa aðlaganir á þeim, útsetningar eða aðrar breytingar.

■ **13. gr.** 1. Hvert sambandsland getur sett hjá sér fyrirvara og skilyrði um einkarétt þann, sem veittur er höfundi tónverks og höfundi texta, þegar hinn síðarnefndi hefur samþykkt upptöku textans með tónverkinu, til að leyfa hljóðupptöku á því tónverki með slíkum texta, ef um hann er að ræða. En allir slíkir fyrirvarar og skilyrði skulu aðeins gilda í þeim löndum, sem þau hafa sett, og með engu móti skerða rétt þessara höfunda til að fá sanngjarna þóknun, sem ákveðin skal af þeim aðila, sem til þess hefur vald, ef ekki næst um hana samkomulag.

☐ 2. Upptökum á tónverkum, sem gerðar hafa verið í sambandslandi samkvæmt 3. mgr. 13. gr. sáttmálanna, sem undirritaðir voru í Róm 2. júní 1928 og í Brüssel 26. júní 1948, má framleiða eftir í því landi án leyfis höfundar tónverksins, þar til liðin eru tvö ár frá því að það land verður bundið af samningi þessum.

☐ 3. Upptökur, sem gerðar hafa verið samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar og fluttar hafa verið án leyfis hlutaðeigandi aðila til lands, þar sem þær eru taldar brjóta í bága við upptökuréttindi, má gera upptækar.

■ **14. gr.** 1. Höfundar bókmennta- og listaverka hafa einkarétt til að leyfa:

1. aðlögun og eftirgerð verkanna fyrir kvikmyndir og dreifingu þeirra, þegar þau hafa verið þannig aðlöguð og eftirgerð;

2. opinberan flutning og flutning almenningi um þráð á verkum, sem þannig hafa verið aðlöguð og eftirgerð.

☐ 2. Ef kvikmynd, sem gerð er eftir bókmennta- eða

listaverki, er breytt í hvers konar annað listrænt form, skal það, án þess að skertur sé réttur höfundar kvikmyndarinnar til að veita leyfi, háð leyfi höfundanna að frumverkunum.

☐ 3. Ákvæði 1. mgr. 13. gr. skulu ekki eiga við.

■ **14. gr. a.** 1. Kvikmynd skal njóta verndar sem frumverk, en að óskertum höfundarrétti til þeirra verka, sem við gerð hennar kunna að hafa verið aðlöguð eða eftirgerð. Eigandi höfundarréttar að kvikmynd skal njóta sama réttar og höfundar frumverkanna, þar með talin þau réttindi, sem tilgreind eru í undanfarandi grein.

☐ 2. a. Um eignarrétt að höfundarrétti að kvikmynd fer eftir lögum þess lands, þar sem verndar er krafizt.

b. Ef um það er að ræða á hinn bóginn, að sambandslönd hafa ákveðið í lögum sínum, að til eigenda höfundarréttar að kvikmyndum skuli taldir þeir höfundar, sem lagt hafa fram skerf til að gera hana, þá er slíkum höfundum, ef þeir hafa tekið að sér að leggja fram slíkan skerf og ekki er um að ræða gagnstæðan eða sérstakan áskilnað, óheimilt að banna framleiðslu kvikmyndarinnar, dreifingu hennar, opinberan flutning, þess konar flutning um þráð eða í útvarpi, eða hvers konar annan flutning hennar almenningi, eða að textar séu sýndir, eða að aðrir séu látnir leggja leikendum tal í munn.

c. Það fer eftir lögum í landi, þar sem höfundur kvikmyndar hefur aðalstöðvar sínar eða býr að staðaldri, hvort samningur um framlag höfunda, eða annars konar gerningur um sama efni, skuli vera skriflegur til að beitt verði ákvæði b-liðsins. En sambandslöndunum, þar sem verndar er krafizt, er heimilt að ákveða með lögum, að skriflegur samningur eða annars konar skriflegur gerningur sama efnis skuli vera um umrætt framlag. Lönd þau, sem ákvæði hafa í þessa átt, skulu tilkynna það framkvæmdastjóranum með skriflegri yfirlýsingu, og skal hann þegar í stað skýra öllum öðrum sambandslöndum frá henni.

d. Með „gagnstæðum eða sérstökum" áskilnaði er átt við hvers konar skilyrði til takmörkunar, sem máli skipta um umrætt framlag.

☐ 3. Ef landslög mæla ekki fyrir á annan veg, skulu ákvæði b-liðs 2. mgr. hér að ofan ekki taka til höfunda að handritum fyrir myndatökur, samtalshandritum og tónverkum, sem samin hafa verið fyrir kvikmyndir, né heldur til aðalleikstjóra þeirra. En þau sambandslönd, sem ekki hafa í lögum sínum ákvæði um gildi umrædds b-liðs 2. mgr. um umræddan leikstjóra, skulu tilkynna það framkvæmdastjóranum með skriflegri yfirlýsingu, og skal hann þegar í stað skýra öllum öðrum sambandslöndum frá henni.

■ **14. gr. b.** 1. Höfundur eða, ef hann er látinn, þeir einstaklingar eða stofnanir, sem til þess er veitt heimild í landslögum, skulu að því, er tekur til frumlistaverka og frumhandrita rithöfunda og tónskálda, eiga óframseljanlegan rétt til hlutdeildar í sérhverri sölu verksins, sem fram fer eftir fyrsta framsal höfundar þess.

☐ 2. Verndar þeirrar, sem undanfarandi málsgrein veitir, verður því aðeins krafizt í sambandslandi, að löggjöf í landi höfundar leyfi það, og aðeins að því marki, sem leyft er í landi, þar sem verndarinnar er krafizt.

☐ 3. Fyrirkomulag á innheimtu og fjárhæðir skulu ákveðnar með landslögum.

■ **15. gr.** 1. Til þess að höfundur að bókmennta- eða listaverki, sem verndar nýtur samkvæmt þessum sáttmála, verði talinn slíkur höfundur, þegar sönnun fyrir hinu gagnstæða liggur ekki fyrir, og geti því höfðað mál í sambandslandi vegna réttarskerðingar, er nægilegt, að nafn hans komi fram á verkinu á venjulegan hátt. Skal ákvæði þessarar málsgreinar gilda, jafnvel þótt nafn höfundar sé dulnefni, ef dulnefnið veldur engum vafa um, hver hann er.

☐ 2. Ef sönnun fyrir hinu gagnstæða liggur ekki fyrir, skal sá einstaklingur eða fyrirtæki, sem nafngreint er í kvikmynd með venjulegum hætti, talið hafa gert hana.

☐ 3. Ef um er að ræða önnur nafnlaus verk eða önnur verk undir dulnefni en þau, sem um getur í 1. mgr. að ofan, skal sá útgefandi, sem nafngreindur er á verkinu, talinn umboðsmaður höfundar, nema sönnun fyrir hinu gagnstæða liggi fyrir, og skal honum sem slíkum heimilt að vernda réttindi höfundar og framfylgja þeim. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki, þegar höfundur hefur gefið sig fram og sannað staðhæfingu sína um það, að hann sé höfundur verksins.

☐ 4. a. Þegar um er að ræða verk, sem ekki hafa verið gefin út, og höfundur er óþekktur en allar ástæður til að ætla, að hann sé ríkisborgari í sambandslandi, skal með lögum í því landi heimilt að tilnefna fullgildan aðila, sem komi fram fyrir hönd höfundar og hafi heimild til að vernda réttindi hans og framfylgja þeim í sambandslandinu.

b. Sambandslönd þau, sem gefa út slíkar tilnefningar samkvæmt skilmálum þessa ákvæðis, skulu tilkynna framkvæmdastjóranum það með skriflegri yfirlýsingu, sem hafi að geyma allar upplýsingar um þann aðila, sem þannig hefur verið tilnefndur. Skal framkvæmdastjórinn, þegar í stað skýra öllum öðrum sambandslöndum frá tilkynningunni.

■ **16. gr.** 1. Eignarupptaka á ólögmætum eftirgerðum skal heimil í öllum sambandslöndum, þar sem verkið er lögverndað.

☐ 2. Ákvæði undanfarandi málsgreinar skulu einnig gilda um eftirgerðir, er koma frá löndum, þar sem verkið nýtur ekki verndar eða er hætt að njóta verndar.

☐ 3. Upptaka skal fara fram eftir lögum í hverju landi.

■ **17. gr.** Ákvæði þessa sáttmála geta á engan hátt haft áhrif á rétt ríkisstjórnar sambandslands til að leyfa, hafa eftirlit með eða banna með lögum eða reglugerðum útbreiðslu, flutning eða sýningu á hvers konar verki eða framleiðslu, þegar aðila, sem til þess er bær, finnst nauðsynlegt að beita þeim rétti.

■ **18. gr.** 1. Sáttmáli þessi tekur til allra þeirra verka, sem við gildistöku hans eru enn ekki orðin almenningseign í upprunalandi verksins, vegna þess að verndartímabil þess er á enda.

☐ 2. Ef verk hefur á hinn bóginn orðið almenningseign í landi, þar sem verndar er krafizt, fyrir þá sök, að verndartímabil það, sem því áður var veitt, er á enda, skal það ekki öðlast vernd á nýjan leik.

☐ 3. Gildi þessarar reglu skal víkja fyrir hverjum þeim ákvæðum í sérstökum samningum um það efni, sem fyrir hendi eru eða gerðir verða milli sambandslandanna. Ef slík ákvæði eru ekki til, skulu þau lönd sem hlut eiga að máli, ákveða hvert fyrir sig skilyrðin fyrir gildi reglunnar.

☐ 4. Framangreind ákvæði skulu einnig gilda um nýja aðila að sambandinu og um þau tilvik, þegar verndartími

1972 Nr. 80 31. maí

er lengdur samkvæmt ákvæðum 7. gr. eða með því, að fallið er frá fyrirvörum.

■ **19. gr.** Ekki skulu ákvæði þessa sáttmála girða fyrir það, að krafizt sé víðtækari verndar, sem í té kann að vera látin í lögum sambandslands.

■ **20. gr.** Ríkisstjórnir sambandslandanna áskilja sér rétt til að gera sérstaka samninga sín í milli, að svo miklu leyti sem slíkir samningar veita höfundum víðtækari réttindi en sáttmálinn, eða hafa að geyma önnur ákvæði, sem ekki brjóta í bága við hann. Ákvæði þau í samningum, sem fyrir eru, sem fullnægja þessum skilyrðum, skulu halda gildi sínu.

■ **21. gr.** 1. Sérstök ákvæði um þróunarlöndin er að finna í viðaukanum.

□ 2. Viðaukinn er óaðskiljanlegur hluti þessa samnings, sbr. þó ákvæði b-liðs 1. mgr. 28. gr.

■ **22. gr.** 1. a. Þau sambandslönd, sem bundin eru af ákvæðum 22. – 26. gr., skulu stofna með sér sambandsþing.

b. Fyrir ríkisstjórn hvers lands skal vera einn fulltrúi, og má hann hafa sér til aðstoðar varafulltrúa, ráðgjafa og sérfræðinga.

c. Kostnað við sendinefnd greiði sú ríkisstjórn, sem nefndina hefur tilnefnt.

□ 2. a. Sambandsþingið skal:

1. fjalla um öll þau málefni, er það varða, að sambandinu sé haldið við lýði, þróun þess og framkvæmd þessa sáttmála;

2. gefa fyrirmæli International Bureau of Intellectual Property (hér eftir nefnd „alþjóðaskrifstofan"), sem getið er um í Samþykktinni um stofnun The World Intellectual Property Organization (hér eftir nefnd „alþjóðasamtökin"), um undirbúning að ráðstefnum til endurskoðunar, enda sé tekið viðeigandi tillit til hvers konar athugasemda þeirra sambandslanda, sem ekki eru bundin af 22. – 26. gr.;

3. endurskoða og samþykkja skýrslur og störf framkvæmdastjóra alþjóðasamtakanna, þau sem sambandið varða, og gefa honum öll nauðsynleg fyrirmæli um málefni, sem það hefur vald til að segja fyrir um;

4. kjósa í framkvæmdanefnd sambandsþingsins;

5. endurskoða og samþykkja skýrslur og störf framkvæmdanefndarinnar og gefa henni fyrirmæli;

6. gera framkvæmdaáætlun og samþykkja fjárlög sambandsins til þriggja ára í senn og samþykkja endanlega reikninga;

7. samþykkja reglur um fjármál sambandsins;

8. koma á fót þeim sérfræðinganefndum og starfshópum, sem nauðsynlegir eru vegna starfsemi sambandsins;

9. ákveða hvaða löndum utan sambandsins og hvaða stjórnardeildum eða alþjóðlegum stofnunum, þótt ekki séu stjórnarstofnanir, skuli leyft að hafa áheyrnarfulltrúa á fundum þess;

10. samþykkja breytingar á 22. – 26. gr.;

11. gera hverja þá aðra ráðstöfun, sem við á og til þess er fallin, að stuðla að tilgangi sambandsins;

12. framkvæma önnur þau störf, sem til heyra samkvæmt þessum sáttmála;

13. beita þeim rétti, sem því er veittur í Samþykktinni um stofnun alþjóðasamtakanna, ef það samþykkir það.

b. Þegar um er að ræða málefni, sem einnig varða hagsmuni annarra sambanda, sem alþjóðasamtökin stjórna, skal sambandsþingið taka ákvarðanir sínar, eftir að það hefur leitað ráða samræmingarnefndar alþjóðasamtakanna.



□ 3. a. Hvert aðildarríki sambandsþingsins fer með eitt atkvæði.

b. Þingfundir eru lögmætir, ef fulltrúar fyrir helming aðildarríkja sambandsþingsins sækja fund.

c. Sambandsþingið getur samþykkt ákvarðanir þrátt fyrir ákvæði b-liðsins, ef þingfund sækja færri en helmingur fulltrúa aðildarríkja sambandsþingsins en þó þriðjungur þeirra eða fleiri, en allar slíkar ákvarðanir, að undanskildum ákvörðunum um eigin þingsköp, skulu því aðeins taka gildi, að fullnægt sé eftirtöldum skilyrðum. Alþjóðaskrifstofan skal tilkynna umræddar ákvarðanir þeim aðildarríkjum sambandsþingsins, sem ekki áttu fulltrúa á fundi, og gefa þeim kost á að láta atkvæði sitt skriflega í ljós, eða að þeir greiði ekki atkvæði, innan þriggja mánaða frá dagsetningu tilkynningarinnar. Ef tala þeirra aðildarríkja, sem þannig hafa greitt atkvæði, eða ekki greitt atkvæði, nær í lok þess tímabils þeirri tölu aðildarríkja, sem á vantaði til að þingfundurinn hefði verið lögmætur, skulu slíkar ákvarðanir taka gildi, ef þær hafa jafnframt náð tilskildum meirihluta.

d. Til að samþykkja ákvarðanir sambandsþingsins þarf tvo þriðju hluta greiddra atkvæða, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 26. gr.

e. Það teljast ekki greidd atkvæði, ef setið er hjá.

f. Fulltrúi getur aðeins verið umboðsmaður fyrir eitt land og aðeins greitt atkvæði í nafni þess.

g. Sambandslöndum, sem ekki eru aðilar að sambandsþinginu, skal leyft að senda áheyrnarfulltrúa.

□ 4. a. Halda skal reglulegt sambandsþing þriðja hvert almanaksár og framkvæmdastjórinn kveðja til þess á sama tíma og sama stað og allsherjarþing alþjóðasamtakanna er haldið, nema þegar sérstaklega stendur á.

b. Sambandsþingið skal heyja aukaþing samkv. kvaðningu framkvæmdastjórans að beiðni framkvæmdanefndarinnar eða að beiðni eins fjórða hluta aðildarríkja sambandsþingsins.

□ 5. Sambandsþingið setur sér eigin þingsköp.

■ **23. gr.** 1. Sambandsþingið skal hafa framkvæmdanefnd.

□ 2. a. Framkvæmdanefndin skal skipuð fulltrúum þeirra ríkja, sem sambandsþingið hefur valið úr hópi aðildarríkja sambandsþingsins. Þá skal land það, þar sem aðalstöðvar alþjóðasamtakanna eru, enn fremur eiga sjálfkrafa sæti í nefndinni, sbr. þó b-lið 7. mgr. 25. gr.

b. Ríkisstjórn hvers aðildarríkis framkvæmdanefndarinnar skal eiga þar fulltrúa, en honum til aðstoðar mega vera varafulltrúar, ráðgjafar og sérfræðingar.

c. Kostnað við sendinefnd greiði sú ríkisstjórn, sem nefndina hefur tilnefnt.

□ 3. Aðildarríki framkvæmdanefndarinnar skulu vera einn fjórði hluti af aðildarríkjum sambandsþingsins. Við ákvörðun tölu nefndarmanna skal afgangi, þegar deilt hefur verið með fjórum, sleppt.

□ 4. Við kosningu fulltrúa í framkvæmdanefndina

skal sambandsþingið taka hæfilegt tillit til sanngjarnrar skiptingar út frá landfræðilegri legu og til nauðsynja þeirra ríkja, sem aðilar eru að sérstökum samningum, er gerðir kynnu að verða á vegum sambandsins, á að vera meðal þeirra ríkja, sem sæti eiga í framkvæmdanefndinni.

☐ 5. a. Fulltrúar í framkvæmdanefndinni hefja störf í lok sambandsþingsins, sem kaus þá, en ljúka störfum í lok næsta reglulegs sambandsþings.

b. Heimilt er að endurkjósa fulltrúa í framkvæmdanefndina, en ekki fleiri en tvo þriðju þeirra.

c. Sambandsþingið setur reglur í einstökum atriðum um kosningu og hugsanlega endurkosningu fulltrúa í framkvæmdanefndina.

☐ 6. a. Framkvæmdanefndin skal:

1. gera uppkast að dagskrá sambandsþingsins;

2. leggja fyrir sambandsþingið tillögur um uppkast það að framkvæmdaáætlun og þriggja ára fjárlögum, sem framkvæmdastjórinn hefur undirbúið;

3. samþykkja sérstök árleg fjárlög og framkvæmdaáætlanir, sem framkvæmdastjórinn hefur undirbúið, enda séu þær innan marka framkvæmdaáætlunarinnar og þriggja ára fjárlaganna;

4. leggja fyrir sambandsþingið með viðeigandi athugasemdum starfsskýrslur framkvæmdastjórans og árlegar skýrslur endurskoðenda um reikningana;

5. gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við ákvarðanir sambandsþingsins og með hliðsjón af þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi kunna að verða milli tveggja reglulegra sambandsþinga, til að tryggja það, að framkvæmdastjórinn framfylgi framkvæmdaáætlun sambandsins;

6. framkvæma önnur þau störf, sem nefndinni eru falin samkvæmt þessum sáttmála.

b. Þegar um er að ræða málefni, sem einnig varða hagsmuni annarra sambanda, sem alþjóðasamtökin stjórna, skal framkvæmdanefndin taka ákvarðanir sínar, eftir að leitað hefur verið ráða samræmingarnefndar alþjóðasamtakanna.

☐ 7. a. Framkvæmdanefndin skal halda reglulegan fund einu sinni á ári samkvæmt kvaðningu framkvæmdastjórans, og er æskilegt, að sá fundur sé haldinn á sama tíma og sama stað og fundur samræmingarnefndar alþjóðasamtakanna.

b. Framkvæmdanefndin skal halda aukafundi samkvæmt kvaðningu framkvæmdastjórans, annað hvort að frumkvæði hans sjálfs eða samkvæmt beiðni formanns nefndarinnar eða eins fjórða hluta nefndarmanna.

☐ 8. a. Hvert aðildarríki framkvæmdanefndarinnar fer með eitt atkvæði.

b. Fundir eru lögmætir, þegar helmingur nefndarmanna sækir fund.

c. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála.

d. Það teljast ekki greidd atkvæði, ef setið er hjá.

e. Nefndarmaður getur aðeins verið fulltrúi fyrir eitt land og aðeins greitt atkvæði í nafni þess.

☐ 9. Sambandslöndum, sem ekki eiga fulltrúa í framkvæmdanefndinni, skal leyft að senda áheyrnarfulltrúa.

☐ 10. Framkvæmdanefndin setur sér eigin þingsköp.

■ **24. gr.** 1. a. Alþjóðaskrifstofan hefur með höndum framkvæmdastörf fyrir sambandið og tekur við af sambandsskrifstofunni, sem stofnuð var samkvæmt Alþjóðasáttmálanum til verndar eignarréttindum á sviði iðnaðar.

b. Alþjóðaskrifstofunni ber einkum að annast skrifstofuhald fyrir hinar ýmsu stofnanir sambandsins.

c. Framkvæmdastjóri alþjóðasamtakanna skal vera framkvæmdastjóri sambandsins og koma fram fyrir þess hönd.

☐ 2. Alþjóðaskrifstofan skal viða að sér upplýsingum, er varða vernd höfundarréttar, og gefa þær út. Skulu sambandslöndin þegar í stað tilkynna skrifstofunni um öll ný lög og opinber fyrirmæli um vernd höfundarréttar.

☐ 3. Alþjóðaskrifstofan skal gefa út mánaðarrit.

☐ 4. Alþjóðaskrifstofan veitir sambandslöndunum samkvæmt beiðni þeirra upplýsingar um málefni, sem varða vernd höfundarréttar.

☐ 5. Alþjóðaskrifstofan skal annast rannsóknir og láta í té þjónustu, sem stuðli að því að auðvelda vernd höfundarréttar.

☐ 6. Framkvæmdastjórinn og þeir starfsmenn, sem hann tilnefnir, skulu án atkvæðisréttar sitja fundi sambandsþingsins, framkvæmdanefndarinnar og annarra sérfræðinganefnda og starfshópa. Framkvæmdastjórinn eða starfsmaður, sem hann tilnefnir, skulu sjálfkrafa vera ritarar þessara aðila.

☐ 7. a. Alþjóðaskrifstofan skal samkvæmt fyrirmælum sambandsþingsins og í samvinnu við framkvæmdanefndina annast undirbúning að ráðstefnum til endurskoðunar á ákvæðum sáttmálans öðrum en 22. – 26. gr.

b. Alþjóðaskrifstofunni er heimilt að ráðfæra sig við stjórnardeildir og alþjóðlegar stofnanir, þótt ekki séu á vegum ríkisstjórna, varðandi undirbúning að ráðstefnum til endurskoðunar.

c. Framkvæmdastjórinn og þeir starfsmenn, sem hann tilnefnir, skulu taka þátt í umræðum á þessum ráðstefnum, en hafa ekki atkvæðisrétt.

☐ 8. Alþjóðaskrifstofan skal framkvæma önnur þau verkefni, sem henni verða falin.

■ **25. gr.** 1. a. Sambandið skal hafa fjárlög.

b. Í fjárlögum sambandsins skulu meðtaldar tekjur og gjöld sambandsins beinlínis, framlag þess til sameiginlegs kostnaðar sambandanna og, þegar þannig stendur á, fjárhæð sú, sem veitt er til að standast kostnað af ráðstefnu alþjóðasamtakanna.

c. Sá kostnaður, sem ekki verður rakinn til sambandsins eingöngu, heldur einnig til eins eða fleiri sambanda, sem stjórnað er af alþjóðasamtökunum, skal talinn sameiginlegur kostnaður. Hlutdeild sambandsins í þessum kostnaði skal fara eftir þeim hag, sem sambandið hefur af honum.

☐ 2. Fjárlög sambandsins skulu þannig úr garði gerð, að tekið sé hæfilegt tillit til þarfarinnar á að samræma þau fjárhagsáætlunum annarra sambanda, sem alþjóðasamtökin stjórna.

☐ 3. Fjárlögum sambandsins koma tekjur með eftirtöldum hætti:

1. framlög sambandslandanna;

2. laun og greiðslur fyrir þjónustu, sem alþjóðaskrifstofan lætur í té á vegum sambandsins;

3. sala á ritum alþjóðaskrifstofunnar varðandi sambandið og höfundarlaun fyrir þau;

4. gjafir, arfur og styrkir;

5. leigur, vextir og ýmsar aðrar tekjur.

□ 4. a. Sambandslöndunum skal skipt í flokka til ákvörðunar á framlagi þeirra til fjárlaganna, og skulu sambandslöndin greiða ársframlög á grundvelli einingartölu, sem þannig er ákveðin:

| | |
|---|---|
| I. | flokkur 25 |
| II. | flokkur 20 |
| III. | flokkur 15 |
| IV. | flokkur 10 |
| V. | flokkur 5 |
| VI. | flokkur 3 |
| VII. | flokkur 1 |

b. Ef sambandsland hefur ekki þegar tilkynnt um það, skal það um leið og það afhendir fullgildingar- eða aðildarskjöl tilkynna, hvar í flokki það vilji vera. Sambandslandi er heimilt að skipta um flokk. Ef það kýs að fara í lægri flokk, verður það að tilkynna það sambandsþinginu á reglulegu þingi þess. Tekur breytingin gildi frá byrjun næsta almanaksárs eftir reglulegt þing.

c. Ársframlag sambandslands skal vera eins hár hluti af þeirri fjárhæð, sem sambandslöndin öll leggja til árlegum fjárlögum þess, eins og einingartala sambandslands er hár hluti af samanlagðri einingartölu allra landanna, sem framlög greiða.

d. Framlögin falla í gjalddaga 1. janúar ár hvert.

e. Ef land er í vanskilum um greiðslu framlags síns, skal það ekki hafa atkvæðisrétt í neinum þeim samtökum sambandsins, sem það tekur þátt í, ef fjárhæð sú, sem það er í vanskilum um, nemur þeim framlögum, sem því var alls skylt að greiða fyrir tvö síðustu ár, eða hærri fjárhæð. Hverjum samtökum sambandsins er þó heimilt að leyfa því landi að fara áfram með atkvæðisrétt í þeim samtökum, ef og svo lengi sem þau þykjast fullviss um, að greiðsludrátturinn stafi af sérstökum og óviðráðanlegum ástæðum.

f. Ef fjárlög hafa ekki verið samþykkt fyrir byrjun næsta reikningstímabils, skal farið eftir fjárlögum fyrra árs í samræmi við ákvæði fjármálareglugerðarinnar.

□ 5. Reiknað skal út hver laun og greiðslur séu útistandandi fyrir þjónustu, sem alþjóðaskrifstofan hefur látið í té á vegum sambandsins, og skal framkvæmdastjórinn annast um að tilkynna það sambandsþinginu og framkvæmdanefndinni.

□ 6. a. Sambandið skal hafa framkvæmdasjóð, og skal hann stofnaður með einni greiðslu frá hverju sambandslandi. Ef sjóðurinn verður ófullnægjandi, skal sambandsþingið ákveða um aukningu hans.

b. Byrjunarframlag hvers lands til umræddss sjóðs, eða þátttaka þess í aukningu hans, skal vera ákveðið hlutfall af ársframlagi landsins á því ári, sem sjóðurinn er stofnaður eða aukningin ákveðin.

c. Hlutföllin og greiðsluskilmálar skulu ákveðnir af sambandsþinginu samkvæmt tillögum framkvæmdastjórans og eftir að það hefur leitað ráða samræmingarnefndar alþjóðasamtakanna.

□ 7. a. Í samningi þeim um aðalstöðvarnar, sem gerður er við landið, þar sem þær hafa aðsetur, skal tekið fram, að jafnan þegar framkvæmdasjóðurinn verði ófullnægjandi, skuli það land leggja honum fé. Um fjárhæð þessa framlags og skilmálana fyrir veitingu þess skulu gerðir sérstakir samningar hverju sinni milli landsins og alþjóðasamtakanna. Meðan á landinu hvílir sú skylda, að láta slík framlög í té, skal það sjálfkrafa hafa sæti í framkvæmdanefndinni.

b. Land það, sem um getur í a-lið, og alþjóðasamtökin hafa hvort um sig rétt til að segja upp samningnum um framlagsskylduna með skriflegri tilkynningu. Tekur uppsögnin gildi eftir þrjú ár frá lokum þess árs, þegar tilkynning var send.

□ 8. Eitt eða fleiri sambandslönd eða utan að komandi endurskoðendur skulu annast endurskoðun reikninganna í samræmi við ákvæði fjármálareglugerðarinnar. Skulu þeir tilnefndir af sambandsþinginu með samþykki þeirra.

■ **26. gr.** 1. Land, sem á aðild að sambandsþinginu, framkvæmdanefndin og framkvæmdastjórinn geta hver um sig borið fram tillögur til breytingar á 22., 23., 24. og 25. gr., svo og um breytingar á þessari grein. Skal framkvæmdastjórinn tilkynna slíkar tillögur þeim löndum, sem aðild eiga að sambandsþinginu, a. m. k. sex mánuðum áður en þær verða teknar þar til meðferðar.

□ 2. Breytingar á greinum þeim, sem rætt er um í 1. mgr., skulu samþykktar af sambandsþinginu, og þarf til þess þrjá fjórðu hluta greiddra atkvæða. Þó þarf fjóra fimmtu hluta greiddra atkvæða til að breyta 22. grein og þessari grein.

□ 3. Breytingar á greinum þeim, sem rætt er um í 1. mgr., taka gildi einum mánuði eftir að framkvæmdastjórinn hefur fengið í hendur skriflegar tilkynningar um það frá þremur fjórðu hlutum landa þeirra, sem aðild áttu að sambandsþinginu, þegar breytingarnar voru þar samþykktar, að þær hafi verið samþykktar á stjórnskipulegan hátt í landi því, sem hlut á að máli. Sérhver breyting á þessum greinum, sem þannig er samþykkt, skal vera bindandi fyrir öll þau lönd, sem aðild eiga að sambandsþinginu, þegar breytingin tekur gildi, eða verða síðar aðilar að því. Þó skal hver sú breyting, sem felur í sér aukningu á fjárskuldbindingum landanna, einungis binda þau lönd, sem hafa tilkynnt um samþykki sitt til þeirrar breytingar.

■ **27. gr.** 1. Sáttmáli þessi skal tekinn til endurskoðunar í því skyni, að lagðar verði fram tillögur til endurbóta á kerfi sambandsins.

□ 2. Fulltrúar sambandslandanna skulu í þessu skyni halda með sér ráðstefnur í sambandslöndunum hverju á eftir öðru.

□ 3. Breytingar á samningi þessum, þar með taldar breytingar á viðaukanum, verða aðeins samþykktar með samhljóða greiddum atkvæðum, sbr. þó ákvæði 26. greinar um breytingar á ákvæðum 22. – 26. greinar.

■ **28. gr.** 1. a. Hvert það sambandsland, sem hefur undirritað þennan samning, getur fullgilt hann, og ef það hefur ekki undirritað hann, getur það gerzt aðili að honum. Fullgildingar- og aðildarskjöl skulu afhent framkvæmdastjóranum.

b. Sérhvert sambandsland getur lýst því yfir í fullgildingar- eða aðildarskjölum sínum, að fullgilding þess eða aðildarákvörðun taki ekki til 1. – 21. greinar eða til viðaukans, þó þannig, að ef umrætt land hefur áður gefið yfirlýsingu samkvæmt 1. mgr. VI. greinar viðaukans, getur það aðeins lýst því yfir í skjölum sínum, að fullgilding þess eða aðildarákvörðun taki ekki til 1. – 20. greinar.

c. Hvert það sambandsland, sem í fullgildingar- eða aðildarskjölum sínum hefur í samræmi við ákvæði b-liðsins undanþegið sig þeim ákvæðum, sem þar er vísað til, getur síðar ákveðið, að fullgilding þess eða aðildarákvörðun skuli taka til þeirra ákvæða. Skal yfirlýsing þess efnis afhent framkvæmdastjóranum.

☐ 2. a. 1. – 21. grein og viðaukinn öðlast gildi, þegar liðnir eru þrír mánuðir frá því, að fullnægt hefur verið báðum eftirfarandi skilyrðum:

1. þegar a. m. k. fimm sambandslönd hafa fullgilt þennan samning eða gerzt aðilar að honum, án þess að hafa gefið út yfirlýsingu samkvæmt b-lið 1. mgr., og

2. þegar Frakkland, Spánn, Stóra-Bretland, Norður-Írland og Bandaríkin eru orðin bundin af Almenna höfundarréttarsáttmálanum (Universal Copyright Convention) eftir þá endurskoðun, sem fram fór á honum í París 24. júlí 1971.

b. Gildistakan, sem um er rætt í a-lið, skal eiga við þau sambandslönd, sem a. m. k. þremur mánuðum fyrir gildistökuna hafa skilað fullgildingar- eða aðildarskjölum, sem ekki hafa að geyma yfirlýsingu samkvæmt b-lið 1. mgr.

c. Að því er varðar hvert það sambandsland, sem bliður þessarar málsgreinar tekur ekki til, sem fullgildir eða gerist aðili að þessum samningi, án þess að gefa yfirlýsingu samkvæmt b-lið 1. mgr., skal 1. – 21. grein og viðaukinn öðlast gildi eftir þrjá mánuði frá þeim degi, að framkvæmdastjórinn hefur tilkynnt um afhendingu á viðeigandi fullgildingar- eða aðildarskjölum, nema tiltekin hafi verið síðari dagsetning í þeim skjölum, sem afhent hafa verið. Í síðara tilvikinu skulu 1. – 21. grein og viðaukinn öðlast gildi gagnvart því landi á þeim degi, sem þannig er tiltekinn.

d. Ákvæði stafliða a – c hafa ekki áhrif á gildi VI. greinar viðaukans.

☐ 3. Að því er varðar hvert það sambandsland, sem fullgildir eða gerist aðili að þessum samningi, með eða án yfirlýsingar samkvæmt b-lið 1. mgr., skal 22. – 38. grein öðlast gildi eftir þrjá mánuði frá þeim degi, að framkvæmdastjórinn hefur tilkynnt um afhendingu á viðeigandi fullgildingar- eða aðildarskjölum, nema tiltekin hafi verið síðari dagsetning í skjölum þeim, sem afhent hafa verið. Í síðara tilvikinu skulu 22. – 38. grein öðlast gildi gagnvart því landi á þeim degi, sem þannig er tiltekinn.

■ **29. gr.** 1. Hvert það land, sem er utan við sambandið, getur gerzt aðili að þessum samningi og orðið þannig aðili að sáttmálanum og meðlimur sambandsins. Aðildarskjöl skulu afhent framkvæmdastjóranum.

☐ 2. a. Að því er varðar sérhvert land utan sambandsins, öðlast sáttmáli þessi gildi þremur mánuðum eftir þann dag, að framkvæmdastjórinn hefur tilkynnt um afhendingu á aðildarskjali, nema síðari dagur hafi verið tiltekinn í skjali því, sem afhent hefur verið, sbr. þó staflið b. Í síðara tilvikinu skal sáttmálinn öðlast gildi gagnvart því landi á þeim degi, sem þannig er tiltekinn.

b. Ef gildistakan samkvæmt staflið a á sér stað á undan gildistöku 1. – 21. greinar og gildistöku viðaukans samkvæmt a-lið 2. mgr. 28. gr., skal landið á meðan vera bundið af 1. – 20. gr. Brüsselsamningsins í stað þess að vera bundið af 1. – 21. gr. og viðaukanum.

■ **29. gr. a.** Fullgilding þessa samnings eða yfirlýsing um aðild að honum af hálfu hvers þess lands, sem ekki er bundið af 22. – 28. gr. Stokkhólmssamnings þessa sáttmála, skal – einungis með hliðsjón af 2. mgr. 14. gr. sáttmálans, sem til alþjóðasamtakanna stofnaði – jafngilda fullgildingu umrædds Stokkhólmssamnings, eða yfirlýsingu um aðild að honum, með þeim takmörkunum, sem greindar eru í 1. tölulið b-liðs 1. mgr. 28. gr. hans.

■ **30. gr.** 1. Fullgilding eða aðildaryfirlýsing skal hafa sjálfkrafa í för með sér samþykki á öllum ákvæðum þessa sáttmála og rétt til að neyta alls þess hagræðis, sem hann veitir, sbr. þó undantekningar þær, sem leyfðar eru í 2. mgr. þessarar greinar, í b-lið 1. mgr. 28. gr., í 2. mgr. 33. gr. og í viðaukanum.

☐ 2. a. Hvert það sambandsland, sem fullgildir þennan samning eða gerist aðili að honum, skal halda áfram að njóta góðs af þeim fyrirvörum, sem það hefur áður gert, að því tilskildu, að það gefi út yfirlýsingu þess efnis, þegar það afhendir fullgildingar- eða aðildarskjöl sín, sbr. þó 2. mgr. V. greinar viðaukans.

b. Sérhvert land utan sambandsins getur lýst því yfir um leið og það gerist aðili að þessum sáttmála, sbr. þó 2. mgr. V. gr. viðaukans, að það hafi í hyggju að láta ákvæði 5. gr. sambandssáttmálans frá 1886, eins og frá honum var gengið í París 1896, gilda a. m. k. um stundarsakir, í stað 8. gr. þessa samnings, um rétt til að gera þýðingar, enda sé það greinileg forsenda, að umrædd ákvæði taki aðeins til þýðinga á tungumál, sem almennt sé notað í því landi. Að áskildum ákvæðum b-liðs 6. mgr. 1. gr. í viðaukanum, er hverju landi heimilt, hvað viðvíkur réttinum til að þýða verk, sem upprunnin eru í landi, sem notfærir sér slíkan fyrirvara, að láta í té vernd, er sé jafnmikil og sú vernd, sem látin er í té í síðarnefnda landinu.

c. Sérhvert land getur hvenær sem er fallið frá þessum fyrirvörum með tilkynningu til framkvæmdastjórans.

■ **31. gr.** 1. Sérhvert land getur lýst því yfir í fullgildingar- eða aðildarskjali sínu, eða tilkynnt framkvæmdastjóranum það með skriflegri tilkynningu hvenær sem er, að sáttmáli þessi skuli gilda um öll þau landssvæði eða hluta af þeim, sem tilgreind eru í yfirlýsingu eða tilkynningu og landið annast utanríkismál fyrir.

☐ 2. Sérhvert land, sem hefur gefið slíka yfirlýsingu eða sent frá sér slíka tilkynningu, getur hvenær sem er tilkynnt framkvæmdastjóranum, að þessi sáttmáli skuli hætta að gilda á öllum landssvæðunum eða á hluta af þeim.

☐ 3. a. Sérhver yfirlýsing samkvæmt 1. mgr. skal öðlast gildi sama daginn og fullgildingar- eða aðildarskjöl þau, sem hún var í, öðluðust gildi, og sérhver tilkynning samkv. þeirri málsgrein skal öðlast gildi þremur mánuðum eftir að framkvæmdastjórinn hefur tilkynnt um hana.

b. Sérhver tilkynning samkvæmt 2. mgr. skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að hún barst framkvæmdastjóranum í hendur.

☐ 4. Grein þessi skal á engan hátt skilin þannig, að hún gefi til kynna viðurkenningu sambandslands á raunverulegu ástandi á landssvæði, sem annað sambandsland hefur látið sáttmála þennan ná til með yfirlýsingu samkvæmt 1. mgr., eða að það sætti sig þegjandi við ástandið.

■ **32. gr.** 1. Samningur þessi skal að því er varðar samskiptin milli sambandslandanna og að svo miklu

leyti, sem hann getur átt við, koma í stað Bernarsáttmálans 9. september 1886 og í stað þeirra endurskoðunarsamninga, sem seinna voru gerðir. Þeir samningar, sem áður giltu, skulu halda áfram að gilda, í heild sinni, eða að svo miklu leyti, sem þessi samningur kemur ekki í þeirra stað samkvæmt næstu setningu fyrir ofan, í samskiptum við þau sambandslönd, sem ekki fullgilda þennan samning eða gerast aðilar að honum.

☐ 2. Þau lönd utan sambandsins, sem verða aðilar að þessum samningi, skulu með þeim fyrirvara, sem um er rætt í 3. mgr., beita honum gagnvart öllum sambandslöndum, sem ekki eru bundin af þessum samningi eða, enda þótt þau séu það, hafa gefið yfirlýsingu samkvæmt b-lið 1. mgr. 28. gr. Lönd þessi viðurkenna, að umræddum sambandslöndum skuli í samskiptum við þau:

1. vera heimilt að láta gilda ákvæði nýjasta samningsins, sem þau eru bundin af,

2. vera heimilt, með þeim fyrirvara, sem um er rætt í 6. mgr. 1. gr. viðaukans, að haga verndinni í samræmi við þá vernd, sem samningur þessi veitir.

☐ 3. Hvert það sambandsland, sem hefur notfært sér eitthvað af þeim heimildum, sem veittar eru í viðaukanum, getur látið þau heimildarákvæði viðaukans, sem það hefur notfært sér, gilda í samskiptum sínum við hvert það sambandsland, sem ekki er bundið af þessum samningi, enda hafi síðarnefnt land fallizt á, að ákvæðin skuli gilda.

■ **33. gr.** 1. Allan ágreining milli tveggja eða fleiri sambandslanda um túlkun eða framkvæmd á þessum sáttmála, sem ekki verður leystur með samkomulagi, er hverju landi, sem hlut á að máli, heimilt að bera undir Alþjóðadómstólinn með umsókn í samræmi við samþykktir dómstólsins, nema hlutaðeigandi lönd verði ásátt um að leysa málið með öðrum hætti. Land það, sem ágreiningurinn ber undir dómstólinn, skal tilkynna það alþjóðaskrifstofunni, sem annast um, að önnur sambandslönd fái vitneskju um málið.

☐ 2. Sérhvert land getur lýst því yfir um leið og það undirritar þennan samning eða afhendir fullgildingar- eða aðildarskjöl, að það telji sig ekki bundið af ákvæðum 1. mgr. Skulu ákvæði 1. mgr. ekki gilda um ágreining milli þess lands og nokkurs annars sambandslands.

☐ 3. Hvert það land, sem yfirlýsingu hefur gefið samkvæmt 2. mgr., getur hvenær sem er afturkallað yfirlýsingu sína með tilkynningu til framkvæmdastjórans.

■ **34. gr.** 1. Engu landi skal heimilt að fullgilda eða gerast aðili að eldri samningum um þennan sáttmála eftir að 1. – 21. gr. og viðaukinn hafa öðlazt gildi, sbr. þó 29. gr. a.

☐ 2. Eftir að 1. – 21. gr. og viðaukinn hafa öðlazt gildi, skal engu landi heimilt að gefa út yfirlýsingu í samræmi við 5. gr. Bókunarinnar um þróunarlönd, sem fest er við Stokkhólmssamninginn.

■ **35. gr.** 1. Sáttmáli þessi skal gilda án nokkurrar tímatakmörkunar.

☐ 2. Sérhvert land getur sagt upp samningi þessum með tilkynningu til framkvæmdastjórans. Skal slík uppsögn einnig talin uppsögn á öllum eldri samningum og gilda fyrir það land, sem uppsögnina sendir, en sáttmálinn halda áfram að vera í fullu gildi gagnvart öðrum sambandslöndum.

☐ 3. Uppsögnin tekur gildi, þegar ár er liðið frá þeim degi, er framkvæmdastjórinn fékk tilkynningu í hendur.

☐ 4. Rétti þeim til uppsagnar, sem veittur er í þessari grein, verður ekki beitt af nokkru landi fyrr en liðin eru fimm ár frá þeim degi, að það gerðist aðili að sambandinu.



■ **36. gr.** 1. Hvert það land, sem er aðili að þessum sáttmála, lofar að lögleiða í samræmi við stjórnarskrá sína þau ákvæði, sem nauðsynleg eru til að tryggja framkvæmd hans.

☐ 2. Gengið er út frá því, að á þeim tíma, sem land verður bundið af þessum sáttmála, verði því samkvæmt lögum sínum unnt að framfylgja ákvæðum hans.

■ **37. gr.** 1. a. Samningur þessi skal undirritaður í einu eintaki á frönsku og ensku og eintakið varðveitt hjá framkvæmdastjóranum, sbr. þó 2. mgr.

b. Framkvæmdastjórinn annast um í samráði við þær ríkisstjórnir, sem hlut eiga að máli, að fyrir hendi séu viðurkenndir textar á arabísku, þýzku, ítölsku, portúgölsku og spönsku og á öðrum þeim tungumálum, sem sambandsþingið kann að ákveða.

c. Ef ágreiningur verður um skilning á hinum ýmsu textum, skal farið eftir franska textanum.

☐ 2. Samningur þessi skal vera opinn til undirskriftar þar til 31. janúar 1972. Fram að þeim degi skal eintak það, sem getur um í a-lið 1. mgr., varðveitt af ríkisstjórn franska lýðveldisins.

☐ 3. Framkvæmdastjórinn skal staðfesta og senda tvö eintök af hinum undirrituðu textum til ríkisstjórna allra sambandslandanna og til ríkisstjórna allra annarra landa, sem þess óska.

☐ 4. Framkvæmdastjórinn skal annast um, að samningur þessi verði skrásettur hjá aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna.

☐ 5. Framkvæmdastjórinn skal tilkynna ríkisstjórnum allra sambandslandanna um undirritanir og um afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjala og um allar yfirlýsingar, sem fyrir koma í slíkum skjölum eða gefnar eru í samræmi við c-lið 1. mgr. 28. gr., a- og b-liði 2. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 33. gr., um gildistöku sérhverra ákvæða þessa samnings, tilkynningar um uppsagnir og tilkynningar samkvæmt c-lið 2. mgr. 30. gr., 1. og 2. mgr. 31. gr., 3. mgr. 33. gr. og 1. mgr. 38. gr., svo og samkvæmt viðaukanum.

■ **38. gr.** 1. Þau sambandslönd, sem hafa ekki fullgilt þennan samning eða gerzt aðilar að honum og eru ekki bundin af 22. – 26. gr. Stokkhólmssamnings þessa sáttmála, geta þar til 26. apríl 1975, ef þeim sýnist svo, beitt þeim rétti, sem veittur er í þessum greinum, eins og þau væru bundin af þeim. Hvert það land, sem þessum rétti vill beita, skal senda framkvæmdastjóranum skriflega tilkynningu um það; skal tilkynningin öðlast gildi á móttökudegi. Skulu slík lönd talin meðlimir sambandsþingsins allt til umræddu dags.

☐ 2. Meðan öll sambandslöndin eru enn ekki orðin meðlimir samtakanna, skal alþjóðaskrifstofa samtakanna einnig starfa sem skrifstofa sambandsins og framkvæmdastjóri þeirra sem framkvæmdastjóri þeirrar skrifstofu.

☐ 3. Þegar að því kemur, að sambandslöndin öll eru orðin meðlimir samtakanna, skulu réttindi, skyldur og eignaréttindi sambandsskrifstofunnar færast yfir á alþjóðaskrifstofu samtakanna.

**Viðauki.**

■ **I. gr.** 1. Hvert það land, sem talið er þróunarland samkvæmt viðtekinni venju allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, sem fullgildir þennan samning eða gerist aðili að honum, en viðaukinn er óaðskiljanlegur hluti hans, sem telur sér ekki unnt með tilliti til afkomu sinnar, félagslegra og menningarlegra þarfa að gera þegar í stað ráðstafanir til verndar öllum þeim réttindum, sem gert er ráð fyrir í þessum samningi, getur með tilkynningu til framkvæmdastjórans um leið og það afhendir fullgildingar- eða aðildarskjöl, eða hvenær sem er eftir það, sbr. þó c-lið 1. mgr. V. greinar, tilkynnt, að það vilji notfæra sér heimild II. greinar eða heimild III. greinar, eða báðar þessar heimildir. Þá getur það í stað þess að notfæra sér heimild II. greinar gefið út yfirlýsingu í samræmi við a-lið 1. mgr. V. greinar.

☐ 2. a. Hver sú yfirlýsing samkvæmt 1. mgr., sem tilkynnt er fyrir lok tíu ára tímabils frá gildistöku 1. – 21. gr. og gildistöku þessa viðauka samkvæmt 2. mgr. 28. gr., skal vera í gildi til loka umræddra tímabils. Allar slíkar yfirlýsingar má endurnýja, í heild eða að hluta, til tíu ára hverja um sig, með tilkynningu, sem afhent sé framkvæmdastjóranum ekki fyrr en fimmtán mánuðum og ekki síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers þess tíu ára tímabils, sem þá stendur yfir.

b. Allar þær yfirlýsingar samkvæmt 1. mgr., sem tilkynntar eru eftir lok tíu ára tímabils frá gildistöku 1. – 21. gr. og gildistöku viðaukans samkvæmt 2. mgr. 28. gr., skulu vera í gildi til loka þessa tíu ára tímabils, sem þá stendur yfir. Allar slíkar yfirlýsingar má endurnýja eins og gert er ráð fyrir í annarri setningu a-liðs.

☐ 3. Hverju því sambandslandi, sem hætt er að teljast þróunarland samkvæmt reglu 1. mgr., skal ekki lengur heimilt að endurnýja yfirlýsingu sína eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr., og hvort sem það land afturkallar yfirlýsingu sína formlega eða ekki, skal það útilokað frá því að notfæra[1)] heimildir þær, sem vísað er til í 1. mgr., frá lokum tíu ára tímabils þess, sem þá stendur yfir, eða frá lokum þriggja ára tímabils, sem liðið er frá því, að hætt var að telja það þróunarland, eftir því hvoru tímabilinu lýkur síðar.

☐ 4. Þar sem svo stendur á, að fyrir hendi eru birgðir af eintökum, sem framleidd voru samkvæmt leyfi samkvæmt þessum viðauka, á þeim tíma, sem yfirlýsing samkvæmt 1. eða 2. mgr. hættir að gilda, er heimilt að halda áfram að dreifa slíkum eintökum unz birgðir af þeim eru þrotnar.

☐ 5. Hvert það land, sem bundið er af ákvæðum þessa samnings og hefur afhent yfirlýsingu eða tilkynningu í samræmi við 1. mgr. 31. gr. varðandi gildi þessa samnings fyrir tiltekið landssvæði, sem jafnað verður um ástand þar til þeirra landa, sem vísað er til í 1. mgr., getur gefið þá yfirlýsingu varðandi það landssvæði, sem rætt er um í 1. mgr., og sent frá sér þá tilkynningu um endurnýjun, sem rætt er um í 2. mgr. Meðan slík yfirlýsing og tilkynning er í gildi, skulu ákvæði þessa viðauka gilda um það landssvæði, sem yfirlýsing og tilkynning tekur til.

☐ 6. a. Enda þótt land notfæri sér af heimildum þeim, sem rætt er um í 1. mgr., felst ekki í því heimild til handa öðru landi til að veita minni vernd þeim verkum, sem eiga uppruna sinn í fyrrnefnda landinu, en því er skylt að veita samkvæmt ákvæðum 1. – 20. gr.

b. Réttinum til gagnkvæmrar meðferðar, sem gert er ráð fyrir í b-lið 2. mgr. 30. gr., annarri setningu, skal ekki þar til lýkur tímabili því, sem við á samkv. 3. mgr., 1. gr., verða beitt gagnvart verkum, sem eiga uppruna sinn í landi, sem yfirlýsingu hefur gefið samkvæmt a-lið 1. mgr. V. greinar.

[1)] *Svo í Stjtíð., en „sér" virðist hafa fallið brott.*

■ **II. gr.** 1. Hverju því landi, sem hefur lýst því yfir, að það vilji notfæra sér heimild þessarar greinar, skal heimilt að því er tekur til verka, sem eru prentuð eða eftirgerð með aðferð, sem til þess má jafna, að láta koma í stað einkaréttarins til að gera þýðingar, sem veittur er í 8. grein, fyrirkomulag með þeim hætti, að veitt séu óframseljanleg leyfi án einkaréttar af fullgiltum aðila með eftirtöldum skilmálum og skilmálum IV. greinar.

☐ 2. a. Ef, að tilskildum ákvæðum 3. mgr., þýðing á slíku verki hefur ekki verið gefin út á máli, sem almennt er notað í því landi, af eiganda þýðingarréttarins eða með hans leyfi, eftir að liðin eru þrjú ár eða lengri tími, sem til er tekinn í lögum umræddra lands, frá þeim degi, er verkið var gefið út í fyrsta skipti, getur ríkisborgari í því landi fengið leyfi til að þýða verkið á umrætt mál og gefa þýðinguna út í prentuðu formi eða í formi, sem jafna má til prentunar.

b. Leyfi með þeim skilmálum, sem gert er ráð fyrir í þessari grein, má einnig veita þegar svo stendur á, að allar útgáfur þýðingarinnar á því máli, sem um er að ræða, eru uppseldar.

☐ 3. a. Þegar um er að ræða þýðingar á máli, sem ekki er almennt notað í einu eða fleirum[1)] þróunarlöndum, sem í sambandinu eru, skal eins árs tímabil koma í stað þess þriggja ára tímabils, sem getið er um í a-lið 2. mgr.

b. Hvert það land, sem rætt er um í 1. mgr., getur með samhljóða samþykki þeirra þróunarlanda, sem eru meðlimir sambandsins, og þar sem sama tungumál er almennt notað, látið gilda í staðinn fyrir það þriggja ára tímabil, sem nefnt er í a-lið 2. mgr., styttra tímabil, sem til er tekið í samþykktinni, en ekki styttra en eitt ár. Ákvæði þessarar setningar skulu þó ekki gilda, ef tungumálin, sem um er að ræða, eru enska, franska eða spánska. Ríkisstjórnir, sem slíka samninga hafa gert skulu tilkynna framkvæmdastjóranum um þá.

☐ 4. a. Ekkert leyfi, sem unnt er að fá eftir þrjú ár, skal veitt samkvæmt þessari grein fyrr en liðnir eru sex mánuðir til viðbótar og ekkert leyfi, sem unnt er að fá eftir eitt ár, fyrr en liðnir eru níu mánuðir til viðbótar talið

1. frá þeim degi, sem umsækjandi fullnægir skilyrðum þeim, sem greind eru í 1. mgr. IV. greinar, eða

2. þegar ekki er vitað, hver eigandi þýðingarréttarins er eða heimilisfang hans, þá frá þeim degi, þegar umsækjandi sendir í samræmi við 2. mgr. IV. greinar endurrit af umsókn sinni, sem lögð var fyrir þann aðila, sem fullgiltur er til að veita leyfið.

b. Ef þýðing á því máli, sem umsóknin tók til, hefur verið gerð af eiganda þýðingarréttarins eða með hans leyfi á umræddu sex eða níu mánaða tímabili, skal ekki veita leyfi samkvæmt þessari grein.

☐ 5. Leyfi samkvæmt þessari grein verða aðeins veitt vegna kennslu, ritgerða eða rannsókna.

☐ 6. Ef þýðing á verki er gefin út af eiganda þýðingarréttarins eða með hans leyfi gegn greiðslu, sem er sanngjörn miðað við það, sem venjulega er farið fram á

fyrir svipuð verk í því landi, skulu leyfi, sem veitt hafa verið samkvæmt þessari grein, falla niður, ef slíkar þýðingar eru á sama tungumáli og sama efnis að því er máli skiptir og þýðingin, sem gefin var út samkvæmt leyfinu. Halda má áfram að dreifa þeim eintökum, sem framleidd hafa verið áður en leyfið féll úr gildi, unz birgðir eru þrotnar.

☐ 7. Þegar um er að ræða verk, sem aðallega eru fólgin í myndum, er því aðeins heimilt að veita leyfi til að gefa út þýðingu á textanum og framleiða og gefa út myndirnar, að einnig sé fullnægt skilyrðum II. greinar.

☐ 8. Ekki skal veita leyfi samkvæmt þessari grein, þegar höfundur hefur tekið öll eintök af verki sínu úr umferð.

☐ 9. a. Leyfi til þýðingar á verki, sem hefur verið gefið út á prenti eða á annan hátt, sem til þess má jafna, má einnig veita útvarpsstöðvum, sem hafa aðalstöðvar sínar í landi, sem um er rætt í 1. mgr., samkvæmt umsókn þeirra til þess aðila í því landi, sem fullgiltur er til að veita leyfið, svo fremi að fullnægt sé eftirtöldum skilyrðum:

1. að þýðingin sé gerð eftir eintaki, sem gert hefur verið og fengið hefur verið í samræmi við lög umræddslands;

2. að þýðingin sé einungis til afnota í útvarpssendingum, er eingöngu séu ætlaðar til kennslu eða til að koma á framfæri við sérfræðinga í sérstökum greinum niðurstöðum af sérstökum tæknískum eða vísindalegum rannsóknum;

3. að þýðingin sé eingöngu notuð í því skyni, sem til er tekið í skilmála 2. töluliðs, og útvarpssendingin lögmæt og ætluð hlustendum á landssvæði umræddslands, þar með taldar útvarpssendingar á hljóð- eða sjónvarpsupptökum, sem löglega eru gerðar í þeim tilgangi einum að vera til afnota í slíkum útvarpssendingum;

4. að hvers kyns notkun þýðingarinnar eigi sér ekki stað í hagnaðarskyni.

b. Hljóð- eða sjónvarpsupptaka[2] á þýðingu, sem gerð hefur verið af útvarpsstöð með leyfi, sem veitt hefur verið samkvæmt þessari málsgrein, er hverri annarri útvarpsstöð, sem hefur aðalstöðvar sínar í því landi, þar sem fullgiltur aðili veitti umrætt leyfi, einnig heimilt að nota í þeim tilgangi og með þeim skilmálum, sem um er rætt í staflið a, enda komi til samþykki þargreindrar útvarpsstöðvar.

c. Svo fremi að fullnægt sé öllum þeim sjónarmiðum og skilyrðum, sem um er rætt í staflið a, er einnig heimilt að veita útvarpsstöð leyfi til að þýða hvern þann texta, sem fyrir kemur í hljóð- eða sjónvarpsupptöku, þegar sú upptaka sjálf var gerð og útgefin til þess eins, að vera notuð í sambandi við kerfisbundið kennslustarf.

d. Að tilskildum ákvæðum stafliða a – c, skulu ákvæði næstu málsgreinar að ofan gilda um veitingu og notkun hvers þess leyfis, sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein.

[1] *Svo í Stjtíð., en virðist eigi að vera „fleiri".* [2] *Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera „sjónvarpsupptöku".*

■ **III. gr.** 1. Hverju því landi, sem hefur lýst því yfir, að það vilji notfæra sér heimildina, sem veitt er í þessari grein, skal heimilt að láta koma í stað einkaréttar til eftirgerðar, sem ákveðinn er í 9. gr., fyrirkomulag með þeim hætti, að veitt séu óframseljanleg leyfi án einkaréttar af til þess bærum aðilum með eftirtöldum skilmálum og skilmálum IV. greinar.

☐ 2. a. Þegar um er að ræða verk, sem grein þessi tekur til samkvæmt ákvæðum 7. mgr., og ef svo stendur á í lok:

1. þess tímabils, sem máli skiptir og tilgreint er í 3. mgr., er hefst á þeim degi, sem tiltekin útgáfa af verki er gefin út í fyrsta skipti, eða

2. hvers eins lengra tímabils, sem ákveðið er í lögum þess lands, sem rætt er um í 1. mgr. og hefst á sama degi, að eintökum af slíkum útgáfum hefur ekki verið dreift til almennings í því landi, eða ekki verið dreift í sambandi við kerfisbundið kennslustarf, af hálfu eiganda réttarins til eftirgerðar eða með hans leyfi fyrir greiðslu, sem sanngjörn er miðað við það, sem venjulega er farið fram á í því landi fyrir verk af svipuðu tagi, er hverjum ríkisborgara í því landi heimilt að fá leyfi til að framleiða og gefa út slíkar útgáfur á því verði eða lægra verði, enda séu þær til notkunar í sambandi við kerfisbundið kennslustarf.

b. Leyfi, sem veitt hafa verið til eftirgerðar og útgáfu á verki, sem dreift hefur verið eins og lýst er í staflið a, má einnig veita með þeim skilmálum, sem greindir eru í þessari grein, ef engin lögmæt eintök af þeirri útgáfu hafa verið til sölu um sex mánaða skeið eftir lok þess tímabils, sem við á, til almennings í viðkomandi landi eða í sambandi við kerfisbundið kennslustarf, á sanngjörnu verði miðað við það, sem venjulega er farið fram á í því landi fyrir verk af svipuðu tagi.

☐ 3. Tímabil það, sem um er rætt í 1. tölulið a-liðs 2. mgr., skal vera fimm ár, en:

1. fyrir verk um náttúrufræði og eðlisfræði, svo og stærðfræði og tækni, skal tímabilið vera þrjú ár;

2. fyrir skáldverk, kvæðabækur, leikrit, tónsmíðar og listaverkabækur skal tímabilið vera sjö ár.

☐ 4. a. Engin leyfi, sem unnt er að fá eftir þrjú ár, skulu veitt samkvæmt þessari grein fyrr en liðnir eru sex mánuðir

1. frá þeim degi, að umsækjandi fullnægir skilyrðum þeim, sem rætt er um í 1. mgr. IV. greinar, eða

2. þegar ekki er vitað, hver eigandi réttar til eftirgerðar er eða heimilisfang hans, frá þeim degi, að umsækjandinn sendir endurrit af umsókn sinni til fullgilts aðila samkvæmt því, sem mælt er fyrir í 2. mgr. IV. greinar.

b. Þegar unnt er að fá leyfi eftir að liðin eru önnur tímabil og 2. mgr. IV. greinar á við, skal ekki veita nein leyfi fyrr en liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi, að endurrit af umsókninni eru send.

c. Ef dreifing eins og lýst er í a-lið 2. mgr. hefur átt sér stað á því sex eða þriggja mánaða tímabili, sem um er rætt í stafliðum a og b, skal ekki veita nein leyfi samkvæmt þessari grein.

d. Engin leyfi skal veita, ef höfundurinn hefur tekið úr umferð öll eintökin af þeirri útgáfu, sem sótt hefur verið um leyfi til að framleiða og gefa út.

☐ 5. Leyfi til að eftirgera og gefa út þýðingu á verki skal ekki veitt samkvæmt þessari grein í eftirfarandi tilvikum:

1. þegar þýðingin var ekki gefin út af eiganda þýðingarréttarins eða með hans leyfi, eða

2. þegar þýðingin er ekki á máli, sem almennt er notað í því landi, þar sem sótt er um leyfið.

☐ 6. Ef eintökum af útgáfu á verki er dreift til almennings í því landi, sem rætt er um í 1. mgr., eða dreift í sambandi við kerfisbundið kennslustarf, af eiganda rétt-

arins til eftirgerðar eða með hans leyfi á verði, sem er sanngjarnt miðað við það, sem venjulega er farið fram á í því landi fyrir verk af svipuðu tagi, skal hvert það leyfi, sem veitt er samkvæmt þessari grein, falla úr gildi, ef slík útgáfa er á sama tungumáli og að mestu sama efnis og útgáfan, sem gefin er út samkvæmt umræddu leyfi. Heimilt er að halda áfram að dreifa þeim eintökum, sem gerð kunna að hafa verið áður en leyfið féll úr gildi, unz birgðir af þeim eru þrotnar.

☐ 7. a. Að ákvæðum b-liðsins tilskildum, skulu verk þau, sem grein þessi gildir um, takmarkast við þau verk, sem gefin eru út á prenti eða með aðferðum, sem jafna má til prentunar.

b. Grein þessi skal einnig eiga við um eftirgerðir í hljóð- og sjónvarpsformi á löglega gerðum hljóð- og sjónvarpsupptökum, þar með talin vernduð verk, sem þar koma fyrir, og um þýðingar á textum, sem fyrir koma, á tungumál, sem almennt er notað í landi, þar sem um leyfið er sótt, en jafnan að því tilskildu, að hljóð- og sjónvarpsupptökurnar, sem um er að ræða, hafi verið gerðar og útgefnar til þess eins, að notast í sambandi við kerfisbundna kennslustarfsemi.

■ **IV. gr.** 1. Leyfi samkvæmt II. eða III. grein verður einungis veitt ef umsækjandi sannar samkvæmt þeim reglum, sem gilda í landi því, sem um er að ræða, annað hvort, að hann hafi beðið um og verið neitað um leyfi eiganda réttarins til að gera og gefa út þýðinguna, eða að framleiða og gefa út verkið, eftir atvikum, eða að hann hafi ekki getað haft upp á eigandanum þrátt fyrir tilhlýðilega eftirgrennslan. Um leið og umsækjandi biður um leyfið, skal hann tilkynna það þeim upplýsingaskrifstofum innanlands og utan, sem rætt er um í 2. mgr.

☐ 2. Ef ekki er hægt að hafa upp á eiganda réttarins, skal umsækjandi senda endurrit af umsókn þeirri, sem hann sendi þeim aðila, sem heimild hefur til að veita leyfið, í ábyrgðarbréfi og flugpósti til þess útgefanda, sem tilgreindur er á verkinu, og til hverrar þeirrar upplýsingamiðstöðvar innanlands og utan, sem tilnefnd kann að hafa verið í tilkynningu þar að lútandi, er afhent hefur verið framkvæmdastjóranum af ríkisstjórn þess lands, þar sem útgefandinn er talinn hafa haft aðalstöðvar verzlunarfyrirtækis síns.

☐ 3. Tilgreina skal nafn höfundar á öllum eintökum af þýðingum eða eftirgerðum, sem út eru gefnar samkvæmt leyfi eftir II. og III. grein. Tilgreina skal heiti verksins á öllum slíkum eintökum. Þegar um er að ræða þýðingar, skal a. m. k. upprunalegt heiti verksins tilgreint á öllum slíkum eintökum.

☐ 4. a. Ekkert leyfi, sem veitt er samkvæmt II. og III. grein, skal taka til útflutnings á eintökum, og skulu öll slík leyfi einungis gilda um útgáfur á þýðingum eða eftirgerðum, eftir atvikum, á landssvæði þess lands þar sem um leyfið var sótt.

b. Með „útflutningi" í skilningi a-liðsins er einnig átt við sendingu á eintökum frá einhverju landssvæði til lands, sem hefur gefið út yfirlýsingu varðandi það landssvæði samkvæmt ákvæðum 5. mgr. I. greinar.

c. Þegar ríkisstjórnin eða annar opinber aðili í því landi, sem veitt hefur leyfi til þýðingar samkvæmt II. grein, á tungumál annað en ensku, frönsku eða spönsku, sendir eintök af þýðingum, sem gefnar hafa verið út samkvæmt slíku leyfi, til annars lands, skal slík sending ekki teljast útflutningur í skilningi a-liðsins, ef fullnægt er öllum eftirtöldum skilyrðum:

1. að viðtakendur séu einstaklingar og ríkisborgarar í því landi, þar sem fullgiltur aðili hefur veitt leyfið, eða samtök slíkra einstaklinga;

2. að einungis sé ætlunin að nota eintökin við kennslu, til að skrifa ritgerðir, eða til rannsókna;

3. að sending eintakanna og eftirfarandi dreifing þeirra til viðtakenda sé ekki gerð í hagnaðarskyni; og

4. að landið, sem eintökin eru send til, hafi samið við landið, þar sem fullgiltur aðili hefur veitt leyfið, um að leyfa móttöku eða dreifingu eða hvort tveggja, og framkvæmdastjórinn hafi fengið tilkynningu um þann samning frá því landi, þar sem leyfið var veitt.

☐ 5. Öll eintök, sem út eru gefin samkvæmt leyfi eftir ákvæðum II. og III. greinar, skulu hafa að geyma tilkynningu á því máli, sem um er að ræða, þess efnis, að eintökunum megi einungis dreifa í því landi eða á þeim landssvæðum, sem leyfið nær til.

☐ 6. a. Gerðar skulu viðeigandi ráðstafanir í hverju landi til að tryggja það,

1. að leyfið geri ráð fyrir sanngjarnri þóknun til eiganda þýðingarréttarins eða réttarins til eftirgerðar, eftir atvikum, og sé hún í samræmi við þær fjárhæðir höfundarlauna, sem venjulegt er að miða við fyrir leyfi, sem frjálsir samningar eru gerðir um milli aðila í þeim tveimur löndum, sem hlut eiga að máli, og til að tryggja

2. greiðslu og sendingu á þóknuninni. Ef gjaldeyrisákvæði landsins eru til fyrirstöðu, skal hinn fullgilti aðili gera allt, sem unnt er, með milligöngu alþjóðlegra aðila, til að tryggja sendingu þóknunar í alþjóðlegum gjaldeyri eða jafngildi hans.

b. Lögleidd skulu þau ákvæði í hverju landi, sem nauðsynleg eru til að tryggja réttar þýðingar á verkum eða, eftir atvikum, nákvæmar eftirgerðir einstakra verka.

■ **V. gr.** 1. a. Hvert það land, sem hefur heimild til að gefa út yfirlýsingu um, að það muni notfæra sér heimildina samkvæmt II. grein, getur í þess stað og um leið og það fullgildir þennan samning eða gerist aðili að honum:

1. gefið út yfirlýsingu samkvæmt a-lið 2. mgr. 30. greinar að því er varðar þýðingarrétt, ef það er land, sem ákvæðið tekur til;

2. gefið út yfirlýsingu samkvæmt fyrstu setningu b-liðs 2. mgr. 30. greinar, ef það er land, sem a-liður 2. mgr. 30. greinar tekur ekki til, og jafnvel þótt það sé ekki land utan sambandsins.

b. Ef um er að ræða land, sem hætt er að líta á sem þróunarland, eins og það er skilgreint í 1. mgr. I. greinar, þá skal yfirlýsing, sem gefin er samkvæmt þessari málsgrein, gilda til þess dags, að tímabil það er liðið, sem við á samkvæmt II. grein.

c. Hvert það land, sem gefið hefur út yfirlýsingu samkvæmt þessari málsgrein, getur ekki síðar notfært sér heimildina, sem veitt er í II. grein, jafnvel þótt það afturkalli umrædda yfirlýsingu.

☐ 2. Að tilskildum ákvæðum 3. mgr., getur hvert það land, sem hefur notfært sér heimildina í II. grein, ekki síðar gefið út yfirlýsingu samkvæmt 1. mgr.

☐ 3. Hvert það land, sem hætt er að telja þróunarland samkvæmt skilgreiningunni í 1. mgr. I. greinar, getur eigi

**1972** Nr. 80 31. maí

síðar en tveimur árum fyrir lok þess tímabils, sem við á samkvæmt 3. mgr. I. greinar, gefið út yfirlýsingu þess efnis, sem gert er ráð fyrir í b-lið 2. mgr. 30. gr., fyrstu setningu, enda þótt það sé ekki land utan sambandsins. Skal slík yfirlýsing taka gildi á þeim degi, sem tímabili því lýkur, sem við á samkvæmt 3. mgr. I. greinar.

■ **VI. gr.** 1. Sérhvert sambandsland getur lýst því yfir, þegar samningur þessi er dagsettur, eða hvenær sem er áður en það verður bundið af ákvæðum 1. – 21. gr. og ákvæðum þessa viðauka, að það:

1. muni, ef það er land, sem væri heimilt að notfæra sér heimildir þær, sem rætt er um í 1. mgr. I. greinar, ef það væri bundið af ákvæðum 1. – 21. gr. og af viðaukanum, láta gilda ákvæði II. greinar eða III. greinar, eða beggja greinanna um verk, sem upprunnin eru í landi, sem samkvæmt ákvæði 2. töluliðs fyrir neðan viðurkennir gildi þeirra greina um þau verk, eða er bundið af ákvæðum 1. – 21. gr. og af viðaukanum; yfirlýsing þessi getur vísað til V. greinar í stað þess að vísa til II. greinar;

2. viðurkenni gildi þessa viðauka um þau verk, sem í því landi eru upprunnin, í löndum, sem gefið hafa yfirlýsingu samkvæmt 1. tölulið að ofan, eða hafa sent frá sér tilkynningu samkvæmt I. grein.

□ 2. Hver sú yfirlýsing, sem gefin er samkvæmt 1. mgr., skal vera skrifleg og afhendast framkvæmdastjóranum. Yfirlýsingin tekur gildi frá afhendingu hennar.

**1903** Nr. 42 13. nóv.

## Lög um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

### Fyrsti kafli. Verzlanaskrár.

■ **1. gr.** Í öllum lögsagnarumdæmum á Íslandi skulu lögreglustjórar halda verzlanaskrár, og skal í þær rita tilkynningar þær, er getur um í lögum þessum, eða heimilað verður með öðrum lögum að setja í skrárnar.

■ **2. gr.** Tilkynning til innritunar á verzlanaskrá skal vera skrifleg og henni fylgja lögboðin borgun fyrir skrásetning og auglýsing.

□ Ef tilkynnendur koma ekki sjálfir til skrásetningarvaldsmanns, skulu undirskriftir þeirra staðfestar af notarius.

■ **3. gr.** Ef tilkynning er ekki lögum samkvæm, eða ef í henni stendur eitthvað, sem eigi er lagaheimild fyrir að setja á skrá, skal þeirri tilkynning vísað frá og skal skrásetningarvaldsmaður senda tilkynnanda sem allra fyrst skeyti um frávísun þessa og ástæður fyrir henni.

□ Ef tilkynnanda þykir frávísun heimildarlaus, getur hann skotið málinu til landshöfðingja,[1] er leggur úrskurð á það, en óskertur skal þó réttur hans til að leita úrskurðar dómstólanna um málið.

[1] *Sjá l. 73/1969.*

■ **4. gr.** Skrásetningarvaldsmaður skal á kostnað tilkynnanda tafarlaust birta hverja tilkynning, sem hefir verið rituð í skrána, í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Sé eigi öðruvísi ákveðið í lögum, skal tilkynningin öll sett í auglýsinguna, en eigi fylgiskjöl hennar.

□ Landsstjórnin lætur við hver árslok birta í B-deild Stjórnartíðindanna skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

■ **5. gr.** Landshöfðingi setur ítarlegar reglur um, hvernig halda skuli verzlanaskrár.[1]

[1] *Reglur 24/1904.*

■ **6. gr.** Nú þykir einhverjum tilkynning, sem rituð er í verzlanaskrá, vera sér skaðleg, og liggur það þá undir úrskurð dómstólanna, hvort afmá skuli tilkynninguna.

■ **7. gr.** Það, sem skrásett hefir verið samkvæmt lögum þessum og birt í blaði því, sem getur um í 4. gr., skal talið kunnugt almenningi, nema atvik séu svo vaxin, að álíta megi, að menn hvorki hafi haft vitneskju um það, né til þess verði ætlazt af þeim.

□ Nú hefir birtingin eigi fram farið, og hefir tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum, nema sannað verði, að þeir hafi haft vitneskju um hana.

### Annar kafli. Firmu.

■ **8. gr.** [Hver sá er rekur verslun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir, um nafn það, er hann notar við atvinnuna, og um undirskrift fyrir hana (firma), enda beri fyrirtækið og atvinnustarfsemi þess nöfn, sem samrýmist íslensku málkerfi að dómi skrásetjara. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.][1]

[1] *L. 57/1982, 1. gr.*

■ **9. gr.** Firma einstaks manns skal vera fullt nafn hans, þó má skammstafa skírnarnafnið. Í firmanu má eigi vera neitt, sem bendir á félagsskap eða takmarkaða ábyrgð.

□ Firma félags, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, skal að minnsta kosti vera nafn eins félagsmanns með viðauka, er bendir á félagsskapinn, svo framarlega nöfn allra félagsmanna eru ekki tekin upp í það.

□ Firma samlagsfélags skal að minnsta kosti vera nafn eins félagsmanns, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, með viðauka, sem bendir á félagsskap, eða gefur til kynna, að félagið sé samlagshlutafélag, ef tillög samlagsmanna eru í hlutabréfum. Í firma félags með ótakmarkaðri ábyrgð og í firma samlagsfélags má eigi taka upp nöfn annarra en þeirra félagsmanna, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og eigi má taka neitt upp í það, sem fer í þá átt að takmarka ábyrgð þeirra félagsmanna, sem hafa ótakmarkaða ábyrgð.

□ Firma hlutafélags skal tilgreina, að félagið sé hlutafélag.[1]

□ Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð skulu í firmum sínum hafa orð, er merki starfsemi félagsins; ekkert mannsnafn má í þeim vera.

[1] *Sjá l. 32/1978.*

■ **10. gr.** Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis. Í firma má eigi nefna fyrirtæki, er ekki standa í sambandi við atvinnuna; eigi má heldur halda firma því óbreyttu, er tilgreinir ákveðna atvinnugrein, ef veruleg breyting hefir verið gerð á henni.

□ Firmu þau, er sett eru á skrá fyrir sama kaupstað eða hrepp, skal greina glöggt hvert frá öðru. Sá, sem tilkynnir firma með nafni sínu, skal því ef samnefnt firma er þegar sett á skrá fyrir einhvern annan í sama kaupstað eða hrepp, greina firma sitt glöggt frá hinu eldra firma með viðauka við nafn sitt eða á annan hátt. Sá, sem eigi tilkynnir firma, en ætlar að reka atvinnu með nafni sjálfs sín (sbr. 16. gr.), má ekki stæla skrásett firma, sem hefir sama nafn, með því að bæta við nafn sitt, fella úr því eða breyta.

■ **11. gr.** Ekkja, sem heldur áfram atvinnu manns síns látins, og kvæntur maður, sem heldur áfram atvinnu

þeirri, sem kona hans hefir rekið, má halda firmanu óbreyttu. Sama rétt hafa erfingjar, er halda áfram atvinnu látins manns með ótakmarkaðri ábyrgð, ef hann hefir leyft það, eða allir erfingjar eru því samþykkir, og hinn látni hefir ekki gert aðra ráðstöfun.

■ **12. gr.** Nú gerist maður félagsmaður í atvinnu, sem einn maður, félag með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélag hefir rekið til þess tíma, og má þá halda firmanu óbreyttu eftir sem áður. Hið sama er og, ef maður fer úr félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi; þó má eigi halda nafni hans í firmanu, nema hann hafi leyft það eða, ef hann er látinn og hefir eigi gert aðra ráðstöfun, allir erfingjar hans hafa gefið samþykki sitt til þess.

■ **13. gr.** Þegar atvinna, sem um getur í 12. gr., er afsöluð einstökum manni, félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi, skal heimilt að semja svo um, að halda megi firmanu óbreyttu með viðauka, er sýni að eigendaskipti hafi orðið.

□ Firmu verða eigi afsöluð frekar en sagt er hér á undan.

■ **14. gr.** Nú er svo ákveðið í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð, að firma verði eigi svo ritað svo gilt sé, nema fleiri en einn af félagsmönnum geri það, og skulu þeir þá undirrita nöfn sín um leið og þeir rita firmað.

□ Með firmaritun fyrir hönd hlutafélags eða annars félags með takmarkaðri ábyrgð skulu vera undirrituð nöfn þeirra, sem hafa rétt til að rita firmað.

■ **15. gr.** Nú er fulltrúum (skuldarlúkningarmönnum, forráðamönnum) falið á hendur að stjórna atvinnu með rétti til að rita firmað, eða erfingjar halda um sinn áfram atvinnunni að látnum eiganda, og skal þá rita firmað á þann hátt, að breyting þessi sjáist af undirskriftinni.

■ **16. gr.** Firma eins manns er eigi skylt að tilkynna frekar en sjálfur vill, [nema firmanu sé valið sérstakt heiti, annað en nafn eiganda][1] – sjá þó 21. gr. –, en öll önnur firmu skal tilkynna, áður en atvinnureksturinn byrjar; tilkynning skal gera til innritunar í verzlanaskrá í því umdæmi (1. gr.), þar sem skrifstofa atvinnunnar er. Hið sama er og, þegar atvinnudeild (útibú) er sett á fót undir sérstakri stjórn; sé útibúið ekki í sama umdæmi sem aðalskrifstofan, skal valdsmaður, svo fljótt sem verða má eftir að tilkynningin hefir verið skrásett, auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Útibú erlendrar atvinnu skal talið sjálfstæð atvinna, og skal stjórn þess tilkynna það.

□ Í hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð hvílir tilkynningarskyldan á stjórn félagsins; annars hvílir hún á öllum félagsmönnum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð.

□ Tilkynningu skulu allir þeir undirskrifa, er skylt er að tilkynna firmað.

[1] *L. 14/1931.*

■ **17. gr.** Þegar firma eins manns er tilkynnt, skal tilgreint auk firmans:

1. Fullt nafn hans og heimili,
2. tegund atvinnunnar, og
3. það bæjar- og sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útibúsins) er.

■ **18. gr.** Tilkynning um félag með ótakmarkaðri ábyrgð skal tilgreina auk firmans:

1. Fullt nafn og heimili allra félagsmanna,
2. tegund atvinnunnar,
3. það bæjar- eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útibúsins) er;

og svo framarlega sem hver einstakur félagsmaður hefir ekki rétt til að rita firmað:

4. hver þá hafi rétt til þess, svo og hvort aðeins fleiri í sameiningu hafi rétt til þess.

□ Hið sama er og um tilkynning samlagsfélaga; þó skal auk þess tekið fram í henni með berum orðum, að félagið sé samlagsfélag, og sé það almennt samlagsfélag, skal hún einnig skýra frá nöfnum allra samlagsmanna og tillögum þeirra, en sé það samlagshlutafélag, skal hún skýra frá atriðum þeim, er talin eru í 19. gr., 1. og 4. – 7. lið, og skulu samþykktir félagsins fylgja. Auk þess skal fylgja með yfirlýsing frá samlagsmönnum um, að tilkynning sé gerð með samþykki þeirra, eða frá eftirlitsnefnd þeirra, ef hún hefir í höndum fullnægjandi heimildarskilríki. Eigi skal auglýsa nöfn samlagsmanna né tillög þeirra.

■ **19. gr.** Tilkynning um hlutafélag skal tilgreina auk firmans:

1. Dagsetning samþykkta þess;
2. tegund atvinnunnar;
3. það bæjar- eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útibúsins) er;
4. upphæð framboðins hlutafjár og skipting þess í hluti;
5. hvort hlutabréfin hljóði á nafn eða handhafa;
6. hvort hlutir séu goldnir að fullu, og ef svo er eigi, hvenær krefjast megi borgunar;
7. hvort auglýsingar til félagsmanna skuli birta í almennum fréttablöðum, og þá hverjum;
8. fullt nafn og heimili stjórnendanna;
9. hverjum þeirra sé heimilt að rita firmað.

□ Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins og nægileg umboðsskilríki fyrir stjórnendur.

■ **20. gr.** Ákvæði 19. gr. um tilkynning um firma hlutafélags eiga og við önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, þannig, að í tilkynningu um þau sé gefin skýrsla um ábyrgð félagsmanna gagnvart öðrum, ef ákvæði hafa gerð verið um hana.

■ **21. gr.** Nú verður breyting á því, sem ritað er í verzlanaskrá, eða þær breytingar verða, sem getur um í 11. – 13. gr. og 15. gr., og skal þá, enda þótt tilkynning um firma hafi eigi áður gerð verið, gera tilkynning um þetta svo fljótt sem unnt er, á sama hátt sem fyrir er skipað um firmatilkynningar; þó þarf eigi að tilkynna flutning heimilis. Þegar breyting annars er gerð á samþykktum félaga þeirra, er getur um í 19. gr., sbr. 18. gr. 2. lið og 20. gr., skal tilkynna, hvaða dag breytingin hefir verið samþykkt og senda afrit af henni.

□ Nú hættir atvinna, og hvílir þá tilkynningarskylda á hverjum þeim, sem þá rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða. Nú deyr sá, er atvinnu rekur, og hvílir tilkynningarskyldan þá á búi hans; þegar félag með ótakmarkaðri ábyrgð hættir við lát eins félagsmanns, hvílir tilkynningarskyldan bæði á hinum félagsmönnunum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og á búi hins látna. Þegar aðrar breytingar verða, án þess að atvinna

hætti, hvílir tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem eftir breytinguna rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð, eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða.

□ Þegar atvinna flyzt í annað bæjarfélag eða sveitarfélag eða þegar firmanu sjálfu er breytt, skal einnig gerð fullkomin firmatilkynning.

□ Sé það úrskurðað með dómi, að eigi hafi átt að rita tilkynningu í verzlanaskrá, eða að eitthvað það sé fallið burt eða breytt, sem ritað hefir verið í skrána, skal gera athugasemd um þetta á hana, ef einhver málsaðilja krefst þess, og auglýsa athugasemdina samkvæmt 4. gr.

□ Þegar gjaldþrot verður, skal skiptaréttur annast um, að gerð sé athugasemd í verzlanaskránni um byrjun og lok gjaldþrotaskiptanna.

■ **22. gr.** Um leið og firma er tilkynnt, skulu þeir, sem rétt hafa til að rita firmað, rita nafn þess með eigin hendi í verzlanaskrána eða viðauka hennar, ef nafnskrift þess eigi stendur í tilkynningunni. Sama og, þegar tilkynning er gerð um, að einhver hafi fengið heimild til að rita firma, er áður hefir tilkynnt verið.

■ **23. gr.** Sá, sem brýtur á móti ákvæðunum í 9. – 13. gr., eða vanrækir að gera einhverja tilkynningu, sem fyrir er skipuð hér að framan, eða vanrækir að gera nýja tilkynningu, þegar tilkynningu hans hefir verið vísað frá eða hún afmáð úr skrá, sætir sektum. ...[1] Sektirnar renna í landssjóð.

[1] *L. 75/1982, 52. gr.*

■ **24. gr.** Með mál þau, sem getur um í 23. gr., skal fara sem almenn lögreglumál.

**Þriðji kafli. Prókúra.**

■ **25. gr.** Ef firmahafi samkvæmt lögum þessum hefir gefið einhverjum umboð, sem með berum orðum er kallað prókúra, eða hefir á annan hátt lýst því yfir, þá hefir umboðsmaðurinn vald til fyrir umbjóðanda að annast allt það, er snertir rekstur atvinnu hans, og rita firmað. Þó má prókúruhafi eigi selja né veðsetja fasteignir umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess beint umboð.

■ **26. gr.** Prókúru má veita fleiri mönnum en einum, þannig, að þeir aðeins geti notað hana í sameiningu (sameiginleg prókúra).

■ **27. gr.** Umboð prókúruhafa samkvæmt 25. gr. má ekki binda við ákveðinn tíma eða takmarka á annan hátt, ef það skal gilt vera gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi eru vitandi um það.

■ **28. gr.** Þegar prókúruhafi ritar firmað, skal hann bæta við það orðum eða stöfum, sem merkja umboð hans, svo sem per prókúra, p. p. eða annarri skammstöfun þessara orða og auk þess rita nafn sitt. Nú er um sameiginlega prókúru að ræða, og skal þess þá gætt, er ákveðið var um tölu undirskriftanna, þegar prókúran var gefin.

■ **29. gr.** Prókúruhafi getur eigi afhent öðrum prókúru sína.

■ **30. gr.** Prókúru má taka aftur hvenær sem vill. Prókúra fellur eigi úr gildi við dauða umbjóðanda.

■ **31. gr.** Umbjóðandi getur tilkynnt prókúru til upptöku á verzlanaskrá þá, sem firmað er ritað í eða ætti að ritast í, ef firmahafi tilkynnti firmað, en eigi má þá takmarka hana eða binda skilyrðum frekar en heimilað er í 25. og 26. gr.

□ Um leið og prókúra er tilkynnt, skal prókúruhafi rita firmað og nafn sitt í verzlanaskrána eða viðauka hennar, sé það eigi gert í tilkynningunni.

■ **32. gr.** Sé tilkynntri prókúru breytt eða hún tekin aftur, skal það tilkynnt og tekið upp í verzlanaskrána.

**Fjórði kafli. Almenn ákvæði.**

■ **33. gr.** Við framkvæmd laga þessara skal það athugað, er hér segir:

a. Samlagsfélag er það félag talið, sem í eru einn eða fleiri félagsmenn, er ábyrgjast með öllum eigum sínum einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir félagsins (félagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð), og einn eða fleiri félagsmenn, er eigi ábyrgjast skuldir félagsins fram yfir það, er tillög þeirra ná eða hlutafé það, sem tilkynnt hefir verið í verzlanaskrána, að þeir hafi lagt í atvinnuna. Nú eru í félaginu fleiri en einn félagsmaður með ótakmarkaðri ábyrgð, og er það þá jafnframt félag með ótakmarkaðri ábyrgð.

b. Nú leggur maður fé í atvinnu, en sendir eigi tilkynningu um það í verzlanaskrána, og hefir það þá engin áhrif á ákvæði laga þessara um þá, er reka atvinnuna, hvort sem það er einn maður eða félag.

c. Hvert það félag, er hefir breytilega félagatölu eða breytilegan fjárstofn, skal talið félag með takmarkaðri ábyrgð, þótt félagsmenn hafi ótakmarkaða ábyrgð.

■ **34. gr.** Þegar firmahafi er lögsóttur út af einhverju því, er snertir atvinnuna, má höfða málið fyrir sáttanefnd og rétti þar, sem skrifstofa atvinnunnar er samkvæmt tilkynningu til verzlanaskrárinnar. Í málum þessum má og skoða skrifstofuna sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir. Nú hefir atvinnurekandi útibú á öðrum stað og stjórn útibúsins er völd að þeirri skuldbindingu, er málið rís af, og má þá og höfða það fyrir sáttanefnd og rétti á þeim stað,[1] og skoða skrifstofu útibúsins sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir.

[1] *L. 85/1936, 75. gr.*

■ **35. gr.** Verzlunarmenn eða í flokki með þeim eru í lögum þessum taldir:

a. Hver einstaklingur eða félag, sem rekur verzlun með borgarabréfi eða leyfisbréfi til verzlunar – þar með talin pöntunar- og framleiðslufélög og önnur slík félög, ef starfsemi þeirra verður talin atvinnurekstur – eða rekur að staðaldri víxlara- eða bankastörf, miðlunarstörf við vöruflutninga, vátryggingarstörf gegn iðgjöldum, eða hefir á hendi erindrekstur fyrir vátryggingarfélög.

b. Sparisjóðir.

□ Undanskilin eru félög, er samþykktir þeirra eru ákveðnar með lögum.

□ Þeir, sem hafa rétt til að verzla, en eru eigi tilkynningarskyldir, svo og hlutafélög og samlagsfélög, þó eigi séu tilkynningarskyld, og innbyrðis tryggingarfélög mega þó krefjast upptöku á verzlanaskrá, og verða þá að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara.

■ **36. gr.** ...[1]

[1] *L. 79/1975, 25. gr.*

■ **37. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904, og gilda einnig um þau firmu, sem nú eru til og tilkynningarskyld verða samkvæmt lögum þessum, þó með þeim nánari ákvæðum, sem hér fara á eftir:

1. Tilkynning skal fram fara innan þriggja mánaða eftir að lög þessi hafa gengið í gildi.

**1903** Nr. 42 13. nóv.

2. Firmu má taka upp á verzlanaskrá, eins og þau hafa verið notuð fyrir 1. júlí 1903, þótt þau fullnægi eigi ákvæðum 9. og 10. gr. laga þessara. Þó skal jafnan er atvinnurekendur hafa takmarkað ábyrgð sjálfra þeirra, án þess það sé tilgreint í firma því, sem þeir hafa notað, bætt við orðunum: „takmörkuð ábyrgð" eða „limitað", eða sé um hlutafélag eða samlagsfélag að ræða skal bætt við orði, sem einkennir þetta fyrirkomulag félagsins.

**1968** Nr. 47 2. maí

## Lög um vörumerki.

### I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Með skráningu samkvæmt lögum þessum geta atvinnurekendur öðlazt einkarétt til þess að nota vörumerki sem sérstök auðkenni fyrir vörur, verk eða þjónustu, er þeir hafa til sölu í atvinnurekstri sínum (vörumerkjaréttur).

□ Vörumerki geta verið myndir, orð eða orðasambönd, þar á meðal vígorð, bókstafir eða tölur, búnaður vöru eða umbúðir.

□ Ákvæði laga þessara um vörur eiga einnig við um verk og þjónustu, sem í té er látin, eftir því sem við á.

■ **2. gr.** Atvinnurekendur öðlast og vörumerkjarétt, þótt merki sé eigi skráð, ef það hefur náð markaðsfestu.

□ Nú er merki á vöru almennt þekkt á tilteknu sviði viðskipta hér á landi sem auðkenni á vöru notanda þess, og telst það þá hafa náð markaðsfestu.

■ **3. gr.** Enn fremur er hverjum heimilt í atvinnurekstri sínum að nota nafn sitt, firmanafn, eða nafn á fasteign sinni sem vörumerki, svo fremi, að sú notkun sé ekki á þann veg, að villzt verði á merkinu og vörumerkjum annarra.

□ Nafn annars manns, firma eða sérkennilegt nafn á fasteign hans má ekki heimildarlaust nota sem vörumerki.

□ Eigi má heldur nota auðkenni sem vörumerki, ef villast má á því og vörumerki, er annar hefur þegar tekið í notkun hér á landi. Sama er um vörumerki, sem annar hefur þegar tekið í notkun erlendis, svo fremi, að sá, er ætlar að nota það hér á landi, þekki eða ætti að þekkja það.

■ **4. gr.** Vörumerkjaréttur skv. 1. – 3. gr. veitir eiganda vernd gegn því, að aðrir noti heimildarlaust í atvinnuskyni vörumerki, er villzt verður á og merki hans. Á þetta við um hvers konar notkun, hvort sem merkið er sett á sjálfa vöruna eða umbúðir hennar, notað í auglýsingum, verzlunarbréfum eða á annan hátt, og skiptir eigi máli, hvort selja á vöruna hér á landi eða erlendis. Heimildarlaus munnleg notkun merkisins er og bönnuð.

□ Nú er merki notað fyrir tilteknar vörur, og er þá öðrum en eiganda óheimilt að vísa til þess merkis, þegar seldir eru varahlutir, eða annað fylgifé þeirrar vöru, nema samþykki eiganda merkisins komi til, enda sé vísað til merkisins á þann hátt, að ætla megi, að fylgifé stafi frá eiganda merkisins eða hann hafi gefið samþykki sitt til notkunar þess.

□ Nú gerir annar en eigandi vörumerkis verulegar breytingar á vörum auðkenndum merkinu, hvort heldur er með aðgerðum, viðgerðum eða á annan svipaðan hátt, og má hann þá því aðeins nota merkið, án samþykkis eiganda, ef varan er á ný boðin til sölu í atvinnuskyni, að breytinganna sé greinilega getið, eða að þær eftir atvikum komi greinilega í ljós.

■ **5. gr.** Vörumerkjaréttur nær ekki til þeirra hluta vörumerkis, sem aðallega miða að því að gera vöruna, búnað hennar eða umbúðir hagkvæmari í notkun, eða miða annars að öðru en því að auðkenna hana.

■ **6. gr.** Samkvæmt lögum þessum skal eigi telja vörumerki svo lík hvert öðru, að hætta sé á, að menn villist á þeim, nema þau nái til sömu vöru eða vöru svipaðrar tegundar.

□ Þó má líta svo á, að um hættu á misgripum sé að ræða:

a. ef vörumerki hefur náð ríkri markaðsfestu og er auk þess svo alkunnugt hér á landi, að notkun annars aðila á líku merki, jafnvel fyrir aðrar vörutegundir, felur í sér misnotkun á verðmæti („goodwill") merkisins, eða

b. ef vörumerki hefur náð markaðsfestu og notkun annars en eiganda á líku merki fyrir aðrar vörur, með hliðsjón af séreiginleikum varanna, er bersýnilega til þess fallin að rýra verulega verðmæti þess merkis, sem markaðsfestu hefur náð.

■ **7. gr.** Nú krefjast tveir eða fleiri, hver um sig, vörumerkjaréttar á auðkennum, er villast má á og gengur þá eldri réttur fyrir yngri, ef annað leiðir ekki af síðargreindum ákvæðum.

■ **8. gr.** Yngri réttur á skráðu vörumerki getur notið jafnhliða verndar rétti á eldra vörumerki, þótt merkin séu svo lík, að villast megi á þeim, svo fremi, að tilkynning um skráningu hafi verið afhent í góðri trú og 5 ár séu liðin frá skráningardegi hins síðar skráða merkis, án þess að mál hafi verið höfðað til ógildingar skráningunni.

■ **9. gr.** Yngri réttur á vörumerki getur og notið jafnhliða verndar rétti á eldra merki, þótt villast megi á merkjunum:

a. ef eigandi eldra merkis hefur ekki innan hæfilegs tíma gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir notkun yngra merkisins,

b. ef réttinum á merkjunum hefur verið náð með notkun þeirra í mismunandi landshlutum og álíta má, að nota megi bæði merkin eftir sem áður, án verulegs tjóns fyrir eiganda hins eldra réttar.

■ **10. gr.** Í tilvikum þeim, er um ræðir í 8. – 9. gr., geta dómstólar, ef það telst sanngjarnt, ákveðið, að annað merkjanna eða bæði megi eingöngu nota á sérstakan hátt, t. d. þannig, að þau séu af ákveðinni gerð, staðarnafni bætt við eða þau á annan veg skýrt aðgreind.

■ **11. gr.** Samkvæmt beiðni eiganda skráðs vörumerkis ber höfundum, útgefendum og forleggjurum orðabóka, handbóka, kennslubóka og þess háttar sérfræðirita að gæta þess, að merki sé ekki birt, nema þess sé jafnframt getið, að um skráð vörumerki sé að ræða.

□ Nú vanrækir maður skyldur sínar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, og ber honum þá að kosta leiðréttingu, er birt skal á þann hátt, er sanngjarnt þykir.

### II. kafli. Um skráningu vörumerkja.

■ **12. gr.** Vörumerkjaskrá skal haldin í Reykjavík fyrir land allt, sbr. 20. og 21. gr. Skráninguna annast vörumerkjaskráritari, er ráðherra skipar.

■ **13. gr.** Það er skilyrði skráningar vörumerkis, að merkið sé til þess fallið að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra. Merki, sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum gefa til kynna tegund vörunnar, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær varan er framleidd, skal eigi telja nægjanlegt

sérkenni. Sama er um merki, sem eingöngu eru bókstafir eða tölustafir og ekki hafa sérkennilegt lag.

□ Þegar kveða skal á um, hvort merki hafi nægjanlegt sérkenni, skal líta til allra aðstæðna, og þó einkum til þess, hversu lengi og að hve miklu leyti merkið hefur verið í notkun.

■ **14. gr.** Vörumerki má eigi skrá:

1. ef heimildarlaust eru í merkinu ríkistákn, opinber alþjóðamerki, merki íslenzkra bæjar- eða sveitarfélaga, opinber skoðunar- og gæðamerki, sérstök heiti greindra einkenna eða annað, sem til þess er fallið að villzt verði á því og framangreindum merkjum og táknum. Bannið nær því aðeins til opinberra skoðunar- og gæðamerkja að óskað sé skráningar merkis fyrir sömu eða svipaðar vörutegundir og þær, sem framangreind merki og tákn eru notuð fyrir;

2. ef merkið er til þess fallið að villa um fyrir mönnum;

3. ef merkið er annars andstætt lögum eða allsherjarreglu, eða til þess fallið að valda hneyksli;

4. ef í merkinu felst eitthvað það, sem gefur tilefni til að ætla, að átt sé við firma annars manns, nafn annars manns eða mynd, enda sé þá ekki átt við löngu látna menn, eða í merkinu felst sérkennilegt nafn á fasteign annars manns eða mynd af henni;

5. ef í merkinu felst eitthvað, er skilja má sem sérkennilegan titil á vernduðu bókmenntalegu eða listrænu verki annars manns, eða ef gengið er á höfundarrétt annars manns á slíku verki, einkaleyfisrétt hans, mynzturrétt eða rétt til ljósmynda;

6. ef villast má á merkinu og vörumerki, sem skráð hefur verið hér á landi samkvæmt eldri tilkynningu eða hefur verið notað hér á landi, þegar tilkynning um skráningu er afhent, og enn er notað hér;

7. ef merkið er til þess fallið, að villzt verði á því og vörumerki, sem notað er erlendis á þeim tíma, sem tilkynning um skráningu er afhent, og enn er notað þar, enda hafi tilkynnandi vitað eða átt að vita, hvernig á stóð um hið erlenda merki, þegar hann afhenti tilkynningu sína.

□ Þrátt fyrir ákvæðin í 4., 5., 6. og 7. tölul. má skrá merki, ef nægjanleg heimild er til og ekki er ástæða til að ætla, að skráningin valdi villu.

■ **15. gr.** Vörumerkjaréttur sá, er menn öðlast við skráningu, nær eigi til þeirra hluta merkis, sem eigi er heimilt að skrá eina sér.

□ Nú er í merki eitthvað það, sem nefnt er í 1. mgr., og sérstök ástæða er til að ætla, að skráning merkisins geti valdið vafa um það, hve víðtækur vörumerkjaréttur-inn er, og má þá við skráninguna undanskilja berum orðum vernd á þeim hlutum merkis.

□ Nú kemur síðar í ljós, að þá hluta merkis, sem undanskildir hafa verið vernd, megi að réttu lagi skrá, og má þá skrá slíka hluta merkis, eða merkið sjálft, án þeirra takmarkana, er um getur í 2. mgr.

■ **16. gr.** Vörumerki skal skrá í ákveðnum flokki eða flokkum vara.

□ Greining í vöruflokka ákveður ráðherra og auglýsir.[1)]

[1)] *Sjá t. d. augl. 283/1984.*

■ **17. gr.** Tilkynning vörumerkis til skráningar skal vera skrifleg og send vörumerkjaskráritara. Í tilkynningu skal vera mynd af merkinu, nafn eða firma tilkynnanda og hver atvinnurekstur hans er. Þá skal og geta um þær vörutegundir, sem merkið óskast skráð fyrir, eða vöruflokka, sem það óskast skráð í. Loks skal tilkynningin að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði sett samkvæmt 46. gr.



■ **18. gr.** Nú er vörumerki notað í fyrsta sinn fyrir vörur, sem sýndar eru á landssýningu eða alþjóðlegri sýningu hér á landi, er nýtur viðurkenningar ráðherra, og er síðan tilkynnt til skráningar innan 6 mánaða frá þeim tíma talið, er það kom fram á sýningunni, og skal sú tilkynning, að því er snertir síðar tilkomin atvik, svo sem notkun annarra á merkinu eða tilkynningu á því, talin fram komin þegar er merkið var birt á sýningunni.

□ Ráðherra getur ákveðið og auglýst, sbr. 46. gr., að reglur þær, sem um getur í 1. mgr., skuli gilda um vörumerki, er fram koma í fyrsta sinn á alþjóðasýningum erlendis, opinberum eða viðurkenndum af hinu opinbera, enda sé um gagnkvæma vernd að ræða.

■ **19. gr.** Nú hefur tilkynnandi ekki gætt þeirra fyrirmæla, sem sett eru um tilkynningar, eða vörumerkjaskráritari telur, að aðrar tálmanir leiði til þess, að synja beri um skráningu, og ber þá vörumerkjaskráritara að senda tilkynnanda rökstudda synjun og ákveður hann jafnframt frest, er tilkynnandi má nota til þess að skýra mál sitt.

□ Að fresti loknum kveður vörumerkjaskráritari á um, hvort orðið skuli við beiðni tilkynnanda. Vörumerkjaskráritari getur þó gefið tilkynnanda kost á að koma fram nánari skýringum.

□ Ákvörðun vörumerkjaskráritara getur tilkynnandi [skotið til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum][1)] eða dómstólanna samkvæmt ákvæðum 44. gr.

[1)] *L. 31/1984, 1. gr.*

■ **20. gr.** Nú fullnægir tilkynning gerðum kröfum og engin tormerki eru talin á því að skrá merkið, og skal þá vörumerkjaskráritari hið fyrsta birta auglýsingu um hana. Í auglýsingu skal skýrt frá aðalefni tilkynningarinnar og birt mynd af merkinu.

□ Auglýsing skal birt í Stjórnartíðindum eða sérstöku blaði,[1)] er ríkisstjórnin gefur út. Nánari reglur um birtinguna setur ráðherra.

□ Andmælum gegn skráningu merkis ber að koma skriflega fram innan tveggja mánaða talið frá birtingardegi auglýsingarinnar, og skulu þau rökstudd.

[1)] *Augl. 801/1983.*

■ **21. gr.** Að loknum fresti samkvæmt 20. gr. athugar vörumerkjaskráritari tilkynninguna að nýju, sbr. 19. gr.

□ Nú er tilkynning samþykkt, og ber þá að skrá merkið í vörumerkjaskrána og auglýsa skráninguna samkvæmt 20. gr.

□ Nú er synjað um skráningu merkis, sem auglýst hefur verið samkvæmt 20. gr., og skal þá synjun birt á þann hátt, er þar segir.

□ Ákvörðun vörumerkjaskráritara getur tilkynnandi [skotið til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum][1)] eða dómstóla samkvæmt ákvæðum 44. gr.

[1)] *L. 31/1984, 2. gr.*

■ **22. gr.** Vernd sú, sem skrásett vörumerki fær, hefst frá þeim degi, er tilkynning samkvæmt 17. gr., sbr. 19. gr., er afhent og helzt um 10 ára bil frá skráningardegi.

□ Samkv. umsókn eiganda merkis verður skráning endurnýjuð um 10 ára bil hverju sinni, talið frá lokum hvers skráningartímabils.

■ **23. gr.** Tilkynningu um, að óskað sé endurnýjunar á skráningu, skal eigi afhenda vörumerkjaskráritara fyrr en 1 ári áður og eigi síðar en 6 mánuðum eftir að skráningartímabilinu lýkur.

□ Nú þykir eigi neitt athugavert við tilkynninguna, og verður endurnýjun þá skráð í vörumerkjaskrána.

□ Nú hefur tilkynning um endurnýjun eigi verið afhent, áður en skráningartímabilinu lauk, og sendir þá vörumerkjaskráritari eiganda merkisins, eða umboðsmanni hans, sbr. 31. gr., tilkynningu um það. Nú er slík tilkynning eigi send, og ber þá vörumerkjaskráritari eigi ábyrgð á því.

■ **24. gr.** Samkvæmt umsókn eiganda merkis má gera minni háttar breytingar á skráðu vörumerki, enda valdi þær því eigi, að heildaráhrif merkisins raskist.

□ Slíkra breytinga skal getið í skránni.

**III. kafli. Um afnám skráningar.**

■ **25. gr.** Nú er vörumerki skráð andstætt ákvæðum þessara laga, og getur þá dómur fellt skráninguna úr gildi, sbr. þó ákvæði 8. – 10. gr.

□ Með dómi má og fella skráningu úr gildi, ef eigandi merkis er hættur atvinnurekstri, merki er, eftir að það er skráð, bersýnilega orðið óhæft til þess að auðkenna vöru eiganda þess frá vörum annarra, og loks, ef það er orðið villandi, andstætt allsherjarreglu eða til þess fallið að valda hneyksli.

■ **26. gr.** Hverjum þeim, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, er rétt að höfða mál gegn eiganda merkis í því skyni, að skráning þess verði felld úr gildi.

□ Vörumerkjaskráritari er og réttur sóknaraðili í málum samkvæmt ákvæðum 13. gr., 1. til 3. tölul. 14. gr. og 2. mgr. 25. gr.

■ **27. gr.** Merki verða afmáð úr vörumerkjaskránni samkvæmt dómi, svo og ef skráning er eigi endurnýjuð eða eigandi merkis óskar þess, að merkið verði afmáð.

□ Hverjum þeim dómstóli, sem fellir skráningu úr gildi eða breytir henni, ber að senda vörumerkjaskráritara endurrit dómsins.

**IV. kafli. Sérreglur um skráningu erlendra vörumerkja.**

■ **28. gr.** Nú tilkynnir atvinnurekandi, sem ekki rekur fyrirtæki hér á landi, vörumerki til skráningar, og ber honum þá að sanna, að hann hafi fengið samsvarandi merki skráð í heimalandi sínu fyrir þær vörutegundir, sem tilkynning hans fjallar um.

□ Nú er um gagnkvæma réttarvernd að ræða, og getur ráðherra þá auglýst, að ákvæðum 1. málsgreinar skuli eigi beitt.[1)]

[1)] *Augl. 287/1969 (Bandaríki Ameríku, Írland, Noregur, Sviss, Sambandslýðv. Þýzkaland), 97/1970 (Stóra-Bretland), 175/1971 (Kanada), 193/1971 (Svíþjóð), 233/1971 (Danmörk, Holland), 207/1972 (Frakkland). Tilsk. og augl. í A-deild Stjtíð. (skv. l. 43/1903): 7/1909 og 1/1910 (ýmsar breskar nýlendur), 67/1929 (Tékkóslóvakía), 72/1929 (Finnland), 9/1953 (Belgía), 12/1959 (Ítalía), 9/1960 (Mónakó), 69/1960 (Ísrael).*

■ **29. gr.** Nú er um gagnkvæma réttarvernd að ræða, og getur ráðherra þá auglýst, að vörumerki, sem eigi mundi talið skráningarhæft hér á landi, en hefur verið skráð í öðru ríki, megi þó skrá hér á sama hátt og í hinu erlenda ríki, enda sé þá fullnægt nánari skilyrðum, er auglýsingin greinir. Slík skráning veitir þó í engu rýmri rétt en samsvarandi skráning í hinu erlenda ríki.

1968 Nr. 47 2. maí

■ **30. gr.** Nú er um gagnkvæma réttarvernd að ræða, og getur ráðherra þá auglýst, sbr. 46. gr., að tilkynning hér á landi um vörumerki, sem tilkynnt hefur verið til skráningar erlendis, skuli, að því er snertir síðar til komin atvik, svo sem tilkynningu annarra á merkinu eða notkun á því, talin fram komin samtímis tilkynningunni í hinu erlenda ríki, enda komi tilkynningin fram hér innan frests, sem ráðherra ákveður.

■ **31. gr.** Eiganda vörumerkis, sem eigi er heimilisfastur hér á landi, ber að hafa umboðsmann heimilisfastan hér. Umboðsmaðurinn skal hafa heimild eiganda merkis til þess að taka við stefnu af hans hálfu, svo og öðrum tilkynningum, er merkið varða, þannig að bindi eigandann. Nafn umboðsmanns og heimilisfang skal skráð í vörumerkjaskrána.

□ Nú hefur hæfur umboðsmaður eigi verið nefndur, og ber þá eiganda merkis að bæta úr því, sem áfátt er, innan frests, sem vörumerkjaskráritari ákveður. Tilkynningu um frestinn ber að senda í ábyrgðarbréfi, en ef ókunnugt er um heimilisfang eiganda merkis, þá með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Nú er umboðsmaður samkvæmt ofangreindu eigi nefndur, áður en frestur er úti, og skal þá merkið afmáð úr skránni.

**V. kafli. Um framsal, leyfi o. fl.**

■ **32. gr.** Rétt til vörumerkis má framselja ásamt atvinnurekstri þeim, sem það er notað í, eða eitt sér.

□ Nú framselur einhver atvinnurekstur sinn, og eignast framsalshafi þá vörumerki atvinnurekstrarins, nema um annað hafi verið samið eða megi telja umsamið.

■ **33. gr.** Hver sá, sem eignazt hefur rétt á skráðu vörumerki, skal tilkynna það til vörumerkjaskráritara, og getur hann þá eigendaskiptanna í vörumerkjaskránni.

□ Þar til framsal er tilkynnt til skráningar, getur vörumerkjaskráritari talið þann eiganda merkis, sem síðast var skráður eigandi.

■ **34. gr.** Nú hefur eigandi skráðs vörumerkis leyft öðrum að nota merkið í atvinnuskyni, og skal þess þá getið í vörumerkjaskránni, ef eigandi eða leyfishafi óskar þess. Nú sannast, að leyfi sé niður fallið, og skal þess þá getið í vörumerkjaskránni, á sama hátt og að framan greinir.

□ Leyfishafi getur því aðeins framselt rétt sinn, að um það hafi verið samið.

■ **35. gr.** Nú hefur réttur að skráðu vörumerki verið veðsettur, eða aðför gerð í honum, og skal þá, ef eigandi merkis, veðhafi eða aðfararhafi óskar, geta þess í vörumerkjaskránni.

**VI. kafli. Um bann gegn notkun villandi vörumerkja.**

■ **36. gr.** Nú verður notkun vörumerkis villandi, eftir að það hefur verið framselt, eða leyfi til þess að nota það hefur verið tilkynnt, og má þá með dómi banna hlutaðeiganda að nota merkið í þeirri gerð, sem það er.

□ Sama er og, ef vörumerki er annars villandi, eigandi þess notar það á villandi hátt eða einhver annar með hans samþykki.

□ Vörumerkjaskráritari, svo og hver sá, sem hagsmuna hefur að gæta, getur höfðað mál samkvæmt þessari grein.

1968 Nr. 47 2. maí

**VII. kafli. Ákvæði um réttarvernd.**

■ **37. gr.** Notkun vörumerkis, andstæða ákvæðum laga þessara, má banna með dómi.

□ Hver sá, sem af ásetningi brýtur gegn rétti á skráðu vörumerki, skal sæta sektum.

□ Sókn sakar fyrir brot gegn ákvæðum laga þessara á sá, sem telur hagsmuni sína skerta. Um málsmeðferð fer samkv. 2. tl. 1. liðs 200. gr. laga nr. 85/1936.[1)]

□ Mál, sem höfðuð eru samkvæmt lögum þessum, skulu rekin fyrir Sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur,[1)] ef eigandi merkis er búsettur erlendis.

[1)] *Úr gildi fallin, sbr. l. 28/1981, 42. gr.*

■ **38. gr.** Hverjum þeim, sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn vörumerkjarétti, er skylt að bæta tjón það, sem af hefur hlotizt.

□ Nú brýtur einhver gegn vörumerkjarétti, án þess að um ásetning eða gáleysi sé að ræða, og er honum þá skylt að bæta þeim, er brotið var gegn, tjón hans eftir því, sem sanngjarnt þykir. Bætur þessar mega þó aldrei vera hærri en ætla má, að nemi hagnaði hins bótaskylda af brotinu.

■ **39. gr.** Í málum út af brotum gegn rétti á skráðu vörumerki verður 2. lið[1)] 37. gr. því aðeins beitt, að brot hafi verið framið, eftir að merkið var skráð.

[1)] *Átt við mgr.*

■ **40. gr.** Krafa samkvæmt 38. gr. fyrnist á 5 árum. Stafi krafan af refsiverðu verki, fyrnist hún á 10 árum.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. liðs[1)] má höfða mál til greiðslu bóta fyrir brot gegn vörumerkjarétti, ef brot hefur verið framið, eftir að merkið var tilkynnt til skráningar, enda sé mál höfðað innan árs frá skráningardegi.

[1)] *Átt við mgr.*

■ **41. gr.** Í málum út af brotum gegn vörumerkjarétti getur dómur ákveðið, að gerðar skuli ráðstafanir til að hindra misnotkun á merkinu. Í því skyni getur dómur kveðið svo á, að merkið skuli numið brott af þeim vörum, sem eru í vörzlu hlutaðeiganda eða hann annars ræður yfir. Ef nauðsyn ber til, má ákveða, að ónýta skuli vöruna eða afhenda hana þeim, er misgert var við, gegn bótum eða án þeirra.

■ **42. gr.** Nú hefur leyfi verið veitt til notkunar á vörumerki, og eru þá hvor um sig, leyfissali og leyfishafi, réttur sóknaraðili í málum um brot gegn vörumerkjaréttinum, enda hafi eigi verið á annan veg samið.

□ Nú vill leyfishafi höfða mál, og ber honum þá að tilkynna leyfissala það. Vanræksla í þessu efni varðar frávísun máls.

**VIII. kafli. Gæðamerki.**

■ **43. gr.** Þau ákvæði þessara laga, er snerta vörumerki, ná og til gæðamerkja, að því leyti sem samrýmzt getur sérákvæðum um þau merki.

**IX. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **44. gr.** Ákvarðanir vörumerkjaskráritara samkvæmt lögum þessum [getur tilkynnandi borið undir áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum],[1)] enda sé það gert innan þriggja mánaða frá þeim degi, er ákvörðunin var tekin. Leita má til dómstóla, þótt málið hafi borið undir [áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum].[1)] Nú óskar tilkynnandi úrskurðar dómstóla, og ber honum þá að höfða mál innan 6 mánaða frá þeim tíma, er vörumerkjaskráritari [eða áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum tók ákvörðun sína].[1)]

□ [Nefnd þriggja manna, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum er ráðherra skipar, skal úrskurða í ágreiningsmálum, samkvæmt 19. og 21. gr., sbr. 1. mgr. 44. gr. laga þessara. Iðnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar til þriggja ára í senn og skal hann vera lögfræðingur. Aðra nefndarmenn skipar iðnaðarráðherra til að úrskurða í einstökum ágreiningsmálum. Áfrýjunarnefndin ákveður málsmeðferðarreglur í hverju einstöku máli með hliðsjón af meginreglum einkamálaréttarfarsins. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Aðilar máls skulu greiða gjald vegna áfrýjunar sem ákvarðast í reglugerð um gjald fyrir vörumerki o. fl.][2)]

[1)] *L. 31/1984, 3. gr.* [2)] *L. 31/1984, 4. gr.*

1968 Nr. 47 2. maí

■ **45. gr.** Öllum er rétt að kynna sér efni vörumerkjaskrárinnar, annaðhvort með því að skoða hana eða með því að fá endurrit úr henni. Öllum er og rétt að fá vitneskju um, hvort merki er skráð.

■ **46. gr.** Ráðherra sá, er fer með vörumerkjamál, setur nánari reglur[1)] um afhendingu og meðferð á tilkynningum til vörumerkjaskrárinnar, þar á meðal um fresti til að krefjast forgangsréttar, sbr. 18. og 30. gr., um form skrárinnar og færslu, útgáfu skráningarblaðs og efni þess, svo og um gjöld fyrir tilkynningar, afgreiðslur, endurrit o. fl.

[1)] *Rg. 1/1969 (um tilkynningar og skráningu vörumerkja o. fl.). Skrásett vörumerki, sjá t. d. augl. 461/1978, 542/1979, 685/1980 og 814/1981.*

■ **47. gr.** Með þeim takmörkunum, sem leiðir af 48. gr., koma ákvæði laga þessara í stað laga um vörumerki nr. 43 13. nóvember 1903, án þess þó að það raski gildi fyrri skráninga. Vörumerki þau, sem skráð hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu standa áfram í vörumerkjaskránni, þótt þau fullnægi eigi skilyrðum laga þessara til þess að verða skráð sem ný vörumerki.

□ Um þau vörumerki, sem skráð eru samkvæmt eldri lögum, kemur skráning í vöruflokka, sem um ræðir í 16. gr., eigi til framkvæmda, fyrr en skráning er endurnýjuð.

■ **48. gr.** ...[1)]

[1)] *Gildistökuákvæði, sbr. l. 92/1968.*

**Lög um almenn gæðamerki.**

1935 Nr. 89 3. maí

■ **1. gr.** Félög með heimilisfangi á Íslandi, sem hafa það að markmiði að gæta sameiginlegra atvinnuhagsmuna félaga sinna, skulu, með því að láta skrásetja almenn gæðamerki, sem ætluð séu í viðskiptum til þess að greina vörur félaganna frá vörum annarra, eða til tryggingar eftirlits, geta öðlazt einkarétt fyrir félaga sína til notkunar slíkra gæðamerkja, enda þótt félög þessi reki ekki neina þá atvinnu, sem um ræðir í 1. gr. laga nr. 43 13. nóv. 1903.[1)]

□ Opinber stjórnarvöld eða stofnanir á Íslandi, sem gæta sameiginlegra atvinnurekstrarhagsmuna flokks ríkisborgara, geta einnig öðlazt slíkan einkarétt með því að láta skrásetja almenn gæðamerki.

□ Um merki þau, er ræðir um í þessari grein, skulu gilda ákvæði framangreindra laga, nema óðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

[1)] *Nú l. 47/1968.*

■ **2. gr.** Nú beiðist félag skrásetningar merkis, og skal þá í beiðninni greina nafn félagsins og heimilisfang félagsstjórnarinnar; ennfremur skal fylgja beiðninni eintak af samþykktum félagsins og í þeim skal tekið greinilega fram:

1. Hvert sé markmið félagsins.

2. Hverjum sé heimilt að nota merkið, svo og hver skilyrði séu sett fyrir slíkum rétti.

3. Hver réttindi og hverjar skyldur fyrir félagið sjálft eða félaga þess leiði af notkun merkisins á óheimilan hátt.

4. Hver eða hverjir hafi heimild til að koma fram fyrir félagsins hönd.

☐ Kröfu opinbers stjórnarvalds eða stofnunar um skrásetning merkis skal fylgja eintak af lögum þeim eða öðrum ákvæðum, sem við eiga, og séu í þeim samskonar upplýsingar, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. greinar þessarar.

☐ Nú verða síðar breytingar á atriðum þeim, sem að framan greinir, og skal þá tilkynna þær þeim, sem annast skrásetninguna.

☐ Fyrir skrásetning almenns gæðamerkis og auglýsingu um skrásetninguna greiðist 120 kr. gjald, fyrir endurnýjun 40 kr. gjald.

■ **3. gr.** Eigi er heimilt að framselja öðrum rétt til almenns gæðamerkis, sem skrásett er.

■ **4. gr.** Sérhverjum er heimilt að krefjast þess, að skrásetningin skuli afmáð með dómi:

a. ef félag það, sem á merkið, er hætt störfum,

b. ef breytzt hafa verulega skilyrði þau, er voru fyrir hendi þegar merkið var tilkynnt, og

c. ef félagið kemur ekki fram ábyrgð á hendur þeim, sem nota merkið á óheimilan hátt, þrátt fyrir áminningu um að koma fram slíkri ábyrgð.

■ **5. gr.** Skylda sú til skaðabóta, sem hvílir á þeim, er brjóta í bága við einkarétt þann, sem stofnast með skrásetningu almenns gæðamerkis, nær eigi einvörðungu til þess að bæta tjón, sem sjálfur eigandi merkisins kann að hafa orðið fyrir, heldur einnig til að bæta tjón það, sem þeir kunna að hafa beðið, sem áttu rétt á að nota merkið.

■ **6. gr.** Með því skilyrði, að um gagnkvæmi sé að ræða, ná framangreind ákvæði einnig til félaga, sem eiga heimilisfang í einhverju þeirra ríkja, sem ákvæði vörumerkjalaganna hafa náð gildi um samkv. 15. gr. laga nr. 43 13. nóv. 1903,[1] svo og til opinberra stjórnarvalda eða stofnana með heimilisfangi í umræddum ríkjum.

[1] *Nú l. 47/1968.*

■ **7. gr.** Merki þau, sem hér ræðir um, skal skrá í sérstaka deild vörumerkjaskrárinnar, og ákveður atvinnumálaráðherra fyrirkomulag, form og færslu þessarar deildar.

■ **8. gr.** Nú telur ríkisstjórnin, eftir samráði við fulltrúa atvinnurekenda, æskilegt að láta skrásetja almennt íslenzkt gæðamerki, sem nota megi á afurðir útfluttar frá Íslandi, er öruggt sé að telja gæðavörur samkvæmt gildandi ákvæðum um eftirlit með útflutningsvörum, og má þá setja ákvæði um skilyrði fyrir notkun þessa merkis með reglugerð. Í reglugerðinni má setja ákvæði, er banni að nota hér á landi merki, sem hægt er að villast á og skrásetta almenna gæðamerkinu; ennfremur ákvæði, er banni að búa til og flytja til landsins, án samþykkis ráðherra, eftirmyndir af almenna gæðamerkinu eða af merkjum, sem hægt er að villast á og gæðamerkinu; ennfremur ákvæði, er banni að búa til eða flytja til landsins stimpla, myndamót eða annað, sem ætlað er til þess að gera gæðamerkið eða annað merki, sem hægt er að villast á og gæðamerkinu. Í reglugerðinni má og ákveða, að framleiðandi eða útflytjandi, sem gætir ekki fyrirmæla þeirra, sem sett eru um notkun almenna gæðamerkisins, skuli missa réttinn til að nota það, um skemmri tíma eða að fullu og öllu.

☐ Loks má ákveða í reglugerðinni sektir ...[1] fyrir brot á ákvæðum reglugerðarinnar.

☐ Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði kostnað þann, sem skrásetning almenna gæðamerkisins hefir í för með sér í löndum þeim, sem Ísland selur afurðir sínar.

[1] *L. 10/1983, 72. gr.*

■ **9. gr.**[1] Ríkisstjórninni veitist heimild til að ákveða með auglýsingu, að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningum og samþykktum um vernd iðnaðarréttinda, varðveizlu alþjóðamerkja og iðnaðarmáta, alþjóðaskrásetningu verzlunar- og vörumerkja og samþykktum snertandi takmörkun á fölskum upprunaauglýsingum á verzlunarvörum.

☐ Ennfremur veitist ríkisstjórninni heimild til að setja með reglugerð önnur ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg vegna þátttöku í slíkum samningum.

[1] *Sjá l. 102/1961.*

1935 Nr. 89 3. maí

# VI. REFSILÖG.



**Almenn hegningarlög.**

**I. kafli. Refsiheimildir, gildissvið refsilaga, framsal sakamanna o. fl.**

■ **1. gr.** Eigi skal refsa manni, nema hann hafi gerzt sekur um háttsemi, sem refsing er lögð við í lögum, eða má öldungis jafna til hegðunar, sem þar er afbrot talin.

□ [Viðurlögum samkvæmt VII. kafla laga þessara verður ekki beitt, nema um þau sé mælt í heimildum þeim, sem greinir í 1. málsgrein.][1)]

[1)] *L. 31/1961, 1. gr.*

■ **2. gr.** Hafi refsilöggjöf breytzt frá því að verknaður var framinn til þess er dómur gengur, skal dæma eftir nýrri lögunum, bæði um refsinæmi verknaðar og refsingu. Aldrei má þó dæma refsingu, nema heimild hafi verið til þess í lögum, þegar verk var framið, og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum. Hafi refsiákvæði laga fallið úr gildi af ástæðum, sem ekki bera vitni um breytt mat löggjafans á refsinæmi verknaðar, skal dæma eftir lögum þeim, sem í gildi voru, þegar brot var framið.

□ Falli refsinæmi verknaðar niður af öðrum ástæðum en síðast var getið, fellur refsing niður, sem dæmd hefur verið fyrir þann verknað, að því leyti, sem hún hefur þá ekki þegar verið framkvæmd. Einnig falla þá niður aðrar afleiðingar verknaðar, sem refsinæmi hans að eldri lögum leiddi af sér, að undantekinni skyldu til greiðslu sakarkostnaðar. Bera má þá undir dómstól þann, sem dæmdi í því máli í héraði, eða dómstól á heimavarnarþingi aðilja, hvort refsing samkvæmt dóminum skuli niður falla eða lækka, ef dómurinn tekur jafnframt til fleiri brota. Niðurstöðu héraðsdóms má áfrýja.

■ [**2. gr. a.** Viðurlögum þeim við brotum, sem um getur í VII. kafla laga þessara, verður ekki beitt, nema um þau hafi verið mælt í heimildum þeim, er greinir í 1. gr., á þeim tíma, er brot var framið, og skal gæta meginreglna 2. gr. við ákvörðun þeirra.][1)]

[1)] *L. 31/1961, 2. gr.*

■ **3. gr.** Þegar refsilöggjöfin lætur ítrekun brots varða aukinni refsingu eða öðrum viðurlögum, skal refsiákvörðun samkvæmt eldri lögum hafa ítrekunaráhrif eftir orðan sinni, eins og hún hefði verið gerð eftir nýrri lögunum.

■ **4. gr.** Refsað skal eftir íslenzkum hegningarlögum:

1. Fyrir brot, framin innan íslenzka ríkisins. Sé brot framið af starfsmanni eða farþega erlends skips eða loftfars, sem hér er á ferð, gegn manni, sem með farinu fylgist, eða hagsmunum, sem við farið eru nátengdir, skal þó því aðeins refsa hér, að dómsmálaráðherra fyrirskipi rannsókn og málshöfðun.

2. Fyrir brot, framin á íslenzkum skipum eða í íslenzkum loftförum, hvar sem þau hafa þá verið stödd. Hafi brot verið framið á stað, þar sem refsivald annars ríkis nær til að þjóðarétti, og af manni, sem hvorki var fastur starfsmaður né farþegi á farinu, skal þó ekki refsað hér, nema heimild sé til þess eftir 5. eða 6. gr.

■ **5. gr.** Fyrir verknað, sem íslenzkir ríkisborgarar eða menn, búsettir á Íslandi, hafa framið erlendis, skal refsað eftir íslenzkum hegningarlögum:

1. Ef brot er framið á stað, sem refsivald annarra ríkja nær ekki til að þjóðarétti, og var þá jafnframt refsivert eftir lögum heimaríkis sakbornings.

2. Ef brot er framið á stað, sem refsivald annars ríkis nær til að þjóðarétti, og var þá jafnframt refsivert eftir lögum þess.

□ [Ákvæði 1. mgr. má beita um verknað manns, sem er ríkisborgari í eða búsettur í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og dvelst hér á landi.][1)]

[1)] *L. 101/1976, 2. gr.*

■ **6. gr.** Ennfremur skal refsað eftir íslenzkum hegningarlögum fyrir brot, sem þannig er háttað, er hér á eftir segir, enda þótt það sé framið utan íslenzka ríkisins og án tillits til þess, hver er að því valdur:

1. Gegn sjálfstæði íslenzka ríkisins, öryggi þess, stjórnskipan og stjórnvöldum, á embættis- eða sýslunarskyldum við íslenzka ríkið og gegn hagsmunum, sem njóta íslenzkrar réttarverndar, vegna náins sambands við íslenzka ríkið.

2. Á skyldum, sem þeim, er verkið vann, bar samkvæmt íslenzkum lögum að rækja erlendis, svo og á skyldum samkvæmt ráðningu á íslenzkt far.

3. Gegn hagsmunum íslenzkra ríkisborgara eða manna, búsettra á Íslandi, ef brot er framið á stað, þar sem refsivald annarra ríkja nær ekki til að þjóðarétti. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun saksóknara.

[4. Fyrir brot gegn 2., 3. og 4. mgr. 165. gr., svo og fyrir manndráp, líkamsmeiðingar, frelsissviptingu og önnur ofbeldisverk, sem framin eru í tengslum við brot á þessum ákvæðum, og enn fremur fyrir háttsemi sem alþjóðasamningur frá 23. september 1971 um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna og bókun við hann frá 24. febrúar 1988 taka til. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.][1)]

[5. Fyrir háttsemi, sem greinir í milliríkjasamningi frá 14. desember 1973 um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum, er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum.][2)]

[6. Fyrir háttsemi, sem greinir í 1. gr. Evrópusamnings frá 27. janúar 1977 um varnir gegn hryðjuverkum. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.][3)]

[7. Fyrir háttsemi, sem greinir í alþjóðasamningi um varnir gegn töku gísla sem lagður var fram til undirritun-

1940 Nr. 19 12. febr.

ar 18. desember 1979.[4] Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.][5]

[1] *L. 16/1990, 1. gr.* [2] *L. 24/1976, 1. gr.* [3] *L. 52/1980, 1. gr.* [4] *Sbr. augl. C 17/1981 og 3/1983.* [5] *L. 69/1981, 1. gr.*

■ **7. gr.** Nú er refsing að einhverju leyti bundin að lögum við afleiðingar verknaðar, og skal þá líta svo á, að verkið sé einnig unnið þar, sem þessar afleiðingar gerast eða er ætlað að koma fram.

■ **8. gr.** Þegar refsimál er höfðað fyrir íslenzkum dómstóli, skal niðurstaða dóms um refsingu og aðrar afleiðingar verknaðar fara eftir íslenzkum lögum.

□ Refsing fyrir brot, sem mál er höfðað út af hér á landi samkvæmt 5. gr., má ekki fara fram úr hámarki þeirrar refsingar, sem við brotinu lá í heimaríki sakbornings, sbr. 1. tölulið, eða í því ríki, þar sem brot var framið, sbr. 2. tölulið.

□ Nú hefur sakborningur verið sýknaður í því ríki, þar sem brot var framið, sbr. 2. tölulið 5. gr., refsidómi yfir honum fyrir brotið hefur verið fullnægt eða dæmd refsing er að lögum þess ríkis brott fallin, og skal þá ekki höfða refsimál á hendur honum hér á landi fyrir það brot.

□ Sé annars höfðað mál á hendur manni hér á landi fyrir brot, sem hann þegar hefur tekið út refsingu fyrir í öðru ríki, skal ákveða refsinguna hér að sama skapi vægari eða láta hana eftir atvikum falla niður.

■ **9. gr.** ...[1]

[1] *L. 13/1984, 28. gr.*

■ **10. gr.** Hafi íslenzka ríkið fengið mann framseldan til refsingar frá öðru ríki, má ekki dæma hann fyrir aðra glæpi, drýgða fyrir framsalið, en þá, sem framselt er fyrir, hafi hið erlenda ríki sett slíkt skilyrði, og ekki í þyngri hegningu en það hefur áskilið.

■ **11. gr.** Ákvæðum 4. – 6. ...[1] gr. laga þessara skal beita með þeim takmörkunum, sem leiðir af reglum þjóðaréttarins.

[1] *L. 42/1985, 1. gr.*

**II. kafli. Almenn refsiskilyrði.**

■ **12. gr.** Það verk er refsilaust, sem menn vinna af neyðarvörn, að því leyti sem það hefur verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögmætri árás, sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum, sem séu augsýnilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til.

□ Hafi maður farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, og ástæðan til þess er sú, að hann hefur orðið svo skelfdur eða forviða, að hann gat ekki fullkomlega gætt sín, skal honum ekki refsað.

■ **13. gr.** Það verk er refsilaust, sem nauðsyn bar til að unnið væri í þeim tilgangi að vernda lögmæta hagsmuni fyrir yfirvofandi hættu, þótt með því séu skertir aðrir hagsmunir, sem telja verður að miklum mun minni.

■ **14. gr.** Eigi skal manni refsað fyrir verknað, er hann hefur framið áður en hann varð 15 ára gamall.

■ **15. gr.** Þeim mönnum skal eigi refsað, sem sökum geðveiki, andlegs vanþroska eða hrörnunar, rænuskerðingar eða annars samsvarandi ástands voru alls ófærir á þeim tíma, er þeir unnu verkið, til að stjórna gerðum sínum.

■ **16. gr.** Nú var maður sá, sem verkið vann, andlega miður sín, svo sem vegna vanþroska, hrörnunar, kynferðilegs misþroska eða annarrar truflunar, en þetta ástand hans er ekki á eins háu stigi og 15. gr. getur, og skal honum þá refsað fyrir brotið, ef ætla má eftir atvikum og eftir að læknisumsagnar hefur verið leitað, að refsing geti borið árangur.

□ Verði til stofnun, ætluð slíkum mönnum, sem í þessari grein getur, má ákveða í refsidómi, að sakborningur skuli taka út refsivist sína í stofnuninni.

■ **17. gr.** Refsingu skal beita, þótt brot hafi verið framið í ölæði eða undir áhrifum annarra nautnalyfja. Hafi verið um fullkomið rænuleysi að ræða, skal þó ekki refsað, nema sakborningur hafi fyrirfram vitað um eða haft fullkomna ástæðu til að ætla, að hann myndi fremja brotið, meðan á áhrifunum stæði, eða að það myndi leiða af þessu ástandi hans.

■ **18. gr.** Verknaður, sem refsing er lögð við í lögum þessum, er ekki saknæmur, nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi. Fyrir gáleysisbrot skal því aðeins refsa, að sérstök heimild sé til þess í lögunum.

■ **19. gr.** Sé refsinæmi verknaðar, eða aukin refsing við honum, bundið því skilyrði samkvæmt þessum lögum, að verkið hafi í för með sér tilteknar afleiðingar, telst því skilyrði ekki fullnægt, nema gáleysi sakbornings megi að minnsta kosti um afleiðingarnar kenna, eða því, að sakborningur hefur ekki gert sér far um að afstýra eftir mætti hættu þeirri, er verkið hafði í för með sér, þegar er hann varð hennar var.

**III. kafli. Tilraun og hlutdeild.**

■ **20. gr.** Hver sá, sem tekið hefur ákvörðun um að vinna verk, sem refsing er lögð við í lögum þessum, og ótvírætt sýnt þann ásetning í verki, sem miðar eða er ætlað að miða að framkvæmd brotsins, hefur, þegar brotið er ekki fullkomnað, gerzt sekur um tilraun til þess.

□ Fyrir tilraun til brots má dæma lægri refsingu en mælt er um fullframin brot. Skal það einkum gert, þegar af tilrauninni má ráða, að brotamaðurinn sé ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harðnaður og ætla má, að sé um menn, sem fullfremja slík brot.

□ Ef hagsmunum þeim, sem verknaður beinist að, eða verknaðinum sjálfum er svo háttað, að tilraunin hefði ekki getað leitt til fullframins brots, má ákveða, að refsing skuli falla niður.

■ **21. gr.** Hegning fyrir tilraun fellur niður, ef sá, sem sekur hefur gerzt um hana, lætur af sjálfsdáðum af þeim ásetningi sínum að drýgja brotið, áður en það er fullkomnað, enda farist framkvæmd þess ekki fyrir eða tilætlaður árangur náist ekki vegna tálmana eða annarrar tilviljunar, og hann hefur þar að auki, ef hann hefur með verknaði sínum valdið eða talið sig hafa valdið hættu á því, að brotið fullkomnist, komið í veg fyrir það eða gert þær ráðstafanir, sem myndu hafa komið í veg fyrir það, ef fullkomnun brotsins hefði ekki, án vitundar hans, verið aftrað á annan hátt eða verið óframkvæmanleg.

■ **22. gr.** Hver sá maður, sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í því, að brot samkvæmt lögum þessum er framið, skal sæta þeirri refsingu, sem við brotinu er lögð.

□ Ef hlutdeild einhvers þátttakanda í brotinu er smávægileg, eða er í því fólgin að styrkja áform annars

1940 Nr. 19 12. febr.

manns, sem áður er til orðið, svo og þegar brot er ekki fullframið eða fyrirhuguð þátttaka hefur misheppnazt, má dæma hann í vægari refsingu en þá, sem lögmælt er við brotinu.

☐ Þegar svo stendur á, sem í annarri málsgrein segir, og sömuleiðis, ef manni hefur orðið á af gáleysi að taka þátt í broti, má láta refsingu falla niður, ef brotið á undir hegningarákvæði, þar sem ekki er sett þyngri refsing en varðhald.

☐ Nú er brot fullframið, og skal þá sá, sem veitir brotamanni sjálfum eða öðrum liðsinni til þess að halda við ólögmætu ástandi, er skapazt hefur fyrir brotið, eða nýtur hagnaðar af því, sæta refsingu eftir ákvæðum þessarar greinar, enda taki önnur ákvæði laga ekki til verknaðar hans.

■ **23. gr.** Hlutdeildarmanni skal ekki refsað, ef hann, á þann hátt, sem í 21. gr. getur, afstýrir brotinu eða gerir ráðstafanir, sem myndu hafa komið í veg fyrir það, ef framkvæmd þess hefði ekki, án vitundar hans, verið afstýrt á annan hátt, misheppnazt eða verið óframkvæmanleg.

**IV. kafli. Ákærureglur.**

■ **24. gr.** Sérhver refsiverður verknaður skal sæta opinberri ákæru, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.

■ **25. gr.** Beri ekki að höfða mál af hálfu opinbera ákæruvaldsins út af broti, eða það á því aðeins að fylgja málinu fram, að krafa sé um það gerð, getur sá einn höfðað mál eða borið fram kröfuna, sem misgert var við.

☐ Ef sá er ósjálfráða, sem misgert var við, kemur sá maður í hans stað, sem að lögum hefur forræði yfir honum. Ef þurfa þykir, má skipa sérstakan forráðamann í þessu skyni.

☐ Sé sá dáinn, sem misgert var við, eða verknaður, sem beinist að dánum manni, er refsiverður, hafa eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn, kjörbörn og systkin rétt til að höfða mál eða bera fram kröfu um opinbera málshöfðun.

■ **26. gr.** Nú er verknaður ekki refsiverður, nema sá, sem misgert var við, krefjist opinberrar málshöfðunar, og skal þá ekki byrja opinbera rannsókn fyrr en krafan er komin fram.

☐ Hafi fleirum en einum manni verið misboðið með sama verknaði, nægir að krafan komi frá einum þeirra, og beri ekki að höfða mál út af brotinu af hálfu hins opinbera, getur hver um sig sótt hinn seka til refsingar í einkamáli.

☐ Hafi fleiri en einn maður heimild samkvæmt 2. eða 3. málsgr. 25. gr. til þess að bera fram kröfu um opinbera málssókn, en eru ekki á eitt sáttir um, hvort það skuli gert, ákveður opinbera ákæruvaldið, hvort mál skuli höfðað.

■ **27. gr.** Ekki skal taka til greina kröfu um opinbera ákæru, ef undanskilinn er nokkur sá, sem samsekur kann að vera um verknaðinn, nema opinbera ákæruvaldið geti á það fallizt. Komi það í ljós, eftir að krafa hefur verið gerð, að fleiri eru sekir en áður var um vitað, skal maður sá, sem kröfuna gerði, um það spurður, hvort hann krefjist þess, að þeim mönnum verði refsað.

■ **28. gr.** Beri ekki að dæma refsingu, nema refsikrafa sé borin fram í einkamáli, fellur refsiábyrgð niður, ef sá, sem misgert var við, hverfur frá málshöfðunarrétti sínum eða málssókn eða gefur refsingu upp á annan hátt, áður en málið er dæmt í héraði.

☐ Eigi ákæruvaldið því aðeins að fylgja málinu fram, að sá krefjist þess, sem misgert var við, fellur refsiábyrgð niður, ef hann hverfur frá þessum rétti sínum eða gefur refsingu á annan hátt upp, áður en hann ber fram kröfuna. Afturkalli hann kröfuna, áður en héraðsdómur gengur í málinu, fellur málssókn niður, nema ákæruvaldið telji rétt vegna almannahags að halda málinu áfram.

☐ Sá, sem eitt sinn hefur afturkallað kröfu um málssókn, getur ekki síðar komið fram með hana, nema ákæruvaldið samþykki.

■ **29. gr.** Heimild til þess að bera fram kröfu um opinbera málssókn eða höfða einkamál til refsingar fellur niður, sé krafa ekki gerð eða mál höfðað, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að sá, sem heimildina hefur, fékk vitneskju um hinn seka. Nú andast sá, sem misgert var við, áður en frestur er liðinn, og getur þá sá, sem í stað hans kemur, ávallt borið fram kröfu um málssókn eða höfðað einkamál á næstu 3 mánuðum eftir andlátið, þótt frestur væri annars liðinn. Séu fleiri sekir en einn, og frestur til þess að krefjast opinberrar málssóknar á hendur einhverjum þeirra er liðinn, skal því aðeins taka til greina kröfu um málssókn gegn hinum, að ákæruvaldið geti á það fallizt.

☐ Hafi einkamál ekki leitt til dóms um refsikröfuna, má höfða mál að nýju, unz framangreindur 6 mánaða frestur er liðinn. Einnig má jafnan kröfu gera um málssókn eða höfða einkamál næstu 3 mánuði frá því að mál ónýttist.

■ **30. gr.** [Um heimild dómsmálaráðherra til að ákveða, að saksókn skuli niður falla, fer eftir ákvæðum 24. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961,[1] um meðferð opinberra mála.][2]

[1] *Nú l. 74/1974.* [2] *L. 17/1962, 1. gr.*

**V. kafli. Um refsingarnar.**

■ **31. gr.** Hegningar samkvæmt lögum þessum eru refsivist og fjársektir.

■ **32. gr.** Refsivist er tvennskonar: fangelsi og varðhald.

☐ Refsivist skal tiltaka í dögum, mánuðum eða árum. Merkir dagur 24 klukkustundir, en mánuður rímmánuð. ...[1]

[1] *L. 48/1988, 31. gr.*

■ **33. gr.** ...[1]

[1] *L. 48/1988, 31. gr.*

■ **34. gr.** Í fangelsi má dæma menn ævilangt eða um tiltekinn tíma, ekki skemur en 30 daga og ekki lengur en 16 ár.

☐ Þegar lögin leggja fangelsi við afbroti, er átt við fangelsi um tiltekinn tíma, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

■ **35. – 39. gr.** ...[1]

[1] *L. 48/1988, 31. gr.*

■ **40. gr.** [Þegar fangi hefur tekið út ⅔ hluta refsitímans, en þó minnst [2][1] mánuði, getur dómsmálaráðherra eða annað stjórnvald, sem hann felur úrlausn slíks máls, ákveðið að fanginn skuli látinn laus til reynslu.

☐ Reynslulausn má þó veita, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans.

☐ [Reynslulausn verður eigi veitt ef eftirstöðvar refsitímans eru skemmri en 30 dagar.][1]

☐ Reynslulausn úr fangelsi verður ekki veitt, ef slíkt

þykir óráðlegt vegna haga fangans, enda skal honum vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör, sem nægja honum til lífsuppeldis. Yfirlýsing hans skal og fengin um það, að hann vilji hlíta skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir reynslulausn.

☐ Þegar fangi fær lausn til reynslu, skal afhenda honum skírteini, er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði.][2)3)]

[1)] *L. 42/1985, 4. gr.* [2)] *L. 16/1976, 1. gr.* [3)] *Rg. 569/1988.*

■ **41. gr.** [Reynslutími skal vera allt að 3 árum. Nú er refsivist sú, sem eftir stendur, lengri en 3 ár, og má þá ákveða reynslutíma allt að 5 árum.

☐ Það er skilyrði reynslulausnar, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Ákveða má, að reynslulausn skuli vera bundin því skilyrði, að aðili sé háður umsjón og eftirliti samkvæmt 14. gr. laga nr. 38 24. apríl 1973,[1)] allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans. Ennfremur má binda reynslulausn þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 3. málsgr. 57. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 22 3. maí 1955. Skilyrði um vistun á hæli getur þó eigi staðið lengur en til loka refsitímans.

☐ Dómsmálaráðherra eða stjórnvald, sem hann felur úrlausn máls, tekur ákvarðanir samkvæmt 1. og 2. málsgr. og getur vegna breyttra ástæðna fellt skilyrði niður að nokkru leyti eða öllu.][2)3)]

[1)] *Sjá nú l. 48/1988, 2. gr.* [2)] *L. 16/1976, 2. gr.* [3)] *Rg. 569/1988.*

■ **42. gr.** [Fremji aðili nýtt brot, eftir að hann hlaut reynslulausn og réttarrannsókn út af því hefst fyrir lok reynslutíma, og ákveður þá dómstóll, sem fjallar um mál þetta, refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt um, og svo með hliðsjón af refsivist, sem ólokið er, samkvæmt reglum 60. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 22 3. maí 1955, þannig að refsivist eftir eldra dómi er virt með sama hætti og skilorðsdómur.

☐ Rjúfi aðili skilorð að öðru leyti, svo og ef hann fremur ótvírætt brot á alm. hegningarlögum, getur dómsmálaráðherra eða stjórnvald, sem hann felur úrlausn þess máls, ákveðið, hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsjónartími lengdur allt að lögmæltu hámarki hans eða að aðili taki út refsingu, sem eftir stendur.

☐ Nú er ekki tekin ákvörðun um, að aðili taki út refsivist, sem hann átti ólokið, sbr. 1. og 2. málsgr., og telst refsingu þá fullnægt á því tímamarki, er aðili fékk reynslulausn.

☐ [Nú er ákveðið að láta aðila taka út eftirstöðvar refsitíma, sbr. 2. mgr., og má þá veita reynslulausn þótt eigi sé fullnægt tímaskilyrðum þeim sem greinir í 1. og 2. mgr. 40. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 41. gr. um reynslutíma. Sé aðili látinn hefja afplánun að nýju vegna rofa á öðrum skilyrðum en þeim að fremja ekki nýtt brot á reynslutímanum skal dreginn frá sá tími sem hann hefur notið reynslulausnar áður.][1)]

☐ Nú er aðili, sem sætt hefur nokkrum hluta refsivistar, náðaður skilorðsbundið, og er þá heimilt að setja aðila þau skilyrði, að hann hlíti ákvæðum 1. – 4. málsgr. þessarar greinar.][2)3)]

[1)] *L. 42/1985, 5. gr.* [2)] *L. 16/1976, 3. gr.* [3)] *Rg. 569/1988.*

■ **43. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 48/1988, 31. gr.*

■ **44. gr.** Í varðhald má dæma menn tiltekinn tíma, sem ekki sé skemmri en 5 dagar og ekki lengri en 2 ár, nema annað sé ákveðið í lögum.

☐ ...[1)]

[1)] *L. 48/1988, 31. gr.*

■ **45. – 48. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 48/1988, 31. gr.*

■ **49. gr.** [Sektir renna í ríkissjóð, nema annað sé ákveðið í lögum.

☐ Dæma má fésektir jafnframt refsivist, sem við brotinu liggur, þegar ákærði hefur aflað sér eða öðrum fjárvinnings með brotinu eða það hefur vakað fyrir honum.][1)]

[1)] *L. 101/1976, 4. gr.*

■ **50. gr.** [Eigi má beita hærri fésekt en 4 milljónum króna nema heimild sé til þess í öðrum lögum.][1)]

[1)] *L. 42/1985, 7. gr.*

■ **51. gr.** [Þegar fjárhæð sektar er ákveðin, skal höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings og afkomu hans, þ. á m. framfærsluskyldu hans og öðrum atriðum, er orka á greiðslugetu hans.

☐ Ákvörðun um vararefsingu í stað sektar, sbr. 54. gr., skal vera óháð því tilliti til greiðslugetu sakbornings, sem um ræðir í 1. málsgr.][1)]

[1)] *L. 101/1976, 6. gr.*

■ **52. gr.** Ákveða skal í dómi, sátt eða úrskurði frest til greiðslu sektar, þó ekki yfir 6 mánuði.

☐ Lögreglustjórar annast innheimtu sekta. Heimilt er þeim að leyfa, að sekt sé greidd með afborgunum.

☐ Hafi greiðsla sektar ekki farið fram á tilskildum tíma, skal þegar heimta hana eða eftirstöðvar hennar með fjárnámi, ef unnt er, nema lögreglustjóri álíti, að innheimtan mundi hafa í för með sér tilfinnanlega röskun á högum sökunauts eða manna, sem hann framfærir. Annars kostar krefst lögreglustjóri fjárnáms, og ber þá mat á högum sökunauts undir dómsvaldið.

☐ Ekki er leyfilegt, án sérstakrar lagaheimildar, að krefjast greiðslu sektar úr dánarbúi sökunauts, né að innheimta sekt hjá nokkrum öðrum en sökunaut sjálfum.

■ **53. gr.** [Nú greiðist sekt ekki, og kemur þá í stað hennar varðhald eða fangelsi, nema háttsemi sé manni ósaknæm og er vararefsing þá eigi ákveðin.][1)]

[1)] *L. 101/1976, 7. gr.*

■ **54. gr.** Dómstólar ákveða í dómi, úrskurði eða sátt, þar sem sekt er tiltekin, hvort hún skuli afplánuð í varðhaldi eða fangelsi, og um hversu langan tíma. ...[1)] Ekki má ákveða styttri tíma til afplánunar sektar en 2 daga og ekki lengri en 1 ár.

☐ Sé sekt dæmd ásamt refsivist, skal afplánun hennar ákveðin með sömu tegund refsivistar og aðalrefsingin.

☐ Hafi hluti sektar verið greiddur, ákveður valdsmaður sá, sem annast fullnustu sektardóms, styttingu afplánunartíma að sama skapi, en þó þannig, að hann verði ekki undir framangreindu lágmarki, og að sektarfjárhæð, sem svarar til hluta úr degi, afplánist með heilum degi.

[1)] *L. 48/1988, 31. gr.*

■ **55. gr.** Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, afplánast eftir reglum um varðhald eða fangelsi. Stjórnarvald það, er sekt eða afplánun ákveður, tiltekur einnig um leið refsivistina, en bera má þá ákvörðun undir hæstarétt eftir reglum um kæru í opinberum málum.

☐ Dagsektir skal afplána í varðhaldi, og ákveður fógeti varðhaldstímann. Fer um áfrýjun þeirrar ákvörðunar eftir reglum um kæru í opinberum málum.

☐ Um sektir samkvæmt þessari grein sé gætt lágmarks

og hámarks afplánunartíma samkvæmt 54. gr., svo og ákvæða 3. mgr. sömu greinar.

**VI. kafli. [Um skilorðsbundna frestun ákæru og skilorðsbundna dóma.][1]**

[1] *L. 22/1955, 2. gr.*

■ **56. gr.** [Þegar aðili hefur játað brot sitt, er [saksóknara ríkisins][1] heimilt að fresta um tiltekinn tíma ákæru til refsingar út af því, eins og hér segir:

1. Út af brotum, sem unglingar á aldrinum 15 – 21 árs hafa framið.

2. Þegar högum sakbornings er þannig háttað, að umsjón eða aðrar ráðstafanir samkvæmt 3. mgr. 57. gr. má telja vænlegri til árangurs en refsingu, enda sé broti ekki svo varið, að almannahagsmunir krefjist saksóknar.

☐ Skilorðstími má ekki vera skemmri en 1 ár og ekki lengri en 5 ár. Að jafnaði skal ákveða hann 2 – 3 ár. [Saksóknari][1] tiltekur hverju sinni upphafstíma frestsins.

☐ Þegar ákæru er frestað, má setja aðilja skilyrði, sem talin eru í 3. mgr. 57. gr., eftir því sem hæfa þykir. Breyta má skilyrðum á skilorðstímanum, þar á meðal lengja frestinn, en þó ekki fram yfir 5 ár alls.

☐ Mál aðilja má taka upp af nýju, ef réttarrannsókn hefst, áður en skilorðstíma lýkur, út af nýju broti, sem hann hefur framið á skilorðstímanum eða áður en máli var frestað, svo og ef hann rýfur ella í veigamiklum atriðum skilyrði þau, sem honum voru sett.

☐ Þegar rannsóknardómari telur, að ákæru kunni að verða frestað samkvæmt þessari grein, skal hann bera málið undir [saksóknara][1] og senda honum tillögur sínar.

☐ Nú er kæru frestað samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og skal [saksóknari][1] þá kynna aðilja rækilega skilyrðin og gera honum ljósar afleiðingar skilorðsrofa.][2]

[1] *L. 17/1962, 2. gr.* [2] *L. 22/1955, 3. gr.*

■ **57. gr.** [Ákveða má í dómi, að fresta skuli með skilyrðum um tiltekinn tíma:

a. Ákvörðun um refsingu.

b. Fullnustu refsingar.

☐ Skilorðstími má ekki vera skemmri en 1 ár og ekki lengri en 5 ár. Að jafnaði skal ákveða hann 2 – 3 ár. Upphaf skilorðstíma skal ákveðið í dómi hverju sinni.

☐ Frestun skal vera bundin því skilyrði, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum, sbr. 60. gr. Frestun má einnig binda skilyrðum, eftir því sem hér segir:

1. Að aðili sæti á skilorðstímanum umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar.[1] Aðili skal jafnan sæta slíkri umsjón, ef honum eru sett skilyrði samkvæmt 2. – 5. tölulið hér á eftir.

2. Að aðili hlíti fyrirmælum umsjónarmanns um dvalarstaði, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og notkun tómstunda.

3. Að aðili neyti ekki á skilorðstímanum áfengis né deyfilyfja.

4. Að aðili gangist undir dvöl á hæli tiltekinn tíma, ef nauðsyn þykir til bera, allt að 18 mánuðum, er venja þarf hann af notkun áfengis eða deyfilyfja, en ella allt að 1 ári.

5. Að aðili gangist undir að þola takmarkanir á umráðum yfir tekjum sínum eða öðru, er fjárhag hans varðar.

6. Að aðili greiði eftir getu fébætur fyrir tjón, sem hann hefur valdið með broti sínu.

☐ ...[2]

☐ Dómari skal kynna dómfellda rækilega skilyrðin og gera honum ljósar afleiðingar skilorðsrofa.][3]

[1] *Sjá l. 48/1988, 2. gr.* [2] *L. 101/1976, 8. gr.* [3] *L. 22/1955, 4. gr.*

■ **[57. gr. a.** Heimilt er að kveða svo á í dómi, að hluti af refsivist verði óskilorðsbundinn, allt að 3 mánuðir, en aðrir hlutar refsivistar verði skilorðsbundnir. Heimilt er, þegar svona stendur á, að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu, þótt varðhald liggi ekki við broti. Heimilt er að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu en skilorðsbundna fangelsisrefsingu.

☐ Dæma má fésekt í tengslum við skilorðsdóm, þótt fésekt liggi ekki við broti, sem dæmt er út af.][1]

[1] *L. 101/1976, 9. gr.*

■ **58. gr.** [Þegar umsjón er gerð að skilyrði, ákveður [saksóknari],[1] hver hana hefur á hendi. [Saksóknari][1] getur af sjálfsdáðum eða eftir tilmælum aðilja breytt fyrirmælum, er umsjónarmaður setur aðilja samkvæmt 2., 5. og 6. tölulið 3. mgr. 57. gr.

☐ Nú hefur aðilja verið sett skilyrði um dvöl á hæli samkvæmt 4. tölulið 3. mgr. 57. gr., og getur [saksóknari][1] þá vegna breyttra ástæðna fellt skilyrðið niður að nokkru leyti eða öllu, að fengnum tillögum forstöðumanns hælis, ef því er að skipta.][2]

[1] *L. 17/1962, 3. gr.* [2] *L. 22/1955, 5. gr.*

■ **59. gr.** [[Ef aðili rýfur í verulegum atriðum skilyrði þau eða fyrirmæli, sem honum hafa verið sett samkvæmt 1. – 6. tölulið 3. málsgr. 57.gr., getur saksóknari krafist þess, að dómari taki málið fyrir að nýju, enda sé skilorðstími ekki liðinn, þegar rannsókn hefst gegn aðilja sem sökunaut fyrir rétti eða lögreglustjóra (rannsóknarlögreglustjóra ríkisins) eða löglærðum fulltrúa hans.][1]

☐ Nú viðurkennir aðili ekki skilorðsrof eða telur sig ekki hafa getað fullnægt skilyrðum af ástæðum, sem honum verði ekki gefin sök á, og getur hann þá krafizt úrskurðar dómara um það efni. Úrskurður samkvæmt þessari mgr. sætir kæru eftir kröfu [saksóknara][2] eða aðilja.

☐ Þó að skilyrði hafi verið rofin, getur dómari ákveðið með úrskurði, að frestun skuli haldast, eftir atvikum með breyttum skilyrðum, þar á meðal um lengd frestsins, þó svo, að gætt sé hámarkstíma samkvæmt 2. mgr. 57. gr. Heimilt er [saksóknara][2] að kæra þann úrskurð.

☐ Ef refsing hefur ekki áður verið ákveðin, getur dómari dæmt refsingu, með eða án skilorðs.

☐ Nú hefur refsing áður verið tiltekin í dómi, og ákveður dómari þá fullnustu dóms, ef frestur er ekki veittur samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar.][3]

[1] *L. 20/1981, 1. gr.* [2] *L. 17/1962, 4. gr.* [3] *L. 22/1955, 6. gr.*

■ **60. gr.** [[Nú hefur rannsókn út af nýju broti aðilja hafist með þeim hætti, sem segir í 1. málsgr. 59. gr., áður en skilorðstíma lýkur, og er dómstólum þá heimilt að dæma refsingu fyrir það brot sér í lagi án skilorðs, en láta skilorðsdóm haldast.][1] Kemur slíkt einkum til greina, er hið nýja brot hefur ekki verið framið af ásettu ráði eða varðar aðeins sektum. Ella tekur dómari bæði málin til meðferðar og dæmir þau í einu lagi. Heimilt er að hafa þann dóm skilorðsbundinn. Ef refsing er þá dæmd, skal tiltaka hana eftir reglum 77. gr., hafi hið nýja brot verið framið eftir uppsögu héraðsdóms í upphaflega málinu,

1940 Nr. 19 12. febr.

en eftir reglum 78. gr., hafi hið nýja brot verið fyrr framið.][2]

[1] *L. 20/1981, 2. gr.* [2] *L. 22/1955, 7. gr.*

■ **61. gr.** [Þegar refsing verður ekki dæmd eða hún fellur niður vegna ákvæða þessa kafla, hefur dómurinn ekki ítrekunaráhrif.

□ ...[1)]][2)]

[1] *L. 17/1962, 5. gr.* [2] *L. 22/1955, 8. gr.*

**VII. kafli. Um öryggisráðstafanir, sviptingu borgararéttinda og upptöku eigna.**

■ **62. gr.** Nú er maður sýknaður samkvæmt ákvæðum 15. gr., eða niðurstaða dóms verður sú, samkvæmt ákvæðum 16. gr., að refsing sé árangurslaus, og má þá ákveða í dómi, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að varna því, að háski verði að manninum. Ef ætla má, að vægari ráðstafanir, svo sem trygging, bann við dvöl á ákveðnum stöðum eða svipting lögræðis, komi ekki að notum, má ákveða, að honum sé komið fyrir á viðeigandi hæli. Skal þá hæstiréttur skipa honum tilsjónarmann, sem eftirlit hefur með því, að dvöl hans á hælinu verði ekki lengri en nauðsyn ber til. Þegar ástæða þykir til, getur dómsmálaráðherra leitað úrlausnar héraðsdóms, þar sem hælið er, hvort téðar ráðstafanir skuli teljast lengur nauðsynlegar, enda hafi umsagnar læknis verið leitað. Svo getur og tilsjónarmaður krafizt þess, þegar ár er liðið frá dómsuppsögn eða síðasta dómsúrskurði, eða fyrr, ef dómsmálaráðherra samþykkir, að málið skuli að nýju lagt undir úrskurð dómstóls þess, sem áður segir. Ákvörðun hans má áfrýja eftir reglum um kæru í opinberum málum.

■ **63. gr.** Nú hefur orðið svo ástatt um mann til langframa, sem í 15. eða 16. gr. segir, eftir að hann hefur drýgt refsiverðan verknað, en áður en fullnaðardómur gengur í máli hans, og ákveður dómur þá, hvort refsing skuli dæmd eða hún eigi að falla niður. Ákveða má í dóminum, ef skilyrði samkvæmt 62. gr. þykja vera fyrir hendi, að ráðstöfunum samkvæmt þeirri grein skuli beitt í stað refsingar eða þangað til unnt þykir að framkvæma refsingu.

■ **64. gr.** ...[1)]

[1] *L. 31/1961, 4. gr.*

■ **65. gr.** [Þyki það ljóst af málavöxtum, eftir að umsagnar læknis hefur verið leitað, að sakborningur, sem framið hefur brot undir áhrifum áfengis, geti ekki haft hemil á drykkjufýsn sinni, má ákveða í dómi, að hann skuli lagður inn á viðeigandi hæli til lækningar.][1)] Skal dómur þá hljóða um dvöl á hælinu allt að 18 mánuðum, eða, ef ítrekun á sér stað, allt að 3 árum. Dómsmálaráðherra ákveður, eftir tillögum stjórnar hælisins og hlutaðeigandi læknis, hvort leysa megi manninn af hælinu, áður en ofangreindur hámarkstími er liðinn, sökum þess að ætla megi, að hann hafi læknazt.

[1] *L. 31/1961, 5. gr.*

■ **66. gr.** Ef nokkur heitist við annan mann eða hótar honum bana, brennu eða öðrum óförum, og refsingu verður annaðhvort ekki við komið eða hún þykir ekki veita næga tryggingu, getur ákæruvaldið hlutazt til um, eftir kröfu þess, sem hlut á að máli, eða án kröfu hans, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að dómsúrskurður gangi um það, hvort gera skuli ráðstafanir til varnar því, að hótunin sé framkvæmd, þar á meðal, hvort heitingamaður skuli setja tryggingu eða hvort setja skuli hann í gæzlu. Dómstóll getur fellt ráðstafanirnar niður, ef þeirra þykir ekki lengur þörf vegna breyttra málavaxta.

□ Ef ákæruvaldið æskir þess, má jafnan leggja málið á ný undir úrskurð dómstóls. Hinn dómfelldi getur og jafnan krafizt, þegar 6 mánuðir eru liðnir frá uppkvaðningu dóms eða síðasta úrskurði, og fyrr, ef ákæruvaldið samþykkir, að málið sé að opinberri tilhlutan lagt undir úrskurð dómstóls að nýju.

□ Dómsúrlausnum samkvæmt grein þessari má áfrýja eftir reglum um kæru í opinberum málum.

■ **67. gr.** Sé maður dæmdur í þyngri refsingu en varðhald, og mjög sennilegt má telja af því, hvernig glæp hans var háttað og andlegu ástandi hans er varið, svo og af undanfarandi breytni hans, að hann muni drýgja afbrot af vana eða í atvinnuskyni og sé því hættulegur umhverfi sínu, má ákveða í refsidómi eða síðar í sérstöku máli, sem höfðað er að tilhlutan ákæruvaldsins, að beitt skuli öryggisráðstöfunum samkvæmt 66. gr. að refsingu lokinni. Létta má slíkum ráðstöfunum af aftur eftir sömu reglum og um getur í 66. gr.

■ **68. gr.** [Nú fremur opinber starfsmaður refsiverðan verknað og má þá í opinberu máli á hendur honum svipta hann heimild til að rækja starfann, ef hann telst ekki lengur verður eða hæfur til þess.

□ Nú er maður dæmdur sekur um brot, og má þá í dómi í opinberu máli á hendur honum svipta hann heimild, er hann hefur öðlazt, til að stunda starfsemi, sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna, enda gefi brotið til kynna, að veruleg hætta sé á því, að sakborningur muni fremja brot í stöðu sinni eða starfsemi. Þegar brot er stórfellt, má einnig svipta mann ofangreindum rétti, ef hann telst ekki framar verður til að rækja starfann eða njóta réttindanna.

□ Svipta má mann réttindum þeim, er greinir í 2. málsgr., um tiltekinn tíma, allt að fimm árum, eða ævilangt.

□ Sérákvæði í lögum um sviptingu réttinda, er greinir í 1. og 2. málsgrein, skulu halda gildi sínu.

□ Svipting réttinda telst frá þeim tíma, sem ákveðinn er í dómi, og í síðasta lagi frá birtingu fullnaðardóms.

□ Nú er íslenzkur ríkisborgari eða maður, sem búsettur er hér á landi, sviptur réttindum erlendis með dómi vegna refsiverðs verknaðar, og getur ákæruvald þá höfðað opinbert mál á hendur honum til réttindasviptingar. Sama er, ef manni hefur verið dæmd refsing erlendis, þótt réttindasvipting hafi ekki verið dæmd. Ákvörðun um framangreinda réttindasviptingu hlítir íslenzkum lögum.][1)]

[1] *L. 31/1961, 6. gr.*

■ [**68. gr. a.** Nú er manni synjað um opinbert starf eða opinbert leyfi til þess að stunda starf fyrir þá sök, að hann hafi framið refsiverðan verknað, og má þá bera synjun stjórnvalda undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til hæstaréttar.

□ Nú hefur maður verið sviptur réttindum ótímabundið með dómi í opinberu máli, og er þá heimilt, þegar 5 ár eru liðin frá uppsögu dóms, að bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála, hvort fella skuli niður réttindasviptingu. Úrlausn héraðsdóms

sætir kæru til hæstaréttar. Sérákvæði í lögum um brottfall réttindasviptingar skulu halda gildi sínu.][1)]

[1)] *L. 31/1961, 7. gr.*

■ **69. gr.** Gera má upptækt með dómi:

1. Hluti, sem orðið hafa til við misgerning eða hafðir hafa verið til að drýgja brot með, nema þeir séu eign manns, sem ekkert er við brotið riðinn.

2. Hluti, sem ætla má, að ákvarðaðir séu til notkunar í glæpsamlegu skyni, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis.

3. Muni eða ávinning, sem aflað hefur verið með broti, og enginn á löglegt tilkall til, eða fjárhæð, sem svarar til slíks ávinnings.

□ Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Hafi einhver beðið tjón við brotið, skal hann þó eiga forgang til andvirðisins, ef bætur fást ekki á annan hátt.

□ Nú er félagi slitið með dómi, og skal þá gera eignir þess upptækar til handa ríkissjóði, enda taki ríkisvaldið bækur þess og skjöl til varðveizlu.

**VIII. kafli. Atriði, er áhrif hafa á refsihæðina.**

■ **70. gr.** Þegar hegning er tiltekin, á einkum að taka til greina eftirtalin atriði:

1. Hversu mikilvægt það er, sem brotið hefur beinzt að.

2. Hversu yfirgripsmiklu tjóni það hefur valdið.

3. Hversu mikil hætta var búin af verkinu, einkum þegar til þess er litið, hvenær, hvar og hvernig það var framkvæmt.

4. Aldur þess, sem að verkinu er valdur.

5. Hegðun hans að undanförnu.

6. Hversu styrkur og einbeittur vilji hans hefur verið.

7. Hvað honum hefur gengið til verksins.

8. Hvernig framferði hans hefur verið, eftir að hann hafði unnið verkið.

□ Hafi fleiri menn en einn unnið verkið í sameiningu, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.

■ **71. gr.** Þegar lög ákveða eða heimila aukna hegningu eða önnur viðurlög við ítrekun brots, skal ekki beita þeim ákvæðum, nema sökunautur hafi, áður en hann framdi síðara brotið, verið dæmdur sekur um brot eða gengizt undir refsingu hér á landi fyrir brot, sem ítrekunaráhrif hefur á síðara brotið, eða tilraun til eða hlutdeild í slíku broti, og að hann hafi þar að auki verið fullra 18 ára, þegar hann framdi fyrra brotið.

□ Dómstólunum er heimilt að láta refsidóma, er kveðnir hafa verið upp erlendis, hafa ítrekunaráhrif, eins og þeir hefðu verið kveðnir upp hér á landi.

□ Ítrekunaráhrif falla niður, ef liðið hafa 5 ár frá því að sökunautur hefur tekið út fyrri refsinguna, eða frá því að hún hefur fallið niður eða verið gefin upp, þangað til hann fremur síðara brotið. Hafi fyrri refsingin verið sektir, telst fresturinn þó frá þeim degi, er fullnaðardómur var upp kveðinn eða gengizt var undir sektargreiðslu.

■ **72. gr.** Hafi maður lagt það í vana sinn að fremja brot, einnar tegundar eða fleiri, eða hann gerir það í atvinnuskyni, má auka refsinguna svo, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Eigi ítrekun á þessu sér stað, má refsingin tvöfaldast.

■ **73. gr.** Ef fangi, sem er að taka út refsingu eða er haldið í gæzlu af öðrum ástæðum, gerist sekur um brot á ákvæðum 106., 108., 126., 127., 164., 211., 217., 218., 225., 226., 233. eða 2. mgr. 257. gr., þá má, þegar refsing hans er tiltekin, fara út fyrir hæsta stig þeirrar refsingar, sem við broti hans liggur samkvæmt nefndum greinum, en þó ekki meira en svo, að refsing tvöfaldist. Þegar svo stendur á, má ekki dæma í vægari refsingu en varðhald. Sé fanginn í fangelsisvist eða öryggisgæzlu, má refsing ekki vera vægari en fangelsi, og liggi ekki þyngri refsing við brotinu en varðhald, skal dæma fangelsisvist um jafnlangan tíma. Er þá heimilt að dæma skemmri fangelsisvist en mælt er í 34. gr.

□ Ákvæðum fyrsta málsliðs undanfarandi málsgreinar má einnig beita, þegar brot, sem þar er nefnt, er framið af fyrrverandi refsifanga gegn yfirmönnum eða starfsmönnum hegningarhúss þess, sem hann átti dvöl í, eða brotið beinist að hegningarhúsinu eða eignum þess, svo og ef fyrrverandi refsifangi gerist sekur um brot á ákvæðum 111. gr., að því er varðar fanga, sem taka út refsingu í hegningarhúsi því, er hann dvaldist áður í.

□ Ef maður, sem dæmdur hefur verið til ævilangrar fangelsisvistar og ekki hefur verið náðaður, fremur nýtt brot í fangelsinu eða utan þess, skal ákveða í dómi, hvaða refsingu hann ætti að sæta, ef fyrri refsingin hefði ekki verið ævilangt fangelsi. Má þá einnig dæma hann til að þola viðurlög samkvæmt 47. gr., þó svo, að refsitíma eftir 3. tölulið þeirrar greinar má tvöfalda.

■ **74. gr.** Refsingu þá, sem í lögum er lögð við broti, má færa niður úr lágmarki því, sem þar er ákveðið, þegar svo stendur á, sem hér á eftir segir:

1. Þegar maður hefur farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar eða neyðarréttar.

2. Þegar brot er drýgt af manni, sem þá er ekki fullra 18 ára að aldri, og álíta má vegna ásku hans, að full refsing sé ónauðsynleg eða skaðleg. Aldrei má dæma í þyngri hegningu fyrir brot, sem menn hafa framið á þessum aldri, en 8 ára fangelsi.

3. Hafi sá, sem verkið vann, álitið, að verknaður hans væri ekki réttarbrot, sökum afsakanlegrar vanþekkingar eða misskilnings á réttarreglum sem banna framkvæmd verknaðar.

4. Þegar maður hefur framið brot í mikilli reiði eða geðæsingu, sem sá, er fyrir brotinu verður, hefur vakið hjá honum með ólögmætri árás eða stórfelldri móðgun.

5. Ef maður lætur leiðast til að fremja brot sökum þess, að hann var öðrum háður.

6. Ef maður er beittur þvingun til að fremja brot, en þvinguninni er þó ekki þannig varið, að hún geri verknað hans að öllu leyti refsilausan.

7. Ef sá, sem verk vann, hefur af sjálfsdáðum, eftir að það var fullframið, afstýrt hættu þeirri, sem það hafði í för með sér.

8. Ef sá, sem verkið vann, hefur af sjálfsdáðum bætt að fullu tjón það, sem af verkinu leiddi, svo og þegar hann hefur gert sér mikið far um að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar verksins eða reynt eftir mætti að bæta úr tjóninu.

9. Ef maður segir af sjálfsdáðum til brots síns og skýrir hreinskilningslega frá öllum atvikum að því.

□ Ákveða má, þegar svo stendur á, sem í 1. – 8. tölulið segir, að refsing skuli falla niður að öllu leyti.

■ **75. gr.** Hafi maður framið brot í ákafri geðshræringu, vegna annars skammvinns ójafnvægis á geðsmun-

um eða svo er ástatt að öðru leyti, að verknaðurinn verður ekki talinn líkt því eins refsiverður og venjulegt er um samskonar brot, má færa refsingu niður og jafnvel, ef brot varðar ekki þyngri refsingu en varðhaldi, láta hana falla niður. Hafi sá, sem verkið vann, sjálfur komið sér í umrætt ástand með neyzlu áfengis, koma framangreind ákvæði því aðeins til greina, að málsbætur séu fyrir hendi og fremjandinn hafi ekki áður orðið sekur um sams konar eða svipað brot né um brot á 1. eða 2. mgr. 123. gr.

☐ ...[1]

[1] *L. 22/1955, 9. gr.*

■ **76. gr.** Hafi sakborningur verið hafður í gæzluvarðhaldi, og það er ekki því að kenna, hvernig hann hefur hagað sér meðan á málinu eða rannsókn þess stóð, skal ákveða í refsidómi, að gæzluvarðhaldsvistin skuli koma að einhverju leyti eða öllu í stað refsingar.

■ **77. gr.** Verði maður, meðan á sama málinu stendur, uppvís að því að hafa framið fleiri brot en eitt, skal tiltaka refsinguna fyrir þau í einu lagi, og svo, að þau séu öll tekin til greina, en liggi ævilangt fangelsi við mesta brotinu, er ekki um frekari hegningu að ræða fyrir hin brotin.

☐ Refsingu skal að jafnaði tiltaka innan takmarka þess hegningarákvæðis, sem við brotunum liggur, og eigi þau ekki öll undir sama hegningarákvæði, þá innan takmarka þess hegningarákvæðis, sem þyngsta hegningu setur. Þó má eftir málavöxtum þyngja refsingu svo, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Dómstólunum skal þó heimilt, þegar maður er dæmdur samtímis fyrir mikið brot og annað, sem að tiltölu er lítilræði eitt, að beita jafnvel lægsta stigi þeirrar refsingar, sem við meira brotinu liggur.

☐ Liggi mismunandi tegundir refsivistar við brotunum, skal beita þeirri, sem þyngri er.

☐ Sé dæmt í einu lagi fyrir tvö eða fleiri brot, er annað eða sum varða refsivist, en hin sektum, er dómstólunum heimilt að dæma sektir jafnframt refsivist.

■ **78. gr.** Verði maður, sem búið er að dæma fyrir eitt brot eða fleiri, uppvís að því að hafa framið önnur brot, áður en hann var dæmdur, skal honum dæma hegningarauka, er samsvari þeirri þyngingu hegningarinnar, sem kynni að hafa orðið, ef dæmt hefði verið um öll brotin í fyrra málinu. Má þá dæma refsivist um skemmri tíma en mælt er í 34. og 44. gr.

☐ ...[1]

[1] *L. 48/1988, 31. gr.*

■ **79. gr.** ...[1]

☐ Þegar lög heimila aukna refsingu, en hin lögákveðna refsing við broti yrði ekki aukin, nema farið væri út fyrir takmörk þau, sem sett eru hverri hegningartegund um sig, skal breyta allri hegningunni í þá hegningartegund, sem næst er og þyngri. Takmörk þau, sem sett eru í 34. og 44. gr., skulu þá ekki vera því til fyrirstöðu, að dæma megi í varðhaldsvist allt að 3 árum og fangelsisvist allt að 20 árum.

[1] *L. 48/1988, 31. gr.*

**IX. kafli. [Fyrning sakar, brottfall viðurlaga og uppreist æru.][1]**

[1] *L. 20/1981, 3. gr.*

■ **80. gr.** [Sakir fyrnast samkvæmt ákvæðum 81. og 82. gr. Á það einnig við um brot samkvæmt sérrefsilögum, nema þar sé annan veg mælt.][1]

[1] *L. 20/1981, 4. gr.*



■ **81. gr.** [Sök fyrnist á þeim tíma, er hér segir:

1. Á 2 árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 1 árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum.

2. Á 5 árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 4 ára fangelsi.

3. Á 10 árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 10 ára fangelsi.

4. Á 15 árum, ef þyngsta refsing við broti er 16 ára fangelsi eða lengra tímabundið fangelsi.

☐ Sök samkvæmt 262. gr. fyrnist þó ekki á skemmri tíma en 5 árum. Hinu sama gegnir um brot, sem fólgin eru í því, að sakborningur kemur sér undan greiðslu á tollum, sköttum eða öðrum gjöldum til hins opinbera.

☐ Nú gerist maður sekur um háttsemi, sem varðar við fleiri en eitt refsiákvæði, og skal þá miða fyrningarfrest brotanna við það ákvæði, er geymir þyngst refsimörk.][1]

[1] *L. 20/1981, 5. gr.*

■ **82. gr.** [Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er refsiverðum verknaði eða refsiverðu athafnaleysi lauk.

☐ Nú er refsinæmi háð því að nokkru leyti eða öllu, að háttsemi hafi í för með sér tiltekna afleiðingu, og hefst fyrningarfrestur þá ekki fyrr en afleiðing þessi kemur fram. Hinu sama gegnir að sínu leyti, ef refsinæmi er háð því, að tiltekið atvik beri að höndum eftir að háttsemi er uppi höfð, og tekur sök þá ekki að fyrnast, fyrr en atvik þetta hefur gerst.

☐ Nú er refsiverður verknaður framinn á íslensku skipi eða loftfari, utan refsilögsögu íslenska ríkisins, og tekur sök þá ekki að fyrnast, fyrr en skipið eða loftfarið er komið til íslenskrar hafnar. Fyrningarfrestur hefst þó ekki síðar en 1 ári frá því að brot var framið.

☐ Fyrningarfrestur rofnar, þegar rannsókn hefst gegn manni sem sökunaut fyrir rétti eða lögreglustjóra (rannsóknarlögreglustjóra ríkisins) eða löglærðum fulltrúa hans út af broti. Nú heimila lög lögreglumanni að ljúka máli með sátt, og er fyrning þá rofin, er lögreglumaður sakar mann um brot og gerir honum kost á sátt. Þegar stjórnvaldi er endranær heimilað að gera mönnum refsingu fyrir brot, rofnar fresturinn er stjórnvald sakar mann um slíkt brot.

☐ Nú er hætt við rannsókn samkvæmt næstu málsgrein hér á undan vegna þess að handhafi ákæruvalds ákveður að höfða ekki mál gegn sakborningi eða hverfur síðar frá ákæru og fyrnist sök þá án tillits til þeirrar rannsóknar. Rannsókn, sem hætt er við um óákveðinn tíma, rýfur ekki heldur frestinn, nema stöðvunin stafi af því að sökunautur hafi komið sér undan rannsókn. Þá telst tími sá, sem rannsóknin stóð yfir, ekki til fyrningartímans. Hafi mál ónýst, sem höfðað var innan loka fyrningarfrests, má taka það upp að nýju á næstu 3 mánuðum frá því að það ónýttist.

☐ Nú er sök fyrnd samkvæmt framansögðu og verður þá hvorki refsað fyrir háttsemina né dæmd viðurlög þau, sem mælt er um í 62. – 67. gr. Hinu sama gegnir um eignarupptöku og réttindasviptingu og úrræði samkvæmt 2. málsgr. 148. gr. og 2. málsgr. 241. gr. Fyrningarfrestur um eignarupptöku er ekki skemmri en 5 ár, en 10 ár um eignarupptöku samkvæmt 3. tölulið 1. málsgr. 69. gr. og hliðstæðum ákvæðum í sérrefsilögum, nema þar sé öðruvísi kveðið á.][1]

[1] *L. 20/1981, 6. gr.*

■ **83. gr.** [Refsivist eða hælisvist, sem dæmd hefur verið, fellur niður, ef fullnusta dóms er eigi byrjuð áður en frestir þeir eru liðnir sem hér greinir:

1. 5 ár, ef refsing er varðhald eða fangelsi allt að 1 ári eða dæmd er hælisvist samkvæmt 65. gr.

2. 10 ár, ef refsing er fangelsi lengur en 1 ár og allt að 4 árum, og á þetta einnig við um dæmd viðurlög samkvæmt 62., 66. og 67. gr.

3. 15 ár, ef refsing er fangelsi lengur en 4 ár og 8 ár hið mesta.

4. 20 ár, ef tímabundin fangelsisrefsing er dæmd lengri en 8 ár.

□ Fyrning samkvæmt framansögðu hefst, þegar unnt er að fullnægja dómi samkvæmt almennum ákvæðum laga.

□ Frestun á fullnustu refsingar samkvæmt skilorðsdómi telst ekki til fyrningartíma né heldur sá tími sem aðili sætir refsivist eða hælisvist samkvæmt öðrum dómi. Hinu sama gegnir um skilyrta náðun, þó þannig að fyrningartími lengist ekki nema sem skilorðstíma svarar.

□ Fyrning er rofin, þegar fullnusta dóms er hafin.

□ Nú hefur fangi tekið út nokkurn hluta refsivistar eða hælisvistar, en er veitt reynslulausn eða skilyrt náðun. Rjúfi hann síðan skilorð og ákvörðun er tekin um, að hann afpláni það, sem eftir stendur af refsivist eða hælisvist, og telst þá fyrning á fullnustu eftirstöðva refsingar og annarra dæmdra viðurlaga frá því, er slík ákvörðun var tekin. Ef fullnusta refsingar eða annarra viðurlaga samkvæmt 1. málsgr. stöðvast af öðrum ástæðum en þeim, sem greinir í þessari málsgrein, telst fyrning frá því, að stöðvun varð.][1]

[1] *L. 20/1981, 7. gr.*

■ **[83. gr. a.** Fésektarrefsing, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fyrnist, þegar liðin eru 3 ár frá því að unnt var að fullnægja dómi, úrskurði eða sátt samkvæmt almennum ákvæðum laga. Ef fésekt er [20 000][1] krónur eða hærri er fyrningarfrestur þó 5 ár.

□ Fjárnám eða önnur trygging, sem aflað hefur verið fyrir sektinni fyrir lok fyrningarfrests, heldur þó gildi sínu.

□ Vararefsing við fésekt, sbr. 53. gr., fellur niður samkvæmt ákvæðum 1. mgr., nema fullnusta hennar sé hafin innan þar greindra tímamarka.

□ Eignarupptaka, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fellur niður þegar liðin eru 5 ár frá því að unnt var að fullnægja ákvörðun um eignarupptöku. Í dómi er þó heimilt að ákveða að frestur sé allt að 10 árum. Ákvæði 2. mgr. gildir einnig um eignarupptöku.

□ Sá tími, sem fullnusta frestast vegna ákvæða skilorðsdóms eða skilyrtrar náðunar, telst ekki með fyrningarfresti.][2]

[1] *L. 42/1985, 8. gr.* [2] *L. 20/1981, 8. gr.*

■ **[83. gr. b.** Dómi, úrskurði eða sátt um refsingu eða önnur viðurlög samkvæmt VII. kafla verður eigi fullnægt eftir andlát sakfellds manns, sbr. þó 2. málsgr., nema lagaheimild sé til annars.

□ Nú hefur dómi, úrskurði eða sátt um eignarupptöku eigi verið fullnægt að nokkru eða öllu, þegar sakfelldi andaðist, og getur ríkissaksóknari þá krafist þess, að héraðsdómari í síðasta varnarþingi sakfellda kveði svo á með úrskurði að fullnægja skuli ákvæðum um eignarupptöku, enda stafi hún af hagnaði sakfellda af broti eða varði hluti, sem til hafa orðið við misgerning. Dómari getur þá breytt eignarupptökuákvæði svo, að í stað upptöku á hlut komi tiltekin fjárhæð. Úrskurður dómara sætir kæru samkvæmt ákvæðum XXI. kafla laga nr. 74/1974, og eru erfingjar hins látna réttir kæruaðilar.

□ Dómsákvæðum samkvæmt 2. málsgr. 148. gr. og 2. málsgr. 241. gr. er unnt að fullnægja eftir andlát dómfellda.][1]

[1] *L. 20/1981, 9. gr.*

■ **84. gr.** ...[1]

□ Nú hefur maður hlotið í fyrsta sinn refsidóm fyrir brot, sem hefur skerðing borgararéttinda í för með sér, og refsing fer ekki fram úr 1 árs refsivist, þá nýtur hann að liðnum 5 árum frá því að refsing er að fullu úttekin, fyrnd eða uppgefin, allra réttinda, sem fást með uppreist á æru, enda hafi hann ekki sætt ákæru á þeim tíma fyrir brot, sem þyngri hegning liggur við en sektir.

[1] *L. 22/1955, 9. gr.*

■ **85. gr.** Þegar liðin eru 2 ár af fresti þeim, sem í síðari mgr. 84. gr. getur, og að fullnægðum öðrum skilyrðum, sem þar eru sett, getur [forseti],[1] ef dómfelldi hefur hegðað sér vel á þessu tímabili, veitt honum uppreist æru.

□ [Forseti][1] getur og veitt manni uppreist æru, þegar að minnsta kosti 5 ár eru liðin frá því að refsing hans er að fullu úttekin, fyrnd eða gefin upp, enda færi umsækjandi sönnur, sem gildar séu metnar, á það, að hegðun hans hafi verið góð umræddan tíma.

□ [Þegar sérstaklega stendur á, má veita uppreist æru, þó að refsitími sé svo langur sem í 2. málsgr. segir, enda þótt ekki sé liðinn lengri tími en til er skilinn í 1. málsgr.][2]

[1] *L. 100/1951, 4. gr.* [2] *L. 36/1944, 1. gr.*

## X. kafli. Landráð.

■ **86. gr.** Hver, sem sekur gerist um verknað, sem miðar að því, að reynt verði með ofbeldi, hótun um ofbeldi, annarri nauðung eða svikum að ráða íslenzka ríkið eða hluta þess undir erlend yfirráð, eða að ráða annars einhvern hluta ríkisins undan forræði þess, skal sæta fangelsi ekki skemur en 4 ár eða ævilangt.

■ **87. gr.** Geri maður samband við stjórn erlends ríkis til þess að stofna til fjandsamlegra tiltækja eða ófriðar við íslenzka ríkið eða bandamenn þess, án þess að verknaðurinn varði við 86. gr., þá varðar það fangelsi ekki skemur en 2 ár eða ævilangt. Sé þetta í því skyni gert að koma erlendu ríki til þess að skerða sjálfsákvörðunarrétt íslenzka ríkisins á annan hátt, þá varðar það fangelsi allt að 8 árum.

■ **88. gr.** [Hver, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenzka ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, er veldur hættu á slíkri íhlutun með móðgunum, líkamsárásum, eignaspjöllum og öðrum athöfnum, sem líklegar eru til að valda slíkri hættu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Ef brot þykir mjög smávægilegt, má beita sektarhegningu.][1]

[1] *L. 47/1941, 1. gr.*

■ **89. gr.** Beri íslenzkur ríkisborgari í ófriði vopn gegn íslenzka ríkinu eða bandamönnum þess, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 2 ár.

□ Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem í ófriði, eða

1940 Nr. 19 12. febr.

þegar ófriður vofir yfir, veitir fjandmönnum íslenzka ríkisins liðsinni í orði eða verki eða veikir viðnámsþrótt íslenzka ríkisins eða bandamanna þess.

■ **90. gr.** Rjúfi maður, meðan á ófriði stendur eða þegar hann vofir yfir, samning eða skuldbindingu, sem varðar ráðstafanir, sem íslenzka ríkið hefur gert vegna ófriðar eða ófriðarhættu, þá skal hann sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

□ Hafi manni orðið slíkt á af stórfelldu gáleysi, skal honum refsað með sektum eða varðhaldi.

■ **91. gr.** Hver, sem kunngerir, skýrir frá eða lætur á annan hátt uppi við óviðkomandi menn leynilega samninga, ráðagerðir eða ályktanir ríkisins um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, eða hafa mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslenzku þjóðina gagnvart útlöndum, skal sæta fangelsi allt að 16 árum.

□ Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem falsar, ónýtir eða kemur undan skjali eða öðrum munum, sem heill ríkisins eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin.

□ Sömu refsingu skal enn fremur hver sá sæta, sem falið hefur verið á hendur af íslenzka ríkinu að semja eða gera út um eitthvað við annað ríki, ef hann ber fyrir borð hag íslenzka ríkisins í þeim erindrekstri.

□ Hafi verknaður sá, sem í 1. og 2. málsgrein hér á undan getur, verið framinn af gáleysi, skal refsað með varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

■ **92. gr.** Hver, sem af ásetningi eða gáleysi kunngerir, lýsir eða skýrir óviðkomandi mönnum frá leynilegum hervarnarráðstöfunum, er íslenzka ríkið hefur gert, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 10 árum, eða sektum, ef brot er lítilræði eitt.

□ Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem af ásetningi eða gáleysi stofnar hlutleysisstöðu íslenzka ríkisins í hættu, aðstoðar erlent ríki við skerðingu á hlutleysi þess, eða brýtur bann, sem ríkið hefur sett til verndar hlutleysi sínu.

■ **93. gr.** Stuðli maður að því, að njósnir fyrir erlent ríki eða erlenda stjórnmálaflokka beinist að einhverju innan íslenzka ríkisins eða geti beint eða óbeint farið þar fram, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 5 árum.

■ **94. gr.** Ef verknaði, sem refsing er lögð við í XXIII., XXIV. eða XXV. kafla laga þessara, er beint að þjóðhöfðingja erlends ríkis eða sendimönnum þess hér á landi, má auka refsingu þá, sem við brotinu liggur, þannig að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

■ **95. gr.** [Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann, þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, fána Sameinuðu þjóðanna eða fána Evrópuráðs, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, ef miklar sakir eru.][1]

□ [Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.][2]

[1] *L. 101/1976, 10. gr.* [2] *L. 47/1941, 2. gr.*

■ **96. gr.** Þegar fangelsi um tiltekinn tíma er lagt við broti samkvæmt þessum kafla, má í þess stað, ef sérstaklega stendur á, dæma varðhaldsvist um jafnlangan tíma.

■ **97. gr.** Mál út af brotum, sem í þessum kafla getur, skal því aðeins höfða, að dómsmálaráðherra hafi lagt svo fyrir, og sæta þau öll opinberri meðferð.

**XI. kafli. Brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess.**

■ **98. gr.** Veki maður eða stýri uppreisn í þeim tilgangi að breyta stjórnskipun ríkisins, þá varðar það fangelsi, ekki skemur en 3 ár eða ævilangt.

□ Hver, sem tekur þátt í þess konar uppreisn, svo og hver sá, sem sekur gerist um verknað, er miðar að því að breyta stjórnskipuninni á ólögmætan hátt, skal sæta fangelsi allt að 8 árum.

■ **99. gr.** Hafist maður nokkuð það að, sem miðar til þess að svipta [forsetann][1] eða þann, sem fer með [forsetavald],[1] lífi, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 6 ár.

[1] *L. 100/1951, 1. gr.*

■ **100. gr.** Hver, sem ræðst á Alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin, lætur boð út ganga, sem að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár, og getur refsingin orðið ævilangt fangelsi, ef sakir eru mjög miklar.

□ Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem á sama hátt misbrýtur við [forsetann][1] eða þann, sem [forsetavald][1] hefur á hendi, ráðuneytin, landsdóminn eða hæstarétt.

[1] *L. 100/1951, 1. gr.*

■ **101. gr.** Ef verknaður, sem refsing er lögð við í XXIII., XXIV. eða XXV. kafla laga þessara, er hafður í frammi við [forsetann][1] eða þann, sem [forsetavald][1] hefur á hendi, enda eigi brotið ekki undir 99. eða 100. gr., eykst refsing sú, sem við broti er lögð, en þó ekki meira en svo, að hún tvöfaldist. Ekki skal beita vægari refsingu en varðhaldi, þegar svo stendur á.

□ [Sé slíkum verknaði beint gegn nánustu vandamönnum forsetans, þannig að álíta megi, að broti sé stefnt að heimili hans, má auka refsingu svo, að við hana sé bætt allt að helmingi hennar.][2]

[1] *L. 100/1951, 1. gr.* [2] *L. 100/1951, 2. gr.*

■ **102. gr.** Hver, sem leitast við að aftra því, [að fram fari kjör forseta],[1] að kosningar fari fram til Alþingis, bæjar- eða sveitarstjórna eða annarra opinberra starfa, svo og hver, sem rangfærir eða ónýtir niðurstöðu slíkrar kosningar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

□ Varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum varðar það, ef verknaður, slíkur sem að ofan greinir, beinist að lögheimiluðum atkvæðagreiðslum um opinber málefni.

[1] *L. 100/1951, 3. gr.*

■ **103. gr.** Sá maður skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef sök er smáfelld, sem sekur gerist um eftirgreindar athafnir, þegar kosningar, sem í fyrri mgr. 102. gr. getur, fara fram:

1. Aflar sér eða öðrum ólöglega færis á að taka þátt í atkvæðagreiðslu.

2. Leitast við með ólögmætri nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá mann til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.

3. Kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli, að maður greiðir ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér

það, eða að atkvæði hans ónýtist eða hefur önnur áhrif en kjósandinn ætlaðist til.

4. Greiðir, lofar að greiða eða býður manni fé eða annan hagnað í því skyni að koma honum til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.

5. Tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér fé eða öðrum hagnaði til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.

■ **104. gr.** Þegar fangelsi um tiltekinn tíma er lagt við broti samkvæmt þessum kafla, má í þess stað, ef sérstaklega stendur á, dæma varðhaldsvist um jafnlangan tíma.

■ **105. gr.** Mál út af brotum, sem í 99. og 101. gr. getur, skal því aðeins höfða, að dómsmálaráðherra hafi lagt svo fyrir, og sæta þau öll opinberri meðferð.

**XII. kafli. Brot gegn valdstjórninni.**

■ **106. gr.** Hver, sem ræðst með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi á opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu eða út af því, og eins hver sá, sem á sama hátt leitast við að hindra framkvæmd slíks starfa eða neyða starfsmanninn til þess að framkvæma einhverja athöfn í embætti sínu eða sýslan, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. [Beita má sektum, ef brot er smáfellt.][1)]

□ Geri maður á annan hátt opinberum starfsmanni tálmanir í því að gegna skyldustörfum sínum, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

□ Jafnfætis ofangreindum starfsmönnum standa þeir menn, sem dómari eða yfirvald kveður sér til aðstoðar við rekstur opinbers starfs.

[1)] *L. 101/1976, 11. gr.*

■ **107. gr.** Hafi verknaður, sem í 106. gr. getur, verið hafður frammi af mannsöfnuði, skal forgöngumönnum og leiðtogum upphlaupsins refsað með þyngri refsingu að tiltölu, og má þá beita allt að 8 ára fangelsi. Öðrum þátttakendum upphlaupsins, sem ofríki hafa haft í frammi eða ekki hafa hlýðnazt skipun yfirvalds, er skorað hefur á mannsöfnuðinn að sundrast, skal refsað eftir því sem í 106. gr. segir.

■ **108. gr.** Hver, sem hefur í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt.

■ **109. gr.** Hver, sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni gjafir eða annan ávinning til þess að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, er hann með því bryti gegn starfsskyldu sinni, skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, séu málsbætur fyrir hendi, varðhaldi eða sektum.

■ **110. gr.** Hafi fangar, sem eru í refsivist, sammælzt um að hjálpast að að strjúka, þá varðar það fangelsi ...[1)] allt að 3 árum.

[1)] *L. 42/1985, 9. gr.*

■ **111. gr.** Hver, sem frelsar handtekinn mann, fanga eða mann, sem hafður er í opinberri gæzlu, svo og hver sá, sem hvetur eða hjálpar slíkum manni til að losna úr haldi, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

□ Hver, sem ólöglega setur sig í samband við handtekinn mann, fanga eða mann, sem hafður er í opinberri gæzlu, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum.

■ **112. gr.** Hver, sem aðstoðar mann, sem eftirför er veitt fyrir brot, til að komast undan handtöku eða refsingu, með því að fela hann, hjálpa honum til að flýja eða strjúka eða segja rangt til, hver hann sé, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

□ Sömu refsingu varðar það að tálma rannsókn brots með því að eyðileggja, breyta eða koma undan hlutum, sem fræðslu geta veitt við rannsóknina, eða með því að raska ummerkjum brots.

□ Hafi einhver framið verknað, sem lýst er í þessari grein, í því skyni að koma sjálfum sér eða nánum vandamönnum sínum undan eftirför eða refsingu, þá er það refsilaust.

■ **113. gr.** Taki maður burt eða ónýti innsigli eða merki, sem sett hefur verið að opinberri ráðstöfun, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

□ Hver, sem tekur burt eða skemmir auglýsingu, sem sett hefur verið upp af hálfu hins opinbera, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 mánuðum.

■ **114. gr.** Hver, sem ræður menn innan íslenzka ríkisins til erlendrar herþjónustu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

■ **115. gr.** Hver, sem opinberlega skýrir heimildarlaust eða vísvitandi rangt frá því, sem fram hefur farið við kosningar þær og atkvæðagreiðslur, sem í 102. gr. getur, eða því, sem gerzt hefur á fundum eða starfi opinberra samkomna, nefnda, stjórnvalda eða dómstóla, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

■ **116. gr.** Hver, sem tekur sér eitthvert opinbert vald, sem hann ekki hefur, skal sæta sektum eða varðhaldi eða, ef miklar sakir eru, fangelsi allt að 2 árum.

■ **117. gr.** Hver, sem vísvitandi eða af gáleysi notar opinberlega eða í ólögmætum tilgangi einkenni, merki eða einkennisbúning, sem áskilinn er íslenzkum eða erlendum stjórnvöldum eða hermönnum, eða einkenni, merki eða búning, sem er svo áþekkur hinum ofannefndu, að hætta er á, að á verði villzt, skal sæta sektum.

**XIII. kafli. Brot á almannafriði og allsherjarreglu.**

■ **118. gr.** Ef maður kemur af stað upphlaupi í því skyni að beita menn eða muni ofbeldi eða ógna með, að því verði beitt, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum eða varðhaldi.

□ Sömu refsingu skulu þeir menn sæta, sem gerzt hafa leiðtogar slíks upphlaups, eftir að það var byrjað.

□ Aðrir þátttakendur upphlaupsins, sem ofríki hafa haft í frammi eða ekki hafa hlýðnazt skipan yfirvalds, er skorað hefur á mannsöfnuðinn að sundrast, skulu sæta vægari refsingu að tiltölu, og má dæma þeim þátttakendum sektir, sem ekki hafa beitt ofríki.

□ Hafi eitthvert það brot verið framið, sem var markmið upphlaupsins, skal beita þyngri refsingum, miðað við þátttöku hvers eins, eftir því, sem að framan segir, og má þá dæma allt að 6 ára fangelsi, nema broti sé svo varið, að þyngri hegning liggi við.

■ **119. gr.** Hafi upphlaup átt sér stað, án þess að ákvæði 118. gr. eigi við um það, og mannsöfnuðinum hefur verið skipað á löglegan hátt af yfirvaldi að sundrast, þá skal þeim þátttakendum, sem hlýðnast ekki

skipuninni, enda þótt þeir viti um hana, refsað með sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

■ **120. gr.** Ef maður gabbar lögreglumenn, brunalið, björgunarlið eða annað hjálparlið, með því að kalla eftir hjálp að ástæðulausu eða með misnotkun brunaboða eða annarra hættumerkja, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

■ [**120. gr. a.** [Nú veitir maður vísvitandi rangar upplýsingar eða lætur uppi vísvitandi rangar tilkynningar, sem eru fallnar til að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð manna, um atriði sem varða loftferðaöryggi eða öryggi í flughöfn varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum. Sömu refsingu varðar að útbreiða þess háttar orðróm gegn betri vitund.][1)][2)]

[1)] *L. 16/1990, 2. gr.* [2)] *L. 41/1973, 2. gr.*

■ **121. gr.** Hver, sem opinberlega hvetur menn til refsiverðra verka, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru, nema brot hans varði þyngri refsingu að lögum.

□ Hver, sem opinberlega og greinilega fellst á eitthvert þeirra brota, er í X. eða XI. kafla laga þessara getur, sæti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

■ **122. gr.** Hver, sem hindrar það, að löglegur mannfundur sé haldinn, skal sæta sektum eða varðhaldi, eða fangelsi allt að 2 árum, ef miklar sakir eru, einkum ef ofríki eða ógnun í framferði hefur verið viðhaft.

□ Raski nokkur fundarfriði á lögboðnum samkomum um opinber málefni með háreysti eða uppivöðslu, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

□ Sömu refsingu skal sá sæta, sem á sama hátt truflar opinbera guðsþjónustu eða aðrar kirkjuathafnir eða raskar útfararhelgi.

■ **123. gr.** Hver, sem af ásettu ráði eða stórfelldu gáleysi gerist ölvaður og stofnar þannig á sig kominn í hættu öðrum mönnum eða talsverðum fjárverðmætum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum, einkum ef brot er ítrekað eða miklar sakir að öðru leyti.

□ ...[1)]

[1)] *L. 101/1976, 1. gr.*

■ **124. gr.** Ef nokkur raskar grafarhelgi eða gerist sekur um ósæmilega meðferð á líki, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

□ Sömu refsingu varðar það að fara ósæmilega með hluti, sem teljast til kirkna og nota á við kirkjulegar athafnir.

■ **125. gr.** Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smánar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða varðhaldi. Mál skal ekki höfða, nema að fyrirlagi saksóknara.

■ **126. gr.** Hafi maður fengið vitneskju um, að fyrirhugað er eða hafið eitthvert þeirra brota, sem 86., 87., 89., 91., 98., 99. eða 100. gr. laga þessara getur, eða annað brot, sem lífi eða velferð manna eða mikilvægum þjóðfélagsverðmætum er búin hætta af, og hann reynir ekki af fremsta megni að koma í veg fyrir brotið eða afleiðingar þess, þar á meðal, ef þörf krefur, með því að tilkynna yfirvöldum vitneskju sína, þá skal hann, ef brotið er eftir það framið eða reynt er að fremja það, sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef miklar málsbætur eru fyrir hendi. En hafi hann látið þetta hjá líða sökum þess, að hann gat ekki gert það án þess að stofna lífi, heilbrigði eða velferð sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu, þá skal honum ekki refsað.

■ **127. gr.** Hver, sem ekki sinnir kvaðningu yfirvalds um aðstoð til þess að koma í veg fyrir brot eða annan ófarnað, sem lífi, heilbrigði eða velferð manna er búin hætta af, þótt hann hefði getað veitt aðstoðina án þess að stofna sér eða verulegum hagsmunum í hættu, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

**XIV. kafli. Brot í opinberu starfi.**

■ **128. gr.** Ef opinber starfsmaður heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, í sambandi við framkvæmd starfa síns, þá skal hann sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

■ **129. gr.** Ef opinber starfsmaður heimtar eða tekur sér eða öðrum til ávinnings við sköttum eða gjöldum, sem gjaldandi skuldar ekki, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum, enda liggi ekki þyngri refsing við verknaðinum eftir öðrum ákvæðum laganna. Vægari refsingu að tiltölu skal beita, ef sökunautur hefur í upphafi tekið við gjaldinu í þeirri trú, að gjaldandinn skuldaði það, en heldur gjaldinu síðan í ávinningsskyni, eftir að hann komst að hinu rétta. Er heimilt að dæma varðhald þegar svo stendur á.

■ **130. gr.** Ef handhafi dómsvalds eða annars opinbers úrskurðarvalds um lögskipti gerist sekur um ranglæti við úrlausn máls eða meðferð þess í því skyni, að niðurstaðan verði ranglát, þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum.

□ Hafi verknaðurinn haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi fyrir nokkurn mann, þá skal refsingin vera fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.

■ **131. gr.** Ef dómari eða annar opinber starfsmaður, sem á að halda uppi refsivaldi ríkisins, beitir ólöglegri aðferð til þess að koma manni til játningar eða sagna, framkvæmir ólöglega handtöku, fangelsan eða rannsókn eða leggur að ólögum hald á skjöl eða aðra muni, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

■ **132. gr.** Ef opinber starfsmaður, sem í 130. gr. eða 131. gr. getur, gætir ekki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi réttra aðferða við meðferð máls eða úrlausn, handtöku, leit, fangelsan, framkvæmd refsingar eða haldsetningu, eða brýtur aðrar þess konar reglur, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi, nema brot hans varði þyngri refsingu að lögum.

■ **133. gr.** Ef opinber starfsmaður, sem á að gæta fanga eða annast framkvæmd refsidóma, lætur fanga komast undan, tálmar framkvæmd dóms, hlífir manni við að taka út hegningu eða kemur því til leiðar, að refsing er framkvæmd með öðru og vægara móti en mælt er, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef brot er smáfellt.

■ **134. gr.** Misnoti opinber starfsmaður stöðu sína til þess að neyða mann til að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta eitthvað ógert, þá skal hann sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

■ **135. gr.** Ef opinber starfsmaður tekur þátt í embættis- eða sýslunarbroti annars opinbers starfsmanns, sem undir hann er gefinn, eða leitast við að koma honum til að fremja slíkt brot, þá skal hann sæta þeirri refsingu,

1940 Nr. 19 12. febr.

sem við því broti liggur, en þó svo aukinni, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

■ **136. gr.** Opinber starfsmaður, sem segir frá nokkru, er leynt á að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Hafi hann gert það til þess að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings, eða noti hann slíka vitneskju í því skyni, má beita fangelsi allt að 3 árum.

□ Sömu refsingu skal sá sæta, sem látið hefur af opinberu starfi og eftir það segir frá eða misnotar á ofangreindan hátt vitneskju, sem hann hafði fengið í stöðu sinni og leynt á að fara.

■ **137. gr.** Ef opinber starfsmaður, sem hefur póst- eða símamálefni á hendi, rífur heimildarlaust upp, ónýtir eða skýtur undan bréfum eða sendingum, sem afhent eru til flutnings með pósti, eða ónýtir, aflagar eða skýtur undan skeytum, sem veitt hefur verið viðtaka til fyrirgreiðslu, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

■ **138. gr.** Nú hefur opinber starfsmaður gerzt sekur um refsilagabrot með verknaði, sem telja verður misnotkun á stöðu hans, og við því broti er ekki lögð sérstök refsing sem broti í embætti eða sýslan, þá skal hann sæta þeirri refsingu, sem við því broti liggur, en þó svo aukinni, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

■ **139. gr.** Hafi opinber starfsmaður, í öðrum tilfellum en lýst er hér að framan, misnotað stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings eða til þess að gera nokkuð það, sem hallar réttindum einstakra manna eða hins opinbera, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

■ **140. gr.** Opinber starfsmaður, sem synjar eða af ásettu ráði lætur farast fyrir að gera það, sem honum er boðið á löglegan hátt, sæti sektum eða varðhaldi.

■ **141. gr.** Opinber starfsmaður, sem sekur gerist um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu, skal sæta sektum eða varðhaldi.

**XV. kafli. Rangur framburður og rangar sakargiftir.**

■ **142. gr.** [Hver, sem skýrir rangt frá einhverju fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem hefur heimild til heitfestingar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum. Hafi skýrsla verið heitfest skal virða það refsingu til þyngingar.

□ Sé skýrsla röng í atriðum, sem ekki varða málefni það, sem verið er að kanna, má beita sektum eða varðhaldi.][1)]

[1)] *L. 101/1976, 12. gr.*

■ **143. gr.** Ekki varðar það sökunaut í opinberu refsimáli refsingu, þó að hann skýri rangt frá málavöxtum. Þeim manni skal ekki heldur refsað, sem rangt hefur skýrt frá atvikum vegna þess að réttar upplýsingar um þau hefðu getað bakað honum refsiábyrgð í slíku máli, eða hann hafði ástæðu til að halda, að svo væri.

□ [Hafi maður borið rangt fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem í 1. málsgr. 142. gr. getur, um atriði, sem honum var óheimilt að skýra frá eða heimilt að neita að gefa skýrslu um, má færa hegningu niður og jafnvel láta hana falla niður, ef málsbætur eru.][1)]

[1)] *L. 101/1976, 13. gr.*

■ **144. gr.** Hafi maður af stórfelldu gáleysi gerzt sekur um verknað, sem refsiverður væri eftir 142. gr. eða 2. mgr. 143. gr., ef um ásetningsverk hefði verið að ræða, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

■ **145. gr.** [Hafi maður, án þess að brot hans varði við ákvæði 142. gr., gefið opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu að viðlögðum drengskap eða á annan samsvarandi hátt, þar sem slík aðferð er boðin eða heimiluð, þá varðar það sektum eða varðhaldi, en fangelsi allt að 2 árum, ef sök er stórfelld.][1)]

[1)] *L. 101/1976, 14. gr.*

■ **146. gr.** Ef maður að öðru leyti gefur opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu um málefni, sem honum er skylt að gefa upplýsingar um, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum eða fangelsi allt að 4 mánuðum.

□ Ákvæði 1. málsgreinar 143. gr. koma hér til greina eftir því, sem við á.

■ **147. gr.** Ef maður annars lætur uppi ranga skriflega yfirlýsingu eða gefur skriflegt vottorð um eitthvað, sem honum er ekki kunnugt um, og það er ætlað til notkunar í dómsmálum, öðrum málefnum, sem varða hið opinbera eða gerðardómsmálum, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum eða fangelsi allt að 4 mánuðum.

■ **148. gr.** Hver, sem með rangri kæru, röngum framburði, rangfærslu eða undanskoti gagna, öflun falsgagna eða á annan hátt leitast við að koma því til leiðar, að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 10 árum. Við ákvörðun refsingar skal hafa hliðsjón af því, hversu þung hegning er lögð við broti því, sem sagt er eða gefið til kynna, að viðkomandi hafi drýgt. ...[1)] Hafi brot haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi fyrir nokkurn mann, þá skal refsað með fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.

□ Ákveða má í dómi, eftir beiðni þess, sem fyrir óréttinum hefur orðið, að niðurstaða dóms og það af forsendum hans, sem dómur telur hæfilegt, skuli birt að opinberri tilhlutan í einu eða fleirum opinberum blöðum eða ritum.

[1)] *L. 101/1976, 15. gr.*

■ **149. gr.** Hver, sem gerist sekur um rangan uppljóstur til yfirvalds um að refsiverður verknaður hafi verið framinn, svo og hver sá, sem ber fram rangar kærur við [forsetann],[1)] Alþingi, dómstóla eða yfirvald, skal sæta sektum eða varðhaldi, eða fangelsi allt að einu ári, ef miklar sakir eru.

[1)] *L. 100/1951, 4. gr.*

**XVI. kafli. Peningafals og önnur brot, er varða gjaldmiðil.**

■ **150. gr.** Hver, sem falsar peninga í því skyni að koma þeim í umferð sem ósviknum gjaldeyri, svo og hver sá, sem í sama skyni aflar sér eða öðrum falsaðra peninga, skal sæta fangelsi allt að 12 árum.

□ Sé fölsun framkvæmd á þann hátt, að skert er efnisverð gjaldgengrar myntar, skal refsingin vera fangelsi allt að 4 árum.

■ **151. gr.** Hver, sem lætur úti peninga, sem hann veit að eru falsaðir, skal sæta sömu refsingu sem hefði hann sjálfur falsað þá. Hafi hann haldið, að peningarnir væru ósviknir, þegar hann fékk þá, má beita varðhaldi eða sektum.

■ **152. gr.** Hver, sem lætur úti peninga, sem hann hefur grun um að séu falsaðir, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Hafi hann haldið, að peningarnir

væru ósviknir, þegar hann fékk þá, má beita sektum, og jafnvel, ef málsbætur eru, láta refsingu falla niður.

■ **153. gr.** Það varðar sektum að búa til, flytja inn eða dreifa út meðal manna hlutum, sem að gerð og frágangi líkjast mjög peningum eða verðbréfum, sem ætluð eru til þess að ganga manna á milli.

■ **154. gr.** Sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum skal sá sæta, sem án heimildar í lögum býr til, flytur inn eða lætur úti handhafabréf, sem notuð kunna að verða til þess að ganga sem gjaldmiðill manna á milli, hvort heldur almennt eða innan sérstaks flokks manna, eða vænta má, að notuð verði á þann hátt. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til erlendra peningaseðla.

**XVII. kafli. Skjalafals og önnur brot, er varða sýnileg sönnunargögn.**

■ **155. gr.** Hver, sem notar falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum, skal sæta fangelsi allt að 8 árum. Skal það einkum metið refsingu til þyngingar, ef skjalið er notað sem opinbert skjal, viðskiptabréf eða erfðaskrá.

□ Hafi aðeins verið um lítilræði að tefla, eða miklar málsbætur eru að öðru leyti, einkum ef fremjandi hefur ekki ætlað að baka öðrum tjón, má beita varðhaldi eða sektum.

■ **156. gr.** Sömu refsingu, sem í 155. gr. getur, skal sá sæta, sem notar skjal með ófalsaðri undirritun, til þess að blekkja með því í lögskiptum, enda hafi útgefandi þess verið gabbaður til að undirrita skjalið í þeirri trú, að það væri annað skjal eða skjal með öðru efni.

■ **157. gr.** Noti maður ófalsað skjal svo sem það varðaði annan mann en þann, sem það á við, eða með öðrum hætti gagnstætt því, sem til var ætlazt, og þetta er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, þá varðar það sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

■ **158. gr.** Ef maður tilgreinir eitthvað ranglega í opinberu skjali eða í bók eða í annars konar skjölum eða bókum, sem honum er skylt að gefa út eða rita, eða maður tilgreinir eitthvað ranglega í skjali eða bók, sem hann gefur út eða heldur í starfi, sem opinbera löggildingu þarf til að rækja, og það er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

□ Sömu refsingu varðar það að nota þess háttar röng gögn í lögskiptum, sem væru þau rétt að efni til.

■ **159. gr.** Nú hefur opinber stimpill eða merki, er sönnun skal veita fyrir því, að hlutur sé ósvikinn, eða fyrir uppruna hans, gæðum, tegund eða magni, verið sett á hlut án heimildar eða með fölsun, og skal þá sá, sem notar hlutinn til þess að blekkja aðra með honum í viðskiptum, sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

□ Sömu refsingu skal sá sæta, sem í sama skyni kemur því til leiðar með svikum, að þess háttar opinber stimpill eða merki sé sett á hluti, sem ekki eru til þess fallnir, eða notar slíka hluti.

□ Noti maður í sama skyni hluti, sem einkastimpill eða einkamerki hefur ranglega verið sett á, eða annað merki, sem á að segja til einhvers atriðis um hlutinn, sem máli skiptir í viðskiptum manna, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

□ Refsingu eins og að ofan greinir skal ennfremur sá sæta, sem í því skyni að blekkja í viðskiptum notar hluti, eftir að stimpill, merki eða annað auðkenni, sem löglega hafði verið á hlutinn sett, hefur verið numið burtu eða rangfært.

■ **160. gr.** Ef maður notar í atvinnuvegi sínum röng mælitæki eða vogaráhöld í því skyni að blekkja aðra í viðskiptum, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum eða varðhaldi. Sé sökin stórfelld, og eins ef manni verður slíkt á oftar, má þyngja hegningu allt að 6 ára fangelsi.

■ **161. gr.** Hver, sem notar fölsuð póstfrímerki, stimpilmerki eða önnur slík merki, sem notuð eru sem sönnun fyrir greiðslu opinberra gjalda, skal sæta fangelsi allt að 8 árum. Lægri refsingu að tiltölu skal sá sæta, sem notar stimpilmerki eða frímerki, sem áður hefur verið notað, eftir að merkið um notkunina hefur verið numið burtu.

□ Það varðar sektum að búa til, flytja inn eða dreifa út hlutum, sem að gerð og frágangi líkjast mjög stimpilmerkjum, póstfrímerkjum eða öðrum slíkum greiðslumerkjum.

■ **162. gr.** Hver, sem rangfærir sönnunargögn eða kemur fram með röng sönnunargögn í því skyni að hafa áhrif á úrslit dómsmáls, skal sæta fangelsi allt að 2 árum, varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru, enda varði brot ekki þyngri refsingu að lögum.

□ Hver, sem til þess að halla eða fyrirgera rétti annarra, eyðileggur sönnunargagn, kemur því undan eða gerir það ónothæft að öllu eða einhverju leyti, skal sæta fangelsi allt að 2 árum eða varðhaldi.

□ Nú hefur maður framið verknað þann, sem í 1. eða 2. málsgrein getur, á gögnum, sem kynnu að hafa orðið af atriði um sekt hans í opinberu máli, og er þá það verk refsilaust.

■ **163. gr.** Hver, sem í blekkingarskyni setur ranglega niður, flytur til, nemur á brott, rangfærir eða eyðileggur marksteina eða önnur merki, sem sýna skulu takmörk fasteignaréttinda, þar á meðal vatnsréttinda, skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða varðhaldi, eða sektum, ef brot er smáfellt.

**XVIII. kafli. Brot, sem hafa í för með sér almannahættu.**

■ **164. gr.** Valdi maður eldsvoða, sem hefur í för með sér almannahættu, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 6 mánuði.

□ Refsing skal þó ekki vera lægri en 2 ára fangelsi, hafi sá, er verkið vann, séð fram á, að mönnum mundi vera af því bersýnilegur lífsháski búinn eða eldsvoðinn mundi hafa í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.

■ **165. gr.** Fangelsi skal sá sæta, sem bakar öðrum tjón á lífi, líkama eða eignum, með því að valda sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, járnbrautar-, bifreiðar- eða loftfarsslysi eða öfðrum annarra slíkra farar- eða flutningatækja.

□ [Nú beitir maður, sem er í loftfari, ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða annarri ólögmætri aðferð til að ná valdi á stjórn loftfars eða grípur á annan hátt ólöglega inn í stjórn þess og flug, og varðar það fangelsi ekki skemur en 2 ár. Ef alveg sérstaklega stendur á, getur refsing orðið lægri. ...[1)]][2)]

□ [Sömu refsingu og í 2. mgr. þessarar greinar skal sá sæta sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi veitist að

mönnum sem staddir eru í flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð, enda valdi verknaður eða sé til þess fallinn að valda almannahættu.

☐ Ákvæði 166., 167. og 169. gr. eiga einnig við um brot á 2. og 3. mgr.][3]

[1] *L. 16/1990, 3. gr.* [2] *L. 41/1973, 3. gr.* [3] *L. 16/1990, 4. gr.*

■ **166. gr.** Hafi verknaður, sem lýst er í 164. eða 165. gr., verið framinn í þeim tilgangi að koma af stað uppreisn, fjöldaránum eða annarri slíkri röskun á þjóðskipulagi eða allsherjarreglu, þá skal beita fangelsisrefsingu, sem ekki sé skemmri en 4 ár.

■ **167. gr.** Ef brot, sem í 164. eða 165. gr. getur, er framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

■ **168. gr.** Ef maður raskar öryggi járnbrautarvagna, skipa, loftfara, bifreiða eða annarra slíkra farar- eða flutningatækja, eða umferðaröryggi á alfaraleiðum, án þess að verknaður hans varði við 165. gr., þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum eða varðhaldi.

☐ Ef brot er framið af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

■ **169. gr.** Sá maður skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, sem lætur hjá líða að gera það, sem í hans valdi stendur, til þess að vara við eða afstýra eldsvoða, sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, öðrum umferðarslysum eða þess háttar óförum, sem mönnum eða miklum verðmætum er búinn háski af, enda hefði hann getað gert það án þess að stofna verulegum hagsmunum sínum eða annarra í hættu.

■ **170. gr.** Hver, sem stofnar lífi manna eða heilsu í hættu með því að valda almennum skorti á drykkjarvatni eða setja skaðleg efni í vatnsból eða vatnsleiðslur, skal sæta fangelsi allt að 12 árum.

☐ Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári.

■ **171. gr.** Hafi[1] maður eitruð eða önnur hættuleg efni í muni, sem ætlaðir eru til sölu eða almennrar notkunar, þannig að heilbrigði manna sé hætta búin af venjulegri notkun þeirra, þá varðar það fangelsi allt að 10 árum.

☐ Sömu refsingu varðar það, ef slíkir munir, sem spilltir eru og skaðsamlegir heilsu manna í venjulegri notkun, eru látnir sæta meðferð, sem löguð er til að leyna skaðsemi þeirra.

☐ Sömu refsingu varðar það enn fremur að hafa á boðstólum eða vinna á annan hátt að útbreiðslu muna, sem spilltir eru á framangreindan hátt, ef leynt er þessari skaðsemi þeirra.

☐ Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

[1] *Á væntanlega að vera „Láti".*

■ **172. gr.** Ef maður, án þess að brot hans varði við 171. gr., hefur á boðstólum eða vinnur að því að útbreiða neyzluvörur, sem vegna skemmda eða af öðrum ástæðum eru hættulegar heilbrigði manna, eða hluti, sem við venjulega notkun eru hættulegir á sama hátt, og hann leynir þessari skaðsemi þeirra, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum, varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru.

☐ Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

■ **173. gr.** Hafi maður á boðstólum eða vinni að því að útbreiða sem læknislyf eða varnarmeðul við sjúkdómum muni, sem hann veit, að ekki eru til þess hæfir, og að notkun þeirra í þessu skyni er hættuleg lífi manna eða heilbrigði, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum eða varðhaldi.

☐ Sé brot framið af gáleysi, varðar það sektum eða varðhaldi.

■ **[173. gr. a.** Hver, sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt, skal sæta fangelsi allt að 10 árum.

☐ Sömu refsingu skal sá sæta, sem gegn ákvæðum nefndra laga framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt, sem greint er í 1. mgr.][1]

[1] *L. 64/1974, 1. gr.*

■ **174. gr.** Ef lífi eða heilbrigði húsdýra er stofnað í hættu á þann hátt, sem í 170. – 173. gr. getur, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

■ **175. gr.** Hver, sem veldur hættu á því, að næmur sjúkdómur komi upp eða berist út meðal manna, með því að brjóta gegn lagafyrirmælum um varnir gegn næmum sjúkdómum eða varúðarreglum yfirvalda, sem þar að lúta, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Refsingin getur þó orðið fangelsi allt að 6 árum, ef um sjúkdóma er að ræða, sem hið opinbera hefur gert sérstakar ráðstafanir til að hefta eða afstýra, að berist hingað til lands.

☐ Hver, sem á framangreindan hátt veldur hættu á því, að húsdýra- eða jurtasjúkdómar komi upp eða berist út, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

☐ Sé brot samkvæmt grein þessari framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

**XIX. kafli. Ýmis brot á hagsmunum almennings.**

■ **176. gr.** Ef maður veldur með ólögmætum verknaði verulegri truflun á rekstri almennra samgöngutækja, opinberum póst-, síma- eða útvarpsrekstri eða rekstri stöðva eða virkjana, sem almenningur fær frá vatn, gas, rafmagn, hita eða aðrar nauðsynjar, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

☐ Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum.

■ **177. gr.**[1] Hver, sem tekur burtu, ónýtir eða skemmir opinber minnismerki eða hluti, sem ætlaðir eru til almennings nota eða skrauts, eða hluti, sem teljast til opinberra safna eða eru sérstaklega friðaðir, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

[1] *Sjá l. 88/1989, 52. gr.*

■ **178. gr.** Hver, sem í því skyni að blekkja aðra í viðskiptum falsar eða líkir eftir vöru eða hefur slíka vöru á boðstólum, skal sæta fangelsi allt að 2 árum, varðhaldi eða sektum.

■ **179. gr.** ...[1]

[1] *L. 21/1957, 22. gr.*

1940 Nr. 19 12. febr.

1940 Nr. 19 12. febr.

**XX. kafli. Brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu.**

■ **180. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 42/1985, 10. gr.*

■ **181. gr.** Nú þykir lögreglustjóra ástæða til að ætla, að maður hafi ekki ofan af fyrir sér á löglegan hátt, og er hann þá skyldur að skýra frá, af hverju hann hafi framfærslu sína og færa rök að. Ef hann gerir það ekki, eða hann aflar sér framfærslu með ólöglegu móti, svo sem með sölu á bannvöru, fjárhættuspili eða lauslæti eða fær viðurværi sitt frá kvenmanni, sem hefur ofan af fyrir sér með lauslæti, þá skal refsa honum með fangelsi allt að 2 árum, enda liggi ekki þyngri refsing við eftir öðrum lögum.

■ **182. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 101/1976, 1. gr.*

■ **183. gr.** Sá, sem gerir sér fjárhættuspil eða veðmál að atvinnu eða það að koma öðrum til þátttöku í þeim, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

□ Ákveða skal með dómi, hvort vinningi af fjárhættuspili eða veðmáli skuli skilað aftur eða hvort hann skuli gerður upptækur.

■ **184. gr.** Hver, sem aflar sér tekna beint eða óbeint með því að láta fjárhættuspil eða veðmál fara fram í húsnæði, er hann hefur umráð yfir, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

■ **185. gr.** Ef maður í atvinnuskyni beitir blekkingum eða svikum til þess að koma manni til að flytjast af landi brott, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

■ **186. gr.** Nú vinnur maður í heimildarleysi starf, sem opinbert leyfi eða viðurkenningu þarf til að gegna, og skal hann þá sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári, ef ekki er ákveðin sérstök refsing við brotinu í öðrum lögum.

□ Nú hefur félagi verið slitið í bráð með yfirvaldsráðstöfun eða til fullnaðar með dómi, og skulu þá þeir, er halda félagsskapnum áfram eða ganga í hann eftir það, sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

■ **187. gr.** Hafi maður fengið opinbert leyfi til einhverrar einkastarfsemi eða atvinnurekstrar, sem ekki er heimilt að stunda án slíks leyfis, og hann brýtur síðan gegn skyldum gagnvart hinu opinbera, sem slíku leyfi eru samfara, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi, ef ekki er ákveðin sérstök refsing við brotinu í öðrum lögum.

**XXI. kafli. Sifskaparbrot.**

■ **188. gr.** Ef kvæntur maður eða gift kona gengur að eiga aðra konu eða annan mann, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða, ef hinum aðiljanum var ókunnugt um fyrra hjónabandið, fangelsi allt að 6 árum.

□ Sé brot framið af stórfelldu gáleysi, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

□ Ókvæntur maður eða ógift kona, sem gengur að eiga gifta konu eða kvæntan mann, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári. Nú skal hjónaband ekki sæta ógildingu, og má þá dæma sektir eða varðhald eða jafnvel láta refsingu falla niður.

■ **189. gr.** Hver, sem gengur í hjónaband, er ógilda skal vegna skyldleika aðiljanna, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

■ **190. gr.** Holdlegt samræði milli foreldra og barna og milli annarra ættingja í beinan ættlegg, varðar foreldra allt að 4 ára fangelsi, og allt að 6 ára fangelsi, sé barnið yngra en 18 ára, og börnin, séu þau eldri en 18 ára, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

□ Holdlegt samræði milli systkina varðar varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Hafi aðili ekki náð 16 ára aldri, má ákveða, að refsing falli niður að því er hann varðar.

■ **191. gr.** Ef nokkur misbýður með stórfelldri vanrækslu eða móðgunum eiginkonu sinni eða eiginmanni, barni sínu eða öðru barni eða ungling undir 18 ára aldri, sem hann hefur til umsjónar eða fósturs, eða manni, sem er skyldur honum eða tengdur í beinan legg upp á við, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

□ Varðhaldi eða sektum skal sá sæta, sem af þverúð vanrækir framfærsluskyldu sína eða skyldu til meðlagsgreiðslu gagnvart nokkrum framangreindra aðilja, sem af því geta orðið bjargþrota.

□ Ákveða má, að sök samkvæmt grein þessari skuli niður falla, ef sá æskir þess, sem misgert var við.

■ **192. gr.** Hver, sem rangfærir sönnun fyrir faðerni barns eða móðerni með rangri eða ófullnægjandi skýrslu til yfirvalds þess, sem tekur við tilkynningum um fæðingar, skal sæta varðhaldi eða sektum.

□ Láta má refsingu falla niður, þegar svo ber við, að barn, sem gift kona hefur getið utan hjónabands, hefur verið tilkynnt sem hjónabandsbarn og eiginmaður hennar hefur samþykkt það.

■ **193. gr.** Hver, sem sviptir foreldra eða aðra rétta aðilja valdi eða umsjá yfir barni, sem ósjálfráða er fyrir ásku sakir, eða stuðlar að því, að það komi sér undan slíku valdi eða umsjá, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt.

**XXII. kafli. Skírlífisbrot.**

■ **194. gr.** Ef kvenmanni er þröngvað til holdlegs samræðis með ofbeldi eða frelsissviptingu, eða með því að vekja henni ótta um líf, heilbrigði eða velferð hennar sjálfrar eða náinna vandamanna hennar, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða ævilangt.

□ Sömu refsingu skal sá sæta, sem kemst yfir kvenmann með því að svipta hana sjálfræði sínu.

■ **195. gr.** Hver, sem hefur samræði utan hjónabands við kvenmann, sem er geðveik eða fáviti, eða þannig er ástatt um, að hún getur ekki spornað við samræðinu eða skilið þýðingu þess, skal sæta fangelsi allt að 8 árum.

■ **196. gr.** Ef maður neyðir kvenmann til holdlegs samræðis með því að hóta henni ofbeldi, frelsissviptingu, sakburði um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hennar, eða öðru verulegu óhagræði, þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum, enda varði brotið ekki við 194. eða 195. gr.

■ **197. gr.** Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, geðveikrahæli, fávitahæli, uppeldisstofnun eða annarri slíkri stofnun hefur samræði við kvenmann, sem komið hefur verið fyrir á hælinu eða stofnuninni, þá varðar það fangelsi allt að 4 árum.

■ **198. gr.** Hver, sem kemst yfir kvenmann utan hjónabands með því að misnota freklega þá aðstöðu sína, að kvenmaðurinn er háður honum fjárhagslega eða í atvinnu sinni, þá varðar það fangelsi allt að 1 ári, eða, sé kvenmaðurinn yngri en 21 árs, allt að 3 árum.

■ **199. gr.** Hver, sem kemst yfir kvenmann vegna þess að hún heldur ranglega, að þau hafi samræði í hjóna-

1940 Nr. 19 12. febr.

bandi, eða hún er í þeirri villu, að hún heldur sig hafa samræði við einhvern annan mann, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.

■ **200. gr.** Hver, sem á samræði við barn, yngra en 14 ára, skal sæta fangelsi allt að 12 árum.

□ Hver, sem tælir stúlkubarn, sem er á aldursskeiði frá 14–16 ára, til samræðis, skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

■ **201. gr.** Ef maður hefur samræði við stúlku, yngri en 18 ára, sem er kjördóttir hans eða fósturdóttir, eða honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

■ **202. gr.** Hafi nokkur, þegar svo er ástatt, sem í 194. – 201. gr. segir, gerzt sekur um önnur kynferðismök en samræði, þá skal beita vægari hegningu að tiltölu.

■ **203. gr.** Það varðar fangelsi allt að 6 árum að hafa kynferðismök við persónu af sama kyni, þegar atvik að öðru leyti svara til þess, er í 194. – 198. gr. og fyrri mgr. 200. gr. segir.

□ Eigi nokkur kynferðismök við persónu af sama kyni, yngri en 18 ára, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum fyrir þann, sem eldri er en 18 ára. Ákveða má þó, að refsing skuli niður falla, ef báðir aðiljar eru á svipuðu aldurs- og þroskaskeiði.

□ Hver, sem hefur kynferðismök við persónu af sama kyni á aldrinum 18 til 21 árs, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, ef hann hefur beitt yfirburðum aldurs og reynslu til þess að koma hinum til að taka þátt í mökunum.

■ **204. gr.** Hafi brot samkvæmt 195., 200., 201. eða 203. gr. verið framið í gáleysi um andlegt ástand eða aldur þess, er fyrir broti varð, þá skal beita vægari refsingu að tiltölu, sem þó má ekki fara niður úr lægsta stigi varðhaldsvistar.

■ **205. gr.** Refsing samkvæmt 194. – 202. og 204. gr. má falla niður, ef persónur þær, er kynferðismökin hafa gerzt í milli, hafa síðar gengið að eigast, eða, ef þau voru þá í hjónabandi, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram hjúskaparsambúð.

■ **206. gr.** Ef maður stuðlar að því í ávinningsskyni með ginningum, hvatningum eða milligöngu, að aðrir hafi holdlegar samfarir eða önnur kynferðismök, eða gerir sér annars lauslæti annarra að tekjulind, skal hann sæta fangelsi allt að 4 árum.

□ Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða ungling, yngri en 18 ára, til þess að hafa ofan af fyrir sér með lauslæti.

□ Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að útflutningi nokkurs manns úr landi í því skyni að hann hafi ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti, ef útflytjandinn er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang með utanförinni.

■ **207. gr.** Hver, sem hefur kynferðismök við annan mann, sama kyns, fyrir borgun, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

■ **208. gr.** Nú hefur maður, sem sæta skal refsingu eftir 206. eða 207. gr., áður verið dæmdur fyrir brot á þeim greinum eða 181. gr., eða hann hefur áður verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir auðgunarbrot, og má þá þyngja refsingu svo, að við hana sé bætt allt að helmingi hennar.

■ **209. gr.** Hver, sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis, skal sæta fangelsi allt að 3 árum, varðhaldi eða sektum.

■ **210. gr.** Ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum, sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

□ Sömu refsingu varðar það að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt.

□ Það varðar ennfremur sömu refsingu, að láta af hendi við unglinga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti.

**XXIII. kafli. Manndráp og líkamsmeiðingar.**

■ **211. gr.** Hver, sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi, ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt.

■ **212. gr.** Ef móðir deyðir barn sitt í fæðingunni eða undir eins og það er fætt, og ætla má, að hún hafi gert það vegna neyðar, ótta um hneisu eða sökum veikleiks eða ruglaðs hugarástands, sem hún hefur komizt í við fæðinguna, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.

□ Ef aðeins er um tilraun að ræða, og barnið hefur ekki beðið neitt tjón, má láta refsingu falla niður.

■ **213. gr.** Hver, sem sviptir annan mann lífi fyrir brýna beiðni hans, skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða varðhaldi ekki skemur en 60 daga.

■ **214. gr.** Ef maður stuðlar að því, að annar maður ræður sér sjálfur bana, þá skal hann sæta varðhaldi eða sektum. Sé það gert í eigingjörnum tilgangi, skal refsa með fangelsi allt að 3 árum.

■ **215. gr.** Ef mannsbani hlýzt af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

■ **216. gr.** Kvenmaður, sem deyðir fóstur sitt, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Ef sérstaklega ríkar málsbætur eru fyrir hendi, má ákveða, að refsing falli niður. Mál skal ekki höfða, ef 2 ár eru liðin frá því að brot var framið. Ónothæf tilraun er refsilaus.

□ Hver, sem með samþykki móður deyðir fóstur hennar eða ljær henni lið sitt til fóstureyðingar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum. Sé um mikla sök að ræða, einkum ef verknaðurinn er framinn í ávinningsskyni eða hann hefur haft í för með sér dauða eða stórfellt heilsutjón móður, skal beita allt að 8 ára fangelsi. Hafi verkið verið framið án samþykkis móður, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 12 árum.

■ **217. gr.** [Hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segir, skal sæta sektum eða varðhaldi, en fangelsi allt að 1 ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaverð.

□ Málssókn er opinber út af broti samkvæmt 1. málsgr., og skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist þess.][1)]

[1)] *L. 20/1981, 10. gr.*

■ **218. gr.** [Hafi maður með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar árásarinnar verða taldar honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru.

□ Nú hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón af árás eða brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þ. á m. tækja, sem notuð eru, svo og þegar sá, er sætir

líkamsárás, hlýtur bana af atlögu, og varðar brot þá fangelsi allt að 16 árum.][1)]

[1)] *L. 20/1981, 11. gr.*

■ [**218. gr. a.** Nú hefur sá, sem dæmdur er sekur um brot á 217. eða 218. gr., áður sætt refsingu samkvæmt þeim greinum eða honum hefur verið refsað fyrir brot, sem tengt er að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi, og má þá hækka refsingu allt að helmingi.

□ Samþykki til líkamsárásar veldur því, að refsingu, sem ella væri unnið til, má lækka. Nú varðar verknaður við 217. gr., og verður þá ekki refsað, þegar samþykki liggur fyrir.

□ Nú er líkamsárás unnin í áflogum eða átökum milli þess, sem henni veldur, og þess, sem misgert er við, og er þá heimilt að lækka refsingu eða jafnvel láta hana falla niður, þegar verknaður á undir 217. gr. Sama er, ef sá, sem verður fyrir tjóni, á upptök að átökum með árás, ertingum eða líku.][1)]

[1)] *L. 20/1981, 12. gr.*

■ **219. gr.** Ef tjón á líkama eða heilbrigði, slíkt sem í 218. gr. getur, hlýzt af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

■ **220. gr.** Hver, sem kemur manni í það ástand, að hann er án bjargar, eða yfirgefur mann, sem hann átti að sjá um, í slíku ástandi, skal sæta fangelsi allt að 8 árum.

□ Hafi móðir yfirgefið barn sitt bjargarvana þegar eftir fæðingu þess, og ætla má, að það sé gert af sams konar ástæðum og í 212. gr. getur, má beita vægari refsingu að tiltölu og jafnvel láta refsingu falla niður, ef barnið hefur ekkert teljanlegt tjón beðið.

□ Refsingu, sem í 1. mgr. segir, skal sá sæta, sem úthýsir ferðamanni eða segir honum rangt til vegar, enda hefði hann átt að geta séð, að ferðamanninum myndi verða að því háski búinn.

□ Varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum skal sá sæta, sem í ábataskyni, af gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu annarra í augljósan háska.

■ **221. gr.** Láti maður farast fyrir að koma manni til hjálpar, sem staddur er í lífsháska, þótt hann gæti gert það án þess að stofna lífi eða heilbrigði sjálfs sín eða annarra í háska, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

□ Sömu hegningu skal sá sæta, sem ekki annast um, að neytt sé þeirra bjargarmeðala, sem fyrir hendi eru, til þess að lífga þá, sem líf kann að leynast með, en líta út eins og dauðir, eða viðhefur ekki þær aðferðir, sem boðnar eru þeim til umönnunar, sem lent hafa í skipreika eða öðrum svipuðum óförum.

■ **222. gr.** Hver, sem vísvitandi eða af gáleysi fær barni, yngra en 15 ára, geðveikum manni, fávita eða ölvuðum manni hættulega muni eða efni í hendur, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

■ **223. gr.** Ef maður vanrækir að sjá barnshafandi kvenmanni, sem er á vegum hans, fyrir nauðsynlegri fæðingarhjálp, svo að lífi eða heilbrigði barns eða móður er af því hætta búin, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

■ **224. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 101/1976, 1. gr.*

**XXIV. kafli. Brot gegn frjálsræði manna.**

■ **225. gr.** Ef maður neyðir annan mann til þess að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta hjá líða að gera eitthvað með því að beita líkamlegu ofbeldi eða hóta honum að beita hann eða nána vandamenn hans líkamlegu ofbeldi eða frelsissviptingu eða að hafa upp rangan sakburð um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hans eða náinna vandamanna hans, eða annan slíkan sakburð, þótt sannur sé, ef nauðungin á ekki nægilegan rétt á sér sökum þess málefnis, sem hótunin beinist að, eða loks með því að hóta honum að valda verulegum skemmdum eða eyðileggingu á eignum hans, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

■ **226. gr.** Hver, sem sviptir annan mann frelsi sínu, skal sæta fangelsi allt að 4 árum, eða varðhaldi, ef málsbætur eru.

□ Hafi frelsissvipting verið framin í ávinningsskyni eða verið langvarandi, svo og ef maður hefur verið settur í heimildarleysi á geðveikrahæli, fluttur burt í önnur lönd eða fenginn mönnum á vald, sem ekki eiga neinn rétt á því, þá skal beita fangelsisrefsingu ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða ævilangt.

■ **227. gr.** Hafi brot, sem í 2. mgr. 226. gr. getur, verið framið af stórfelldu gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

**XXV. kafli. Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.**

■ **228. gr.** Ef maður hnýsist í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn, sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns, og hann hefur komizt yfir gögnin með brögðum, opnað bréf, farið í læsta hirzlu eða beitt annarri áþekkri aðferð, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

□ Sömu refsingu varðar það að ónýta eða skjóta undan einkagögnum þeim, sem nefnd eru í 1. málsgrein.

□ Sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum skal sá sæta, sem hnýsist í hirzlur annars manns án nægilegra ástæðna.

■ **229. gr.** Hver, sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

■ **230. gr.** Ef maður, sem hefur eða haft hefur með höndum starf, sem opinbera skipun, leyfi eða viðurkenningu þarf til að rækja, segir frá einhverjum einkamálefnum, sem leynt eiga að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu, þá varðar það sektum eða varðhaldi. Sömu refsingu varðar einnig sams konar verknaður þeirra manna, sem aðstoðað hafa ofangreinda menn í starfi þeirra.

■ **231. gr.** Ef maður ryðst heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns, eða annan honum óheimilan stað, eða synjar að fara þaðan, þegar skorað er á hann að gera það, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum. Þó má beita varðhaldi á hærra stigi eða fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru, svo sem ef sá, sem brot framdi, var vopnaður eða beitti ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða brot er framið af fleirum saman.

■ **232. gr.** [Ef maður, þrátt fyrir áminningu lögreglunnar, raskar friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á

annan svipaðan hátt, þar á meðal með símhringingum, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Áminning lögreglunnar hefur gildi í 5 ár.][1)]

□ Hver, sem opinberlega leggur annan mann í einelti með vísvitandi ósönnum skýrslum, sem lagaðar eru til þess að lækka hann í áliti almennings, sæti sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

[1)] *L. 16/1976, 4. gr.*

■ **233. gr.** Hver, sem hefur í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað, og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

■ [**233. gr. a.** Hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar eða trúarbragða sæti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.][1)]

[1)] *L. 96/1973, 1. gr.*

■ **234. gr.** Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

■ **235. gr.** Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

■ **236. gr.** Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

□ Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

■ **237. gr.** Ef maður bregður manni brigzlum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum, þótt hann segi satt.

■ **238. gr.** Ekki er heimilt að færa fram í máli út af meiðyrðum sönnur fyrir refsiverðum verknaði, sem sá, er þeirri sök er borinn, hefur verið sýknaður af með fullnaðardómi í opinberu refsimáli hér á landi eða erlendis.

□ Hafi maður, er sætt hefur refsidómi fyrir einhvern verknað, síðar öðlazt uppreist æru, er ekki heimilt að bera hann framar þeim sökum, og leysir sönnun því ekki undan refsingu, er svo stendur á.

■ **239. gr.** Heimilt er að láta refsingu samkvæmt 234. og 235. gr. falla niður, ef tilefni ærumeiðingar var ótilhlýðilegt hátterni þess manns, sem telur sér misboðið, eða hann hefur goldið líku líkt.

■ **240. gr.** Sé ærumeiðingum beint að dánum manni, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

■ **241. gr.** Í meiðyrðamáli má dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert var við.

□ Dæma má þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.

■ **242. gr.** Brot þau, sem í þessum kafla getur, skulu sæta ákæru svo sem hér segir:

1. Brot gegn ákvæðum 233. gr. sæta opinberri ákæru.
2. a. Brot gegn ákvæðum 230., 231. og 232. gr. sæta opinberri ákæru eftir kröfu þess manns, sem misgert var við.

b. Hafi ærumeiðandi aðdróttun verið beint að manni, sem er eða verið hefur opinber starfsmaður, og aðdróttunin varðar að einhverju leyti það starf hans, eða hún myndi, ef sönn væri, baka honum embættis- eða sýslunarmissi, þá skal slíkt brot sæta opinberri ákæru eftir kröfu hans.

c. Hafi ærumeiðandi aðdróttun verið borin fram skriflega, en annaðhvort nafnlaust eða með rangri eða tilbúinni undirskrift, skal brotið sæta opinberri ákæru, ef sá krefst þess, sem misgert var við.

3. Mál út af öðrum brotum getur sá einn höfðað, sem misgert er við.

**XXVI. kafli. Auðgunarbrot.**

■ **243. gr.** Fyrir brot þau, er í þessum kafla getur, skal því aðeins refsa, að þau hafi verið framin í auðgunarskyni.

■ **244. gr.** Þjófnaður á fjármunum eða orkuforða varðar fangelsi allt að 6 árum.

□ Ef þjófnaðarbrot er sérstaklega stórfellt, svo sem vegna verðmætis þess, sem stolið var, eða hvernig hinu stolna eða geymslu þess var háttað, vegna aðferðarinnar, sem höfð var við þjófnaðinn, eða hættu, sem honum var samfara, svo og þegar þjófnaður er framinn af mörgum í sameiningu eða sami maður hefur gerzt sekur um marga þjófnaði, þá skal refsing að jafnaði ekki vera lægri en 3 mánaða fangelsi.

■ **245. gr.** Gripdeild varðar sömu refsingu sem þjófnaður.

■ **246. gr.** Ef maður kastar eign sinni á fundna muni eða muni, sem án aðgerða hans eru komnir í vörzlur hans, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

■ **247. gr.** Dragi maður sér fjármuni eða önnur verðmæti, sem hann hefur í vörzlum sínum, en annar maður er eigandi að, án þess þó að verknaðurinn varði við 246. gr., þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum.

□ Hafi maður notað peninga annars manns heimildarlaust í sjálfs sín þarfir, þá skal honum refsað fyrir það samkvæmt 1. mgr., hvort sem honum hefur verið skylt að halda peningunum aðgreindum frá sínu fé eða ekki.

■ **248. gr.** Ef maður kemur öðrum manni til að hafast eitthvað að eða láta eitthvað ógert með því á ólögmætan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik, og hefur þannig fé af honum eða öðrum, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.

■ **249. gr.** Ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þyngja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi.

■ **250. gr.** Fyrir skilasvik skal refsa með allt að 6 ára fangelsi hverjum þeim, sem sekur gerist um eftirgreinda verknaði:

1. Synjar fyrir að hafa tekið við peningaláni eða öðru láni til eignar eða greiðslu, sem endurgjald á að koma fyrir, eða synjar efnda á skyldu með rangri notkun sönnunargagna.
2. Selur, veðsetur, tekur undir sig eða ráðstafar á annan hátt fjármunum sínum, sem annar maður hefur

eignazt þau réttindi yfir, að verknaðurinn verður ekki samrýmdur réttindum hans.

3. Hefst nokkuð það að, eftir að bú hans hefur verið tekið til skipta sem þrotabú, eða eftir að tilraunir til nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi hans eru byrjaðar, sem miðar að því, að eigur eða kröfur búsins komi ekki lánardrottnum þess að gagni.

4. Skerðir rétt einhvers lánardrottins síns til þess að öðlast fullnægju af eignum hans með því að gefa rangar upplýsingar, með undanskoti eigna, málamyndagerningum, ótilhlýðilega miklum gjöfum eða mikilli eyðslu, sölu eigna fyrir óhæfilega lágt verð, greiðslu eða tryggingu ógjaldkræfra krafna eða tiltölulega hárra gjaldkræfra krafna, stofnun nýrra skulda, sem að mun rýra efnahag hans, eða með öðrum svipuðum hætti.

☐ Nú hefur verknaður, sem í 4. tölulið getur, verið framinn til þess að draga taum einhvers lánardrottins öðrum til tjóns, og skal þá því aðeins refsa lánardrottninum, að hann hafi komið skuldunaut til að framkvæma ívilnunina á þeim tíma, er lánardrottinn sá, að gjaldþrot eða greiðslustöðvun vofði yfir.

☐ Nú hefur brot verið framið, sem lýst er í 4. tölulið, án þess að nokkur sérstaklega tryggður réttur sé skertur eða án þess að árangurslaus aðfarargerð, gjaldþrot eða samningsráðstafanir um nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar hafi á eftir fylgt, og skal þá því aðeins mál höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

■ **251. gr.** Hver, sem hefur fé af öðrum með því að hóta manni að beita hann eða nána vandamenn hans líkamlegu ofbeldi, svipta hann eða þá frelsi, eða að hafa upp rangan sakburð um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hans eða náinna vandamanna hans, eða annan slíkan sakburð, þótt sannur sé, ef nauðungin á ekki nægilegan rétt á sér vegna málefnis þess, er hótunin beinist að, eða loks með því að hóta honum að valda verulegum skemmdum eða eyðileggingu á eignum hans, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

■ **252. gr.** Hver, sem með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað tekur af manni eða neyðir út úr manni fjármuni eða önnur verðmæti, kemur undan hlut, sem verið er að stela, eða neyðir mann til þess að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, sem hefur í för með sér fjárhagstjón fyrir þann mann eða aðra, skal sæta fangelsi ekki skemur en 6 mánuði og allt að 10 árum. Hafi mjög mikil hætta verið samfara ráninu, getur refsingin þó orðið allt að 16 ára fangelsi.

■ **253. gr.** Hafi maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér með löggerningi hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig að bersýnilegur munur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, sem fyrir þá koma eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

■ **254. gr.** Ef maður heldur, án þess að verknaður hans varði við ákvæði 244., 245. eða 247. – 252. gr., ólöglega fyrir eigandanum hlut eða öðru verðmæti, sem aflað hefur verið á þann hátt, er í þeim greinum segir, tekur þátt í ávinningnum af slíku broti, aðstoðar annan mann til þess að halda slíkum ávinningi eða stuðlar að því á annan hátt, að halda við ólöglegum afleiðingum brotsins, þá skal honum refsað með allt að 4 ára fangelsi. Refsing má þó vera varðhald eða sektir, ef sá, sem fyrir sök er hafður, hafði í upphafi komizt ráðvandlega að verðmætum þeim, er aflað hafði verið með auðgunarbroti.

☐ Nú standa brot þau, er í 1. mgr. segir, í sambandi við verknað, er varðar við 246. eða 253. gr., og skal þá refsað með sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

■ **255. gr.** Nú hefur maður, sem til refsingar skal dæma fyrir eitthvert auðgunarbrota þeirra, sem hér að framan greinir, áður verið dæmdur fyrir auðgunarbrot, og má þá hækka refsinguna um allt að helmingi af þeirri refsingu, sem hann hefði annars hlotið. Hafi hann áður verið dæmdur oftar en einu sinni fyrir auðgunarbrot, þá má refsingin vera tvöfalt þyngri, og þegar svo stendur á, getur refsing fyrir rán orðið ævilangt fangelsi.

■ **256. gr.** Nú hefur eitthvert brot verið framið, sem varðar við 244. – 250. gr., 253. eða 254. gr., en einungis er um smáræði að tefla, og má þá, ef sökunautur hefur ekki áður verið dæmdur fyrir auðgunarbrot, færa refsingu niður í varðhald eða sektir, eða jafnvel láta hana falla að öllu leyti niður.

☐ [Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 7000 krónum og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefur ekki áður reynst sekur um auðgunarbrot skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist þess.][1)]

☐ Nú hefur brot, sem í 244. – 250. og 254. gr. getur, komið niður á nánum vandamanni, og má þá láta málssókn falla niður, ef vandamaðurinn æskir þess.

[1)] *L. 42/1985, 11. gr.*

## XXVII. kafli. Ýmis brot, er varða fjárréttindi.

■ **257. gr.** Hver, sem ónýtir eða skemmir eigur annars manns eða sviptir hann þeim, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

☐ Hafi mikil eignaspjöll verið gerð, eða brot er að öðru leyti sérstaklega stórfellt, eða hafi hinn seki verið áður dæmdur fyrir brot á ákvæðum þessarar greinar eða 164., 165., fyrri mgr. 168., fyrri mgr. 176. eða 177. greinar, þá má beita fangelsi allt að 6 árum. [Sama er, ef eignaspjöll beinast að loftfari.][1)]

☐ Ef verknaður, sem lýst er í 2. mgr. hér að ofan, hefur verið framinn af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

☐ Mál út af brotum, sem í 1. og 3. mgr. getur, skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

[1)] *L. 41/1973, 4. gr.*

■ **258. gr.** Ef maður kemur í veg fyrir það með spjöllum á eignum sínum eða undanskoti þeirra, að lánardrottnar hans, einn eða fleiri, geti fengið greiðslu af þeim, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

☐ Um málshöfðun út af brotum samkvæmt þessari grein fer eftir sömu reglum sem í síðustu mgr. 250. gr. getur.

■ **259. gr.** [Hver, sem heimildarlaust notar bifreið annars manns, flugfar, skip eða önnur vélknúin farartæki, skal sæta varðhaldi, fangelsi allt að 4 árum eða sektum, ef brot er smávægilegt eða sérstakar málsbætur eru.

☐ Ef maður notar ella hlut annars manns heimildarlaust og veldur honum með því tjóni eða verulegum óþægindum, þá varðar það sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

☐ Hver, sem aftrar öðrum manni að neyta réttar síns til

1940 Nr. 19 12. febr.

umráða yfir hlut, sem hann hefur í vörzlum sínum, eða til þess að halda honum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

□ Mál út af brotum, sem í 2. og 3. mgr. getur, skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við.][1)]

[1)] *L. 20/1956, 1. gr.*

■ **260. gr.** Hver, sem gerist sekur um gertæki, skal sæta sektum. Út af broti þessu skal ekki höfða opinbera málssókn.

■ **261. gr.** Hafi maður drýgt athafnir sams konar þeim, sem í 248. – 250. gr. getur, án þess að auðgunartilgangur þyki sannaður, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

■ **262. gr.** Ef bókhaldsskyldur maður lætur hjá líða að halda lögskyldar bækur eða gerist sekur um stórfellda óreglusemi í bókhaldinu, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

■ **263. gr.** Ef maður kaupir eða tekur við hlutum, sem fengnir hafa verið með auðgunarglæp, og hann hefur við móttökuna eða kaupin sýnt af sér stórfellt gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi. Ef brot er ítrekað, eða hafi sökunautur áður gerzt sekur um auðgunarbrot, þá má beita fangelsi allt að 6 mánuðum.

**XXVIII. kafli. Ákvæði um bætur, brottfall erfðaréttar o. fl.**

■ **264. gr.** Nú á maður að lögum að svara bótum fyrir spjöll á líkama eða frelsi annars manns, eða maður hefur reynzt sekur um refsiverða meingerð gegn persónu, friði eða æru annars manns eða aðra meingerð, sem telja má drýgða af illfýsi, og má þá dæma hann til að greiða þeim, sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón, ef því er að skipta, fégjald fyrir þjáningar, hneisu, óþægindi, lýti og óprýði, svo og fyrir röskun á stöðu eða högum.

□ Dæma má þann, sem ábyrgð ber að lögum á dauða annars manns, til að greiða þeim, sem við það hefur misst framfæranda, bætur fyrir tjón það, er ætla má, að af því leiði fyrir hann. Ákveða má bæturnar með tiltekinni fjárhæð í eitt skipti fyrir öll eða með fjárframlögum, sem greiðist á tilteknum tímum, og skal þá jafnframt ákveða, hvort trygging skuli sett fyrir greiðslu þeirra. Þegar svo stendur á, sem í þessari málsgrein segir, má einnig dæma bætur fyrir röskun á stöðu og högum.

□ Krafa um bætur fyrir annað tjón en fjártjón gengur í erfð, hafi hún verið viðurkennd, einkamál verið höfðað til heimtu hennar eða viðurkenningar eða hún hefur verið gerð fyrir dómi í opinberu máli eða komið fram í málshöfðunarskipun eða stefnu. Ekki má framselja slíka kröfu, nema hún sé viðurkennd eða dæmd.

■ **265. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 8/1962, 62. gr.*

■ **266. gr.** Hafi fangi, sem ekki er að taka út refsingu, eða fangi, sem afplánar dagsektir eða meðlagsgreiðslur, gerzt sekur um agabrot, má ákveða honum sömu viðurlög og mælt er í 47. gr. um varðhaldsfanga, eftir því, sem nánar skal ákveðið [með reglugerð].[1)] Þó mega þau viðurlög ekki hafa í för með sér lenging fangelsisvistarinnar.

□ Beita má ákvæðum 48. gr. um slíka fanga eftir því, sem við á.

[1)] *L. 100/1951, 4. gr.*

■ **267. gr.** Nú hefur barn framið brot, áður en það varð 15 ára gamalt, og skal þá lögreglustjóri í samráði við barnaverndarnefnd (skólanefnd) beita hæfilegum uppeldis- og öryggisráðstöfunum. Ef nauðsyn ber til af þessum sökum að svipta mann foreldravaldi yfir barni, getur dómsmálaráðherra gert það, og getur hann einnig tekið ákvörðun um það, að forsjá barns skuli falin öðrum. Mega þær ráðstafanir haldast til 18 ára aldurs.

1940 Nr. 19 12. febr.

**XXIX. kafli. Um gildistöku laganna o. fl.**

■ **268. gr.** Nú er heimilað að dæma í refsivist eftir lögum, sem ekki eru felld úr gildi með þessum lögum, og skal þá breyta tegundum refsivistar sem hér segir:

Fyrir fangelsi, án nánari tilgreiningar, og fyrir fangelsi við venjulegt fangaviðurværi kemur varðhald eða fangelsi allt að 2 árum.

Fyrir einfalt fangelsi kemur varðhald.

Fyrir fangelsi við vatn og brauð kemur fangelsi um fjórum sinnum lengri tíma, þó ekki skemur en 12 daga.

Fyrir hegningarvinnu kemur fangelsi um jafnlangan tíma.

■ **269. gr.** Nú er í eldri löggjöf skírskotað til ákvæðis í lögum, sem felld eru úr gildi með lögum þessum, og skal þá líta svo á, að skírskotunin eigi við þá reglu þessara laga, sem skyldust er nefndu ákvæði.

■ **270. gr.** Nú á maður eftir, þegar lög þessi taka gildi, að þola refsivist samkvæmt refsiákvörðun, er gerð hefur verið fyrir gildistöku laganna, og skal dómsmálaráðherra þá breyta refsitegundinni eftir reglum þeim, sem í 267. gr.[1)] segir. Maður, sem dæmdur hefur verið til hegningarvinnu, skal fá styttingu refsitíma eftir því, sem mælt er í 14. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

□ Ákvörðun dómsmálaráðherra samkvæmt grein þessari má skjóta til hæstaréttar eftir reglum um kæru í opinberum málum.

[1)] *Svo í Stjtíð. Á að vera 268. gr.*

■ **271. gr.** Meðan ekki er til sérstök varðhaldsstofnun, má láta varðhaldsfanga taka út refsingu í sömu fangelsisstofnun og fanga þá, sem í fangelsisvist hafa verið dæmdir. Þó skal halda varðhaldsföngum aðgreindum frá öðrum föngum eftir því, sem kostur er á.

**Lög um ákvörðun fésekta.**

1948 Nr. 14 8. marz

■ **1. gr.** Hvarvetna þar, sem fésektir eru ákveðnar í lögum án tillits til núgildandi verðlags, skal lágmark þeirra og hámark breytast eftir vísitölu, sem kaupgjald er greitt eftir á hverjum tíma.

**Lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum.**

1984 Nr. 13 17. apríl

**I. kafli. Skilyrði fyrir framsali.**

■ **1. gr.** Þann, sem í erlendu ríki er grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, er heimilt að framselja samkvæmt lögum þessum.

■ **2. gr.** Ekki má framselja íslenska ríkisborgara.

■ **3. gr.** Framsal á manni er aðeins heimilt ef verknaður eða sambærilegur verknaður getur varðað fangelsi í meira en 1 ár samkvæmt íslenskum lögum. Heimilt er að semja við önnur ríki um framsal vegna verknaðar sem samkvæmt íslenskum lögum getur varðað styttri refsivist.

□ Framsal til meðferðar máls er einungis heimilt ef tekin hefur verið ákvörðun í erlenda ríkinu um að sá, sem óskað er framsals á, skuli handtekinn eða fangelsaður fyrir viðkomandi verknað.

□ Framsal til fullnustu á dómi er, nema annað sé ákveðið með samkomulagi við viðkomandi ríki, aðeins heimilt:

1. ef refsing samkvæmt dómi er minnst 4 mánaða refsivist,

2. ef dómþoli samkvæmt dómi eða ákvörðun, sem tekin er samkvæmt heimild í dómi, skal vistaður á stofnun og að dvöl hans þar geti varað í a. m. k. 4 mánuði.

□ Framsal til meðferðar máls eða fullnustu refsingar fyrir fleiri verknaði er heimilt þótt skilyrði samkvæmt 1. – 3. mgr. séu einungis uppfyllt að því er varðar einn verknað.

□ Ef rökstudd ástæða er til að ætla að grunur um refsiverða háttsemi eða niðurstaða dóms, sem óskað er framsals vegna, þykir eigi fullnægja grunnreglum íslenskra laga um rökstuddan grun, um refsiverða háttsemi eða um lögfulla sönnun sakar í refsimálum, er framsal óheimilt.

■ **4. gr.** Framsal vegna verknaða er varða við herlög er óheimilt.

■ **5. gr.** Framsal vegna stjórnmálaafbrota er óheimilt.

□ Nú er verknaðurinn jafnframt brot á lagaákvæðum sem ekki eru stjórnmálalegs eðlis og er þá framsal heimilt ef verknaðurinn telst að litlu leyti stjórnmálaafbrot.

■ **6. gr.** Ekki má framselja mann ef veruleg hætta er á að hann eftir framsal vegna kynþáttar, þjóðernis, trúar, stjórnmálaskoðana eða að öðru leyti vegna stjórnmálaaðstæðna verði að sæta ofríki eða ofsóknum sem beinist gegn lífi hans eða frelsi eða er að öðru leyti alvarlegs eðlis.

■ **7. gr.** Í sérstökum tilfellum má synja um framsal ef mannúðaráðstæður mæla gegn því svo sem aldur, heilsufar eða aðrar persónulegar aðstæður.

■ **8. gr.** Framsal er óheimilt þegar sá sem óskast framseldur hefur verið sakfelldur eða sýknaður hér á landi fyrir viðkomandi refsiverðan verknað.

□ Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni ekki leitt til ákæru á hendur honum og verður hann þá ekki framseldur fyrir þann verknað sem rannsókn tók til, nema skilyrði séu fyrir hendi til upptöku máls samkvæmt 1. mgr. 119. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

■ **9. gr.** Framsal er óheimilt ef sök eða dæmd refsing er fyrnd eða að öðru leyti fallin niður samkvæmt íslenskum lögum.

■ **10. gr.** Þegar sá sem óskast framseldur hefur verið dæmdur í refsivist eða samkvæmt dómi eða með heimild í dómi skal eða er vistaður á stofnun fyrir annan verknað en framsalsbeiðnin fjallar um, þá er ekki heimilt að framselja hann fyrr en refsivist er lokið eða hann útskrifaður af stofnuninni. Ekki er heldur heimilt að framselja hann ef hér á landi er til meðferðar mál fyrir annan verknað en þann sem hann óskast framseldur fyrir og sem getur varðað minnst 2 ára refsivist, eða ef hann er hafður í gæslu eða er laus gegn tryggingarráðstöfunum settum samkvæmt 71. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

□ Framsal til meðferðar máls má þó heimila með því skilyrði að viðkomandi verði sendur til baka svo fljótt sem verða má að lokinni meðferð málsins.

■ **11. gr.** Setja skal eftirfarandi skilyrði fyrir framsali:

1. Að ekki verði höfðað mál gegn hinum framselda manni eða hann látinn taka út refsingu eða framseldur til þriðja ríkis fyrir annan refsiverðan verknað sem framinn var áður en til framsals kom nema:

a. að dómsmálaráðuneytið heimili það, sbr. 20. gr., eða

b. að hinn framseldi maður hafi ekki horfið úr landi því sem hann var framseldur til enda þótt hann hafi átt þess kost að fara þaðan óhindraður í minnst 45 daga eða

c. að hann hafi horfið aftur til lands þess sem hann var framseldur til eftir að hann hafði farið úr landi.

2. Að án leyfis dómsmálaráðuneytisins megi ekki reka mál hins framselda manns fyrir bráðabirgðadómstólum eða dómstól sem aðeins hefur heimild til að fjalla um viðkomandi afbrot eða sérstök undantekningartilfelli.

3. Að óheimilt sé að fullnægja dauðarefsingu gagnvart hinum framselda manni.

□ Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir framsali.

**II. kafli. Meðferð framsalsmála.**

■ **12. gr.** Beiðni um framsal skal borin fram eftir diplómatískum leiðum nema um annað hafi verið samið við viðkomandi ríki.

□ Í framsalsbeiðni skulu vera upplýsingar um ríkisfang þess manns sem óskast framseldur, dvalarstað hans hér á landi ef um hann er vitað, hvers eðlis afbrotið er og hvar og hvenær það var framið. Ef til er lýsing á þeim sem óskast framseldur skal hún fylgja. Með framsalsbeiðni skal enn fremur fylgja endurrit af þeim lagaákvæðum sem verknaðurinn er talinn varða við. Ef veruleg vandkvæði eru á að útvega endurrit má láta nægja að gerð sé grein fyrir lagaákvæðum þeim sem talið er að hafi verið brotin.

□ Með framsalsbeiðni til meðferðar máls skal fylgja frumrit eða staðfest endurrit af handtökuskipun eða annarri ákvörðun um handtöku sem samkvæmt samningi er í samræmi við löggjöf viðkomandi ríkis og sem færir að því rök að það séu gildar ástæður til að fella grun á viðkomandi mann fyrir hinn refsiverða verknað.

□ Með beiðni um framsal manns til fullnustu á dómi skal dómurinn fylgja eða staðfest endurrit hans.

■ **13. gr.** Telji dómsmálaráðuneytið, á grundvelli framsalsbeiðni og þeim upplýsingum er henni fylgja, að hafna beri beiðninni þá þegar skal það gert.

□ Ef beiðni er ekki strax hafnað skv. 1. mgr. sendir dómsmálaráðuneytið ríkissaksóknara beiðnina og ber honum að sjá til þess að nauðsynleg rannsókn fari þegar fram.

□ Ef ekki er annars getið í lögum þessum skal, um framkvæmd rannsóknar og annað sem framsalsbeiðni varðar, beita reglum um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.

■ **14. gr.** Maður sá sem óskast framseldur getur krafist úrskurðar sakadóms í Reykjavík um hvort skilyrði laga fyrir framsali séu fyrir hendi. Ríkissaksóknari skal, jafnframt því sem hann tilkynnir manninum um framsalsbeiðnina og rök fyrir henni, láta hann vita um heimild þessa og að hann eigi þess kost að fá sér skipaðan réttargæslumann samkvæmt 16. gr.

□ Krafa um úrskurð skal berast ríkissaksóknara eða dómsmálaráðuneyti eigi síðar en 1 sólarhring eftir að þeim sem óskast framseldur er tilkynnt um að dómsmálaráðuneytið hafi ákveðið að verða við beiðni um

framsal. Ef sérstakar ástæður mæla með getur dómsmálaráðuneytið leyft að ákvörðun um framsal sé borin undir dómstól þótt framangreindur frestur sé liðinn.

☐ Hafi úrskurðar verið krafist innan lögmælts frests eða undanþága leyfð skal framsal ekki fara fram fyrr en endanlegur dómsúrskurður hefur verið kveðinn upp.

■ **15. gr.** Við rannsókn vegna framsalsbeiðni má beita þeim þvingunaraðgerðum sem lög um meðferð opinberra mála heimila við rannsókn sambærilegra sakamála. Við ákvörðun þess hvort skilyrði séu til beitingar þvingunaraðgerða má leggja til grundvallar dómsákvarðanir þær sem framsalsbeiðni fylgja án frekari rannsóknar um sönnun sakar viðkomandi manns.

☐ Framangreindum þvingunaraðgerðum má beita uns úr því er skorið hvort framsal skal fram fara og síðan þangað til framsal er framkvæmt sé það heimilað. Ef kveðinn er upp úrskurður um gæsluvarðhald skal því ekki markaður lengri tími en 3 vikur. Þyki nauðsyn bera til að lengja gæsluvarðhaldstímann skal það gert með úrskurði á dómþingi þar sem gæslufanginn er viðstaddur. Ekki má framlengja gæsluvarðhaldstímann um meira en 2 vikur í senn.

■ **16. gr.** Dómari skal skipa manni þeim sem óskast framseldur réttargæslumann ef maðurinn eða ríkissaksóknari æskja þess. Dómari getur og af sjálfsdáðum skipað réttargæslumann er honum þykir ástæða til.

☐ Laun réttargæslumanns og annar sakarkostnaður skulu greidd úr ríkissjóði. Dómari getur þó ákveðið, þegar sérstaklega stendur á, að viðkomandi maður skuli greiða kostnaðinn.

■ **17. gr.** Þegar að rannsókn lokinni sendir ríkissaksóknari dómsmálaráðuneytinu öll gögn málsins ásamt álitsgerð um það. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um hvort framsal skuli heimilað.

■ **18. gr.** Þegar dómsmálaráðuneyti hefur ákveðið að verða við beiðni um framsal skal það framkvæmt svo fljótt sem unnt er. Ef sá sem óskast framseldur er ekki í haldi má handtaka hann og úrskurða í gæslu uns hann er afhentur eða takmarka frelsi hans með öðrum hætti eftir því sem segir í 71. og 72. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

☐ Úrskurður um þvingunaraðgerðir skal þó ekki gilda lengur en í 30 daga eftir að endanleg ákvörðun um framsal hefur verið tekin. Samkvæmt beiðni dómsmálaráðuneytisins getur sakadómur þó ákveðið, þegar sérstaklega stendur á, að þvingunarráðstöfunum skuli beitt um tiltekinn lengri tíma.

☐ Þegar maður er framseldur má ákveða að munir eða verðmæti, sem lagt hefur verið hald á í sambandi við málið, séu afhent stjórnvaldi því sem framsals óskaði enda sé við afhendingu gerður fyrirvari, ef ástæða þykir til, til verndar rétti þriðja manns.

**III. kafli. Aðrar ákvarðanir í tengslum við framsal.**

■ **19. gr.** Nú er maður eftirlýstur af yfirvöldum í erlendu ríki vegna þess að hann er grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað sem orðið gæti grundvöllur framsals samkvæmt lögum þessum og má þá beita hann þvingunaraðgerðum laga um meðferð opinberra mála með sama hætti og væri hann sakaður um samsvarandi afbrot hér á landi. Sömu aðgerðum má beita ef viðkomandi yfirvöld tilkynna að þau muni krefjast framsals fyrir verknaðinn.

☐ Ákvörðun um þvingunaraðgerðir skal þegar tilkynnt dómsmálaráðuneytinu. Ráðuneytið getur ákveðið að þvingunarráðstöfunum skuli ekki beitt ef það telur að framsalsgrundvöllur sé ekki til staðar. Ef ráðuneytið ákveður ekki að þvingunarráðstafanir skuli felldar niður skal það hlutast til um að erlenda ríkinu verði tilkynnt um þær og að þær verði felldar niður ef framsalsbeiðni berst ekki svo fljótt sem verða má. Ef framsalsbeiðni hefur ekki borist innan 30 daga frá því að tilkynning var send skulu þvingunarráðstafanir felldar niður. Ef sérstaklega stendur á er heimilt að lengja þennan frest.

■ **20. gr.** Dómsmálaráðuneytið getur samkvæmt beiðni heimilað að höfðað verði mál gegn þeim sem framseldur er samkvæmt lögum þessum eða hann látinn taka út refsingu fyrir annan refsiverðan verknað sem framinn er áður en til framsals kom og framselt var fyrir. Það sama gildir um samþykki til að hann verði framseldur áfram til þriðja ríkis fyrir refsiverðan verknað sem framinn var áður en hann var framseldur héðan.

☐ Samþykki má því aðeins veita ef til framsals hefði getað komið fyrir verknaðinn samkvæmt lögum þessum. Ákvæði 14. og 16. gr. gilda einnig um veitingu slíks samþykkis eftir því sem við á.

☐ Samþykki til að viðkomandi maður verði framseldur áfram til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar er þó heimilt að veita ef skilyrði laga nr. 7/1962 um framsal til þessara landa eru til staðar.

☐ Í beiðni um samþykki samkvæmt 1. mgr. skulu vera sömu upplýsingar og um getur í 2. mgr. 12. gr. Einnig skulu fylgja fullnægjandi gögn um að viðkomandi manni hafi verið kunngerður réttur hans samkvæmt 14. og 16. gr. eftir því sem við á og um hvort hann óski eftir að notfæra sér þann rétt.

☐ Þegar krafist er dómsúrskurðar um hvort skilyrði laga eru til staðar er óheimilt að veita samþykki fyrr en endanlegur dómsúrskurður liggur fyrir. Slík mál skulu lögð til úrskurðar í sakadómi í Reykjavík.

☐ Samkvæmt beiðni getur dómsmálaráðuneytið leyft að um mál hins framselda manns sé fjallað af bráðabirgðadómstól eða öðrum dómstól sbr. 2. mgr. 11. gr., en einungis ef það er talið óhætt vegna málsmeðferðar fyrir þeim dómstól.

■ **21. gr.** Dómsmálaráðuneytið getur leyft að maður, sem framseldur er frá einu erlendu ríki til annars, sé fluttur um íslenskt yfirráðasvæði nema ákvæði 2. gr. eða 4. – 6. gr. hindri framsal frá Íslandi til viðkomandi ríkis fyrir verknaðinn.

☐ Ef um er að ræða framsal til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar er heimilt að veita samþykki skv. 1. mgr., nema ef ákvæði 2. eða 4. gr. í lögum nr. 7/1962 um framsal til þessara landa komi í veg fyrir framsal frá Íslandi til viðkomandi ríkis.

**IV. kafli. Önnur aðstoð vegna reksturs sakamála.**

■ **22. gr.** Til að afla sönnunargagna til notkunar í refsimáli í öðru ríki er heimilt að ákveða samkvæmt beiðni að ákvæðum þeim, sem um getur í VI. og VII. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, skuli beitt á samsvarandi hátt og í sambærilegum málum sem rekin eru hér á landi.

☐ Beiðni skal send dómsmálaráðuneytinu nema annað sé ákveðið með samningi við annað ríki, sbr. 6. mgr. Í beiðni skulu vera upplýsingar um tegund afbrots og hvar

**1984** Nr. 13 17. apríl

og hvenær það var framið. Því aðeins er heimilt að verða við beiðni að sannað sé að það liggi fyrir ákvörðun um þvingunaraðgerðir sem eru í samræmi við löggjöf viðkomandi ríkis.

☐ Óheimilt er að verða við beiðni ef verknaðurinn, sem hún er tilkomin vegna eða sambærilegur verknaður, er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum eða ef hann samkvæmt ákvæðum í 5. – 7. gr. getur ekki verið grundvöllur framsals. Varðandi beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð skal í stað framangreindra skilyrða gerð krafa um að framsal vegna verknaðarins sé óheimilt vegna ákvæða í 4. gr. laga nr. 7/1962 um framsal til þessara landa.

☐ Dómsmálaráðuneytið skal strax hafna beiðni ef skilyrði 2. mgr. eru ekki til staðar eða ef ljóst er að ekki er hægt að verða við henni. Sé beiðni ekki synjað samkvæmt þessari málsgrein skal málið sent ríkissaksóknara til frekari fyrirgreiðslu og skal hann hlutast til um að nauðsynleg rannsókn fari þegar fram.

☐ Að rannsókn lokinni sendir ríkissaksóknari dómsmálaráðuneytinu öll gögn málsins ásamt álitsgerð um það. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni.

☐ Í samningi við erlent ríki er heimilt að ákveða að málið skuli falið öðru stjórnvaldi en ráðuneyti til afgreiðslu.

☐ Ef það er líklegt að maður, sem dvelur á Íslandi og sem ekki er grunaður vegna málsins, hafi með lögmætum hætti þann hlut sem leggja skal hald á skal afhending hans til yfirvalda annars ríkis háð því skilyrði að hann, án kostnaðar, skuli sendur til baka þegar meðferð málsins er lokið.

■ **23. gr.** Vegna meðferðar refsimáls í öðru ríki er samkvæmt beiðni heimilt að ákveða að maður, sem hér á landi er fangelsaður eða sviptur frelsi samkvæmt dómi vegna refsiverðs verknaðar, skuli sendur til annars ríkis til yfirheyrslu sem vitni eða til samprófunar.

☐ Beiðni skal send dómsmálaráðuneytinu nema annað sé ákveðið með samningi við annað ríki, sbr. 6. mgr. Í beiðni skulu vera nákvæmar upplýsingar um hinn refsiverða verknað.

☐ Óheimilt er að verða við beiðni ef verknaðurinn, sem hún fjallar um eða sambærilegur verknaður, er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum eða ef hann samkvæmt ákvæðum í 5. – 7. gr. getur ekki verið grundvöllur framsals. Beiðninni skal auk þess hafnað ef nærvera viðkomandi er nauðsynleg hér á landi vegna refsimáls eða ef aðrar ríkar ástæður mæla gegn því að flytja hann til hins ríkisins. Sérstakt tillit skal tekið til þess hvort flutningurinn sé líklegur til að lengja þann tíma sem hann myndi verða sviptur frelsi. Varðandi beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð skal í stað skilyrðis í 1. ml. þessarar málsgreinar gerð krafa um að framsal vegna verknaðarins sé óheimilt vegna ákvæða í 4. gr. laga nr. 7/1962 um framsal til þessara landa.

☐ Dómsmálaráðuneytið skal strax hafna beiðni ef ljóst er að ekki er hægt að verða við henni. Sé beiðni ekki synjað samkvæmt þessari málsgrein skal málið sent ríkissaksóknara til frekari fyrirgreiðslu og skal hann hlutast til um að nauðsynleg rannsókn fari þegar fram.

☐ Ef viðkomandi samþykkir ekki flutning skal sakadómur í Reykjavík kveða upp úrskurð um hvort lagaskilyrði til flutnings séu til staðar. Að rannsókn lokinni sendir ríkissaksóknari dómsmálaráðuneytinu öll gögn málsins ásamt álitsgerð um málið í heild. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni.

**1984** Nr. 13 17. apríl

☐ Í samningi við erlent ríki er heimilt að ákveða að málið skuli falið öðru stjórnvaldi en ráðuneyti til afgreiðslu.

☐ Gera skal það skilyrði fyrir flutningi á manni að viðkomandi skuli sendur til baka svo fljótt sem verða má, ef til vill innan nánari ákveðinna tímamarka, og að ekki skuli hafin rannsókn í máli gegn honum meðan hann dvelur í hinu ríkinu, honum refsað þar eða hann framseldur áfram fyrir verknað sem hann framdi áður en flutningur átti sér stað.

**V. kafli. Lokaákvæði.**

■ **24. gr.** Úrskurðir þeir sem kveðnir eru upp samkvæmt lögum þessum sæta kæru til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum laga um meðferð opinberra mála.

■ **25. gr.** Heimilt er að gera samninga við önnur ríki um skyldu til framsals og um aðra aðstoð vegna sakamála með ákveðnum skilyrðum sem þó mega ekki ganga gegn ákvæðum laga þessara.[1)]

☐ Án tillits til laga þessara getur framsal átt sér stað og beiðnir um aðstoð í sakamálum framkvæmdar í þeim mæli sem Ísland hefur skyldu til samkvæmt samningum gerðum fyrir gildistöku laga þessara við önnur ríki.

☐ Framsal og önnur aðstoð í sakamálum er heimil samkvæmt lögum þessum þótt ekki sé það skylt samkvæmt samningi sem Ísland hefur gert þar að lútandi við viðkomandi ríki.

[1)] *Sbr. augl. C 8/1984 og 9/1984.*

■ **26. gr.** Ákvæðin í I. og II. kafla um framsal og þau ákvæði í III. kafla sem fjalla um framsal gilda ekki gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

■ **27. gr.** Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

■ **28. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984. Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi 9. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

## Lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

**1962** Nr. 7 14. marz

■ **1. gr.** Framselja má eftir ákvæðum laga þessara menn, sem staddir eru innan lögsögu íslenzka ríkisins, en grunaðir eru, ákærðir eða dæmdir í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð fyrir refsiverða háttsemi.

■ **2. gr.** Íslenzkur ríkisborgari verður því aðeins framseldur

1. að hann hafi verið búsettur tvö síðustu árin, áður en brot var framið, í því landi, sem framsals óskar, eða

2. að þyngri refsing en 4 ára fangelsi liggi við brotinu eða samsvarandi broti eftir íslenzkum lögum.

☐ Íslenzkur ríkisborgari verður ekki framseldur vegna verknaðar, sem að öllu leyti er framinn innan íslenzka ríkisins, nema háttsemin sé hlutdeild í broti, sem framið hefur verið erlendis, eða framsalsbeiðnin taki jafnframt til brots, sem erlendis hefur verið framið.

■ **3. gr.** Ekki verður maður framseldur til saksóknar, nema þyngri refsing en fésektir liggi við brotinu í því landi, sem framsals óskar.

□ Ekki verður maður framseldur til að þola fullnægju dóms, nema dæmd hafi verið refsivist eða vistun á hæli hafi verið dæmd eða ákveðin samkvæmt heimild í dómi.

□ Þegar framsalsbeiðni varðar fleiri brot en eitt, er framsal til saksóknar eða fullnægju dóms þó heimilt, enda þótt skilyrði samkvæmt 1. og 2. málsgr. séu aðeins fyrir hendi um eitt brotið.

■ **4. gr.** Framsal vegna stjórnmálaafbrota er því aðeins heimilt, að samsvarandi verknaður sé refsiverður sem stjórnmálaafbrot eftir íslenzkum lögum. Ekki má framselja íslenzka ríkisborgara vegna stjórnmálaafbrota.

■ **5. gr.** Framsal er óheimilt, ef hér á landi hefur gengið dómur um verknaðinn, dómsátt verið gerð eða ákæru frestað skilorðsbundið.

□ Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni ekki leitt til ákæru á hendur honum, og verður hann þá ekki framseldur fyrir þann verknað, sem rannsókn tók til, nema skilyrði séu fyrir hendi um upptöku máls samkvæmt 1. málsgr. 119. gr., sbr. 2. málsgr. 42. gr. laga nr. 82/1961.[1)]

[1)] *Nú l. 74/1974.*

■ **6. gr.** Nú er óskað framsals á manni, sem vegna annars brots en í framsalsbeiðni greinir hefur verið dæmd refsivist hér á landi, eða vistun hans á hæli hefur verið ákveðin í dómi eða samkvæmt heimild í dómi, og verður hann þá ekki framseldur, fyrr en refsivist hans eða hælisvist lýkur. Ekki verður maður heldur framseldur, ef hann er undir saksókn hér á landi vegna annars brots en framsalsbeiðni varðar, enda liggi 2 ára refsivist hið minnsta við því broti. Sama gildir, ef maður er hafður í gæzlu eða frelsi hans takmarkað samkvæmt réttarfarslögum vegna annars afbrots en í framsalsbeiðni greinir.

□ Um framsal til saksóknar má þó víkja frá ákvæðum 1. málsgr., enda sé það skilyrði sett fyrir framsali, að viðkomandi maður sé að saksókn lokinni sendur aftur réttum stjórnvöldum hér á landi, svo fljótt sem við verður komið.

■ **7. gr.** [Jafnan skal setja eftirgreind skilyrði fyrir framsali:

1. Að hinn framseldi maður verði ekki án samþykkis dómsmálaráðuneytisins, sbr. 17. gr., framseldur áfram til neins annars ríkis fyrir refsiverðan verknað, framinn fyrir framsalið.

2. Að hinn framseldi maður verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir neinn þann verknað, sem framinn er fyrir framsalið og hann hefur fyrir dómi hér á landi annað hvort verið sakfelldur fyrir eða sýknaður af og dómur hefur þegar gengið um hér á landi, annað hvort til sakfellingar eða sýknu.

3. Að hinn framseldi maður verði ekki án samþykkis dómsmálaráðuneytisins, sbr. 17. gr., saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir neinn þann verknað, sem framinn er fyrir framsalið og rannsókn málsins hefur ekki leitt til ákæru á hendur honum hér á landi.

4. Að hinn framseldi maður, sé hann íslenskur ríkisborgari, verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir nokkurn annan verknað, framinn fyrir framsalið, en þann, sem hann er framseldur fyrir, nema svo standi á, sem hér segir:

a. að fyrir liggi samþykki dómsmálaráðuneytisins, sbr. 17. gr., eða

b. að hinn framseldi maður hafi sjálfur samþykkt það á dómþingi, eða

c. að hinn framseldi maður hafi ekki horfið úr landi því, sem hann var framseldur til, enda þótt hann hafi átt þess kost í einn mánuð hið skemmsta að fara þaðan óhindraður, eða

d. að hann hafi horfið aftur til lands þess, sem hann var framseldur til, eftir að hann hafði farið úr landi.

5. Að hinn framseldi maður verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir stjórnmálaafbrot, sem framið er fyrir framsalið, og hann er ekki framseldur fyrir, nema að fullnægðum skilyrðum þeim, sem talin eru undir 4 a – d, og því aðeins að hinn framseldi maður sé ekki íslenskur ríkisborgari.

□ Ávallt er heimilt að setja fleiri skilyrði fyrir framsali, eftir því sem ástæða þykir til.][1)]

[1)] *L. 44/1975, 1. gr.*

■ **8. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 44/1975, 2. gr.*

■ **9. gr.** Framsalsbeiðni, sem koma verður frá þar til bæru stjórnvaldi í viðkomandi ríki, skal send dómsmálaráðuneytinu.

□ Í beiðninni skal greina ríkisfang manns þess, sem óskast framseldur, dvalarstað hans hér á landi, sé um hann vitað, tegund hins refsiverða verknaðar og hvar og hvenær hann var framinn. Gefa skal lýsingu á manninum, ef unnt er og þörf krefur. Einnig skal frá því skýrt, hvaða refsiákvæði muni að líkindum koma til greina um verknaðinn.

□ Nú hefur viðkomandi maður ekki sjálfur á dómþingi annað hvort samþykkt framsalið eða játað sig sekan um brot það, sem framsalsbeiðni varðar, og skal þá til grundvallar framsalsbeiðni liggja áfellisdómur eða dómsákvörðun um, að rökstudd ástæða sé til að gruna manninn um að hafa framið brotið. Framselja má til saksóknar út af fleiri en einu broti, þó að játning eða dómsákvörðun liggi aðeins fyrir um eitt þeirra.

■ **10. gr.** Dómsmálaráðuneytið sendir saksóknara ríkisins framsalsbeiðnina, og ber honum að sjá til þess, að nauðsynleg rannsókn fari þegar fram.

□ Nú samþykkir viðkomandi maður á dómþingi framsalið eða játar sig sekan um brot það, sem í framsalsbeiðni greinir, og er þá ekki þörf frekari rannsóknar, nema dómsmálaráðuneytið æski hennar sérstaklega.

□ Ef ekki er annars getið í lögum þessum, skal um framkvæmd rannsóknar og annað, sem framsalsbeiðni varðar, beita reglum laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.

■ **11. gr.** Maður sá, sem óskast framseldur, getur krafizt úrskurðar sakadóms í Reykjavík um, hvort skilyrði laga fyrir framsali séu fyrir hendi. Saksóknari skal, jafnframt því sem hann tilkynnir manninum framsalsbeiðnina og rök fyrir henni, láta hann vita um heimild þessa og að hann eigi þess kost að fá skipaðan verjanda samkvæmt 13. gr. Úrskurð sakadóms má kæra til hæstaréttar.

□ [Hafi úrskurðar verið krafist, skal framsal ekki fara fram fyrr en endanlegur dómsúrskurður hefur verið kveðinn upp.][1)]

[1)] *L. 44/1975, 3. gr.*

■ **12. gr.** Við rannsókn út af framsalsbeiðninni má beita þeim þvingunaraðgerðum, sem lög um meðferð opinberra mála heimila í sambandi við rannsókn samsvarandi sakamála. Við ákvörðun um beitingu þvingun-

**1962** Nr. 7 14. marz

araðgerða má leggja til grundvallar dómsákvarðanir þær, sem framsalsbeiðni fylgja, án frekari rannsóknar um sönnun fyrir sök viðkomandi manns.

□ Framangreindum þvingunaraðgerðum má beita, unz úr því er skorið, hvort framsal skuli fram fara, og þangað til framsal er framkvæmt, sé það heimilað. Ef kveðinn er upp úrskurður um gæzluvarðhald, skal því ekki markaður lengri tími en 3 vikur. Þyki nauðsyn bera til að lengja varðhaldstímann, skal það gert með úrskurði á dómþingi, þar sem gæzlufanginn er viðstaddur. Ekki má framlengja varðhaldstímann um meira en 2 vikur í senn.

■ **13. gr.** Jafnan skal dómari skipa viðkomandi manni verjanda, ef hann eða saksóknari æskja þess. Dómari getur og af sjálfsdáðum skipað verjanda, ef honum þykir ástæða til.

□ Laun verjanda og annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði. Dómari getur þó, þegar sérstaklega stendur á, gert viðkomandi manni að greiða kostnaðinn.

■ **14. gr.** Að rannsókn lokinni sendir saksóknari dómsmálaráðuneytinu öll gögn málsins ásamt álitsgerð um það. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um, hvort framsal skuli heimilað.

■ **15. gr.** Þegar dómsmálaráðuneytið verður við beiðni um framsal, skal það framkvæmt svo fljótt sem unnt er. Ef viðkomandi maður er ekki í haldi, má handtaka hann og gæta hans, unz hann er afhentur, eða takmarka frelsi hans með öðrum hætti, eftir því sem segir í 71. og 72. gr. laga nr. 82/1961.[1)]

□ Þegar maður er framseldur, má ákveða, að munir eða verðmæti, sem hald hefur verið lagt á í sambandi við málið, séu afhentir stjórnvaldi því, sem framsals óskaði, enda sé um afhendingu gerður fyrirvari, ef ástæða er til, til verndar rétti þriðja manns.

[1)] *Nú l. 74/1974.*

■ **16. gr.** [Nú er í einhverju þeirra ríkja, sem í 1. gr. getur, lýst eftir manni, sökuðum um afbrot, sem orðið gæti grundvöllur framsals eftir lögum þessum, og má þá beita hann þvingunaraðgerðum laga um meðferð opinberra mála með sama hætti og væri hann sakaður um samsvarandi afbrot hér á landi. Sömu aðgerðum má beita, ef viðkomandi yfirvöld tilkynna, að þau muni krefjast framsals fyrir slíkt afbrot.][1)]

□ Ef þvingunaraðgerðum er beitt, skal það þegar í stað tilkynnt lögregluyfirvöldum eða saksóknara í því landi, þar sem lýst var eftir viðkomandi manni. Ef framsalsbeiðni berst ekki dómsmálaráðuneytinu innan 2 vikna frá því, að slík tilkynning var send, skulu þvingunaraðgerðir falla niður.

[1)] *L. 44/1975, 4. gr.*

■ **17. gr.** [Samþykki samkvæmt 7. gr. verður því aðeins veitt, að framsal fyrir verknaðinn hefði getað farið fram til viðkomandi lands. Ákvæði 11. og 13. gr. gilda einnig um veitingu slíks samþykkis eftir því sem við á.

□ Tilmælum um veitingu samþykkis skv. 7. gr. skal fylgja greinargerð um tegund brotsins, hvar og hvenær það var framið og hvaða refsiákvæði muni koma til greina. Einnig skulu fylgja fullnægjandi gögn um það, að viðkomandi manni hafi verið kunngerður réttur hans samkvæmt 11. og 13. gr. eftir því sem við á, og um, hvort hann hafi æskt að notfæra sér þann rétt.][1)]

[1)] *L. 44/1975, 5. gr.*

■ **18. gr.** Nú er maður framseldur frá ríki, sem getur í 1. gr., til annars ríkis, sem þar getur einnig, og má þá án sérstaks samþykkis flytja hann um íslenzkt yfirráðasvæði.

■ **19. gr.** Setja má í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

■ **20. gr.** Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi koma til framkvæmdar, gagnvart hverju einstöku ríki, sem í 1. gr. getur.[1)]

[1)] *Lög þessi öðluðust gildi gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hinn 15. júlí 1962, skv. augl. A 85/1962. Um gildistöku l. 44/1975, sjá l. 44/1975, 6. gr.*

**1962** Nr. 7 14. marz

## Lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl.

**1963** Nr. 69 12. des.

### I. kafli. Fullnusta sektarrefsinga o. fl.

■ **1. gr.** Fullnægja má hér á landi sektarrefsingu, sem aðila hefur verið gerð í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

□ Sama gildir um ákvarðanir, sem varða upptöku eignar, sakarkostnað í opinberum refsimálum og einkarefsimálum og hald á eignum grunaðs manns til tryggingar sektargreiðslu, eignarupptöku, skaðabótum, miskabótum eða sakarkostnaði í refsimálum.

■ **2. gr.** Fullnægja má í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð ákvörðunum, sem gerðar hafa verið hér á landi og eru sams konar þeim, sem í 1. gr. getur.

### II. kafli. Fullnusta refsivistardóma o. fl.

■ **3. gr.** Fullnægja má hér á landi dönskum dómum um „fængsel" og „hæfte", finnskum dómum um „tukthus" og „fängelse", norskum dómum um „fengsel" og „hefte" og sænskum dómum um „straffarbete" og „fängelse", enda sé dómfelldi íslenzkur ríkisborgari eða heimilisfastur hér á landi, þegar fullnusta skal fram fara. Sama gildir, ef dómfelldi er staddur hér á landi og haganlegast þykir að fullnægja dóminum hér.

□ Ákvæði 1. málsgr. taka einnig til þess, eftir því sem við á, er afplána skal fésekt með refsivist.

■ **4. gr.** Færa skal refsingu til samsvarandi refsitegundar að íslenzkum lögum og um jafnlangan tíma. Skal þá „fængsel" í Danmörku, „tukthus" í Finnlandi, „fengsel" í Noregi og „straffarbete" í Svíþjóð svara til fangelsis, en „hæfte" í Danmörku, „fängelse" í Finnlandi og Svíþjóð og „hefte" í Noregi svara til varðhalds. Dómsmálaráðherra getur þó ákveðið, að fangelsisrefsing komi í stað hinna síðarnefndu refsitegunda, ef refsivist hefur verið dæmd 3 mánuði eða lengri tíma.

■ **5. gr.** Fangelsisrefsingu eða varðhalds, sem dæmd hefur verið hér á landi, má fullnægja í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, enda sé dómfelldi ríkisborgari viðkomandi lands eða eigi þar heimilisfang, þegar fullnusta skal fram fara. Sama gildir, ef dómfelldi er staddur í viðkomandi landi og haganlegast þykir að fullnægja dóminum þar.

□ Ákvæði 1. málsgr. taka einnig til þess, eftir því sem við á, er afplána skal fésekt með refsivist.

■ **6. gr.** Nú er maður fluttur samkvæmt ákvæðum 5. gr. til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar til að taka út refsivist, og skal þá, eftir því sem við á, farið eftir ákvæðum 7. og 17. gr. laga nr. 7/1962, um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

**III. kafli. Umsjón með mönnum, sem dæmdir hafa verið skilorðsbundnum dómi.**

■ **7. gr.** Ákveða má, að umsjón fari fram hér á landi með mönnum, sem umsjón skulu sæta samkvæmt skilorðsbundnum refsidómum, er upp hafa verið kveðnir í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð. Skilyrði, sem sett eru í hinum skilorðsbundna dómi, skulu þá hafa gildi hér á landi, eftir því sem við getur átt.

■ **8. gr.** Nú hefur umsjón verið ákveðin eftir 7. gr., og skal þá, eftir því sem við á, beita ákvæðum VI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.[1)] Ef dómstóll ákveður fullnustu refsingar samkvæmt skilorðsbundnum dómi, fer um tegund og lengd refsivistar eftir reglum 4. gr.

[1)] *Sbr. nú l. 101/1976 og l. 20/1981.*

■ **9. gr.** Nú hefur maður, sem dæmdur hefur verið skilorðsbundnum refsidómi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, orðið sannur að sök hér á landi um refsivert atferli, og er þá heimilt, enda þótt umsjón hafi ekki verið ákveðin hér eftir 7. gr., að dæma bæði málin í einu lagi eftir reglum 3. og 4. málsliðar 60. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955.

■ **10. gr.** Dómsmálaráðherra er heimilt þegar atvik mæla með því, að fela þar til bærum opinberum aðila í því landi, þar sem skilorðsdómur var upp kveðinn, að veita úrlausnir í málum, þegar til álita kemur eftir ákvæðum 8. og 9. gr. að breyta skilorðsbundnum dómi.

■ **11. gr.** Umsjón og aðrar ráðstafanir, sem ákveðnar hafa verið í skilorðsbundnum refsidómi, upp kveðnum hér á landi, má framkvæma í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

☐ Nú hafa opinberir aðilar í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð tekið við umsjón með dómfelldum manni samkvæmt 1. málsgr., og koma þá ákvæði íslenzkra hegningarlaga um skilorðsbundna refsidóma því aðeins til framkvæmdar, að dómfelldi verði sannur að sök hér á landi um refsivert atferli, eða að þar til bær opinber aðili í einhverju áðurgreindra ríkja feli íslenzkum dómstóli að veita úrlausn um breytingu á hinum skilorðsbundna dómi.

☐ Ef þar til bær opinber aðili í því landi, sem tekið hefur við umsjóninni, ákveður lengingu skilorðstímans eða breytingu á öðrum skilyrðum, sem mælt eru í dóminum, hafa slíkar ákvarðanir gildi hér á landi.

■ **12. gr.** Ákvarðanir, sem teknar eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð um fullnustu refsingar fyrir verknað, sem skilorðsbundinn dómur hefur gengið um hér á landi, skulu hafa sömu réttaráhrif og samsvarandi ákvarðanir, sem gerðar eru eftir reglum íslenzkra hegningarlaga.

☐ Nú hefur maður, sem hlotið hefur hér á landi skilorðsbundinn refsidóm, verið dæmdur í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð fyrir refsivert atferli, framið á skilorðstímanum, en ekki hefur í hinum nýja dómi verið haggað við ákvæðum skilorðsbundna dómsins, og skal þá, eftir því sem við á, beita reglum 59. og 60. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 22/1955.[1)]

[1)] *Sbr. nú og l. 20/1981.*

**IV. kafli. Umsjón með mönnum, sem fengið hafa reynslulausn úr refsivist.**

■ **13. gr.** Heimilt er að koma á umsjón hér á landi með mönnum, sem hlotið hafa reynslulausn, eftir að hafa tekið út refsivist í „fængsel" í Danmörku, „tukthus" eða „fängelse" í Finnlandi, „fengsel" í Noregi eða „straffarbete" eða „fängelse" í Svíþjóð.

■ **14. gr.** Nú hefur umsjón samkvæmt 13. gr. verið ákveðin og koma þá til framkvæmdar um hana, eftir því sem við á, reglur almennra hegningarlaga um reynslulausn úr fangelsi.

☐ Heimilt er dómsmálaráðherra, þegar sérstakar ástæður mæla með því, að fella niður eitt eða fleiri settra skilyrða, eða setja ný í þeirra stað, er svari til hinna settu skilyrða, eftir því, sem við verður komið.

☐ Nú hefur verið tekin lögmæt ákvörðun um, að viðkomandi maður skuli taka út refsingu þá, sem eftir stendur, og fer þá um tegund og lengd refsivistar eftir reglum 4. gr.

■ **15. gr.** Ef maður, sem fengið hefur reynslulausn í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, verður hér á landi dæmdur sekur um refsivert atferli, má láta hann taka út refsingu þá, sem eftir stendur, og fer um það eftir reglum almennra hegningarlaga um reynslulausn. Skiptir hér ekki máli, þó að umsjón samkvæmt 13. gr. hafi ekki verið ákveðin.

■ **16. gr.** Dómsmálaráðherra er heimilt, þegar atvik mæla með því, að fela þar til bærum opinberum aðila í því landi, þar sem reynslulausn var veitt, að taka ákvarðanir um málefni, sem varða brot á skilyrðum fyrir reynslulausn.

■ **17. gr.** Umsjón með mönnum, sem fengið hafa reynslulausn úr fangelsi hér á landi, má framkvæma í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Nú hafa opinberir aðilar í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð tekið við umsjón samkvæmt 1. málsgr. með manni, sem reynslulausn hefur hlotið, og koma þá ákvæði íslenzkra hegningarlaga um brot gegn reynslulausnarskilyrðum því aðeins til framkvæmdar, að viðkomandi maður verði sannur að sök hér á landi um refsivert atferli, eða að þar til bær opinber aðili í því landi, sem umsjón hefur á hendi, feli dómsmálaráðherra Íslands að taka ákvarðanir varðandi önnur brot á skilyrðum.

☐ Ef þar til bær opinber aðili í því landi, sem tekið hefur við umsjóninni, breytir skilyrðum reynslulausnar, skulu þær ákvarðanir hafa gildi hér á landi.

■ **18. gr.** Ákvarðanir, sem teknar eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, um að maður, sem reynslulausn hefur hlotið hér á landi, skuli að nýju settur í refsivist, skulu hafa sömu réttaráhrif og samsvarandi ákvarðanir, sem gerðar eru eftir reglum íslenzkra hegningarlaga.

**V. kafli. Umsjón með mönnum, sem fengið hafa skilorðsbundna náðun.**

■ **19. gr.** Nú hefur maður hlotið uppgjöf á refsivist að öllu eða nokkru leyti með náðun, en það skilyrði sett, að hann skuli háður umsjón, og gilda þá ákvæði 13. – 16. gr. og 1. málsgr. 17. gr., eftir því sem við á.

**VI. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **20. gr.** Fullnusta refsingar o. fl. og ákvörðun um umsjón hér á landi samkvæmt 1., 3., 7., 13. og 19., sbr. 13. gr., kemur því aðeins til framkvæmdar, að tilmæli um það komi frá þar til bærum opinberum aðila í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð. Dómsmálaráðherra ákveður, hvort verða skuli við tilmælunum.

1963 Nr. 69 12. des.

**1963** Nr. 69 12. des.

■ **21. gr.** Tilmæli, sem um getur í 20. gr., verða því aðeins tekin til greina, að fullnægja megi ákvörðun þeirri, sem tilmælin lúta að, í því landi, þar sem hún var gerð.

■ **22. gr.** Nú hefur verið ákveðið, að maður skuli taka út refsivist eða sæta umsjón hér á landi samkvæmt lögum þessum, og getur hann þá borið lögmæti þeirrar ákvörðunar undir dómstóla. Með málið skal fara eftir reglum laga um meðferð opinberra mála.

□ Þó að ákvörðun sé borin undir dómstóla samkvæmt framansögðu, frestar það ekki framkvæmd hennar, nema svo verði ákveðið í dómsúrskurði.

■ **23. gr.** Fullnusta refsingar o. s. frv. eftir 1. og 3. gr. skal fara fram í samræmi við fyrirmæli íslenzks réttar.

□ Reglur íslenzks réttar um reynslulausn og náðun skulu einnig koma til greina, eftir því sem við á.

■ **24. gr.** Eftir að fullnusta refsingar eða umsjón hefur verið ákveðin hér á landi samkvæmt lögum þessum, verður saksókn til refsingar ekki höfðuð fyrir verknað, sem um er fjallað í ákvörðun þeirri, sem tekin hefur verið í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

■ **25. gr.** Um kostnað af ráðstöfunum, sem gerðar eru eftir lögum þessum hér á landi á grundvelli ákvarðana, sem teknar hafa verið í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, fer eftir sömu reglum og um kostnað af samsvarandi ráðstöfunum, sem framkvæmdar eru eftir ákvörðunum, sem teknar hafa verið hér á landi.

■ **26. gr.** Dómsmálaráðuneytið ber fram tilmæli til stjórnvalda í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð um fullnustu refsingar o. fl. og um framkvæmd umsjónar eftir ákvæðum 2., 5., 11., 17. eða 19., sbr. 17. gr. laga þessara.

■ **27. gr.** Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi koma til framkvæmdar gagnvart hverju einstöku ríki, sem í 1. gr. getur.[1)]

[1)] *Lög þessi öðluðust gildi gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hinn 1. janúar 1964, skv. augl. B 224/1963.*

**1956** Nr. 57 10. apríl

## Lög um prentrétt.

### I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Rit samkvæmt lögum þessum telst hvert það rit, sem prentað er eða letrað á annan vélrænan eða efnafræðilegan hátt. Til rita teljast og uppdrættir, teikningar og myndir, þótt ekki sé á letrað mál, svo og nótur, ef letrað mál fylgir.

■ **2. gr.** Ákvæði laga þessara taka einungis til rits, sem gefið hefur verið út. Rit telst vera gefið út hér á landi, þegar það hefur verið afhent til sölu eða dreifingar á annan hátt.

■ **3. gr.** Útgefandi rits, sem prentað er hér á landi, skal nafngreina sig á hverju eintaki þess.

□ Ef útgefandi ræður ritstjóra, einn eða fleiri, að riti, skal hver þeirra einnig nafngreina sig á ritinu.

□ Nú er nafngreining samkvæmt 1. eða 2. málsgr. vanrækt eða rangt frá skýrt, og varðar það sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

### II. kafli. Prentarar og prentsmiðjur.

■ **4. gr.** Hverjum þeim, er starfrækir prentsmiðju hér á landi eða starfsstöð, þar sem rit eru letruð með öðrum þeim hætti, er getur í 1. gr. laga þessara, er skylt, í síðasta lagi tveim vikum áður en nokkurt rit er látið af hendi úr prentsmiðjunni, að tilkynna lögreglustjóra í umdæminu starfrækslu prentsmiðjunnar, nafn sitt eða firma svo og nákvæmt heimilisfang. Á sama hátt skal tafarlaust tilkynna lögreglustjóra, ef breyting verður á nafni, firma eða heimilisfangi.

**1956** Nr. 57 10. apríl

■ **5. gr.** Sá, sem annast prentun eða letrun rits hér á landi, skal á hverju eintaki ritsins geta nafns síns eða firma, prentstaðar og prentárs.

□ Ákvæði 1. málsgr. tekur ekki til þeirra eintaka, þótt prentuð séu eða letruð, sem getur í 7. gr. laganna.

■ **6. gr.** Samtímis því, sem rit, sex arkir að stærð eða minna, er gefið út, er þeim, sem annast prentun þess eða letrun, skylt að afhenda lögreglustjóra í umdæminu eitt eintak ritsins. Ef lögreglustjóra þykir ástæða til, getur hann þó krafizt afhendingar á eintaki stærra rits.

□ Eintak þetta skal vera óskert og að öðru leyti í sömu mynd og eintök þau, sem ætluð eru til sölu eða dreifingar.

□ Ákvæði 1. málsgr. tekur ekki til eintaka þeirra, er getur í 7. gr., eða tilkynninga frá opinberum stjórnvöldum.

■ **7. gr.** Sérákvæði 2. málsgr. 5. gr. og 3. málsgr. 6. gr. taka til póstkorta og mynda, nafn- og þakkarspjalda, boðskorta, vörumiða, eyðublaða og annarra slíkra eintaka, þótt prentuð séu eða letruð, er ætla má, að geti ekki falið í sér ólögmætt efni.

■ **8. gr.** Nú er tilkynning samkvæmt 4. gr. vanrækt eða rangt frá skýrt, vanrækt að greina atriði þau, er í 5. gr. getur, eða rangt frá skýrt, eða brotið gegn ákvæðum 6. gr., og varðar það þá sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

□ Ef nafngreining samkvæmt 5. gr. skortir eða rangt er frá skýrt og ekki verður leitt í ljós, hver hefur prentað eða letrað ritið, ber útgefandi rits refsiábyrgð samkvæmt 1. málsgr.

### III. kafli. Útgáfa blaða og tímarita.

■ **9. gr.** Blöð og tímarit teljast samkvæmt lögum þessum rit, sem eiga að koma út með sama heiti ekki sjaldnar en tvisvar á ári, svo og fregnmiðar þeirra og fylgirit.

■ **10. gr.** Útgefandi blaðs eða tímarits skal vera íslenzkur ríkisborgari, lögráða og heimilisfastur hér á landi, eða íslenzkur ópersónulegur aðili.

□ Ritstjóri blaðs eða tímarits skal vera íslenzkur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi og lögráða.

□ Ef ópersónulegur aðili er einn útgefandi blaðs eða tímarits, skal ráðinn ritstjóri, er fullnægi skilyrðum 2. málsgr.

□ Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

### IV. kafli. Dreifing rita.

■ **11. gr.** Hverjum íslenzkum ríkisborgara eða ópersónulegum aðilja er rétt sjálfum eða með aðstoð annarra að annast sölu eða dreifingu rits með öðrum hætti.

■ **12. gr.** Sá, sem hefur til sölu eða dreifingar rit, sem skortir nafngreiningu samkv. 3. gr. eða 5. gr., eða veit, að rangt er skýrt frá þeim atriðum, skal sæta sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

### V. kafli. Ábyrgð á efni rita.

■ **13. gr.** Hver sá, sem birtir eða dreifir eða á hlut að birtingu eða dreifingu annars rits en blaðs eða tímarits, ber refsi- og fébótaábyrgð samkvæmt almennum reglum laga, ef efni ritsins brýtur í bága við lög.

■ **14. gr.** Nú er um að tefla blað eða tímarit, sem að meginefni fjallar um afbrot eða lostugt efni, eða efni slíks rits er með þeim hætti, að varðar við 86. – 89. gr., 1. málsgr. 90. gr., 1. – 3. málsgr. 91. gr., 93. gr., 98. – 100. gr. og 102. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eða brotið er af ásetningi gegn 92. gr. sömu laga, og gilda þá ákvæði 13. gr. einnig um ábyrgð á efni þeirra rita.

■ **15. gr.** Um ábyrgð á efni annarra blaða eða tímarita en þeirra, er getur í 14. gr., gilda þessar reglur:

Höfundur ber refsi- og fébótaábyrgð á efni ritsins, ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenzkri lögsögu, þegar mál er höfðað.

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgðina, því næst sá er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, sem annazt hefur prentun þess eða letrun.

■ **16. gr.** Nú gefa fleiri en einn út blað eða tímarit í sameiningu eða fleiri en einn eru ritstjórar að riti og annar eða einn þeirra greinir sig ábyrgðarmann að ritinu eða tilteknum köflum þess, og bera þá aðrir útgefenda eða ritstjóra ekki ábyrgð á því efni ritsins framar en leiðir af ákvæðum 17. gr.

■ **17. gr.** Nú er ritstjóri, sem ekki er jafnframt útgefandi blaðs eða tímarits, dæmdur til greiðslu sektar, fébóta, málskostnaðar eða til greiðslu kostnaðar af birtingu dóms vegna efnis í ritinu, og má þá samkvæmt ákvæðum dómsins innheimta greiðslur þessar eða eftirstöðvar þeirra með fjárnámi hjá útgefanda eða útgefendum ritsins.

□ Ef einn útgefandi blaðs eða tímarits er dæmdur til greiðslu sektar, fébóta eða annars þess kostnaðar, er getur í 1. málsgr., má með sama hætti innheimta greiðslur þessar eða eftirstöðvar þeirra með fjárnámi hjá öðrum útgefanda eða útgefendum ritsins.

**VI. kafli. Leiðréttingarskylda útgefanda (ritstjóra).**

■ **18. gr.** Útgefanda (ritstjóra) blaðs eða tímarits er skylt að birta í ritinu endurgjaldslaust leiðréttingu við frásögn eða tilkynningu um málshöfðun út af frásögn, sem birzt hefur í ritinu, ef sá krefst þess, sem hlotið getur verulegt fjártjón eða miska af frásögninni óbreyttri.

□ Krefjast skal birtingar á leiðréttingu eða tilkynningu svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi innan mánaðar frá birtingu frásagnarinnar. Í leiðréttingu eða tilkynningu skal aðeins greina frá staðreyndum, og hún má ekki fela neitt í sér, er varði lög.

■ **19. gr.** Nú telur útgefandi (ritstjóri), að efni leiðréttingar eða tilkynningar sé ekki í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 18. gr. eða hann vill ekki birta leiðréttinguna eða tilkynninguna, eins og hún er samin, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það þeim, sem krafizt hefur birtingar. Brot á tilkynningarskyldu varðar sektum.

■ **20. gr.** Nú vill aðili ekki una synjun útgefanda (ritstjóra) samkvæmt 19. gr., og getur hann þá borið ágreininginn undir héraðsdómara, sem getur skyldað útgefanda (ritstjóra), að viðlögðum dagsektum, sem renni til þess, er krefst birtingar, að birta leiðréttinguna eða tilkynninguna í lögmætu formi í fyrsta tölublaði, er út kemur eftir birtingu dóms, eða í síðasta lagi í öðru tölublaði, ef um dagblað er að tefla.

□ Málum þessum skal hraða, svo sem kostur er. Úrskurð héraðsdómara má kæra til Hæstaréttar samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði.

1956 Nr. 57 10. apríl

■ **21. gr.** Leiðréttingu eða tilkynningu samkvæmt 18. gr. skal birta í fyrsta tölublaði rits, er út kemur, eftir að birtingar er krafizt, eða í síðasta lagi í öðru tölublaði, ef um dagblað er að tefla, nema aðilja hafi áður verið tilkynnt, að krafa hans verði ekki tekin til greina.

□ Leiðréttingu eða tilkynningu skal prenta með sama letri og meginmál ritsins og á þeim stað í ritinu, að eftir henni verði tekið.

□ Brot gegn ákvæðum 1. og 2. málsgr. varða sektum.

■ **22. gr.** Nú er höfundi eða útgefanda (ritstjóra) dæmd refsing, ummæli ómerkt eða fébætur dæmdar vegna efnis í blaði eða tímariti, og má þá ákveða í dómi, eftir kröfu þess, sem misgert er við, að tiltekinn hluti dómsins skuli birtur í ritinu.

□ Útgefanda (ritstjóra) er skylt að birta framangreindan hluta dóms eftir kröfu dómhafa í fyrsta tölublaði, sem út kemur, eftir að dómur er birtur, og í síðasta lagi í öðru tölublaði, ef um dagblað er að tefla.

□ Birta skal dómshlutann án endurgjalds og prenta hann með sama letri og meginmál ritsins og á þeim stað í ritinu, að eftir verði tekið.

□ Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varða sektum.

**VII. kafli. Rit, sem prentuð eru erlendis.**

■ **23. gr.** Nú er rit, sem prentað er erlendis, flutt til landsins, og getur þá lögreglustjóri í umdæmi því, sem ritið er fyrst flutt í, krafizt afhendingar á einu eintaki þess með þeim hætti, er getur í 6. gr.

□ Skylda til afhendingar rits samkvæmt 1. málsgr. hvílir á þeim, sem afhendir það til sölu eða dreifingar hér á landi.

□ Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

■ **24. gr.** Ákvæði 13. gr. gilda um ábyrgð á efni allra rita, sem prentuð eru erlendis og gefin út hér á landi.

■ **25. gr.** Um rit, sem prentuð eru erlendis og gefin út hér á landi, gilda að öðru leyti ákvæði 1. gr., 7. gr. og 11. gr. laga þessara, eftir því sem við á.

■ **26. gr.** [Saksóknari ríkisins][1] getur fengið lagt lögbann við sölu eða dreifingu hérlendis á riti, sem prentað er erlendis, ef talið er, að efni þess varði við lög. Lögbann verður lagt á hjá þeim, sem hefur ritið til sölu eða dreifingar. Nú er eigi vitað, hver sá er, og má þá leggja lögbannið á hjá hverjum þeim, er hefur ritið í vörzlum sínum. Um framkvæmd lögbanns þessa fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 18/1949,[2] um kyrrsetningu og lögbann.

[1] *L. 23/1962, 1. gr.* [2] *Orðin „nr. 18/1949" í þessari grein falla niður 1. júlí 1992, sbr. l. 31/1990, 44. gr.*

■ **27. gr.** Nú skal gert upptækt rit, sem flutt hefur verið til landsins, og má þá ákveða í dómi, að ritið skuli sent úr landi innan tiltekins frests, að viðlagðri upptöku, ef ákvörðun þessari verður ekki sinnt.

**VIII. kafli. Ákvæði um upptöku, málsmeðferð og gildistöku laganna.**

■ **28. gr.** Nú er rit gert upptækt samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga, og skal þá með fara, eins og hér segir:

Ef upptaka byggist eingöngu á tilteknum hluta rits, skal greina hann í dómi, og ber þá, eftir því sem unnt er

**1956** Nr. 57 10. apríl

og á kostnað dómþola, að greina hina hlutana frá og skila þeim aftur.

Upptaka getur einnig tekið til prentstafa þeirra, mynda og annars, sem notað hefur verið til að framkvæma prentunina eða letrunina.

■ **29. gr.** Nú hefur rit verið gert upptækt með dómi, hald lagt á það samkv. VI. kafla laga nr. 27/1951[1] eða sala þess og dreifing verið bönnuð hér á landi, og ber lögreglustjóra þá tafarlaust að láta birta dóminn eða ákvörðunina í Lögbirtingablaðinu. Ef upptaka, hald eða lögbann er fellt úr gildi, ber að birta þá ákvörðun með sama hætti.

[1] *Nú l. 74/1974.*

■ **30. gr.** Sala eða önnur dreifing prentaðs rits er bönnuð, þegar birting um ákvörðun samkvæmt 29. gr. hefur farið fram eða þegar aðilja er fyrr kunnugt um upptöku, hald eða lögbann.

□ Brot gegn ákvæðum 1. málsgr. varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

■ **31. gr.** Mál út af öðrum brotum á lögum þessum en því, er getur í 20. gr., sæta meðferð opinberra mála.

□ Mál út af broti á 19. gr., 21. gr. og 22. gr. skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við.

**1969** Nr. 82 2. júlí

## Áfengislög.

### I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem henni er samfara.

■ **2. gr.** Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

□ [Sterkir drykkir teljast samkvæmt lögum þessum áfengi sem meira er í en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín telst áfengi, annað en öl, sem í er minna af vínanda.][1]

[1] *L. 25/1989, 1. gr.*

### II. kafli. Innflutningur áfengis.

■ **3. gr.**[1] Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins annast innflutninginn. ...[2]

[1] *Sjá l. 63/1969.* [2] *L. 38/1988, 1. gr.*

■ **4. gr.** Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

□ [Um meðferð áfengis í skipi, er kemur frá útlöndum, vörslu þess eða innsiglun, fer samkvæmt ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.][1]

□ Fyrirmæli þessarar greinar taka til [loftfara],[2] eftir því sem við á, en ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

[1] *L. 7/1985, 1. gr.* [2] *L. 25/1989, 2. gr.*

■ **5. gr.** Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, [skal lögreglumaður eða hreppstjóri][1] í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

□ Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu, að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín.

□ Gefi enginn eigandi sig fram áður en hinn lögskipaði auglýsingarfrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

[1] *L. 25/1989, 3. gr.*

**1969** Nr. 82 2. júlí

■ **6. gr.** Enginn má taka við neins konar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi eða öðrum farkosti hér við land eða í íslenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

□ ...[1]

[1] *L. 7/1985, 2. gr.*

### III. kafli. Tilbúningur áfengis.

■ **7. gr.** [Um tilbúning og framleiðslu áfengra drykkja fer samkvæmt lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

□ Önnur framleiðsla, tilbúningur og bruggun áfengra drykkja eða áfengisvökva er bönnuð á Íslandi, svo og að gera drykkjarhæft það áfengi sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.][1]

[1] *L. 38/1988, 2. gr.*

■ **8. gr.** [Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti, skal og gert upptækt ásamt ílátum.][1]

[1] *L. 38/1988, 3. gr.*

### IV. kafli. Sala og veitingar áfengis.

■ **9. gr.** [Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning, dreifingu og sölu áfengis, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum. Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.][1]

[1] *L. 38/1988, 4. gr.*

■ **10. gr.** [Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, en þó aðeins í sveitarfélögum þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a. m. k. 1000 í þrjú ár samfellt.

□ Áður en útsala er sett á stofn skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í því sveitarfélagi sem í hlut á og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

□ Áfengisútsala skal lögð niður ef það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða í sveitarfélaginu.

□ Atkvæðagreiðsla, sem um getur í 2. og 3. mgr., skal fara fram er þriðjungur kjósenda eða meiri hluti hlutaðeigandi sveitarstjórnar krefst þess. Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu eða samþykkt að leggja niður útsölu og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að tveimur árum liðnum.][1]

[1] *L. 25/1989, 4. gr.*

■ **11. gr.** Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefur verið af Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins eða útsölum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. [Lyfsalar og læknar sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu það áfengi sem talið er í lyfjaskrá og aðeins til lyfja.][1]

Dómsmálaráðherra setur reglugerð[2] um áfengislyfjasölu lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, og skal meðal annars ákveða, hve mikið áfengi megi á hverju ári eða um ákveðið tímabil láta af hendi til hverrar lyfjabúðar (lyfsala eða læknis). Í reglugerðinni skal greina á milli áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar, og áfengislyfja, sem óhæf eru til nautnar. Enginn lyfsali má láta úti áfengislyf, sem hæft er til nautnar, nema eftir löglegum lyfseðli læknis. Enginn læknir má ávísa úr lyfjabúð áfengislyfi, sem hæft er til nautnar, nema hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi ráðherra, er ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hversu mikið áfengi viðkomandi læknir megi ávísa á ári, eða um ákveðið tímabil, og á hvern hátt. Landlæknir lætur lækni, sem sérstakt leyfi hefur fengið til áfengislyfjaávísana, í té hæfilega mörg eyðublöð undir slíkar ávísanir.

2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.

3. Dómsmálaráðherra setur reglugerð[3] um sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefur verið óhæfur til drykkjar, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota.

[1] *L. 25/1989, 5. gr.* [2] *Rg. 116/1952 (um sölu áfengis til lækninga).* [3] *Rg. 39/1935 (um sölu áfengis til iðnaðar o. fl.).*

■ **12. gr.** [Heimilt er lögreglustjóra að veita veitingastað, sem telst fyrsta flokks að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu, almennt leyfi til áfengisveitinga. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar og er óheimilt að veita leyfi ef sveitarstjórn er leyfisveitingu mótfallin. Áður en sveitarstjórn lætur uppi umsögn skal hún leita álits áfengisvarnanefndar, sbr. 1. mgr. 30. gr.

□ Þriggja manna nefnd, sem dómsmálaráðherra skipar, skal dæma um það hvort veitingastaður telst fyrsta flokks. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar en áfengisvarnaráð og Samband veitinga- og gistihúsa tilnefna hvort einn mann. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

□ Leyfi til áfengisveitinga skal ekki veitt til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Nú er sótt um endurnýjun leyfis og skal þá framlengja fyrra leyfi til bráðabirgða meðan sú umsókn er til meðferðar. Leyfi skal bundið við nafn veitingamanns og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði er hann hefur þegar leyfi er veitt. Taki nýr veitingamaður við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi. Meðan sú umsókn er til meðferðar skal gefa út leyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og fyrra leyfi. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð ef sérstakar ástæður mæla með því að mati dómsmálaráðherra.

□ Leyfi til áfengisveitinga skal bundið því skilyrði að veitingastaður hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði. Leyfi má binda frekari skilyrðum sem lögreglustjóri eða sveitarstjórn telja nauðsynleg. Dómsmálaráðherra getur sett almennar reglur um skilyrði fyrir leyfisveitingu. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur skal lögreglustjóri þegar fella leyfi úr gildi.

□ Skylt er lögreglumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingastaða sem hafa leyfi til áfengisveitinga. Ráðherra getur ákveðið nánar hvernig eftirliti með veitingastöðum þessum skuli háttað. Skulu leyfishafar endurgreiða ríkissjóði kostnað af eftirliti eftir reglum sem ráðherra setur.

□ Nánari fyrirmæli um áfengisveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og eftirlit með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð.[1] Áður en slík reglugerð er sett skal leita umsagnar áfengisvarnaráðs og Sambands veitinga- og gistihúsa.][2]

[1] *Rg. 425/1989 (um sölu og veitingar áfengis).* [2] *L. 25/1989, 6. gr.*

■ **13. gr.** Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, útsölur hennar og veitingastaðir, sem leyfi hafa til veitingar áfengra drykkja, mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu.

□ Ákvæði greinar þessarar gilda eigi um sölu vínanda til lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, sbr. 11. gr.

■ **14. gr.** Áfengissölubúðir skulu vera lokaðar á helgidögum þjóðkirkjunnar[1] og frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða; einnig þá daga, er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, svo og sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

□ Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma, þegar sérstaklega stendur á. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins eða veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra. Ekki frestar málskot framkvæmd lokunarinnar eða bannsins.

□ Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.

[1] *Sjá l. 45/1926.*

■ **15. gr.** [Dómsmálaráðherra setur reglugerð[1] um sölu áfengis samkvæmt þessum kafla.][2]

□ Heimilt er að ákveða í þeirri reglugerð hámark þess áfengis, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og útsölur hennar mega afhenda einstaklingum (mánaðarskammt, ársskammt), svo og setja nánari reglur um meðferð áfengis.

□ Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

[1] *Rg. 425/1989 (um sölu og veitingar áfengis).* [2] *L. 38/1988, 5. gr.*

## V. kafli. Meðferð áfengis í landinu.

■ **16. gr.** Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður.

□ Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins jafnóðum, hverjir gerzt hafa sekir um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

□ Yngri mönnum en 20 ára má ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða

1969 Nr. 82 2. júlí

afhendir það, láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

☐ Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

☐ Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 62/1989.*

■ **17. gr.** Allt það áfengi, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist í vörzlum manns áfengi, sem ekki er merkt innsigli Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins eða tollyfirvalda og ætla má að sé ólöglegt, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, [skal refsa honum samkvæmt lögum þessum].[1)]

☐ Áfengissendingar skulu greinilega merktar þannig, að séð verði á umbúðum, að innihald sendingarinnar sé áfengi ætlað til neyzlu. Nú leikur vafi á, hvort áfengi sé í sendingu, og skal þá hlutaðeigandi afgreiðslumaður, þar á meðal póstafgreiðslumaður neita að taka við sendingu.

[1)] *L. 52/1978, 1. gr.*

■ **18. gr.** Með þeirri undantekningu, sem í 10., 11., 12. og 20. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

■ **19. gr.** Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, [skal refsa honum samkvæmt lögum þessum].[1)] Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða önnur flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

☐ Menn með lögregluvaldi, þar á meðal hreppstjórar og lögregluþjónar, hver í sínu umdæmi, eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögregluranns6kn gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau, á meðan á rannsókn stendur. ...[2)]

☐ Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

☐ Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgrein hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess, sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema leiddar séu að því sterkar líkur, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

☐ Ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða er bannað að taka ölvuð ungmenni yngri en 20 ára til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra, til lögregluyfirvalda og á sjúkrahús. Þá er ölvaður maður óskar flutnings með leigubifreið eða annarri almenningsbifreið, eða farþegi í slíku farartæki neytir áfengis í því, skal bifreiðarstjóri krefjast þess, að hlutaðeigandi sanni aldur sinn með nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, ef hann hefur ástæðu til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 20 ára aldri.

[1)] *L. 52/1978, 2. gr.* [2)] *L. 25/1989, 7. gr.*

■ **20. gr.** Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum þeim stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 12. gr. og 2. málsgr. þessarar greinar. Sama gildir og um félagsherbergi.

☐ Lögreglustjóri má þó veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum eða almennum veitingastöðum, öðrum en þeim, er um getur í 12. gr. Slíkt leyfi má þó einungis veita stjórnum félaganna, þegar um er að ræða árshátíðir félaganna eða samkvæmi innanfélagsmanna og gesta þeirra, sem haldin eru af sérstöku tilefni. Eigi má þó veita leyfi, nema sýnt sé, að félagsskapurinn í heild eða einstakir félagsmenn hafi ekki hagnað af. Slík [leyfi][1)] má ekki veita skemmtifélögum. Ekki má heldur veita leyfi samkvæmum félaga, sem ætla má að til sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitinga- eða skemmtistaði. Sannist það, að félög misnoti áfengisveitingaleyfi eða afli þess undir fölsku yfirskini, missa þau rétt til að fá slík leyfi í tvö ár.

☐ Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það, sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

☐ Ungmennum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem [veitingar áfengis][1)] eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 8 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

[1)] *L. 25/1989, 8. gr.*

## VI. kafli. Ölvun.

■ **21. gr.** Hver sá, sem sökum ölvunar veldur óspektum, hættu eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

■ **22. gr.** Hver embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Sé um miklar sakir að ræða eða brot ítrekað, varðar það frávikningu úr stöðunni um stundarsakir eða að fullu og öllu. Eigi læknir í hlut, skal hann missa lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

☐ Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

■ **23. gr.** Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

■ **24. gr.** Ef flugmenn, bifreiðarstjórar,[1)] skipstjórar, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

☐ Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í farartækinu, ef þeir eru sjálfir í því og áttu að annast starfið, en vanræktu það sökum ölvunar og verulegt slys hlauzt af því.

☐ Það varðar refsingu að veita mönnum þeim, sem tilgreindir eru í 1. málsgr., áfengi, þegar þeir eru að störfum.

☐ Ákveða skal í reglugerð, að flugmönnum, bifreiðarstjórum og stjórnendum hvers konar farartækja, sem

annast mannflutninga, sé bannað að neyta áfengis vissan tíma áður en þeir hefja störf sín.

[1] *Sjá l. 50/1987, 44. – 46. gr.*

■ **25. gr.** Leiki vafi á, hvort sakborningur samkvæmt þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal bæði dómara og sakborning heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn, sem læknir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

**VII. kafli. Áfengisvarnir.**

■ **26. gr.** Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar áfengisvarnaráðunaut. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.

□ Áfengisvarnaráðunautur starfar samkvæmt erindisbréfi, sem ríkisstjórnin setur honum. Um ákvörðun launa hans fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.[1]

[1] *Nú l. 94/1986.*

■ **27. gr.** Áfengisvarnaráð skal skipað fimm mönnum. Áfengisvarnaráðunauturinn er sjálfkjörinn formaður ráðsins, en hinir fjórir, ásamt jafnmörgum varamönnum, skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum hverjum almennum alþingiskosningum. [Heilbrigðismálaráðherra][1] skipar varaformann ráðsins, að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé. Áfengisvarnaráð skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Veitir áfengisvarnaráðunautur henni forstöðu. Kostnaður við störf áfengisvarnaráðs greiðist úr ríkissjóði.

[1] *L. 52/1978, 3. gr.*

■ **28. gr.** Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn neyzlu áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu.

□ Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Það skal fylgjast sem bezt með áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau til blaða og annarra aðila, er óska þeirra.

□ Umsagnar áfengisvarnaráðs skal jafnan leita, áður en reglugerðir samkvæmt lögum þessum eru settar. Álits þess skal einnig leita varðandi verðlagningu áfengis.

□ Að öðru leyti fer áfengisvarnaráð með þau störf, sem lög þessi ákveða.

□ Nánari ákvæði um störf áfengisvarnaráðs skulu sett í reglugerð.[1]

[1] *Rg. 130/1954 (um áfengisvarnaráð). Um birtingu síðustu mgr. 28. gr., sjá Stjtíð. A 1972, bls. 100.*

■ **29. gr.** Af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skal árlega leggja í gæzluvistarsjóð framlag, eins og ákveðið er í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra (nr. 39 19. maí 1964), og fer um meðferð fjár þessa eftir ákvörðun heilbrigðisstjórnar, sbr. nefnd lög.

■ **30. gr.** Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formann nefndanna, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum. Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu, ef óskað er. Kjörtími nefndarmanna er fjögur ár. Nefndirnar skulu vera ólaunaðar, en kostnaður við störf þeirra, ef einhver er, greiðist úr ríkissjóði að öðru leyti en því, að hlutaðeigandi hreppur eða kaupstaður greiðir fyrir nauðsynlegt húsnæði handa þeim.

□ Áfengisvarnanefndir skulu vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitarstjórnir, lögreglustjóra, áfengisvarnaráð, ríkisstjórn og aðra þá aðila, sem komið geta til greina í því sambandi. Verksvið nefndanna skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð,[1] sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

□ [Heilbrigðismálaráðherra][2] er heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf áfengisvarnanefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra kveður nánara á um starfssvið nefndanna að þessu leyti í reglugerð.[3]

□ Nú ákveður sveitarstjórn utan Reykjavíkur að stofna félagsmálaráð, og getur þá [heilbrigðismálaráðherra][2] með sama hætti falið því störf áfengisvarnanefndar að nokkru eða öllu leyti.

[1] *Rg. 595/1982 (um áfengisvarnanefndir).* [2] *L. 52/1978, 4. gr.* [3] *Rg. 121/1971.*

■ **31. gr.** Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnuþrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis.

□ Fræðslumálastjórninni skal skylt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir til fræðslu um áhrif áfengisnautnar, eftir því sem við á á hverju skólastigi.

□ Ráðherra setur með reglugerð[1] nánari fyrirmæli um fræðslu samkvæmt þessari grein, þar á meðal um fjölda kennslustunda í hverjum skóla.

[1] *Rg. 103/1956 (um bindindisfræðslu).*

■ **32. gr.** Ríkisstjórnin skal láta auglýsa í skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðvum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum.

**VIII. kafli. Refsiákvæði.**

■ **33. gr.** [Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

□ Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af útsöluverði sambærilegs áfengis hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

□ Brot gegn 3. og 7. gr. varða fangelsi auk sektar, ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

□ Ef maður gerir sér að atvinnu ólöglega áfengissölu eða veitingar eða slíkt brot er margítrekað, varðar það fangelsi auk sektar. Sama er um brot veitingamanns, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.][1]

[1] *L. 52/1978, 5. gr.*

1969 Nr. 82 2. júlí

■ **34. gr.** [Gera skal upptækt til ríkissjóðs:
a. Áfengi, sem ólöglega er flutt til landsins.
b. Áfengi, sem skotið er undan innsigli eða vanrækt að skýra frá.
c. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, sbr. 4. mgr. 19. gr.
d. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum.
e. Áfengi, sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum.
f. Áfengi í vörslu þeirra, sem brotlegir gerast samkv. 21. gr.][1]

[1] *L. 52/1978, 6. gr.*

■ **35. gr.** [Skip, sem áfengi er ólöglega flutt með hingað til lands, sbr. 3. gr., skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.
□ Sama gildir um skip, þá er skipstjóri skýrir rangt frá um áfengi, er hann hefur meðferðis, eða dregur að skýra frá áfengisbirgðum, sbr. 4. gr.
□ Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, er heimilt að gera skipið upptækt til ríkissjóðs.
□ Ákvæði greinar þessarar gilda einnig um flugvélar eða annan farkost, sem áfengi hefur verið flutt með.][1]

[1] *L. 52/1978, 7. gr.*

■ **36. gr.** [Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun telst brot fullframið, þegar áfengið hefur verið flutt inn í landhelgi.][1]

[1] *L. 52/1978, 8. gr.*

■ **37. gr.** [Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyslu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann sæta refsingu samkvæmt lögum þessum.
□ Sama gildir um lyfsala og starfsmenn þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyslu.
□ Sé brot margítrekað eða að öðru leyti stórfellt, skal svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengisseðla.][1]

[1] *L. 52/1978, 9. gr.*

■ **38. gr.** [Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar [áfengistegundir],[1] svo og með því að selja eða afhenda áfengi, án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli, sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt lögum þessum, svo og sviptingu veitingaleyfis um stundarsakir og fyrir fullt og allt, ef brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.
□ Brot þjónustumanna varða og refsingu samkvæmt lögum þessum.][2]

[1] *L. 25/1989, 9. gr.* [2] *L. 52/1978, 10. gr.*

■ **39. gr.** ...[1]

[1] *L. 52/1978, 11. gr.*

■ **40. gr.** [Verði maður, sem leyfi hefur til veitingastarfsemi, sekur um brot á lögum þessum, og brot á sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, og skal þá auk refsingar svipta hann veitingaleyfi um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.][1]

[1] *L. 52/1978, 12. gr.*

■ **41. gr.** ...[1]

[1] *L. 52/1978, 13. gr.*

■ **42. gr.** [Hafi bifreiðastjóri ítrekað gerst sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot margítrekað.][1]

[1] *L. 52/1978, 14. gr.*

■ **43. – 45. gr.** ...[1]

[1] *L. 52/1978, 15. gr.*

■ **46. gr.** [Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að brotin verði ákvæði 3. gr., 1. málsgr. 6. gr. eða 7. gr., veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta refsingu samkvæmt lögum þessum.][1]

[1] *L. 52/1978, 16. gr.*

**IX. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **47. gr.** ...[1]
□ Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.
□ [Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og öðrum flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.][2]

[1] *L. 84/1971, 3. gr.* [2] *L. 52/1978, 17. gr.*

■ **48. gr.** Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

■ **49. gr.** Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum að hætti opinberra mála.

■ **50. gr.** Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Ráðherra skal skipa fimm manna nefnd til að gera tillögur er stuðlað gætu að því að draga úr heildarneyslu áfengis. Meðal annars ber nefndinni að fjalla um verðlagningu áfengis og leiðir til að vara við hættum sem fylgja neyslu þess, t. d. með áprentuðum upplýsingum um áfengishlutfall og ákvæði umferðarlaga. Einnig skal nefndin gera tillögu um sérstaka fræðsluherferð um áfengismál, einkum meðal skólafólks, er hefjist eigi síðar en mánuði áður en lög þessi koma til framkvæmda.][1]

[1] *L. 38/1988, ákvæði til bráðabirgða.*

1969 Nr. 82 2. júlí

**Lög um undanþágu frá lögum nr. 91 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.**[1]

1923 Nr. 3 4. apríl

[1] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 2500.*

# VII. DÓMSTÓLAR OG RÉTTARFAR.

1936 Nr. 85 23. júní

## Lög um meðferð einkamála í héraði.

### [I. kafli. Um réttarsáttir.][1)]

[1)] *L. 28/1981, 1. gr.*

■ [**1. gr.** Héraðsdómari skal leita sátta í einkamálum, ef aðilar eiga forræði á sakarefninu, nema hann telji víst, að sáttatilraun verði árangurslaus vegna eðlis málsins, afstöðu aðila eða annarra ástæðna.

□ Dómari leitar venjulega sátta, þegar verjandi hefur tjáð sig um málið skv. 1. mgr. 106. gr. Þó má hann fresta sáttatilraun, ef hann telur það heppilegt, og jafnan getur hann síðar leitað sátta, þótt það hafi þegar verið gert.

□ Ekki veldur það ómerkingu héraðsdóms í æðra dómi, að sátta hefur ekki verið leitað.][1)]

[1)] *L. 28/1981, 2. gr.*

■ [**2. gr.** Dómari getur synjað aðilum um að gera réttarsátt, ef hann telur ólögmætt að gera hana, efni hennar óljóst eða ómögulegt að efna hana. Dómari skal kveða upp úrskurð um synjun sína, ef [illegible]ss er krafist.

□ Gera má réttarsátt um hluta málsefnis, og heldur mál þá áfram að öðru leyti í héraðsdómi. Ef sátt verður um allt annað en málskostnað, skal hann ákveðinn með úrskurði.

□ Gera má réttarsátt um atriði, þótt kröfur um þau hafi ekki verið gerðar í stefnu.

□ Gera má réttarsátt í héraðsdómi um málsefni, sem dæmt hefur verið í héraði, á næstu 9 mánuðum eftir birtingu dóms.][1)]

[1)] *L. 28/1981, 3. gr.*

■ [**3. gr.** Í þingbók eða dómabók skal geta réttarsáttar og skulu aðilar eða umboðsmenn þeirra undirrita bókunina. Tekur réttarsáttin þá gildi. Réttarsáttin skal gerð skriflega, og sé hún ekki skráð í heild í réttarbókina, skal leggja hana fram í dómi sem málsskjal. Ef mál heldur áfram að nokkru, skal þess getið í bókuninni, ella er dómsmálinu lokið.][1)]

[1)] *L. 28/1981, 4. gr.*

■ [**4. gr.** Réttarsátt er löglegur aðfarargrundvöllur, enda sé hún gildur samningur og fullnægi formkröfum réttarfars.][1)]

[1)] *L. 28/1981, 5. gr.*

■ [**5. gr.** Höfða má dómsmál með venjulegum hætti til að fá réttarsátt staðfesta eða ógilta að hluta eða öllu leyti.

□ Ef aðili byggir rétt fyrir dómi, þar á meðal fógeta-, skipta-, uppboðs- eða þinglýsingarrétti, á réttarsátt, getur gagnaðili vefengt gildi hennar, og sker dómurinn úr.

□ Héraðsdómari er bundinn af úrlausn hliðsetts dómstóls um atriði, sem hann hefur tekið ákvörðun um.

□ Ákvarðanir héraðsdómara um réttarsáttir má kæra til æðra dóms innan 3 mánaða frá því, að bókað var um hana í þingbók eða dómabók skv. 3. gr.][1)]

[1)] *L. 28/1981, 6. gr.*

■ **6. gr. – 28. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 28/1981, 1. gr.*

### II. kafli. Um dómara o. fl.

■ **29. gr.** [Með dómsstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetagerðir, uppboð og þinglýsingar, fara sýslumenn í sýslum landsins, bæjarfógetar í kaupstöðum, sérstakir héraðsdómarar í sýslum og kaupstöðum, borgarfógetar, sakadómarar og borgardómarar í Reykjavík og lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli. Meðdómendur sitja í dómi eftir reglum laga.

□ Rétt er öllum héraðsdómurum að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns, ef það þykir heppilegt til upplýsinga í máli, enda valdi það ekki verulegum drætti á því.

□ [Sá sem settur er til að dæma ákveðið mál skal kveða upp dóm í þinghá þar sem hann á heimili eða hefur skrifstofu nema dómsuppkvaðning í því lögsagnarumdæmi, þar sem mál var flutt, valdi hvorki kostnaðarauka né drætti á dómsuppsögu.][1)][2)3)]

[1)] *L. 54/1988, 1. gr.* [2)] *L. 28/1981, 7. gr.* [3)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 21. gr.*

■ **30. gr.** Dómsmálaráðherra setur dómara til að fara með og dæma einstök mál (setudómara), þar sem hinn reglulegi dómari hefir vikið úr dómarasæti.

□ Ef mál er sérstaklega umfangsmikið eða vandasamt að öðru leyti, svo að ætla má, að hinn reglulega dómara skorti tíma frá öðrum embættisstörfum eða sé af öðrum ástæðum ofvaxið að fara með það, getur dómsmálaráðherra skipað sérstakan dómara til að gegna því, enda hafi hinn reglulegi dómari færzt undan að sinna máli af nefndum ástæðum. Hinum skipaða dómara er þá, nema öðruvísi sé mælt í skipunarbréfi hans, heimilt að halda dómþing í málinu hvar á landinu sem vera skal. Heimildin í þessari málsgrein tekur og til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða.

□ Ríkissjóður greiðir alltaf þann kostnað, sem leiðir af skipun dómara samkvæmt þessari grein.[1)]

[1)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 21. gr.*

■ **31. gr.** [Forseti Íslands skipar reglulega héraðsdómara.

□ Hinir reglulegu héraðsdómarar skulu hafa skrifstofu í lögsagnarumdæmi sínu. Ef sami maður er reglulegur héraðsdómari í tveimur eða fleiri lögsagnarumdæmum, skal dómsmálaráðherra ákveða, hvar skrifstofa eða skrifstofur hans skuli vera nema lög kveði á um það atriði.][1)2)]

[1)] *L. 28/1981, 8. gr.* [2)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 21. gr.*

■ **32. gr.** Engan má skipa í fast dómarasæti, nema hann:

1. Sé svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt stöðunni.

1936 Nr. 85 23. júní

2. Sé 25 ára gamall.
3. Sé lögráður og hafi forræði fjár síns.
4. Hafi óflekkað mannorð.
5. Hafi íslenzkan ríkisborgararétt.
6. Hafi lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við aðra háskóla samkvæmt íslenzkum lögum.
7. [Hafi enn fremur þrjú ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða deildarstjóri eða fulltrúi í skrifstofu þess, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri, deildarstjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, lögreglustjóri eða fulltrúi hans, kennari í lögum við háskólann, gegnt málflutningsstörfum að staðaldri eða verið settur héraðsdómari eða gegnt opinberu starfi sem lögfræðipróf þarf til. Leggja má saman starfstíma í hverri einstakri af starfsgreinum þessum. Undantekningu frá ákvæðum þessa töluliðar má gera um þann er sérstakan orðstír hefur getið sér fyrir ritstörf um lögfræðileg efni.][1]

☐ [Settur héraðsdómari og dómari skv. 30. gr. skal fullnægja ákvæðum 1. – 6. tölul. þessarar greinar. Þó má til bráðabirgða og ef sérstaklega stendur á setja yngri mann en 25 ára, þó ekki lengur en þrjá mánuði í senn.][1)2)]

[1)] *L. 54/1988, 2. gr.* [2)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 21. gr.*

■ **33. gr.** [Dómsmálaráðherra getur löggilt héraðsdómurum fulltrúa er fara megi með hvers konar dómsathafnir undir eftirliti og á ábyrgð hlutaðeigandi dómara eða forstöðumanns dómaraembættis þar sem starfa fleiri en einn dómari.

☐ Fulltrúi skal vera að minnsta kosti 21 árs að aldri og fullnægja skilyrðum 1. og 3. – 6. tölul. 32. gr.][1)2)]

[1)] *L. 54/1988, 3. gr.* [2)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 21. gr.*

■ **34. gr.** Dómari skal bæta tjón af dómaraverkum sínum, ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi. Um refsiábyrgð dómara fer samkvæmt almennum hegningarlögum og sérákvæðum einstakra laga.

☐ Í æðra dómstóli má með dómi í aðalmálinu eða sjálfstætt gera héraðsdómara að greiða skaðabætur vegna meðferðar sinnar á máli, enda hafi honum verið stefnt til greiðslu skaðabóta. Í héraði verður dómari einungis sóttur til greiðslu skaðabóta vegna dómaraverks í sambandi við opinbert mál út af því eða eftir að refsidómur hefir verið kveðinn upp yfir honum í opinberu máli fyrir afbrot í dómarastarfi í því máli.

☐ Með dómi æðra dómstóls í aðalmálinu eða sjálfstætt má dæma héraðsdómara til sektar [200 – 4000 krónur][1)] fyrir hverskonar misferli um meðferð þess, enda hafi honum verið stefnt til ábyrgðar eða æðri dómur telji aðgerðir hans svo löglausar og aðfinnsluverðar, að þær skuli varða sektum.

☐ ...[2)]

[1)] *L. 33/1963, 10. gr.* [2)] *L. 57/1962, 61. gr.*

■ **35. gr.** [Geri dómari eða dómarafulltrúi sig sekan um vanrækslu í dómarastarfi án þess þó að refsing liggi við að lögum eða framkoma hans eða athafnir í dómarastarfi eða utan þess þykja að öðru leyti ósamrýmanlegar dómarastarfinu skal veita honum áminningu.

☐ Forseti Hæstaréttar veitir áminningu þegar í hlut á forstöðumaður dómaraembættis. Forstöðumaður dómaraembættis veitir áminningu þegar í hlut á annar héraðsdómari við það embætti eða dómarafulltrúi. Tilkynna skal dómsmálaráðherra um veitta áminningu.

☐ Nú telur dómsmálaráðherra dómara hafa misst hin almennu dómaraskilyrði eða hafa gert sig sekan um misferli í dómarastarfi, enda hafi áminning æðra dóms eða ráðherra eða skv. 2. mgr. ekki komið að haldi, eða dómari hefur að áliti ráðherra með öðrum hætti rýrt svo álit sitt siðferðislega að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti og víkur ráðherra honum þá frá embætti um stundarsakir en síðan skal höfða mál á hendur honum til embættismissis svo fljótt sem verða má.

☐ Ef svo verður ástatt um dómara er settur hefur verið til að gegna dómaraembætti um stundarsakir eða dómara skv. 30. gr. eða fulltrúa dómara sem í 3. mgr. segir getur dómsmálaráðherra þegar tekið af honum starfann án þess að bera þurfi málið undir dómstóla.

☐ Rétt er hverjum þeim, er skv. 3. eða 4. mgr. hefur verið sviptur embætti eða starfa, að höfða mál með venjulegum hætti á hendur dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisvaldsins til úrlausnar um lögmæti þeirrar ráðstöfunar enda höfði hann málið innan sex mánaða frá því er hún var gerð.

☐ Forseti getur þó veitt þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, lausn frá embætti enda njóti hann þá sömu eftirlauna sem hann hefði fengið ef hann hefði gegnt starfinu til 70 ára aldurs.][1)2)]

[1)] *L. 54/1988, 4. gr.* [2)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 21. gr.*

■ **36. gr.** Dómari víkur úr dómarasæti í máli, ef hann er:

1. Aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðilja. Þó þarf dómari venjulega ekki að víkja, þótt hann hafi eða hafi haft í embættisnafni önnur afskipti af máli, sem hann nú skal fara með sem dómari.
2. Skyldur eða mægður aðilja að feðgatali eða niðja eða að öðrum lið til hliðar, maki hans, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
3. Skyldur eða mægður fyrirsvarsmanni aðilja eða málflytjanda að feðgatali eða niðja eða að 1. lið til hliðar, maki hans, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Hefir borið vitni um málsatvik eða verið skoðunar- eða matsmaður í málinu.
5. Hefir flutt málið eða leiðbeint aðilja í því.
6. Er svo venzlaður vitni eða matsmanni sem í 3. tölul. segir, enda sé krafizt úrskurðar um skyldu vitnis eða heimild til að bera vitni eða staðfesta skýrslu sína.
7. Er óvinur aðilja, eða málið varðar hann eða venzlamenn hans verulega fjárhagslega eða siðferðislega, eða annars er hætta á því, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu.

■ **37. gr.** Dómari skal víkja af sjálfsdáðum, ef svo stendur á sem í 1. – 6. tölul. 36. gr. segir. Annars getur hann bæði vikið af sjálfsdáðum eða eftir kröfu aðilja, enda þarf hann þá ekki að víkja fyrr en mál er tekið til dóms eða kveða þurfi upp úrskurð, nema aðili hafi krafizt þess eða mál sé munnlega flutt.

☐ Dómari úrskurðar sjálfur, hvort hann víki sæti. Ef dómari víkur sæti, ber honum að gera það, sem nauðsynlegt kann að vera til að halda máli í réttu horfi, þar til setudómari tekur við því. Hann getur og látið af hendi eftirrit af málsskjölum og gefið út dómsgerðir, þótt hann hafi vikið sæti.

1936 Nr. 85 23. júní

☐ Fulltrúi dómara er, án sérstakrar skipunar, óhæfur til að vinna þau dómarastörf, sem dómari má ekki vinna samkvæmt 36. gr.

☐ Úrskurði dómara um, að hann víki sæti, verður ekki skotið til æðra dóms. ...[1]

[1] *L. 57/1962, 61. gr.*

■ [**37. A. gr.** Ef deilt er um staðreyndir, sem fram eru bornar sem málsástæður og dómari telur þörf sérkunnáttu í dómi, getur hann skipað 2 meðdómsmenn, sem slíka kunnáttu hafa. Taka þeir að jafnaði sæti í dómi, áður en þing er háð til munnlegra skýrslugjafa, en dómari getur þó kvatt meðdómsmenn til fyrr. Heimilt er að meðdómsmaður sé einn fram að munnlegum flutningi máls eða töku skriflega flutts máls til dóms.

☐ Ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði eða fyrir aðila, er dómara rétt að kveðja til annan embættisdómara eða dómarafulltrúa, sem sitji í dómi með einum sérfróðum meðdómsmanni, eða tvo embættisdómara eða dómarafulltrúa. Til kvaðningar embættisdómara þarf dómari þó samþykki forstöðumanns embættis.

☐ Ef meðdómsmaður hefur tekið sæti í dómi, hefur hann þaðan í frá í því máli sömu réttindi og skyldur og hinn reglulegi dómari.

☐ Öllum, sem fullnægja lögmæltum skilyrðum, er skylt að gegna meðdómsmannastörfum. Þó gildir þetta ekki um hæstaréttardómara, hæstaréttarritara, aðra embættisdómara og dómarafulltrúa, ráðherra og ráðuneytisstjóra, biskup og presta þjóðkirkjunnar, lögmenn og fulltrúa þeirra, ríkissaksóknara, vararíkissaksóknara, saksóknara og fulltrúa ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, lögreglustjórann í Reykjavík og löglærða starfsmenn stofnana þeirra, sem þessir menn stjórna, embættislækna og ljósmæður og forstöðumenn ríkisstofnana, ef málsefnið varðar starfssvið stofnunarinnar.

☐ Almenn skilyrði til meðdómsmannastarfa eru: Nægilegur þroski og líkamleg og andleg heilbrigði, óflekkað mannorð, lögræði og fjárforræði. Þá skal meðdómsmaður hafa náð 25 ára aldri. Skilyrði til þátttöku í meðferð einstaks máls eru hin sömu og hjá embættisdómurum skv. 36. gr.

☐ Héraðsdómari úrskurðar um skyldu og skilyrði meðdómsmanna, en skjóta má úrskurði hans til æðra dóms með kæru. Sama er um forföll meðdómsmanna.

☐ Þegar meðdómsmaður tekur í fyrsta sinn þátt í dómstörfum við héraðsdómstóla landsins, skal hann undirrita í þingbók drengskaparheit um, að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

☐ Héraðsdómari ákveður greiðslur til meðdómsmanna, en dómsmálaráðherra getur kært ákvörðunina til æðra dóms.

☐ Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um fógeta-, uppboðs- og skiptarétt.][1]

[1] *L. 28/1981, 9. gr.*

### III. kafli. Um þinghöld, þingbækur, þingvotta o. fl.

■ **38. gr.** [Í Reykjavík og kaupstöðum landsins skal halda bæjarþing til meðferðar allra mála, sem ekki eru sérstaklega undantekin, einu sinni í viku eða oftar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra og á þeim stað og stund, sem ákveðið verður, ef mál eru fyrir hendi. Dómara í kaupstað er vítalaust, þótt niður falli bæjarþing, ef hann vegna embættisferðar í lögsagnarumdæmi sínu getur ekki sótt þing, enda líði aldrei meira en hálfur mánuður milli bæjarþinga. Utan kaupstaða skal halda manntalsþing í hverjum hreppi einu sinni á ári, eins og verið hefur, nema sýslumaður telji þarflaust og dómsmálaráðherra og sýslunefnd samþykki, að hætt skuli að halda manntalsþing eða breyta þeim.[1] Aukadómþing skal halda til meðferðar þeirra mála, sem höfðuð eru utan kaupstaða, þegar þörf gerist og þar í lögsagnarumdæmi, sem dómari ákveður hverju sinni. Dómsmálaráðherra ákveður þingstað. Þingstaður sýslu eða kaupstaðar má vera á skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta, þótt hún sé utan sýslu eða kaupstaðar.][2][3]

☐ Dómsmálaráðherra getur ákveðið að regluleg dómþing skuli halda í einstökum lögsagnarumdæmum eða þinghám oftar en einu sinni á ári, þar sem þörf krefur.[3]

☐ Þingleyfi eru frá 20. des. til 6. jan. og frá pálmasunnudegi til annars í páskum. Ennfremur getur dómsmálaráðherra ákveðið þingleyfi í kaupstöðum 1 – 2 mánuði á sumrin.

☐ Framkvæma skal dómsathafnir í þingleyfum, sem ekki mega bíða, svo sem dómsuppsögn, fógetagerðir, skiptagerðir og uppboðsgerðir.

[1] *Bréf 544/1982 (Austur-Húnavatnssýsla); 545/1982 (Vestur-Húnavatnssýsla); 546/1982 (Eyjafjarðarsýsla); 593/1982 (Dalasýsla); 268/1984 (Húnavatnssýsla); 344/1984 (Mýra- og Borgarfjarðarsýsla); 536/1986 (Suður-Múlasýsla); 537/1986 (Skagafjarðarsýsla); 278/1987 (N.-Ísafjarðarsýsla); 314/1987 (V.-Ísafjarðarsýsla); 370/1987 (Snæfellsness- og Hnappadalssýsla); 498/1987 (Barðastrandarsýsla); 500/1987 (A.-Skaftafellssýsla).* [2] *L. 28/1981, 10. gr.* [3] *1. og 2. mgr. falla brott 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 21. gr.*

■ **39. gr.** [Dómþing skal heyja í heyranda hljóði nema aðilar óski eða dómari telji hentara vegna aðila, vitna eða almenningshagsmuna að heyja þing fyrir luktum dyrum og kveður dómari þá upp úrskurð um þessi atriði. Rétt er dómara að vísa almenningi eða einstökum mönnum út úr þingsal ef návist þeirra horfir til truflunar þingfriði eða maður kemur annars ósæmilega fram við dómara eða aðra.][1]

☐ Ef sækjanda máls verður vísað út úr þingsal samkvæmt 1. málsgr., fellur mál hans niður. Ef verjanda er vísað út, getur sækjandi þegar krafizt dóms í málinu, eins og það þá er.

☐ Ef einstakur maður ljær hús sín til þinghalds, getur hann bannað óviðkomandi mönnum aðgang að því. Ákvæðin hér að framan taka og til þinghalds í húsum einstakra manna, eftir því sem við á.

☐ Dómari getur bannað, að viðlögðum [sektum eða varðhaldi],[2] nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, að skýra opinberlega í orðum eða á annan hátt frá því, sem gerist í þinghöldum, sem hann hefir ákveðið, að halda skuli fyrir luktum dyrum.

☐ Ákvæði greinar þessarar taka einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir því sem við á.

[1] *L. 54/1988, 5. gr.* [2] *L. 33/1963, 11. gr.*

■ **40. gr.** [Þingmálið er íslenska. Skjölum á erlendu máli skal fylgja þýðing löggilts skjalaþýðanda, ef hans er kostur. Ef aðili, eða vitni, er ekki nægilega fært í íslensku, skal aðili hafa með sér löggiltan dómtúlk til aðstoðar dómara, ef unnt er. Ef ekki er kostur löggilts skjalaþýðanda eða dómtúlks, skal þýðandi staðfesta þýðingu sína fyrir dómi, ef hún er vefengd, og túlkur

vinna heit fyrir dómi, um að hann skuli rækja starfann eftir bestu getu. Aðili greiðir skjalaþýðanda og dómtúlki þóknun, en þó skal sú þóknun greidd úr ríkissjóði í einkarefsimálum og barnsfaðernismálum.][1]

☐ Ef dómari treystir sér til að þýða skjal á erlendu máli eða aðiljar þýða það og eru sammála um, að þýðingin sé rétt, eða dómari getur sjálfur spurt aðilja eða vitni á erlendu máli, kemur vöntun á skjalaþýðanda eða túlki ekki að sök. Annarskostar vísar dómari máli frá dómi, dómsathöfn verður óframkvæmanleg eða ekki verður tekið tillit til skjals, allt eftir því sem á stendur.

[1] *L. 28/1981, 11. gr.*

■ **41. gr.** [Þar sem einn maður situr í dómi skal jafnan vera einn þingvottur. Hann skal fullnægja almennum vitnaskilyrðum og auk þess má hann hvorki vera svo venslaður dómara né aðila sem segir í 1. tölul. 1. mgr. 125. gr. Það er borgaraskylda að vera þingvottur. Dómari ákveður þóknun handa þingvotti.][1]

[1] *L. 54/1988, 6. gr.*

■ **42. gr.** Hverju héraðsdómaraembætti skulu fylgja þessar dómsmálabækur til afnota í einkamálum:

1. Manntalsþingbók (utan kaupstaða).
2. Bæjarþingsbók (í kaupstöðum).
3. Aukaþingbók (utan kaupstaða).
...[1]
6. Skiptabók.
7. Fógetabók.
8. Uppboðsbók.

Í bækur þessar skráir dómari skýrslu um mál þau, sem til meðferðar eru hverju sinni, með þeim hætti, sem tíðkazt hefir, þar á meðal úrskurði, sem upp eru kveðnir þegar í stað, um skjöl þau, sem fram hafa verið lögð, um kröfur þær, sem fram hafa komið, og þau efni yfir höfuð, sem í IX. kafla greinir, vitnaskýrslur, nefningu matsmanna og staðfesting matsgerða o. s. frv.

9. Dómabók. Þar skal skrá dóma og úrskurði aðra en þá, sem áður greinir.

[Um bækur þinglýsingardómara fer eftir 8. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978.][1][2]

☐ Ríkissjóður leggur bækur þessar til. Þær skulu vera tölusettar, gegnumdregnar og innsiglaðar. Dómsmálaráðuneytið löggildir þær.

☐ Héraðsdómari, eða fulltrúi hans, heldur dómsmálabækur. Aðiljar skulu undirrita það, er hverju sinni hefir verið bókað um mál, ef það hefir að geyma skuldbindingu samkvæmt borgaralegum lögum, er þeir hafa sannfært sig um, að rétt sé bókað, en dómari og þingvottar undirrita að loknu þinghaldi í einu lagi allt það, sem þar hefir verið bókað.

☐ Dómsmálabækur skal rita skýrt og greinilega, og rita hverja blaðsíðu að fullu. Ef bókun þarf að leiðrétta, skal strika yfir hana, en hvorki skafa út né gera ólæsilegt með öðrum hætti það, sem bókað hefir verið.

☐ [Í stað þess að skrá skýrslur, dóma og úrskurði í framangreindar bækur er heimilt að skrá hið sama í tölvur, prenta síðan og binda í bækur. Við tölvuskráninguna er heimilt að nota atriðisorð er dómsmálaráðherra ákveður. Sáttir og bókanir, sem hafa að geyma skuldbindingar samkvæmt borgaralegum lögum, skulu þó færðar til bókar og undirritaðar með þeim hætti sem verið hefur.][3]

☐ [Dómsmálaráðherra getur heimilað héraðsdómaraembættum að nota hljóðritun á dómþingum í stað bókana í þingbækur, sbr. 134. gr. Sé slíkt leyfi veitt skal fylgja héraðsdómaraembætti búnaður til hljóðritunar og vörslu hljóðritana. Dómsmálaráðherra ákveður gerð þessa búnaðar. Hljóðritanir skal varðveita í þrjú ár hið skemmsta frá lokum dómsmáls. Forstöðumanni héraðsdómaraembættis, dómsmálaráðherra og þjóðskjalaverði er heimilt að ákveða varðveislu um lengri tíma, ef hljóðritunin er talin hafa almennt heimildargildi, gildi í öðrum dómsmálum eða aðrar sérstakar ástæður koma til.

☐ Dómsmálaráðherra skal setja reglur um búnað til hljóðritunar, framkvæmd hljóðritana, og vörslu þeirra svo og annað, er máli skiptir þar að lútandi.

☐ Hæstiréttur getur ávallt krafist þess, að honum séu afhentar hljóðritanir í dómsmálum, sem til hans hefur verið skotið.][4]

[1] *L. 28/1981, 12. gr.* [2] *1. mgr. 42. gr. breytist 1. júlí 1992. Sjá l. 92/1989, 21. gr.* [3] *L. 54/1988, 7. gr.* [4] *L. 14/1976, 1. gr.*

■ **43. gr.** [Skjöl öll, sem fram eru lögð í dómi, skulu vera í frumriti séu þau tiltæk. Þau skal merkja í áframhaldandi töluröð og votta á þau um framlagninguna. Ætíð skal leggja fram eitt endurrit af hverju skjali, en dómari getur krafið aðila um fleiri endurrit sé þörf á. Skjölin eru eign dómstólsins en lána má þau aðilum með samþykki þess aðila sem þau lagði fram. Aðili máls skal ætíð afhenda öðrum aðilum málsins endurrit af þeim skjölum sem hann leggur fram. Dómari skal, eftir að dómur hefur verið kveðinn upp í máli, fá aðila frumrit af þeim málsskjölum, sem hann hefur lagt fram, gegn því að staðfest endurrit fylgi málsskjölunum ef aðili þarf frumritsins til sönnunar rétti sínum annars staðar. Þegar Þjóðskjalasafn hefur fengið málsskjöl til varðveislu hefur þjóðskjalavörður sömu heimildir og dómari til að afhenda málsskjöl.][1]

☐ Ef sækjandi skilar ekki aftur léðum málsskjölum, áður en mál er tekið til dóms, skal hefja málið, nema skjal skipti auðsjáanlega ekki verulegu máli eða aðiljar komi sér saman um innihald þess. Ef verjandi skilar ekki léðum málsskjölum, skal dæma málið eftir bókuðum kröfum sækjanda, nema svo sé ástatt um skjal sem nú var sagt.

[1] *L. 54/1988, 8. gr.*

■ **44. gr.** Gegn lögmæltum ritlaunum er dómara skylt að láta viðkomendum í té staðfest eftirrit úr dómsmálabókum og málsskjölum, þar á meðal dómsgerðir í heild sinni, innan hæfilegs tíma og aldrei síðar en þremur vikum eftir að eftirrits hefir verið beiðzt, en rétt er að krefjast ritlauna fyrirfram eftir því, sem dómari áætlar þau. Það varðar sektum, ef eftirrit eru ekki af hendi látin á réttum tíma, og má þá beita ákvæðum 34. gr.

☐ [Meðan mál er rekið í héraði, unnt er að skjóta því til æðra dóms eða mál er rekið fyrir æðra dómi, er ennfremur skylt gegn lögmæltum ritlaunum að láta í té endurrit þess, sem hljóðritað hefur verið, ef þess er beiðst af aðilum, lögmönnum þeirra, þeim, er skýrslu gaf, sem endurrits er beiðst af, eða þeim, sem ríka hagsmuni hafa af því að fá slík endurrit. Endurritin skal gera svo fljótt sem við verður komið. Á sama tíma skal leyfa þeim, sem taldir voru, að hlýða á hljóðritun. Dómari ákveður stað og stund og eftirlit, meðan hlýtt er á hljóðritunina. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um gjöld fyrir slíka

hlustun. Ritlauna og hlustunargjalds má krefjast fyrirfram með sama hætti og skv. 1. mgr. Að þeim tíma liðnum, sem greindur var, má láta í té staðfest endurrit og leyfa að hlýða á hljóðritanir, ef sérstakar ástæður mæla með því. Gilda um það ofanskráðar reglur, eftir því sem við getur átt. Ágreining um það, er í þessari málsgrein segir, skal dómari úrskurða, ef krafist er, og má kæra úrskurðinn til Hæstaréttar eftir almennum reglum.][1)]

[1)] *L. 14/1976, 2. gr.*

**IV. kafli. Um sakaraðilja.**

■ **45. gr.** Sakaraðili getur hver sá verið, einstaklingur, félag eða stofnun, sem að landslögum getur átt réttindi eða borið skyldur. Dómstólar, þar á meðal skipta-, fógeta- og uppboðsréttur, hafa vald til að dæma mál allra þeirra, er aðiljar geta verið, nema undantekningar séu gerðar í landslögum eða samkvæmt þjóðarétti.

□ Varnir, byggðar á aðildarskorti, leiða til sýknu, ef þær metast á rökum byggðar.

■ **46. gr.** [Nú eiga fleiri en einn óskipt réttindi eða bera saman óskipta skyldu og eiga þeir þá óskipta sakaraðild. Eigi er þó skylt að vísa máli frá dómi enda þótt þeir taki ekki allir þátt í málshöfðun. Hins vegar ber að vísa máli frá dómi ef þeim er eigi öllum veittur kostur á að svara til sakar.

□ Ef þeir sækja ekki allir dómþing skulu þeir er það gera taldir hafa heimild til að skuldbinda hina. Nú eru yfirlýsingar slíkra aðila fyrir dómi ósamrýmanlegar og skal þá sú yfirlýsing, sem gagnaðila er hagkvæmari, lögð til grundvallar nema sýnt sé að hún sé röng eða að sá er hana setti fram hafi skort þekkingu á málsatviki. Ef þeir gera mismunandi kröfur skal ekki fara út fyrir þá kröfu er skemmst gengur. Nú skulu málsúrslit samkvæmt dómi velta á eiði eða drengskaparheiti samaðila, eins eða fleiri, og hafa þeir þá tapað máli að því leyti nema báðir þeir eða allir, sem eiðsheimildin nær til, vinni eið eða drengskaparheit.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 9. gr.*

■ **47. gr.** [Fleiri mönnum er rétt að sækja mál í félagi og rétt er að sækja fleiri menn í einu máli, ef dómkröfurnar eru af sömu rót runnar. Ella skal að kröfu verjanda vísa máli frá að því er hann varðar.][1)]

□ Ákvæði fyrri málsgreinar þessarar greinar taka og til skiptagerða, fógetagerða og fasteignauppboða, eftir því sem við á.

[1)] *L. 28/1981, 13. gr.*

■ **48. gr.** Nú vill sækjandi eftir þingfestingu máls stefna nýjum aðilja til að svara til sakar ásamt þeim, er hann hefir þegar stefnt, og er það því aðeins heimilt, að skilyrðum 1. málsgr. 47. gr. sé fullnægt, enda hafi sækjanda eigi verið unnt að stefna hinum nýja aðilja áður en mál var þingfest, og verði honum ekki heldur um það kennt.

■ **49. gr.** Rétt er verjanda að hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar í máli, ef skilyrði til hans eru fyrir hendi, án þess að gagnstefna. Ef sjálfstæðs dóms er krafizt um gagnkröfu, þarf gagnstefnu. Ef kröfu má skuldajafna, má jafnan krefjast sjálfstæðs dóms um afgang hennar. Annarskostar verður krafa því aðeins heimt sem gagnkrafa, að hún sé af sömu rót runnin sem aðalkrafa eða samið hafi verið um það, að hana mætti heimta með gagnsök í máli um dómkröfu aðalsakar. Aðalsök og gagnsök skulu sóttar og varðar sem eitt og sama mál.

1936 Nr. 85 23. júní

■ **50. gr.** Rétt er þriðja manni að ganga inn í mál annarra manna, ef úrslit þess máls skipta hann máli að lögum. Skal hann þá stefna báðum hinum upphaflegu aðiljum, og gera kröfu um, að honum verði leyfð meðalganga, og að honum verði dæmt sakarefnið, ef því er að skipta, eða að dómur verði annars svo felldur, að verndaður verði réttur hans.

■ **51. gr.** Meðferð mála þeirra, er í 46. – 50. gr. segir, fer að öðru leyti eftir fyrirmælum laga þessara, eftir því sem við á.

■ **52. gr.** Ef úrslit máls geta skipt þriðja mann máli að lögum, svo sem vegna vanheimildar, þá getur aðili tilkynnt honum málareksturinn og skorað á hann að veita sér þann styrk í málinu, er honum er kostur.

■ **53. gr.** [Ef sækjandi framselur réttindi þau, sem dómkrafa hans varðar, eftir birtingu utanréttarstefnu, útgáfu réttarstefnu eða, þar sem varnaraðili hefur mætt óstefndur, eftir þingfestingu máls, en áður en það er tekið til dóms, tekur hinn nýi eigandi við málinu í stað hins og í því ástandi, sem það þá var í, enda verður hann þá jafnan að sæta þeim vörnum, er rétt var að hafa uppi gagnvart hinum upphaflega sækjanda, nema viðskiptabréfskrafa sé, enda hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né átt að vita, að mál var höfðað eða að málshöfðun stóð til.

□ Ef sækjandi deyr á þeim tíma, sem í 1. mgr. segir, tekur dánarbú hans við málinu, ef réttindi þau, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Ella falla þau niður að öðru en því, að dæma má dánarbúið til greiðslu málskostnaðar.

□ Ef bú sækjanda er tekið til gjaldþrotaskipta á þeim tíma, sem í 1. mgr. segir, tekur þrotabú hans við málinu, ef réttindi þau, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Þótt svo sé ekki, getur varnaraðili stefnt þrotabúinu inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.][1)]

[1)] *L. 28/1981, 14. gr.*

■ **54. gr.** [Ef varnaraðili afhendir á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, hlut eða réttindi, sem hann er sóttur til að láta af hendi, má sækjandi halda málinu áfram gegn hinum upphaflega varnaraðila. Hinn nýi eigandi verður bundinn við dóm í málinu, nema hann hafi eignast hlut eða réttindi með þeim hætti, að varnir eða réttindi annarra manna yfir hinu afhenta glatist gagnvart honum.

□ Ef varnaraðili deyr á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, tekur dánarbúið við málinu, ef hluturinn eða réttindin, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Ella fellur málið niður að öðru en því, að dæma má dánarbúið til greiðslu málskostnaðar.

□ Ef bú varnaraðila er tekið til gjaldþrotaskipta á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, tekur þrotabú hans við málinu, ef hluturinn eða réttindin, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Þó getur sækjandi lýst því yfir, að hann krefjist aðeins dóms yfir hinum upphaflega varnaraðila persónulega eða að hann óski dóms, sem bæði bindi búið og hinn upphaflega varnaraðila persónulega. Þó að þrotabú verði ekki aðili máls skv. framansögðu, getur sækjandi stefnt því inn í mál til

greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.][1]

[1] *L. 28/1981, 15. gr.*

**V. kafli.** ...[1]

[1] *L. 61/1942, 25. gr.*

**VI. kafli. Um sakarefnið.**

■ **66. gr.** Dómstólar hafa vald til að dæma um hvert það sakarefni, sem lög og landsréttur nær til, nema það sé undan lögsögu þeirra skilið samkvæmt lögum, venju eða eðli sínu. Ef dómari telur sakarefni ekki sæta lögsögn dómstóla, vísar hann málinu frá dómi.

■ **67. gr.** Dómstólar verða ekki krafðir álits um lögfræðileg efni, nema að því leyti sem nauðsynlegt er til úrlausnar ákveðinni kröfu í dómsmáli. Ekki verða þeir heldur krafðir úrlausnar um það, hvort ákveðið atvik hafi gerzt eða ekki gerzt, nema það skipti máli um úrlausn ákveðinnar kröfu í dómsmáli.

■ **68. gr.** Nú telur dómari sakarefnið eiga að sæta úrlausn annars dómstóls, og skal hann þá vísa máli frá sér.

■ **69. gr.** Ef mál er höfðað til úrlausnar um rétt eða skyldu, sem sækjandi játar, að enn sé ekki til orðin, eða ljóst er, að svo er, en síðar kann að verða til, þá skal vísa máli frá dómi.

□ Nú er krafizt aðfarardóms um kröfu, sem að vísu reynist rétt eða kann að vera rétt, en greiðslu- eða fullnægjuskylda er enn eigi komin, þegar mál er tekið til dóms, og skal þá sýkna verjanda að svo stöddu. Veita má þó viðurkenningu með dómi um réttmæti slíkrar kröfu, ef sækjandi sýnir, að hann skiptir máli að lögum að fá slíkan dóm.

■ **70. gr.** Sækja má í sama máli um allar kröfur á hendur sama aðilja, er runnar eru af sömu rót eða þær eru samkynja. Ella getur verjandi krafizt frávísunar á einni kröfunni eða fleirum.

□ Með framhaldsstefnu getur sækjandi (gagnsækjandi) dregið kröfu inn í mál eftir þingfestingu, ef skilyrði 1. málsgr. eru fyrir hendi, enda verði vanrækslu hans ekki um kennt, að hún var ekki tekin með í öndverðu.

■ **71. gr.** Nú hefir aðili ekki sótt í einu máli þær kröfur, sem runnar eru af sömu rót, og er honum þá heimilt að sækja þær í öðru máli, en ekki má þá dæma verjanda til greiðslu málskostnaðar, nema ekki hafi verið unnt að höfða mál um allar eða báðar kröfurnar í einu lagi.

□ Nú hefir aðili höfðað mál til heimtu nokkurs hluta af kröfu, og skal honum þá að vísu heimilt að sækja um afganginn í öðru máli, en dæma skal hann þá til að greiða andstæðing sínum málskostnað, nema hann sanni, að hann vissi ekki að krafan var hærri, áður en fyrra málið var tekið til dóms, enda verði honum ekki gefin sök á þeirri vanvizku. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki, ef nokkur hluti kröfunnar hefir verið tekinn lögtaki samkvæmt lögum um lögtak, eða verið hafður til skuldajafnaðar.

□ Nú hefir aðili lofað að greiða tveimur mönnum eða fleirum hluta af sömu kröfu, krafa skiptist milli ábyrgðarmanna eða erfingja eða fleiri en einn eignast kröfu í ákveðnum hlutföllum, og er þá hverjum þeirra rétt að sækja sér sinn hluta kröfu, en taka skal til greina, er dæma skal um málskostnaðarkröfu, hvort skuldunautur mátti gera ráð fyrir eða olli sjálfur skiptingu kröfunnar.

□ ...[1]

□ Ef báðir aðiljar æskja þess, getur dómari ákveðið, að svo stöddu megi sækja og verja mál um eitt ákveðið sakarefni, svo sem um skaðabótaskyldu, með áskildum rétti til þess að ræða síðar um kröfuhæð og annað, er hana varðar, og kveður þá dómari upp dóm um það atriði, og má áfrýja honum sérstaklega innan [fjögurra vikna][1] frá dómsuppsögn, og hitt eða hin atriðin hvíla á meðan. Ef á þennan hátt eru kveðnir upp tveir eða fleiri dómar í einu máli, eru þeir, eftir því sem á stendur, aðfarargrundvöllur báðir eða allir saman. ...[2]

□ [Nú hefur sakarefni í skaðabótamáli út af slysi verið skipt og eingöngu dæmt um skaðabótaskylduna, og getur þá dómari, ef sækjandi krefst þess, tiltekið í dóminum hæfilega fjárhæð, er verjandi greiði honum upp í endanlega skaðabótafjárhæð. Þessari ákvörðun má breyta í Hæstarétti, ef dóminum er áfrýjað.][3]

[1] *L. 28/1981, 16. gr.* [2] *L. 57/1962, 61. gr.* [3] *L. 59/1975, 1. gr.*

**VII. kafli. Um varnarþing.**

■ **72. gr.** [Reykjavík, hver kaupstaður landsins og hver sýsla er sérstök dómþinghá. Dómsmálaráðherra getur, eftir tillögu viðkomandi héraðsdómara (forstöðumanns embættis), ákveðið að sameina dómþinghár.[1]][2][3]

[1] *Bréf 324/1976 og 325/1976.* [2] *L. 28/1981, 17. gr.* [3] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 21. gr.*

■ **73. gr.** Sækja má mann fyrir dómi í þinghá, þar sem hann er heimilisfastur. Ef maður á samtímis heimili í fleiri þinghám en einni, má sækja hann í hvorri eða hverri sem er.

□ Ef maður á hvergi heimili hér á landi og verður þó sóttur hér fyrir dómi, má sækja hann þar í þinghá, sem hann á dvöl.

□ Nú hefir maður hvorki heimili né dvalarstað hér á landi, en verður þó sóttur hér fyrir dómi, og má þá sækja hann í þinghá, þar sem hann er staddur.

■ **74. gr.** Ólögráðan mann skal sækja á varnarþingi lögráðamanns, nema hann eigi sjálfur forræði á sakarefni.

■ **75. gr.** Skrásett firma eða félag skal sækja í þinghá, þar sem það er skrásett að eiga heima, eða ef mál varðar sérstaklega útibú, þá í þinghá, þar sem útibúið er skrásett að eiga heima. Önnur félög má sækja á varnarþingi formanns félagsstjórnar, enda má sækja þau í þinghá, þar sem heimilisfang þeirra er samkvæmt samþykktum þeirra.

□ Ríkisvaldið má sækja á varnarþingi þess embættismanns, sem svara má til sakar fyrir það í því máli.

□ Sérstakar stofnanir ríkis, bæjar-, sveitar- eða sýslufélaga, félaga eða einstakra manna, má sækja í þinghá, þar sem stofnunin er, án tillits til varnarþings stjórnenda eða eigenda.

■ **76. gr.** Íslenzka menn erlendis, er ekki verða þar sóttir, má sækja fyrir dómi í Reykjavík, nema þeir hafi heimili annarsstaðar á Íslandi.

■ **77. gr.** Menn, búsetta erlendis, má sækja hér á landi vegna fjárskyldna við íslenzka þegna, félög, stofnanir eða stjórnvöld, í þinghá, þar sem þeir eru, þegar stefna ...[1] er birt, eða þar sem þeir eiga eignir. Ef slíkur maður á eign víðar en í einni þinghá, má velja á milli þeirra.

[1] *L. 28/1981, 18. gr.*

■ **78. gr.** Nú skal kröfu gera um dóm um réttindi yfir fasteign, innihald eða slit slíkra réttinda, eða um hluti skeytta við fasteign eða í, og skal það mál sækja í þinghá,

þar sem fasteign liggur. Sameina má slíku máli kröfur, er af réttindum þessum eru risnar, enda þótt þær yrðu ekki einar sér sóttar á því varnarþingi.

☐ Kröfur um greiðslu leigu eða afgjalda, þar á meðal kúgildaleigu, eftir fasteign má sækja á varnarþingi fasteignar samkvæmt fyrri mgr. greinar þessarar.

■ **79. gr.** Nú hefir maður haft á hendi reikningshald eða fjárvörzlu stöðu sinni samkvæmt fyrir opinberar stofnanir eða einstaka menn eða félög, og er þá rétt að sækja mál á hendur honum í þinghá, þar sem reikningshald eða fjárvarzla fór fram, út af þeim starfa hans.

■ **80. gr.** Mál til efnda á eða til lausnar undan loforði eða fyrir rof eða vanefndir á loforði má sækja í þinghá, þar sem loforðið skyldi efna samkvæmt lögum, tilætlun aðilja eða eftir atvikum, að því er ætla má, hverju sinni, enda sé stefndur staddur þar í þinghá, þegar ...[1] stefna er birt. Síðastnefnt skilyrði þarf þó ekki að vera fyrir hendi, ef sækja skal mál til efnda á loforði, er stefndur gaf, meðan hann dvaldist í þinghánni, og efna skyldi samkvæmt framanskráðu áður hann færi þaðan.

[1] *L. 28/1981, 19. gr.*

■ **81. gr.** Rétt er aðiljum að semja um meðferð máls fyrir dómi í hvaða lögsagnarumdæmi og í hvaða þinghá sem er, enda hafi sá dómur vald til að dæma málið.

☐ Nú á stefndur samrætta eða samkynja kröfu á hendur stefnanda, og getur hann sótt hana á varnarþingi aðalsakar.

■ **82. gr.** Mál til greiðslu á andvirði vöru eða vinnu, er maður hefir fengið eða þegið í fastri verzlun eða annarri fastri starfstofu, enda sé það atvinna hins upprunalega skuldareiganda að láta slíka vöru eða vinnu í té, má sækja í þinghá, þar sem verzlunin eða starfstofan er.

☐ Kröfur erlendra lánardrottna, þær er sækja mætti eftir þessari grein, ef þær væru innlendar, má sækja á varnarþingi þess, er kröfu fær til innheimtu, enda sé það atvinna hans að annast skuldaheimtur.

☐ [Víxilmál og tékka má sækja í þinghá þar, sem greiðslustaður víxilsins eða tékkans er. Nú er víxill eða tékki, sem út hefir verið gefinn erlendis, innheimtur hér á landi í víxilmáli eða tékka, og má þá mál höfða á varnarþingi þess, er innheimtir, ef banki er eða sparisjóður eða sá hefir skuldheimtu að atvinnu sinni.][1]

[1] *L. 52/1937, 2. gr.*

■ **83. gr.** Nú má eða þarf að stefna fleiri mönnum en einum í sama máli, og má þá höfða það á varnarþingi einhvers þeirra.

■ **84. gr.** Mál til skaðabóta, refsingar eða annarrar fullnustu sakir réttarbrota utan samninga má sækja í þinghá, þar sem brot var framið, eða ef það var víðar framið, þá í einhverri þeirra.

■ **85. gr.** [Mál til greiðslu launa má sækja í þinghá, þar sem unnið var, eða í einhverri þeirra, ef víðar var unnið. Sjómenn mega sækja slík mál á heimili skips.][1]

[1] *L. 28/1981, 20. gr.*

■ **86. gr.** [Haldast skulu ákvæði annarra laga um varnarþing.][1]

[1] *L. 28/1981, 21. gr.*

**VIII. kafli. Um stefnur.**

■ **87. gr.** Aðili getur jafnan gefið út stefnu til héraðsdóms sjálfur, en fá verður hann áritun dómara á stefnu um stað og stund, er mál verði þingfest, nema það skuli gert á fyrirfram ákveðnum stað og tíma. Gefa skal dómari út stefnu, ef aðili óskar þess. Ef aðili eða umboðsmaður hans er ólögfróður maður, sem ekki hefir atvinnu af málflutningsstörfum, þá getur hann krafizt þess, að dómari semji fyrir hann stefnu gegn endurgjaldi, er samsvari ritlaunum. Dómari skal benda aðilja á þá galla, er hann kann að sjá á málatilbúnaði og frávísun kunna að varða, áður en hann áritar eða útgefur stefnu, en aldrei má hann synja þessara aðgerða af þessum ástæðum, enda er hann óbundinn af áliti sínu um þessi efni, þegar hann skal dæma síðar um þau.

1936 Nr. 85 23. júní

■ **88. gr.** [[Í stefnu skal greina svo glöggt sem verða má:

a. Nöfn aðila, kennitölu og heimili eða dvalarstað.

b. Nöfn fyrirsvarsmanna aðila, ef því er að skipta, stöðu og heimili eða dvalarstað.

c. Dómkröfur stefnanda, svo sem fjárhæð kröfu í krónum, bætur fyrir tiltekin skaðaverk, án þess að fjárhæð sé tiltekin ef enn er óvíst um hana, vexti ef því er að skipta, ákvörðun á réttindum, lausn undan skyldu, refsingu fyrir tilgreind orð eða athafnir, ómerking ummæla, málskostnað o. s. frv.

d. Málsástæður sem sækjandi byggir málssókn sína á, svo og önnur atvik sem þörf er að greina samhengis vegna. Lýsing þessi skal vera stuttorð og gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála hvert sakarefnið er.

e. Lagarök.

f. Gögn sem stefnandi hyggst hafa til sönnunar.

g. Dómþing er mál verður þingfest, stað þess og stund, svo og stefnufrest.

h. Áskorun til stefnda að koma fyrir dóm er málið verður þingfest, svara til sakar og leggja fram gögn.

i. Viðvörun um að útivistardómur geti gengið ef stefndi sækir ekki þing þegar málið skal þingfesta.][1]

☐ Rétt er, að aðili sæki þing óstefndur.

☐ Þeim einum, er krafa er á hendur gerð, þarf að stefna.

☐ Með framhaldsstefnu má auka við kröfur og laga þær, sbr. þó 48. gr. og 2. mgr. 70. gr.][2]

[1] *L. 54/1988, 10. gr.* [2] *L. 28/1981, 22. gr.*

■ **89. gr.** Í hreppi hverjum eða kaupstað skal héraðsdómari skipa að minnsta kosti tvo menn til að birta ...[1] dómsstefnur og aðrar tilkynningar, og tvo til vara, er gegni þeim starfa í forföllum hinna. Það er borgaraskylda að gegna starfanum, enda er sú ein [birting][1] lögmæt, er tveir stefnuvottar eða notarius publicus framkvæma, nema öðruvísi sé mælt í lögum. Dómsmálaráðuneytið lætur sérprenta ákvæði laga þessara um stefnubirtingar handa stefnuvottum.

☐ [Dómsmálaráðuneytið ákveður í gjaldskrá þóknun til stefnuvotta fyrir hverja birtingu. Þóknun ásamt endurgjaldi fyrir ferðakostnað greiðir sá, sem beiðzt hefur birtingar.][2]

[1] *L. 28/1981, 23. gr.* [2] *L. 7/1965, 1. gr.*

■ **90. gr.** Engan má skipa stefnuvott, nema hann sé 21 árs að aldri, hafi óflekkað mannorð og sé svo heill og hraustur, að hann megi rækja starfann.

■ **91. gr.** Stefnuvottar skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um það, að þeir skuli rækja starfann með trúmennsku og samvizkusemi.

■ **92. gr.** Þá er stefnuvottar hafa birt stefnu ...[1] eða aðra tilkynningu, skulu þeir rita á hana, eða blað, fest við hana, vottorð um það, hvar birting hafi farið fram, fyrir hverjum, hvenær (hvaða viku- og mánaðardag, klukkustund). Ennfremur er þeim rétt að votta um það, ef aðili

tekur birtingu gilda, þótt henni sé áfátt að einhverju leyti, svo sem ef hún er ekki birt á lögmæltum stað eða tíma dags. Í vottorði þessu skulu þeir skírskota til stefnuvottaheits síns, og taka það fram, að þeir staðfesti vottorðið með eiginhandar nöfnum sínum. Að lokum ber þeim að staðsetja og dagsetja vottorðið og rita síðan nöfn sín undir það.

□ Vottorðum stefnuvotta um framangreind atriði verður ekki hnekkt, nema full sönnun komi á móti þeim.

[1] *L. 28/1981, 24. gr.*

■ **93. gr.** Enginn er löghæfur til að birta stefnu eða aðra tilkynningu í sjálfs sín sök, ef hann er kvæntur eða giftur aðilja, skyldur honum eða mægður að feðgatali eða niðja eða í annan lið til hliðar.

■ **94. gr.** Stefnu skal birta á virkum degi, nema birting þoli ekki bið, frá lokum níundu stundar til loka 21. stundar. Þó má birting löglega fara fram á öðrum tíma sólarhrings, ef það er nauðsynlegt til að ná skemmsta lögmæltum fresti.

■ **95. gr.** Birta má ...[1] stefnu á lögheimili stefnds, skrifstofu hans eða vinnustofu. Nú á stefndur fleiri lögheimili en eitt, og er þá rétt að birta stefnu á öðru eða einhverju þeirra. Ef stefndur á hvergi lögheimili, má birta stefnu á dvalarstað hans. Ef hann hefir ekki heldur dvalarstað, er rétt að birting fari fram þar, sem hann er að hitta. Stefnu samkvæmt 80. gr. má birta í þinghá, þar sem mál má höfða og þar sem stefndur hefst við eða hafðist við.

□ Nú er ókunnugt, hvar birta skuli, eða birta skal óákveðnum mönnum, og skal þá stefna eða önnur tilkynning birt í auglýsingablaði landsstjórnarinnar.

□ Nú þarf að birta stefnu eða aðra tilkynningu ólögráðum manni, og skal þá fara sem lögráðandi hans væri aðili, nema sjálfur eigi hann forræði á sakarefni. Ef birta á stefnu eða aðra tilkynningu skrásettu eða skrásetningarskyldu firma eða félagi, þá telst rétt birt á hinu skrásetta heimili eða þar, sem það skyldi skrásett.

□ Ef birta þarf félagi annars eða stofnun, má birting fara fram í skrifstofu félags eða stofnunar eða heimili, skrifstofu eða vinnustofu formanns stjórnar þess eða hennar.

□ Stefnu eða aðrar tilkynningar til ríkisvaldsins eða ríkisstofnana má birta í skrifstofu, heimili eða vinnustofu þess, er svarar fyrir ríkisvaldið eða stofnunina, og ef fyrirsvarsmenn eru fleiri en einn, er nóg að birta fyrir formanni þeirra, eða, ef allir þeirra eru jafnsettir í stjórn eða fyrirsvari, fyrir einhverjum þeirra.

□ Ef birta þarf stefnu eða tilkynningu fyrir hreppsnefnd, bæjarstjórn eða sýslunefnd eða einstökum nefndum í stjórnum þessum, er birting á heimili, skrifstofu eða vinnustofu formanns nægileg.

□ Ef skipstjóra er stefnt fyrir hönd útgerðar eða skips, má birta stefnu úti í skipinu.

[1] *L. 28/1981, 25. gr.*

■ **96. gr.** Birta skal stefnur og aðrar tilkynningar fyrir stefndum sjálfum, ef þess er kostur, enda verður máli aldrei vísað frá, ef birting hefir farið fram fyrir aðilja sjálfum, hvar sem birt hefir verið.

□ Ef birting fer fram á heimili manna, skal annars birta þeim, er til sama heimilis teljast, en ef ekki er þeirra kostur, þá skal birta sambýlisfólki hans eða þeim að lokum, er þar kunna að hittast. Samsvarandi er, ef birting fer fram á dvalarstað, skrifstofu, vinnustofu eða skipi.

□ Jafnan skal afhenda þeim, er stefna, ...[1] eða önnur tilkynning er birt, eftirrit af því, sem birt er, á kostnað þess, er birta lætur.

□ Hver, sem tekur við eftirriti, er skyldur, að viðlagðri [fésekt],[2] að afhenda viðkomanda eftirrit, eða ef þess er ekki kostur, þeim, er líklegastur er til að fá honum það nægilega tímanlega.

[1] *L. 28/1981, 26. gr.* [2] *L. 33/1963, 14. gr.*

■ **97. gr.** Nú sækir maður ...[1] dómþing og krefst frávísunar vegna galla á birtingu ...[1] stefnu, og skal þá ekki vísa máli frá, nema tvímælis orki, að hann sé sá maður, er stefna átti.

[1] *L. 28/1981, 27. gr.*

■ **98. gr.** Nú verður mál dæmt, enda þótt stefndur hafi sér að vítalausu ekki fengið vitneskju um, að honum var stefnt í aðalmáli eða aukamáli í sambandi við það, eða ekki stefnt svo tímanlega, að hann mætti dómþing sækja, og er honum þá rétt að gera fyrir æðra dómi allar þær kröfur og koma fram öllum þeim vörnum og gögnum leyfislaust, er honum myndi hafa verið rétt að hafa uppi fyrir hinum óæðra dómi, ef hann hefði átt þess kost.

■ **99. gr.** [Ef stefndur á heimili eða dvöl í þinghá, þar sem mál skal þingfesta, ber honum þriggja sólarhringa frestur. Sama gildir, ef þingfesta skal mál í Reykjavík, Hafnarfirði, Görðum, Kópavogi, Seltjarnarnesi eða Kjósarsýslu og stefndur á heimili eða dvöl í einhverju þessara lögsagnarumdæma. Sama gildir og, ef þingstaður er hinn sami fyrir tvö eða fleiri lögsagnarumdæmi og stefndur á heimili eða dvöl í einhverju þeirra.

□ Ef stefndur á annars heimili eða dvöl utan þinghár, þar sem mál skal þingfest, skal stefnufrestur vera ein vika.

□ Ef stefndur á heimili eða dvöl erlendis eða ókunnugt er um heimili hans eða dvalarstað, skal stefnufrestur vera einn mánuður.][1]

[1] *L. 28/1981, 28. gr.*

■ **100. gr.** Ákvæði 99. gr. taka til allra einkamála í héraði, þar á meðal til vitnamála, matsmála og skoðunar og eiðsmála, nema sérstök undantekning sé gerð í lögum.

□ Ef stefna skal aðilja aðalmáls í meðalgöngumáli eða gagnsök, til vitnaleiðslu eða í matsmáli eða skoðunar, til þess þings, sem aðalmálið er flutt á, er nægilegt að birta stefnu samkvæmt 99. gr. fyrir aðilja sjálfum eða umboðsmanni hans 3 sólarhringum áður en aðalmálið skal fyrir tekið næst á eftir. En ef mál þessi skulu fara annarsstaðar fram, má birta aðilja eða umboðsmanni hans stefnu með þeim fyrirvara, sem þeim þeirra ber, er skemmstan fyrirvara má veita.

■ **101. gr.** ...[1] Ef stefndur mætir, enda þótt stefnufrestur hafi verið settur eða verði of skammur, skal ekki vísa máli frá dómi.

[1] *L. 28/1981, 29. gr.*

■ **102. gr.** Birtingar eða tilkynningar, er dómari lætur fram fara samkvæmt lögum þessum, getur hann framkvæmt með símskeyti eða einum stefnuvotti.

**IX. kafli. Almennar reglur um málsmeðferð.**

■ **103. gr.** [Mál er talið höfðað, þegar dómstefna hefur verið birt, eða, ef verjandi mætir óstefndur, þegar sækjandi gerir kröfu fyrir dómi um fyrirtöku málsins og verjandi tjáir sig þeirri kröfu samþykkan.][1]

[1] *L. 28/1981, 30. gr.*

■ [**103. gr. A.** Dómari getur heimilað að fram fari sönnunarfærsla fyrir dómi þótt hún sé ekki vegna dómsmáls sem höfðað hefur verið.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 11. gr.*

■ **104. gr.** Mál er þingfest með framlagningu stefnu í dóm, eða, þegar verjandi mætir óstefndur, með kröfu sækjanda um fyrirtöku máls og samþykki verjanda á þeirri kröfu, og með þar tilheyrandi bókun í þingbók.

□ Gagnkrafa til skuldajafnaðar er þingfest, þegar hún er gerð fyrir dómi.

□ Nú hefir krafa verið þingfest, og verður þá ekki krafizt dóms um hana í öðru máli, meðan henni hefir ekki verið vísað frá dómi. Ef dóms er krafizt um þannig þingfesta kröfu í öðru máli, skal vísa því frá dómi.

■ **105. gr.** [[Við þingfestingu skal sækjandi leggja fram stefnu með árituðu birtingarvottorði, nema engin stefna hafi verið birt, skriflega greinargerð sína ásamt aðilaskýrslu ef óskað er að leggja fram slíka skýrslu, svo og þau skjöl er málatilbúnað hans varða og hann byggir kröfur sínar annars á. Í greinargerð skal greint frá aðilum, málflutningsumboði sem veita má fleiri en einum löghæfum manni, kröfum, framlögðum sönnunargögnum og þeim gögnum sem enn er talið að þurfi að afla. Þar skal málsástæðum og lagarökum nánar lýst en í stefnu, svo og skal lýsa öðrum atvikum ef þess þarf með til að samhengi málsástæðna sé ljóst. Sé þess óskað að dómari taki munnlega skýrslur um atvik málsins skal þess getið og nefndir þeir sem skýrslur skulu gefa.][1)]

□ Dómari getur veitt sækjanda frest til að leggja fram greinargerð, aðilaskýrslu og sönnunargögn skv. 1. mgr., ef aðilar eru á það sáttir eða ef hann telur sækjanda ekki verða krafinn um skjöl þessi þá þegar eða hann má ekki lengja þingið að þessu sinni.][2)]

[1)] *L. 54/1988, 12. gr.* [2)] *L. 28/1981, 31. gr.*

■ **106. gr.** [Verjanda skal veita hæfilegan frest til að taka afstöðu til krafna sækjanda og kanna fram komin gögn. Honum er heimilt með sama hætti og sækjanda að leggja fram skriflega greinargerð og aðilaskýrslu, svo og sönnunargögn.][1)]

[1)] *L. 28/1981, 32. gr.*

■ **107. gr.** Nú samþykkir verjandi kröfur sækjanda í einu og öllu, en þó verður sáttar ekki auðið, og er þá málflutningi lokið.

■ **108. gr.** [Ef ekki verður af sátt né heldur samþykkir verjandi kröfur sækjanda skv. 107. gr., þá skal dómari ganga úr skugga um það hvort nokkrir þeir gallar muni vera á málatilbúnaði eða hvort sakarefni muni vera svo vaxið að varða muni frávísun án kröfu. Jafnframt innir dómari verjanda eftir því ef honum finnst ástæða til hvort hann hafi nokkuð út á málatilbúnað að setja er varða kunni frávísun eftir kröfu hans. Ágreining um frávísunarkröfu sækja aðilar og verja munnlega þegar í stað nema dómari telji sérstaka ástæðu til að veita frest.

□ Ef mál skal sæta frávísun án kröfu kveður dómari þegar upp frávísunardóm. Ef frávísunarkrafa kemur fram kveður dómari upp úrskurð eða dóm um hana áður en tekið er til meðferðar máls að efni til framar en í 105. og 106. gr. segir nema krafan byggist á ástæðum er jafnframt varða efni máls og ekki þykja fram komnar nægar upplýsingar um málavöxtu að því leyti.

□ Nú telur dómari eftir dómtöku máls að einungis beri að vísa frá einni kröfu eða fleirum, en þó ekki öllum, og getur hann þá kveðið á um frávísun og efnisúrlausn í sama dómi. Sama gildir þegar aðilar eru fleiri en einn en frávísun varðar aðeins kröfur eins eða fleiri aðila en þó ekki allra.

□ Nú hrindir dómari frávísunarkröfu með úrskurði sínum og er hann þá ekki bundinn við þann úrskurð þegar lúka skal dómi í málinu ef nýjar upplýsingar hafa komið fram um þau atriði er úrskurðuð voru.

□ Ef æðri dómur fellir synjunarúrskurð um frávísunarkröfu úr gildi er málinu, eða þeim hluta þess er dómsorð æðra dóms varðar, þar með lokið fyrir héraðsdómi. Nú fellir æðri dómur frávísunardóm að öllu leyti eða einhverju úr gildi og skal héraðsdómari þá taka málið þegar upp af nýju samkvæmt ákvæðum æðra dóms í því ástandi sem það var í þegar hann tók það undir dóm, jafnskjótt sem aðili lætur honum úrlausn æðra dóms í té, enda tilkynni hann aðilum stað og stund til endurupptökunnar.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 13. gr.*

■ **109. gr.** [Hafi verjandi mótmælt kröfum sækjanda að einhverju leyti eða öllu, sbr. 106. gr., og eigi verður sátt eða máli vísað frá dómi, skal flytja málið munnlega.

□ Dómari getur ákveðið skriflegan málflutning:

a. Ef hann telur hættu á að málið skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi.

b. Ef annar hvor aðila eða umboðsmenn þeirra óska skriflegs málflutnings og dómari telur þau tilmæli á rökum byggð.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 14. gr.*

■ **110. gr.** [Jafnan skal dómari halda eitt dómþing í málinu, eftir að stefndi hefur lagt fram greinargerð sína, til að leita sátta og gefa aðilum kost á að koma að sýnilegum sönnunargögnum sem ekki hefur áður verið tilefni til að leggja fram. Dómari getur frestað máli ef hann telur það vænlegt til að sættir takist eða nauðsynlegt til öflunar frekari gagna. Ber báðum aðilum að nota sama frest jöfnum höndum til gagnaöflunar eftir því sem við verður komið. Að jafnaði skal þó synja um frest enda þótt hans sé beiðst ágreiningslaust af aðilum nema nauðsyn beri til og líklegt sé til árangurs enda hafi aðili ekki haft nægilegan frest áður.

□ Að jafnaði skal dómari ekki ákveða þing til skýrslutöku og munnlegs flutnings fyrr en aðilar hafa lýst lokið öflun skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna. Eftir það er aðilum að jafnaði óheimilt að leggja fram skjöl. Þó getur dómari heimilað framlagningu skjala eftir þann tíma ef það veldur ekki töfum á málinu eða ekki hefur áður verið unnt að afla þessara gagna eða skort hefur á leiðbeiningar frá dómara.

□ Málsástæður og mótmæli skulu koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Annars kostar má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina nema gagnaðili samþykki eða aðili virðist hafa þurft leiðbeiningar dómara en ekki fengið hana.

□ Nú varðar mál flókin fjárviðskipti og getur dómari þá lagt fyrir aðila að leggja fram útreikninga sem kröfur þeirra byggjast á enda komi ekki fram fullnægjandi útreikningar í greinargerðum aðila.

□ Rétt er að sýnileg sönnunargögn, önnur en skjöl, séu færð fram við aðalmeðferð máls og að vettvangsskoðun fari þá fram ef því er að skipta.

1936 Nr. 85 23. júní

☐ Nú telur dómari þörf á að aðili gefi skýrslu um atriði sem máli skipta varðandi öflun málsgagna og getur hann þá heimilað aðilum að gefa munnlega skýrslu fyrir dóminum áður en öflun sýnilegra sönnunargagna er lýst lokið. Enn fremur er heimilt að taka skýrslu fyrir dómi áður en öflun sýnilegra sönnunargagna er lokið ef það þarf að gera í öðru lögsagnarumdæmi eða ef sá sem skýrslu skal gefa verður fjarverandi vegna lögmætra forfalla þegar þing verður háð til skýrslutöku.

☐ Lögmæt forföll eru:

a. Sjúkdómur aðila sjálfs, vitnis eða mats- og skoðunarmanna, heimamanna þeirra eða annarra er þeir þurfa að annast eða leita læknishjálpar.

b. Veður, torfærur eða önnur óviðráðanleg atvik.

c. Verulegur vinnumissir eða tjón á atvinnu eða öðrum hagsmunum.

d. Þörf á ferðalagi um langan veg.

e. Embættis- eða sýslunarstörf sem fyrir fram eru ákveðin og þola ekki bið.

f. Áður ákveðið dómþing.

☐ Dómari úrskurðar ef krafist er hvort forföll eru lögmæt.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 15. gr.*

■ **111. gr.** [Þegar lokið er öflun gagna skv. 110. gr. ákveður dómari hvenær aðalmeðferð máls skuli háð en þá skulu að jafnaði fram fara í einni lotu skýrslutökur og munnlegur flutningur málsins. Dómari tilkynnir aðilum eða umboðsmönnum þeirra um þinghaldið með hæfilegum fyrirvara. Ákvörðun dómara um þetta verður ekki skotið til æðra dóms.

☐ Ef aðilar óska eftir að leiða vitni skulu þeir sjá um boðun þeirra. Boðun geta þeir hagað svo að afhenda dómara tilkynningu til vitnis um að koma fyrir dóm. Í tilkynningu skal greina nafn og heimili vitnis, tilefni kvaðningar í aðalatriðum, nafn dómstóls og réttaráhrif þess ef vitni mætir ekki. Dómari áritar tilkynninguna um það hvenær vitni skuli mæta og hvar. Aðili sér um birtingu tilkynningarinnar fyrir vitninu.

☐ Ef vitni kemur ekki fyrir dóm þrátt fyrir kvaðningu sem birt hefur verið með sannanlegum hætti eða birtingu stefnu skv. 130. gr. og hefur ekki lögmæt forföll getur dómari, auk þess að beita viðurlögum skv. 131. gr., óskað aðstoðar lögreglu til að sækja vitnið.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 16. gr.*

■ **112. gr.** [Aðalmeðferð hefst með því að dómari gefur sækjanda kost á að gera stuttlega grein fyrir málinu og að því búnu á verjandi færi á að gera stuttar athugasemdir við lýsingu sækjanda. Síðan eru teknar skýrslur af aðilum og vitnum.

☐ Að loknum skýrslutökum fer fram munnlegur flutningur málsins. Sækjandi talar fyrst og verjandi síðan. Rétt er að talað sé tvisvar af hálfu hvors (hvers) aðila. Dómari getur leyft aðilum sjálfum að gera athugasemd eftir að umboðsmenn þeirra hafa lokið málflutningi. Dómari stýrir umræðum og gætir þess að ræðumaður haldi sig við efnið og að málflutningur verði sem gleggstur og sæmilegastur. Dómari getur svipt þann málfrelsi er eigi lagar sig eftir áminningum hans.

☐ Nú er mál skriflega flutt og leggur sækjandi þá fyrst fram sókn en verjandi síðan vörn. Báðir eiga síðan kost á að leggja fram skrifleg andsvör. Dómara er heimilt að veita nauðsynlega fresti er málflutningur er skriflegur.

☐ Að loknum málflutningi tekur dómari málið til dóms.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 17. gr.*



■ **113. gr.** Dómari má ekki fara út fyrir kröfur aðilja í dómum sínum né úrskurðum, nema um atriði sé að tefla, er hann skal taka til greina af sjálfsdáðum. Kröfum sem ekki getur í stefnu, skal vísa frá dómi, nema tækifæri hafi verið til að koma þeim að með framhaldsstefnu eða gagnaðili samþykki framkomu þeirra. Samsvarandi er um hækkanir á kröfu eða aðrar breytingar gagnaðilja í óhag, sem ekki hafa heimild í stefnu. Ekki má dómari heldur byggja niðurstöðu sína á málsástæðum eða mótmælum, sem koma hefðu mátt fram, en hafa ekki gert það í meðferð málsins, sbr. 120. gr. Nú kemur málsástæða fram í skjali, en aðili hreyfir henni þó ekki sérstaklega í sókn eða vörn, og metur dómari það þá eftir atvikum hverju sinni, hvort slík málsástæða geti komið til greina. Með sama hætti metur dómari það, hvort þögn aðilja í sókn eða vörn við staðhæfingu eða kröfu gagnaðilja skuli meta sem samþykki eða ekki.

■ **114. gr.** Aðiljum ber að gefa eftir föngum glöggar og greinilegar skýrslur og yfirlýsingar fyrir dómi. Dómara ber að fylgjast með málinu í öllum atriðum og spyrja aðilja og umboðsmenn þeirra um hvert það atriði, er honum þykir óljóst og máli kann að skipta, á hvaða stigi máls sem er, og kosta kapps um, að yfirlýsingar þeirra og skýrslur verði nægilega glöggar. Í þessu skyni getur dómari kvatt aðilja fyrir dóm af sjálfsdáðum, ef aðili sætir lögsögu hans eða ef aðilja væri skylt, ef hann væri vitni í málinu, að koma fyrir dómara þess samkvæmt 124. gr., en annarskostar biður dómarinn þann héraðsdómara, er lögsögu hefir yfir aðilja, að kveðja hann fyrir sig til að gefa skýrslu um þau tiltekin málsatriði, sem þörf þykir vera, ef aðili vill ekki gefa skýrslu fyrir dómara málsins. Auk þess er dómara skylt að leiðbeina hverjum ólöglærðum manni, sem ekki gerir sér atvinnu af málflutningsstörfum, bæði um formshlið máls og efnis, eftir því sem dómara virðist nauðsyn til bera. Dómari getur beint því til aðilja, að afla gagna um tiltekin málsatriði, eftir því sem honum þykir nauðsyn vera, til skýringar máli.

■ **115. gr.** Dómara þeim, er með málið fer, er skylt að taka við skýrslu hvers þess aðilja, er óskar að gefa skýrslu fyrir dómi um málavöxtu, nema skýrslan sé sýnilega þarflaus eða þýðingarlaus. Undir sama skilorði hvílir sama skylda á dómara, sem lögsögu á yfir aðilja, ef dómari málsins á ekki lögsögu yfir honum.

☐ Eftir kröfu aðilja, og undir sama skilorði sem í 1. málsgr. segir, skal dómari kalla gagnaðilja sjálfan fyrir dóm, eða ef hann sætir ekki lögsögu hans, biðja þann dómara, er hana hefir, að gera það, til að gefa skýrslu um málsatriði eða að skýra nánar framkomin ummæli.

☐ Nú gefur aðili skýrslu fyrir dómi, og getur þá bæði dómari og gagnaðili beint til hans spurningum, enda sker dómari úr um ágreining varðandi skyldu hans til að svara. Einnig er þeim aðilja, er skýrslu gefur samkvæmt 1. eða 2. málsgr., heimilt að beina spurningum í sama þinghaldi til gagnaðilja síns, eða umboðsmanns hans um hvert það málsatriði, er honum virðist þurfa skýringar við, og með sama skilorði sem í 1. mgr. segir.

☐ Dómari stýrir skýrslugjöfum aðilja í hvívetna.

☐ Dómari tilkynnir aðiljum hverju sinni og eftir því, sem við á, hvar og hvenær þeir skuli koma fyrir dóm samkvæmt ákvæðum greinar þessarar.

□ Ef aðili er forfallaður eða tími eða kostnaður sparast við það, getur dómari ákveðið, að aðili gefi skýrslu á heimili sínu, eða dvalarstað.

□ Sem aðili er eftir þessari grein skoðaður lögráðandi ólögráða manns, forstjóri fyrirtækis, félags eða stofnunar og fyrirsvarsmenn opinberra hagsmuna.

■ **116. gr.** Nú fullnægir aðili ekki ákvæðum 105., 106., 114. eða 115. gr., og getur dómari þá, eftir að hann hefir árangurslaust bent honum á það, er ábótavant þykir, vísað máli frá dómi, eða skýrt þögn aðilja, ófullnægjandi svör eða vanrækslu á að koma fyrir dóm á þann hátt, sem gagnaðilja er hagfelldast, svo og lagt skýrslur hans til grundvallar málsúrslitum, eftir því sem við á og samrýmanlegt er því, sem fram er komið að öðru leyti í málinu.

■ **117. gr.** Nú eru rekin fyrir sama dómi fleiri mál en eitt út af sama réttarsambandi milli sömu eða annarra aðilja að nokkru eða öllu, og getur dómari þá ákveðið, að þau skuli sameina og flytja í einu lagi, ef honum virðist það horfa til skýringarauka eða annars hagræðis. Undir sama skilorði getur dómari ákveðið, að kröfur, sem sóttar eru í einu máli, skuli skildar að og fluttar hvor (eða hver) í máli sér, ef þær eru ekki af sömu rót runnar.

□ Dómari getur frestað máli af sjálfsdáðum, ef hann fær grun um það, að refsivert athæfi hafi verið framið, sem opinbert mál hefir verið höfðað eða opinber rannsókn verið hafin út af, og telja má, að úrslit þess máls eða rannsóknar skipti verulegu máli um úrslit einkamálsins, þar til séð er fyrir enda opinbera málsins eða rannsóknarinnar. Með sama hætti má fresta máli, ef annað einkamál hefir verið höfðað út af efni, er varðar verulegu um úrslit þess, eða það efni hefir verið réttilega lagt til úrlausnar stjórnarvalda, unz úrlausn þess efnis er fengin.

■ **118. gr.** Ef sækjandi mætir ekki fyrir dómi, er mál hans skal þingfesta, er málatilbúnaður hans ónýtur. Ef sækjandi mætir ekki, er þing skal síðar heyja um mál hans, þá skal hefja það. Auk málskostnaðar til verjanda, ef hann hefir komið fyrir dóm, getur dómari úrskurðað sækjanda að greiða ferðakostnað sinn, ef því er að skipta.

□ Ef verjandi mætir ekki, þegar mál er þingfest, skal mál jafnan flytja skriflega og dæma það eftir kröfum sækjanda og málsútlistun, að því leyti, sem samrýmanlegt er framkomnum skilríkjum, nema gallar séu á málatilbúnaði, er frávísun varða, eða sakarefni það má ekki sæta úrlausn dómsins. Nú sækir verjandi ekki þing síðar, er mál skal fyrir tekið, og skal það þá skriflega flutt, þótt munnlegur málflutningur hafi verið ákveðinn. Að því leyti sem nauðsynlegt kann að vera til að hnekkja því, sem fram kann að hafa komið af hálfu verjanda, getur sækjandi þá fengið frest til að afla gagna eða flytja sókn. Dæma skal það mál eftir framkomnum kröfum, skilríkjum og sókn sækjanda og með tilliti til þess, sem fram kann að hafa komið af hálfu verjanda.

□ Nú er dómara kunnugt, að aðili mætir ekki vegna forfalla, og frestar dómari þá máli, enda tilkynnir hann þá aðiljum, hvar og hvenær það verði næst fyrir tekið til þingfestingar eða framhaldsaðgerða. Nú hefir aðili, sem ekki hefir mætt í máli sínu, annars haft forföll, og getur hann þá snúið sér til dómara með sönnun fyrir þeim og skriflegri beiðni um endurupptöku máls, enda sé ekki þegar kveðinn upp dómur í því. Tekur dómari þá mál upp af nýju frá því, er aðili mætti síðast í því, eða frá því, er það skyldi þingfesta, ef sækjandi hefir þá ekki mætt, og tilkynnir aðiljum stað og stund þinghaldsins.

1936 Nr. 85 23. júní

□ Forföll í þessu sambandi teljast atvik þau, er í [110. gr.][1] segir, þannig að þau taka til aðilja, ef hann fer sjálfur með mál sitt, en ella til umboðsmanns hans, enda hafi hvorugur átt þess kost að senda annan í stað sinn eða tilkynna dómara forföll sín með öðrum hætti.

□ Ákvæði greinar þessarar taka og til gagnsaka, meðalgöngusaka og einstakra aukadómsathafna, er í sambandi standa við aðalmálið, eftir því sem við á.

[1] *L. 28/1981, 35. gr.*

■ **119. gr.** Hefja skal mál:

1. Ef verjandi leggur fram í dómi fulla greiðslu þess, sem hann er krafinn um í málinu, þar á meðal þess málskostnaðar, sem dómari ákveður.
2. Ef sækjandi mætir ekki samkvæmt 1. málsgrein 2. málsl. 118. gr.
3. Ef aðiljar verða á það sáttir.
4. [Ef sækjandi krefst þess.][1]
5. ...[1]

□ Dómari getur hafið mál:

1. Ef sækjandi greiðir ekki lögmælt gjöld samkvæmt kröfu dómara. Samsvarandi gildir um aukamál, svo sem vitnaleiðslur, eftir því sem við á.
2. Ef sækjandi hegðar sér svo ósæmilega fyrir dómi, að mál verður ekki sæmilega flutt.

□ ...[2]

[1] *L. 54/1988, 18. gr.* [2] *L. 57/1962, 61. gr.*

■ **120. gr.** Nú verður dómari þess var eftir dómtöku máls, að verulega brestur á skýrleik í yfirlýsingum aðilja eða upplýsingar um málavöxtu að öðru leyti, og skal hann þá, ef bresturinn virðist stafa af því, að ákvæða 114. eða 115. gr. hefir ekki verið nægilega gætt, kveðja aðilja fyrir dóm og beina þeim spurningum til þeirra, er hann telur svars þurfa við, og ef því er að skipta, benda þeim á nauðsyn á öflun nýrra gagna. Ef aðili fellst á að afla nýrra gagna eða fresta er þörf til að útvega nýjar skýringar að öðru leyti, frestar dómari málinu í því skyni. Að því loknu getur dómari veitt aðiljum kost á að sækja mál og verja af nýju.

□ Ef málsskjöl glatast í vörzlum dómara eftir dómtöku, kveður hann aðilja fyrir sig, ef nauðsyn þykir til, til þess að endurflytja mál, eftir því sem kostur verður.

**X. kafli. Um sönnun og sönnunargögn.**

■ **121. gr.** Dómari sker úr því í dómi eða úrskurði, er kann að þurfa að kveða upp um einstök atriði, hvor aðilja skuli bera halla af skorti á sönnun fyrir staðhæfingu um málsatvik, sem nægilega er mótmælt og ekki er alkunnugt á þeim stað og tíma, um venjur, erlendar réttarreglur og annað er sanna þarf.

■ **122. gr.** Dómari sker úr því eftir mati á öllu því, sem fram hefir komið um atriði þau, er í 121. gr. segir, hvort staðhæfing um þau skuli talin rétt eða ekki, nema einstök fyrirmæli laga bindi hann sérstaklega um mat í þessum efnum.

■ **123. gr.** Yfirlýsing aðilja, er felur í sér ráðstöfun á sakarefni, bindur hann eftir reglum um gildi loforða.

□ Skýrsla aðilja fyrir dómi um málsatvik, sem honum er kunnugt um af eigin raun og af fullum skilningi gefin, skal að jafnaði lögð til grundvallar um það atvik, ef hún er í aðalatriðum þeim aðilja óhagstæð, enda sé ekkert fram komið, er hnekki henni eða veiki hana verulega. Ef

slík skýrsla er aðilja að sumu leyti í óhag, en að öðru leyti í hag, metur dómari það eftir atvikum hverju sinni, hvort hana skuli taka til greina að öllu, einhverju eða engu leyti. Sönnunargildi skýrslu aðilja utan réttar metur dómari með sama hætti.

■ **124. gr.** [Hverjum 15 ára gömlum manni, sem hér á landi er og ekki er aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila eftir 7. mgr. 115. gr., er skylt að koma fyrir dóm og svara munnlega spurningum, sem til hans er beint um málsatvik, eftir bestu getu og draga ekkert undan, sem hann getur frá skýrt þeim til skýringar, enda hafi honum verið löglega stefnt eða hann komi óstefndur fyrir dóm.

□ Ef vitni má ekki koma á þingstað vegna forfalla skv. 2. mgr. 110. gr., má vitnaleiðslan fara fram annars staðar.

□ Ef þess er krafist, getur dómari vitnamáls úrskurðað, að vitni sé skylt að hafa með sér og leggja fram eða sýna skjöl eða aðra hluti eða athuga bækur sínar og skjöl eða aðra muni og útdrátt úr þeim til upplýsingar um málsatvik.][1)]

[1)] *L. 28/1981, 36. gr.*

■ **125. gr.** Rétt er vitni að skorast undan að gefa skýrslu að öllu leyti eða einhverju eða að staðfesta skýrslu sína:

1. Ef aðili er, eða hefir verið, maki þess, er unnusti þess eða unnusta, skyldur því að feðgatali eða niðja, stjúpforeldri eða stjúpbarn, tengdaforeldri eða tengdabarn, systkini þess, kjörforeldri eða kjörbarn. Sama undanþágurétt getur dómari veitt fósturforeldri og fósturbarni, eftir því hversu náið sambandið má telja hverju sinni.

Undanþáguréttur samkvæmt framansögðu gildir þó ekki, ef óhjákvæmilegt reynist að leiða vitnið til skýringar málsatviki, er verulegu máli skiptir, og eigi hefir verið eftir eðli málsins unnt að tryggja sönnun fyrir því með öðrum hætti.

2. Ef svar við spurningu fyrirsjáanlega veldur vitni sjálfu eða venzlamönnum þess samkvæmt 1. tölul. verulegu fjárhagstjóni eða alvarlegu óhagræði eða siðferðislegum hnekki. Vitni er þó skylt að svara spurningu um hug þess til aðilja eða um hegðun sína undanfarið, að því leyti sem nauðsynlegt kann að vera að fá upplýsingar um slíkt vegna sönnunargildis vitnisburðar þess.

Undanþágurétturinn samkvæmt 1. og 2. tölulið gildir ekki:

a. Ef vitni hefir verið vottur að samningagerð eða loforði samkvæmt tilkvaðningu viðkomanda, og er nú krafið skýrslu um þau efni.

b. Ef vitni er krafið upplýsinga um fæðingu, hjúskap eða andlát áðurnefndra venzlamanna sinna, eða um athafnir sínar eða þeirra varðandi þau fjármál þeirra, er á venzlunum byggjast.

3. Ef spurning er óákveðin eða óljós eða svar við henni er sýnilega þýðingarlaust fyrir málið.

4. Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik, er gerzt hafa í embætti þeirra eða sýslun og upplýsa má með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

□ Dómara ber að vekja athygli vitnis á undanþágurétti þess áður en yfirheyrsla hefst, eða um leið og spurningu á að leggja fyrir það, sem því kann að vera óskylt að svara.

■ **126. gr.** Vitni er óheimilt, nema sá leyfi, sem með á, að svara spurningum um atriði:

1. Ef það hefir komizt að vitneskju um það í embætti sínu eða sýslan og það á vegna hagsmuna almennings eða ríkisins að fara leynt.

2. Ef það varðar öryggi ríkisins inn á við eða út á við eða utanríkismál, er leynt skal fara.

3. Ef embættismaður eða sýslunar hefir komizt að högum eða athöfnum einstakra manna í embætti sínu eða sýslan, og hann skal lögum samkvæmt eða eðli málsins varðveita þagnarskyldu um það.

4. Ef vitni hefir í þjónustu einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar komizt samkvæmt stöðu sinni að leyndarmáli um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík verk vinnuveitanda síns.

5. Sá, er ber ábyrgð á innihaldi prentaðs rits eða blaðs að lögum, má ekki skýra frá því fyrir dómi, hver sé höfundur að riti, grein eða frásögn, sem í riti eða blaði hefir birzt, án þess að höfundur væri nægilega nafngreindur.

□ Ef hagsmunir ríkis eða almennings heimta það, skal vitni þó gefa skýrslu um atriði þau, er í 3. – 5. tölul. greinir.

■ **127. gr.** Bannað er að láta vitni staðfesta skýrslu sína fyrir dómi:

1. Ef það hefir ekki náð 15 ára aldri.

2. Ef því er svo vitsmuna vant, að það beri ekki skyn á helgi eða þýðingu staðfestingarinnar, að því er ætla má eða vitað er.

3. Ef það er undir opinberri rannsókn eða ákæru fyrir vísvitandi rangan framburð fyrir dómi, staðfestan eða óstaðfestan, eða hefir þolað refsidóm fyrir slík brot.

□ Dómari getur synjað að láta vitni staðfesta framburð sinn fyrir dómi:

1. Ef það hefir reynzt óstöðugt í framburði sínum eða er svo riðið við málið eða aðilja, eða málið skiptir að öðru leyti venzlamenn þess svo verulega sem í 2. tölul. 125. gr., sbr. 1. tölul., segir, að staðfestingu má telja varhugaverða.

2. Ef ráða má af undanfarinni hegðun þess, að það muni ekki virða helgi eða þýðingu staðfestingarinnar nægilega.

■ **128. gr.** Þeim, sem undanþágu krefst samkvæmt 125. gr., ber við heimildarskorti eftir 126. gr. eða andmælir staðfestingu eftir 127. gr., ber að leiða sönnur að staðreyndum þeim, er máli skipta í því sambandi, nema þær séu alkunnar eða dómari sjái, að þær séu á rökum byggðar. Dómari getur og leyft vitni að staðfesta sögusögn sína um slíkar staðreyndir fyrir dómi, svo og þeim aðilja eða tilkvöddum þriðja manni, er heimildarbrest samkv. 126. gr. eða vanhæfi til staðfestingar samkvæmt 127. gr. staðhæfa.

□ Dómari vitnamáls úrskurðar þau atriði, er í 125. – 128. gr. segir, og hvað annað, er varðar vitnamálið sjálft.

□ Yfirlýsing fyrir vitnadómara um, að úrskurður verði borinn undir æðra dóm, frestar framkvæmd úrskurðar.

□ ...[1)]

[1)] *L. 57/1962, 61. gr.*

■ **129. gr.** Dómari aðalmálsins metur öll atriði varðandi sönnunargildi vitnisburðar, og á hann í því sambandi að athuga alla aðstöðu vitnis til aðilja, hagsmuni

vitnis eða venzlamanna þess af málsúrslitum, undanfarna hegðun vitnis, andlegan og líkamlegan þroska þess, áreiðanleik skynjana þess á málsatviki, minni þess, ástand þess og hegðun, þegar vitnaleiðsla fór fram, öruggleika þess og skýrleik í svörum, samræmi í frásögnum o. s. frv.

☐ Nú gefa tvö eða fleiri óaðfinnanleg vitni samhljóða skýrslu í öllu verulegu um sömu staðreynd, er þau hafa samtímis skynjað, og skal þá að jafnaði telja fram komna fulla sönnun um þá staðreynd, enda komi ekkert fram í málinu, er verulega veiki skýrsluna.

■ **130. gr.** Í stefnu til vitnis skal greina nöfn aðilja samkvæmt 88. gr. og nöfn vitna með sama hætti, stað og stund þinghalds, og kalla vitnið til að koma fyrir dóm, að viðlagðri lögmæltri refsingu, ef vitnaskyldunni verður ekki fullnægt.

☐ Ekki þarf að stefna vitnum, er áður hafa gefið skýrslu í því máli, og ekki þarf heldur að stefna þriðja manni, þótt nafn hans kynni að verða nefnt í yfirheyrslu eða bókun.

☐ Nú mætir vitni ekki, og getur dómari þá bókað í þingbók ákvörðun sína um, að það skuli koma fyrir dóm á ákveðnum stað og stundu, að viðlagðri refsingu lögum samkvæmt, og getur aðili síðan látið birta vitni eftirrit af slíkri ákvörðun í stað venjulegrar stefnu.

■ **131. gr.** Ef vitni kemur fyrir dóm, en getur ekki fullnægt vitnaskyldu sinni sakir ástands síns þá, t. d. vegna ölvunar, geðshræringar o. s. frv., þá getur dómari frestað vitnaleiðslu að því leyti, svo og gert þær ráðstafanir til meðferðar á vitninu, sem kunna að vera nauðsynlegar eða heppilegar til tryggingar því, að það geti innt af hendi skyldu sína næst, er það verður kvatt til þess.

☐ Nú fullnægir vitni ekki vitnaskyldu sinni, [og gerir dómari því sektir eða varðhald allt að 6 mánuðum],[1] ef brot er ítrekað í sama máli. ...[2] Sá hluti refsingar, sem vitni hefir ekki tekið út, þegar það fullnægir vitnaskyldu sinni, fellur niður.

☐ Nú sannar vitni, er úrskurðuð hefir verið refsing, samkvæmt 2. málsgr., forföll sín eða upplýsir, að það hafi ekki fengið fullnægjandi vitneskju um kvaðningu þess fyrir dóm nægilega snemma, og fellir vitnadómari þá refsiúrskurð úr gildi. Ef vitni ber þessi atriði upp, er fullnægja skal refsiúrskurði, skal fresta því máli og bera athugasemdir vitnis undir vitnadómara, er úrskurðar svo, að vitni til kvöddu, hvort úrskurður skuli standa eða falla úr gildi. ...[2]

[1] *L. 33/1963, 15. gr.* [2] *L. 57/1962, 61. gr.*

■ **132. gr.** Vitnamál er þingfest með framlagningu vitnastefnu eða, ef vitni mætir óstefnt, með kröfu um vitnaleiðslu og samþykki viðkomanda á henni, ásamt þar tilheyrandi bókun í þingbók.

■ **133. gr.** Þegar vitni kemur fyrir dóm, skal dómari áminna það alvarlega um að svara spurningum eftir beztu vitund og gefa þær sannar og réttar upplýsingar um málsatvik að öðru leyti, er það getur, og tjáir hann því, að það skuli vera við því búið að staðfesta skýrslu sína fyrir dómi með eiði eða drengskaparheiti.

☐ Vitni skal, áður en yfirheyrsla um málsatvik hefst, skýra dómara frá nafni sínu, aldri, stöðu, heimili eða dvalarstað. Þá eða síðar skal vitni einnig skýra dómara frá öðru því, er honum kann að þykja ástæða til að spyrja það um varðandi hagi þess, og máli kann að skipta um vitnaskyldu þess, heimild til að vitna, hæfileika þess til að staðfesta framburð sinn og um sönnunargildi hans. Vitnastefnandi leggur venjulega í upphafi fram skriflegar spurningar til vitnis, en þegar þær eru afgreiddar, getur hann látið spyrja vitni um sérhvað annað, er máli skiptir, eftir munnlegum eða skriflegum framhaldsspurningum. Vitnastefndur getur, bæði í sambandi við vitnaspurningar vitnastefnanda, eftir því sem dómara þykir hentugt, og síðar, hvort sem hann hefir stefnt vitni eða ekki, og hvort sem vitnastefnandi neytir réttar síns til að spyrja vitni eða ekki, látið spyrja það um allt það, er hann hyggur máli skipta.

1936 Nr. 85 23. júní

☐ Dómari leggur spurningar fyrir vitni, lagar þær til og skýrir eftir þörfum. Óákveðnar, tvíræðar, veiðandi, ósæmilegar eða sýnilega þýðingarlausar spurningar má ekki leggja fyrir vitni. Dómari getur einnig af sjálfsdáðum beint spurningum til vitnis um hvert það atriði, er hann telur þurfa frekari skýringar. Hann tekur við svörum vitnis, skýrir þau fyrir því og bókar þau, þannig að efni þeirra komi skýrt og rétt fram.

☐ Dómari leyfir aðiljum eða umboðsmönnum þeirra sjálfum að spyrja vitni, ef hentugt þykir, en stjórna skal hann þá vitnaleiðslu sem annars, að því leyti sem þörf ber til, enda getur hann hvenær sem er algerlega tekið hana í sínar hendur með venjulegum hætti.

☐ Spyrja má aðeins eitt vitni í senn. Dómari skal, ef aðili óskar þess eða honum þykir það hentugt, láta önnur vitni fara út úr þingsalnum, meðan á yfirheyrslu hvers einstaks vitnis stendur.

☐ Þegar yfirheyrslu tveggja eða fleiri vitna er lokið, en áður en staðfesting fer fram, getur dómari kvatt þau, tvö eða fleiri, vitni fyrir dóm saman, borið saman skýrslur þeirra, ef og að því leyti sem þær virðast ósamhljóða, vakið athygli vitnanna á ósamræminu og reynt að fá samræmi milli þeirra.

☐ Ef spurning vitnis er svo löguð, að svar við henni varðar einkahagi vitnis eða annarra, getur dómari látið vitni svara henni skriflega og bókað síðan svarið, enda sannfæri vitnið sig um, að svarið sé rétt bókað, án þess að það sé lesið upp fyrir því. Ákvörðun dómara eftir þessari málsgrein verður ekki skotið til æðra dóms.[1]

[1] *Sbr. l. 75/1973, 21. gr.*

■ **134. gr.** [Vitnaskýrslur skal bóka eða hljóðrita, og ákveður dómari, hvora aðferðina skuli hafa um hverja skýrslu. Aldrei skal þó hljóðrita vitnaskýrslu gegn andmælum vitnis, aðila eða umboðsmanns hans.

☐ Ef vitnaskýrsla er bókuð, les dómari svör vitna við spurningum jafnskjótt sem þau hafa verið bókuð, eftir ósk viðkomenda eða eftir því, sem honum þykir hentugt. Þegar yfirheyrslu er lokið, les dómari, ef óskað er eða honum þykir þess þörf, með sama hætti upp bókanir á svörum vitnis í heild, enda skal gera þær leiðréttingar og viðauka við bókanir, sem dómari telur, að gefnu tilefni, þurfa til þess að framburður vitnis komi sem gleggst og réttast fram.

☐ Ef vitnaskýrsla er hljóðrituð, skal jafnframt bóka í þingbók um þinghaldið og geta þar nafns vitnisins, aldurs og heimilis eða dvalarstaðar svo og, að vitnaskýrslan sé hljóðrituð. Með vitnaskýrslu skal hljóðrita upplýsingar dómara um þinghaldið og vitni, svo að jafnan megi vita, hvaða hljóðritun er um að ræða. Dómari skal greina vitni frá því, að hljóðrita skuli skýrslu þess, og skýra fram-

kvæmd hljóðritunar eftir þörfum. Jafnan skal mega fylgjast með því af öllum, sem á þingi eru, hvort hljóðritunartæki eru í sambandi. – Hljóðrita skal eftir ákvörðun dómara það úr skýrslu vitnis, sem máli þykir skipta. Í lok vitnaskýrslu eða að loknum hlutum hennar getur dómari látið hljóðrita stuttan útdrátt sinn um það, sem hann telur þurfa fram að koma, og síðan skal spyrja vitni, hvort þar sé rétt eftir því haft. – Vitni, aðilar og lögmenn þeirra skulu á þinginu eiga rétt á að hlusta á það, sem þá hefur verið hljóðritað, í þeim mæli, er þeir óska. Þeir geta látið hljóðrita eða bóka í þingbók stuttar athugasemdir sínar varðandi stjórn dómara á vitnaleiðslunni.

☐ Að þinghaldi loknu skal á vegum dómara vélrita eftir hljóðritun í þeim mæli, sem hann telur ástæðu til eða þeir krefjast, sem rétt eiga á endurriti, skv. 2. mgr. 44. gr. Þegar mál er flutt munnlega eða við lok skriflegs málflutnings, skal bóka í þingbók, hvaða hljóðritanir hafa verið afritaðar og hvort fram hafa komið athugasemdir um, að aðilar eða lögmenn þeirra eða vitni hafi ekki séð þau endurrit eða telji þau ekki rétt gerð.][1)]

☐ Aðili getur jafnan krafizt staðfestingar á vitnisburði, með þeim undantekningum, sem í 127. gr. segir. Áður en vitni staðfestir skýrslu sína, brýnir dómari fyrir því, eftir því sem við á, þýðingu og helgi staðfestingarinnar, bæði fyrir úrslit málsins og fyrir vitnið sjálft, bæði lagalega og siðferðislega. [Ef dómari, aðilar eða lögmenn þeirra og vitni telja, að staðfesta megi þegar vitnaskýrslu, sem hljóðrituð hefur verið, má, þegar vitnið hefur hlýtt á skýrsluna, hljóðrita staðfestinguna. Ella fer staðfesting fram, þegar fyrir liggur endurrit eftir hljóðrituninni.][2)]

☐ Staðfesting fer fram með tvennum hætti:

1. Ef vitni er í viðurkenndu trúfélagi hér á landi og lýsir sig, að gefnu tilefni fyrir dómara, trúa á guð, þá skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns, að ég hefi sagt satt eitt og ekkert undan dregið.

2. Ef ekki er svo ástatt um vitni sem í 1. tölul. segir, staðfestir það skýrslu sína með þeim hætti, að það lyftir upp hægri hendi sinni og hefir upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi því yfir og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég hefi satt eitt sagt og ekkert undan dregið.

☐ Eiður og drengskaparheit hafa í hvívetna sömu þýðingu að lögum.

[1)] *L. 14/1976, 3. gr.* [2)] *L. 14/1976, 4. gr.*

■ **135. gr.** [Þeim, sem kveður vitni vættis, ber að sjá því fyrir fram fyrir fé til greiðslu á kostnaði af ferðalagi og dvöl á þingstað.

☐ Þá er vitni hefur innt af hendi vitnaskyldu sína, þar með talin árangurslaus þingsókn sakir fjarvistar aðilja fyrir dómi, skal dómari þegar í þinghaldi kveða á um greiðslu til vitnis, bæði fyrir útlagðan kostnað vegna rækslu vitnaskyldunnar og þóknun, ef það krefst, og skal þá ákvörðun bóka. Sá, sem vættis hefur krafizt, greiðir einn kostnað og þóknun um sinn, en hafi báðir aðilar krafizt vættis eða báðir haft þess not, er dómara rétt að ákveða greiðslu á hendur þeim, öðrum fyrir báða og báðum fyrir annan. Þóknun er kræf, jafnskjótt sem úrskurður er upp kveðinn.][1)]

☐ [Þegar manni er stefnt til vitnisburðar samkvæmt ákvæðum laga um norræna vitnaskyldu, ákveður dómari vitnaþóknun samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur.][2)]

[1)] *L. 33/1963, 16. gr.* [2)] *L. 80/1976, 2. gr.*

■ **136. gr.** Skoðunar- og matsgerðir, lýsingar á hlutum og aðrar rannsóknargerðir eru hér eftir nefndar einu nafni matsgerðir eða mat og þar tilheyrandi athafnir að meta.

☐ Dómari framkvæmir almennt sjálfur þær matsgerðir, sem aðeins útheimta almenna menntun eða lagaþekkingu, enda verði það, er meta skal, fært fram í dómi fyrir dómara aðalmálsins. Ef meta skal hlut í dómi, getur dómari kvatt þingvotta þar til og látið þá staðfesta mat sitt þegar á staðnum.

■ **137. gr.** [Nú má matsgerð ekki fara fram skv. 136. gr. og kveður dómari þá tvo matsmenn til að framkvæma hana. Þegar deilt er um litla hagsmuni má þó dómkveðja einn matsmann.][1)]

☐ Allar matsgerðir, sem dómari framkvæmir ekki sjálfur, skulu fara fram áður en mál er endanlega tekið til dóms.

[1)] *L. 54/1988, 19. gr.*

■ **138. gr.** Ef opinber embættismaður eða sýslunar er eitt skipti fyrir öll skipaður til að framkvæma matsgerðir fyrir almenning í embættisnafni, getur aðili snúið sér beint til hans, ef honum er skylt að framkvæma matið eða hann er fús til þess án dómkvaðningar, enda liggi það í verkahring hans. Annarskostar þarf dómkvaðningu.

■ **139. gr.** Þann einn má dómkveðja til matsgerðar, sem að öllu leyti er óaðfinnanlegt vitni í því máli um það atriði, er meta skal, og hefir nauðsynlega kunnáttu til að inna starfann af hendi, eða þá kunnáttu, sem beztrar er kostur, eftir því sem á stendur. Enginn, sem kunnáttuskilyrðinu fullnægir að skoðun matsdómara og skylt er að bera vitni um matsatriði, getur skorazt undan að taka við kvaðningu dómara til matsgerðar. Skylt er manni að framkvæma matsgerð utan þeirrar þinghár, sem hann á heimili eða dvalarstað í.

☐ Dómari aðalmálsins getur nefnt matsmenn utan lögsagnarumdæmis síns, en rétt er honum, ef hentugra þykir, að biðja viðkomandi héraðsdómara að dómkveðja matsmann í sínu lögsagnarumdæmi, enda sendi hann honum bréflega beiðni um það með fullnægjandi greinargerð um, hvað meta skuli og hverjir aðiljar séu.

☐ Matsdómari gerir aðiljum viðvart áður dómkvaðning fari fram, ef þess er þörf. Rétt er að kveðja matsmenn, ef annarhvor aðilja mætir. Ef aðiljar koma sér saman um matsmann, skal dómkveðja hann, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn.

☐ Í kvaðningu skal skýrt greina, hvað meta skal og hvenær mati skuli lokið. En lengja má matsdómari frest, ef nauðsyn þykir. Svo skal taka fram í dómkvaðningu, að matsmenn skuli vinna verk sitt eftir beztu vitund og að þeir skuli semja skriflega skýrslu, er þeir megi vera búnir til að staðfesta fyrir dómi.

■ **140. gr.** Matsbeiðandi tilkynnir matsmönnum dómkvaðningu, en þeir skulu, svo fljótt sem unnt er, tilkynna aðiljum eða umboðsmönnum þeirra, hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Bæði aðiljum og dómara ber að veita matsmönnum leiðbeiningar eftir föngum um matsatriði. Matsmenn framkvæma starfa sinn allt að einu, þótt aðiljar hafi ekki mætt, nema upplýsingar vanti, sem þeir hefðu mátt veita.

☐ Matsgerð skal fá þeim aðilja í hendur, sem hennar beiddist, eða öðrum hvorum aðilja, ef báðir hafa beiðzt

hennar. Aðili getur krafizt staðfestingar á matsgerð fyrir matsdómara. Um staðfestingu fer eftir 130. – 134. gr., eftir því sem við á.

□ Matsgerð eftir 138. gr. þarf þó ekki að staðfesta, nema dómari sjái sérstaka ástæðu til að leita nánari skýringa um matsatriði.

■ **141. gr.** Ef matsmaður deyr, forfallast eða reynist óhæfur til starfans, nefnir dómari mann í stað hans. Ef matsmaður vanrækir starfann, má og nefna nýjan matsmann.

□ [Nú vanrækir matsmaður starfann, kemur eigi að forfallalausu fyrir dóm eftir kvaðningu til að staðfesta matsgerð sína eða svarar eigi spurningum, og ber matsdómara að úrskurða honum sektir til ríkissjóðs eða, séu miklar sakir, varðhald allt að sex mánuðum.

□ Matsmaður á heimtingu á endurgjaldi fyrir ferðakostnað svo og fyrir verk sitt eftir reikningi, sem matsdómari úrskurðar, ef ágreiningur verður. Rétt er matsmanni að krefjast fyrirframgreiðslu á ferðakostnaði og tryggingar, sem matsdómari ákveður, ef með þarf, fyrir verkkaupi, áður en hann tekur til starfa.][1)]

[1)] *L. 33/1963, 17. gr.*

■ **142. gr.** Matsgerð samkvæmt 138. gr. verður venjulega ekki hnekkt með yfirmati. Annarskostar getur aðili krafizt yfirmats, bæði áður en og eftir að staðfesting matsgerðar hefir farið fram. Yfirmatsmenn skulu venjulega vera tvöfalt fleiri en matsmenn. Um hæfileika þeirra, dómkvaðningu, framkvæmd starfans, staðfesting matsgerðar og annað fer eftir ákvæðum 139. – 141. gr., eftir því sem við á. Ekki þarf að kveðja matsmenn til yfirmats eða staðfestingar þess.

■ **143. gr.** Matsdómari úrskurðar öll atriði varðandi hæfileika og dómkvaðningu matsmanna og yfirmatsmanna og annað, sem snertir sjálft matsmálið, þar á meðal, hvort það hafi verið metið, er meta skyldi samkvæmt dómkvaðningu, ef úrlausn þess er nauðsynleg vegna kröfu um endurmat eða endurskoðun matsgerðar. Úrskurði, þar sem dómari synjar að nefna ákveðinn matsmann eða leysir hann frá starfanum, verður ekki skotið til æðra dóms. ...[1)]

[1)] *L. 57/1962, 61. gr. Nú l. 75/1973, 21. gr.*

■ **144. gr.** Dómari aðalmálsins metur öll atriði, er varða sönnunargildi matsgerðar, þar á meðal, hvort metið hafi verið það, er meta skyldi, með hliðsjón af matsgerðunum sjálfum og öllum öðrum upplýsingum um sömu atriði, er fram kunna að hafa komið í málinu.

■ **145. gr.** Nú skírskotar aðili til skjals, sem er í vörzlum sjálfs hans, og skal hann þá leggja skjalið fram, ef gagnaðili krefst þess eða dómari telur þess þörf, svo framarlega sem hann vill láta taka tillit til þess við dómsuppsögu í málinu.

□ Nú skorar aðili á gagnaðilja sinn að leggja fram skjal, sem er í vörzlum hans, og skal hann þá gera það, ef aðili á rétt á skjalinu eða til þess án tillits til málsins, eða ef innihald þess er slíkt, að gagnaðili skyldi bera vitni um það, ef hann væri vitni í því máli. Ef gagnaðili leggur skjalið ekki fram, getur dómari skýrt það svo, sem hann samþykki skýrslu áskoranda um efni þess. Sbr. þó 147. og 149. gr.

■ **146. gr.** Nú er skjal í vörzlum þriðja manns, og getur þá aðili krafizt framlagningar þess, ef gagnaðili hans hefði átt að leggja það fram eftir 2. málsgr. 145. gr.

■ **147. gr.** Sá, er krefst skjals samkvæmt 2. málsgr. 145. eða 146. gr., hefir sönnunarbyrði fyrir því, að skjalið sé til og að það sé í vörzlum þess, sem framlagningar er krafizt af. Áskoranda ber að leggja fram eftirrit af skjalinu, ef honum er þess kostur, en ella lýsa því eftir föngum (útgefanda, til hvers það var gefið út, útgáfustað og dag, efni þess o. s. frv.), og hvaða málsatvik á að upplýsa með því. Dómari getur, ef honum þykir sennilegt, að viðkomandi hafi skjalið í vörzlum sínum, heimilað honum að synja fyrir það með eiði eða drengskaparheiti samkvæmt 134. gr. 3. málsgr. þar fyrir dómi.

■ **148. gr.** Ef aðili krefst skjals af þriðja manni, og sá lætur það ekki góðmótlega fram, þá getur aðili lagt fyrir dóm í aðalmálinu skýrslur þær og gögn, er í 147. gr. segir, ásamt skriflegri beiðni um það, að þriðji maður verði skyldaður með úrskurði dómarans til að leggja skjalið fram í dóm. Ef dómara virðist ekki útilokað, að skjalið kunni að hafa þýðingu fyrir málið, kveður hann aðilja báða og þriðja mann, sem ber að mæta, að viðlagðri refsingu eftir 2. málsgr. 131. gr., fyrir dóm, og veitir þeim kost á að gera athugasemdir sínar um framlagningu skjalsins. Að því loknu kveður dómari upp úrskurð, ef með þarf, um skyldu þriðja manns til að leggja skjalið fram, og getur skyldað hann til að gera það innan tiltekins tíma, að viðlögðum dagsektum til þess aðilja, er skjalsins krafðist. Úrskurði má og fullnægja beinlínis með fógetavaldi. Ákvæði 3. málsgr. 131. gr. eiga hér við, eftir því sem á stendur.

□ Nú á dómari aðalmálsins ekki lögsögu yfir þriðja manni, og skal hann þá senda þeim dómara, sem hana á, skjöl þau, er málið varða, með beiðni um, að sá dómari kveðji þriðja mann fyrir dóm sinn og úrskurði um skyldu hans í framangreinda átt. Um meðferð þess máls fer eftir 147. og 148., sbr. 149. gr.

■ **149. gr.** Nú hefir skjal, sem skylt er að láta af hendi eða leggja fram eftir 145. eða 146. gr., að geyma atriði, sem viðkomanda er óskylt eða óleyfilegt að láta fram, og getur dómari þá úrskurðað, að skjalið verði lagt fram fyrir hann í trúnaði, og að annaðhvort verði undir umsjá hans og gegn fullkominni þagnarskyldu tekið eftirrit af því úr skjalinu, sem skylt er og heimilt að láta fram, eða, ef þess er ekki kostur, að tekin verði upp úr skjalinu með sama hætti skýrsla um þau atriði.

□ Nú er viðkomanda að vísu skylt samkvæmt 145. eða 146. gr. að láta fram skjal, en hann gerir sennilegt, að það baki honum tjón eða óhagræði að sleppa því úr vörzlum sínum, og getur dómari þá ákveðið, að tekin verði ljósmynd af skjalinu eða eftirrit af því, eftir því sem á stendur. Sama er, ef skjal er sérstaklega verðmætt fyrir viðkomanda eða sérstök hætta er á, að það glatist eða spillist, ef hann sleppir því úr vörzlum sínum. Þegar svo stendur á, getur viðkomandi einnig gert það að skilyrði fyrir því, að hann láti skjal fram, að fullnægjandi trygging verði sett fyrir tjóni, er af því kynni að leiða, eða að skjalið verði geymt á tryggum stað, meðan dómari eða aðiljar þurfa að nota það, og að notkunin fari þannig fram, að fulltryggt sé, að skjalið hvorki glatist né skemmist.

□ Þeim skjölum, er í 2. málsgr. segir, skal dómari ávallt skila viðkomanda, þegar afnotunum er lokið. Ef mál fer fyrir æðra dóm, er viðkomanda skylt að láta

1936 Nr. 85 23. júní

uppi afnot skjals þar með sama hætti, þannig að ritari dómsins hefir þá umsjá með því, sem héraðsdómari hafði.

■ **150. gr.** Nú glatar þriðji maður eða skýtur undan skjali, sem hann er úrskurðaður til að láta í té samkvæmt 146., sbr. 147. – 149. gr., eftir að hann vissi eða hlaut að hafa grun um, að slík skylda yrði úrskurðuð á hendur honum, og varðar það sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

■ **151. gr.** ...[1] Ákvörðunum sínum samkvæmt 1. og 2. málsgr. 149. gr. getur dómari þó breytt sjálfur, ef atvik liggja til.

[1] *L. 57/1962, 61. gr.*

■ **152. gr.** Um skyldu aðilja til að sýna eða leggja fram í dómi eða leyfa afnot af eða aðgang að öðrum sýnilegum sönnunargögnum en skjölum gilda reglurnar í 145. – 151. gr., eftir því sem við á.

■ **153. gr.** Opinber eru þau skjöl, sem embættis- eða sýslunarmenn gefa út í embættisnafni um það, er gerist í embætti þeirra eða sýslan.

□ Íslenzk opinber skjöl skal telja ófölsuð, ef þau samkvæmt formi sínu og efni stafa frá embættis- eða sýslunarmanni, þar til annað sannast, enda er viðkomandi embættis- eða sýslunarmanni þá skylt að bera vitni um það atriði.

□ Erlend opinber skjöl skulu og talin ófölsuð, ef sannað er með vottorði konsúls eða annars trúnaðarmanns íslenzka ríkisins í viðkomandi landi eða með öðrum fullnægjandi hætti, að sá, er skjalið hefir gefið út, hafi haft heimild til þess eftir þarlandslögum.

■ **154. gr.** Einkaskjöl með eiginhandarnafni útgefanda undir textanum eða annarsstaðar, ef það er venju samkvæmt, teljast útgefin af honum, og með því innihaldi, er þau hafa að geyma, unz hið gagnstæða er sannað eða sennilegt gert, nema skjalið eftir útliti sínu eða efni eða annarra hluta vegna veki grun um, að það sé falsað.

■ **155. gr.** Ef dómara þykir ástæða til að ætla, að skjal kunni að vera falsað, rannsakar hann það atriði af sjálfsdáðum. Sönnunarbyrði fyrir falsleysi grunsams skjals hvílir á þeim, er notfæra vill sér sönnunargildi þess, eða þess úr því, sem grunur leikur á, að falsað sé.

■ **156. gr.** Dómari getur skyldað aðilja, sem neitar að hafa gefið út skjal, sem lagt er fram í máli, eða telur innihaldi þess ólöglega breytt, til að gefa fyrir dómi sýnishorn af rithönd sinni, með þeim hætti, er dómari ákveður. Ef hann innir ekki þá skyldu af hendi, verður venjulega ekki tekið tillit til andmæla hans gegn falsleysi skjalsins.

■ **157. gr.** Nú tjáist skjal vera útgefið af þriðja manni, og getur þá dómari, ef það er grunsamt eftir formi sínu eða efni eða annarra hluta vegna eða ef falsleysi þess er andmælt, úrskurðað þriðja mann til að gefa fyrir dómi eða annarsstaðar sýnishorn af rithönd sinni, með þeim hætti, er dómari tiltekur, og að viðlagðri refsingu eftir 2., sbr. 3. málsgr. 131. gr., enda sé þriðja manni skylt og heimilt að bera vitni um það atriði.

■ **158. gr.** Innihald opinbers skjals skal talið rétt, ef það varðar ákveðin atvik, er skjalið tjáir hafa gerzt í embætti eða sýslan útgefanda, þar til hið gagnstæða sannast eða er gert sennilegt. Sama er venjulega um mat, er skjalið inniheldur á atriðum, sem viðkomanda er falið að framkvæma í embætti sínu eða sýslan, enda hafi hann haft nægilega aðstöðu til að rannsaka þau atriði öll, er áreiðanleiki matsins er undir kominn.

□ Nú er opinberu skjali ætlað að veita fulla sönnun um einstakt atriði, er embættismaðurinn hefir ekki getað sjálfur sannreynt, og skal þá gert ráð fyrir því, að atriðið sé slíkt sem skjalið greinir, nema eitthvað sérstakt mæli því í gegn.

■ **159. gr.** Dómari metur sönnunargildi einkaskjala með hliðsjón af öllum atvikum hverju sinni, svo sem því, hvort sá aðilja hefir gefið skjalið út, sem notar það, eða hinn, hvort það er gefið út í tilefni af málinu eða því óháð, hvort þá staðreynd, sem skjalið er um, er unnt að sanna með öðrum hætti, hversu sennilegt innihald þess er, eftir því sem á stendur, samband útgefanda við aðilja eða venzlamenn hans, afstaða útgefanda til málsins eða venzlamanna hans o. s. frv.

■ **160. gr.** Nú er fengin nokkur, en þó ekki alveg fullnægjandi sönnun fyrir staðreynd, er málsúrslit velta á að öllu leyti eða einhverju, og getur þá dómari látið þau, svo sem við á, fara eftir því, hvort sá aðilja, er hann hverju sinni ákveður, vinnur eið eða drengskaparheit að því, að sú staðreynd hafi gerzt eða ekki gerzt.

■ **161. gr.** Því aðeins má heimila aðilja að vinna eið eða drengskaparheit eftir 160. gr., að hann megi framkvæma þessar athafnir eftir 1. málsgr. 127. gr. eða upphafi 1. töluliðs og 2. töluliðs 2. málsgr. sömu greinar, og að honum sé af sjálfs sín raun kunnugt um þá staðreynd, er eiður eða drengskaparheit varðar.

■ **162. gr.** Nú er maður sóttur til að greiða skaða sakir meðferðar sinnar á búi eða óákveðnu safni eigna annars manns eða til að afhenda slíkar eignir, og getur þá dómari, ef víst má telja, að aðili hafi valdið gagnaðilja sínum tjóni, er bæta skal, eða hafi í vörzlum sínum eignir hans áðurnefndar, er honum ber að skila, heimilað öðrumhvorum aðilja að staðfesta samkvæmt 160. gr. staðhæfingu sína um upphæð bóta eða hlutafjöldann, hvorttveggja innan tiltekins hámarks eða lágmarks, eftir því sem við á.

□ Einnig getur dómari, ef aðili er sóttur til að svara fyrir athafnir annarra manna, er í þjónustu hans hafa verið, eða fyrir skuldbindingar eða aðrar athafnir formanna sinna, látið málsúrslit velta á því, að aðili staðfesti, enda þótt hann sé ekki af eigin raun kunnugur staðreynd, með eiði eða drengskaparheiti, að hann sé þess sannfærður eftir vandlega athugun, að staðreyndin hafi gerzt eða ekki gerzt, eftir því sem við á.

■ **163. gr.** Nú leggur aðili fram í máli skjal, er tjáist gefið út af gagnaðilja, en hann staðhæfir það falsað, og lætur dómari þá, ef aðili krefst þess, gagnaðilja hans heimilt að staðfesta samkvæmt 160. gr. staðhæfingu sína um skjalið, enda sé ekki fengin með öðrum hætti fullnægjandi sönnun um það atriði. Nú þykir dómara ekki fært að veita gagnaðilja heimild til staðfestingar samkvæmt framansögðu, og má hann þá heimila aðilja að staðfesta staðhæfingu sína um falsleysi skjalsins samkvæmt áðurnefndri grein.

□ Samsvarandi rétt hefir sá, er byggir kröfu sína á óaðfinnanlega haldinni verzlunarbók, er að öðru leyti fullnægir ákvæðum laga um verzlunarbækur, enda byggi gagnaðili ekki á samskonar verzlunarbók.

■ **164. gr.** Dómari getur látið úrslit máls velta á eiði

1936 Nr. 85 23. júní

eða drengskaparheiti þriðja manns, er ekki hefir borið vitni um þá staðreynd, er í eiðstaf greinir, og verið hefir fyrirsvarsmaður eða starfsmaður aðilja um þá staðreynd, enda verði aðilja ekki veittur kostur á að vinna eið eða drengskaparheit um hana.

■ **165. gr.** Ef aðiljar eru á það sáttir, að málsúrslit velti á eiði annars þeirra eða drengskaparheiti um tiltekna staðreynd, getur dómari þegar er málflutningi er lokið orðað eiðstaf og tekið við eiði eða drengskaparheiti fyrir dómi, ef báðir aðiljar vilja. Verður þá dómur kveðinn upp í samræmi við staðfestinguna. Annarskostar ákveður dómari það í dómi sínum, hvort eða að hve miklu leyti málalok skuli fara eftir eiði eða drengskaparheiti annars aðilja um ákveðna staðreynd. Skal ákveða hana svo glöggt í dómi, að ekki verði um villzt, og í niðurlagi dóms skal orða það glöggt og samandregið, hvað aðili eigi að synja fyrir eða staðfesta með eiði sínum eða drengskaparheiti, enda sé tiltekið, hver skuli verða málalok, ef staðfesting fer fram, og ef hún fer ekki fram. Í dómi skal og ákveða frest til staðfestingar, og telst frestur frá birtingu dóms fyrir þeim, sem heimild er veitt, og til þessarar athafnar, nema hann sé viðstaddur dómsuppsögn, en nægilegt er, að eiðstefna sé tekin út eða birt, ef utanréttarstefna er, áður en frestur er liðinn, enda sé stefnufrestur ekki óhæfilega langur.

■ **166. gr.** Í eiðstefnu skal greina nöfn aðilja samkvæmt 88. gr., dagsetningu dóms og niðurlagsorð orðrétt, stað og stund til þinghalds, stefnufrest og kröfu eiðstefnanda um, að hann fái að vinna eið eða drengskaparheit samkvæmt dóminum.

☐ Þingfesting eiðsmáls fer með samsvarandi hætti og þingfesting aðalmálsins.

☐ Eiðsmál má reka á varnarþingi aðalmálsins, á varnarþingi eiðstefnanda samkv. 73. gr. eða eiðstefnds samkvæmt sömu grein, allt eftir vali eiðstefnanda.

■ **167. gr.** Nú hefir eiðstefndur tekið út löglega stefnu til áfrýjunar eiðsdómi, honum til breytingar, enda sé áfrýjunarfrestur ekki liðinn, og leggur hana fyrir eiðsdómarann, og skal eiðsmáli þá frestað, þar til meðferð málsins í æðra dómi er lokið. Ef eiðsheimild er staðfest í æðra dómi eða máli lýkur þar án dóms um það atriði, skal eiðsdómari, svo fljótt sem unnt er og eftir kröfu eiðstefnanda, kveðja aðilja á dómþing til að framhalda eiðsmálinu. Ef eiðsheimild er niður felld í æðra dómi, fellur eiðsmálið niður.

☐ Nú hefir eiðstefndur ekki lagt áfrýjunarstefnu fram samkvæmt 1. málsgr., en áfrýjunarfrestur er ekki liðinn, og getur eiðstefndur þá fengið eiðsmáli frestað, ef hann lætur bóka yfirlýsingu sína um, að hann ætli að áfrýja eiðsdómi til breytinga. Taka skal hann þá út áfrýjunarstefnu innan 3 vikna þar frá, enda skal eiðsdómari að þeim fresti liðnum og eftir kröfu eiðstefnanda kveðja aðilja til þings til að framhalda eiðsmálinu, nema honum hafi verið sýnt vottorð æðra dóms um útgáfu áfrýjunarstefnu áður en nefndur 3 vikna frestur var liðinn. Áfrýjunarstefna, síðar útgefin, eða yfirlýsing um áfrýjun, fresta ekki eiðsmáli, nema eiðsdómara sé sannað, að lögleg forföll eða óviðráðanleg atvik hafi hamlað.

☐ Nú lýkst eiðsmáli ekki, og getur eiðstefnandi þá tekið út eiðstefnu að nýju, enda þótt eiðsfrestur sé liðinn, ef hann gerir það innan 3 vikna frá því eiðsmálið var síðast fyrir dómi, enda sé stefnufrestur ekki óhæfilega langur.

■ **168. gr.** Dómari eiðsmáls skal leiðbeina aðiljum eftir því sem þörf gerist. Hann skal skýra eiðstaf fyrir þeim og gæta þess, að eiður eða drengskaparheit sé unnið að öllu leyti samkvæmt eiðsdómi. Áður en staðfesting fer fram, skal hann brýna alvarlega fyrir aðilja þýðing eiðs eða drengskaparheits og helgi, og leiða honum fyrir sjónir bæði þá lagalegu og siðferðislegu ábyrgð, sem vísvitandi eða gálauslega röng eiðvinning eða heitvinning hefir í för með sér.

☐ Dómari lætur aðilja hafa upp eftir sér þau orð, er viðkomandi staðreynd varða, að viðhöfðum þeim formála, er í 1. eða 2. tölulið 3. málsgr. 134. gr. segir, eftir því hversu ástatt er um trúmálaafstöðu hans.

■ **169. gr.** Dómari eiðsmáls úrskurðar öll atriði varðandi formshlið eða efni eiðsmáls á grundvelli eiðsdómsins. Úrskurðum hans um þau efni verður einungis haggað með kæru til æðra dóms eftir ákvæðum 199. gr.,[1] enda hvílir eiðsmálið á meðan.

[1] *Sbr. nú II. kafla l. 75/1973.*

■ **170. gr.** Nú deyr sá aðili, sem heimilað var að vinna eið eða drengskaparheit, eða er úrskurðaður óhæfur til þeirra athafna, og getur þá sá aðili, er hag hefði haft af staðfestingunni, snúið sér til dómara aðalmálsins með skriflegri beiðni um endurupptöku þess, ásamt sönnun fyrir láti aðilja eða óhæfi hans til eið- eða heitvinningar. Dómari skal þá kveðja aðilja eða eftirmenn þeirra til þings á varnarþingi aðalmálsins og úrskurða, eftir að þeir hafa átt kost á að tala máli sínu, hvort mál skuli tekið upp að nýju. Úrskurð þann má kæra til æðra dóms eftir 199. gr.,[1] enda hvílir málið á meðan.

☐ Nú er endurupptaka samkvæmt 1. málsgrein ákveðin, og fellir dómari þá, með eða án nýrra gagna, dóminn úr gildi og kveður upp nýjan dóm, þar sem fullt tillit sé tekið til hins breytta ástands og nýrra upplýsinga, sem fram kunna að koma að öðru leyti.

[1] *Sbr. nú II. kafla l. 75/1973.*

## XI. kafli. Um gjafsókn.

■ **171. gr.** Orðið gjafsókn nær í kafla þessum bæði til gjafsóknar og gjafvarnar.

☐ Dómsmálaráðuneytið veitir gjafsókn.

☐ Athuga skal málstað umsækjanda eftir föngum áður en gjafsókn er veitt.

☐ Í gjafsóknarbréfi skal taka fram, í hvaða máli og fyrir hvaða dómi gjafsókn sé veitt.

☐ Gjafsókn nær bæði til aðalmálsins og aukamála í sambandi við það, svo sem vitnamála, matsmála, eiðsmála, svo og til lögbanns, kyrrsetningar og aðfarargerðar til tryggingar dómkröfum þess, nema takmarkanir séu gerðar í gjafsóknarbréfi.

■ **172. gr.** Gjafsókn má veita, auk þess, sem sérstaklega kann að vera ákveðið í lögum:

1. Kirkjum, skólum, sjúkrahúsum, sem rekin eru á kostnað hins opinbera, hreppsfélögum, bæjarfélögum og stofnunum, sem hafa að markmiði umönnun sjúkra og aðra mannúðar- og líknarstarfsemi.

2. Einstökum mönnum, sem eru svo illa stæðir fjárhagslega, að þeir mega ekki án þess fjár vera frá framfærslu sinni eða sinna eða frá atvinnurekstri sínum, er fara mundi til málsins. Með beiðni um gjafsókn fylgi [vottorð skattstjóra][1] um fjárhag og ástæður umsækjanda, og er skylt að láta slíkt vottorð í té tafarlaust og ókeypis.

1936 Nr. 85 23. júní

□ Annars ríkis borgurum má því aðeins gjafsókn veita, að samskonar hlunnindi séu veitt íslenzkum ríkisborgurum í þeirra landi.

[1] *L. 54/1988, 20. gr.*

■ **173. gr.** Gjafsóknarhafi fær þessi hlunnindi:

1. Hann er undanþeginn greiðslu allra réttargjalda fyrir dómsathafnir þær, sem gjafsókn nær til.

2. Hann fær ókeypis eftirrit allra þeirra skjala, þar á meðal ágrip dómsgerða, er embættis- eða sýslunarmenn afgreiða til afnota við áðurnefndar dómsathafnir.

3. Honum er skipaður talsmaður, nema þess þyki engin þörf, og ríkissjóður greiðir talsmanni ferðakostnað og þóknun fyrir málflutning eftir ákvörðun dómara, er fyrir dómsathöfn þeirri stendur, sem gjafsókn nær til.

4. Ríkissjóður greiðir fyrir hann gjöld fyrir allar birtingar og tilkynningar, er mál hans útheimtir eða dómsathafnir í sambandi við það, þóknun til þingvotta, vitna, mats- og skoðunarmanna og önnur slík gjöld.

■ **174. gr.** Svipta má mann gjafsókn, ef í ljós kemur, að hún hefir verið ófyrirsynju veitt, eða hagur hans breytist svo, að honum er hennar ekki lengur þörf.

□ Gjafsókn skiptir engu máli um skyldu gjafsóknarhafa til greiðslu málskostnaðar til gagnaðilja síns, né um skyldu hans til að greiða kostnað af málinu. Nú er gagnaðili dæmdur til að greiða málskostnað, og skal þá ákveða í dómi, hversu mikill hluti þess málskostnaðar skuli renna til gjafsóknarhafa, eftir því, hvern kostnað hann kann að hafa sjálfur haft af málinu, og hversu mikill hluti málskostnaðarins skuli renna í ríkissjóð.

## XII. kafli. Um málskostnað.

■ **175. gr.** Til málskostnaðar telst:

1. ...[1]

2. Gjöld fyrir eftirrit og ágrip dómsgerða.

3. Réttargjöld í ríkissjóð.

4. Óhjákvæmilegur ferðakostnaður dómara, aðilja og umboðsmanna þeirra.

5. Þóknun matsmanns, vitna og rannsóknarmanna.

6. Þingvottagjöld og greiðslur fyrir birtingar stefna og annarra tilkynninga.

7. Kostnaður af flutningi málsins beinlínis, hæfilega metinn eða eftir samningi aðilja.

8. Annar kostnaður, er kann að stafa beinlínis af málinu.

□ Málskostnaður verður því aðeins dæmdur, að aðili krefjist þess.

□ [Að kröfu aðila má dæma að málskostnaður úr hendi gagnaðila hans skuli frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags bera sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur samkvæmt vaxtalögum.][2]

[1] *L. 28/1981, 37. gr.* [2] *L. 54/1988, 21. gr.*

■ **176. gr.** Sá, er krefst dómsathafnar, greiðir kostnað af henni um sinn. Nú lætur dómari fara fram af sjálfsdáðum birtingar eða tilkynningar eða dómsathafnir lögum þessum samkvæmt, og skal sá kostnaður lagður út úr ríkissjóði í bili. Dómari ákveður síðan, hvort annar aðili, einn eða báðir, skuli greiða, og í hvaða hlutföllum.

■ **177. gr.** Sá, er tapar máli í öllu verulegu, skal dæmdur til að greiða gagnaðilja sínum málskostnað.

□ Ennfremur skal aðili dæmdur til að greiða gagnaðilja sínum málskostnað, hvernig sem málsúrslit verða:

1. Ef hann hefir höfðað mál að þarflausu.

2. ...[1]

3. Ef hann hefir dregið mál að mun lengur en þörf var á, haft uppi vísvitandi rangar kröfur eða borið fram vísvitandi rangar skýrslur um málsatvik.

4. Ef hann hefir gert ráðstafanir eða látið fara fram dómsathöfn, sem sýnilega var þarflaus eða þýðingarlaus, þá getur gagnaðili krafizt af honum greiðslu þess kostnaðar, sem hann hefir haft af slíkri ráðstöfun eða dómsathöfn.

□ [Ef dómari telur sakir skv. 2. mgr. miklar getur hann dæmt aðila til að greiða gagnaðila álag á málskostnað.][2]

[1] *L. 28/1981, 38. gr.* [2] *L. 54/1988, 22. gr.*

■ **178. gr.** Nú vinnur maður mál að nokkru, en tapar því að nokkru, eða veruleg vafaatriði eru í máli, og getur dómari þá skipt málskostnaði milli aðilja eða látið hann falla niður með öllu.

■ **179. gr.** Nú skulu málsúrslit velta á eiði eða drengskaparheiti aðilja, og skal þá sá venjulega greiða málskostnað, sem tapar vegna þess, að eiður eða heit verður unnið eða verður ekki unnið.

□ Nú eru sumar kröfur taldar fullsannaðar, en sumar látnar koma undir eiði eða drengskaparheiti aðilja, og er þá rétt að dæma þann, er tapar að því leyti, til að greiða nokkurn hluta málskostnaðar, en láta hinn fara eftir 1. málsgr.

■ **180. gr.** Nú er máli vísað frá dómi eða það er hafið, og skal þá sækjandi greiða málskostnað.

□ Ef sækjandi þingfestir ekki mál sitt, þá skal hann greiða stefndum ómaksbætur. Samsvarandi gildir um aukamál í sambandi við aðalmál, sjálfstæð vitna- og matsmál o. s. frv. Í eiðsmáli getur eiðsdómari með sama hætti dæmt eiðstefndum ómaksbætur.

■ **181. gr.** Nú hefir maður höfðað gagnsök til sjálfstæðs dóms, og skal þá fara um málskostnað sem áður segir um aðalsök.

□ Meðalgöngumann má dæma til greiðslu þess kostnaðar, sem hann bakar aðiljum, samkv. 177. – 180. gr.

□ Ef fleiri eru sakaraðiljar eða samaðiljar, skal að jafnaði dæma þá til greiðslu málskostnaðar in solidum, ef þess er krafizt, en ella hvern (hvorn) til greiðslu tiltekins hluta í krónutali. Ef fleiri aðiljum eða samaðiljum skal dæma málskostnað, skal dæma þeim hann báðum eða öllum í einni heild, nema sérstaklega hafi verið krafizt skiptingar á honum milli þeirra.

■ **182. gr.** Nú gerir umboðsmaður aðilja sig sekan í ávirðingum þeim, sem í 3. og 4. tölulið 177. gr. segir, og má þá dæma hann út af fyrir sig eða með umbjóðanda til að greiða kostnað þann, er þær hafa valdið gagnaðilja, enda hafi sá, er slíka kröfu gerir, gert viðkomandi viðvart um hana í tíma, svo að hann megi vörnum við koma, ef hann vill.

■ **183. gr.** Nú höfðar maður erlendis búsettur mál fyrir íslenzkum dómi, og getur þá stefndur gert þá kröfu á þingfestingardegi, að stefnandi setji þá tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar innan ákveðins tíma, sem dómari tiltekur. Ef hann gerir það ekki, skal vísa máli frá dómi.

□ Ef menn búsettir á Íslandi eru undanþegnir því að setja samskonar tryggingu í landi stefnanda, skal hann einnig vera undanþeginn því hér á landi.

■ **184. gr.** Rétt er aðilja að leggja fram í máli sundurliðaðan reikning yfir kostnað sinn, og skal þá að jafnaði

dæma honum þann kostnað, sem hann hefir haft af málinu.

■ **185. gr.** Dómari kveður í dómi aðalmálsins á um greiðslu þess kostnaðar, sem á er fallinn, þegar dómur er upp kveðinn, og tiltekur upphæð hans, hvernig sem um hann kann að hafa verið samið. Kostnað, er síðar fellur á, má leggja undir úrskurð fógeta.

□ Þegar svo stendur á sem í 4. tölul. 177. gr. segir, sbr. 182. gr., getur aðili krafizt sérstaklega ákvörðunar á málskostnaði, er gagnaðili hans eða umboðsmaður hans skal greiða. Samsvarandi gildir, ef stefndi þingfestir ekki mál sitt, þar á meðal mats-, vitna- og eiðsmál.

□ Fógeta-, skipta- og uppboðsréttur geta metið aðilja málskostnað fyrir þeim dómum með aðfararhæfum úrskurðum.

■ **186. gr.** ...[1]

[1] *L. 57/1962, 61. gr.*

## XIII. kafli. Um réttarfarssektir.

■ **187. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum getur dómari dæmt af sjálfsdáðum, þegar skilyrði til sektardóms eru fyrir hendi.

□ Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið.

■ **188. gr.** Aðilja skal dæma í sekt:

1. ...[1] ...[2]
2. Fyrir bersýnilega tilefnislausa málshöfðun, ...[2]
3. Fyrir þarflausan drátt á máli, ...[2]
4. Fyrir að gera vísvitandi rangar kröfur eða flytja fram vísvitandi rangar staðhæfingar til sóknar eða varnar, ...[2]
5. Fyrir ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi, um dómara, gagnaðilja eða umboðsmann hans, eða aðra menn eða í öðru sambandi, ...[2]

□ Málflutningsumboðsmann, sem sekur verður um brot þau, sem í 3. – 5. tölul. segir, skal dæma í sekt, einan sér eða ásamt umbjóðanda sínum, eftir því sem á stendur, samkvæmt áðurnefndum töluliðum.

□ Þá menn aðra, er skýrslu gefa fyrir dómi, skal sekta eftir 5. tölulið 1. málsgreinar.

□ [Sá, sem annars kemur hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, sbr. 39. gr., skal sæta sektum.][2]

□ Ef refsing liggur þar að auki við áðurnefndum brotum eftir öðrum lögum, má koma henni fram í sérstöku máli án tillits til ákvörðunar um réttarfarssektina.

□ Ákvæði greinar þessarar taka einnig til aukamála í sambandi við aðalmál, svo og sjálfstæðra dómsathafna, sem ekki standa í slíku sambandi við neitt dómsmál, og til fógeta-, skipta- og uppboðsgerða, eftir því sem við á.

[1] *L. 28/1981, 39. gr.* [2] *L. 33/1963, 18. gr.*

■ **189. gr.** Sektir á hendur aðilja eða umboðsmanni hans, er þeir vinna til fyrir framferði sitt í aðalmálinu, skal ákveða í dómi þess, eða ef það verður hafið eða fellur annars niður, þá um leið og sú ákvörðun er tekin. Samsvarandi gildir um sekt á hendur þessum aðiljum í aukamálum við dómsmál, sem sjálfstætt eru rekin, og málum þeim, er í síðustu málsgrein 185. gr. segir. Sektir annars skulu að jafnaði ákveðnar jafnskjótt sem brot er framið fyrir dómi.

□ ...[1]

[1] *L. 57/1962, 61. gr.*

## XIV. kafli. Um dóma og úrskurði.

■ **190. gr.** [Úrskurði um einstök atriði máls, sem ráða þarf til lykta fram að dómtöku þess, skal kveða upp þegar í stað eða svo fljótt sem unnt er.

□ Úrskurðir skulu vera skriflegir og má skrá þá í þingeða dómabók. Þar skal greina niðurstöðu í ályktunarorði og má hún vera án forsendna. Nú er úrskurður héraðsdómara kærður til Hæstaréttar og skulu þá forsendur og rökstuddar ástæður dómara fyrir úrlausninni fylgja skjölum málsins til Hæstaréttar hafi úrskurðurinn verið kveðinn upp án forsendna.

□ Í fógeta-, skipta- og uppboðsmálum og þinglýsingarmálum skal þó láta forsendur fylgja ályktunarorði ef um er að ræða úrskurð sem felur í sér lokaákvörðun dómara um ágreiningsefnið.

□ Í aukamálum, sem tengd eru aðalmáli, svo og í sjálfstæðum vitna- og matsmálum, gilda ákvæði 1. – 3. mgr. eftir því sem við á.][1]

[1] *L. 54/1988, 23. gr.*

■ **191. gr.** Í munnlega fluttum málum skal venjulega kveða upp dóm áður en annað mál er tekið til munnlegs flutnings, og jafnan svo fljótt sem við verður komið.

□ Í skriflega fluttum málum skal kveða upp dóm svo fljótt sem kostur er á, og ekki síðar en 3 vikum eftir dómtöku.

□ Ef ekki er kostur á að kveða upp dóm eða úrskurð svo fljótt sem sagt hefir verið, ber dómara að greina nákvæmlega orsakir til þess, svo sem að aðrar tilteknar embættisathafnir, sem ekki þoldu bið, hafi valdið drætti, veikindi, ef mál er sérstaklega umfangsmikið, vandasamt o. s. frv.

■ **192. gr.** Nú er dómur fjölskipaður og mál munnlega flutt, og skulu þá allir dómendur hafa heyrt flutning þess. Ef þeir mega ekki allir taka þátt í uppsögu dóms, skal dómara nefna í stað þess eða þeirra, sem við hefir misst, og endurtaka munnlegan flutning málsins. Afl atkvæða skal ráða úrslitum um hvert atriði. Nú verður dómari í minni hluta um eitthvert atriði, og skal hann þá allt að einu taka þátt í ályktun um önnur atriði, er síðar skal til lykta ráða. Formaður dómsins stýrir atkvæðagreiðslu og sér um samningu dóms. Allir dómarar undirrita dóm í dómabókinni.

□ Ágreiningsatkvæði skulu birt á sama hátt sem dómar og úrskurðir.

■ **193. gr.** [Dómar skulu vera skriflegir og í þeim vera dómsorð ásamt forsendum. Í forsendum skal greina:

a. [Nöfn og heimili aðila.][1]
b. Númer máls skv. þingbók.
c. Stað og stund, þegar dómur er kveðinn upp.
d. Dómtökudag.
e. Nöfn dómenda, og hver er dómsformaður, ef dómur er fjölskipaður, svo og starfsheiti meðdómsmanna.
f. Fyrri úrskurði og dóma um atvik málsins, sem um er kunnugt.
g. Kröfur.
h. Málsástæður í megindráttum og önnur atvik, ef þess þykir þörf vegna samhengis.
i. Lagarök aðila í stuttu máli.
j. Rökstudda niðurstöðu dóms um sönnunaratriði og lagaatriði.
k. Réttarfarssektir.
l. Málskostnað.

□ Í dómsorði skal greina:
a. Sýknu, þegar sýknað er með öllu af efniskröfum.
b. Aðalniðurstöðu máls, þ. á m. það, sem fullnægja skal með aðför.
c. Aðildareið.
d. Aðfararfrest, nema óþarft sé að lögum.

□ Dæma má menn að viðlögðum dag- eða vikusektum til aðila til að vinna verk, annað en peningagreiðslu, þar á meðal til að skila hlut, ef það þykir hentug aðferð til að knýja aðila til að fullnægja dómi. Krafa til óinnheimtra sekta fellur niður, þegar dómi er fullnægt eða sannað er eða gert sennilegt, að ómögulegt sé að gera það. Aðili getur fengið mál endurupptekið og dómi breytt skv. reglum 170. gr. Krafa um slíka endurupptöku frestar aðför til innheimtu sekta, enda sé krafan komin til dómara innan viku eftir að hún kom fram fyrir fógeta.

□ Ef aðila er í dómi bönnuð athöfn eða hann er skyldaður til að þola athöfn eða ástand, getur dómari sett frest til að hann megi koma svo högum sínum, að fullnusta dómsins baki honum sem minnst tjón eða óhagræði.

□ Dómar skulu vera stuttir og glöggir. Má ekki skírskota til sannana eða atvika, sem síðar kunna að koma fram, nema úrslit máls eigi að velta á eiði eða drengskaparheiti.

□ Dómi eða úrskurði má fullnægja með aðför eftir efni sínu, þótt þess sé ekki sérstaklega getið.][2]

[1] *L. 54/1988, 24. gr.* [2] *L. 28/1981, 41. gr.*

■ **194. gr.** Dómari tilkynnir aðiljum eða umboðsmönnum þeirra, hvar og hvenær dómur eða úrskurður verði upp kveðinn, með þeim fyrirvara og þeim hætti, sem honum þykir hlýða hverju sinni.

□ Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp á dómþingi í heyranda hljóði.

□ Ef aðili hefir ekki verið við dómsuppsögu staddur, skal sá, er byggja vill rétt á dóminum eða vill láta fresti samkv. honum byrja að líða, birta hann með sama hætti sem stefnu.

□ Gagnvart þeim aðilja, sem við er staddur dómsuppsögu, hefst eiðsfrestur og aðfararfrestur frá þeim degi, en annars frá birtingardegi. Geta skal þess í þingbók, hvort aðili hafi verið viðstaddur dómsuppsögu eða úrskurðar, svo og í eftirriti af dómsathöfnum þessum.

■ **195. gr.** Dómur er bindandi um úrslit sakarefnis milli aðilja og þeirra, sem að lögum koma í stað þeirra, um þær kröfur, er þar eru dæmdar að efni til.

□ Dómur er bindandi fyrir dómara, er hann hefir verið upp kveðinn samkvæmt 2. málsgr. 194. gr. Þó getur dómari, bæði af sjálfsdáðum og eftir kröfu aðilja, leiðrétt ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar skekkjur í dómi, en kveðja skal hann þá aðilja eða málflytjendur þeirra fyrir sig, nema um bersýnilegar ritvillur sé að ræða, og benda þeim á leiðréttingarnar og bóka glöggt, hvað leiðrétt hafi verið. Eftirrit, sem út kunna að hafa verið gefin af dómi eða úrskurði, skal afhenda dómara um leið til leiðréttingar, en frestir teljast frá uppkvaðningu samkvæmt 3. og 4. málsgr. 194. gr.

■ **196. gr.** Dómur hefir fullt sönnunargildi um þau málsatvik, er í honum greinir, þar til hið gagnstæða er sannað.

□ Krafa, sem dæmd er að efni til, verður ekki borin undir sama eða hliðsettan dómstól af nýju, framar en í lögum þessum segir. Nýju máli um slíka kröfu skal vísað frá dómi.

1936 Nr. 85 23. júní

## XV. kafli. Um málskot.

■ **197. – 199. gr.** ...[1]

[1] *L. 57/1962, 61. gr.*

## XVI. kafli. Um sjó- og verzlunardómsmál.

■ **200. – 203. gr.** ...[1]

[1] *L. 28/1981, 42. gr.*

■ **204. gr.** Útgerðarmanni má stefna í málum varðandi útgerðina á varnarþingi hans samkvæmt 73. gr., eða þar, sem skip er skrásett að eiga heima.

□ Samsvarandi er um mál á hendur skipstjóra eða skipshöfn vegna skyldustarfa þeirra.

□ Nú á maður kröfu að heimta, sem er sjóveðtryggð með skipi, farmi eða farmgjaldi, og má þá höfða mál til innheimtu kröfunnar, ef sjóveð hefir verið kyrrsett, þar sem kyrrsetningin fór fram.

□ Mál út af ákvörðun eða skiptingu bjarglauna má höfða þar, sem bjargað var, eða þar sem björgunargóssið var flutt á land.

■ **205. – 206. gr.** ...[1]

[1] *L. 28/1981, 42. gr.*

## XVII. kafli. Um víxilmál og tékka o. fl.

■ **207. gr.** Mál, er fara eftir þessum kafla, eru:

1. Víxilmál, en þau eru:

a. Mál gegn útgefendum, framseljendum og samþykkjendum víxla á hendur öðrum manni, og gegn útgefendum og framseljendum eigin víxla þeim til lúkningar eða til að koma fram endurgreiðslukröfu eftir víxilrétti.

b. Mál gegn útgefendum og framseljendum víxla sökum skorts á samþykki til greiðslu víxilupphæðar eða þess hluta hennar, er ekki hefir verið samþykktur.

c. Mál gegn ábyrgðarmönnum (avalistum) víxilupphæðar.

2. Mál til endurgjaldskröfu gegn tékkaskuldara samkvæmt lögum um tékka.

3. Mál til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, enda hafi svo verið um samið og sá samningur verið skráður í texta skuldabréfsins.

■ **208. gr.** Þessar varnir einar um efni máls getur varnaraðili haft uppi:

a. Að mál sé höfðað af röngum aðilja eða gegn röngum aðilja.

b. Að aðilja hafi að lögum skort hæfileika til að taka á sig skuldbindinguna.

c. Að undirskrift skjals sé fölsuð eða innihald þess.

□ Í víxilmálum má og koma að vörnum, er varða form og efni víxils, eða aðferðina til að halda víxilkröfu í gildi, og önnur atriði, sem samkvæmt víxillögum eru skilyrði til að koma víxilrétti fram. Samsvarandi gildir um tékkamál.

□ Í málum samkvæmt 3. tölul. 207. gr. getur varnaraðili ennfremur haft uppi varnir, ef hann á ekki að sanna staðreyndir þær, sem þær byggjast á, eða þær má sanna með skjölum, sem hann hefir þegar við höndina.

□ Gagnkröfur til skuldajafnaðar eða til sjálfstæðs dóms má hafa uppi í málum samkvæmt þessum kafla, ef gagnkrafa er samskonar sem aðalkrafa. Svo má og koma víxilkröfu eða tékka fram hvorri gegn annarri og gegn skuldabréfskröfu. Í víxil- og tékkamálum má og koma að gagnkröfum, sem sprottnar eru af því, að aðili hefir ekki

gefið tilkynningar þær til formanna sinna á tékka eða víxli, sem boðnar eru í tékka- og víxillögum.

■ **209. gr.** Ef aðiljar eru á það sáttir, má koma að í málum þessum öllum vörnum, sem hafa má uppi í einkamálum almennt.

□ Nú missir aðili færi á að koma vörnum að, og getur hann þá höfðað mál eftir almennum reglum gegn stefnanda til skaðabótagreiðslu.

□ Nú lætur stefnandi fara fram kyrrsetningu til tryggingar kröfu samkvæmt 207. gr., og þarf hann þá ekki að setja tryggingu vegna kyrrsetningarinnar, nema fram komi þá varnir, er koma má að samkvæmt 208. gr.[1)]

[1)] *3. mgr. 209. gr. fellur niður 1. júlí 1992, sbr. l. 31/1990, 44. gr.*

■ **210. gr.** Að öðru leyti fer um mál þessi eftir öðrum ákvæðum laga þessara.

**XVIII. kafli. Um mál til faðernis óskilgetinna barna.**

■ **211. – 215. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 9/1981, 58. gr.*

**XIX. kafli. Um mál til ógildingar skjala o. fl.**

■ **216. gr.** Með dómi má ógilda glötuð eða horfin skuldabréf, ásamt stofnum og vaxtamiðum, og hver önnur heimildarbréf. Ógildingardómur heimilar dómhafa að ráðstafa því, er skjalið hljóðar um, svo sem hann hefði það í höndum.

□ Skuldabréf með veði í fasteign skal ógilda á varnarþingi fasteignar, og ef það er með veði í skipi eða skipshluta, þar sem skip er skrásett. Önnur skjöl skal ógilda í þinghá, þar sem þau eru gefin út. Nú verður þessu ekki við komið, en skjal má þó ógilda hér á landi, og skal þá ógilda það á bæjarþingi Reykjavíkur, eða innan lögsagnarumdæmis beiðanda, og þá fyrir dómi í þinghá þeirri, sem héraðsdómari er búsettur í.

■ **217. gr.** Aðili sendir dómara skriflega beiðni um ógildingu skjals, ásamt eftirriti af því, en ella með sem nákvæmastri lýsingu á því, svo og skýrslu um örlög skjalsins. Nú telur dómari skilyrði til ógildingardóms ekki fyrir hendi, og synjar hann þá beiðninni með úrskurði, er kæra má til æðra dóms eftir ákvæðum 199. gr.[1)]

[1)] *Sbr. nú II. kafli l. 75/1973.*

■ **218. gr.** Nú er beiðni samkvæmt 217. gr. tekin til greina, og gefur héraðsdómari þá út stefnu, þar sem kvaddur er hver sá, er kynni að hafa skjalið í höndum, til að koma fyrir dóm með það, með því að annars verði það ógilt með dómi samkvæmt kröfu stefnanda. Stefnufrestur skal vera 2 – 4 mánuðir frá birtingu stefnunnar, er stefnandi skal láta birta einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn kemur fram með skjalið eða mótmælir ógildingu þess, skal ógildingardómur kveðinn upp, nema gallar á málatilbúnaði séu því til fyrirstöðu. Annarskostar sker dómur úr því, hvort skjal skuli ógildast eða ekki.

□ Synjunardóm má kæra til æðra dóms eftir 199. gr.[1)] Um áfrýjun ógildingardóms fer eftir almennum reglum.

[1)] *Sbr. nú II. kafli l. 75/1973.*

■ **219. gr.** Haldast skulu sérákvæði laga um ógildingu farmskírteina, víxla, tékka, sparisjóðsbóka og söfnunarsjóðs, bankavaxtabréfa veðdeilda Landsbankans og annarra banka eða slíkra stofnana, svo og 20. gr. laga nr. 14 20. okt. 1905.

■ **220. gr.** Nú sannar maður eða gerir sennilegt, að hann hafi öðlazt réttindi yfir fasteign, skrásettu skipi, bifreið eða viðskiptabréfi með samningi eða hefð, en hann skortir skilríki fyrir rétti sínum, og getur hann þá snúið sér til hlutaðeigandi héraðsdómara, er með mál hans skyldi fara samkvæmt 216. gr., ef ógildingar væri beiðzt. Um úrskurð, útgáfu stefnu og birtingu, stefnufrest og málsmeðferð gilda samsvarandi reglur sem um ógildingardómsmál. Sá, er eignardóm öðlast, hefir samkvæmt honum heimild til að ráða yfir og ráðstafa eigninni, eins og hann hefði til þess afsalsbréf eða annað viðeigandi skjal.



■ **221. gr.** [Um hjúskaparmál fer eftir lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972.

□ Um mál til vefengingar faðernis skilgetinna barna fer eftir barnalögum, nr. 9/1981.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 25. gr.*

**[XX. kafli. Áskorunarmál.][1)]**

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ **[222. gr.** Samkvæmt þessum kafla mega fara fjárkröfur samkvæmt víxlum, tékkum, skuldabréfum og öðrum einhliða óskilyrtum skuldaviðurkenningum, svo og mál til heimtu peningaskulda sem stafa af lausafjárkaupum, sbr. lög um lausafjárkaup, nr. 39/1922, enda hafi þá stefnandi staðið við skuldbindingar af sinni hálfu.

□ Enn fremur mega fara samkvæmt þessum kafla fjárkröfur þegar um er að ræða endurgjald fyrir veru, viðurgerning, flutning á mönnum eða munum, tryggingar, auglýsingar og leigu lausafjár enda hafi stefnandi þá staðið við skuldbindingar af sinni hálfu og endurgjaldið annaðhvort verið fastákveðið fyrir fram eða fjárhæð þess samþykkt skriflega eftir á.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ **[223. gr.** Stefna í málum þessum skal vera þannig úr garði gerð að stefndi megi örugglega sjá um hvaða kröfur sé að tefla.

□ Í stefnu skal greina:

a. Nöfn aðila, kennitölu og heimili eða dvalarstað.

b. Nöfn fyrirsvarsmanna aðila ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða starfsstofu.

c. Dómkröfur.

d. Málsástæður sem sækjandi byggir málssókn sína á og önnur atvik sem þörf er að greina samhengis vegna, svo og lagarök.

e. Gögn sem stefnandi hyggst hafa til sönnunar.

f. Áskorun til stefnda að greiða stefnukröfurnar, sbr. 225. gr.

g. Dómþing er mál verður þingfest, stað þess og stund, svo og stefnufrest.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ **[224. gr.** Aðili getur gefið út stefnu sjálfur eða snúið sér til héraðsdómara er gefur út stefnu að beiðni hans, sbr. 87. gr.

□ Stefnu skal rita á tvöfalda örk í stærðinni A4 og skal hún auðkennd í upphafi máls með orðinu áskorunarstefna.

□ Eitt eintak stefnunnar skal vera á löggiltum skjalapappír með spássíu eigi minni en 4 sm séð frá kili arkarinnar.[1)]

□ Stefna skal vera í fjórriti enda sé aðeins einum stefnt. Sé fleiri en einum stefnt skal bæta við einu eintaki fyrir hvern sem stefnt er til viðbótar.][2)]

[1)] *Sbr. augl. 223/1968.* [2)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ **[225. gr.** Í stefnu skal vera áskorun til stefnda að greiða stefnanda stefnukröfurnar innan tveggja sólar-

**1936** Nr. 85 23. júní

hringa frá stefnubirtingu eða í síðasta lagi við þingfestingu málsins ellegar mæta við þingfestingu og halda uppi lögvörnum þar eð annars megi búast við að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart honum.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ [**226. gr.** Nú snýr stefnandi sér til dómara með beiðni um útgáfu áskorunarstefnu og skal hann þá leggja fyrir hann stefnu í nægilega mörgum eintökum skv. 224. gr. Auk þess skal stefnandi sýna dómara skjöl þau er hann byggir kröfur sínar á.

□ Er dómari hefur gengið úr skugga um að mál megi reka samkvæmt kafla þessum gefur hann út áskorunarstefnuna.

□ Dómari er óbundinn af þessu áliti sínu er hann endanlega afgreiðir málið síðar.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ [**227. gr.** Nú telur dómari að eigi séu efni til að mál sæti meðferð samkvæmt kafla þessum og skal hann þá synja um útgáfu áskorunarstefnu með rökstuddri bókun í þingbók sé þess krafist. Þessari ákvörðun dómara verður ekki skotið til Hæstaréttar.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ [**228. gr.** Stefnufrestur í þeim málum, er fara samkvæmt þessum kafla, skal vera skemmstur þrír sólarhringar. Að öðru leyti skal um stefnufrest og stefnubirtingu fara eftir VIII. kafla.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ [**229. gr.** Við þingfestingu máls skal stefnandi leggja fram tvö frumrit stefnu, þar af annað með stefnubirtingarvottorði, og eitt afrit að auki, ásamt skjölum þeim er hann byggir dómkröfur sínar á. Hafi dómari gefið út áskorunarstefnu skulu bæði frumritin vera með áritun hans en ella með áritun stefnanda.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ [**230. gr.** Nú heldur stefndi uppi lögvörnum í málinu og skal málið þá sæta hinni almennu eða sérstöku meðferð einkamála eftir því sem við á hverju sinni. Dómari getur þessa í þingbók.

□ Ef stefndi gefur til kynna að hann ætli að halda uppi lögvörnum skal hann leggja fram greinargerð. Eftir að stefndi hefur lagt fram greinargerð sína skal stefnandi leggja fram greinargerð af sinni hálfu.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ [**231. gr.** Nú verður útivist af hálfu stefnda án þess að haldið sé uppi vörnum og ritar dómari þá eða stimplar samkvæmt kröfu stefnanda á frumrit stefnunnar að dómkröfurnar, svo og upphæð málskostnaðar eftir ákvörðun dómara, séu aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar enda sé málatilbúningi stefnanda í engu áfátt.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ [**232. gr.** Nú telur dómari eftir að hann hefur tekið mál til endanlegrar meðferðar að það fullnægi eigi skilyrðum til að sæta meðferð samkvæmt þessum kafla og skal hann þá víkja málinu til þeirrar meðferðar, er málið á að sæta, með bókun í þingbók og geta þar ástæðna til vikningarinnar.

□ Nú telur dómari að eigi sé unnt að gera kröfur stefnanda aðfararhæfar óbreyttar þar sem sýkna beri að hluta eða í heild eða frávísa beri að hluta og skal hann þá, á þann hátt er segir í 1. mgr., víkja málinu til venjulegrar eða sérstakrar meðferðar einkamála, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 234. gr.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ [**233. gr.** Nú verður dómari þess var eftir að hann hefur tekið mál til endanlegrar afgreiðslu samkvæmt þessum kafla að því sé svo áfátt að efnisdómi megi eigi á það ljúka, hvorki samkvæmt almennri né sérstakri meðferð, eða stefnufrestur hefur verið of skammur, sbr. 228. gr., og skal hann þá vísa máli frá dómi með rökstuddri áritun á bæði frumrit stefnunnar.][1)]

**1936** Nr. 85 23. júní

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ [**234. gr.** Dómari skal byggja efnisúrlausn í málum samkvæmt þessum kafla á staðhæfingum stefnanda í stefnu um málsatvik enda fái þær staðhæfingar samrýmst málatilbúnaði hans og fari eigi í bága við þekktar staðreyndir.

□ Dómari getur í efnisúrlausn sinni breytt augljósum villum í stefnu til samræmis við skjöl þau er stefnandi byggir mál sitt á.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ [**235. gr.** Áritun dómara á stefnu um frávísun eða aðfararhæfi hefur sama gildi og dómur í einkamálum. Áfrýjun á málum þessum frestar eigi aðför.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ [**236. gr.** Eigi er heimilt að láta mál sæta meðferð samkvæmt þessum kafla ef birta þarf stefnu erlendis eða í opinberu blaði.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

■ [**237. gr.** Að öðru leyti en nú hefur verið rakið skulu mál samkvæmt þessum kafla fara eftir gildandi reglum réttarfarslaga.][1)]

[1)] *L. 54/1988, 26. gr.*

**[XXI. kafli.][1)] Niðurlagsákvæði.**

[1)] *L. 54/1988, 27. gr.*

■ [**238. gr.**][1)] Ákvæði IX., X. og XIV. kafla taka til málsmeðferðar fyrir skipta-, fógeta- og uppboðsrétti, eftir því, sem við verður komið, enda þótt þess sé ekki sérstaklega getið í lögum þessum.

[1)] *L. 54/1988, 27. gr.*

■ [**239. gr.**][1)] ...

□ Gestaréttarmeðferð og einkalögreglumála er úr lögum numin. Þar sem slík meðferð er boðin eða heimiluð í lögum og þar sem til þessara meðferða er skírskotað eða fresta í sambandi við þær, gilda hinar almennu reglur um málsmeðferð og fresti eftir lögum þessum.

[1)] *L. 54/1988, 27. gr.*

**Lög um málflytjendur.**

**I. kafli. Almenn ákvæði.**

**1942** Nr. 61 4. júlí

■ **1. gr.** Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og réttindi samkvæmt því, meðal annars þagnarskyldu um það, er aðili trúir þeim fyrir í starfa þeirra.

■ **2. gr.** Fyrir flutning gjafsóknar- og gjafvarnarmála skal ákveða málflytjanda laun með dómi í aðalmálinu.

□ Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

□ Loforð um sýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir málflutningsstarf er ekki skuldbindandi.

■ **3. gr.** Rétt er héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni að taka sér fulltrúa, hvern þann sem lokið hefur embættisprófi í lögum, er 21 árs að aldri, ...[1)] er lögráður og

hefur forræði fjár síns. Dómi þeim, er í hlut á, skal tilkynnt um töku fulltrúans.

[1] *L. 32/1962, 1. gr.*

■ **4. gr.** Nú sækir héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða fulltrúi þeirra dómþing fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til, nema annað sé sannað.

□ Í málflutningsumboði felst, nema öðruvísi sé mælt, heimild til að framkvæma sérhvað það, sem venjulegt er til flutnings slíks máls fyrir dómi. Umbjóðandi er bundinn við málflutningsathafnir og yfirlýsingar umboðsmanns síns bæði um forms- og efnisatriði máls, enda þótt hann hafi takmarkað umboð gagnaðila sínum í óhag. Ef umbjóðandi hefur takmarkað umboð gagnaðila sínum í hag, er takmörkunin bindandi fyrir umbjóðanda sem málflutningsyfirlýsing fyrir dómi.

□ Skipun stjórnvalds eða dómara til að flytja mál felur í sér rétt og skyldu til að gera allt það, sem venjulegt er, heppilegt eða nauðsynlegt til þess að koma máli fram og til að ná sem heppilegustum málalokum fyrir aðila með öllum löglegum hætti.

■ **5. gr.** Aðila er jafnan rétt að fara sjálfur með mál sitt fyrir dómi, ef hann er löghæfur til að ráðstafa sakarefninu. Lögráðamaður fer með mál þeirra, sem geta ekki sjálfir farið með það samkvæmt framansögðu. Nú hefur slíkur maður engan lögráðanda, og getur dómari þá skipað honum fyrirsvarsmann í því máli. Stjórnendur félags eða stofnunar fara, einn eða fleiri, með mál þeirra.

□ Ef aðili máls er einstakur maður, getur hann jafnan látið frændur sína að feðgatali eða niðja, maka sinn, systkini sín, tengdaforeldri eða tengdabarn, stjúpforeldri eða stjúpbarn, kjörforeldri eða kjörbarn fara með mál fyrir sig.

□ Ef mál er rekið fyrir héraðsdómi í Reykjavík eða á Akureyri og aðili fer ekki sjálfur með mál sitt eða lögmæltur fyrirsvarsmaður eða venzlamaður samkv. áður sögðu, skal hann fela meðferð þess héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, og tekur þetta einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir ákvörðun dómara, ef sækja þarf þar mál eða verja með líkum hætti og fyrir venjulegum dómi. Í greindum kaupstöðum má maður ekki ella flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sín nafni, nema hann standi í áður nefndu sambandi við aðila eða sé héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður. Með sömu takmörkunum hafa hæstaréttarlögmenn einkarétt til málflutnings fyrir hæstarétti.

□ Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum héraðsdómara, ákveðið, að fyrirmæli 3. málsgr. um málflytjendur í Reykjavík og á Akureyri skuli og taka til annarra kaupstaða, þar sem ekki er neinn hörgull héraðsdómslögmanna.[1]

[1] *Augl. 242/1976 (um einkarétt lögmanna).*

■ **6. gr.** Ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður missir einhvers hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflutnings, eða fullnægir ekki skilyrðum þessara laga um skrifstofu, ...[1] hefur hann fyrirgert rétti þeim, er leyfið veitir, meðan svo er ástatt. Ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður hefur verið sektaður þrisvar samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, eða ef stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna leggur einróma til, að ákveðinn félagsmaður verði sviptur leyfi vegna tiltekinna, óviðurkvæmilegra athafna í starfi sínu, getur dómsmálaráðherra tekið af honum leyfi til málflutnings um stundarsakir, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Leita skal áður álits dóms þess, er hlut á að máli.



□ Nú hefur héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður verið sviptur leyfi til málflutnings, og getur hann þá borið málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum dómsmálaráðherra af hálfu ríkisvaldsins.

[1] *L. 32/1962, 2. gr.*

■ **7. gr.** Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn skulu hafa með sér félag, og kemur stjórn þess fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnarvöldum í málum, er stéttina varða. Samþykktir félagsins skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem staðfestir þær eða synjar staðfestingar.

■ **8. gr.** Stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna ber að hafa eftirlit með, að félagsmenn fari að lögum í starfa sínum og ræki skyldur sínar með trúmennsku og samvizkusemi. Stjórn félagsins hefur úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana.

□ Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með þeim, er búa sig undir að verða héraðsdómslögmenn. Dómsmálaráðuneytinu ber að leita umsagnar stjórnar félagsins, áður en það veitir leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

□ Stjórn félagsins getur veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á hendur allt að [50 000][1] króna sekt til styrktarsjóðs félagsins fyrir framferði í starfa þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið.

□ Úrskurðir félagsstjórnarinnar samkvæmt þessari grein sæta kæru eftir 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936.[2]

[1] *L. 10/1983, 73. gr.* [2] *Nú l. 75/1973.*

## II. kafli. Um hæstaréttarlögmenn.

■ **9. gr.** [Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflutnings við hæstarétt hverjum þeim, sem:

1. er 30 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. ...[1]
4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í Háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum,
6. hefur verið héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til,
7. hefur sýnt það með flutningi 3 mála, ...[1] að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn vottorð um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að vera hæstaréttarlögmaður. Hæstiréttur getur veitt manni undanþágu frá framangreindri prófraun að nokkru eða öllu leyti, ef dóminum er kunnugt af lögfræðilegum störfum hans, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti. [Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.][1]

□ Héraðsdómslögmönnum, sem starfað hafa að málflutningi ekki skemur en 5 ár og hafa á þeim tíma flutt fyrir héraðsdómi a. m. k. 40 mál munnlega, er heimilt að flytja fyrir hæstarétti opinber mál og einkamál, sem þeir sjálfir eða löggiltir fulltrúar þeirra hafa flutt fyrir héraðsdómi. Skulu þeir, ef þeir óska að nota heimild þessa,

**1942** Nr. 61 4. júlí

senda beiðni um það til hæstaréttar ásamt vottorði um, að þeir uppfylli skilyrði [1. – 2. og 4. – 5. tölul.][1] greinar þessarar. Heimild þessi fellur niður, ef hæstiréttur telur, eftir málflutning í hæstarétti eða af öðrum ástæðum, hlutaðeigandi héraðsdómslögmann óhæfan til að flytja mál fyrir hæstarétti. Framangreindan rétt geta menn þó öðlazt aftur eftir ákvörðun dómsins.][2]

[1] *L. 32/1962, 3. gr.* [2] *L. 25/1953, 1. gr.*

■ **10. gr.** Áður en manni sé veitt leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin.

■ **11. gr.** ...[1]

[1] *L. 40/1954, 43. gr.*

■ **12. gr.** [Hæstaréttarlögmenn skulu hafa skrifstofu innan lögsagnarumdæmis þess, þar sem þeir eru búsettir, eða þar í grennd.][1]

□ Skylt er þeim að inna sjálfir af hendi þau störf fyrir dómi, er aðilar hafa falið þeim; þó er þeim rétt að fela þau öðrum hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur. Þegar mál er flutt skriflega eða ef hæstaréttarlögmaður getur eigi sótt sjálfur þing sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

[1] *L. 32/1962, 4. gr.*

■ **13. gr.** [Skylt er hæstaréttarlögmönnum að flytja þau opinber mál, sem þeim verða falin. Önnur mál er þeim eigi skylt að taka að sér fyrir hæstarétti.][1]

□ Nú óskar sökunautur í opinberu máli eða gjafsóknar- eða gjafvarnarhafi sér skipaðan ákveðinn hæstaréttarlögmann, og skal honum þá skipaður sá maður, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli gegn því.

[1] *L. 32/1962, 5. gr.*

### III. kafli. Um héraðsdómslögmenn.

■ **14. gr.** Dómsmálaráðuneytið getur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi hverjum þeim, sem:

1. er 25 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. ...[1]
4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í Háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum,
6. hefur sýnt það með flutningi 4 munnlega fluttra mála, að hann sé hæfur til að vera héraðsdómslögmaður.

Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann áður en hann gerir það, leggja fyrir dómara vottorð dómsmálaráðuneytisins um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að vera héraðsdómslögmaður. [Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.][1]

□ Dómsmálaráðherra setur prófdómendur til að dæma um málflutningsraun samkvæmt 1. málsgr. Héraðsdómari ákveður þóknun fyrir þetta starf, og greiðist hún úr ríkissjóði.

□ [Lögfræðingar, sem skipaðir hafa verið í fasta dómarastöðu eða skipa má í föst dómarasæti samkvæmt 32. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, skulu undanþegnir ákvæðum 6. töluliðs þessarar greinar.][2]

[1] *L. 32/1962, 6. gr.* [2] *L. 119/1943, 1. gr.*

■ **15. gr.** Áður en manni sé veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin. **1942** Nr. 61 4. júlí

■ **16. gr.** ...[1]

[1] *L. 40/1954, 43. gr.*

■ **17. gr.** Héraðsdómslögmönnum er heimilt að fara með mál fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu.

■ **18. gr.** Héraðsdómslögmönnum er skylt að flytja þau opinber mál og gjafsóknar- og gjafvarnarmál, sem þeim verða falin, þar í kaupstað, sem þeir hafa skrifstofu, eða þar í grennd, enda hafi þeir opna skrifstofu á tilteknum stað og tilkynni dómara það. Annars ráða þeir því sjálfir, hvaða málflutningsstörf þeir taka að sér.

□ Nú óskar aðili, er skipa skal talsmann, að fá sér skipaðan ákveðinn héraðsdómslögmann, og skal þá veita honum það, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli á móti því.

□ Ef mál er flutt munnlega, ber héraðsdómslögmanni að gera það sjálfur; þó er honum rétt að fela það öðrum héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur. Annars er héraðsdómslögmanni heimilt að láta fulltrúa sinn flytja mál fyrir dómi.

### IV. kafli. Um málflutningsmenn.

■ **19. gr.** Ef mál er rekið utan þeirra kaupstaða, er einkaréttur héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna nær til, getur aðili falið hverjum lögráða manni, sem hefur ...[1] almennan andlegan þroska, meðferð máls síns.

[1] *L. 32/1962, 7. gr.*

■ **20. gr.** Málflutningsmenn verða að sanna umboð sitt, ef það er vefengt. Hafi þeir lokið embættisprófi í lögfræði, mega þeir ganga í félag héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna, en hvorki hafa þeir atkvæðisrétt um samþykktir eða gjaldskrá félagsins né kosningarrétt eða kjörgengi í stjórn félagsins.

■ **21. gr.** Félög eða stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, geta látið þá fara með mál sín fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu.

■ **22. gr.** Ef málflutningsmaður sætir sektum samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 eða reynist óhæfur til málflutnings vegna vankunnáttu, getur héraðsdómari, þar sem málflutningsmaður er búsettur, tekið af honum heimild til að fara með mál í umboði annarra fyrir fullt og allt eða um stundarsakir, en bera má hann málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum dómara þeim, er í hlut á.

### V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **23. gr.** Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna, hvort málflytjendastarf er samrýmanlegt öðru opinberu starfi. Ef það mezt ósamrýmanlegt, skal málflytjandi afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt, ef því er að skipta, meðan svo er ástatt.[1]

[1] *Rg. 32/1971.*

## Lög um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur. **1914** Nr. 32 2. nóv.

■ **1. gr.** Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rétt til að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

■ **2. gr.** Ef maður vill öðlast þann rétt, sem um er rætt í

**1914** Nr. 32 2. nóv.

1. gr., skal hann hafa sannað fyrir stjórnarráðinu, að hann kunni nægilega vel þá tungu, sem hann vill öðlast rétt til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á, og að hann hafi að öðru leyti þá þekkingu til að bera, er ætla má, að fullnægjandi sé til að leysa þau störf vel af hendi. Heimilt er stjórnarráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup, er greiðist úr landssjóði. Stjórnarráðið skipar fyrir um prófið.[1)]

□ [Heimilt er að synja manni um leyfi samkv. 1. gr., ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.][2)]

[1)]*Rg. 26/1989.* [2)]*L. 32/1961, 1. gr.*

■ **3. gr.** Nú hefir maður öðlast rétt þann, er um er rætt í 1. gr., og skal hann þá skyldur að vera túlkur á dómþingum og þýða skjöl fyrir menn og stofnanir. Hann skal og heita því við drengskap sinn, að vinna verk sitt eftir bestu vitund, og að ljóstra eigi upp leyndarmálum. Rétt er þó, að aðrir menn séu dómtúlkar og skjalþýðendur, ef þeir eru dómkvaddir til þess í hvert skipti.

■ **4. gr.** Dómtúlkar og skjalþýðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

■ **5. gr.** Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda.

**1793** 19. júlí

## Tilskipun um vitnisburð málflutningsmanna.

Ef málflutningsmanni er stefnt sem vitni í einkamáli, og honum hefir annaðhvort verið falinn flutningur þess eða ráða hans hefir verið leitað í því, þá skal hann vera undanþeginn, og honum jafnvel með öllu bannað að bera vitni í því máli, ef úr spurningum þeim, er fyrir hann eru lagðar, verður eigi leyst, nema hann skýri frá því, sem skjólstæðingur hans eða sá, er leitaði ráða hjá honum, trúði honum fyrir. Aftur á móti skal hann skyldur til, undir eið, eins og önnur vitni, að bera það, er hann veit til upplýsingar málinu, ef hann eigi hefir komizt að því sem trúnaðarmaður málsaðilja.

**1972** Nr. 74 27. apríl

## Lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.[1)]

[1)]*Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 92/1989, 20. gr.*

■ **1. gr.** [Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti, tollstjóraembætti svo og rannsóknarlögregla ríkisins.][1)]

□ Utan Reykjavíkur skulu vera embætti sýslumanna og bæjarfógeta.

□ Í Bolungarvík[2)] og á Keflavíkurflugvelli skulu vera embætti lögreglustjóra.

[1)]*L. 109/1976, 1. gr.* [2)]*Nú bæjarfógeti, sbr. l. 17/1974, 2. gr.*

■ **2. gr.** Undir borgardómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. einkamál almennt, sbr. þó 4. gr. þ. á m. formennska í fasteignamálum, kvaðning mats- og skoðunarmanna í dómi og utan dóms svo og borgaraleg hjónavígsla, hjónaskilnaðarmál, úrskurðun framfærslumála og skipun opinberra starfsmanna, svo sem tíðkazt hefur.

□ Við borgardómaraembættið skulu vera átta til tólf borgardómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgardómari, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

■ **3. gr.** Undir borgarfógetaembættið í Reykjavík heyra m. a. fógetagerðir, uppboð, skiptamál, þinglýsingar, skráning firma og félaga, skráning skipa, notarialgerðir, yfirfjárráð og utankjörstaðaatkvæðagreiðsla, eins og segir í lögum.

□ [Við borgarfógetaembættið skulu vera fimm til átta borgarfógetar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgarfógeti sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.][1)]

[1)]*L. 6/1985, 1. gr.*

■ **4. gr.** [Undir sakadómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. opinber mál, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 74/1974, barnsfaðernismál, uppkvaðning lögheimilisúrskurða svo og uppkvaðning meðlagsúrskurða og úrskurða samkvæmt lögum um innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971.][1)]

□ Við sakadómaraembættið skulu vera fimm til níu sakadómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirsakadómari, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

[1)]*L. 109/1976, 2. gr.*

■ **5. gr.** [Lögreglustjórinn í Reykjavík fer með lögreglustjórn aðra en stjórn rannsóknarlögreglu ríkisins, strandmál, útlendingaeftirlit, útgáfu vegabréfa og önnur þau mál, er lög ákveða. Starfssvið rannsóknarlögreglu ríkisins er ákveðið með sérstökum lögum.][1)]

[1)]*L. 109/1976, 3. gr.*

■ **6. gr.** Tollstjórinn í Reykjavík hefur forstjórn tollgæzlu, lögskráningu skipshafna, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs og þeirra aðila, er fjármálaráðherra ákveður eða lög mæla fyrir um, að undanteknum þeim gjöldum, er sameiginlegri innheimtustofnun, sbr. lög nr. 68/1962, er falið að innheimta.

■ **7. gr.** Utan Reykjavíkur heyra þau málefni, sem talin eru upp í 2. til 6. gr., undir embætti sýslumanna og bæjarfógeta, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Undir embætti þessi heyra og önnur þau málefni, er ráðherra ákveður eða lög mæla fyrir um.

□ [Við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumannsins í Kjósarsýslu skulu, auk þess dómara, starfa einn til fimm dómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.][1)]

□ Við embætti bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu svo og við embætti bæjarfógetans í Kópavogi getur dómsmálaráðherra heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn til þrír dómarar við hvort þessara embætta.

□ [Við embætti bæjarfógetans í Keflavík, Grindavík og Njarðvík og sýslumannsins í Gullbringusýslu, við embætti bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu, svo og við embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, getur dómsmálaráðherra heimilað að auk þeirra dómara starfi einn eða tveir dómarar við hvert þessara embætta.][1)]

□ Við þau bæjarfógeta- og sýslumannsembætti, er að framan getur, þar sem starfa fleiri en einn dómari, skal bæjarfógeti eða sýslumaður vera forstöðumaður viðkomandi embættis.

□ Þeir dómarar, sem skipaðir eru til þess að starfa við framantalin embætti sýslumanna og bæjarfógeta, skulu kallast dómarar eða héraðsdómarar við viðkomandi embætti.

[1)]*L. 6/1985, 2. gr.*

■ **8. gr.** Undir embætti lögreglustjórans í Bolungarvík

**1972** Nr. 74 27. apríl

**1972** Nr. 74 27. apríl

heyra þau störf, sem um getur í lögum nr. 14/1934,[1] svo og önnur þau mál, sem lög ákveða.

□ Undir embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli heyra þau störf, sem um getur í lögum nr. 33/1954.

[1] *Nú bæjarfógeti, sbr. l. 17/1974, 2. gr.*

■ **9. gr.** Forstöðumenn embætta þeirra, sem nefnd eru í lögum þessum, skulu hafa yfirstjórn og ábyrgð á rekstri þeirra svo og fyrirsvar út á við.

□ Forstöðumenn dómaraembætta þeirra, þar sem starfa fleiri en einn dómari, skulu úthluta dómurum verkefnum og hafa umsjón með störfum þeirra, að öðru leyti en tekur til dómsstarfa. Forstöðumaður getur falið héraðsdómara meðferð stjórnvaldsmálefna eftir þörfum.

□ Sérhver héraðsdómari starfar sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsmálum, sem forstöðumaður embættis hefur falið honum til meðferðar.

■ **10. gr.** [Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög ákveða, hver störf skuli lögð undir embætti þau, sem nefnd eru í lögum þessum.][1]

[1] *L. 109/1976, 4. gr.*

■ **11. gr.** Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

■ **12. gr.** Fjármálaráðherra setur reglur um skil á innheimtufé.

■ **13. gr.** Heimilt er ríkissjóði að endurkrefja þær stofnanir, sem embætti sýslumanna og bæjarfógeta, samkvæmt lögum eða eftir ákvörðun ráðherra, annast þjónustu fyrir, svo sem Tryggingastofnun ríkisins, um hlutfallslegan þátt þeirra í skrifstofukostnaði hvers embættis.

□ Allt það fé, sem embættismenn þeir, er lög þessi taka til, hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

■ **14. gr.** Forseti veitir embætti þau, sem lög þessi taka til, og skulu embættismennirnir fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

□ Til veitingar lögreglustjóraembættisins í Reykjavík er það enn fremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á stjórn og skipulagi lögreglumála.

□ [Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins skal fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 2. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.][1]

[1] *L. 109/1976, 5. gr.*

■ **15. gr.** Við framangreind dómaraembætti skulu starfa svo margir fulltrúar, er fullnægi skilyrðum 33. gr. sbr. 6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, sem þörf er á, að mati dómsmálaráðherra.

□ Dómsmálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa samkvæmt 1. mgr. og fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í fast dómarastarf, sérstaka skipun til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsstörfum, sem þeim eru falin.

■ **16. – 17. gr.** ...

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Við þau héraðsdómaraembætti, þar sem héraðsdómurum er fjölgað skv. lögum þessum, skulu jafnmargar fulltrúastöður lagðar niður.

**1990** Nr. 27 5. maí

**Lög um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., nr. 74 27. apríl 1972.**

■ **1. gr.** Við eftirtalin embætti skulu starfa héraðsdómarar sem hér greinir:

a. Við embætti sýslumannsins í Vestur-Skaftafellssýslu, sýslumannsins í Rangárvallasýslu, bæjarfógetans á Akranesi, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetans í Ólafsvík og sýslumannsins í Dalasýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.

b. Við embætti sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, bæjarfógetans í Bolungarvík, sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Strandasýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.

c. Við embætti sýslumannsins í Húnavatnssýslu, sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki, bæjarfógetans á Siglufirði, bæjarfógetans á Ólafsfirði, sýslumannsins í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetans á Húsavík skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.

d. Við embætti sýslumannsins í Norður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Seyðisfirði, sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Eskifirði, bæjarfógetans í Neskaupstað og sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.

e. Við embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli skal starfa einn héraðsdómari.

■ **2. gr.** Forseti Íslands skipar héraðsdómara samkvæmt lögum þessum. Héraðsdómarar skv. a – d-liðum 1. gr. skulu skipaðir að tillögu dóms- og kirkjumálaráðherra, en dómari skv. e-lið 1. gr. að tillögu utanríkisráðherra.

□ Héraðsdómarar samkvæmt lögum þessum skulu skipaðir tímabundið til 30. júní 1992, en þá leggjast embætti þeirra niður. Njóta þeir ekki þess forgangs til skipunar í embætti héraðsdómara eftir þann tíma sem kveðið er á um í 18. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

□ Heimilt er að skipa héraðsdómara fyrsta sinni samkvæmt lögum þessum án þess að embættin hafi áður verið auglýst laus til umsóknar.

□ Skipa má mann í embætti héraðsdómara samkvæmt lögum þessum þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 7. tölul. 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

■ **3. gr.** Héraðsdómurum skv. a – d-liðum 1. gr. verður ekki falið að fara með stjórnvaldsmálefni eða dómstörf í öðrum málum en opinberum málum nema með samþykki þeirra.

■ **4. gr.** Um störf, réttindi og skyldur héraðsdómara samkvæmt lögum þessum fer eftir almennum reglum að öðru leyti en leiðir af fyrirmælum 2. og 3. gr.

■ **5. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

**1976** Nr. 56 25. maí

**Lög um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu.**[1]

[1] *Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 92/1989, 20. gr.*

■ **1. gr.** Austur-Skaftafellssýsla skal vera sérstakt lögsagnarumdæmi.

■ **2. gr.** Lögreglustjóri Hafnarhrepps verður sýslumaður Austur-Skaftafellssýslu.

□ Hann hefur á hendi sömu störf og öðrum sýslumönnum eru falin í umdæmum sínum og með þeim kjörum, sem þeim eru ákveðin. Jafnframt breytist embættisheiti sýslumannsins í Skaftafellssýslu í samræmi við hina breyttu skipan lögsagnarumdæma.

■ **3. gr.** Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig

**1976** Nr. 56 25. maí

málum þeim við núverandi embætti sýslumannsins í Skaftafellssýslu, sem varða hagsmuni Austur-Skaftafellssýslu og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsembættanna.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15 13. apríl 1973, um lögreglustjóra í Hafnarhreppi.

**1989** Nr. 92 1. júní

## Lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.[1)]

[1)] *Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992, sbr. 16. gr.*

### I. kafli. Dómstólar í héraði.

■ **1. gr.** Héraðsdómstólar fara með dómstörf, hver í sínu umdæmi, í opinberum málum og einkamálum, þar á meðal við skipti, fógetagerðir og uppboð.

■ **2. gr.** Héraðsdómstólar eru 8 og nefnast þeir héraðsdómar. Þeir eru kenndir við umdæmi sín, sem eru: Reykjavík, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Reykjanes. Lögsagnarumdæmi þeirra og aðsetur eru sem hér segir:

1. Héraðsdómur Reykjavíkur. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar að mörkum milli Kjósar- og Borgarfjarðarsýslna. Dómstóllinn hefur aðsetur í Reykjavík.

2. Héraðsdómur Vesturlands. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Kjósar- og Borgarfjarðarsýslna að mörkum milli Dala- og Barðastrandarsýslna. Dómstóllinn hefur aðsetur í Borgarnesi.

3. Héraðsdómur Vestfjarða. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Dala- og Barðastrandarsýslna að mörkum milli Stranda- og Húnavatnssýslna. Dómstóllinn hefur aðsetur á Ísafirði.

4. Héraðsdómur Norðurlands vestra. Lögsagnarumdæmi hans er frá vesturmörkum Húnavatnssýslu að austurmörkum Skagafjarðarsýslu og Siglufjarðarkaupstaðar. Dómstóllinn hefur aðsetur á Sauðárkróki.

5. Héraðsdómur Norðurlands eystra. Lögsagnarumdæmi hans er frá vesturmörkum Ólafsfjarðarkaupstaðar að austurmörkum Þingeyjarsýslu. Dómstóllinn hefur aðsetur á Akureyri.

6. Héraðsdómur Austurlands. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu að mörkum milli Austur- og Vestur-Skaftafellssýslna. Dómstóllinn hefur aðsetur á Egilsstöðum.

7. Héraðsdómur Suðurlands. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Austur- og Vestur-Skaftafellssýslna að vesturmörkum Árnessýslu. Dómstóllinn hefur aðsetur á Selfossi.

8. Héraðsdómur Reykjaness. Lögsagnarumdæmi hans er frá vesturmörkum Árnessýslu að mörkum milli Kópavogskaupstaðar og Reykjavíkurborgar. Dómstóllinn hefur aðsetur í Hafnarfirði.

□ Rétt er héraðsdómara að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns ef það þykir heppilegt til að upplýsa mál, enda valdi það ekki verulegum drætti á því.

■ **3. gr.** Með reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur, má skipta hverju lögsagnarumdæmi í tvær eða fleiri þinghár sem hver hafi tiltekinn fastan þingstað.

□ Héraðsdómur skal halda regluleg dómþing á föstum þingstöðum innan umdæmis síns eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

□ Rétt er héraðsdómara að halda önnur dómþing þar sem hentugt þykir innan lögsagnarumdæmis síns ef það þykir heppilegt til að upplýsa mál.

■ **4. gr.** Dómarar við héraðsdómstóla nefnast héraðsdómarar. Við héraðsdóm Reykjavíkur skulu vera 21 héraðsdómari, við héraðsdóm Vesturlands 1, við héraðsdóm Vestfjarða 1, við héraðsdóm Norðurlands vestra 1, við héraðsdóm Norðurlands eystra 3, við héraðsdóm Austurlands 1, við héraðsdóm Suðurlands 3 og við héraðsdóm Reykjaness 7. Þar sem héraðsdómarar eru þrír eða fleiri við dómstól má skipta honum í deildir eftir málaflokkum með samþykki dómsmálaráðherra.

□ Einn héraðsdómari skipar dóm í hverju máli. Um heimild dómara til að kveðja meðdómsmenn til setu í dómi fer eftir reglum laga um meðferð einkamála í héraði og laga um meðferð opinberra mála.

□ Sérhver héraðsdómari starfar sjálfstætt og á eigin ábyrgð að dómstörfum.

□ Þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn við dómstól skipar dómsmálaráðherra einn þeirra dómstjóra héraðsdómsins til 6 ára í senn að fenginni tillögu þeirra. Láti dómstjóri af störfum við dómstólinn áður en starfstímabili hans lýkur skal nýr dómstjóri skipaður til næstu 6 ára. Nú verður sæti dómstjóra laust um stundarsakir eða hann forfallast og fer þá sá dómari með dómstjórn sem elstur er að embættisaldri við dóminn.

□ Dómstjórar héraðsdóma hafa yfirstjórn þeirra með höndum og bera á henni ábyrgð. Þeir fara með fyrirsvar héraðsdómsins út á við. Þeir úthluta héraðsdómurum málum til meðferðar og skipa þeim í deildir ef héraðsdómur er deildaskiptur.

■ **5. gr.** Forseti Íslands skipar héraðsdómara. Engan má skipa héraðsdómara nema hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum:

1. Sé svo andlega og líkamlega hraustur að hann geti gegnt stöðunni.
2. Hafi náð 30 ára aldri.
3. Sé lögráða og hafi forræði bús síns.
4. Hafi óflekkað mannorð.
5. Hafi íslenskan ríkisborgararétt.
6. Hafi lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða prófi við annan háskóla sem metið er jafngilt lögum samkvæmt.
7. Hafi enn fremur þrjú ár samtals verið alþingismaður, gegnt málflutningsstörfum að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi í þágu ríkis eða sveitarfélags. Leggja má saman starfstíma í hverri einstakri af starfsgreinum þessum.

□ Dómsmálaráðherra skipar dómnefnd til fjögurra ára í senn sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara. Í nefndinni sitja þrír menn og tilnefnir Hæstiréttur einn nefndarmann og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Dómarafélag Íslands tilnefnir einn nefndarmann úr hópi héraðsdómara og Lögmannafélag Íslands tilnefnir þriðja nefndarmanninn úr hópi starfandi lögmanna. Sömu aðilar tilnefna varamenn í nefndina. Nefndin skal gefa dómsmálaráðherra skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur.

□ Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um störf nefndarinnar.

■ **6. gr.** Dómsmálaráðherra getur löggilt fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæma dómsathafnir sem

dómstjóri eða héraðsdómari, þar sem eigi er skipaður dómstjóri, fela honum. Sá einn getur hlotið slíka löggildingu sem fullnægir skilyrðum 1. og 3. – 6. tölul. 5. gr.

□ Þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn, ákveður dómstjóri hvert sé starfssvið fulltrúa og undir umsjón hvaða héraðsdómara hann starfi hverju sinni.

■ **7. gr.** Dómsmálaráðherra setur héraðsdómara til þess að fara með og dæma einstök mál (setudómara) þar sem allir hinir reglulegu dómarar við héraðsdómstól þann, er málið ber undir, hafa vikið dómarasæti.

□ Ef mál er sérstaklega umfangsmikið getur dómsmálaráðherra að ósk dómstjóra eða héraðsdómara skipað sérstakan dómara til að fara með það.

□ Nú verður sæti héraðsdómara laust, hann forfallast eða fær leyfi frá störfum. Er þá dómsmálaráðherra rétt að setja dómara í hans stað um stundarsakir, en þó ekki um lengri tíma í senn en 12 mánuði, nema dómari megi ekki gegna starfi sínu vegna veikinda.

□ Dómarar skv. 1. – 3. mgr. skulu fullnægja ákvæðum 1. – 7. tölul. 1. mgr. 5. gr. Þó má, ef sérstaklega stendur á, gera undantekningar frá skilyrðum 2. og 7. tölul.

■ **8. gr.** Geri dómari eða dómarafulltrúi sig sekan um vanrækslu í dómarastarfi án þess þó að refsing liggi við að lögum eða framkoma hans eða athafnir í dómarastarfi eða utan þess þykja að öðru leyti ósamrýmanlegar dómarastarfinu skal veita honum áminningu.

□ Forseti Hæstaréttar veitir áminningu þegar í hlut á forstöðumaður dómaraembættis. Dómstjóri veitir áminningu þegar í hlut á annar héraðsdómari við það embætti eða dómarafulltrúi. Tilkynna skal dómsmálaráðherra um veitta áminningu.

□ Nú telur dómsmálaráðherra dómara hafa misst hin almennu dómaraskilyrði eða hafa gert sig sekan um misferli í dómarastarfi, enda hafi áminning skv. 2. mgr. eigi komið að haldi, eða dómari hefur að áliti ráðherra með öðrum hætti rýrt svo álit sitt siðferðislega að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti og víkur ráðherra honum þá frá embætti um stundarsakir en síðan skal höfða mál á hendur honum til embættismissis svo fljótt sem verða má.

□ Ef svo verður ástatt, sem í 3. mgr. segir, um dómara skv. 7. gr. eða fulltrúa dómara, getur dómsmálaráðherra þegar tekið af honum starfann án þess að bera þurfi málið undir dómstóla.

□ Rétt er þeim, sem skv. 3. eða 4. mgr. hefur verið sviptur embætti eða starfa, að höfða mál með venjulegum hætti á hendur dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisvaldsins til úrlausnar um lögmæti þeirrar ráðstöfunar, enda höfði hann málið innan 6 mánaða frá því að hún var gerð.

□ Forseti getur þó veitt þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, lausn frá embætti, enda njóti hann þá sömu eftirlauna sem hann hefði fengið ef hann hefði gegnt starfinu til 70 ára aldurs.

■ **9. gr.** Haldast skulu sérreglur laga um félagsdóm, kirkjudóm, landsdóm og siglingadóm.

**II. kafli. Umboðsvald í héraði.**

■ **10. gr.** Sýslumenn fara, hver í sínu umdæmi, með stjórnsýslu ríkisins eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um. Þar á meðal fara þeir með lögreglustjórn, tollstjórn og innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum, sbr. þó 12. gr.

■ **11. gr.** Landið skiptist í 26 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjalarneshrepp og Kjósarhrepp. Aðsetur sýslumanna eru sem hér segir: 1. Reykjavík, 2. Akranes, 3. Borgarnes, 4. Stykkishólmur, 5. Búðardalur, 6. Patreksfjörður, 7. Bolungarvík, 8. Ísafjörður, 9. Hólmavík, 10. Blönduós, 11. Sauðárkrókur, 12. Siglufjörður, 13. Ólafsfjörður, 14. Akureyri, 15. Húsavík, 16. Seyðisfjörður, 17. Neskaupstaður, 18. Eskifjörður, 19. Höfn í Hornafirði, 20. Vík í Mýrdal, 21. Hvolsvöllur, 22. Vestmannaeyjar, 23. Selfoss, 24. Keflavík, 25. Keflavíkurflugvöllur, 26. Hafnarfjörður, 27. Kópavogur. Umdæmi sýslumanna skv. 2. – 27. tölul. skulu ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanna og sveitarstjórna.



□ Eigi má fækka stjórnsýsluumdæmum eða taka upp ný nema með lögum.

■ **12. gr.** Með þau verkefni, sem sýslumönnum eru falin í öðrum umdæmum, fara lögreglustjórinn í Reykjavík, tollstjórinn í Reykjavík og sýslumaðurinn í Reykjavík sem hér segir:

1. Lögreglustjórinn í Reykjavík fer með lögreglustjórn, þar á meðal útlendingaeftirlit, ásamt þeim störfum sem honum eða lögreglustjórum eru almennt falin með fyrirmælum einstakra laga.

2. Tollstjórinn í Reykjavík fer með tollstjórn, innheimtu tekna ríkissjóðs, að því leyti sem hún er ekki sérstaklega falin öðrum, og lögskráningu skipshafna, auk starfa samkvæmt fyrirmælum einstakra laga.

3. Með önnur störf en þau, sem falla innan marka 1. og 2. tölul., fer sýslumaðurinn í Reykjavík.

□ Dómsmálaráðherra sker að öðru leyti úr um hvaða verkefni heyri undir einstök embætti skv. 1. mgr.

■ **13. gr.** Sýslumaður skal hafa skrifstofur í umdæmi sínu eftir því sem dómsmálaráðherra kveður á um hverju sinni og fé er veitt til á fjárlögum.

■ **14. gr.** Forseti Íslands skipar sýslumenn. Málefni sýslumanna eiga undir dómsmálaráðherra.

□ Engan má skipa sýslumann, nema hann fullnægi skilyrðum 1. og 3. – 7. tölul. 1. mgr. 5. gr.

■ **15. gr.** Sýslumenn hafa yfirumsjón og ábyrgð á rekstri embætta sinna.

□ Dómsmálaráðherra getur að tillögu sýslumanns kveðið á um skiptingu sýslumannsembættis í starfsdeildir eftir verkefnum. Heimilt er að skipa sérstaka deildarstjóra sem veita viðkomandi starfsdeildum forstöðu á ábyrgð sýslumanns. Ef starfsdeildir við sýslumannsembætti eru fleiri en ein skal einn deildarstjóra teljast staðgengill sýslumanns, enda fullnægi hann hæfisskilyrðum til skipunar í sýslumannsembætti.

□ Við sýslumannsembætti skal auk sýslumanns vera það starfslið sem dómsmálaráðherra telur þörf á. Um hæfisskilyrði löglærðra fulltrúa sýslumanns gilda ákvæði 1. og 3. – 6. tölul. 1. mgr. 5. gr.

**III. kafli. Gildistaka og ákvæði til bráðabirgða.**

■ **16. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

■ **17. gr.** Við gildistöku laga þessara taka héraðsdómstólar og sýslumenn við þeim viðfangsefnum sem falin eru hvorum um sig skv. 1. og 10. gr.

□ Að því leyti sem einstök lög fela borgardómara í Reykjavík, borgarfógeta í Reykjavík, sakadómara í Reykjavík, bæjarfógetum og lögreglustjórum utan

Reykjavíkur eða öðrum valdsmönnum störf, sem ekki teljast til dómstarfa skv. 1. gr., skulu þau koma í hlut sýslumanna frá gildistöku laganna.

■ **18. gr.** Þeir sem skipaðir eru borgardómarar, borgarfógetar og sakadómarar, yfirborgardómari, yfirborgarfógeti og yfirsakadómari í Reykjavík og sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum við gildistöku laga þessara skulu hafa forgang til skipunar í embætti héraðsdómara í Reykjavík. Nú óska fleiri þeirra eftir skipun í embætti héraðsdómara en heimild er fyrir í 1. mgr. 4. gr. og er þá dómsmálaráðherra heimilt að fjölga dómaraembættum í Reykjavík um allt að 5 embætti, en eigi skal skipað á ný í þau dómaraembætti sem losna fyrr en dómarar verða 21 talsins í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Þeir sem skipaðir eru borgarfógetar í Reykjavík við gildistöku laga þessara og neyta eigi forgangsréttar síns samkvæmt framanskráðu geta, ef þeir svo kjósa, tekið við störfum hjá embætti sýslumanns í Reykjavík, en halda skulu þeir sömu launakjörum og héraðsdómarar, þótt starfsheiti þeirra breytist. Sá sem skipaður er í embætti yfirborgarfógeta í Reykjavík skal hafa forgang til skipunar í embætti sýslumanns í Reykjavík.

□ Þeir sem við gildistöku laga þessara eru skipaðir bæjarfógetar, héraðsdómarar og sýslumenn utan Reykjavíkur skulu njóta forgangsréttar til skipunar í embætti héraðsdómara við þann dómstól sem með lögum þessum er falið dómsvald í umdæmi þeirra. Sama gildir um þann sem skipaður er í embætti lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli. Nú kjósa fleiri að neyta forgangsréttar síns en dómarar eru í viðkomandi lögsagnarumdæmi skv. 1. mgr. 4. gr. og er þá dómsmálaráðherra heimilt að fjölga dómaraembættum um eitt á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi og á Suðurlandi og um tvö á Reykjanesi. Eigi skal skipað á ný í þau dómaraembætti, sem losna í hverju lögsagnarumdæmi, fyrr en fjöldi héraðsdómara verður í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Ef dómaraembættum fjölgar við héraðsdóma Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra og Austurlands samkvæmt þessari grein er dómsmálaráðherra eigi skylt að skipa dómstjóra við dómstólana, en meðan þessi skipan helst skal sá dómari, sem eldri er að embættisaldri, fara með dómstjórn.

□ Við skipun héraðsdómara samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. þarf eigi að leita álits dómnefndar skv. 2. mgr. 5. gr.

□ Þeir sem skipaðir eru í embætti bæjarfógeta og sýslumanna við gildistöku laga þessara og neyta ekki forgangsréttar síns til skipunar í embætti héraðsdómara samkvæmt ákvæðum 2. mgr. skulu sjálfkrafa verða sýslumenn á aðsetursstað sínum, sbr. 11. gr. Sama gildir um þann sem skipaður er í embætti lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

■ **19. gr.** Nú hefur mál verið þingfest fyrir gildistöku laga þessara fyrir aukadómþingi, bæjarþingi, sakadómi eða sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum og dómur er ekki upp kveðinn og skal þá málið sjálfkrafa teljast rekið áfram fyrir viðkomandi héraðsdómi. Sú breyting haggar ekki gildi þeirrar meðferðar sem mál hefur þegar sætt fyrir gildistöku laga þessara.

■ **20. gr.** Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði einstakra laga:

1. Lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., nr. 74/1972.
2. Lög um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 29/1986.
3. Lög um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu, nr. 56/1976.
4. Lög um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, nr. 33/1954.
5. Lög um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum, o. fl., nr. 79/1919.
6. 1. mgr. 2. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann, nr. 18/1949.
7. 1. mgr. 2. gr. laga um nauðungaruppboð, nr. 57/1949.
8. Lög um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o. fl., nr. 3/1973.
9. 2. gr. laga nr. 26/1918 um bæjarstjórn Vestmannaeyja.
10. 2. gr. laga nr. 61/1919 um bæjarstjórn á Seyðisfirði.
11. Lög nr. 58/1919 um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.
12. 4. gr. laga nr. 48/1928 um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.
13. 4. gr. laga nr. 45/1941 um bæjarstjórn á Akranesi.
14. 4. gr. laga nr. 60/1944 um bæjarstjórn í Ólafsfirði.
15. 2. gr. laga nr. 57/1947 um bæjarstjórn á Sauðárkróki.
16. 4. gr. laga nr. 17/1949 um bæjarstjórn í Keflavík.
17. 2. gr. laga nr. 109/1949 um bæjarstjórn í Húsavík.
18. 2. gr. laga nr. 30/1955 um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.
19. 2. gr. laga nr. 16/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.
20. 2. gr. laga nr. 17/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni.
21. 2. gr. laga nr. 18/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi.
22. 2. gr. laga nr. 19/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi.
23. 2. gr. laga nr. 20/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni.
24. 2. gr. laga nr. 83/1975 um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi.
25. 2. gr. laga nr. 86/1975 um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi.
26. 2. gr. laga nr. 8/1978 um kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni.
27. 2. gr. laga nr. 34/1983 um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi.
28. Lög nr. 31/1877 um að skipta Þingeyjarsýslu og Skaftafellssýslu, hvorri um sig, í tvö sýslufélög.
29. Lög nr. 27/1887 um að skipta Barðastrandarsýslu í tvö sýslufélög.
30. Lög nr. 3/1896 um að skipta Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufélög.
31. 1. og 2. gr. laga nr. 43/1973 um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.
32. Lög nr. 77/1907 um að skipta Húnavatnssýslu í tvö sýslufélög.

1989 Nr. 92 1. júní

**1989** Nr. 92 1. júní

■ **21. gr.** Við gildistöku laga þessara breytast lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, sem hér segir:

a. 29. – 33. gr., 35. og 72. gr., svo og 1. og 2. mgr. 38. gr. falli brott.

b. 1. mgr. 42. gr. hljóði svo:

Hverjum héraðsdómstól skulu fylgja dómsmálabækur til afnota í einkamálum, þar á meðal við skipti, fógetagerðir og uppboð. Í bækur þessar skráir dómari skýrslu um mál þau, sem til meðferðar eru hverju sinni, með þeim hætti sem tíðkast hefur, þar á meðal úrskurði sem upp eru kveðnir þegar í stað um skjöl þau, sem fram hafa verið lögð um kröfur þær, sem fram hafa komið, og þau efni önnur sem í IX. kafla greinir, vitnaskýrslur, nefningu matsmanna og staðfestingu matsgerða o. s. frv. Þá skal fylgja hverjum héraðsdómstól dómabók, þar sem skráðir eru dómar og úrskurðir, aðrir en þeir sem áður greinir.

■ **22. gr.** Við gildistöku laga þessara breytast lög um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974, sem hér segir:

a. 4. gr. falli brott.

b. 2. mgr. 5. gr. falli brott, en 3. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Eftir ákvörðun dómstjóra geta þrír héraðsdómarar farið með mál eftir rannsókn þess og dæmt það í sameiningu, enda þyki vafi um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði.

c. 7. gr. hljóði svo:

Kirkjudómur fer með refsimál vegna afbrota biskups og presta þjóðkirkjunnar út af hneykslanlegu framferði þeirra í embættisathöfnum eða einkalífi, enda sé ekki um almenn refsiverð brot að tefla. Forsæti í kirkjudómi skipar dómstjóri viðkomandi héraðsdóms eða héraðsdómari þar sem dómstjóri er eigi, en til meðdómenda kveður hann tvo þjónandi þjóðkirkjupresta.

d. 2. mgr. 12. gr. hljóði svo:

Um greiðslu til meðdómenda fer skv. 8. tölul. 37. A. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

e. 1. mgr. 15. gr. falli brott.

f. 17. gr. falli brott.

g. 1. mgr. 18. gr. hljóði svo:

Hverjum héraðsdómi skal fylgja þingbók, ein eða fleiri, þar sem skrá skal að efni til það sem fram fer í opinberum málum, nema ræður málflytjenda og dómabók þar sem skrá skal dóma í opinberum málum.

h. 1. mgr. 32. gr. hljóði svo:

Sýslumenn eru lögreglustjórar utan Reykjavíkurumdæmis, en þar fer sérstakur lögreglustjóri með lögreglustjórn. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir lögreglumenn, aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra.

i. 3. mgr. 73. gr. falli brott.

**1973** Nr. 3 31. jan.

**Lög um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o. fl.**[1)2)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 2552.* [2)] *Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 20. gr.*

**1921** Nr. 68 27. júní

**Lög um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð.**[1)]

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1983, d. 2552.*

**Lög um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum, o. fl.**[1)2)]

**1919** Nr. 79 28. nóv.

[1)] *Sjá l. 74/1972, 15. gr.* [2)] *Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 92/1989, 20. gr.*

■ **1. gr.** Dómsmálaráðherra er, auk þess, sem áður hefir tíðkast, heimilt að löggilda menn, sem fullnægja lagaskilyrðum fyrir að hafa á hendi dómaraembætti hér á landi, til þess að skipa dómarasæti í lögreglumálum og halda sakamálsrannsóknir í kaupstöðum landsins í forföllum hins reglulega dómara og á hans ábyrgð.

■ **2. gr.** Heimilt er lögreglustjóranum í Reykjavík og löggiltum fulltrúa hans að taka boði sökunauts um að greiða hæfilega sekt samkvæmt gildandi lögum, til þess að sleppa hjá dómi, og skal afplána þær sektir eftir reglum um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum.[1)]

[1)] *Sjá nú l. 19/1940, V. kafli, og l. 74/1974, 112. gr.*

**Kammerréttarskipun.**[1)]

**1720** 18. marz

[1)] *Fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 90/1989, 99. gr.*

**I.** ...

■ **17.** Engin afsöl, er aðalskuldari (gjaldheimtumaðurinn) eða ábyrgðarmaður hafa út gefið, skulu gilda gagnvart slíkri kyrrsetningu, er lýst hefir verið á heimaþingi þeirra ..., nema þau hafi verið þinglesin og árituð áður lögfrestur sé liðinn og áður en kyrrsetningin fór fram, og skal bæði kaupandi og seljandi leggja eið út á það á þinginu, þar sem á afsölin er ritað, að þau séu rétt og að engin svik búi undir. Svo skal og greint, hvort andvirði sé að nokkru greitt, og enn fremur skulu þeir, sem undir hafa ritað sem vitundarvottar, leggja eið út á það, að þeir hafi verið við, er afsölin voru undirrituð og innsigluð, og að þau hafi eigi verið fyrr út gefin en þau voru dagsett. En gjafa- og lénunarbréf og þess konar bréf skulu á engan hátt verða Vorri kröfu til hnekkis. Eigi er heldur nokkrum af þjónum Vorum, er eiga að gera Oss reikningsskil eða er falið að krefja nokkurs af tekjum Vorum frá þeim tíma, er hann var tekinn til slíks starfs, né heldur ábyrgðarmönnum, er gengið hafa í ábyrgð fyrir nokkurn af þess konar þjónum Vorum, frá því, er þeir tóku á sig ábyrgðarskuldbindinguna, leyfilegt að veðsetja neitt af eignum sínum, föstum eða lausum, hverjum sem veðsett er, og eigi er heldur nokkrum leyfilegt að taka við slíku veði, enda skal slík veðsetning, hvort sem veð er handselt eða þinglesið, vera ógild og að engu hafandi, þar til er Vér höfum fengið fullgreiddar kröfur Vorar bæði hjá gjaldheimtumanni og ábyrgðarmanni.[1)]

[1)] *Sbr. tilsk. 30. jan. 1793, 40. gr., op. br. 23. júlí 1819 og 11. des. 1869.*

**Norsku lög Kristjáns V.**

**1687** 15. apríl

**I. bók.**

**22. kap. Um sektir, aðför eftir dómum o. fl.**

■ **19.** Nú er maður ... dæmdur til þess að greiða eitthvað eða þola aðför í eignum sínum, hvar sem þær eru, og hann gerir eigi skil innan 15 daga, eða 3 sólarhringa, ef annaðhvort hann eða andstæðingur hans er gestur, og skal fógeti þá ... krefja aðfarar eftir dóminum. ...[1)]

[1)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99.gr.*

■ **22.** Nú ber svo við, að tveir eða fleiri beiðast þess samtímis, að fógeti geri fjárnám, og skal fógeti fyrst sinna

**1687** 15. apríl

þeim, sem eldri aðfarardóm hefir. En vanræki nokkur sjálfur rétt sinn, þá má fjárnám gera fyrir þann, er heldur máli sínu löglega fram.[1)]

[1)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **23.** Nú hafa þeir jafngamla dóma og beiðast þeir fjárnáms samtímis, þá ganga þeir allir jafnt hver öðrum, og ef þeir leita fjárnáms í sömu munum, þá fá þeir allir tiltölulegan hlut í þeim, nema einhver þeirra segi lausu fjárnáminu þegar í stað og beiðist fjárnáms af nýju í öðrum munum.[1)]

[1)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **24.** En ef svo ber við, að maður hefir öðlazt aðfarardóm á hendur skuldunaut sínum, og fær eigi gert fjárnám fyrir kröfu sinni vegna áfrýjunar fyrir æðra dóm, en annar maður fær einnig, meðan svo stendur, aðfarardóm á hendur sama skuldunaut, þá skal tekið svo mikið af búi skuldunauts handa þeim, sem fyrr hefir dóm hlotið og birt hann nægilega snemma fyrir fógeta, er hinn vill fjárnám gera láta, að nægilegt sé til lúkningar kröfu hans og kostnaði, og skal það, sem frá er tekið, kyrrsett vera, þar til er fullnaðardómur hefir verið kveðinn upp milli hans og skuldunauts hans. En fyrr en eignir hafa á þennan hátt verið frá teknar, má eigi gera fjárnám handa hinum.[1)]

[1)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **28.** Og er sækjanda heimilt fjárnám í þeim munum, er skuldunautur hefir selt af hendi eða veðsett öðrum eftir að sækjandi lét birta honum löglega ... stefnu til ... hæstaréttar, eða lét kyrrsetja fjármuni hans eða sjálfan hann eða fékk aðfarardóm á hendur honum. En að öðru leyti skal ekkert, er hefir verið löglega af hendi selt, eða nokkurt löglegt veð, hverju nafni sem nefnist, bíða hnekki af fjárnáminu. ...[1)]

[1)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **39.** Nú deyr sækjandi meðan á máli hans stendur, og mega þá erfingjar halda því áfram eins og hinn látni skildi við það. Sama er og um ómynduga og fjárhaldsmenn.[1)]

[1)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **40.** Nú deyr sá, er sóttur er, áður en aðför sé gerð eftir undirréttardómi, og eru erfingjar hans eigi skyldir að gegna því máli fyrr en fenginn er viðstöðulaust dómur æðri réttar. ... En ef dómur er genginn í hæstarétti konungs, þá má gera aðför án frekari málareksturs. ...[1)]

[1)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **56.** Nú er dómi áfrýjað til æðri réttar, og stefna er lögð fram fyrir þá, sem aðför eiga að gera, og má þá eigi aðför fram fara eftir þeim dómi fyrr en málið hefir verið dæmt af æðra rétti.[1)]

[1)] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

**VI. bók.**

**14. kap. Um ofríki og hervirki.**

■ **6.** Nú vill maður eigi flytjast úr leiguhúsi á fardegi réttum, enda hafi honum verið löglega byggt út, eða hann hefst við í húsi, sem hann á engan rétt til, eða hefir verið dæmdur úr, að ólofi eiganda, og má þá eigandi án frekara dóms láta þjóna réttarins ryðja húsið. ...

**1887** Nr. 19 4. nóv.

## Lög um aðför.[1)]

[1)] *Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 90/1989, 99. gr.*

**I. kafli. Almenn skilyrði fyrir aðför.**

■ **1. gr.** Aðför má gera eftir:

1. dómum og úrskurðum, uppkveðnum af löglegum dómstólum í ríkinu,

2. sáttum, er komizt hafa á fyrir löglegum sáttanefndum í ríkinu, dómstólum eður yfirvöldum þeim, er í lögum er boðið að leita um sættir í þeim málum er ræðir um,

3. þinglesnum veðbréfum með þeim skilyrðum, sem til eru tekin í lögum nr. 29 16. des. 1885, 15. og 16. gr.

□ Um lögtak, útburðar- og innsetningargerðir án undanfarinnar lögsóknar og dóms fer eftir reglum þeim, er til þessa hafa gildar verið.

■ **2. gr.** Aðför skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti[1)] gera, og nefnist hann þá fógeti.

□ Hann kveður til aðfarar með sér tvo áreiðanlega menn sem votta. Þeir eru jafnframt án sérstaks umboðs rétt komnir til að framkvæma þær virðingar og aðrar álitsgerðir, er fyrir kunna að koma við aðförina. Séu þeir ekki færir um að meta það rétt, sem undir virðingu ber, kveður fógeti aðra til þess hæfa. Vottarnir og eins þeir, er til virðinga eru kvaddir, skulu í fógetabók rita undir yfirlýsingu upp á æru sína og trú um það, að þeir skuli virðingar af hendi inna eftir beztu sannfæringu.

[1)] *Sbr. l. 74/1972.*

■ **3. gr.** Nú vill maður aðfarar beiðast, og skal hann snúa sér um það til fógeta og hafa með sér eftirrit af dóminum, úrskurðinum, sáttinni eður af frumriti veðbréfsins og jafnframt gefa fógeta allar þær skýrslur, er hann að öðru leyti þarf til þess að kveða á um aðförina.

□ Ef skuldin sjálf, auk málskostnaðar og vaxta, er bætzt hafa við frá byrjun málssóknar, fer fram úr 200 kr. eða virði þess, skal aðfarar beiðast skriflega. Að öðrum kosti nægir munnleg beiðni, er fógeti síðan færir til bókar.

■ **4. gr.** Það er skilyrði fyrir aðför, að dómurinn eða úrskurðurinn sé í lögmætu formi. Ef svo er, á fógeti eigi að rannsaka það eður dæma um, hvort á kunni að vera þeir gallar eða brestir, er öðrum úrslitum mundi valda, ef áfrýjað yrði.

□ Fógeti skal því aðeins aðfarar synja, að dómurinn eða úrskurðurinn sé eigi uppkveðinn af löglegum dómstóli eður yfirvaldi, er vald hafi til að uppkveða aðfararhæfa úrskurði, eður að honum samkvæmt efni sínu verði eigi fullnægt.

■ **5. gr.** Ef gera skal aðför eftir sátt, á fógeti að skera úr um allar varnir, er fram koma gegn gildi sáttarinnar, hvort heldur hún er á komin fyrir sáttanefnd, dómi eða yfirvaldi; þó má úrskurður fógeta, að því er dómssátt snertir, í engu hreyfa við gerðum dómarans.

□ Nú er í sáttinni frestur veittur kröfunni til fullnægingar, eður hún skilyrði bundin, eður svo er tilskilið, að hvorirtveggju skuli nokkuð af hendi inna, og verður þá eigi af aðför nema sáttin sjálf eður önnur opinber skjöl beri það með sér, eður skuldunautur kannist við, að fresturinn sé útrunninn eða skilyrðinu fullnægt, eður að sátthafi hafi af sinni hálfu innt það af hendi, er honum bar, eður við aðförina bjóðist til þess löglega, ef þá er eigi um seinan.

■ **6. gr.** Aðalreglurnar í 5. gr. um sættir eiga og við um veðbréf, er getur í 1. gr. 3. lið.

■ **7. gr.** Aðför má gera eftir dómi og úrskurði, þá er liðinn er fullnægingarfrestur sá, er til er tekinn, enda hafi dóminum eða úrskurðinum eigi verið áfrýjað. Ef enginn

frestur er til tekinn í dóminum eða úrskurðinum, má þegar í stað aðför gera. Nú hefur tekin verið út stefna til áfrýjunar, og sker þá fógeti úr, eftir núgildandi reglum, hvort varnað geti aðfarar.

■ **8. gr.** Eftir sátt má aðför gera, þegar er skuldin eftir henni er komin í gjalddaga. Um aðför eftir veðbréfum fer eftir 15. gr. í áðurnefndum lögum 16. des. 1885.

■ **9. gr.** ...[1] En ef dómhafi lætur meira en eitt ár líða frá því, er aðför gat farið fram, og dómfelldi á heimili á Íslandi, er mönnum er kunnugt um, þá er hann skyldaður til með nótaríaláskorun eður með áskorun er hann lætur hlutaðeigandi stefnuvotta birta dómfellda, að skora á hann að fullnægja dóminum, úrskurðinum, sáttinni eður veðbréfinu; og má þá eigi aðför gera fyrr en liðnar eru 3 vikur frá þessari áskorun.

[1] *L. 14/1905, 21. gr.*

■ **10. gr.** Ákvæði þau, er hér fara á eftir um dóma, gilda og um sættir og aðrar aðfararheimildir, þó með þeim afbrigðum, er af eðli málsins leiða.

**II. kafli. Um aðför eftir dómum, sem eigi dæma menn í peningaútlát.**

■ **11. gr.** Nú er maður með dómi til annars skyldaður en peningaútláta, og skal þá, nema þegar svo stendur á, sem segir í 12. – 14. gr., til peninga meta, hve miklu það varði dómhafa að fá dóminum fullnægt, og síðan fjárnámi heimta peningagjaldið eftir reglum þeim, er getur um í næsta kafla, enda hafi eigi, eftir að dómur var upp kveðinn, ómögulegleiki eða önnur atvik samkvæmt almennum borgaralegum lögum leyst dómfellda frá því, að fullnægja dóminum, án þess þau jafnframt hafi bakað honum skaðabótaskyldu.

☐ Sé eigi í dóminum ákveðið peningagjald í stað þess, er upprunalega skyldi af hendi inna vegna þess, að engin varakrafa var gerð um það við rekstur málsins, getur dómhafi við aðförina látið ákveða upphæð þess.

☐ Venjulega skal fógeti ákveða peningagjaldið með aðstoð vottanna (2. gr.); en hafi þeir eigi nægilega þekkingu til þess, getur hann kvatt aðra sér til aðstoðar, og lætur þá áður vinna sér eið.

☐ Ef kostur er á, skal fógeti til kalla dómfellda, svo að hann fái komið með hverskonar upplýsingar og yfirlýsingar, áður til tekið sé peningagjaldið.

☐ Sjálfur metur fógeti því næst og til tekur gjald þetta eftir málavöxtum, en þarf eigi að fara eftir áliti vottanna eður þeirra, er í stað þeirra voru til kvaddir. Einkum á hann að annast um, að dómhafi fái fullar bætur, og, ef hann er í efa nokkrum, þá heldur að til taka ríflegar bætur, en eiga það á hættu að dómhafi bíði tjón af því, að dóminum verði eigi fullnægt.

☐ Ef dómhafi höfðar mál til hegningar samkvæmt 16. gr. fyrir það að hinn fullnægir eigi dóminum, má til taka peningagjaldið með dómi í þessu máli í stað þess að gera það við aðförina.

■ **12. gr.** Ef maður er dæmdur til að víkja af fasteign eður selja dómhafa nokkur umráð hennar, skal fógeti, ef því verður við komið, með útburði dómfellda og innsetning dómhafa eða á annan hátt því líkan þröngva honum til að hlýðnast dómsákvæðinu.

■ **13. gr.** Ef maður er með dómi skyldaður til að láta einhvern hlut af hendi, á fógeti sömuleiðis að taka hlutinn með valdi, eður með annarri líkri þvingunaraðferð að framkvæma dómsákvæðið. Finnist hluturinn eigi, er til skal taka, getur dómhafi heimtað, að fyrir komi peningagjald, svo sem segir í 11. gr., og það því næst tekið fjárnámi.

■ **14. gr.** Ef maður er dæmdur verk að vinna eður eitthvert slíkt starf af hendi að leysa, getur fógeti leyft dómhafa, ef hann fer fram á það og það þykir hægasti og beinasti vegurinn fyrir hann til að ná rétti sínum, að fá aðra til að vinna verkið, og því næst að heimta af hinum með fjárnámi það, er hann varð að borga fyrir verkið eftir reikningi, sem fógeti hefur samþykkt. Sé maður dæmdur til að gefa út eða rita undir skjal nokkurt, getur fógeti gert það með sömu verkun eins og hefði hann til þess haft umboð hans.

☐ Ef manni með dómi er veitt leyfi til að hafast eitthvað að gegn því að bæta tjón það, er af leiðir, eða ef maður er með dómi skyldaður til að vinna eitthvert verk mót því að fá kostnaðinn við það bættan af dómhafa, þá er fógeti skyldur til, ef þess verður krafizt, og ef þörf gerist með aðstoð þeirra manna, er vit hafa á, að leysa úr spurningum, er snerta framkvæmd slíks dóms, og að ákveða peningagjald það, er greiða skal, þá er dóminum verður fullnægt.

■ **15. gr.** Ef manni með dómi er boðið að láta eitthvað ógert, getur dómhafi, ef brotið er móti boðinu, og eigi er í dóminum tiltekið, hverri ábyrgð slíkt sæti, látið við aðför meta til peninga bætur fyrir brotið svo sem segir í 11. gr. og síðan fjárnámi taka. Ef dómhafi höfðar mál til hegningar samkvæmt 16. gr. fyrir brotið, má með dómi í þessu máli ákveða bæturnar í stað þess að láta fógeta gera það.

■ **16. gr.** Nú lætur maður af mótþróa fyrir farast að fullnægja dómi, er leggur fyrir hann að gera eitthvað, eða maður af ásettu ráði brýtur á móti dómboði um að láta eitthvað ógert, og getur dómhafi þá, hvort sem hann fer fram eftir ákvæðum 11. – 15. gr. eða eigi, höfðað mál á hendur hinum og fengið hann dæmdan í sektir eða fangelsi. Fullnægi hann síðar dóminum að öllu leyti, fellur hegningin niður, eða stöðvast, ef hann þegar er farinn að út taka hana, og eins er um það, þegar dómhafi með því að fara eftir 11. – 15. gr. hefur náð rétti sínum eður fengið trygging fyrir honum.

☐ Þá er fallinn er hegningardómur, er það skylda löggæzlumanna að veita dómhafa fulltingi sitt til að ná rétti sínum, ef hann beiðist þess, með því að leita uppi og taka af dómfellda þá hluti, er hann er dæmdur til að láta af hendi, hamla honum í að fremja brot gegn dóminum, ónýta aðgerðir hans, er koma í bága við rétt dómhafa, og því um líkt.

■ **17. gr.** Með undanfarandi greinum er í engu fyrirgert rétti dómhafa til að neyta bráðabirgða-réttaraðfara til tryggingar fyrir því, að dóminum verði fullnægt.

**III. kafli. Um aðför eftir dómum, er dæma menn í peningaútlát.**

■ **18. gr.** Ef maður er dæmdur til að borga peninga, má aðför gera með fjárnámi í eignum hans. Að því, er snertir sektir, sem dæmdar eru í einkamálum, þá skal farið eftir reglunum um aðför eftir sektadómum.

☐ Eigi má setja menn í skuldafangelsi.

☐ Hinar sérstaklegu þvingunarreglur, er gilda um heimtu á framfærslueyri með barni, eða konu, sem yfirgefin er af manni sínum eða skilin við hann að borði og sæng, skulu halda gildi sínu.[1]

[1] *L. 80/1947, 80. gr., sbr. l. 60/1972, 50. gr., l. 20/1923, 9. gr., l. 9/1981, 28. gr.*

1887 Nr. 19 4. nóv.

■ **19. gr.** Eigi skal fjárnámi taka meira en það, sem eftir virðing vottanna nægir til að fullnægja dóminum, og fyrir því sem dómhafi krefst og fógeti metur að ganga muni til lögboðinna eða annarra nauðsynlegra réttargjalda og kostnaðar, svo sem við flutning á munum, geymslu þeirra til uppboðs m. m., og enda sé áður tekið frá svo mikið sem þörf þykir vera til þeirra, er forgöngurétt kunna að hafa.

■ **20. gr.** Aðför fer fram eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir, annaðhvort með því móti að fógeti tekur fjárnámi til sölu við uppboð lausafé eður fasteignir af dómfellda til handa dómhafa, eður skuldir sem dómfelldi á hjá öðrum, eða að fógeti með námsgerð tekur réttindaumráð af dómfellda, og lætur annan hafa þau í hans stað.

□ Ef lögbönd eru á fénu eður það hefur áður verið fengið öðrum að fjárnámi, má taka það fjárnámi, er þá stendur hinu að baki.

□ Ef reiðu peningar eru fyrir, borgar fógeti dómhafa þá umsvifalaust upp í skuldina. Dómhafi getur ekki skorazt undan að taka við borgun í kröfum upp á sjálfan hann, er í gjalddaga eru komnar, og hann kannast við að réttar séu.

■ **21. gr.** Í arði og tekjum fasteigna má fullnægingar leita með svofelldu móti, að fógeti lætur annan hafa umráð eignarinnar dómhafa í hag, og lætur tekjurnar ganga upp í skuldina á sama hátt sem peninga, er koma inn við nauðungaruppboð.

■ **22. gr.** Nú er fjárnám gert í leigu- eða byggingarréttindum fasteigna, enda sé eigi með því gengið á rétt eiganda, og skal þá farið eftir því sem segir í næstu grein á undan.

■ **23. gr.** Meta skal fé, er fjárnámi er tekið, til þess, er ætla má að það seljist við uppboð undir venjulegum kringumstæðum að frádregnum uppboðs- og innheimtukostnaði. Þá er teknar eru fjárnámi kröfur, réttindi eða arður og tekjur fasteigna, skal engar virðingar á leggja, en farið eftir álitum um það, hve mikið skuli fjárnámi tekið og jafnframt haft tilhlýðilegt tillit til gjalda og kostnaðar, er af þeirri aðferð leiða.

■ **24. gr.** Dómfelldi eður sá, sem er við aðförina fyrir hans hönd, á rétt á að segja til þeirra muna, er fjárnámi skuli taka, og getur dómhafi eigi haft á móti því, svo framarlega að þessir munir séu að mati eður áliti fógetavottanna hæfileg trygging fyrir skuld þeirri, er ná skal inn.

□ Þó þarf dómhafi hvorki að ganga að fjárnámi í fasteignum, ef lausafé er til eða kröfur honum til fullnægingar, né í lausum aurum, sem mjög mundi erfitt að geyma eður selja, né í kröfum, er álíta má umþrættar eða óvissar. Ef hægt er að fá fjárnám til uppboðssölu, verður dómhafi eigi skyldaður til að leita fullnægingar á annan hátt. Ef til er annað fé, þarf dómhafi eigi að ganga að fjárnámi í munum, er aðrir hafa fengið að fjárnámi á undan honum, eður einhvern þann rétt yfir, er hann yrði að standa að baki.

■ **25. gr.** [Segi dómfelldi eða sá sem málstað hans tekur eigi til má dómhafi tiltaka þá muni er taka skuli fjárnámi. Eins má dómhafi segja til ef dómfelldi er kvaddur til gerðarinnar eftir 2. mgr. 33. gr. en hann mætir eigi eða nokkur til að taka málstað hans.][1]

□ Þó skal fógeti gæta þess, að þeir munir séu fyrst teknir, er dómfelldi helzt megi án vera; skal því hvorki fjárnám gera í nauðsynlegri áhöfn jarðar af gangandi peningi né í ómissandi vinnuáhöldum, né í smíðatólum eður öðrum þeim munum, er dómfelldi getur alls eigi án verið í atvinnu sinni, nema eigi séu til aðrir þeir hlutir, er hann heldur geti misst.

□ Ef taka skal fjárnámi hey, áburð, eldsneyti eða byggingarefni, og svo er ástatt sem segir í 9. gr. laga nr. 1 12. janúar 1884,[2] þá skal fara eftir fyrirmælum þessarar greinar.

[1] *L. 15/1988, 1. gr.* [2] *Sbr. l. 64/1976.*

■ **26. gr.** Ef fjárnám skal gera eftir því, sem segir í 21. gr., sbr. 22. gr., þá skal fógeti selja hlutaðeigandi eign öðrum til forráða, er hann til þess kveður, og bjóða leiguliða eða hverjum sem er, að greiða honum afgjöld öll, og að öðru leyti gera þær þvingunar-ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að arður og tekjur eignarinnar komi dómhafa að notum.

□ Þessi forráðamaður gerir reikningsskil á þeim tímum, er fógeti til tekur, fyrir tekjum eignarinnar, og skilar fógeta, eins og hver annar innheimtumaður, afganginum að frádregnum umboðskostnaði, þar með talin þóknun handa sjálfum honum.

□ Þegar dómhafi hefur fengið skuld sína borgaða með áföllnum leigum og kostnaði, fær skuldunautur eign sína aftur.

□ Fógeti leysir úr öllum spurningum um reikningsskilin, eignarforráðin og hvenær þeim skuli aftur skilað skuldunaut, þá er um slíkt koma fram kærur eður mótmæli af hálfu dómhafa, skuldunauts eður annarra, er hlut eiga að málum.

■ **27. gr.** [Ekki má fjárnámi taka rúm og sængurföt, sem nauðsynleg eru skuldunaut, konu hans og börnum, né heldur lín og íveruföt, er þau mega ekki án vera.

□ Nú á skuldunautur fyrir heimili að sjá, og á hann þá rétt á að undanþiggja fjárnámi nauðsynjar, er nema að virðingarverði allt að 10 000 kr., og auk þess allt að 2000 kr. fyrir hvert barn, sem er á skylduframfæri hans.

□ Ef skuldunautur á ekki fyrir heimili að sjá, má hann undanþiggja fjárnámi 2000 kr. að virðingarverði og fyrir börn eins og segir í 2. málsgrein.

□ Skuldunautur ræður sjálfur, hvað undanþegið skal vera fjárnámi. Ef hann er ekki sjálfur viðstaddur fjárnámið, skal fógeti fela öðrum að kveða á um þetta, ef skuldunautur hefur ekki falið það öðrum.

□ Ekki má undanskilja fjárnámi þá hluti, sem veðsettir eru fyrir þeirri skuld, sem fjárnámi er heimt.][1]

[1] *L. 11/1966, 1. gr.*

■ **28. gr.** Fjárnám má aðeins gera í réttindum, er fengin eru, þegar það fer fram, en eigi í þeim, sem menn síðar kunna að eignast, svo sem í arfi, er menn eiga í vændum.

□ Fjárnám má gera í skuldum, er dómfelldi á að öðrum, þótt skilyrðum séu bundnar eða eigi komnar í gjalddaga, ef aðeins er hægt að segja til þeirra og ákveða með nægilegri vissu.

□ Þegar samningur til skilur, að hvorirtveggju aðilar skulu nokkuð af hendi inna, má eigi fjárnám gera í því, sem skuldunautur á kröfu til af hinum, ef hann hefur eigi þegar sjálfur uppfyllt samninginn af sinni hálfu, og það, er hann á af hendi að inna, er eigið verk hans eður vinna eða eitthvað annað það, er sá, sem fjárnáms leitar, er eða

verður eigi við fjárnámið fær um að láta í té eða framkvæma.

☐ Þetta skal þó í engu vera því til fyrirstöðu, að menn nú sem fyrr geti haldið sér til vinnukaups skuldunauts eða annarra tekna hans þvílíkra, þegar heimta skal af honum framfærslueyri með barni hans eða konu, sem hann hefur yfirgefið eða er skilinn við að borði og sæng.

■ **29. gr.** Nú er það löglega bundið samningi við annan mann eða ákvæði hans, að lánardrottnar skuli engrar fullnægingar mega leita í tilteknum munum, og má þá eigi fjárnámi taka, enda þótt rétt væri, ef svo væri eigi til skilið.

■ **30. gr.** Eigi má fjárnámi taka laun embættis- eður sýslunarmanna eða þvílíkar tekjur, eigi biðpeninga, eftirlaun eða því um líkt styrktarfé, er greiðist úr lands-, sveitar- eða öðrum opinberum sjóðum, nema í gjalddaga séu komin.

■ **31. gr.** Fjárnámi eru ennfremur undan þegin:

1. dagpeningar og þvílík gjöld til embættismanna eður annarra, er opinberum störfum gegna, svo og ferðakostnaður og kostpeningar, er borgaðir eru tilkvöddum vottum eða virðingarmönnum;

2. framfærslueyrir með konu eður barni, ef til tekinn er með yfirvaldsúrskurði, sátt eða öðru slíku ákvæði;

3. styrkur til fátækra, er stofnanir eða velgerðarfyrirtæki veita, svo og hverskonar sveitarstyrkur.

■ **32. gr.** Eigi er lífeyrir, forlagseyrir, lífsábyrgðarfé, eður þesskonar tekjur, er menn hafa keypt sér eða öðrum með fjárframlagi, undanþegnar fjárnámi, nema sérstakleg lagaheimild sé fyrir, eður svo hafi löglega verið umsamið eða ákveðið í fyrstu.

**IV. kafli. Um aðförina sjálfa og um réttarfarið.**

■ **33. gr.** [Þegar aðfararheimild er fyrir hendi og fógeti álítur að öðru leyti ekkert því til fyrirstöðu að verða við beiðni um aðför tiltekur hann stund til aðfarar svo sem verða má eftir óskum dómhafa.

☐ Ef dómhafi óskar þess skal aðför hefjast á skrifstofu fógeta en kveðja skal þá dómfellda til gerðarinnar með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða öðrum sannanlegum hætti með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Að öðrum kosti skal aðför hefja á heimili dómfellda. Jafnan má þó aðför hefja þar sem dómfelldi hittist annars staðar fyrir.

☐ Ef maður er dæmdur til að framselja muni eða að láta þá af hendi má aðför hefja þar sem þeir eru fyrir.

☐ Nú á dómfelldi eigi heimili hér á landi og er þá rétt að hefja aðför þar sem hann hittist fyrir eða munir hans sem til fullnægingar má nota.][1)]

[1)] *L. 15/1988, 2. gr.*

■ **34. gr.** [Eigi verður af aðför nema dómhafi sé viðstaddur eða löghæfur umboðsmaður hans.

☐ Eigi tálmar það aðför þótt dómfelldi sé eigi viðstaddur eða einhver í umboði hans. Nú hefur dómfelldi verið kvaddur til gerðarinnar eins og segir í 2. mgr. 33. gr. og má þá gera aðför þótt enginn sé viðstaddur til að taka málstað hans. Annars skal fógeti skora á maka dómfellda eða annan lögráða heimilismann að taka málstað hans. Ef enginn þessara manna er viðstaddur eða vill takast það á hendur skal fógeti beina líkri áskorun að þeim sem kunnugur er dómfellda en ella öðrum lögráða manni sem viðstaddur er.][1)]

[1)] *L. 15/1988, 3. gr.*

■ **35. gr.** Gerðin hefst með því, að fógeti skorar á hlutaðeiganda að borga skuldina og kostnað þann allan, er dómfellda ber að greiða, svo eigi verði af frekari aðför. Verði það eigi gert, heldur fógeti gerðinni áfram eftir beiðni dómhafa samkvæmt reglunum í II. og III. kafla.



■ **36. gr.** Dómfelldi er skyldur að boði fógeta að ljúka upp herbergjum sínum og hirzlum, ef dómhafi fer fram á það, svo að séð verði, hvort þar séu geymdir munir, sem gert verði fjárnám í. Skorist dómfelldi undan því, eða ef engi er sá viðstaddur, er geti gegnt boðinu, má fógeti beita valdi. Ef þörf gerist, getur fógeti og leitað á dómfellda sjálfum, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi fjármuni á sér geymda. Þó skal slík leit vera byggð á rökstuddum úrskurði.

■ **37. gr.** Skyldur er skuldunautur, ef skorað er á hann við aðförina, að segja satt og rétt til um það, hvað hann eigi til tryggingar eður lúkningar skuld sinni, og láta að öðru leyti í té allar þær skýrslur, er nauðsynlegar eru og að þessu lúta. Sé skuldunautur eigi viðstaddur, getur aðfararbeiðandi fengið gerðinni frestað og skuldunaut boðað á mót með sér með fyrirvara, sem fógeti til tekur; þetta mót getur aðfararbeiðandi krafizt að haldið sé á skrifstofu fógeta.

☐ Nú færist skuldunautur undan því að láta í té skýrslur nokkrar, eða lætur undan fallast án löglegra forfalla, að mæta við framhald gerðarinnar, og á þá aðfararbeiðandi heimting á, að hann sé settur í einfalt fangelsi[1)] og hafður þar, þar til er hann uppfyllir skyldu þessa, þó aldrei lengur en 6 mánuði.

[1)] *L. 19/1940, 268. gr.*

■ **38. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 19/1940, 273. gr.*

■ **39. gr.** Innan þeirra takmarka, er getur um í 4. gr., mega koma fram varnir af hálfu dómfellda gegn því, að aðför fari fram í heild sinni eða að einhverju leyti eða á þann veg, sem haldið er fram.

☐ Um framkomin mótmæli hefur dómhafi rétt til að láta uppi álit sitt.

☐ Fógeti ræður því, hvort fram megi fara frekari sókn og vörn um ágreiningsefnið.

■ **40. gr.** Ef gerðin mundi ganga of nærri rétti annars manns, á hann og rétt á að mótmæla aðförinni. Hann mætir þá við gerðina, lætur færa til bókar mótmæli sín og biður um úrskurð fógeta; ber þar eftir að skoða hann sem málsaðila í gerðinni.

■ **41. gr.** Sókn og vörn fyrir fógeta skal fram fara munnlega.

☐ Fógeti leggur úrskurð sinn á þrætumálið samkvæmt framburði og játningu málsaðila, og framkomnum skjölum og öðrum skriflegum skilríkjum. En vitnaleiðslur, skoðunar- og álitsgerðir, máli til sönnunar, mega að jafnaði eigi fram fara.

☐ Fógeti skal leiðbeina málsaðilum samkvæmt grundvallarreglunum í tilskipun 15. ágúst 1832.[1)]

[1)] *Sbr. nú l. 85/1936, 114. gr.*

■ **42. gr.** Í fógetabók skal tilgreina:

a. stað og stund, er gerðin skal fram fara, nöfn málsaðila og hver sé aðfararheimildin,

b. nafn fógeta og vottanna,

c. hvernig gerðin hafi yfir höfuð að tala farið fram.

☐ Verði ágreiningur um framkomnar kröfur, skal tilfæra þær orðréttar.

1887 Nr. 19 4. nóv.

□ Ennfremur skal fógeti bóka eins og honum þykir þörf vera, frásögu málsaðila um það, hversu mál sé skapað, þó eigi orðrétta, en svo að engu verulegu sé sleppt.
□ Hið bókaða skal síðan upp lesið og samþykkt.

■ **43. gr.** Frest má að jafnaði engan veita meðan á gerðinni stendur, nema málsaðilar séu ásáttir. En stöðvað getur fógeti sókn og vörn, ef nauðsyn ber til, en án þess að gerðin þar með sé rofin. Fógeti skal þá, ef dómhafi krefst, láta hafa gætur á því, eða á annan veg gera þær ráðstafanir, er nauðsynlegar séu til þess, að allt standi í sömu skorðum, þar til er gerðin aftur verður upp tekin. Skal málsaðilum skýrt frá, hvenær það verður.

■ **44. gr.** Eftir að sókn og vörn er lokið um upp kominn ágreining, leggur fógeti þegar í stað eða svo fljótt sem verða má úrskurð sinn á málið.
□ Úrskurður skal rökstuddur vera og bóka hann orðréttan.
□ Eigi hindrar áfrýjun framkvæmd á honum.

■ **45. gr.** Í fógetabók skal rita með nákvæmni hvern einstakan mun, er fjárnám er gert í og virðingarverð hans við.
□ [Því næst kveður fógeti svo á í bókinni að hinir uppskrifuðu munir séu teknir fjárnámi fjárnámshafa til fullnægingar og lætur dómfellda vita að upp frá þessu varði það hegningu að gera nokkrar þær ráðstafanir um muni þessa er komi í bága við rétt dómhafa. Sé dómfelldi eigi viðstaddur og heldur enginn heimilismanna hans skal fógeti tilkynna honum um þetta með ábyrgðarbréfi.][1)]

[1)] *L. 15/1988, 4. gr.*

■ **46. gr.** Þegar fjárnám er gert í fasteign, en eigi í arði hennar og tekjum, heldur hún áfram að vera í umráðum skuldunauts, þar til er nauðungaruppboðið fer fram, nema svo reynist, að hún spillist af hans völdum eða rýrni, og getur fógeti þá fengið öðrum forráð hennar.
□ [Réttur samkvæmt fjárnámsgerð í fasteign og skráningarskyldu skipi er háður þinglýsingu samkvæmt þinglýsingalögum.][1)]

[1)] *L. 69/1978, 1. gr.*

■ **47. gr.** Lausafé, er fjárnámi hefur verið tekið, hefur skuldunautur eigi rétt til að hafa í vörzlum sínum, ef sá vill eigi, er að fjárnámi fékk munina, nema skuldunautur setji viðunanlega trygging fyrir því, að þeir varðveitist hjá honum óskertir; en fjárnámshafa skal að jafnaði heimilt vera að taka munina til sín til geymslu, en gegn trygging, ef verð þeirra fer að mun fram úr kröfu hans.
□ Verði munirnir eigi í vörzlum skuldunauts, og fjárnámshafi tekur heldur eigi við þeim, annaðhvort fyrir því að hann má það eigi samkvæmt því er nú var sagt, eður hann vill eigi takast geymsluna á hendur, skal fógeti gera nauðsynlegar ráðstafanir til geymslu þeirra á kostnað dómfellda.

■ **48. gr.** Ef skuldabréf eru tekin fjárnámi til sölu við uppboð, skal á þau rita um fjárnámið, ella hefur það eigi gildi gagnvart þeim, er síðar fær þau til eignar eða að veði, og eigi vissi um fjárnámið, eða gagnvart skuldunaut sjálfum, er án þess að vita af fjárnáminu hefur síðan borgað af skuldinni til þess, er fjárnámið var gert hjá, gegn kvittun hans á sjálft bréfið eður gegn afhending þess.
□ Ef fjárnámi eru teknar kröfur annarrar tegundar, skal skuldunaut skýrt frá því, annars leysist hann frá skuld sinni með því að borga hana í góðu trausti þeim, er fjárnámið var gert hjá. Hið sama er, ef skuldunautur borgar leigu af skuldabréfi sínu.

1887 Nr. 19 4. nóv.

■ **49. gr.** Ef sá hlutur, er tekinn var fjárnámi, verður eigi fenginn fjárnámshafa eða þeim, er fógeti hefur tiltekið, fyrir því að einhver annar maður hefur rétt til að hafa hann í sínum vörzlum, skal fógeti eftir atvikum, ef fjárnámshafi beiðist þess, tilkynna þessum manni að skuldunautur eigi ekki rétt á því að taka við honum, þegar að því kemur að hann eigi að skila honum úr sínum vörzlum.

■ **50. gr.** Þegar gætt hefur verið ákvæða þeirra, er að framan getur, þá missir fjárnámshafi eigi þann rétt, er fjárnámið veitir honum til þess að ná með löglegri aðferð borgun í munum þeim, er fjárnámi voru teknir, enda þótt skuldunautur síðar deyi eða verði gjaldþrota, eða aðrir geri fjárnám hjá honum, og eigi getur skuldunautur heldur síðar selt nokkrum öðrum manni nein réttindaumráð yfir mununum, er á nokkurn hátt megi skerða rétt fjárnámshafa.
□ Þó missir sá, er fengið hefur lausa aura að fjárnámi, er haldizt hafa í vörzlum skuldunauts, fjárnámsréttinn gagnvart lánardrottnum skuldunauts, verði hann gjaldþrota eða þeir gera fjárnám hjá honum, ef fjárnámshafi hefur eigi innan 12 vikna frá því, er fjárnámsgerð var lokið, komið fram nauðungaruppboði, eða hann með nýrri aðför hefur komið fénu úr höndum skuldunauts, enda hafi honum eigi verið varnað sölunnar með áfrýjan, eður réttindi annarra verið því til fyrirstöðu.

■ **51. gr.** Ef svo reynist við nauðungaruppboð, að söluandvirði hrökkur eigi fyrir kröfu fjárnámshafa eður ef fjárnámshafi, er eigi hefur fengið fjárnám fyrir fullri kröfu, getur vísað á muni, er taka megi fjárnámi, má fjárnámið upp taka af nýju, og því fram halda eftir áðurgreindum reglum. Hinsvegar getur sá, er fjárnám hefur verið gert hjá, krafizt þess, að gerðin skuli upp tekin af nýju og fjárnámið látið niður falla að öllu eða einhverju leyti, hafi skuld sú verið borguð að öllu eða nokkru, eftir að fjárnámið fór fram, er það var gert fyrir.
□ Svo getur og fógeti eftir beiðni dómhafa upptekið gerðina til þess að gera nýjar ákvarðanir um geymslu og umsjón þess, er tekið var, þegar áfrýjun á fjárnámsgerð veldur því, að miklu lengur líður þar til er uppboð fer fram en ella hefði verið, eða þegar tilefni þykir til þess vegna meðferðar dómfellda á munum þeim, er teknir voru fjárnámi, en látnir vera í vörzlum hans, eða vegna kostnaðar við geymsluna eða annarra hluta vegna.

■ **52. gr.** Loks má og upptaka gerðina af nýju í öðrum tilfellum, en þeim, er nefnd eru í 51. gr., sbr. 50. gr., 2. lið, þegar annarhvor málsaðila beiðist þess eða aðrir, og allir þeir samþykkja, er hlut eiga að máli.

■ **53. gr.** Um áfrýjun á aðför fer eftir almennum málskotareglum.

## Lög um aðför.[1)]

1989 Nr. 90 1. júní

[1)] *Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992, sbr. 99. gr.*

### I. þáttur. Almenn skilyrði fyrir aðför.

### 1. kafli. Aðfararheimildir o. fl.

■ **1. gr.** Aðför má gera til fullnustu kröfum samkvæmt eftirfarandi heimildum:

1. dómum og úrskurðum, uppkveðnum af íslenskum dómstólum;

2. áskorunarstefnum, sem gerðar hafa verið aðfararhæfar með áritun dómara hér á landi;

3. sáttum og nauðasamningum, sem komist hafa á fyrir íslenskum dómstólum;

4. sáttum, sem gerðar hafa verið fyrir yfirvöldum og eru aðfararhæfar samkvæmt fyrirmælum laga;

5. úrskurðum yfirvalda, sem eru aðfararhæfir samkvæmt fyrirmælum laga;

6. ákvörðunum yfirvalda um fésektir, dagsektir og févíti, sem eru aðfararhæfar samkvæmt fyrirmælum laga;

7. skuldabréfum fyrir ákveðinni peningaupphæð, hvort sem veðréttindi hafa verið veitt fyrir skuldinni eða ekki, þar sem undirskrift skuldara er vottuð af lögbókanda, hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni, löggiltum fasteignasala eða tveimur vitundarvottum, ef berum orðum er tekið fram í ákvæðum skuldabréfsins að aðför megi gera til fullnustu skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar;

8. víxlum og tékkum, að því leyti sem krafist er fullnægju greiðsluskyldu á grundvelli gildandi réttar samkvæmt slíkum skjölum;

9. kröfum um skatta og önnur samsvarandi gjöld, sem innheimt eru samkvæmt lögum af innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarfélögum eða sameiginlegum gjaldheimtum ríkis og sveitarfélaga;

10. kröfum, áður ótöldum, sem njóta lögtaksréttar samkvæmt fyrirmælum laga;

11. úrlausnum eða ákvörðunum erlendra dómstóla eða yfirvalda eða sáttum gerðum fyrir þeim, ef íslenska ríkið hefur skuldbundið sig að þjóðarétti og með lögum til að viðurkenna slíkar aðfararheimildir, enda verði fullnusta kröfunnar talin samrýmanleg íslensku réttarskipulagi.

☐ Aðför til fullnustu kröfu skv. 1. mgr. verður, eftir því sem við á, einnig gerð fyrir verðbótum, vöxtum og lögbundnum vanskilaálögum, kostnaði af kröfu, málskostnaði eða innheimtukostnaði, endurgjaldi kostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegum kostnaði af frekari fullnustuaðgerðum.

☐ Um heimild til útburðargerða og innsetningargerða án undangengins dóms eða réttarsáttar fer eftir fyrirmælum 12. kafla.

■ **2. gr.** Sá getur krafist aðfarargerðar, sem aðfararheimild ber með sér að sé rétthafi hennar, svo og sá, sem nýtur handveðréttar í aðfararhæfri kröfu.

■ **3. gr.** Aðfarar má krefjast hjá þeim, sem skylda hvílir á samkvæmt hljóðan aðfararheimildar. Nær þetta einnig til þeirra, sem hafa tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á efndum skuldbindingar skv. 7. eða 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., og þeirra, sem eiga verðmæti, sem standa að veði til tryggingar kröfu skv. 7. tölul. 1. mgr. 1. gr., ef áskilnaði þessara ákvæða gagnvart aðalskuldara er einnig fullnægt gagnvart þeim.

☐ Aðfarar má einnig krefjast hjá öðrum en þeim, sem skylda hvílir á skv. 1. mgr., ef hann hefur tekið á sig ábyrgð á efndum aðfararhæfrar skuldbindingar samkvæmt fyrirmælum laga eða slík ábyrgð hvílir sjálfkrafa á honum lögum samkvæmt.

■ **4. gr.** Með aðfarargerðir fara sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.

☐ Um hæfi sýslumanna og fulltrúa þeirra til að fara með aðfarargerð fer eftir reglum laga um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við getur átt. Ekki veldur það þó vanhæfi sýslumanns að hann fari með innheimtu kröfu, sem aðfararhæf er skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr.



☐ Ef sýslumaður er vanhæfur til að fara með aðfarargerð, skipar dómsmálaráðherra annan löghæfan mann til að vinna verkið í hans stað. Þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra úr ríkissjóði.

☐ Að því leyti, sem málefni samkvæmt lögum þessum koma til kasta héraðsdómstóla, skal þeim beint að héraðsdómstólnum, sem hefur dómsvald í umdæmi þess sýslumanns, sem fer með viðkomandi aðfarargerð, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

**2. kafli. Aðfararfrestur.**

■ **5. gr.** Aðför má gera eftir dómi eða úrskurði, þegar liðnir eru fimmtán dagar frá uppkvaðningu hans, ef annar aðfararfrestur er ekki tiltekinn. Aðför má gera eftir áskorunarstefnu, þegar hún hefur verið árituð af dómara um aðfararhæfi. Ekki er þörf sérstakrar birtingar dóms, úrskurðar eða áritaðrar áskorunarstefnu, áður en aðför verður gerð, nema þess sé sérstaklega krafist að lögum.

☐ Ef áfrýjunarstefna hefur verið gefin út vegna aðfararheimildar innan almenns áfrýjunarfrests, verður ekki af fyrirtöku aðfararbeiðni meðan mál er rekið fyrir æðra dómi, nema mælt sé svo fyrir í lögum eða viðkomandi dómi eða úrskurði að áfrýjun fresti ekki aðför. Með sama hætti fer um úrskurði, sem sæta kæru til æðra dóms, ef kært er innan kærufrests.

☐ Ef aðfararheimild hefur verið áfrýjað að liðnum almennum áfrýjunarfresti, getur gerðarþoli gert þá kröfu við aðfarargerð, að henni verði frestað meðan mál er rekið fyrir æðra dómi, ef ekki er kveðið á annan hátt á um áhrif málskots í lögum, dómnum eða úrskurðinum. Með slíka kröfu skal farið að hætti 26. gr.

■ **6. gr.** Aðför má gera eftir réttarsátt eða sátt, gerðri fyrir yfirvaldi, þegar krafa samkvæmt henni er komin í gjalddaga. Ef enginn gjalddagi er tiltekinn í sátt, má gera aðför samkvæmt henni að liðnum fimmtán dögum frá gerð hennar. Aðför má gera með sama hætti eftir nauðasamningi, sem komist hefur á fyrir dómstól.

☐ Ekki tálmar það aðför eftir sátt, þótt krafist sé ógildingar hennar í dómsmáli.

■ **7. gr.** Áður en aðfarar verður krafist fyrir kröfu, sem talin er í 5., 6., 7., 8. eða 10. tölul. 1. mgr. 1. gr., og eftir að slík krafa er komin í gjalddaga, skal gerðarbeiðandi beina greiðsluáskorun til gerðarþola með minnst fimmtán daga fyrirvara, þar sem tekið er fram, að aðfarar verði krafist fyrir skuldinni, ef áskoruninni verði ekki sinnt. Eins skal að farið, þegar krafist er aðfarar í skjóli ábyrgðar skv. 2. mgr. 3. gr., þótt aðfararheimild eigi undir önnur fyrirmæli 1. mgr. 1. gr.

☐ Greiðsluáskorun skal send gerðarþola með ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birt honum af einum stefnuvotti. Frestur skv. 1. mgr. telst frá þeim degi, sem gerðarþoli eða sá, sem löghæfur er til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, fær eintak hennar í hendur, eða þegar birting greiðsluáskorunar á sér stað.

■ **8. gr.** Áður en aðfarar verður krafist fyrir kröfu skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. og eftir að hún er komin í gjalddaga, skal sá, sem innheimtu hennar hefur með höndum, birta með minnst fimmtán daga fyrirvara al-

menna greiðsluáskorun í dagblöðum eða með öðrum samsvarandi hætti, þar sem fram kemur að aðfarar verði krafist án frekari fyrirvara fyrir vangoldnum gjöldum, sem hafa verið í gjalddaga á tilteknum tíma. Skal tiltekið í auglýsingunni um hvers konar gjöld er að ræða hverju sinni.

■ **9. gr.** Aðfarar má krefjast að liðnum aðfararfresti skv. 5. – 8. gr. svo lengi, sem hlutaðeigandi krafa er ekki niður fallin fyrir fyrningu, og einnig að liðnum fyrningartíma, ef gerðarþoli mætir við gerð og lýsir yfir að hann beri ekki fyrir sig fyrningu kröfunnar.

**II. þáttur. Almennar reglur um undirbúning og framkvæmd aðfarar.**

**3. kafli. Aðfararbeiðni o. fl.**

■ **10. gr.** Aðfararbeiðni skal vera skrifleg. Í henni skal koma fram, svo ekki verði um villst, hverjir gerðarbeiðandi og gerðarþoli eru og við hverja heimild hún styðst. Þá skal einnig tiltekið nákvæmlega hvers krafist er með aðfarargerð. Ef krafist er aðfarar til fullnustu kröfu um peningagreiðslu, skal sundurliða fjárhæð hennar svo sem þá er kostur.

□ Með aðfararbeiðni skulu fylgja skilríki fyrir aðfararheimildinni og gögn um að greiðsluáskorun hafi verið beint til gerðarþola skv. 7. eða 8. gr., ef við á. Ef aðfarar er krafist til fullnustu kröfu skv. 7. eða 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., skal frumrit viðskiptabréfs fylgja aðfararbeiðni.

■ **11. gr.** Aðfararbeiðni og fylgigögn hennar skulu send héraðsdómara, ef eitthvað eftirtalinna atriða varðar aðfararheimildina:

1. ef krafa styðst við úrskurð eða ákvörðun yfirvalds, sbr. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 1. gr.;

2. ef um kröfu er að ræða, sem lögtaksréttur er fyrir og 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. tekur til;

3. ef krafa styðst við erlenda aðfararheimild, sbr. 11. tölul. 1. mgr. 1. gr.;

4. ef krafist er aðfarar á grundvelli ábyrgðar, sem 2. mgr. 3. gr. tekur til;

5. ef krafist er útburðar- eða innsetningargerðar skv. 12. kafla.

□ Þegar svo stendur á, sem í 1. mgr. segir, skal aðfararbeiðni send héraðsdómara á varnarþingi, þar sem heimilt væri að höfða einkamál um viðkomandi kröfu, nema fyrirmæli laga áskilji annað. Aðfararbeiðni og fylgigögn hennar skulu send héraðsdómara í tvíriti.

□ Heimilt er gerðarbeiðanda að beina aðfararbeiðni til héraðsdómara, ef hann svo kýs, þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um hana.

■ **12. gr.** Héraðsdómari skal taka aðfararbeiðni, sem honum berst, til athugunar svo fljótt sem við verður komið.

□ Telji héraðsdómari skilyrðum til aðfarar fullnægt samkvæmt framkomnum gögnum gerðarbeiðanda, áritar hann beiðnina um að aðför megi gera samkvæmt henni.

■ **13. gr.** Telji héraðsdómari aðfararbeiðni ófullnægjandi, aðfararheimild ekki fyrir hendi eða ónæg gögn fram komin til stuðnings beiðni, ritar hann á hana að aðför nái ekki fram að ganga samkvæmt henni.

□ Ef héraðsdómari telur aðför mega fara fram að hluta samkvæmt aðfararbeiðni, er honum rétt að rita þá ákvörðun sína á hana, þar sem nákvæmlega er tekið fram, að hverju leyti aðför megi gera.

□ Héraðsdómari má gefa gerðarbeiðanda kost á að bæta úr annmörkum, áður en aðfararbeiðni er hafnað að öllu leyti eða einhverju skv. 1. eða 2. mgr.

■ **14. gr.** Við meðferð héraðsdómara skv. 12. og 13. gr. er ekki þörf tilkynningar til gerðarþola eða nærveru hans, sbr. þó 78. gr., nema gerðarbeiðandi hafi sérstaklega óskað eftir því og héraðsdómara þyki rétt að verða við því, eða gerðarþoli hafi áður tilkynnt héraðsdómara að hann hafi andmæli fram að færa gegn kröfum gerðarbeiðanda.

□ Þegar nærveru gerðarþola er þörf skv. 1. mgr., fer um málsmeðferð eftir fyrirmælum 13. kafla.

■ **15. gr.** Þegar héraðsdómara hefur borist aðfararbeiðni, skal hennar getið í sérstakri skrá, sem haldin er eftir nánari reglum, settum af dómsmálaráðherra. Í skránni skulu greind nöfn aðila, um hverja aðfararheimild er að ræða og hverja afgreiðslu beiðni hefur fengið. Frekari bókana er ekki þörf, þegar farið er með beiðni eftir 12. eða 13. gr.

□ Þegar héraðsdómari hefur áritað beiðni um að aðför megi gera samkvæmt henni að öllu leyti eða einhverju, varðveitir hann annað eintak hennar með áritun, ásamt samriti fylgigagna.

□ Beiðni, sem árituð hefur verið, skal afhenda eða senda gerðarbeiðanda ásamt frumritum þeirra gagna, sem henni fylgdu.

□ Þótt héraðsdómari hafi áritað beiðni um að gerð megi fara fram að einhverju leyti eða öllu, er hann óbundinn af þeirri afstöðu, ef ágreiningur rís síðar um beiðnina.

■ **16. gr.** Beiðni um aðför, sem sætir ekki í upphafi meðferð héraðsdómstóls samkvæmt ákvæðum 11. gr., og aðfararbeiðni, sem árituð hefur verið af héraðsdómara um að gerð megi fara fram, skal að jafnaði beint til sýslumanns í því umdæmi, þar sem gerðarþoli hefur heimilisvarnarþing, en heimilt er einnig að beina aðfararbeiðni til sýslumanns í einhverju því umdæmi, sem hér greinir:

1. þar sem rökstudd ástæða er til að ætla að gerðarþoli muni hittast fyrir;

2. þar sem gerðarþoli rekur atvinnustarfsemi, ef krafan á rætur að rekja til hennar. Ef atvinnustarfsemi fer fram í fleiri en einu umdæmi, skal beiðst aðfarar í því umdæmi, þar sem aðalstöðvar hennar eru, nema aðfararheimild varði sérstaklega starfsemina á öðrum stað og gerðarbeiðandi kýs það fremur;

3. þar sem þau verðmæti er að finna, sem standa að veði til tryggingar hlutaðeigandi kröfu;

4. þar sem andlag gerðarinnar er að finna, ef um aðför er að ræða til fullnustu annarrar kröfu en um peningagreiðslu;

5. þar sem eignir gerðarþola er að finna, þegar um aðför er að ræða til fullnustu kröfu um peningagreiðslu, ef gerðarþoli á ekki skráð heimili eða aðsetur hér á landi.

□ Getið skal ástæðu þess í aðfararbeiðni, ef henni er beint til sýslumanns í öðru umdæmi en þar sem gerðarþoli hefur heimilisvarnarþing.

■ **17. gr.** Þegar beiðni um aðför hefur borist sýslumanni, kannar hann hvort beiðni og aðfararheimild eru í lögmætu formi, hvort telja megi beiðni komna fram í réttu umdæmi og hvort fullnægt er skilyrðum 8. gr. í þeim tilvikum, sem við á. Ef svo reynist, synjar sýslumaður ekki af sjálfsdáðum um aðför, nema aðfararheimild verði ekki fullnægt samkvæmt efni sínu.

1989 Nr. 90 1. júní

☐ Telji sýslumaður ágalla vera á málstað gerðarbeiðanda, sem veldur því að aðfarar verði synjað vegna fyrirmæla 1. mgr., skal hann endursenda beiðnina þegar í stað ásamt rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni.

☐ Nú hefur aðfararbeiðni verið beint til sýslumanns í umdæmi, sem heimild er fyrir í 1. mgr. 16. gr., en hann telur nærtækara að aðför verði fremur reynd í öðru umdæmi. Má hann þá framsenda beiðnina hlutaðeigandi sýslumanni að fengnu samþykki gerðarbeiðanda.

■ **18. gr.** Þegar staðreynt hefur verið að aðfararbeiðni fullnægi skilyrðum 1. mgr. 17. gr., getur sýslumaður hennar í sérstakri skrá, sem haldin er eftir nánari reglum, settum af dómsmálaráðherra. Aðfararbeiðnir skulu þar skráðar í áframhaldandi númeraröð, eftir því sem þær berast. Aðfararbeiðnir skulu áritaðar um móttökudag og auðkenndar númeri samkvæmt framansögðu. Beiðni, sem berst áður en aðfararfrestur skv. 5. – 8. gr. er liðinn, telst þó ekki fram komin fyrr en á fyrsta starfsdegi eftir lok frestsins og skal auðkennd samkvæmt því.

**4. kafli. Upphafsaðgerðir við aðför.**

■ **19. gr.** Ef fyrir liggja tvær eða fleiri beiðnir um aðför hjá gerðarþola og þær varða samkynja skyldu hans, skal sinna beiðni þess, sem sýslumanni barst fyrst, áður en öðrum verður sinnt, enda haldi sá fram rétti sínum án ástæðulausrar tafar. Aðfararbeiðnir, sem berast sýslumanni samtímis, standa jafnar að þessu leyti.

☐ Aðfararbeiðni, sem framsend hefur verið milli umdæma skv. 3. mgr. 17. gr., nýtur stöðu í samræmi við móttökudag hennar, þar sem hún barst fyrst. Þó raskar hún ekki stöðu beiðni, sem áður hefur verið tilkynnt um að hætti 1. mgr. 21. gr.

■ **20. gr.** Sýslumaður ákveður svo fljótt, sem við verður komið eftir að aðfararbeiðni hefur borist, hvar og hvenær aðför fari fram, svo sem verða má eftir óskum gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðanda skal tilkynnt sú ákvörðun á þann hátt, sem sýslumanni þykir til hlýða.

■ **21. gr.** Gerðarþola skal tilkynnt með hæfilegum fyrirvara að beiðni sé komin fram um aðför hjá honum og um meginefni hennar. Honum skal um leið tilkynnt hvar aðför muni byrja og sem nánast á hvaða tíma tiltekins dags. Sýslumaður getur lagt fyrir gerðarbeiðanda að annast þessa tilkynningu.

☐ Tilkynningu skv. 1. mgr. skal senda gerðarþola með útbornu ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birta honum af einum stefnuvotti.

☐ Víkja má frá skyldu til tilkynningar skv. 1. mgr., ef einhver eftirtalin atvik eiga við:

1. ef um aðför er að ræða til fullnustu kröfu, sem 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. tekur til;
2. ef hætt þykir að gerðarþoli muni spilla fyrir aðför, fái hann vitneskju um að hennar sé að vænta;
3. ef hætt þykir að gerðarbeiðandi verði fyrir sérstökum réttarspjöllum af drætti, sem verður á aðför vegna tilkynningar;
4. ef gerðarþola hefur áður verið send tilkynning um aðför vegna sömu kröfu, en ekki sinnt henni;
5. ef krafist er aðfarar að undangengnum úrskurði héraðsdómara skv. 77. gr. eða 13. kafla;
6. ef ekki er vitað hvar gerðarþoli hefst við.

**5. kafli. Framkvæmd aðfarar.**

■ **22. gr.** Ef gerðarþola er send tilkynning skv. 21. gr., skal aðför að jafnaði byrja á starfstofu sýslumanns, nema sýslumanni þyki að höfðu samráði við gerðarbeiðanda annað hentara og samrýmanlegt hagsmunum aðilanna.



☐ Hafi gerðarþola ekki verið send tilkynning að hætti 21. gr., er rétt að aðför byrji á heimili hans, en ella á vinnustað hans eða þeim stað öðrum, þar sem sennilegast þykir að hann eða málsvari hans muni hittast fyrir. Ef gerðarþoli á hvergi skráð heimili eða aðsetur hér á landi, má þó byrja aðför á starfstofu sýslumanns.

■ **23. gr.** Ekki verður af aðför, nema gerðarbeiðandi sé viðstaddur eða annar maður, sem að lögum er heimilt að koma fram fyrir hans hönd.

☐ Víkja má frá fyrirmælum 1. mgr. eftir ákvörðun sýslumanns, ef um aðför er að ræða til fullnustu kröfu skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. Ef svo er gert, skal sýslumaður gæta réttinda gerðarbeiðanda af sjálfsdáðum, annarra en þeirra, sem fyrirmæli 29. – 31. gr. og 14. kafla taka til.

■ **24. gr.** Hafi gerðarþoli eða maður, sem löghæfur er til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, sannanlega fengið tilkynningu að hætti 21. gr., tálmar það ekki aðför, þótt gerðarþoli sé ekki staddur við gerðina eða einhver, sem málstað hans getur tekið, ef unnt reynist annarra hluta vegna að ljúka henni án nærveru hans. Sýslumaður skal þá gæta þess af sjálfsdáðum að gerðin brjóti ekki gegn þeim réttindum, sem gerðarþola eru tryggð með lögum þessum.

☐ Ef gerðarþoli, fyrirsvarsmaður hans eða umboðsmaður er ekki viðstaddur, þegar gerðin er tekin fyrir, og honum eða löghæfum manni í hans stað hefur ekki sannanlega borist tilkynning um stað og stund til aðfarar eða ófært reynist af öðrum sökum að ljúka gerðinni vegna fjarveru hans, getur sýslumaður, ef gerðin beinist að einstökum manni, falið maka gerðarþola eða öðrum heimilismanni hans, 18 ára eða eldri, að taka málstað hans. Ef gerðin beinist að öðrum en einstaklingi, getur sýslumaður með sama hætti falið stjórnanda eða starfsmanni gerðarþola að taka málstað hans.

☐ Ef svo er ástatt, sem í 2. mgr. segir, en enginn þargreindur er tiltækur, sem tekið getur málstað gerðarþola, eða sá getur ekki veitt nauðsynlegar upplýsingar eða atbeina til að ljúka megi gerð, er sýslumanni rétt að fresta gerðinni, ef óreynt er hvort takast muni að ná til gerðarþola innan þess tíma, að hagsmunum gerðarbeiðanda verði ekki spillt. Meðal annars er lögreglumönnum í þessu skyni skylt að boði sýslumanns að leita gerðarþola eða fyrirsvarsmanns hans og boða hann til að mæta til gerðarinnar eða færa hann til hennar. Nú tekst ekki að hafa uppi á gerðarþola eða fyrirsvarsmanni hans með þeim hætti, sem að framan segir, eða hagsmunir gerðarbeiðanda leyfa ekki að gerð verði frestað frekar, og er þá sýslumanni rétt að fara þangað, sem gerðarþoli hefur heimili eða skráð aðsetur, og ljúka þar gerðinni í samræmi við kröfur gerðarbeiðanda, enda standi önnur fyrirmæli laga þessara ekki í vegi þeirra málaloka. Eigi gerðarþoli hvergi skráð heimili eða aðsetur hér á landi, má þegar svo stendur á ljúka gerðinni á starfstofu sýslumanns.

■ **25. gr.** Aðfaragerð byrjar með því að sýslumaður kynnir gerðarþola eða málsvara hans málavexti og fyrirliggjandi gögn, og skorar á hann að fullnægja þeirri skyldu, sem aðfarar er krafist fyrir. Verði gerðarþoli eða

málsvari hans ekki við þeirri áskorun, skal aðför fram haldið eftir því, sem hér á eftir segir.

□ Ef aðfarargerð byrjar án nærveru gerðarbeiðanda samkvæmt þeirri heimild, sem greinir í 2. mgr. 23. gr., getur sýslumaður ekki skorast undan að taka við greiðslu kröfunnar, ef hún er boðin fram að einhverju leyti eða öllu.

□ Gerðarþoli getur varnað aðför til fullnustu kröfu, sem ágreiningur stendur um, ef hann setur gerðarbeiðanda tryggingu fyrir efndum hennar, sem sýslumaður metur nægjanlega.

□ Sýslumanni ber, eftir því sem við á, að veita gerðarþola eða málsvara hans nauðsynlegar leiðbeiningar um réttarstöðu hans við gerðina og um efni kröfu gerðarbeiðanda, á sama hátt og dómara í einkamáli ber að leiðbeina ólöglærðum málsaðila.

□ Skylt er gerðarþola eða málsvara hans að segja satt og rétt frá öllu, sem sýslumaður krefur hann svara um og máli skiptir um framgang gerðarinnar.

■ **26. gr.** Frestir skulu að jafnaði ekki veittir meðan á gerðinni stendur, nema málsaðilar séu á það sáttir.

□ Ef gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur við gerðina, krefst að henni verði frestað, en gerðarbeiðandi fellst ekki á þá kröfu, skal sýslumaður ákveða þegar í stað hvort hann heldur gerðinni áfram eða hvort henni verður frestað til tiltekins tíma.

□ Ef sýslumaður ákveður að fresta gerðinni gegn vilja gerðarbeiðanda, getur gerðarbeiðandi krafist úrlausnar héraðsdómara um þá ákvörðun skv. 14. kafla.

□ Hafni sýslumaður kröfu gerðarþola um frestun gerðarinnar, skal henni þegar fram haldið, ef gerðarbeiðandi krefst. Ekki stöðvar það framgang gerðarinnar, þótt gerðarþoli lýsi því yfir að hann muni krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerðina.

■ **27. gr.** Ef gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur, mótmælir rétti gerðarbeiðanda til að aðför nái fram að ganga eða hún fari fram með þeim hætti, sem gerðarbeiðandi krefst, skal sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda ákveða þegar í stað hvort gerðin fari fram eða hvort henni verði fram haldið og eftir atvikum með hverjum hætti.

□ Að jafnaði skulu mótmæli gerðarþola ekki stöðva gerðina, nema þau varði atriði, sem sýslumanni ber að gæta af sjálfsdáðum, eða sýslumaður telur mótmælin af öðrum sökum valda því, að óvíst sé að gerðarbeiðandi eigi þau réttindi, sem hann krefst fullnægt, eða að hann eigi rétt á að gerðin fari fram með þeim hætti, sem hann krefst.

□ Fallist gerðarbeiðandi ekki á ákvörðun sýslumanns skv. 1. mgr., getur hann krafist úrlausnar héraðsdómara um hana samkvæmt fyrirmælum 14. kafla. Frestast þá gerðin að því leyti, sem sýslumaður hefur hafnað kröfum gerðarbeiðanda, þar til leyst hefur verið úr ágreiningsefninu.

□ Hafni sýslumaður mótmælum gerðarþola, skal gerðinni fram haldið, ef gerðarbeiðandi krefst. Ekki stöðvar það framgang gerðarinnar, þótt gerðarþoli lýsi yfir að hann muni krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerðina.

■ **28. gr.** Ef aðfarargerð gæti ranglega skert rétt þriðja manns, er honum heimilt að mæta og krefjast frestunar hennar eða mótmæla framgangi hennar að því leyti, sem hún varðar rétt hans. Farið skal með slíkar kröfur eða slík mótmæli eins og um væri að ræða kröfur eða mótmæli gerðarþola skv. 26. eða 27. gr.



■ **29. gr.** Færist gerðarþoli undan því að veita þær upplýsingar við aðfarargerð, sem sýslumaður telur óhjákvæmilegar til framgangs hennar, er sýslumanni heimilt að skerða frelsi gerðarþola samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda, þar til gerðarþoli uppfyllir upplýsingaskyldur sínar, þó ekki lengur en í 24 klukkustundir. Lögreglumönnum er skylt að veita sýslumanni atbeina í þessu skyni samkvæmt boði hans. Ef grunur leikur á að gerðarþoli sé með refsiverðum hætti að fyrirbyggja fullnustu kröfu gerðarbeiðanda með synjun sinni um að veita upplýsingar, skal farið eftir fyrirmælum laga um meðferð opinberra mála.

□ Ef gerðarþoli færist undan að veita upplýsingar með þeim hætti, sem í 1. mgr. segir, er sýslumanni heimilt að ákveða honum dagsektir samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda. Skulu þær renna til gerðarbeiðanda og falla á, þar til gerðarþoli uppfyllir upplýsingaskyldur sínar eða unnt reynist af öðrum sökum að ljúka gerð án þeirra. Gera má aðför fyrir dagsektum þessum, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. Dagsektum verður ekki beitt, meðan gerðarþoli sætir frelsisskerðingu skv. 1. mgr.

□ Ef aðför beinist að öðrum en einstaklingi, má neyta heimilda 1. og 2. mgr. gagnvart fyrirsvarsmanni gerðarþola.

■ **30. gr.** Samkvæmt boði sýslumanns er gerðarþola eða þeim, sem málstað hans getur tekið skv. 2. mgr. 24. gr., skylt að veita aðgang að húsakynnum hans og lokuðum hirslum hans, ef gerðarbeiðandi krefst og sýslumaður telur það nauðsynlegt vegna framgangs gerðarinnar. Skorist viðkomandi undan því eða honum er það ófært, er sýslumanni rétt að beita valdi í þessu skyni.

□ Nú hefur ekki náðst til gerðarþola til að vera við aðför eða neins, sem málstað hans getur tekið, en honum hefur áður verið tilkynnt skv. 1. og 2. mgr. 21. gr. að aðför muni fara fram á þeim stað, þar sem húsakynni hans eru eða lokaðar hirslur er að finna. Er sýslumanni þá rétt að kröfu gerðarbeiðanda að beita valdi með sömu skilyrðum og segir í 1. mgr.

□ Nú hefur ekki náðst til gerðarþola eða neins, sem málstað hans getur tekið, en gerðarþola hefur ekki verið tilkynnt um aðför með þeim hætti, sem segir í 2. mgr. Telji sýslumaður allt að einu að aðför megi gera skv. 3. mgr. 24. gr., getur hann að kröfu gerðarbeiðanda krafist úrskurðar héraðsdómara um heimild til að brjóta upp húsakynni gerðarþola og læstar hirslur. Meðan slíkur úrskurður er ófenginn og ekki næst til gerðarþola, er sýslumanni rétt að kröfu gerðarbeiðanda að kveðja til lögreglumenn til að varna því, að nokkuð verði gert, sem raskað gæti rétti gerðarbeiðanda. Ef brýnir hagsmunir gerðarbeiðanda krefjast þess og sérstök hætta þykir á, að hann verði ella fyrir verulegum réttarspjöllum, er sýslumanni þó heimilt samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda að brjóta upp húsakynni gerðarþola eða læstar hirslur án undangengins úrskurðar héraðsdómara. Að öðru leyti skal beita reglum laga um húsleit við rannsókn opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

■ **31. gr.** Ef rökstudd ástæða þykir til að ætla að gerðarþoli kunni að hafa geymda fjármuni á sér eða muni

eða gögn, sem máli geta skipt um framgang gerðarinnar, getur sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda skorað á gerðarþola að heimila leit á honum sjálfum.

☐ Ef gerðarþoli verður ekki við áskorun skv. 1. mgr., er sýslumanni rétt að kröfu gerðarbeiðanda að kveðja til lögreglumenn til að skerða frelsi gerðarþola. Ber sýslumanni án tafar að greina héraðsdómara frá ákvörðun sinni og krefjast úrskurðar hans um heimild til að leit fari fram á gerðarþola. Beita skal að öðru leyti reglum laga um leit á manni við rannsókn opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

☐ Ef aðför beinist að öðrum en einstaklingi, má neyta heimilda 1. og 2. mgr. gagnvart fyrirsvarsmanni gerðarþola.

■ **32. gr.** Aðfararbeiðni og gögn um aðfararheimild skulu lögð fram við gerðina og merkt með áframhaldandi númeraröð. Einnig skulu lögð fram þau gögn, sem máli geta skipt um réttindi aðilanna og um framgang gerðarinnar að öðru leyti.

☐ Um varðveislu sýslumanns á framlögðum gögnum og heimildir til aðgangs að þeim eða til afhendingar þeirra skal farið eftir reglum um dómskjöl í einkamálum, eftir því sem við getur átt.

■ **33. gr.** Sýslumaður færir gerðabók um aðfarargerðir. Fer um form hennar eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

☐ Í gerðabók skal greint hvar og hvenær aðfarargerð fer fram, nöfn aðila og umboðsmanna eða málsvara þeirra, hver gögn hafa verið lögð fram við gerðina og hvernig hún hefur að öðru leyti farið fram.

☐ Sýslumaður les upp bókun sína við lok gerðar fyrir þá, sem við hana eru staddir, eða kynnir þeim meginatriði bókunarinnar, ef þeir telja það nægja. Þeim skal gefinn kostur á að undirrita bókunina ásamt sýslumanni.

■ **34. gr.** Fari aðfarargerð fram á starfstofu sýslumanns og gerðarþoli eða umboðsmaður hans er við hana staddur, er ekki þörf votta við gerðina, ef þeir, sem mættir eru, undirrita bókun um hana.

☐ Þegar aðför fer fram með öðrum hætti en segir í 1. mgr., ber sýslumanni að hlutast til um að staddur sé við gerðina vottur, sem fullnægir hæfiskröfum laga til að vera vottur á dómþingi í einkamáli milli sömu aðila. Votturinn skal undirrita bókun sýslumanns um gerðina.

■ **35. gr.** Ef ekki reynist unnt að ljúka aðför í því umdæmi, þar sem hún hefur réttilega byrjað, er sýslumanni heimilt, ef hann svo kýs og gerðarbeiðandi óskar þess, að halda gerðinni áfram utan umdæmis síns, ef sú ráðstöfun hefur ekki teljandi kostnaðarauka í för með sér fyrir gerðarþola eða hana verður að telja nauðsynlega í ljósi atvika. Hafa athafnir sýslumanns sama gildi, þegar svo stendur á, og ef þær hefðu gerst innan marka umdæmis hans. Þó skulu réttindi gerðarbeiðanda þoka fyrir rétti þess, sem síðar gerir aðför vegna samkynja skyldu gerðarþola, ef beiðni þess hefur áður borist sýslumanni í því umdæmi, þar sem fyrri gerðinni var fram haldið.

☐ Ef nauðsyn ber til að aðför verði fram haldið utan þess umdæmis, þar sem hún hefur byrjað, og ekki er neytt heimildar skv. 1. mgr., skal gerðarbeiðandi afla frumskjala vegna gerðarinnar og eftirrits úr gerðabók hjá sýslumanni, sem farið hefur með hana, og senda þau þeim sýslumanni, er við tekur. Sýslumaður, sem heldur gerðinni áfram, þarf ekki að endurtaka þær undirbúningsathafnir, sem farið hafa fram.



**III. þáttur. Aðför til fullnustu peningakröfu.**

**6. kafli. Andlag fjárnáms.**

■ **36. gr.** Gera má fjárnám til fullnustu peningakröfu í eignum, sem nægja til greiðslu hennar, sbr. 2. mgr. 1. gr., og tilheyra gerðarþola eða öðrum, sem sjálfur býður þær fram til fjárnáms.

☐ Sýslumaður skal ákveða til hvers kostnaðar gerðarbeiðandi á tilkall úr hendi gerðarþola vegna undirbúnings gerðarinnar og hennar sjálfrar, að því leyti sem hann fellur til eftir öflun aðfararheimildar.

■ **37. gr.** Gera má fjárnám í peningum eða í fasteign, lausafé, kröfu gerðarþola á hendur öðrum eða annarri eign eða réttindum, sem hafa fjárhagslegt gildi og unnt er að tilgreina nægilega. Fjárnám verður aðeins gert í réttindum, sem fengin eru, þegar gerðin fer fram.

☐ Gera má fjárnám í eign, þótt lögbönd séu á henni eða annar hafi áður fengið veðréttindi í henni.

■ **38. gr.** Ekki skal taka fjárnámi meira en það, sem sýslumaður telur munu nægja til fullnustu kröfu gerðarbeiðanda.

☐ Ef málsaðili telur óvíst um verðmæti eignar, sem taka má fjárnámi, skal sýslumaður virða hana. Skal miðað við það verð, sem ætla má að fáist fyrir hana við nauðungarsölu, að frádregnum kostnaði og að teknu tilliti til réttinda þeirra, sem forgangs kunna að njóta gagnvart kröfu gerðarbeiðanda.

☐ Sýslumaður getur kvatt til einn eða tvo menn, er sérþekkingu hafa, til að virða innan tiltekins og stutts frests eign, sem fjárnámi má taka, ef þess er krafist við gerðina. Áður en virðing fer fram, skulu virðingarmenn heita að rækja starf sitt eftir bestu vitund. Sýslumaður ákveður þóknun þeirra og úr hendi hvors málsaðila hún greiðist, en að jafnaði skal sá bera kostnað um sinn af virðingu, sem hefur krafist hennar. Heimilt er sýslumanni að áskilja tryggingu fyrir þóknun virðingarmanna úr hendi þess, sem krefst kvaðningar þeirra, áður en hún á sér stað.

■ **39. gr.** Gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur við gerðina, á rétt til að vísa á þær eignir, sem fjárnám verður gert í. Gerðarbeiðanda er ekki rétt að hafna fjárnámi í eign, sem bent er á af hálfu gerðarþola, ef hún er metin nægileg trygging fyrir kröfu hans, nema svo standi á, sem í 2. – 4. mgr. segir.

☐ Gerðarþoli á ekki rétt á að varna því, að peningar verði teknir fjárnámi, nema þeir verði undanþegnir fjárnámi skv. 41. gr.

☐ Gerðarþoli á ekki rétt á að varna því, að fjárnám verði gert í eign, sem gerðarbeiðandi á tryggingarréttindi í fyrir kröfu sinni.

☐ Gerðarbeiðandi þarf ekki að hlíta að fjárnám verði gert í fasteign, í eign, sem aðrir eiga réttindi yfir, í eign, sem hefur óvisst verðgildi, eða í eign, sem örðugt er að varðveita eða selja, ef til er önnur eign, sem fjárnám má gera í.

☐ Vísi gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur, ekki á eignir til fjárnáms, eða enginn er staddur við gerðina af hans hálfu, má gerðarbeiðandi tiltaka þær eignir, sem fjárnám verður gert í. Sýslumaður skal þá gæta þess að fjárnám sé að öðru jöfnu fyrst gert í þeim eignum, sem

ætla má að gerðarþoli eða heimilismenn hans geti helst verið án.

■ **40. gr.** Heimilt er gerðarþola að neyta réttar til skuldajafnaðar við kröfu gerðarbeiðanda með kröfu, sem orðin er aðfararhæf, eða kröfu, sem gerðarbeiðandi viðurkennir rétta, ef almennum skilyrðum skuldajafnaðar er fullnægt.

■ **41. gr.** Peningaeign má taka fjárnámi, nema eftirfarandi eigi sannanlega við:

1. að um sé að ræða fyrirframgreiðslu framfærslueyris með gerðarþola, ef féð er sérgreint í vörslum hans og sá tími er ókominn, sem greiðslan er fyrir;

2. að um sé að ræða eingreiðslu bóta fyrir varanlega örorku gerðarþola eða fyrir missi hans á framfæranda, ef féð er sérgreint í vörslum hans og sá tími er ókominn, sem bótafénu er ætlað að bæta tjón hans fyrir;

3. að hún sé nauðsynleg til að standa straum af kostnaði um skamman tíma af framfærslu gerðarþola og þeirra, sem hann er framfærsluskyldur við.

☐ Fasteignir, lausafé og aðrar sambærilegar eignir, sem aflað hefur verið með fé skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr., verða ekki undanþegnar fjárnámi í skjóli þeirra fyrirmæla.

☐ Fjárnám má gera að ábendingu gerðarþola í peningaeign, sem reglur 1. mgr. taka til.

■ **42. gr.** Ef fjárnám er gert í fasteign, skrásettu skipi eða loftfari, telst það, ef annað er ekki tekið fram, einnig ná til fylgifjár slíkrar eignar, jafnt þess, sem þegar er fyrir hendi, og þess, sem síðar verður til.

☐ Fjárnám má aðeins gera í slíku fylgifé einu út af fyrir sig að ábendingu gerðarþola og með samþykki þeirra, sem að öðru leyti eiga réttindi yfir viðkomandi fasteign, skipi eða loftfari, nema fylgifé hafi áður sérstaklega verið veðsett gerðarbeiðanda til tryggingar kröfunni og veðréttindi hans njóti verndar gagnvart þeim, sem að öðru leyti eiga réttindi yfir því.

■ **43. gr.** Fjárnám verður ekki gert í lausafjármunum, sem nauðsynlegir eru gerðarþola og heimilismönnum hans til að halda látlaust heimili með þeim hætti, sem almennt gerist.

☐ Heimilt er gerðarþola að auki að undanþiggja eftirfarandi lausafjármuni fjárnámi:

1. muni, sem hafa verulegt minjagildi fyrir hann eða fjölskyldu hans, ef verðmæti þeirra er ekki slíkt, að undanþágan verði talin ósanngjörn gagnvart gerðarbeiðanda;

2. muni, sem eru nauðsynlegir honum eða heimilismanni hans vegna örorku eða heilsubrests;

3. námsgögn, sem eru nauðsynleg honum eða heimilismanni hans vegna skólagöngu;

4. muni, sem hann eða heimilismaður hans nýtir til atvinnu sinnar, að samanlögðu verðmæti allt að 50 000 kr. Fjárhæð þessa skal ákvarða hverju sinni í ljósi almennra verðlagsbreytinga frá gildistöku laga þessara.

☐ Heimildir 1. og 2. mgr. taka ekki til muna, sem standa að veði fyrir kröfu gerðarbeiðanda, eða sem gerðarbeiðandi hefur með gildum hætti áskilið sér eignarrétt að.

■ **44. gr.** Fjárnám má gera í kröfum gerðarþola á hendur öðrum, þótt skilyrtar séu eða ógjaldfallnar, með þeim takmörkunum, sem leiðir af 45. – 48. gr. og fyrirmælum annarra laga.

☐ Gera má fjárnám í gjaldfallinni kröfu, sem undanskilja má fjárnámi skv. 45. – 48. gr., að ábendingu gerðarþola eða ef krafan stendur til tryggingar fyrir kröfu gerðarbeiðanda.

☐ Ef fjárnám er gert í verðbréfi eða kröfu, telst það, ef annað er ekki tekið fram, einnig ná til arðs eða vaxta af bréfinu eða kröfunni, jafnt þeirra, sem þegar hafa fallið til, og þeirra, sem réttur stofnast til síðar.

■ **45. gr.** Fjárnám verður ekki gert í kröfu um ógreidd laun eða annað ógreitt endurgjald fyrir vinnu, nema liðinn sé mánuður frá lokum þess tímabils, sem unnið var til launanna eða endurgjaldsins.

☐ Fjárnám verður ekki gert í kröfu um eftirlaun fyrr en mánuður er liðinn frá því hún varð gjaldkræf.

☐ Fjárnám verður ekki gert í kröfu um laun í uppsagnarfresti eða í bótakröfu vegna slita ráðningarsamnings fyrr en mánuður er liðinn frá því hún varð gjaldkræf.

■ **46. gr.** Fjárnám verður ekki gert í bótakröfu vegna örorku eða missis framfæranda, eða kröfu um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, sem slíkum kröfum tengist, ef bótakrafan tilheyrir tjónþola sjálfum.

■ **47. gr.** Fjárnám verður ekki gert í eftirfarandi kröfum, nema einn mánuður sé liðinn frá því þær urðu gjaldkræfar:

1. kröfu um framfærslueyri eða meðlag;

2. kröfu um bætur, dagpeninga, lífeyri eða styrki úr almannatryggingum eða frá annarri sambærilegri opinberri stofnun;

3. kröfu um bætur, dagpeninga eða styrki úr sjúkraeða styrktarsjóði stéttarfélags;

4. kröfu um greiðslu úr viðurkenndum lífeyrissjóði, að því leyti sem hún á rætur að rekja til iðgjaldagreiðslna, sem lögboðnar eru, mælt er fyrir um í kjarasamningi eða teljast af öðrum sökum eðlilegar í ljósi aðstæðna;

5. kröfu um greiðslu samkvæmt frjálsri lífeyristryggingu, ef sérstök lagaheimild leiðir til undanþágu hennar frá aðför eða samið hefur verið um hana með gildum hætti í upphafi.

■ **48. gr.** Fjárnám verður ekki gert í kröfu samkvæmt gagnkvæmum samningi, ef gerðarþoli hefur ekki efnt hann af sinni hálfu, og það, sem ógert er, er eigin vinna eða verk hans eða eitthvað annað, sem viðsemjandi gerðarþola þarf ekki að una að annar en gerðarþoli láti í té.

■ **49. gr.** Fjárnám verður ekki gert í persónubundnum réttindum, sem gerðarþola er óheimilt að framselja á sitt eindæmi, nema þau standi til tryggingar fyrir kröfu gerðarbeiðanda.

■ **50. gr.** Fjárnám verður ekki gert í eign, sem gefin hefur verið gerðarþola með fyrirmælum um að hún verði undanþegin aðför, ef honum er jafnframt óheimilt að ráðstafa henni, enda hafi gjafagerningi með slíkum skilmála verið þinglýst, ef réttarvernd er því háð í viðkomandi tilviki. Hið sama á við um arð af slíkri eign, ef skemmri tími en einn mánuður er liðinn frá því hann varð gjaldkræfur.

☐ Ef eign hefur að nokkru verið gefin gerðarþola með þeim áskilnaði, sem áður segir, en að öðru leyti verið látin af hendi gegn endurgjaldi, tekur 1. mgr. til þess hluta eignarinnar, sem gefinn var.

■ **51. gr.** Sýslumaður skal bóka af nákvæmni í hverj-

um eignum fjárnám er gert og fyrir hverjum kröfum. Hafi virðing hins fjárnumda farið fram skv. 38. gr., skal verðmæti þess einnig tiltekið í bókun.

☐ Heimilt er sýslumanni að gera fjárnám í eign, þótt hún sé á öðrum stað eða í öðru umdæmi en þar sem gerðin fer fram, nema þörf sé á virðingu eignarinnar skv. 38. gr.

☐ Sýslumaður skal leiðbeina gerðarþola eða þeim, sem málstað hans tekur, um réttaráhrif fjárnáms. Hafi enginn verið við gerðina af hálfu gerðarþola, skal sýslumaður tilkynna honum um fjárnámið, ef vitað er hvar hann er niður kominn.

**7. kafli. Réttaráhrif fjárnáms og vörslur hins fjárnumda.**

■ **52. gr.** Fyrningu aðfararhæfrar kröfu er slitið, ef aðfararbeiðni berst héraðsdómara eða sýslumanni fyrir lok fyrningartíma og gerðinni er síðan fram haldið án ástæðulauss dráttar.

■ **53. gr.** Óheimilt er gerðarþola að ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, sem farið gæti í bága við rétt gerðarbeiðanda.

☐ Gerðarþola er heimilt að nýta fylgifé, sem fjárnám í eign tekur einnig til eftir 1. mgr. 42. gr., að því leyti, sem nauðsynlegt er til eðlilegra nota eignarinnar.

■ **54. gr.** Nauðungarsala hins fjárnumda eða önnur lögmæt ráðstöfun þess á grundvelli fjárnáms má ekki fara fram án samþykkis eiganda þess fyrr en fjórar vikur eru liðnar frá því fjárnám var gert.

☐ Hafi gerðarþoli eða þriðji maður borið ágreining um gerðina undir héraðsdómara innan fjögurra vikna frá því fjárnám var gert, getur gerðarbeiðandi ekki neytt þeirra réttinda, sem 1. mgr. tekur til, að því leyti sem ágreiningur stendur um gerðina, fyrr en hann hefur verið leiddur til lykta fyrir héraðsdómi.

☐ Nú ber gerðarþoli eða þriðji maður ágreining um fjárnámsgerð undir héraðsdómara að loknum þeim fresti, sem á undan getur, og stöðvast þá nauðungarsala eða önnur lögmæt ráðstöfun hins fjárnumda, að því leyti sem ágreiningur stendur um gerðina, þar til hann er til lykta leiddur fyrir héraðsdómi. Ekki haggast fyrir þær sakir gildi ráðstafana, sem þegar hafa átt sér stað á hinu fjárnumda.

☐ Héraðsdómari getur kveðið á um það með sérstökum úrskurði samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda, að rekstur ágreiningsmáls um fjárnámsgerð komi ekki í veg fyrir ráðstöfun hins fjárnumda skv. 2. eða 3. mgr.

■ **55. gr.** Ef peningar eru teknir fjárnámi og mótmæli koma ekki fram gegn gerðinni, afhendir sýslumaður þá gerðarbeiðanda þegar í stað sem greiðslu upp í kröfuna. Að öðrum kosti tekur sýslumaður þá í vörslur sínar, ef gerðarbeiðandi krefst, og varðveitir á bankareikningi, þar til sá tími er kominn, að gerðarbeiðandi megi ráðstafa hinu fjárnumda skv. 54. gr.

■ **56. gr.** Ef fjárnám er gert í fasteign, skrásettu skipi, loftfari eða lausafé, á gerðarþoli rétt á að hafa umráð hins fjárnumda þar til nauðsyn ber til annars vegna nauðungarsölu þess, nema annað leiði af reglum 2. eða 3. mgr.

☐ Hafi fjárnám verið gert í fasteign, skrásettu skipi eða loftfari, getur sýslumaður svipt gerðarþola umráðum hins fjárnumda að kröfu gerðarbeiðanda og falið þau öðrum manni, ef sýnt þykir að brýn hætta sé á að það spillist eða rýrni í umráðum gerðarþola eða að umráð hans muni á annan hátt torvelda nauðungarsölu verulega. Gerðarþoli verður þó ekki af þessum sökum sviptur umráðum fasteignar eða þess hluta hennar, þar sem hann á heimili.

☐ Hafi fjárnám verið gert í lausafé, skal sýslumaður veita gerðarbeiðanda vörslur þess, ef hann krefst og ástæða þykir til að óttast að það muni spillast eða rýrna í vörslum gerðarþola eða að vörslur hans muni á annan hátt torvelda nauðungarsölu.

■ **57. gr.** Ef fjárnám er gert í verðbréfum eða kröfum, sem skilríki eru fyrir, tekur sýslumaður vörslur þeirra af gerðarþola, ef gerðarbeiðandi krefst.

☐ Hafi fjárnám verið gert í kröfu, hvort sem skilríki eru fyrir henni eða ekki, er gerðarbeiðanda rétt að tilkynna það skuldaranum.

☐ Skuldari kröfu, sem fjárnám hefur verið gert í, losnar ekki undan skyldum sínum með greiðslu til gerðarþola, nema hann hafi hvorki vitað né mátt vita um fjárnámið, þegar greiðslan átti sér stað, eða viðskiptabréf, sem krafan styðst við, hafi verið komið í gjalddaga og verið í vörslum gerðarþola á þeim tíma og ekki borið með sér að fjárnám hafi verið gert í því.

☐ Nú liggur fyrir að unnt sé að fá greiðslu af kröfu, sem fjárnám hefur verið gert í, en gerðarbeiðandi hefur ekki nýtt sér þau réttindi, sem gerðin veitir honum til ráðstöfunar á kröfunni. Skal sýslumaður þá endurupptaka gerðina samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og taka greiðsluna fjárnámi samkvæmt þeim reglum, sem kveðið er á um í 55. gr. Um endurupptökuna gilda reglur 9. kafla að öðru leyti en því, að ekki er þörf undanfarandi tilkynningar til gerðarþola eða nærveru hans eða málsvara hans við gerðina.

■ **58. gr.** Ef gerðarþoli, málsvari hans eða þriðji maður lýsir því yfir meðan á gerðinni stendur, að hann muni krefjast úrlausnar héraðsdómara um hana, getur gerðarbeiðandi ekki krafist umráðasviptingar skv. 56. gr. fyrr en að fjórum vikum liðnum frá því fjárnám var gert, nema hann setji nægilega tryggingu að mati sýslumanns fyrir tjóni, sem hlotist getur af henni.

☐ Ef gerðarþoli eða þriðji maður krefst úrlausnar héraðsdómara um fjárnámsgerð og meðan það ágreiningsmál hefur ekki verið leitt til lykta fyrir héraðsdómi, gilda fyrirmæli 1. mgr. um heimild gerðarbeiðanda til að krefjast umráðasviptingar skv. 56. gr. Ekki haggast af þeim sökum gildi umráðasviptingar, sem farið hefur fram áður en krafist var úrlausnar héraðsdómara.

■ **59. gr.** Ef ákvæði 55. – 57. gr. leiða til að sýslumanni væri rétt að varðveita hið fjárnumda eða að afhenda það gerðarbeiðanda eða öðrum manni, en lögmæt umráð þriðja manns standa því í vegi, skal gerðarbeiðandi tilkynna umráðamanninum um fjárnámið og að óheimilt sé að viðlagðri ábyrgð að afhenda gerðarþola hið fjárnumda. Tilkynningu skal að jafnaði fylgja staðfest eftirrit gerðarinnar úr gerðabók.

■ **60. gr.** Fjárnám í lausafé eða kröfu fellur sjálfkrafa niður að liðnu ári frá því það var gert, ef krafa frá gerðarbeiðanda um nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun hins fjárnumda hefur ekki borist héraðsdómara innan þess tíma.

☐ Ákvæði 1. mgr. gilda ekki, ef nauðungarsölu eða annarrar lögmætrar ráðstöfunar hins fjárnumda hefur ekki verið krafist innan árs frá því fjárnámið var gert

1989 Nr. 90 1. júní

vegna réttarágreinings um það eða vegna réttinda þriðja manns, og gerðarbeiðandi krefst hennar innan þriggja mánaða frá því slík hindrun er úr vegi.

■ **61. gr.** Að því leyti, sem lög þessi kveða ekki sérstaklega á um annað, fer um nauðsyn tryggingarráðstafana fyrir rétti samkvæmt fjárnámi og um stöðu þess réttar gagnvart öðrum réttindum eftir almennum reglum laga.

**8. kafli. Árangurslaust fjárnám.**

■ **62. gr.** Fjárnámi skal ekki lokið án árangurs, nema gerðarþoli hafi sjálfur verið staddur við gerðina eða málsvari hans, eða hann hvorki finnst né neinn, sem málstað hans getur tekið.

■ **63. gr.** Ekki er rétt að fjárnámi sé lokið án árangurs, ef bent er á eign gerðarþola, sem að nokkru gæti nægt til tryggingar kröfunni, nema staðreynt hafi verið með virðingu skv. 2. eða 3. mgr. 38. gr. að hún nægi ekki til fullrar tryggingar.

■ **64. gr.** Ef gerðarbeiðandi rökstyður að ástæða geti verið til að ætla, að gerðarþoli eigi tiltekna eign, sem taka má fjárnámi, en það fæst ekki staðfest af hálfu gerðarþola og skilyrði eru að öðru leyti til að ljúka gerðinni án árangurs að nokkru eða öllu, er sýslumanni rétt að kröfu gerðarbeiðanda að kanna frekar hag gerðarþola með eftirfarandi hætti:

1. með því að taka við skýrslum annarra en gerðarþola, sem veitt geta vitneskju um eignina og reiðubúnir eru til að gefa slíka skýrslu að ósk gerðarbeiðanda;

2. með því að leita upplýsinga um eignina hjá opinberum stofnunum, öðrum stjórnvöldum, viðskiptabönkum eða sparisjóðum.

□ Skylt er þeim, sem 2. tölul. 1. mgr. tekur til, að veita þær upplýsingar, sem sýslumaður krefst og varða hag gerðarþola.

**9. kafli. Endurupptaka fjárnámsgerðar.**

■ **65. gr.** Endurupptaka skal fjárnámsgerð, ef allir málsaðilar eru á það sáttir.

□ Fjárnámsgerð skal enn fremur endurupptekin að kröfu málsaðila, ef úrskurður héraðsdómara eða dómur æðra dóms hefur gengið um breytingu hennar, sbr. 95. gr.

■ **66. gr.** Fjárnámsgerð verður endurupptekin að kröfu gerðarbeiðanda vegna eftirfarandi atvika:

1. ef nauðsyn ber til að svipta gerðarþola umráðum hins fjárnumda eða til að taka við því úr umráðum þriðja manns eða til að taka að öðru leyti upp fyrri ákvörðun um umráð þess, áður en sá tími er kominn, að nauðungarsala eða önnur lögmæt ráðstöfun hins fjárnumda má fara fram;

2. ef gerðarbeiðandi vill leysa eign undan fjárnámi;

3. ef gerðarbeiðandi krefst að hið fjárnumda verði skrásett með nánara hætti en í upphafi var gert;

4. ef þau atvik verða, sem 4. mgr. 57. gr. tekur til;

5. ef söluandvirði hins fjárnumda við nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun hefur ekki hrokkið til fullrar greiðslu kröfu gerðarbeiðanda;

6. ef gerð hefur verið lokið án árangurs að einhverju leyti eða öllu og gerðarbeiðandi telur unnt að vísa á frekari eignir til fjárnáms.

■ **67. gr.** Fjárnámsgerð verður endurupptekin að kröfu gerðarþola vegna eftirfarandi atvika:

1. ef gerðarþoli hefur ekki verið við gerðina og fjárnám hefur verið gert í eign, sem óheimilt var að taka fjárnámi eða mátti undanþiggja;

2. ef fjárnám hefur að einhverju leyti eða öllu fallið niður vegna atvika, sem komið hafa til eftir að gerðin fór fram, eða vegna dómsúrlausnar, sem hnekkt hefur gildi aðfararheimildar að nokkru eða öllu, og gerðarþoli þykir hafa hagsmuni af að gerðin verði endurupptekin af þeim sökum.

□ Þriðja manni, sem telur fjárnámsgerð fara í bága við rétt sinn, er heimilt að krefjast endurupptöku fjárnámsgerðar, hafi hann ekki átt þess kost að koma mótmælum fram gegn gerðinni, meðan á henni stóð.

■ **68. gr.** Beiðni um endurupptöku skal beint til þess sýslumanns, sem lauk fjárnámsgerð.

□ Við endurupptöku skal farið eftir þeim reglum, sem gilda um framkvæmd fjárnámsgerðar, eftir því sem við getur átt.

□ Sýslumaður er óbundinn af fyrri ákvörðunum sínum, að því leyti, sem þær geta komið til endurskoðunar við endurupptöku.

**10. kafli. Fjárnám til fullnustu kröfu um dagsektir.**

■ **69. gr.** Þau fyrirmæli þessa kafla, sem fela í sér frávik frá almennum reglum laga þessara, taka til krafna um dagsektir og önnur áfallandi viðurlög, sem lögð hafa verið á gerðarþola til að knýja hann til efnda á skyldu, enda hafi fjárhæð þeirra ekki verið ákvörðuð með þeim hætti, að í þeim felist skaðabætur eða endurgjald til þess, sem gerðarþoli ber skyldu við.

■ **70. gr.** Ef dagsektarkrafa styðst við aðfararheimild, sem beina á til héraðsdómara skv. 11. gr., nægir að það sé gert í fyrsta sinn, sem fjárnáms er krafist. Ef fjárnáms er krafist á ný til heimtu dagsekta, sem síðan hafa fallið til, má beina aðfararbeiðni til sýslumanns án undanfarandi meðferðar héraðsdómara.

□ Fjárnám verður ekki gert til fullnustu kröfu um áfallnar dagsektir fyrr en mánuður er liðinn frá því síðast var gert fjárnám vegna áður tilfallinna dagsekta.

■ **71. gr.** Ekki verður af fjárnámi til fullnustu dagsekta, ef gerðarþoli hefur efnt skyldur sínar eða býður fram efndir þeirra við gerðina eða atvik eru annars með þeim hætti, að hann hafi losnað undan þeirri skyldu, sem dagsektirnar varða. Fjárnám, sem áður hefur verið gert til fullnustu áfallinna dagsekta, fellur þá niður hvað þær varðar, nema annað leiði af öðrum lagareglum eða ákvæðum aðfararheimildarinnar.

**IV. þáttur. Fullnusta kröfu um annað en peningagreiðslu.**

**11. kafli. Aðför til fullnustu kröfu um annað en peningagreiðslu.**

■ **72. gr.** Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að víkja af fasteign eða til að láta gerðarbeiðanda af hendi umráð hennar að einhverju leyti eða öllu, eða til að fjarlægja hluti af henni, skal sýslumaður fullnægja rétti gerðarbeiðanda með útburði gerðarþola eða þeirra hluta, sem fjarlægðir verða, og eftir atvikum með innsetningu gerðarbeiðanda.

■ **73. gr.** Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að veita gerðarbeiðanda umráð annars en þess, sem 72. gr. tekur til, skal sýslumaður fullnægja rétti gerðarbeiðanda með því að taka það með valdi úr umráðum gerðarþola og afhenda gerðarbeiðanda.

■ **74. gr.** Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerð-

arþola til að gefa út eða rita undir skjal eða til að standa á annan hátt að löggerningi, skal sýslumaður, ef því verður við komið, fullnægja rétti gerðarbeiðanda með því sjálfur að framkvæma viðkomandi athöfn með sömu réttaráhrifum og ef hann hefði umboð gerðarþola til þess.

■ **75. gr.** Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að láta eitthvað ógert, getur sýslumaður samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda falið lögreglumönnum að varna því að gerðarþoli brjóti gegn því banni.

■ **76. gr.** Nú er kveðið á í aðfararheimild um aðra skyldu gerðarþola en fyrirmæli 72. – 75. gr. taka til, og gerðarþoli verður ekki við áskorun sýslumanns um að efna hana. Kveði aðfararheimild á um sérstakt peningagjald í stað þess, sem upphaflega skyldi innt af hendi, getur sýslumaður gert fjárnám fyrir því þegar í stað, ef gerðarbeiðandi krefst. Að öðrum kosti skal farið að með þeim hætti, sem í 77. gr. segir.

■ **77. gr.** Ef leitt er í ljós við aðfarargerð að kröfu gerðarbeiðanda verður ekki fullnægt samkvæmt því, sem hér á undan segir, en ómöguleiki eða önnur samsvarandi atvik leysa gerðarþola ekki endanlega undan henni, getur gerðarbeiðandi krafist að héraðsdómari ákveði honum peningagreiðslu úr hendi gerðarþola þess í stað.

□ Ef aðfararheimild mælir fyrir um skyldu gerðarþola til að leysa af hendi verk, sem hann fæst ekki til að vinna, getur sýslumaður heimilað gerðarbeiðanda að fá aðra til að vinna það eftir reikningi. Skal héraðsdómari þá að jafnaði ákveða gerðarbeiðanda endurgreiðslu þess reiknings úr hendi gerðarþola.

□ Verði sú leið ekki farin, sem í 2. mgr. segir, dómkveður héraðsdómari einn eða tvo menn að kröfu gerðarbeiðanda til að meta hagsmuni hans til fjár. Í því mati skal einkum, eftir því sem við getur átt, farið eftir þeim reglum, sem gilda um ákvörðun eignarnámsbóta.

□ Við meðferð héraðsdómara samkvæmt framansögðu skal að öðru leyti farið eftir reglum 14. kafla, eftir því sem við getur átt.

□ Héraðsdómari ákveður gerðarbeiðanda endurgjald skv. 2. eða 3. mgr. með úrskurði, sem fullnægja má með fjárnámi samkvæmt almennum reglum.

### 12. kafli. Útburðar- og innsetningargerðir án undangengins dóms eða réttarsáttar.

■ **78. gr.** Ef manni er með ólögmætum hætti aftrað að neyta réttinda, sem hann tjáir sig eiga og telur svo ljós, að sönnur verði færðar fyrir þeim með gögnum, sem aflað verður skv. 83. gr., er honum heimilt að beina til héraðsdómara beiðni um að skyldu þess efnis, sem getur í 72. eða 73. gr., verði fullnægt með aðfarargerð, þótt aðfararheimild skv. 1. gr. liggi ekki fyrir.

□ Er héraðsdómara hefur borist beiðni skv. 1. mgr. og hann telur að lög leiði ekki til að henni verði þegar vísað á bug, skal hann fara með hana eftir þeim reglum, sem mælt er fyrir um í 13. kafla.

■ **79. gr.** Ekki stendur það í vegi aðfarargerðar skv. 78. gr., þótt dómsmál sé jafnframt rekið milli sömu aðila um önnur atriði, sem varða réttarsamband þeirra.

## V. þáttur. Málsmeðferð fyrir héraðsdómi.

### 13. kafli. Meðferð máls um aðfararbeiðni.

■ **80. gr.** Þegar kveðja þarf gerðarþola fyrir héraðsdóm vegna aðfararbeiðni samkvæmt fyrirmælum 14. eða 78. gr., ákveður héraðsdómari stað og stund til þinghalds og tilkynnir það gerðarþola með símskeyti, ábyrgðarbréfi eða öðrum jafntryggum hætti. Í tilkynningu til gerðarþola skal að auki getið um eftirfarandi í meginatriðum:

1. hver krefjist gerðarinnar og við hverja heimild sú krafa styðjist;
2. hvers gerðarbeiðandi krefjist í beiðni sinni;
3. hverju það varði, ef gerðarþoli sækir ekki þing.

□ Tilkynning skv. 1. mgr. skal berast gerðarþola eða þeim, sem löghæfur er til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, með sama fyrirvara og birta þyrfti honum stefnu í almennu einkamáli. Þó má héraðsdómari ákveða skemmri fyrirvara, ef brýnir hagsmunir gerðarbeiðanda krefjast þess.

□ Héraðsdómari tilkynnir gerðarbeiðanda um stað og stund til þinghalds með hæfilegum fyrirvara og sannanlegum hætti.

■ **81. gr.** Ef gerðarbeiðandi sækir ekki þing, þegar beiðni hans er tekin fyrir, eða ekki verður af þingsókn hans síðar, skal beiðnin teljast fallin niður. Héraðsdómari getur úrskurðað gerðarþola ómaksþóknun úr hendi gerðarbeiðanda, ef sótt hefur verið þing af hálfu gerðarþola og þóknunar verið krafist.

■ **82. gr.** Ef gerðarþoli sækir ekki þing, þegar aðfararbeiðni er tekin fyrir, eða þingsókn hans fellur síðar niður, kveður héraðsdómari upp úrskurð um hvort og að hverju leyti gerðin nái fram að ganga samkvæmt framkomnum gögnum.

□ Héraðsdómari ritar ályktunarorð úrskurðar skv. 1. mgr. á aðfararbeiðni og afhendir eða sendir hana gerðarbeiðanda ásamt samriti fylgigagna.

■ **83. gr.** Ef sótt er þing af hálfu gerðarþola og varnir, sem ekki verður þegar vísað á bug, koma fram gegn aðfararbeiðni, skal málsaðilum veittur skammur frestur til greinargerða og öflunar sýnilegra sönnunargagna um ágreiningsefnið. Ef sátt tekst ekki, skal málið síðan sótt og varið munnlega, en vitnaleiðslur og mats- og skoðunargerðir skulu að jafnaði ekki fram fara.

□ Varnir verða ekki hafðar uppi gegn aðfararbeiðni um atriði, sem dómstóll hefur áður tekið afstöðu til.

□ Héraðsdómari kveður upp úrskurð um hvort eða að hverju leyti gerðin nái fram að ganga samkvæmt skýrslum og málflutningi aðila og framkomnum skjölum. Að jafnaði skal aðfararbeiðni hafnað, ef varhugavert verður talið að gerðin nái fram að ganga á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem heimilt er að afla samkvæmt áðursögðu.

■ **84. gr.** Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði skal annars beitt um mál samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.

□ Úrskurði héraðsdómara samkvæmt þessum kafla má fullnægja þegar með aðför, nema sérstakur aðfararfrestur hafi verið tiltekinn í úrskurðinum.

□ Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki aðfarargerð, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.

### 14. kafli. Úrlausn ágreinings sem rís við framkvæmd aðfarargerðar eða um endurupptöku hennar.

■ **85. gr.** Heimilt er gerðarbeiðanda, meðan aðfarargerð er ólokið, að krefjast úrlausnar héraðsdómara um einstakar ákvarðanir, sem sýslumaður tekur um framkvæmd hennar, ef gerðarbeiðandi hefur þá kröfu uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina.

☐ Gerðarþola er því aðeins heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um einstakar ákvarðanir sýslumanns um aðfarargerð, meðan henni er ólokið, að gerðarbeiðandi samþykki eða gerðinni hafi verið frestað í kjölfar ákvörðunarinnar, enda hafi gerðarþoli þá kröfu uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina. Ef gerðarbeiðandi krefst úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, er gerðarþola þó frjálst að hafa kröfur uppi um sömu ákvörðun.

☐ Heimilt er þriðja manni að krefjast úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um aðfarargerð með sömu skilyrðum og gerðarþola, ef sú ákvörðun varðar atriði, sem hann hefur hagsmuni af.

☐ Heimilt er málsaðila að krefjast úrlausnar héraðsdómara um synjun sýslumanns um endurupptöku aðfarargerðar, ef krafan kemur fram án ástæðulauss dráttar og áður en krafist er frekari ráðstafana á grundvelli gerðarinnar.

☐ Ákvarðanir sýslumanns um einstök atriði gerðar, sem málsaðili hefur ekki krafist úrlausnar héraðsdómara um skv. 1. – 4. mgr., verða ekki lagðar undir úrlausn héraðsdómara síðar nema með þeim hætti, sem mælt er fyrir um í 92. gr.

■ **86. gr.** Ef málsaðili krefst úrlausnar héraðsdómara með þeim hætti, sem í 1. – 3. mgr. 85. gr. segir, frestast gerðin að því leyti, sem hún er háð viðkomandi ákvörðun. Skal sýslumaður bóka nákvæmlega hver sú ákvörðun er, sem krafist er úrlausnar héraðsdómara um, og hverjar kröfur aðilar gera. Skulu jafnframt bókaðar í stuttu máli röksemdir, sem þeir færa fyrir kröfum sínum.

☐ Ef gerðarþoli er ekki viðstaddur eða neinn, sem málstað hans getur tekið, þegar gerðarbeiðandi krefst úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, skal sýslumaður tilkynna gerðarþola um málavexti.

☐ Sýslumaður skal afhenda þeim, sem krefst úrlausnar héraðsdómara, staðfest ljósrit gagna og eftirrit úr gerðabók varðandi aðfarargerðina svo fljótt, sem við verður komið.

☐ Sá, sem krefst úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, skal án tafar senda héraðsdómara málsgögn skv. 3. mgr.

☐ Heimilt er sýslumanni að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið.

■ **87. gr.** Er héraðsdómara hafa borist gögn varðandi aðfarargerðina, ákveður hann stað og stund til þinghalds og tilkynnir málsaðilum það með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara.

☐ Sá, sem krafist hefur úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, telst sóknaraðili máls um ágreiningsefnið fyrir héraðsdómi, en gagnaðili að gerðinni varnaraðili máls. Komi sjálfstæðar kröfur fram af hálfu varnaraðila um ákvörðun sýslumanns, skal farið með þær eins og gagnsök í sama máli.

■ **88. gr.** Ef þinghald skv. 1. mgr. 87. gr. er sótt af hálfu beggja eða allra málsaðila og sættir takast ekki um ágreininginn, veitir héraðsdómari þeim skamman frest til greinargerða og öflunar sýnilegra sönnunargagna, ef þörf krefur. Skal málið síðan sótt og varið munnlega.

☐ Kröfur verða ekki hafðar uppi í máli samkvæmt kafla þessum í andstöðu við fyrri úrlausn dómstóls um málefnið.

■ **89. gr.** Ef sóknaraðili sækir ekki þinghald skv. 1. mgr. 87. gr. eða þingsókn hans fellur síðar niður, skal fella málið niður, ef varnaraðili hefur ekki sjálfstæðar kröfur uppi, en ella aðalsök þess. Heimilt er héraðsdómara að úrskurða varnaraðila ómaksþóknun úr hendi sóknaraðila, ef mál er fellt niður og varnaraðili hefur sótt þing og krefst hennar. Ef varnaraðili hefur gert sjálfstæðar kröfur í málinu, skal farið með sök hans samkvæmt reglum 2. mgr., eftir því sem við getur átt að breyttu breytanda.

☐ Ef varnaraðili sækir ekki þinghald skv. 1. mgr. 87. gr. eða þingsókn hans fellur síðar niður, skal héraðsdómari fella gagnsök niður, ef varnaraðili hefur haft sjálfstæðar kröfur uppi, og gefa sóknaraðila kost á að leggja fram greinargerð í aðalsök, hafi hún ekki áður komið fram. Hafi varnaraðili lagt fram greinargerð, áður en þingsókn hans féll niður, skal sóknaraðila gefinn kostur á að leggja fram stutt skriflegt svar við röksemdum varnaraðila, áður en málið verður tekið til úrskurðar.

■ **90. gr.** Vitnaleiðslur og mats- og skoðunargerðir skulu að jafnaði ekki fara fram í málum samkvæmt kafla þessum.

☐ Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli skýrslna og málflutnings aðila og framkominna skjala kveðið á um staðfestingu eða ómerkingu ákvörðunar sýslumanns eða lagt fyrir sýslumann að framkvæma gerð með öðrum hætti en hann hafði áður ákveðið.

☐ Héraðsdómari leggur ekki mat í úrskurði sínum á önnur atriði gerðar en þau, sem krafist hefur verið úrlausnar um, nema um atriði sé að tefla, sem sýslumanni bar að gæta af sjálfsdáðum.

■ **91. gr.** Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði skal annars beitt um mál samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.

☐ Aðfarargerð má þegar fram halda, er úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla hefur gengið, ef annað er ekki tekið fram í úrskurðinum.

☐ Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki aðfarargerð, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.

**15. kafli. Úrlausn ágreinings eftir lok aðfarargerðar.**

■ **92. gr.** Heimilt er málsaðilum, þar á meðal þriðja manni, sem hagsmuni hefur af gerðinni, að krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerð, ef krafa þess efnis berst héraðsdómara innan átta vikna frá því gerðinni var lokið.

☐ Þegar frestur skv. 1. mgr. er liðinn, verður ágreiningur um aðfarargerð eða ákvarðanir sýslumanns um framkvæmd hennar ekki lagður fyrir héraðsdómara, nema allir málsaðilar séu á það sáttir eða héraðsdómari telji afsakanlegt að málefnið hafi ekki verið lagt fyrir hann í tæka tíð eða til ágreinings komi um gerðina vegna kröfu gerðarbeiðanda um nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun á eign, sem tekin hefur verið fjárnámi.

■ **93. gr.** Þegar málsaðili krefst úrlausnar um aðfarargerð skv. 92. gr., tilkynnir hann héraðsdómara það skriflega. Í tilkynningunni skal eftirfarandi koma fram:

1. um hverja aðfarargerð er að ræða, hvenær hún fór fram og hverjir aðilar hennar voru;
2. hvers krafist er fyrir héraðsdómara;
3. á hverjum málsástæðum og lagarökum kröfur eru reistar.

☐ Með tilkynningu skv. 1. mgr. skulu að jafnaði fylgja

staðfest eftirrit framlagðra gagna við aðfarargerðina og bókana í gerðabók sýslumanns um hana, en ella skulu þau afhent héraðsdómara svo fljótt, sem við verður komið.

□ Heimilt er sýslumanni að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið.

■ **94. gr.** Um málsmeðferð fyrir héraðsdómi gilda fyrirmæli 87. – 89. gr. og 1. mgr. 90. gr., en að öðru leyti almennar reglur um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

■ **95. gr.** Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli skýrslna og málflutnings aðila og framkominna skjala kveðið á um staðfestingu eða ógildingu aðfarargerðar eða um breytingu hennar, samkvæmt því, sem við á hverju sinni. Ef kveðið er á um breytingu gerðarinnar, skal tiltekið nákvæmlega í hverju hún felst.

□ Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki frekari fullnustuaðgerðum, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.

**VI. þáttur. Ýmis ákvæði.**

**16. kafli. Ábyrgð á aðfarargerð.**

■ **96. gr.** Hafi gerðarbeiðandi krafist fullnustu kröfu eða réttinda með aðfarargerð, sem síðar er leitt í ljós að skilyrði skorti til, ber honum að bæta allt tjón, sem aðrir hafa orðið fyrir af þeim sökum.

□ Hafi aðfarargerð farið fram með ólögmætum hætti og verið felld úr gildi af þeim sökum að einhverju leyti eða öllu með dómsúrlausn, á sá, sem fyrir tjóni hefur orðið, rétt til bóta úr hendi gerðarbeiðanda eftir almennum skaðabótareglum.

□ Ef svo stendur á, sem í 1. eða 2. mgr. segir, og gerðarþoli hefur sætt frelsisskerðingu, húsleit verið gerð hjá honum eða leit verið gerð á honum, sbr. 29. – 31. gr., á hann rétt til miskabóta úr hendi gerðarbeiðanda.

■ **97. gr.** Heimilt er þeim, sem tilkall á til bóta skv. 96. gr., að beina málsókn til heimtu þeirra að ríkissjóði óskipt með gerðarbeiðanda, ef sýslumaður eða fulltrúi hans hefur sýnt af sér gáleysi við framkvæmd þeirrar athafnar, sem leitt hefur til tjóns.

□ Um ábyrgð héraðsdómara fer eftir sérreglum laga.

■ **98. gr.** Mál til heimtu bóta skv. 96. gr., sbr. 1. mgr. 97. gr., ber að höfða fyrir héraðsdómi áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því sá, sem fyrir tjóni hefur orðið, átti þess fyrst kost að hafa kröfu sína uppi.

**17. kafli. Gildistaka, brottfallin lög og ákvæði til bráðabirgða.**

■ **99. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

□ Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Lög um aðför, nr. 19 4. nóvember 1887.
2. 8. og 9. tölul. 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 1. gr. og 2. – 16. gr. laga um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29 16. desember 1885.
3. Í norskum lögum Kristjáns V., 15. apríl 1687, í I. bók, 22. kap.; 19., 22., 23., 24., 28., 39., 40. og 56. gr.
4. Kammerréttarskipun 18. mars 1720.
5. Tilskipun um aðför eftir áfrýjuðum dómum, 13. janúar 1792.
6. Tilskipun um aðför eftir dómum er leggja fyrir fyllingar- eða synjunareið, 14. september 1792.
7. Kansellíumburðarbréf um aðför eftir sátt hjá gjaldheimtumönnum konungs, 16. nóvember 1819.
8. Opið bréf um innheimtu eftirgjalds af jarðeignum landssjóðs, 21. maí 1829.
9. Opið bréf handa Íslandi er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrétti hjá þeim mönnum sem hafa látið aðra fá sjálfsvörsluveð í lausafé sínu, 11. desember 1869.
10. Lög um úrskurðarvald sáttanefnda, nr. 32 11. júlí 1911.

1989 Nr. 90 1. júní

■ **100. gr.** Aðfarargerðir skulu ekki fara fram og ekki skal tekið við nýjum aðfararbeiðnum frá og með 15. júní 1992 til og með 30. júní 1992 nema brýnir hagsmunir gerðarbeiðanda krefjist þess að mati fógeta. Heimilt er þó á framangreindu tímabili að ljúka gerð sem byrjað hefur fyrir 15. júní 1992.

■ **101. gr.** Beiðnir um aðfarargerðir, sem ekki hefur verið sinnt þann 15. júní 1992 og liggja fyrir við borgarfógetaembættið í Reykjavík, embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og embætti bæjarfógeta og sýslumanna, skulu endursendar hlutaðeigandi gerðarbeiðendum nema þeir hafi áður óskað bréflega eftir framsendingu tiltekinna beiðna til héraðsdóms eða embættis sýslumanns, eftir því sem leiðir af fyrirmælum 11. og 16. gr.

□ Beiðnir, sem framsendar eru samkvæmt fyrirmælum 1. mgr., skulu skráðar skv. 1. mgr. 15. eða 18. gr. og njóta stöðu skv. 1. mgr. 19. gr. í samræmi við þann dag sem þær bárust borgarfógeta, lögreglustjóra, bæjarfógeta eða sýslumanni ef þær bera móttökudaginn með sér. Teljast þær ella mótteknar 1. júlí 1992.

□ Beiðnir, sem endursendar eru gerðarbeiðendum samkvæmt fyrirmælum 1. mgr., glata þeirri réttarvernd sem þær kunna að njóta samkvæmt gildandi lögum 15. júní 1992.

■ **102. gr.** Aðför má gera samkvæmt fyrirmælum laga þessara til fullnustu kröfu þótt hún hafi ekki verið aðfararhæf samkvæmt fyrirmælum eldri laga og þótt gjalddagi hennar eða efndatími hafi verið fyrir 1. júlí 1992. Þetta tekur þó ekki til krafna sem nutu lögtaksréttar ef sá réttur er fyrndur samkvæmt eldri lögum við gildistöku þessara laga.

□ Ekki er þörf birtingar áskorunar áður en aðför fer fram samkvæmt lögum þessum þótt svo hafi staðið á um kröfu fyrir gildistöku laganna sem segir í 9. gr. laga nr. 19/1887.

■ **103. gr.** Ef aðfarargerð hefur byrjað fyrir gildistöku laga þessara, en er ólokið á því tímamarki, fer um framhald hennar samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

■ **104. gr.** Um heimildir til umráðasviptingar eigna, sem fjárnám eða lögtak hefur verið gert í fyrir 1. júlí 1992, fer eftir 7. kafla frá þeim degi.

□ Fyrirmæli 54., 58. og 60. gr. taka ekki til aðfarargerða sem hafa farið fram fyrir 1. júlí 1992.

■ **105. gr.** Um heimildir til endurupptöku fjárnáms- eða lögtaksgerða, sem hafa farið fram fyrir 1. júlí 1992, skal farið eftir reglum eldri laga þótt komið sé fram yfir þann dag. Um framkvæmd við endurupptöku skal farið eftir fyrirmælum 68. gr., eftir því sem við getur átt.

■ **106. gr.** Fyrirmæli 10. kafla taka ekki til dagsekta, sem fallið hafa í gjalddaga fyrir 1. júlí 1992.

**1989** Nr. 90 1. júní

■ **107. gr.** Ef rekstur sérstaks ágreiningsmáls hefur byrjað fyrir fógetarétti eða ákvörðun verið tekin um hann fyrir 1. júlí 1992, en málinu hefur ekki verið lokið fyrir þann dag, skal það sjálfkrafa sæta áframhaldandi meðferð fyrir þeim héraðsdómi sem þá tekur við lögsögu í viðkomandi umdæmi. Meðferð slíks máls skal lokið samkvæmt þeim reglum sem giltu fyrir gildistöku laga þessara.

□ Aðfarargerð, sem lokið hefur verið fyrir 1. júlí 1992, verður ekki borin undir héraðsdóm skv. 15. kafla.

■ **108. gr.** Fyrirmæli 16. kafla taka ekki til athafna sem eiga sér stað fyrir 1. júlí 1992, þótt aðfarargerð sé lokið eftir þann tíma.

**1932** Nr. 30 23. júní

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur sá, sem undirritaður var í Kaupmannahöfn þann 16. marz 1932 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra, skuli koma í gildi. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilað að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.

**Fylgiskjal.**

**Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra.**

■ **1. gr.** Aðfararhæfir dómar, sem gengið hafa í einhverju samningslandanna í einkamálum, skulu einnig vera bindandi í hinum ríkjunum. Sama er um dóma í sakamálum að því er þeir varða bætur fyrir afleiðingar verknaðar, sem tjóni hefir valdið.

□ Með dómi er átt við úrlausn réttarins um kröfu þá eða réttaratriði, sem málið er um.

■ **2. gr.** Í samningi þessum teljast jafnsettir aðfararhæfum dómum:

1. úrskurðir yfiraðfararvaldsmanns (överexekutor) í Finnlandi eða Svíþjóð um greiðsluskyldu í málum, þar sem krafan styðst við skuldabréf eða annað skriflegt sönnunargagn (lagsökningsmál) enda sé frestur til málskots (besvär) liðinn;

2. sætt, gerð fyrir sáttanefnd eða rétti;

3. aðfararhæfir úrskurðir sem felldir eru í einkamálum, annaðhvort í dóminum eða sérstaklega, um bætur fyrir málskostnað eða um þóknun til votta eða sérfróðra manna.

■ **3. gr.** Útivistardómur, sem í Danmörku, Íslandi eða Noregi hefir verið felldur yfir stefndum fyrir fyrsta dómsstigi og „tredskodom", eða annar dómur, sem í Finnlandi eða Svíþjóð hefir verið felldur fyrir fyrsta dómsstigi gegn stefndum, sem ekki mætti, skal því aðeins vera bindandi í hinum ríkjunum, að svo standi á sem nú segir:

1. að stefndur hafi, þegar stefna, sáttafyrirkall eða fyrirkall til yfiraðfararvaldsmanns (överexekutor) var birt, átt heimilisfang eða skráð firma í því ríki, þar sem dómurinn er dæmdur, eða stjórn sú, sem kemur fram fyrir stefnda, hafi þá átt heima í því ríki, eða fyrirkallið verið birt umboðsmanni, sem stefndum lögum samkvæmt var skylt að hafa í þessu ríki; eða

2. að gert hafi verið óbrigðanlegt samkomulag um, að málið skuli rekið fyrir þeim rétti, sem uppkvað dóminn; eða

3. að dómurinn sé um bætur fyrir afleiðingar verknaðar, sem tjóni hefir valdið og framinn hefir verið í því ríki, þar sem dómurinn var dæmdur, enda sé stefna birt stefnda sjálfum, meðan hann dvelur í því ríki.

□ Sama er um útivistardóm, sem á hærra dómsstigi er felldur gegn stefnda, ef dómurinn hefir og verið útivistardómur á fyrsta dómsstigi.

■ **4. gr.** Krefjast má, að dómum, úrskurðum og sættargerðum, sem samkv. 1. – 3. gr. eru bindandi utan þess ríkis, þar sem dómurinn eða úrskurðurinn er felldur eða sættin gerð, og hægt er að fullnægja í því ríki, verði fullnægt í hinum ríkjunum.

■ **5. gr.** Beiðni um aðför á að senda: í Danmörku og á Íslandi fógeta, í Finnlandi og Svíþjóð yfiraðfararvaldsmanni (överexekutor), og í Noregi aðfarardómstól (namsretten).

■ **6. gr.** Beiðni um aðför eftir dómi eða úrskurði skal fylgja:

1. dómurinn eða úrskurðurinn í frumriti eða útskrift, staðfestri af hlutaðeigandi yfirvaldi;

2. vottorð um, að dómurinn eða úrskurðurinn sé þess eðlis, sem segir í 1. eða 2. grein, og að hann sé aðfararhæfur og megi fullnægja honum í því ríki, þar sem hann er uppkveðinn;

3. dómi, sem um ræðir í 3. grein, vottorð, er sýni, að dómurinn hafi gildi samkvæmt þeirri grein.

□ Beiðni um fullnægju sættar skal fylgja útskrift af sættargerðinni staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi, svo og vottorð um, að sættin sé gerð fyrir sáttanefnd eða rétti og að henni megi fullnægja í því ríki, þar sem hún var gerð.

□ Skjölum, sem rituð eru á finnsku eða íslenzku, skal fylgja skjalfest þýðing á dönsku, norsku eða sænsku.

■ **7. gr.** Vottorð þau, sem getur um í 6. gr., gefa: í Danmörku, Finnlandi, Íslandi og Noregi dómsmálaráðuneytið, í Svíþjóð fylkisstjórn (länsstyrelse).

■ **8. gr.** Ákvörðun um, hvort framkvæma skuli fullnægju samkvæmt þessum samningi, er tekin án þess að gagnaðili sé til kvaddur; þegar sérstaklega stendur á, má þó gefa honum tækifæri til að bera fram ástæður sínar.

■ **9. gr.** Aðför fer í hverju ríki fram samkvæmt þar gildandi lögum án tillits til þess, sem dómurinn, úrskurðurinn eða sættin kann að kveða á um þvingunarráðstafanir.

■ **10. gr.** Ákvæðin í þessum samningi um réttargildi dóma breyta að engu leyti 22. gr. í samningi frá 6. febrúar 1931,[1)] er hefir að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, og leiða ekki af sér, að dómar eða úrskurðir um slík mál fái gildi í öðrum tilfellum en þar er ákveðið. Fullnægju dómsúrskurða, sem gildi hafa samkvæmt nefndri grein, má krefjast samkvæmt 4. til 9. gr. þessa samnings.

□ Nú hefir í Danmörku, á Íslandi eða í Noregi verið dæmdur dómur, þar sem beitt er ákvæðum löggjafarinnar um fjármál hjóna, og skal þá samningur þessi ekki ná til dómsins í Finnlandi eða Svíþjóð, ef þar hefði átt að gera út um deiluatriði samkvæmt eldri hjúskaparlöggjöf landsins.

**1932** Nr. 30 23. júní

□ Samningur þessi nær ekki til dóma, úrskurða né sátta um meðlagsskyldu í sifjamálum, og breytir að engu leyti samningnum frá 10. febrúar 1931[2] um innheimtu meðlaga.

□ Eigi breytir samningurinn heldur að neinu leyti ákvæðum þeim, sem í öðrum samningum felast um gildi eða fullnægju dóma og annarra úrskurða.

[1] *Sjá l. 29/1931, sbr. l. 62/1954 og l. 98/1969.* [2] *Sjá l. 30/1931, sbr. nú l. 93/1962.*

■ **11. gr.** Samningur þessi nær ekki til dóma, úrskurða né sætta um:

1. frændsemi, erfðarétt, ábyrgð erfingja á skuldum, skipti dánarbúa, meðferð þrotabúa, nauðasamninga án gjaldþrotaskipta, eða riftingu réttargernings við gjaldþrot;

2. eignarrétt eða annan rétt yfir fasteign í einhverju hinna ríkjanna, skyldu til að gera ráðstafanir um slík réttindi, eða afleiðingar af vanrækslu skyldunnar;

3. skatta og gjöld til ríkis eða sveitar- eða bæjarfélags, eða önnur mál opinbers réttar, jafnvel þótt dómurinn eða úrskurðurinn hafi verið kveðinn upp í sama formi sem venja er um einkamál.

□ Samningurinn nær ekki til úrskurða, sem fellt hafa sérstakir dómstólar í atvinnudeilum.

■ **12. gr.** Af samningnum leiðir ekki skylda til að viðurkenna eða fullnægja dómi, úrskurði eða sætt, þegar augljóst er, að það mundi vera ósamrýmanlegt réttarskipulagi landsins.

■ **13. gr.** Samningurinn nær ekki til dóma né úrskurða, sem upp hafa verið kveðnir, né sætta, sem gerðar hafa verið, áður en samningurinn gekk í gildi.

■ **14. gr.** Samning þennan skal fullgilda, og skal fullgildingarskjölunum komið fyrir til geymslu í skjalasafni utanríkisráðuneytisins danska, svo fljótt sem auðið er.

□ Milli þeirra ríkja, er þá hafa fullgilt samninginn, gengur hann í gildi hinn 1. janúar eða 1. júlí næstan á eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því, er fullgildingarskjölum að minnsta kosti þriggja ríkjanna hefir verið komið fyrir til geymslu. Gagnvart ríkjum, er síðar fullgilda, gengur samningurinn í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því, að fullgildingarskjalinu var komið fyrir til geymslu.

□ Sérhvert ríkjanna getur sagt samningnum upp gagnvart sérhverju hinna ríkjanna með 1 árs uppsagnarfresti, svo að hann gengur úr gildi 1. janúar eða 1. júlí.

**1792** 14. sept.

## Tilskipun um aðför eftir dómum, er leggja fyrir fyllingar- eða synjunareið.[1]

[1] *Tilskipun þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 90/1989, 99. gr.*

Með því að Vér höfum komizt að raun um, að tilsk. 5. nóv. 1723, sem bannar að taka við fyllingar- eða synjunareiði eftir dómum, sem áfrýja má til æðri réttar, ef mótparturinn mótmælir því, er notuð af þrætugjörnum málsaðiljum og málfærslumönnum til þess að koma fram endalausum mótmælum gegn því, að slíkum dómum sé fullnusta veitt, þá hefir Oss þótt nauðsyn til bera að gera þá skipun í þessu efni, að eigi verði, að einu leytinu, hrapað svo að eiðtöku eftir hinum uppkveðna dómi, að málsaðili fái eigi ráðrúm til að áfrýja honum, og að hinu leytinu, að hinn málsaðilinn geti eigi með vífilengjum spillt rétti mótparts síns og bakað honum óþarfa kostnað. Samkvæmt þessum grundvallarreglum bjóðum Vér hérmeð allram., að þá er fyllingar- eða synjunareiður er fyrir lagður með dómi, er áfrýja má til æðri réttar, þá skulu engin mótmæli gegn fullnustugerð hans gild vera, eftir að liðnir eru 3 mánuðir frá því dómurinn var löglega birtur hlutaðeiganda, nema því aðeins, að framlögð sé stefna til yfirréttarins, því að þá skal farið eftir Dönsku Laga 1 – 24 – 54 og Norsku Laga 1 – 22 – 56.

**1792** 14. sept.

**1792** 13. jan.

## Tilskipun um aðför eftir áfrýjuðum dómum.[1]

[1] *Tilskipun þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 90/1989, 99. gr.*

... Ef maður er dæmdur með ... dómi, sem áfrýja skal beint til hæstaréttar, ... sökum ómótmæltrar bréflegrar skuldbindingar, til að lúka skuld, þá má dómhafi, þótt dóminum sé áfrýjað af hálfu skuldunauts, láta fógeta gera fjárnám hjá honum, nema hann setji næga tryggingu bæði fyrir hinu ídæmda og kostnaði þeim, er leiða kann af framhaldi málsins. En ef mótmæli gegn gildi skuldabréfsins eða réttmæti kröfunnar hafa fram komið í málinu, þá skal dómhafi, til tryggingar sér, aðeins fá lagða löggeymslu á fjármuni dómfellda, á þann hátt er D. L. 1 – 24 – 22 og N. L. 1 – 22 – 24 greina, og má hann þá eigi taka til sín hið löggeymda, nema hann setji næga tryggingu fyrir því, ef svo skyldi fara, að fullnaðardómur dæmdi allt eða nokkuð af hinu umþráttaða af honum.

**1885** Nr. 29 16. des.

## Lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

### I. Um lögtak.

■ **1. gr.** Taka má lögtaki skuldir þær og gjöld, er nú skal greina:

1. Skatta til landssjóðs, sveitar- og bæjarsjóða, svo og önnur gjöld og greiðslur, sem eftir beinu lagaákvæði, eða eftir lögheimilaðri niðurjöfnun eða mati eiga að lúkast til landssjóðs, sveitar- og bæjarsjóða, kirkna,[1] opinberra stofnana, embætta og sýslana.

2. Gjöld af fasteignum landssjóðs, sveitar- og bæjarfélaga, þegar eftirrit af lögtaksbeiðninni hefir birt verið skuldunaut vottfast á þann hátt, sem lagt er fyrir í opnu bréfi 21. maí 1829, 1. gr.

3. Gjöld fyrir notkun þeirra stofnana, landsnytja og annarra hluta, er til almennings þarfa eru ætlaðir, enda séu gjöld þessi ákveðin í reglugerðum og gjaldskrám, sem staðfestar eru af konungi eða ráðgjafa, eða og samþykktar eða staðfestar eru af sveitarstjórn, bæjarstjórn eða yfirvaldi lögum samkvæmt.

4. Gjöld fyrir leyfisbréf, dómgjöld, endurgjald – þar meðtaldir dagpeningar og ferðakostnaður – sem greiða ber þeim, er framkvæmir eða er við staddur gerðir, eftir lagaákvæði eða sem sýslunarmaður, eða sem sérstaklega er til þess kvaddur eða skipaður af yfirvaldi, enda sé í lögum eða verðskrám, staðfestum af konungi, ráðgjafa eða landshöfðingja lögum samkvæmt kveðið á um, hvað gjalda skuli eða hvernig það skuli reikna; svo er og um endurgjald annarra lögmætra útgjalda, sem erindisrekstrinum voru samfara.

5. Endurgjald þess, sem landssjóður, kirkjur, sveitar- eða bæjarsjóðir hafa orðið að greiða, til að bæta úr vanrækslu einstakra manna á lögboðnum útvegunum, aðgerðum, vinnu eða kvöðum.

6. Framfærslueyrir, sem manni ber að greiða með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni sínu, meðan móðir þess er honum gift, foreldri sínu eða

konu, er hann hefir slitið samvistum við hana að óvilja hennar, eða skilið við hana að borði og sæng eða að fullu og öllu, enda sé sá framfærslueyrir ákveðinn af yfirvaldi lögum samkvæmt, eða í skilnaðarskilmálum, staðfestum af yfirvaldi, hvort heldur er skilnaður að borði og sæng eða að fullu og öllu; svo er og um skaðabætur frá húsbændum eða öðrum þeim, er gjald eiga að greiða þeim manni, er framfærsluskylda hvílir á, hafi yfirvaldið lagt lögbann á greiðsluna, eftir reglum þeim, er um það gilda.

7. Brunabótagjald af húsum, sé tryggingin lögboðin.

8. Þóknun sú, sem ákveðin er í 7. gr. tilskipunar 12. febr. 1872 um síldar- og upsaveiði með nót.[2)]

9. Álag eftir úttekt samkv. lögum 12. jan. 1884 um bygging, ábúð og úttekt jarða, þó með þeim afbrigðum frá fyrirmælum þessara laga, sem leiða af því, að lögtakið á fram að fara tafarlaust og framkvæmast af úttektarmönnum (sbr. l. nr. 1 12. jan. 1884, 33. gr.).[3)2)]

10. Andvirði fyrir lausafé, keypt á opinberu uppboði, enda greini uppboðsbókin ljóslega nafn kaupanda og kaupverðið.

[11. Umsamdar greiðslur atvinnurekanda í sjúkra-, orlofs- og styrktarsjóði, svo og iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði.][4)]

□ Aðrar kröfur en þær, er nú voru taldar, má eigi lögtaki taka.[2)]

□ Þó er lögtaksbeiðanda ávallt frjálst, að ganga eftir skuld sinni með venjulegri lögsókn, sem og að neyta lögtaks til að heimta nokkurn hluta skuldarinnar, þyki fógeta það eftir atvikum við eiga, en ganga eftir hinu með venjulegri lögsókn. Bjóði skuldunautur fram nokkurn hluta skuldarinnar, skal því boði eigi hafnað.[2)]

[1)]*Sbr. l. 31/1915.* [2)]*8. og 9. tl. 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 1. gr. falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.* [3)]*Sjá l. 64/1976, 46. gr.* [4)]*L. 21/1979, 1. gr.*

■ **2. gr.** [Lögtaksrétturinn fylgir skuldakröfunni, og ber hann því hverjum þeim, er hana síðar eignast. Rétturinn helzt þangað til 2 ár eru liðin frá gjalddaga. Þó er það nóg, að lögtaksgerð sé byrjuð innan tveggja ára frestsins, enda sé lögtakinu haldið áfram með hæfilegum hraða. Séu gjalddagar lögtakskröfu fleiri en einn, skal þó telja frestinn frá síðari eða síðasta gjalddaga.][1)2)]

[1)]*L. 83/1947, 1. gr.* [2)]*Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **3. gr.** Nú vill maður lögtaks beiðast, og skal hann um það fógeta bréf rita; hafi hann bréfleg skilríki eða sönnunargögn fyrir skuld sinni, skal hann jafnframt senda þau fógeta, ella láta honum í té nægar skýrslur til þess, að hann geti skorið úr, hvort lögtak megi fram fara. Virðist fógeta eftir fram komnum gögnum lögtak mega fram fara, ritar hann úrskurð um það á lögtaksbeiðnina, þó að því tilskildu, að lögtaksbeiðandi hafi ábyrgð á, að skuldin sé rétt og verður þeim úrskurði einum sér eigi áfrýjað. Að öðrum kosti neitar hann beiðanda um lögtak með úrskurði, og má áfrýja honum lögum samkvæmt.[1)]

[1)]*Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **4. gr.** [Nú er lögtak leyft, og skal beiðandi eða fógeti, er hann samkvæmt embættisskyldu á að annast um framkvæmd á lögtaki, hlutast til um, að beiðnin með árituðum úrskurði sé birt skuldunaut af stefnuvottum að minnsta kosti viku fyrr en lögtak á að fara fram. Þá er heimtir skulu skattar til ríkissjóðs, bæjargjöld eða sveitar, kirkjugjöld, brunabótagjöld, ef hreppur eða kaupstaður hefir vátryggt á sama stað, og önnur opinber gjöld, nægir að auglýsa á þann hátt, sem tíðkast um opinberar auglýsingar, að fógeti hafi úrskurðað lögtak á gjöldunum og að lögtakið fari fram án frekari fyrirvara. Skal það gert að minnsta kosti viku áður en lögtakið á að fara fram. Eigi er þörf að greina nöfn skuldunauta í auglýsingunni.][1)2)]

[1)]*L. 19/1931.* [2)]*Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **5. gr.** [Fógeti framkvæmir lögtak, þó má hreppstjóri gera lögtak í sveitum, þegar skuldin nemur ekki meiru en 10 þúsund krónum.][1)] Nú selur lögtaksbeiðandi fógeta eða hreppstjóra í hendur beiðni sína, með árituðu birtingarvottorði, eins og segir í 4. gr., og skulu þeir þá, nema lögmæt forföll banni, framkvæma lögtakið, þegar fresturinn er liðinn.[2)]

[1)]*L. 108/1950, 1. gr.* [2)]*Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **6. gr.** Þegar fógeti er beðinn lögtaks á framfærslueyri, þarf eigi að gera það bréflega, og má fógeti rita úrskurð sinn á yfirvaldsúrskurð þann, er ákveðið hefir meðlagið eða staðfest hefir samning um fjárhæð þess. Þá er yfirvaldsúrskurðurinn eitt sinn hefir birtur verið þeim, er hlut á eða eiga að máli, getur í sveitum hreppstjórinn, en í kaupstöðum lögregluþjónn eða einn stefnuvottur birt lögtaksúrskurð fógeta, svo að gilt sé, um innheimtu hverrar þeirrar fjárhæðar, er í gjalddaga er komin. Nú hefir beiðzt verið heimtu á slíkum framlögum, og beiðnin gild tekin, og skal fógeti án frekari áskorunar annast um innheimtuna, þar með talin sala á hinum lögteknu munum og innheimta andvirðisins.[1)]

[1)]*Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **7. gr.** Auk aðalkröfunnar nær lögtakið og til alls kostnaðar, er leiðir af gerðinni og af geymslu og sölu hinna lögteknu muna, en ekki má heimta gjöld fyrir gerðina fyrir fram. Ef söluandvirðið hrökkur eigi fyrir kröfunni og áföllnum kostnaði, skal lögtakinu fram haldið án fyrirvara eftir 4. gr. Að öðru leyti skal lögtak fram fara eftir ákvæðum laganna um fjárnám, en eigi þarf lögtaksbeiðandi að vera við staddur gerðina. Ef gjald það, er lögtaki skal taka, eigi er ákveðið í peningum, skal fógeti eða hreppstjóri breyta því í peningagjald, ef gjaldið er ákveðið í þeim aurum, sem verðlagsskrá leggur verð á; en að öðrum kosti skulu lögkvaddir virðingarmenn kveða á um féhæð þess. Lögtak, er hreppstjóri framkvæmir, á fram að fara í viðurvist tveggja tilkvaddra votta, og getur enginn, sem hann kveður til, undan skorazt. Hann ritar gerðina í bók, er fógeti fær honum, og hefir löggilt, og skal greiða andvirði bókarinnar úr sýslusjóði.

□ Ef lögtaksbeiðandi eigi er við staddur gerðina, er fógeti eða hreppstjóri skyldur að taka við borgun þeirri, er fram kann að verða boðin, meðan á gerðinni stendur, hvort heldur er á skuldinni allri eða á hluta hennar, og er það jafngilt og lögtaksbeiðandi hefði sjálfur við tekið; svo er og þeim, er lögtak framkvæmir, skylt að ákveða, hvort hinir lögteknu munir skulu eftir sem áður vera í vörzlum skuldunauts, ella annast um varðveizlu þeirra, svo að vel sé.

□ [Þá er heimtir skulu í kaupstöðunum skattar þeir og gjöld, er um ræðir í 2. málslið 4. gr., getur fógeti ákveðið að byrja gerðina í skrifstofu sinni, enda tilkynni hann skuldara í ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan

hátt, hvenær gerðin á að fara fram og skori á hann að mæta við gerðina, og er nægilegt, að sú tilkynning sé send til eða birt á því heimili gerðarþola, sem síðast er skráð í manntal. Mæti gerðarþoli þá ekki, og hafi hann eigi tilkynnt lögleg forföll, skal lögreglan eftir beiðni fógeta hafa uppi á gerðarþola og sjá um, að hann mæti hjá fógeta.

□ Eigi þarf nema einn vott við lögtaksgerðir, er fógeti framkvæmir, en kveðja má hann til sérfróða virðingarmenn, ef hann telur þess þörf.

□ Nú á gerðarþoli inneignir í bönkum eða sparisjóðum, og þarf gerðarbeiðandi þá ekki að sætta sig við, að bent sé á aðrar eignir til lögtaks, að því leyti sem inneignir þessar hrökkva til greiðslu á kröfunni. Ákvæði þetta tekur þó ekki til innstæðu, er nemur 5000 krónum eða minna.][1)2)]

[1)]*L. 108/1950, 2. gr.* [2)]*Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **8. gr.** Sé það fógeti, sem lögtakið framkvæmir, mega varnir fram koma, meðan á gerðinni stendur. Meðan sókn og vörn fer fram fyrir fógetanum um lögmæti fram kominna mótmæla, getur venjulega aðeins lögtaksbeiðandi fengið frest til að sanna sitt mál. Ef lögtaksbeiðandi eigi er viðstaddur, og eigi verður þegar til hans náð, og fógeti þykist hvorki geta dæmt fram komin mótmæli ógild þegar í stað, né heldur tekið þau gild, skal gerðinni frestað, og málsaðiljum skýrt frá, hve nær gerðin skuli upp tekin af nýju, og fer þá sókn og vörn fram eftir reglum þeim, er gilt hafa til þessa. Þá er fógeti á að úrskurða um fram komin mótmæli, er hann eigi bundinn við úrskurð þann um að lögtak megi framkvæma, er kveðinn er upp samkvæmt 3. gr. Úrskurði, er tekur gild fram komin mótmæli, má áfrýja lögum samkvæmt.[1)]

[1)]*Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **9. gr.** Sé það hreppstjóri, sem framkvæmir lögtak, mega varnir fram koma, meðan á gerðinni stendur og innan hálfs mánaðar eftir framkvæmd hennar. Komi mótmæli fram, meðan á gerðinni stendur, skal hreppstjóri bóka þau, en framkvæma lögtakið, og því næst senda fógeta eftirrit af bókinni. Mótmæli, sem fram koma, eftir að gerðinni er lokið, skal bera fram fyrir fógeta. Að hálfum mánuði liðnum frá því gerðin fór fram, leggur fógeti úrskurð sinn á fram komin mótmæli; þó má fógeti, þyki honum nauðsyn til bera, gefa málsaðiljum kost á að láta uppi álit sitt um mótmælin fyrir fógetadómi, áður hann leggur úrskurð á þau. Nú þykja fógeta fram komin mótmæli gild vera, og leiðréttir hann þá sjálfur það, er rangt er, eða lætur hreppstjóra gera það, eða hann ónýtir með úrskurði gerðina að öllu eða nokkru leyti. Taki fógeti mótmælin eigi til greina staðfestir hann gerðina til fullnaðar. Skýra skal málsaðiljum frá málalokum. Séu mótmæli gild tekin með úrskurði, má áfrýja honum lögum samkvæmt.[1)]

[1)]*Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **10. gr.** Leysa má lögtekna muni, þangað til uppboð fer fram, greiði maður það, er lögtak var gert fyrir, með áföllnum kostnaði. ...[1)2)]

[1)]*L. 57/1949, 50. gr.* [2)]*Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **11. gr.** Nú þykir einhverjum sér óréttur ger með lögtaki, og getur hann þá áfrýjað gerðinni, hvort sem mótmæli þau, er hann ber fyrir sig, hafa fram komið við sjálfa gerðina eða eigi, og hvernig sem þeim er háttað, enda nemi gerðin slíku, er áfrýja megi. Áfrýja skal áður 8 vikur séu liðnar frá gerðardegi, eða frá staðfestingu hennar, hafi mótmæli fram komið samkvæmt 9. gr.

□ Uppreisn má eigi veita, þegar missiri er liðið frá sama tíma. Hafi stefna til áfrýjunar lögtaksgerðinni verið birt lögtaksbeiðanda, áður liðinn sé 3 vikna frestur sá, sem nefndur er í 10. gr., má lögtaksbeiðandi eigi selja hina lögteknu muni, þar til lögtaksgerðin hefir dæmd verið lögmæt með fullnaðardómi í því máli. Hafi lögtaksbeiðanda eigi verið varnað sölu á þennan hátt, má krefjast ónýtingar á lögtaksgerðinni, séu hinir lögteknu munir eigi þegar seldir, ella aðeins krefjast skaðabóta.[1)]

[1)]*Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **12. gr.** Hafi sá, er fyrir lögtaki hefir orðið, önnur mótmæli gegn því en þau, að eigi hafi mátt skuldina lögtaki taka að lögum, eða lögtaksaðferðin hafi röng verið, er honum rétt mál að höfða í héraði um lögmæti gerðarinnar, enda hafi hann eigi í hyggju að koma fram ábyrgð á hendur fógeta, né hafi áfrýjað gerðinni eftir 11. gr. Mál þetta skal fyrst kæra fyrir sáttanefnd, og síðan höfða í þinghá þeirri, þar sem lögtak fór fram, þótt varnarþing lögtaksbeiðanda sé eigi þar; en höfða skal málið áður 8 vikur séu liðnar frá lögtaksdegi eða frá staðfestingu þess, hafi mótmæli fram komið eftir 9. gr.

□ Þá er fyrirkall hefir birt verið lögtaksbeiðanda, áður liðnar eru 3 vikur þær, er um getur í 10. gr., getur kærandi sett tryggingu, og með því varnað lögtaksbeiðanda sölu hinna lögteknu muna, þar til genginn er fullnaðardómur í því máli; má þá og krefjast ónýtingar á lögtaksgerðinni. Hafi lögtaksbeiðanda eigi verið varnað sölu á þennan hátt, má ónýtingar krefjast á lögtaksgerðinni, séu hinir lögteknu munir eigi þegar seldir, ella aðeins krefjast skaðabóta.[1)]

[1)]*Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **13. gr.** Sé mál höfðað út af lögtaksgerð samkv. 11. eða 12. gr., og reynist lögtaksgerðin ólögmæt, ber lögtaksbeiðanda, þar með talinn landssjóður, sveitarsjóðir, bæjarsjóðir, svo og aðrir yfirbjóðendur þeir og stofnanir, sem um er rætt í 1. gr., að bæta skuldunaut allan halla, er hann beðið hefir af lögtaksgerðinni, samkv. reglum þeim, er gilt hafa til þessa. Svo skal hann og greiða skuldunaut að skaðlausu málskostnað í öllum dómum, ef svo reynist, að skuld var krafin, sem engin var, eða eigi komin í gjalddaga, þá er lögtaksgerðin fór fram.[1)]

[1)]*Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **14. gr.** Fyrir lögtaksgerð hverja, er hreppstjóri framkvæmir, ber honum borgun, og, ef til kemur, endurgjald fyrir ferðakostnað, eftir lögum nr. 3 13. jan. 1882, 5. gr., sbr. 3. gr.[1)] Fyrir lögtaksgerðir, er fógeti framkvæmir, skal goldið eins og fyrir fjárnámsgerðir, samkvæmt ákvæðum aukatekjulaganna.[2)] Fyrir hverja birting samkvæmt 4. gr. ber stefnuvottum þóknun eftir lögum nr. 3 13. jan. 1882.[3)4)]

[1)]*Sbr. l. 32/1965.* [2)]*Sjá l. 79/1975.* [3)]*Sbr. l. 7/1965, 1. gr.* [4)]*Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

## II. Um fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

■ **15. gr.** Gera má fjárnám, þótt eigi styðjist það við dóm eða sátt, á tiltekinni skuld, sem þinglesið bréf er fyrir með veði í fasteign, hafi skuldunautur ritað undir það nafn sitt eða við það kennzt [í viðurvist notarii publici, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns eða full-

**1885** Nr. 29 16. des.

trúa þeirra, löggilts fasteignasala eða tveggja vitundarvotta][1] þá er skuldin er í gjalddaga komin fyrir uppsögn, eða eftir ákvæði veðbréfsins eða og fyrir greiðslufall á vöxtum eða afborgunum, sé svo með berum orðum til skilið í veðbréfinu. Fjárnámið má gera eigi einungis fyrir höfuðstól eða afborgun upp í hann, heldur og fyrir vöxtum út af fyrir sig; en eigi má fjárnám gera í öðru en veðinu, og eigi fyrri en liðinn er hálfur mánuður frá gjalddaga; og búi skuldunautur á hinni veðsettu eign, þá skal með þriggja daga fyrirvara birta honum með stefnuvottum, hvenær gerðin eigi fram að fara.

□ Um áfrýjun á slíku fjárnámi og uppboðum, er af því stafa, skal farið eftir almennum lagaákvæðum. Nú hefir skuldunautur afsalað sér rétti til áfrýjunar, áður en fjárnámsgerð fór fram, og er slíkt afsal ógilt.[2]

[1] *L. 73/1978, 1. gr.* [2] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

■ **16. gr.** ...[1]

[1] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 90/1989, 99. gr.*

**1915** Nr. 31 3. nóv.

**Lög um viðauka við 1. gr. laga nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.**

Gjöld til kirkjufélaga utan þjóðkirkjunnar, er fengið hafa sér löggiltan prest eða forstöðumann, má taka lögtaki, enda sé niðurjöfnun á gjöldunum eða gjaldskrá staðfest af stjórnarráðinu.

**1829** 21. maí

**Opið bréf um innheimtu eftirgjalds af jarðeignum landssjóðs.**[1][2]

[1] *Sbr. l. 29/1885, 1. gr., 2. tl.* [2] *Fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 90/1989, 99. gr.*

■ 1) Ógreidd jarðaafgjöld, er jarðabókasjóði Vorum bera hjá leiguliðunum á jarðeignum Vorum á Íslandi, má taka lögtaki án undanfarins dóms, ef eigi eru liðin meira en 2 ár frá gjalddaga réttum ... Þó er þess að gæta, að umboðsmaður skal áður en hann sendir ... beiðni sína um lögtaksskipun, birta skuldunaut vottfast eftirrit af beiðninni og bíða síðan 4 vikur, ef ske kynni, að skuldunautar kæmu með mótbárur gegn henni. ...

**1951** Nr. 49 16. marz

**Lög um sölu lögveðа án undangengins lögtaks.**

■ **1. gr.** Nú eru gjöld tryggð með lögveði í sérstaklega tilgreindum eignum, fasteignum eða lausafé, og gjaldhæðin er ákveðin samkvæmt lögum eða reglugerðum, staðfestum af ráðherra, og má þá, ef gjöldin eru ekki greidd á réttum gjalddaga og lögtaksréttur er ekki fyrndur, selja lögveðið á nauðungaruppboði, en birta skal áður með mánaðar fyrirvara almenna áskorun um greiðslu gjaldanna í dagblaði eða á annan venjulegan hátt og tilkynna skrásettum eiganda lögveðsins með ábyrgðarbréfi, sem borið sé út, að óskað verði uppboðs á veðinu, verði skuldin eigi greidd innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar.

■ **2. gr.** Uppboðið fari fram að hætti nauðungaruppboða.

**1949** Nr. 18 22. marz

**Lög um kyrrsetningu og lögbann.**[1]

[1] *Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 31/1990, 44. gr.*

**I. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **1. gr.** Ákvæði laga þessara taka til bráðabirgðagerða fógetadóms, kyrrsetningar á fjármunum og mönnum og lögbanns. Fógetagerðir þessar má framkvæma, þótt eigi sé heimild til aðfarar.

□ Eigi er það skilyrði til framkvæmdar gerða þessara, að sönnur séu leiddar að rétti gerðarbeiðanda, en synja skal beiðni um þær, ef tvímælalaust má telja að gerðarhafi eigi ekki réttindi þau, er hann hyggst að tryggja, eða að mál um þau sæti ekki úrlausn dómstóla.

■ **2. gr.** Fógetagerðir samkvæmt lögum þessum framkvæmir héraðsdómari (í Reykjavík borgarfógeti) á þeim stað er gerð skal fram fara, og nefnist þá fógeti. Þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður í kauptúni, framkvæmir hann þar gerðir þessar.

□ Nú er svo skjótrar aðgerðar þörf, að ekki næst nægilega fljótt til fógeta, og getur hreppstjóri þá framkvæmt kyrrsetningu á fjármunum og lagt farbann á menn eða lagt lögbann við tiltekinni athöfn. Hreppstjóri skal hafa votta tvo við og skrá með gerð í hreppsbók, enda gæti hann ákvæða laga þessara um skilyrði til kyrrsetningar eigna, um tryggingu aðilja, bókanir, uppskrift og virðingu kyrrsettra muna, skilyrða 8. gr. til farbanns og skilyrða 26. gr. til lögbanns. Veita skal hreppstjóri gerðarbeiðanda eftirrit af gerðinni, og skal gerðarbeiðandi senda það fógeta með beiðni um staðfesting hans á henni, enda sé beiðnin komin til fógeta innan viku frá lokum gerðar. Annarskostar fellur gerð þegar niður. Fógeti sker síðan, svo fljótt sem unnt er, úr því fyrir dómi og að öðru samkvæmt lögum þessum, hvort gerðin skuli, með breytingum eða óbreytt, standa. Ef fógeti fellir gerð niður, getur hann framkvæmt nýja gerð, ef efni standa til.

■ **3. gr.** Hverju héraðsdómaraembætti skal fylgja fógetabók samkvæmt fyrirmælum 42. gr. laga nr. 85/1936, enda skal þar skrá nöfn aðilja og umboðsmanna þeirra, ef því er að skipta, kröfur aðilja og helztu rök til þeirra, um tryggingu, er sett kann að verða, og annað, er að framkvæmd og úrslitum gerðar lýtur, um þýðingu hennar, bann við brotum á henni og hvað við þeim liggi.

■ **4. gr.** Votta tvo skal hafa við hverja gerð. Þar, er virða þarf fjármuni, má láta votta framkvæma virðingu, nema sérþekkingar sé þörf, enda skal þá kveðja til menn, er starfann megi leysa af hendi. Virðingarmenn skulu undirrita heit um samvizkusama framkvæmd virðingar, áður en þeir taka til starfa.

■ **5. gr.** Ákvæði laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði taka til fógetagerða samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við getur átt, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt.

**II. kafli. Um kyrrsetningu.**

■ **6. gr.** Fjármuni skuldunauts má kyrrsetja til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu til peninga eða peningaverðmætis, enda sé krafan fallin í gjalddaga, eigi nægilega tryggð og eigi megi tryggja hana með aðför.

□ Kyrrsetning má þó gera, enda þótt krafan sé ekki fallin í gjalddaga:

1. Ef ástæða er til ótta um undanskot, eyðslu eða spjöll á fjármunum, þar á meðal á veði, af hálfu skuldunauts eða annarra, áður en aðför verði gerð.

2. Ef annars má óttast það eftir högum og framferði skuldunauts, að hann muni sérstaklega torvelda fullnustu kröfu, eða ef aðför þyrfti að gera erlendis, ef fjármunir hans yrðu ekki kyrrsettir hér á landi.

□ Um sjólánsveð fer eftir ákvæðum siglingalaga.

□ Eigi má kyrrsetningu gera til tryggingar sektargreiðslu, nema svo sé sérstaklega mælt í lögum.

■ **7. gr.** Eigi má kyrrsetja verðmæti, sem undan aðför eru þegin að lögum, né innstæður eða vöxtu þar af í stofnunum, sem undan kyrrsetningu eru þegnar lögum samkvæmt.

■ **8. gr.** Kyrrsetja má mann, ef svo er farið, að hann er á förum eða hyggst bráðlega að fara af landi burt án afturkomu eða líklegt má telja, að hann hyggi ekki á afturkomu til landsins, og hann á að svara til kröfu, sem sækja má fyrir hérlendum dómi, enda megi telja kyrrsetningu nauðsynlega til tryggingar fullnustu þeirrar kröfu og eigi sé fullnægjandi trygging sett eða næg verðmæti finnist hér á landi til kyrrsetningar.

□ Kyrrsetning á manni má verða með tvennum hætti:

1. Varðhaldsvist. Þá má aðbúnaður og meðferð gerðarþola eigi lakari vera en fanga í gæzluvarðhaldi, enda skal taka til greina sérhagi hans með sama hætti sem sérhagi gæzlufanga. Gerðarhafi skal greiða fyrir fram á hverjum tveggja vikna fresti fúlgu með gerðarþola eftir ákvörðun fangavarðar, sem bera má þó undir fógeta til fullnaðarúrlausnar.

2. Farbann. Skal þá bjóða gerðarþola að halda sig í ákveðnu marki, enda má þá fela tilteknum manni að hafa eftirlit með honum. Fógeti ákveður þá hverju sinni, hvort fúlgu skuli greiða og hversu mikla. Nú rýfur gerðarþoli farbann, og má þá varðhaldsvist beita.

□ Kyrrsetning fellur niður, jafnskjótt sem aðför má gera til tryggingar kröfu, og ef fúlga greiðist ekki svo sem mælt er.

□ Eigi má varðhaldsvist hafa, ef krafa að innstæðu tilnemur minna en 500 krónum eða 500 kr. virði, og aldrei má kyrrsetning á manni standa sex mánuðum lengur.

□ Sama mann má einungis einu sinni kyrrsetja vegna sömu kröfu.

□ Eigi má kyrrsetja skipverja ferðbúins skips, sem skrásett er á landi hér, nema skipstjóri leyfi eða útgerðarmaður, ef um skipstjóra er að tefla.

□ Eigi má kyrrsetja alþingismann, meðan Alþingi stendur.

□ Haldast skulu ákvæði framfærslulaga um aðgerðir gagnvart þeim, er eigi gegna framfærsluskyldum sínum.

■ **9. gr.** Gerðarbeiðni skal vera skrifleg. Skal þar greina nöfn aðilja nægilega skýrt, kröfu og af hvaða rót hún sé runnin, gjalddaga, er því er að skipta, og rök til beiðni, ef krafa er ekki fallin í gjalddaga. Skjöl þau, sem krafa er reist á, skulu venjulega fylgja beiðni.

□ Fógeti getur sett það skilyrði fyrir aðgerðum af sinni hendi, þegar er beiðni hefur verið honum í hendur fengin, að beiðandi setji hæfilega tryggingu fyrir greiðslu þess tjóns og miskabóta, er gerðarþola kann að leiða af gerðarbeiðni.

■ **10. gr.** Fógeti tilkynnir gerðarbeiðanda stað og stund til gerðar með hæfilegum fyrirvara. Gerðarþola skal eigi tilkynna gerð fyrir fram, nema gerðarbeiðandi óski þess eða ótvírætt þyki, að slík tilkynning geti ekki valdið gerðarbeiðanda réttarspjöllum.

□ Ef aðiljar hafa ekki orðið á annað sáttir, hefst kyrrsetning á heimili eða dvalarstað gerðarþola, nema fógeta þyki nauðsyn á að byrja hana annars staðar, svo sem ef gerðarþoli á verðmæti utan heimilislögsagnarumdæmis síns, sem hentugra þykir að kyrrsetja en verðmæti í því lögsagnarumdæmi, ef hann er útlendingur, ef hann er á förum úr landi eða annars þykir vera hætta á spjöllum á rétti gerðarþola.



■ **11. gr.** Í upphafi gerðar skal fógeti spyrja gerðarþola, ef hann er viðstaddur, um álit hans á kröfu þeirri, er kyrrsetning varðar, gjalddaga, tryggingu og önnur þau atriði er máli skipta. Ef gerðarþoli er fjarstaddur, er fógeta heimilt og eftir atvikum skylt að veita honum kost á að koma fyrir dóm, enda verði hagsmunum gerðarbeiðanda ekki stofnað þar með í hættu. Rétt er fógeta að láta sækja gerðarþola með valdi, ef návist hans telst nauðsynleg vegna framkvæmdar gerðar.

□ Fresti má að jafnaði ekki veita gerðarþola gegn mótmælum gerðarbeiðanda, nema tryggt sé, að rétti hans verði eigi fyrir það spillt.

■ **12. gr.** Áður en kyrrsetning byrjar, skal fógeti krefja gerðarbeiðanda hæfilegrar tryggingar fyrir greiðslu tjóns og miskabóta, sem gerðarþola kann að stafa af gerðinni, nema:

1. Þegar hafi verið sett nægileg trygging, sbr. 9. gr., enda hafi fógeti borið það atriði undir gerðarþola, ef hann er viðstaddur eða eftir að til hans náðist.

2. Gerðarþoli hafi afsalað sér berum orðum tryggingu.

3. Krafa hafi verið eða sé berum orðum viðurkennd fyrir dómi og telja megi hana nægilega háa til greiðslu bóta, enda samþykki gerðarbeiðandi, að hún verði látin ganga upp í skaðabótakröfu eftir þörfum, ef því verður að skipta.

4. Ef krafa gerðarbeiðanda er slík, að eigi þurfi tryggingu að setja lögum samkvæmt.

□ Fógeti metur eða lætur meta tryggingu, ef með þarf, og gerir nauðsynlegar ráðstafanir aðrar, er hana varða.

□ Skylt er að skila tryggingarfé eða tryggingarskjali, ef gerðarþoli hefur ekki höfðað mál til bóta innan þess frests, sem í 3. málsgr. 24. gr. segir, eða gerðarbeiðandi hefur verið sýknaður af bótakröfu. Fógeti getur og skilað tryggingu, ef gerðarþoli hefur hvorki haft uppi bótakröfu í staðfestingarmáli né slegið þar varnagla um hana, enda eigi höfðað sérstakt mál í því skyni.

■ **13. gr.** Nú er nægileg trygging sett fyrir greiðslu kröfu með vöxtum til áætlaðs greiðsludags eða gjalddaga, ef krafa er ekki fallin í gjalddaga, og kostnaði, og má kyrrsetning þá ekki fram fara, enda skal fella hana niður, jafnskjótt sem nægileg trygging kann síðar að verða sett. Um mat tryggingar fer samkvæmt 12. gr.

□ Tryggingu skal skila, þegar krafa sú fellur niður, sem tryggð er. Sama er, ef gerðarbeiðandi gerir ekki reka að viðurkenningu kröfu sinnar fyrir sátt eða dómi innan 4 vikna frá því, er trygging var sett, ef krafa var þá fallin í gjalddaga, en ella innan 4 vikna frá gjalddaga.

□ Rétt er gerðarþola að höfða mál til lausnar tryggingar.

■ **14. gr.** Fógeti bókar þau verðmæti, er kyrrsetja skal, og áætlað verð hvers þeirra fyrir sig, nema kyrrsett sé eitt einstakt verðmæti, sem tvímælalaust megi telja nægilegt. Rétt er að kyrrsetja til bráðabirgða í einu lagi safn samkynja muna eða muna, sem nefndir eru sameiginlegu heiti, svo sem bókasafn, vörubirgðir, útistandandi skuldir samkv. verzlunarbók o. s. frv., enda séu varnir við því settar eftir föngum, að slíku munasafni verði raskað,

enda skal gerðin tekin upp aftur, svo fljótt sem unnt er, og þá gerð sundurliðuð skrá um munina og áætlað verð þeirra eftir föngum.

☐ Nú eru útistandandi skuldir kyrrsettar, og tekur kyrrsetning þá einnig til óheimtra vaxta, enda má kyrrsetja kröfu til þeirra sér. Rétt er, að fógeti eða sá, er hann nefnir til, heimti skuldir og vexti, og geri fógeti skil í því efni, jafnskjótt sem fullnaðardómur gengur eða sátt er gerð um kyrrsetningarkröfu.

■ **15. gr.** Gerðarþola er rétt og skylt að boði fógeta að benda á fjármuni til kyrrsetningar, enda skal fara að óskum hans um það, hvað kyrrsetja skuli, gerðarbeiðanda að meinalausu. Brýna skal fógeti fyrir gerðarþola að segja satt og rétt til um eignir sínar og benda honum á þá refsiábyrgð, sem vísvitandi rangar skýrslur um það efni hafa í för með sér. Rétt er fógeta, ef boð hans stoðar ekki og að undangengnum úrskurði, að opna hús og hirzlur gerðarþola og annarra, sem líklegir eru til að hafa fjármuni hans í vörzlu, og leita þar fjármuna hans, svo og leita á honum sjálfum, og öðrum undir sama skilorði. En jafnan skal svo með fara, að sem minnstur miski eða óhagræði verði af. Fógeti getur úrskurðað sömu refsingu þeim á hendur, sem þverskallast við að láta upplýsingar í té samkvæmt þessari grein, og beita má við vitni.

☐ Nú er gerðarþoli ekki viðstaddur, og getur fógeti þá skorað á einhvern þann fulltíða mann, sem við kann að vera, svo sem konu gerðarþola, börn eða heimamenn, að segja til um eignir hans.

☐ Skylt er fógeta að benda á rétt gerðarþola til þess að taka frá tiltekna muni og verðmæti að tilteknu marki samkvæmt ákvæðum aðfararlaga, enda skal hann jafnan gæta þess, að eigi séu kyrrsettir munir þeir, er lögum samkvæmt er bannað að taka fjárnámi.

☐ Tilkynna skal gerðarþola kyrrsetningu, ef hann var ekki við hana staddur.

☐ Þriðji maður, sem telur rétti sínum hallað, getur borið fram kröfur sínar fyrir fógeta til úrlausnar, meðan gerð er framkvæmd, enda getur þriðji maður þá kært úrskurð fógeta með venjulegum hætti.

■ **16. gr.** Kyrrsettir munir skulu framvegis vera í vörzlu gerðarþola eða annarra, sem hann hefur falið geymslu þeirra. Þó skal fógeti eftir kröfu gerðarbeiðanda taka verðmæti til geymslu eða fá öðrum hana, ef þeim er svo varið eða högum eða framkomu vörzlumanns er svo háttað, að ástæða er til að telja gerðarbeiðanda hættu búna af varðveizlu þeirra í höndum hans, enda standi réttur þriðja manns vörzluskiptum ekki í vegi. Fógeti kveður á um tryggingu gerðarbeiðanda til handa gerðarþola og eftir kröfu hans vegna spjalla eða afnotamissis á kyrrsettum munum, er vörzluskiptum hafa sætt.

■ **17. gr.** Gerðarþola er óheimilt að eyða eða spilla kyrrsettum munum, heimta eða semja um kyrrsettar kröfur eða flytja til kyrrsetta muni, svo að hætta sé á réttarspjöllum þar af, eða skjóta þeim undan. Venjuleg notkun, sem ekki hefur í för með sér eyðingu eða spjöll, er honum heimil, enda er honum skylt að geyma kyrrsetta muni eftir mætti og halda þeim við eins og venja er um samskonar muni.

☐ Nú er fasteign kyrrsett með lausafjármunum, er henni fylgja, og er gerðarþola þá heimilt að eyða þeim og skipta á þeim og öðrum slíkum munum, að því leyti sem það er venjulegt til notkunar eignarinnar, enda tekur kyrrsetningin þá einnig til slíkra þeirra muna, sem aflað er til eignarinnar.

■ **18. gr.** Óheimilt er gerðarþola að ráðstafa kyrrsettum munum með samningum, þannig að í bága fari við rétt gerðarbeiðanda, enda er gerðarbeiðandi ekki bundinn gagnvart þriðja manni við slíkar ráðstafanir. [Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign og skrásettu skráningarskyldu skipi, nema kyrrsetningu hafi verið þinglýst, og yfir viðskiptabréfum, nema athugasemd um kyrrsetningu hafi verið á þau skráð.][1] Tilkynna þarf skuldunaut, ef krafa er kyrrsett og geymslumanni kyrrsetts hlutar um kyrrsetningu. Annars kostar er þeim rétt að greiða gerðarþola skuld eða skila honum hlut, ef þeir eru grandlausir um kyrrsetningu. Sama er um vaxtagreiðslur af skuld samkvæmt viðskiptabréfi.

[1] *L. 48/1978, 1. gr.*

■ **19. gr.** Kyrrsetning víkur fyrir fjárnámi. Niður fellur kyrrsetning, er nauðasamningur milli gerðarþola og lánardrottna hans hlýtur staðfestingu, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða til skipta án ábyrgðar erfingja hans á skuldum.

■ **20. gr.** Innan viku frá lokum kyrrsetningargerðar skal gerðarhafi gefa út og birta eða láta gefa út stefnu til héraðsdóms á því varnarþingi, er sækja má til greiðslu kröfunnar, til staðfestingar kyrrsetningu, enda sé stefnufrestur hæfilegur.

☐ Nú hefur mál eigi verið höfðað um kröfu þá, er tryggja skyldi, og skal þá í einu lagi sækja mál til staðfestingar kyrrsetningu og til viðurkenningar kröfu, ef hún er ekki í gjalddaga fallin, en ella til aðfarardóms. Koma má að öllum vörnum, sem annars eru heimilar, bæði um kröfu sjálfa og kyrrsetningargerð að formi og efni, hvort sem varnarástæða er eldri eða yngri en gerðin og hvort sem vörn hefur verið uppi höfð fyrir fógetadómi eða ekki.

☐ Nú er mál um kröfu fyrir héraðsdómi, þá er kyrrsetning fór fram, og skal þá sameina staðfestingarmál því máli, enda skal taka það upp af nýju ef það hefur þegar verið tekið til dóms, en dómur enn eigi upp kveðinn. Skal síðan kveða upp dóm bæði um kröfu og kyrrsetningu í einu lagi.

☐ Nú hefur dómur þegar verið kveðinn upp í héraði, er staðfestingarmál er þingfest, og er héraðsdómara þá rétt að fresta staðfestingarmáli, ef héraðsdómi hefur verið áfrýjað, áður en dómur gengur um það, unz dómur gengur í hæstarétti, enda er rétt að taka staðfestingarmál upp af nýju, þótt það hafi verið dómtekið, áður en dómur hæstaréttar gekk.

☐ Nú hefur beiðni um kyrrsetningu verið synjað eða kyrrsetning fellur niður, áður en frestur samkvæmt 1. málsgr. er liðinn, og er gerðarbeiðanda þá rétt að höfða mál til viðurkenningar á réttmæti gerða sinna eða kyrrsetningar, enda fer um það mál samkvæmt því, er mælt var, eftir því sem við á.

☐ Þriðji maður, sem telur rétti sínum hallað í sambandi við kyrrsetningargerð, getur og haft uppi kröfur sínar þess vegna með meðalgöngu í staðfestingarmáli eða í sérstöku máli, hvort sem er til niðurfellingar kyrrsetningar, sem hann telur ranglega gerða á réttindum sínum, eða til skaðabóta af þeim sökum.

☐ Eigi verður kyrrsetningargerð áfrýjað.

■ **21. gr.** Nú hefur eign erlendis búsetts manns verið

kyrrsett hér á landi, og er þá rétt að birta stefnu til staðfestingarmáls vörzlumanni fjármunanna eða einhverjum þeirra, ef þeir eru fleiri en einn. Ef fjármunir eru kyrrsettir í tveimur lögsagnarumdæmum eða fleirum, má mál sækja í hvoru eða hverju þeirra, er gerðarhafi kýs. Í slíku máli verður einungis dæmt um lögmæti kyrrsetningar og veitt heimild til aðfarar í munum þeim, sem kyrrsettir voru, nema skuldunautur komi sjálfur fyrir dóm eða löghæfur maður með umboði hans til flutnings málsins.

□ Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda, að ekki standi milliríkjasamningur því í vegi.

■ **22. gr.** Nú verður staðfestingarmál ekki þingfest sækjanda að vítalausu, því er vísað frá dómi eða það er hafið samkvæmt 3. og 4. tölul. 119. gr. laga nr. 85/1936, og er þá rétt að höfða mál af nýju innan viku frá því, er sækjanda varð kunnugt um málalok. En eigi má oftar svo með fara, nema það megi telja sækjanda óviðráðanlegt, að máli hans lauk með þeim hætti.

□ Nú skyldi mál hafið samkvæmt 1. tölul. 119. gr. laga nr. 85/1936 eða kyrrsetning er niður fallin samkvæmt 19. eða 25. gr., og heldur þá mál til staðfestingar áfram, nema varnaraðili tjái sig engar kröfur gera vegna kyrrsetningar.

■ **23. gr.** Nú er eigi að lögum leitað staðfestingar á kyrrsetningu, og er hún þá niður fallin frá því, er gerðarhafi mátti í síðasta lagi gefa út og birta eða láta gefa út stefnu til staðfestingar hennar samkvæmt 1. málsgr. 20. gr. eða 1. málsgr. 22. gr.

□ Nú er staðfestingar leitað, en kyrrsetning er felld niður með héraðsdómi, og stendur hún þó næstu 3 vikur talið frá dómsuppsögu, ef gerðarhafi var við hana staddur, en ella frá birtingu dóms fyrir honum. Að loknum fresti fellur kyrrsetning niður, nema gerðarhafi sanni innan þessa tíma fyrir fógeta, að hann hafi tekið út áfrýjunarstefnu til staðfestingar kyrrsetningu fyrir æðra dómi. Ef æðri dómur staðfestir ákvæði héraðsdóms um niðurfall kyrrsetningar, telst hún niður fallin frá dómsuppsögu.

□ Eigi má aflýsa innritaðri eða þinglýstri kyrrsetningu án samþykkis gerðarhafa, nema vottorð fógeta komi til um það, að eigi hafi verið áfrýjað samkvæmt 2. málsgr.

□ Um vörzluskipti kyrrsettra muna ber gerðarþola jafnan að leita aðgerða fógeta, þegar svo stendur á sem í 2. málsgr. segir, enda mega þau ekki verða, meðan gerðarhafa er kostur áfrýjunar samkv. henni.

■ **24. gr.** Nú fellur kyrrsetning niður, hvort sem það er vegna sýknunar af kröfu þeirri, er tryggja skyldi, vegna galla á gerðinni sjálfri eða vegna þess, að henni hefur ekki verið réttilega haldið til laga, og ber gerðarbeiðanda þá að bæta gerðarþola þann miska og fjártjón, þar á meðal lánstraustsspjöll, er telja má hann hafa liðið sakir gerðarinnar. Bæta skal og, þótt kyrrsetning reynist aðeins að nokkru ólögmæt og þótt hún falli niður sakir atvika, er gerðust eftir framkvæmd hennar, ef ætla má, að hún hefði haft bótaskyldu í för með sér annars. Þegar meta skal bætur, má bæði hafa hliðsjón til þess, hvort gerðarbeiðandi hefur sýnt af sér vanrækslu eða gáleysi, og til þess, hvort gerðarþoli kann að hafa veitt sérstakt efni til aðgerðanna eða tilhögunar þeirra með framkomu sinni í sambandi við þær.

□ Bótakröfu má hafa uppi í staðfestingarmáli bæði til skuldajafnaðar og til sjálfstæðs dóms. Annars kostar má höfða sjálfstætt mál á varnarþingi kyrrsetningar, þar sem dómari leitar sátta, innan þriggja mánaða frá því, er gerðarþola varð kunnugt um synjun kyrrsetningarbeiðni, frá úrslitum staðfestingarmáls eða niðurfalli kyrrsetningar annars, ef því er að skipta.

□ Um aðilaskipti að kröfu um miskabætur eftir lögum þessum fer samkvæmt 3. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

■ **25. gr.** Samkvæmt kröfu gerðarhafa skal fógeti taka kyrrsetningargerð upp af nýju:

1. Ef nauðsynlegt má teljast til verndar hagsmunum hans, svo sem til þess að kyrrsetja meira en áður var gert, til vörzluskipta kyrrsettra muna o. s. frv.

2. Til skila á tryggingu, er hann hefur sett.

□ Samkvæmt kröfu gerðarþola skal fógeti taka upp kyrrsetningargerð af nýju:

1. Ef munir hafa teknir verið, er eigi skyldi kyrrsetja, kyrrsett hefur verið að mun meira en þörf var til, nauðsyn þykir vera á vörzluskiptum kyrrsettra muna o. s. frv.

2. Ef gerðarþoli leysist undan kröfu eftir að kyrrsetningargerð fór fram, svo sem vegna greiðslu eða sýknudóms, eða fram er boðin lögleg greiðsla eða trygging, fúlga greiðist ekki, frestur um kyrrsetning á honum sjálfum er liðinn o. s. frv.

3. Ef staðfestingar er ekki löglega leitað eða kyrrsetning hefur verið felld úr gildi með úrslitadómi, enda sé gerðarþola nauðsynlegt, að ráðstafanir séu gerðar til þess að afmá þær takmarkanir, sem gerðar hafa verið í umráðaheimild hans yfir kyrrsettum munum eða umráðamöguleika.

□ Samkvæmt kröfu þriðja manns skal fógeti taka gerð upp, ef þriðji maður telur hafa verið gengið ólöglega á rétt sinn með kyrrsetningu, svo sem ef telja má hann eiga þann hlut, sem kyrrsettur var o. s. frv.

□ Fógeti getur breytt fyrri ályktunum sínum, bæði ef ný atriði koma fram og atriði eldri en gerðin, ef þau hafa ekki komið áður fram eða eigi komið til greina við fyrri ákvarðanir fógeta.

□ Kæra má ákvarðanir fógeta, en ekki frestar kæra framkvæmd þeirra, nema sýnt megi þykja að dómi fógeta, að engin réttarspjöll stafi af frestun.

□ Nú fellir æðri dómur synjun fógeta um lausnargerð eða aðrar aðgerðir samkvæmt þessari grein úr gildi, og getur aðili þá heimtað bætur af gerðarhafa fyrir tjón það, er synjun kann að hafa bakað honum, eftir almennum skaðabótareglum.

□ Nú ónýtir æðri dómur lausnargerð, og ber fógeta þá að koma því í samt lag, er raskazt hefur vegna lausnargerðar hans, eftir því sem kostur er.

**III. kafli. Um lögbann.**

■ **26. gr.** Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar, er raskar eða raska myndi með ólögmætum hætti rétti gerðarbeiðanda. Við athöfn þeirra, er fara með framkvæmdavald ríkis eða sveitarfélaga, má undir sama skilorði beita lögbanni, ef athöfn varðar meðferð einstaklingsréttinda eða banna skal athöfn í þágu einstaks manns, enda eigi dómstólar úrlausn málsins, eða telja má aðilja fara út fyrir valdsvið sitt.

■ **27. gr.** Ákvæði 9. gr., upphafsákvæði 10. gr., 11.,

**1949** Nr. 18 22. marz

12., 15. gr., 2. málsgr., 16. – 18. gr., 20. gr., 1. málsgr. 22. gr. og 23. – 25. gr. taka og til lögbanns, eftir því sem við á og eigi er öðru vísi mælt, sbr. 28. gr.

■ **28. gr.** Lögbann hefst, þar sem sú eign er, er bann varðar, og annars, þar sem aðiljar verða á sáttir eða fógeti ákveður hverju sinni.

□ Fógeti kveður gerðarþola til, ef þess er kostur. Annarskostar skal birta honum bann.

□ Lögbanni verður venjulega ekki afstýrt með tryggingu, nema gerðarbeiðandi samþykki.

□ Um bætur fyrir miska og lánstraustsspjöll sakir lögbanns fer eftir því, sem mælt er fyrir í 1. málsgr. 24. gr.

□ Greina skal glöggt í fógetabók þann verknað, sem bannaður er, og þá eign, sem bann varðar, ef því er að skipta.

■ **29. gr.** Nú brýtur gerðarþoli vísvitandi eða af stórvægilegu gáleysi lögbann, og varðar það sektum til ríkissjóðs eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

□ Gerðarhafi á sókn þess máls.

■ **30. gr.** Skylt er lögreglumönnum að veita aðstoð sína til þess að halda uppi lögbanni, enda er þeim rétt að beita valdi því til varnar, ef með þarf.

■ **31. gr.** Gerðarþola er skylt að bæta skaða þann, er brot hans eða manna hans, framin af ásetningi eða gáleysi, á lögbanni, hafa í för með sér. Sama er um tjón á munum eða réttindum, er lögbann varðar.

**IV. kafli. Niðurlagsákvæði.**

■ **32. gr.** ...

■ **33. gr.** Nú hafa aðgerðir, sem lög þessi taka til, farið fram fyrir 1. júní 1949, og skal þá telja fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, frá þeim tíma.

□ Um gerð, er kynni að hafa verið framkvæmd af tveimur mönnum, skal fara eftir 2. málsgr. 2. gr. laga þessara, nema hún hafi verið lögð til dóms fyrir 1. júní 1949.

**1990** Nr. 31 23. apríl

## Lög um kyrrsetningu, lögbann o. fl.[1)]

[1)] *Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992, sbr. 44. gr.*

**I. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **1. gr.** Samkvæmt því sem mælt er fyrir í lögum þessum má til bráðabirgða kyrrsetja fjármuni, taka fjármuni í löggeymslu eða leggja lögbann við athöfn.

■ **2. gr.** Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra fara með kyrrsetningar-, löggeymslu- og lögbannsgerðir.

□ Um hæfi sýslumanna og fulltrúa þeirra til að fara með gerðir samkvæmt lögum þessum fer eftir reglum laga um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við getur átt. Ekki veldur það þó vanhæfi sýslumanns að hann annist innheimtu kröfu ef krafist er kyrrsetningar eða löggeymslu fyrir henni.

□ Ef sýslumaður er vanhæfur til að fara með gerð samkvæmt lögum þessum setur dómsmálaráðherra annan löghæfan mann til að vinna verkið. Þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra úr ríkissjóði.

■ **3. gr.** Að því leyti, sem fyrirmæli laga þessara heimila að ágreiningur um gerð verði borinn undir héraðsdómstól, án þess að um mál sé að ræða til staðfestingar gerðinni, á úrlausn hans undir héraðsdómstólinn sem hefur dómsvald í umdæmi þess sýslumanns sem fer með gerðina.

■ **4. gr.** Sýslumaður færir gerðabók um þær gerðir sem lög þessi taka til, en um form hennar fer eftir reglum sem dómsmálaráðherra setur.

□ Um framlagningu gagna við gerðina og varðveislu þeirra, efni bókunar sýslumanns um hana í gerðabók og undirritun og viðurvist votts við hana skal farið eftir fyrirmælum 32. gr., 2. og 3. mgr. 33. gr., 34. gr. og 1. mgr. 51. gr. laga um aðför.

**II. kafli. Kyrrsetning.**

■ **5. gr.** Kyrrsetja má eignir skuldara til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu um greiðslu peninga ef henni verður ekki þegar fullnægt með aðför og sennilegt má telja, ef kyrrsetning fer ekki fram, að draga muni mjög úr líkindum til að fullnusta hennar takist eða að fullnusta verði verulega örðugri.

□ Ekki er það skilyrði kyrrsetningar að gerðarbeiðandi leiði sönnur að réttmæti kröfu sinnar, en synja skal um kyrrsetningu ef ætla verður af fyrirliggjandi gögnum að hann eigi ekki þau réttindi sem hann hyggst tryggja.

■ **6. gr.** Kyrrsetningarbeiðni skal vera skrifleg. Í henni skal eftirfarandi koma fram svo skýrt sem verða má:

1. hver sé gerðarbeiðandi og hver gerðarþoli, ásamt kennitölum þeirra og upplýsingum um heimilisföng þeirra eða dvalarstaði;
2. hver sú fjárhæð sé, sem kyrrsetningar er krafist fyrir, og hvernig hún sundurliðist;
3. á hverju gerðarbeiðandi byggi heimild sína til kyrrsetningar.

□ Þau gögn skulu fylgja kyrrsetningarbeiðni sem kröfur gerðarbeiðanda styðjast við.

■ **7. gr.** Að jafnaði skal kyrrsetningarbeiðni beint til sýslumanns í því umdæmi þar sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing. Heimilt er þó einnig að beina kyrrsetningarbeiðni til sýslumanns í einhverju því umdæmi sem hér segir:

1. þar sem rökstudd ástæða er til að ætla að gerðarþoli muni hittast fyrir þegar til framkvæmdar gerðarinnar kemur;
2. þar sem gerðarþoli rekur atvinnustarfsemi ef krafa gerðarbeiðanda á rætur að rekja til hennar. Fari atvinnustarfsemi gerðarþola fram í fleiri umdæmum en einu skal að jafnaði beiðst kyrrsetningar þar sem aðalstöðvar hennar eru, nema krafa gerðarbeiðanda eigi rætur að rekja til starfseminnar á öðrum stað og gerðarbeiðandi kjósi þann stað fremur;
3. þar sem eignir gerðarþola er að finna ef hann á ekki skráð heimili hér á landi.

□ Ef kyrrsetningarbeiðni er beint til sýslumanns í öðru umdæmi en þar sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing skal ástæðu þess getið í beiðninni.

■ **8. gr.** Þegar kyrrsetningarbeiðni hefur borist sýslumanni kannar hann hvort hún sé í lögmæltu horfi og hvort hún hafi komið fram í réttu umdæmi. Ef svo er getur sýslumaður ekki synjað um kyrrsetningu af sjálfsdáðum, nema hann telji bersýnilegt að skilyrðum 5. gr. sé ekki fullnægt.

□ Ef einhverjir þeir annmarkar eru á málstað gerðarbeiðanda sem í 1. mgr. getur endursendir sýslumaður honum kyrrsetningarbeiðnina og fylgigögn hennar ásamt stuttum rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni.

□ Áður en frekari aðgerðir fara fram vegna kyrrsetningarbeiðni er sýslumanni rétt að setja það skilyrði að

gerðarbeiðandi setji tiltekna tryggingu til bráðabirgða eftir ákvörðun hans fyrir greiðslu bóta sem gerðarþoli kynni að öðlast rétt til vegna beiðninnar eða meðferðar hennar, nema líklegt sé þá þegar að tryggingar verði ekki þörf vegna fyrirmæla 3. mgr. 16. gr. Sýslumaður skal, ef með þarf, tilkynna gerðarbeiðanda með sannanlegum hætti ákvörðun sína um að tryggingu þurfi að setja og getur hann þá veitt gerðarbeiðanda tiltekinn frest til þess, að því viðlögðu að beiðni hans skoðist annars fallin niður.

□ Um aðrar upphafsaðgerðir kyrrsetningargerðar, þann stað sem gerð má byrja og ljúka og viðurvist málsaðila eða málsvara þeirra við hana skal farið eftir fyrirmælum 20. – 24. og 35. gr. laga um aðför.

■ **9. gr.** Í upphafi gerðar skal sýslumaður kynna gerðarþola eða málsvara hans málavexti og fyrirliggjandi gögn og skal hann inntur álits á þeirri kröfu sem kyrrsetningu er ætlað að tryggja. Ber sýslumanni í þeim efnum sem endranær við framkvæmd gerðarinnar að veita gerðarþola eða málsvara hans nauðsynlegar leiðbeiningar um réttarstöðu hans við gerðina og um efni kröfu gerðarbeiðanda, á sama hátt og dómara í einkamáli ber að leiðbeina ólöglærðum málsaðila. Komi ekki fram athugasemdir af hálfu gerðarþola sem sýslumaður telur varða stöðvun á framgangi gerðarinnar eftir ákvæðum 13. gr. leiðbeinir hann gerðarþola eða málsvara hans um að varna megi kyrrsetningu með greiðslu eða tryggingu, sbr. 10. gr., en sinni gerðarþoli eða málsvari hans því ekki skal gerðinni fram haldið eftir því sem hér á eftir segir.

■ **10. gr.** Heimilt er gerðarþola að afstýra kyrrsetningu ef hann setur þegar í stað nægilega tryggingu fyrir greiðslu kröfu gerðarbeiðanda, að meðtöldum vöxtum til áætlaðs greiðsludags, málskostnaði og áföllnum kostnaði af gerðinni. Um form tryggingar gilda ákvæði 4. mgr. 16. gr., eftir því sem við getur átt, nema gerðarbeiðandi samþykki annað, en leiki vafi á verðgildi hennar skal hún metin með sama hætti og eignir yrðu annars metnar til kyrrsetningar. Með sama hætti skal að einhverju leyti eða öllu fella niður kyrrsetningu sem þegar hefur átt sér stað ef gerðarþoli býður síðar fram nægilega tryggingu fyrir kröfum gerðarbeiðanda.

□ Sýslumaður varðveitir skilríki fyrir tryggingu gerðarþola eða hana sjálfa ef því er að skipta, en afhenda skal hann þau eða hana hlutaðeiganda þegar af einhverju eftirtalinna atvika verður:

1. að krafan falli niður sem tryggð er;
2. að gerðarbeiðandi höfði ekki mál til staðfestingar tryggingunni eða sátt er ekki gerð um málefnið samkvæmt ákvæðum VI. kafla;
3. að gerðarþoli sé sýknaður í dómsmáli af kröfu gerðarbeiðanda um staðfestingu tryggingarinnar;
4. að dómur gangi um lausn tryggingarinnar;
5. að gerðarbeiðandi öðlist rétt til umráða tryggingarinnar á grundvelli fjárnáms fyrir kröfu sinni;
6. að annar hvor málsaðila lýsi yfir fyrir sýslumanni að hann samþykki að hinn fái umráð tryggingarinnar.

■ **11. gr.** Gerðarþola eða málsvara hans er skylt að segja satt og rétt frá öllu sem sýslumaður krefur hann svara um við framkvæmd gerðarinnar og máli skiptir um framgang hennar. Heimilt er sýslumanni að neyta úrræða 29. – 31. gr. laga um aðför við gerðina, ef gerðarbeiðandi krefst, með sömu skilyrðum og þar greinir.

■ **12. gr.** Frestir skulu að jafnaði ekki veittir meðan á kyrrsetningargerð stendur, nema málsaðilar séu á það sáttir.

□ Ef gerðarþoli eða sá sem málstað hans tekur við gerðina krefst að henni verði frestað, en gerðarbeiðandi fellst ekki á þá kröfu, skal sýslumaður ákveða þegar í stað hvort hann heldur gerðinni áfram eða hvort henni verði frestað til tiltekins tíma. Að öðru jöfnu skal ekki fresta gerðinni gegn andmælum gerðarbeiðanda, nema tryggt megi telja að gerðarþoli hafist ekkert það að sem spillt gæti rétti gerðarbeiðanda.

■ **13. gr.** Ef gerðarþoli eða sá sem málstað hans tekur mótmælir réttmæti kröfu gerðarbeiðanda, rétti hans til að gerðin fari fram eða hún fari fram með þeim hætti sem gerðarbeiðandi krefst skal sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda ákveða þegar í stað hvort gerðin fari fram eða hvort henni verði fram haldið og eftir atvikum með hverjum hætti. Gegn andmælum gerðarbeiðanda skal sýslumaður að jafnaði ekki stöðva framgang gerðarinnar vegna mótmæla gerðarþola, nema þau varði atriði sem sýslumanni ber að gæta af sjálfsdáðum eða sýslumaður telur þau af öðrum sökum valda því að óvíst sé að skilyrði séu fyrir að gerðin nái fram að ganga eða að hún fari þannig fram sem gerðarbeiðandi krefst.

□ Ákveði sýslumaður vegna mótmæla gerðarþola eða málsvara hans að stöðva framgang gerðar að nokkru leyti en ekki öllu er gerðarbeiðanda rétt að krefjast þess að gerðinni verði þegar fram haldið að því leyti sem sýslumaður hefur ákveðið þótt hann beri enn fremur synjun sýslumanns undir héraðsdómara samkvæmt fyrirmælum V. kafla.

■ **14. gr.** Ef gerðin gæti ranglega skert rétt þriðja manns er honum heimilt að afstýra gerðinni með sama hætti og segir í 10. gr. eða að krefjast frestunar hennar eða mótmæla framgangi hennar að því leyti sem hún varðar rétt hans. Farið skal með slíkar kröfur eða slík mótmæli eins og um væri að ræða kröfur eða mótmæli gerðarþola skv. 12. eða 13. gr.

■ **15. gr.** Um þær eignir, sem kyrrsettar verða, virðingu þeirra og rétt málsaðila til að vísa á þær og um heimildir til að ljúka kyrrsetningargerð án árangurs gilda ákvæði 36. – 50. gr., 2. mgr. 51. gr., 62. og 63. gr. laga um aðför.

■ **16. gr.** Þótt sýslumaður hafi ekki krafið gerðarbeiðanda um tryggingu til bráðabirgða skv. 3. mgr. 8. gr. má hann með sama hætti og sömu afleiðingum og þar greinir setja að skilyrði fyrir frekari framkvæmd gerðar að slík eða aukin trygging verði sett hvenær sem er meðan á gerðinni stendur.

□ Þegar vísað hefur verið á eignir til kyrrsetningar fyrir kröfu gerðarbeiðanda eða fram er komin trygging af hendi gerðarþola skv. 10. gr. skal sýslumaður taka endanlega ákvörðun um þá tryggingu sem gerðarbeiðanda kann að verða gert að setja fyrir kyrrsetningu. Við þá ákvörðun er sýslumaður óbundinn af ákvörðun sinni um tryggingu til bráðabirgða. Setji gerðarbeiðandi ekki fullnægjandi tryggingu innan frests sem sýslumaður ákveður skal gerðin felld niður.

□ Heimilt er sýslumanni að kröfu gerðarbeiðanda að ljúka kyrrsetningargerð án tryggingar úr hendi hans ef einhverju eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

1. að krafist sé kyrrsetningar fyrir kröfu samkvæmt skuldabréfi, víxli eða tékka hafi gerðarþoli ekki haft uppi

mótmæli við gerðina gegn kröfunni sem komið verður að í dómsmáli um hana;

2. að gerðarþoli hafi afsalað sér tryggingu fyrir sýslumanni;

3. að gerðarþoli hafi viðurkennt réttmæti kröfunnar fyrir sýslumanni eða dómi og að skilyrði séu til kyrrsetningar fyrir henni;

4. að dómsúrlausn hafi gengið um kröfu gerðarbeiðanda, en aðfararfresti er ólokið;

5. að krafa gerðarbeiðanda sé annars með þeim hætti að sýslumaður telji réttmæti hennar og gerðarinnar tvímælalaust í ljósi atvika.

□ Ef tryggingu þarf að setja og aðilar lýsa sig ekki sammála um annað skal hún að jafnaði vera í formi peninga, en annars í sambærilegu formi, þannig að greiðslu megi fá í skjóli hennar án fullnustugerða. Sýslumanni er rétt að hafna tryggingu ef telja verður form hennar óviðunandi eða vafa leika á um verðmæti hennar.

□ Við ákvörðun um fjárhæð tryggingar skal sýslumaður einkum hafa hliðsjón af því að hverju marki kyrrsetning kunni að hefta athafnir gerðarþola honum til tjóns, hvort líklegt megi telja að gerðin eða beiðnin um hana spilli lánstrausti hans eða viðskiptahagsmunum og hvort hann hafi haft uppi athugasemdir um réttmæti kröfu gerðarbeiðanda og gerðarinnar. Skal einnig tekið tillit til kostnaðar sem gerðarþoli kynni síðar að hafa af rekstri dómsmála í tengslum við gerðina.

■ **17. gr.** Sýslumaður varðveitir skilríki fyrir tryggingu af hendi gerðarbeiðanda eða hana sjálfa ef því er að skipta, en þeim eða henni skal skila gerðarbeiðanda að fullnægðu einhverju eftirtalinna skilyrða:

1. að kyrrsetning hafi verið staðfest með dómi eða sátt verið gerð um gildi hennar sem fullnægja má með aðför;

2. að gerðarþoli höfði ekki mál til heimtu bóta innan frests skv. 43. gr.;

3. að gerðarbeiðandi sé sýknaður í dómsmáli af bótakröfu gerðarþola;

4. að gerðarþoli lýsi yfir fyrir sýslumanni að hann samþykki að tryggingunni verði skilað.

□ Ef sýslumaður hefur krafið gerðarbeiðanda um hærri tryggingu til bráðabirgða en hann ákveður að endingu skal því skilað sem umfram er.

■ **18. gr.** Þegar gerðarbeiðandi hefur sett nægilega tryggingu skv. 16. gr., ef hún er áskilin, kyrrsetur sýslumaður þær eignir sem vísað hefur verið á við gerðina og lýkur þannig gerðinni. Sýslumaður skal leiðbeina gerðarþola eða þeim, sem tekið hefur málstað hans við gerðina, um réttaráhrif hennar. Hafi enginn verið við gerðina af hálfu gerðarþola skal sýslumaður tilkynna honum um hana og réttaráhrif hennar ef vitað er hvar hann er niður kominn.

■ **19. gr.** Hafi peningar verið kyrrsettir tekur sýslumaður þá til varðveislu á bankareikningi þar til gerðarbeiðandi öðlast rétt til afhendingar þeirra á grundvelli fjárnáms fyrir kröfu sinni eða gerðarþoli hefur verið sýknaður af kröfu gerðarbeiðanda í dómsmáli um hana.

□ Hafi viðskiptabréf verið kyrrsett eða skuldakrafa tekur sýslumaður bréfið eða skilríki fyrir kröfunni til varðveislu, ef gerðarbeiðandi krefst, fram til þess tíma sem í 1. mgr. getur. Berist sýslumanni greiðsla slíkrar kröfu skal hún varðveitt með sama hætti og kyrrsettir peningar. Heimilt er sýslumanni að kröfu gerðarbeiðanda og á kostnað hans að fela öðrum manni innheimtu kyrrsettrar kröfu.

□ Aðrar kyrrsettar eignir en þær, sem ákvæði 1. og 2. mgr. taka til, skulu framvegis vera í vörslum gerðarþola eða annarra sem hann hefur falið þær. Þó getur sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda tekið slíka eign úr umráðum gerðarþola eða annars vörslumanns og annast hana sjálfur á kostnað gerðarbeiðanda eða falið hana öðrum manni þann tíma sem í 1. mgr. segir ef hagsmunir gerðarbeiðanda verða taldir í brýnni hættu að óbreyttum umráðum, enda standi réttur þriðja manns þeirri ráðstöfun ekki í vegi. Ber sýslumanni að krefja gerðarbeiðanda um sérstaka tryggingu við slíka umráðatöku vegna spjalla eða afnotamissis gerðarþola og kostnaðar af varðveislu eignarinnar. Fyrirmæli 3. mgr. 16. gr. eiga ekki við um slíka tryggingu.

■ **20. gr.** Óheimilt er gerðarþola eða öðrum eiganda kyrrsettrar eignar að ráðstafa henni með samningi þannig að í bága fari við rétt gerðarbeiðanda, enda er gerðarbeiðandi ekki bundinn gagnvart þriðja manni af slíkri ráðstöfun.

□ Þrátt fyrir fyrirmæli 1. mgr. vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign eða skrásettu skráningarskyldu skipi, hafi kyrrsetningu ekki verið þinglýst, og yfir viðskiptabréfi hafi það ekki verið áritað um kyrrsetningu. Þá losnar skuldari undan kröfu sem kyrrsett hefur verið hafi hann greitt gerðarþola kröfuna, afborgun af henni eða vexti, ef honum hefur ekki verið tilkynnt um gerðina eða mátt vera kunnugt um hana af öðrum sökum eða viðskiptabréf, sem krafan styðst við, hefur ekki verið áritað um kyrrsetninguna. Þriðja manni, sem varðveitir kyrrsetta eign, er og rétt að afhenda hana gerðarþola hafi honum ekki verið tilkynnt um kyrrsetningu og hann er grandlaus um hana.

□ Óheimilt er gerðarþola að nýta eða fara með kyrrsetta eign, sem hann heldur umráðum yfir, á nokkurn hátt sem farið gæti í bága við rétt gerðarbeiðanda. Gerðarþola er þó heimilt að nýta fylgifé fasteignar, skips eða loftfars sem kyrrsett hefur verið með slíkri eign, að því leyti sem nauðsynlegt er til eðlilegra nota hennar.

■ **21. gr.** Kyrrsetning víkur fyrir fjárnámi í kyrrsettri eign.

□ Kyrrsetning fellur niður ef nauðasamningur milli gerðarþola og lánardrottna hans hlýtur staðfestingu, ef bú gerðarþola er tekið til gjaldþrotaskipta eða ef dánarbú gerðarþola er tekið til skipta án ábyrgðar erfingja á skuldbindingum þess.

■ **22. gr.** Gerðin skal tekin upp á ný ef allir málsaðilar eru á það sáttir eða til skila á tryggingu samkvæmt fyrirmælum 2. mgr. 10. gr. eða 17. gr.

□ Eftir kröfu gerðarbeiðanda verður gerð endurupptekin:

1. ef hann telur nauðsyn bera til umráðasviptingar samkvæmt ákvæðum 2. eða 3. mgr. 19. gr.;

2. ef hann vill að einhverju leyti eða öllu falla frá réttindum sínum samkvæmt gerðinni;

3. ef hann krefst að kyrrsettar eignir verði skrásettar með nánara hætti en í upphafi var gert;

4. ef kyrrsetningargerð var áður lokið án árangurs að einhverju leyti eða öllu og hann telur unnt að vísa á eignir til kyrrsetningar.

☐ Eftir kröfu gerðarþola verður gerð endurupptekin:

1. ef hann hefur ekki verið staddur við gerðina og eign hefur verið kyrrsett sem heimild brast til eða mátti undanþiggja;

2. til að setja tryggingu til að fá gerð, sem þegar hefur farið fram, fellda niður að einhverju leyti eða öllu;

3. ef krafa gerðarbeiðanda er fallin niður, gerðarþoli hefur verið sýknaður í dómsmáli af kröfu gerðarbeiðanda eða staðfestingarmál hefur ekki verið höfðað innan frests skv. 36. – 38. gr., enda þyki gerðarþoli hafa hagsmuni af að gerðin verði endurupptekin af þeim sökum;

4. ef gerðarbeiðandi heldur ekki fram dómsmáli til staðfestingar gerðinni með eðlilegum hraða.

☐ Þriðja manni, sem telur gerðina fara í bága við rétt sinn, er heimilt að krefjast endurupptöku hennar hafi hann ekki átt þess kost að koma fram mótmælum gegn henni meðan á gerðinni stóð.

☐ Beiðni um endurupptöku skal beint til þess sýslumanns sem lauk gerðinni, en farið skal með hana eftir þeim reglum sem almennt gilda um framkvæmd gerðar, eftir því sem við getur átt. Sýslumaður er óbundinn af fyrri ákvörðunum sínum að því leyti, sem þær geta komið til endurskoðunar við endurupptöku.

**III. kafli. Löggeymsla.**

■ **23. gr.** Taka má eignir skuldara í löggeymslu til tryggingar kröfu um greiðslu peninga samkvæmt dómi eða úrskurði sem skotið hefur verið til æðra dóms ef annars hefði þegar mátt fullnægja kröfunni með aðför.

☐ Ákvæði 6. – 20. og 22. gr. gilda um löggeymslu eftir því sem við getur átt, sbr. þó 3. og 4. mgr.

☐ Sá sem löggeymslu krefst verður ekki krafinn um tryggingu vegna beiðni sinnar eða gerðarinnar.

☐ Löggeymsla gengur fyrir fjárnámi sem síðar er gert í sömu eign.

☐ Mál skal ekki höfðað til staðfestingar löggeymslugerð, en heimilt er að bera ágreining um hana undir héraðsdóm eftir reglum XV. kafla laga um aðför.

**IV. kafli. Lögbann.**

■ **24. gr.** Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau.

☐ Lögbann verður ekki lagt við stjórnarathöfn þess sem fer með framkvæmdarvald ríkis eða sveitarfélags.

☐ Lögbann verður ekki lagt við athöfn:

1. ef talið verður að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggi þá nægilega;

2. ef sýnt þykir að stórfelldur munur sé á hagsmunum gerðarþola af því að athöfn fari fram og hagsmunum gerðarbeiðanda af að fyrirbyggja hana, enda setji gerðarþoli eftir atvikum tryggingu fyrir því tjóni sem athöfnin kann að baka gerðarbeiðanda.

■ **25. gr.** Við lögbannsgerð má sýslumaður eftir kröfu gerðarbeiðanda leggja fyrir gerðarþola að leysa af hendi tiltekna athöfn ef hún er þess eðlis að annar maður gæti þá þegar leyst hana af hendi í hans stað og sýnt þykir að hún sé nauðsynleg til að tryggja að gerðarþoli hlíti lögbanninu. Fari gerðarþoli ekki að fyrirmælum sýslumanns getur hann falið öðrum manni að framkvæma athöfnina á kostnað gerðarbeiðanda eða leyst hana af hendi sjálfur.

☐ Við lögbannsgerð getur sýslumaður eftir kröfu gerðarbeiðanda tekið muni úr vörslum gerðarþola og varðveitt þá á kostnað gerðarbeiðanda uns dómur eða sátt kveður á um réttindi málsaðila hafi munirnir verið nýttir eða bersýnilega verið ætlaðir til nota við þá athöfn sem lögbann er lagt við, enda þyki sýnt að brýn hætta sé á að gerðarþoli muni nýta þá til að brjóta lögbannið ef hann heldur vörslum þeirra.

■ **26. gr.** Beiðni um lögbann skal annaðhvort beint til sýslumanns í því umdæmi, sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing, eða í því umdæmi þar sem athöfn, sem lögbanns er beiðst við, fer eða mun fara fram. Í beiðninni, sem skal vera skrifleg, skal eftirfarandi koma fram svo skýrt sem verða má:

1. hver gerðarbeiðandi sé og gerðarþoli, ásamt kennitölum þeirra og upplýsingum um heimilisföng þeirra eða dvalarstaði;

2. hver sú athöfn sé sem lögbanns er krafist við;

3. rökstuðningur gerðarbeiðanda fyrir því að hann telji skilyrðum 24. gr. fullnægt.

☐ Þau gögn skulu fylgja lögbannsbeiðni sem gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á.

☐ Um upphafsaðgerðir sýslumanns að fram kominni lögbannsbeiðni skal farið eftir fyrirmælum 8. gr., eftir því sem við getur átt. Þó má lögbannsgerð byrja á þeim stað þar sem athöfnin, sem hún beinist að, fer eða mun fyrirsjáanlega fara fram.

■ **27. gr.** Með sama hætti og mælt er fyrir um í 9. gr. skal sýslumaður í upphafi lögbannsgerðar kynna gerðarþola eða málsvara hans kröfur gerðarbeiðanda og veita honum leiðbeiningar. Komi ekki fram athugasemdir af hálfu gerðarþola sem sýslumaður telur varða stöðvun á framgangi lögbannsgerðar, sbr. 3. mgr. 29. gr., skorar hann á gerðarþola að láta af þeirri athöfn sem lögbanns er krafist við. Verði gerðarþoli eða málsvari hans ekki við þeirri áskorun skal gerðinni fram haldið eftir því sem hér á eftir segir.

☐ Ákvæði 11. gr. og 1. mgr. 16. gr. taka til lögbannsgerða.

■ **28. gr.** Nú býður gerðarþoli eða málsvari hans fram tryggingu til að afstýra lögbanni skv. 2. tölul. 3. mgr. 24. gr. og skal þá sýslumaður inna gerðarbeiðanda álits á því boði. Samþykki gerðarbeiðandi þau málalok eða fallist sýslumaður að öðrum kosti á kröfu gerðarþola skal sýslumaður þegar ákveða fjárhæð tryggingarinnar, form hennar og frest handa gerðarþola til að setja hana ef því er að skipta. Ef sérstaklega stendur á getur gerðarþoli með sama hætti óskað eftir að niður verði fellt lögbann sem þegar hefur verið lagt á.

☐ Um form tryggingar skv. 1. mgr. skal farið eftir fyrirmælum 4. mgr. 16. gr.

☐ Beita má ákvæðum 2. mgr. 29. gr. ef gerðarþola er veittur frestur til að setja tryggingu. Ef trygging er ekki sett innan frestsins skal gerðinni þegar fram haldið að honum loknum er gerðarbeiðandi krefst.

☐ Um varðveislu og skil á tryggingu skv. 1. mgr. gilda ákvæði 2. mgr. 10. gr.

1990 Nr. 31 23. apríl

■ **29. gr.** Frestir skulu að jafnaði ekki veittir meðan á lögbannsgerð stendur, nema málsaðilar séu á það sáttir.

☐ Taki sýslumaður til greina kröfu gerðarþola um frestun gerðarinnar gegn andmælum gerðarbeiðanda getur hann að kröfu gerðarbeiðanda sett það skilyrði fyrir fresti að gerðarþoli láti af athöfn sinni meðan á fresti stendur.

☐ Rísi annar ágreiningur við framkvæmd lögbannsgerðar eða hafi þriðji maður uppi kröfur við hana skal farið eftir fyrirmælum 13. og 14. gr.

■ **30. gr.** Þegar sýslumaður hefur ákveðið að lögbann verði að einhverju leyti eða öllu lagt við athöfn skal hann taka endanlega ákvörðun um þá tryggingu sem gerðarbeiðanda kann að verða gert að setja fyrir lögbanni og er hann þá óbundinn af fyrri ákvörðun sinni um tryggingu til bráðabirgða. Setji gerðarbeiðandi ekki fullnægjandi tryggingu innan frests sem sýslumaður ákveður skal gerðin felld niður.

☐ Heimilt er sýslumanni samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda að leggja á lögbann án tryggingar af hans hendi ef svo stendur á sem í 2., 3. eða 5. tölul. 3. mgr. 16. gr. segir.

☐ Um form lögbannstryggingar gilda ákvæði 4. mgr. 16. gr.

☐ Við ákvörðun um fjárhæð lögbannstryggingar skal sýslumaður einkum hafa hliðsjón af því hverju beinu og afleiddu tjóni og hverjum miska gerðarþoli kunni að verða fyrir af stöðvun athafna sinna, hvort gerðarþoli hafi haft uppi athugasemdir um réttmæti kröfu gerðarbeiðanda og gerðarinnar og hvern kostnað gerðarþoli kynni síðar að hafa af rekstri dómsmála í tengslum við gerðina. Hafi gerðarbeiðandi krafist að munir verði teknir úr umráðum gerðarþola skv. 2. mgr. 25. gr. skal áskilin sérstök trygging sem ákvörðuð verður eftir fyrirmælum 3. mgr. 19. gr.

☐ Um varðveislu og skil lögbannstryggingar skal farið eftir ákvæðum 17. gr.

■ **31. gr.** Þegar gerðarbeiðandi hefur sett nægilega tryggingu skv. 30. gr. ef hún er áskilin leggur sýslumaður lögbann við þeirri athöfn sem um ræðir og gerir eftir atvikum aðrar ráðstafanir, sbr. 25. gr., og lýkur þar með gerðinni. Skal bókað svo skýrlega sem verða má í gerðabók hver sú athöfn er sem lögbann er lagt við. Um leiðbeiningar af hendi sýslumanns og tilkynningar skal farið eftir ákvæðum 18. gr.

☐ Taka má upp lögbannsgerð þegar svo stendur á sem í 1. mgr., 2. tölul. 2. mgr., 2. – 4. tölul. 3. mgr. og 4. mgr. 22. gr. segir. Við endurupptöku skal farið eftir 5. mgr. 22. gr., eftir því sem við getur átt.

■ **32. gr.** Skylt er sýslumanni að kröfu gerðarbeiðanda að gera ráðstafanir til að halda uppi lögbanni. Ber lögreglumönnum að veita aðstoð í þeim efnum eftir ákvörðun sýslumanns.

☐ Brjóti gerðarþoli af ásetningi eða stórfelldu gáleysi lögbann má dæma hann í máli, sem gerðarbeiðandi höfðar, til greiðslu sektar, sem renni í ríkissjóð, eða í varðhald. Hið sama á við um aðra menn sem vísvitandi liðsinna gerðarþola í broti á lögbanni.

☐ Brjóti gerðarþoli eða einhver á hans vegum lögbann af ásetningi eða gáleysi ber þeim að bæta gerðarbeiðanda það tjón sem brotið bakar honum. Sækja má bótakröfu í refsimáli skv. 2. mgr.

☐ Fresta má refsi- eða bótamáli vegna brots á lögbanni þar til dómur hefur gengið í máli til staðfestingar á lögbanninu.



**V. kafli. Meðferð mála fyrir héraðsdómi til úrlausnar ágreinings um undirbúning, framkvæmd eða endurupptöku gerðar.**

■ **33. gr.** Gerðarbeiðandi getur krafist úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um synjun kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerðar, stöðvun gerðar eða synjun kröfu hans um endurupptöku hennar með því að tilkynna það sýslumanni innan viku frá því honum verður sú ákvörðun kunn.

☐ Heimilt er gerðarbeiðanda að krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðrar ákvarðanir sem sýslumaður tekur um undirbúning, framkvæmd eða endurupptöku gerðar samkvæmt lögum þessum ef hann hefur þá kröfu uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina.

■ **34. gr.** Meðan gerð samkvæmt lögum þessum er ólokið getur gerðarþoli því aðeins krafist úrlausnar héraðsdómara um ákvarðanir sýslumanns um framkvæmd hennar að gerðarbeiðandi mótmæli því ekki, enda hafi gerðarþoli þá kröfu sína uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina. Gerðarþola er þó ávallt frjálst að hafa kröfur uppi fyrir dómi um atriði sem gerðarbeiðandi krefst úrlausnar um skv. 33. gr.

☐ Gerðarþola er heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um synjun sýslumanns á kröfu hans um endurupptöku gerðar ef hann hefur þá kröfu uppi við sýslumann innan viku frá því honum verður synjunin kunn.

☐ Að því leyti, sem þriðji maður getur haft hagsmuni af ákvörðun sýslumanns um gerð samkvæmt lögum þessum, er honum heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um hana með sama hætti og gerðarþola.

■ **35. gr.** Ákvæði 86. – 91. gr. laga um aðför taka að öðru leyti til mála samkvæmt kafla þessum.

☐ Ákvarðanir sýslumanns um kyrrsetningar- eða lögbannsgerð, sem ekki hafa verið bornar undir héraðsdóm samkvæmt framansögðu, verða það ekki síðar nema í máli til staðfestingar gerðinni.

**VI. kafli. Mál til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbanni.**

■ **36. gr.** Eftir að kyrrsetningar- eða lögbannsgerð hefur verið lokið skal gerðarbeiðandi fá gefna út réttarstefnu til héraðsdóms til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbanni, nema gerðarþoli hafi lýst yfir við gerðina að hann uni við hana án málshöfðunar. Ef mál um kröfu gerðarbeiðanda verður jafnframt sótt á hendur gerðarþola fyrir dómstól hér á landi skal réttarstefna gefin út í staðfestingarmáli innan viku frá lokum gerðar og gilda þá ákvæði 2. – 5. mgr.

☐ Hafi mál ekki áður verið höfðað um kröfu gerðarbeiðanda skal í einu lagi höfða mál um hana og til staðfestingar gerðinni.

☐ Hafi mál áður verið höfðað um kröfu gerðarbeiðanda, en dómur hefur ekki gengið um hana í héraði, skal staðfestingarmál sameinað því með endurupptöku þess ef með þarf.

☐ Nú hefur héraðsdómur gengið um kröfu gerðarbeiðanda þegar staðfestingarmál er þingfest og dóminum er eða hefur verið skotið til æðra dóms og má þá héraðsdómari fresta meðferð staðfestingarmáls uns fengin er úrlausn æðra dóms.

☐ Þegar svo stendur á sem í 2. mgr. segir má sækja mál í

þinghá þar sem gerðinni var lokið ef gerðarþoli verður annars sóttur til sakar hér á landi. Staðfestingarmál skv. 3. og 4. mgr. skal sækja í þinghá þar sem mál um kröfu gerðarbeiðanda er eða var rekið.

■ **37. gr.** Ef sækja verður mál um kröfu gerðarbeiðanda fyrir dómstól í öðru ríki skal hann fá útgefna réttarstefnu til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbanni innan þriggja vikna frá lokum gerðar í þeirri þinghá sem henni var lokið, nema gerðarþoli lýsi yfir við gerðina að hann uni við hana án málshöfðunar. Hafi mál ekki áður verið höfðað um kröfu gerðarbeiðanda í öðru ríki skal það gert innan sama frests.

□ Ef dómur um kröfu gerðarbeiðanda, uppkveðinn í öðru ríki, yrði aðfararhæfur hér á landi skal héraðsdómari fresta meðferð staðfestingarmáls uns dómur er genginn um kröfuna.

■ **38. gr.** Fyrirmæli 36. og 37. gr. gilda einnig um staðfestingu tryggingar ef kyrrsetningu eða lögbanni hefur verið afstýrt eða gerðin felld niður með tryggingu úr hendi gerðarþola. Frestur til málshöfðunar telst frá þeim tíma sem sýslumaður tekur við tryggingu eða skilríkjum fyrir henni.

■ **39. gr.** Ef mál er ekki höfðað með þeim hætti sem áskilið er í 36. – 38. gr. fellur kyrrsetning eða lögbann sjálfkrafa úr gildi frá þeim tíma sem gerðarbeiðandi mátti í síðasta lagi fá gefna út réttarstefnu í málinu.

□ Þótt synjað sé um staðfestingu gerðar í héraðsdómi stendur hún í þrjár vikur frá dómsuppsögu. Að loknum þeim fresti fellur gerðin niður, nema gerðarbeiðandi fái áður gefna út stefnu til æðra dóms til að fá héraðsdómi hrundið. Ef æðri dómur staðfestir ákvæði héraðsdóms um synjun um staðfestingu gerðar fellur hún úr gildi frá dómsuppsögu þar.

□ Ef staðfestingarmál verður ekki þingfest gerðarbeiðanda að vítalausu, því er vísað frá dómi eða það er hafið með samkomulagi málsaðila stendur gerðin í eina viku frá því honum urðu þau málalok kunn. Að loknum þeim fresti fellur gerðin sjálfkrafa úr gildi, nema gerðarbeiðandi hafi áður fengið stefnu gefna út á ný til staðfestingar henni. Aðeins má þó eitt sinn fara þannig að, nema það verði talið gerðarbeiðanda óviðráðanlegt að máli hans hafi lokið á ný með þeim hætti.

■ **40. gr.** Þriðji maður, sem telur rétti sínum hallað í sambandi við kyrrsetningar- eða lögbannsgerð, getur haft uppi kröfur sínar í staðfestingarmáli með meðalgöngu eða sótt þær í sérstöku máli, hvort sem er til niðurfellingar gerðar eða til skaðabóta vegna hennar.

■ **41. gr.** Í máli skv. 36. – 38. gr., sbr. 40. gr., má hafa uppi málsvarnir um kröfu gerðarbeiðanda, hvort sem þær eru eldri eða yngri en gerðin og hvort sem þeim var hreyft við framkvæmd hennar eða ekki. Með sama hætti má hafa uppi varnir um gildi gerðarinnar að því leyti sem héraðsdómur hefur ekki leyst úr þeim í máli samkvæmt ákvæðum V. kafla.

□ Samkvæmt kröfu gerðarþola er héraðsdómara heimilt að ákveða að skipta sakarefni þannig að staðfestingarmál verði fyrst í stað aðeins sótt og varið um atriði sem varða skilyrði eða framkvæmd gerðarinnar sjálfrar.

□ Heimilt er málsaðilum að ljúka dómsmáli með réttarsátt um staðfestingu kyrrsetningar eða lögbanns.

**VII. kafli. Skaðabætur vegna kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerðar.**



■ **42. gr.** Nú fellur kyrrsetning, löggeymsla eða lögbann niður vegna sýknu af þeirri kröfu sem gerðinni var ætlað að tryggja og skal þá gerðarbeiðandi bæta þann miska og það fjártjón, þar á meðal spjöll á lánstrausti og viðskiptahagsmunum, sem telja má að gerðin hafi valdið. Heimilt er að dæma skaðabætur eftir álitum ef ljóst þykir að fjárhagslegt tjón hafi orðið en ekki er unnt að sanna fjárhæð þess.

□ Ef sýknað er vegna atvika sem fyrst urðu eftir lok gerðar skulu bætur þó aðeins dæmdar ef ætla má að gerðarbeiðandi hafi ekki átt þá kröfu sem gerðin átti að tryggja.

□ Ef sýknað er að nokkru leyti en ekki öllu af kröfu gerðarbeiðanda og gerðin fellur niður að því marki skal gerðarbeiðandi bæta það tjón sem ætla má að hlotist hafi af því að gerðin hafi verið umfangsmeiri en efni voru til.

□ Ef synjað er um staðfestingu kyrrsetningar eða lögbanns vegna annmarka á gerðinni sjálfri eða henni hefur ekki verið réttilega haldið til laga samkvæmt fyrirmælum VI. kafla skal gerðarbeiðandi bæta tjón með þeim hætti sem í 1. mgr. segir ef talið verður að ekki hafi verið tilefni til gerðarinnar. Hið sama á við ef löggeymslugerð er felld úr gildi í máli skv. 5. mgr. 23. gr. vegna annmarka á henni sjálfri.

□ Fyrirmæli 1. – 4. mgr. taka til skaðabóta ef gerðinni hefur verið afstýrt með tryggingu úr hendi gerðarþola.

□ Hafi krafa gerðarbeiðanda um kyrrsetningu, löggeymslu eða lögbann ekki náð fram að ganga fer um bætur eftir 1. – 3. mgr., að því leyti sem beiðni um gerðina eða ráðstafanir vegna hennar hafa valdið tjóni.

■ **43. gr.** Bótakröfu skv. 42. gr. má hafa uppi í staðfestingarmáli til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms.

□ Höfða má sjálfstætt mál til heimtu skaðabóta skv. 42. gr. innan þriggja mánaða frá því þeim, sem bóta krefst, varð kunnugt um höfnun beiðni um gerðina, um niðurstöðu staðfestingarmáls eða um niðurfellingu gerðar af öðrum sökum. Slíkt mál má höfða í þeirri þinghá sem gerðinni var lokið eða hennar var beiðst.

□ Kröfu um miskabætur samkvæmt fyrirmælum laga þessara má framselja hafi hún verið dæmd eða viðurkennd. Gengur hún að arfi með sama skilorði, svo og ef mál hefur verið höfðað til heimtu hennar fyrir lát tjónþola.

**VIII. kafli. Gildistaka, brottfallin lög o. fl.**

■ **44. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

□ Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Lög um kyrrsetningu og lögbann, nr. 18 22. mars 1949.

2. 3. mgr. 209. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936.

3. 93. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20 8. mars 1954.

4. Í 4. málsl. 26. gr. laga um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956, orðin „nr. 18/1949".

5. 5. tölul. 4. mgr. 5. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 6. apríl 1971.

6. 2. mgr. 15. gr. þinglýsingalaga, nr. 39 10. maí 1978.

7. 2. gr. laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, nr. 12 30. apríl 1981.

**1990** Nr. 31 23. apríl

8. 2. mgr. 12. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26 14. apríl 1982.

9. 2. mgr. 39. gr. hafnalaga, nr. 69 28. maí 1984.

10. 2. mgr. 31. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985.

11. 2. mgr. 35. gr. laga um sparisjóði, nr. 87 4. júlí 1985.

■ **45. gr.** Hafi kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerð byrjað fyrir gildistöku laga þessara, en er ólokið á því tímamarki, fer um framhald hennar eftir fyrirmælum þessara laga. Á það og við um skilyrði fyrir gerðinni, hvort sem skilyrði hafi verið fyrir henni eða ekki eftir fyrirmælum eldri laga.

■ **46. gr.** Fyrirmæli laga þessara um varðveislu og skil á tryggingu, sem málsaðili setur, skulu frá gildistöku þeirra taka til tryggingar sem sett hefur verið fyrir gerð eftir eldri lögum.

■ **47. gr.** Beitt skal ákvæðum 19. gr. um vörslur eigna og umráðasviptingu þótt gerð hafi farið fram fyrir gildistöku laga þessara.

□ Fyrirmæli 25. gr. og 1. mgr. 32. gr. gilda um ráðstafanir til að halda uppi lögbanni sem lagt hefur verið á fyrir gildistöku laga þessara.

■ **48. gr.** Um heimildir til endurupptöku gerðar, sem farið hefur fram fyrir 1. júlí 1992, skal farið eftir fyrirmælum eldri laga þótt endurupptöku sé beiðst eftir þann tíma, en um framkvæmd hennar skal farið eftir ákvæðum 5. mgr. 22. gr., eftir því sem við getur átt.

■ **49. gr.** Fyrirmæli 32. gr. um refsingu og skaðabætur vegna brota á lögbanni taka til athafna sem eiga sér stað eftir gildistöku laga þessara þótt lögbann hafi verið lagt á í gildistíð eldri laga.

■ **50. gr.** Ef ágreiningsmál er rekið fyrir fógetarétti um kyrrsetningu, löggeymslu eða lögbann við gildistöku laga þessara eða ákvörðun hefur verið tekin um rekstur slíks máls fyrir þann tíma skal málið sjálfkrafa sæta áframhaldandi meðferð fyrir þeim héraðsdómi sem tekur við lögsögu í umdæminu. Meðferð slíks máls skal lokið eftir þeim reglum sem giltu fyrir 1. júlí 1992.

□ Atriði varðandi kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerð, sem upp hafa komið fyrir gildistöku laga þessara, verða ekki borin undir héraðsdóm eftir fyrirmælum 5. mgr. 23. gr. eða V. kafla.

■ **51. gr.** Mál til staðfestingar kyrrsetningar- eða lögbannsgerð, sem lokið hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, skal höfðað og rekið eftir reglum eldri laga.

■ **52. gr.** Fyrirmæli VII. kafla um skaðabætur taka aðeins til atvika við kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerð sem fara eftir fyrirmælum þessara laga. Gilda fyrirmæli eldri laga um bætur vegna gerðar sem farið hefur eftir þeim.

**1693** 19. des.

## Tilskipun um uppboðsþing í Danmörku og Noregi.[1)]

[1)] *Eigi birt hér á landi, en þó fylgt.*

...

■ **1.** Það skal hverjum einum leyft vera að láta selja fjármuni sína á opinberu uppboði og koma þeim í peninga, hvort sem eru jarðeignir eður kaupstaðareignir eður annað lausafé og vörur. Þó verða það að gera menn þeir, er Vér höfum allranáðarsamlegast til þess kvatt og skipað.

...

■ **4.** Hver og einn má í húsi sínu eða í annars góðs manns húsi, er hann fær leyfi hjá og semur við, láta bjóða upp fjármuni sjálfs sín eða þeirra, er hann er fjárhaldsmaður fyrir. **1693** 19. des.

■ **5.** ... bæjarfógetar í kaupstöðum svo og héraðs- ... fógetar til sveita, er Vér ... höfum skipað til að stýra uppboðum þeim, er þar fyrir falla, ... skulu hafa réttar, gegnumdregnar bækur með blaðsíðutali og innsigli á.

...

■ **7.** Í bækur þessar ber ... að skrá ítarlega í fyrsta lagi, hver vörurnar lét selja, í öðru lagi tíma og stað, er uppboðið var haldið, og í þriðja lagi ber að geta við hvern lið nafns þess, er keypti, og verðsins, er vörurnar voru seldar fyrir.[1)]

[1)] *Sbr. m. a. l. 29/1885, 1. gr. 10. tl.*

...

■ **9.** Og til þess að tryggja það, að allt fari rétt fram og hlutdrægnislaust, bæði seljanda vegna og kaupanda, þá skulu uppboðshaldarar hrópa hátt upp hlut þann, er verið er að selja, þrisvar sinnum eftir að hæsta boð er fengið, og verði hæstbjóðanda með svo felldu móti sleginn hluturinn, heldur hann honum átölulaust að öllu leyti.

■ **10.** Uppboðshaldarar skulu tilkynna í tæka tíð með prentuðum eða rituðum auglýsingum tíma og stað, er selja á eitthvað á uppboði til þess að þeir fái vitneskju um það, er þar vilja eitthvað kaupa.

■ **11.** Þeir mega eigi, nokkrum manni í vil, breyta röðinni eftir hinum prentuðu skrám eða sleppa neinu, sem þar er talið, og því síður gera það fyrir bjóðanda að hraða sölunni meira en vera ber. Sæti ella hæfilegri refsingu, og ber þeim að öllu leyti að fara eftir verðlagi því, er seljandi skýrir þeim frá, og mega eigi, án hans leyfis, láta selja neitt ódýrara, nema þeir vilji ábyrgjast honum verð það, er hann hefir lagt á, ef kært verður.

...

■ **13.** Ef veðhafi lætur, annaðhvort samkvæmt bréfi eða dómi, selja veðið á uppboði, og sá, er fyrr átti veðið, vill bjóða í það, þá skal hann skyldur að setja uppboðshaldara þegar í stað trygging fyrir boði sínu. Að öðrum kosti verður því enginn gaumur gefinn.

...

■ **17.** Ef hús eða eign er seld á opinberu uppboði, þá mega uppboðshaldarar afsala eignina á þingi í hendur kaupanda, og skal afsal það vera jafngilt og öflugt, sem önnur lögleg afsöl, er eigendur gera. Þó skal um þessi afsöl þeirra fara að öllu leyti svo sem lögin ... að öðru leyti greina um afsöl.

## Lög um nauðungaruppboð. **1949**

### I. kafli. Almenn ákvæði. Nr. 57 25. maí

■ **1. gr.** Samkvæmt lögum þessum fara:

1. Uppboð til fullnustu fjárkröfum samkvæmt heimild í:

a. Aðfarargerð (fjárnámi, lögtaki).

b. Samningi um veðrétt í fasteign, þar sem slíkt er heimilað í lögum.

c. Samningi um handveð.

d. Skiptameðferð þrotabúa, skuldafrágöngudánarbúa og annarra búa, þar sem enginn ber almennt ábyrgð á skuldum.

e. Lögum, þar sem aðila er mæltur lögveðsréttur í verðmætum til tryggingar greiðslu og sala heimiluð án aðfarar.

2. Uppboð til sölu á munum, er uppboðsbeiðandi hefur haldsrétt á sér til tryggingar.

3. Uppboð á strandmunum og vogrekum.

■ **2. gr.** Sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og borgarfógeti í Reykjavík halda uppboð. Í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, heldur hann uppboð. Nefnast embættismenn þessir uppboðshaldarar, er þeir fara með uppboðsmál.[1)]

□ Athafnir þessara embættismanna eru dómsathafnir, nema öðruvísi sé mælt í lögum. Uppboð skal halda á dómþingi.

□ Uppboðsbók skal vera við hvert framannefndra embætta, svo úr garði gerð sem lög mæla.

□ Vottar tveir skulu við uppboð vera, og fer um þá að lögum.

□ Uppboðshaldari úrskurðar öll atriði varðandi uppboð.

□ Uppboðshaldari má hvorki gera sjálfur boð á uppboði né láta annan mann gera það fyrir sína hönd.

[1)] *L. mgr. fellur brott 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 20. gr.*

■ **3. gr.** Rétt er, að hreppstjóri haldi uppboð á fjármunum þeim, er í III. kafla laga þessara greinir, enda nemi innstæða hverrar þeirrar kröfu, er selja skal til greiðslu á, eigi yfir 2000 krónur. Uppboðshaldari getur þó falið á sína ábyrgð hreppstjóra að halda uppboð, þótt ofannefndum skilyrðum sé ekki fullnægt, enda megi telja hagsmunum aðila fullkomlega borgið.

□ Hreppstjóri má skrá uppboð í hreppsbók, ef honum hefur ekki verið fengin sérstök löggilt uppboðsbók.

□ Ákvæði 2. gr. um votta og bann við boði á uppboði tekur og til hreppstjóra.

■ **4. gr.** Ákvæði laga nr. 85/1936 um dómara, þinghöld, aðila, málflytjendur, málflutning, fresti, hafningu máls, aðilaskýrslur, vitni, skjöl, mat og skoðun, réttarfarssektir, málskostnað, úrskurði, áfrýjun og kæru taka og til uppboðs, eftir því sem við getur átt, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.

□ Áfrýjunarfrestur samkvæmt 197. gr. téðra laga skal vera 4 vikur frá lokum þeirrar dómsathafnar, sem áfrýja skal, en veitt getur dómsmálaráðherra þó leyfi til áfrýjunar næstu þrjá mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stendur á.

■ **5. gr.** Vörzlumanni þeirra verðmæta, er selja skal, er skylt að veita uppboðshaldara (hreppstjóra) og væntanlegum kaupendum aðgang að þeim eftir þörfum, eftir að uppboð hefur verið auglýst, og fræðslu um þá eftir föngum, þar til er sala fer fram, enda er lögreglumönnum skylt að veita uppboðshaldara (hreppstjóra) nauðsynlega aðstoð í því efni, ef hann krefst þess.

□ Nú reynist nauðsynlegt að taka muni þá, er selja skal, með valdi úr vörzlum manns, og er uppboðshaldara þá rétt að framkvæma allt þar að lútandi með sama hætti sem fógeta.

■ **6. gr.** [Beiðni um uppboð skal vera skrifleg. Greina skal þar, svo að ekki verði um villst, nafn og heimili uppboðsbeiðanda og uppboðsþolanda og skuldunautar sé hann annar en uppboðsþolandi. Greina skal og nægilega glöggt þau verðmæti sem uppboðs er krafist á, svo sem fasteign, skip, loftfar eða bifreið, með viðeigandi merkjum eða einkennum, verðbréf með flokkstölu, bókstaf og númeri, ef því er að skipta, vörutegund, ef vörur skal selja, skepnur, svo sem hross, kýr o. s. frv. Gera skal og grein fyrir uppboðsheimild og láta þau skjöl fylgja er sanna hana, svo sem endurrit lögtaks- eða fjárnámsgerðar, frumrit eða myndrit veðskuldabréfs, handveðssamnings eða annars heimildarskjals. Uppboðshaldari getur hvenær sem er krafið uppboðsbeiðanda um frumrit skjals til staðfestingar á uppboðsheimild en þó skal það gert eigi síðar en við uppboðssölu.][1)]

□ Nú fer sá, er uppboð heldur, sjálfur með innheimtu þeirrar kröfu, er greiða skal með uppboðsandvirði, og gilda þá ákvæði 1. málsgr. ekki.

□ Uppboðshaldari (hreppstjóri) tilkynnir uppboðsþolanda þegar beiðni með þeim hætti, er hlýða þykir.

[1)] *L. 12/1987, 1. gr.*

■ **7. gr.** Nú er uppboðsheimild skotið til æðra dóms, eftir að uppboðs hefur verið beiðzt, og skal þá uppboði fresta, unz málskot er til lykta leitt. Þó má, þrátt fyrir málskotið, selja muni, sem liggja undir skemmdum eða undirorpnir eru verðrýrnun að marki, eða ef geymsla þeirra er sérstökum vandhæfum bundin vegna kostnaðar eða annarra orsaka.

■ **8. gr.** Aðilar uppboðs eru:

1. Uppboðsbeiðandi.
2. Uppboðsþolandi.
3. Veðhafar og þeir aðrir, sem tjá sig eiga réttindi í söluverðmætum og koma fram fyrir uppboðshaldara í því skyni.
4. Þriðji maður, er annars kemur fram á uppboði með réttarkröfu varðandi söluverðmæti eða andvirði þess eða til áfrýjunar uppboðs í heild eða einstakra hluta þess.

■ **9. gr.** Kaupréttur, forkaupsréttur, endurkaupsréttur eða innlausnarréttur veita ekki heimild til þess að ganga inn í boð annars manns á uppboðsþingi, nema svo sé sérstaklega mælt í lögum.

□ Samningur um það, að eigi skuli maður bjóða á uppboði eða einungis bjóða að tilteknu marki, er ógildur. Nú hefur maður afsalað sér rétti til tilkynninga, sem í lögum þessum eru mæltar, og er þá slíkt afsal ógilt.

■ **10. gr.** Til uppboðskostnaðar telst:

1. Gjöld í ríkissjóð.
2. Vottagjöld, auglýsingakostnaður, burðargjald og símskeyta, ferðakostnaður uppboðshaldara (hreppstjóra), þóknun hreppstjóra, er uppboð heldur, og greiðslur til annarra, sem kvaddir eru til starfa eða skýrslugjafar vegna uppboðs.
3. Sanngjörn þóknun til lögfræðilegs ráðunautar uppboðsbeiðanda, sbr. 1. málsgr. 21. gr.
4. Innheimtukostnaður.
5. Annar kostnaður, sem leiðir af nauðsynlegum eða heppilegum aðgerðum vegna uppboðs.

□ Það skilyrði má setja fyrir því, að uppboðsbeiðni verði tekin til meðferðar, að sett sé trygging fyrir greiðslu áætlaðs kostnaðar af aðgerðum vegna árangurslauss uppboðs eða uppboðs, sem aldrei varð haldið, aflýsinga á uppboði eða ef annars má vafi á því leika, að kostnaður fáist greiddur af uppboðsandvirði.

□ ...[1)]

[1)] *L. 12/1987, 2. gr.*

■ **11. gr.** Skylt er þeim, er uppboð heldur, að annast

1949 Nr. 57 25. maí

innheimtu uppboðsandvirðis, nema aðilar verði á annað sáttir.

☐ Innheimtulaun skal eigi greiða af þeim hluta uppboðsandvirðis, sem kaupandi tekur undir sjálfum sér, áfram stendur veðtryggt í eign eða kaupandi og kröfuhafi semja um greiðslu á án nokkurs atbeina þess, er innheimtu annast.

☐ Innheimtulaun uppboðshaldara (hreppstjóra) skal ákveða í gjaldskrá, er dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Félags héraðsdómara.

**II. kafli. Um uppboð á fasteignum og skipum.**

■ **12. gr.** Samkv. þessum kafla fara og uppboð á erfðafesturétti, erfðaábúðarrétti, grunnleigurétti og öðrum slíkum fasteignarréttindum, að því leyti sem slík réttindi mega ganga kaupum og sölum, svo og uppboð á byggingum og mannvirkjum á slíkum löndum, hvort sem þau eru seld með réttindunum eða sér. Sama er um uppboð á byggingum og öðrum mannvirkjum, sem á annars manns fasteign standa.

☐ Skip í þessum kafla tekur til fljótandi fara fimm smálesta eða stærri.

■ **13. gr.** Þá er uppboðshaldara hefur borizt uppboðsbeiðni með viðeigandi gögnum, kynnir hann sér það, hvort uppboðsskilyrðum sé fullnægt, enda getur hann krafið beiðanda allra nauðsynlegra skýringa. Skylt er og eiganda söluverðmætis að veita allar skýrslur um veðbönd og önnur höft á eign, þar á meðal um sjóveð á skipi og ógreidd opinber gjöld, sem tryggð eru með veði í eign hans, o. s. frv.

☐ Þá er uppboðshaldari hefur gengið úr skugga um það, að uppboðsheimild sé fullnægjandi, gerir hann frumvarp að uppboðsskilmálum. Annars kostar synjar hann uppboðsbeiðni með úrskurði, ef þess er krafizt, enda hafi uppboðsbeiðanda og uppboðsþolanda verið veittur kostur á að tala máli sínu eftir þörfum.

■ **14. gr.** Nú hafa tveir eða fleiri krafizt uppboðs á sömu eign, áður en uppboðsauglýsing hefur verið gefin út, og er þá sá, er réttindi hans ganga fyrir hinum, talinn uppboðsbeiðandi, en ef tveir eða fleiri standa jafnfætis, teljast þeir báðir eða allir uppboðsbeiðendur.

☐ Þá er uppboðsauglýsing hefur verið gefin út, er öðrum óheimilt að krefjast uppboðs á sömu eign, meðan beiðni hins er ekki niður fallin.

☐ Eigi má kyrrsetning á eign eða aðför, sem gerð er eftir þennan tíma, baka uppboðsbeiðanda eða öðrum, er uppboðssala skiptir máli, kostnað með nokkrum hætti. Þó er veðhafa fasteignar, sem einnig á veð í fylgifé hennar lögum samkvæmt og tekið hefur þá muni fjárnámi, áður en uppboðsauglýsing var gefin út, heimilt að krefjast þess, að uppboð taki einnig til þeirra. Skal þá fyrst bjóða eign upp án fylgifjárins og án skyldu uppboðsbeiðanda til greiðslu uppboðskostnaðar vegna þess, en ef veðhafi þess fær þá eigi fulla greiðslu, þá skal bjóða eign upp með fylgifé eða svo miklu af því, er nægir.

■ **15. gr.** Eigi má setja væntanlegum kaupanda í uppboðsskilmálum eða með öðrum hætti að nauðsynjalausu nokkur óvenjulega hörð skilyrði, er ætla má, að torveldi sölu á eign. Jafnan skal uppboðshaldari eftir föngum gæta þess, að ekkert það sé í uppboðsskilmála sett, er horfir þriðja manni ólöglega til tjóns, nema samþykki hans komi til.

■ **16. gr.** Greina skal í uppboðsskilmálum, hvort og, ef því er að skipta, hvern kostnað af uppboði kaupandi skuli greiða. Kaupandi greiðir kostnað, þegar boð hans er samþykkt, nema öðruvísi sé mælt. Heildarfjárhæð uppboðskostnaðar skal greina, svo sem næst verður komizt.

1949 Nr. 57 25. maí

☐ Í uppboðsskilmálum skal geta kvaða, ítaka og annarra slíkra hafta, er á eign hvíla og veðbókarvottorð getur ekki.

☐ Geta skal ógreiddra og áfallinna kvaðagjalda, skatta og opinberra gjalda, sem á eign hvíla, og fjárhæð þeirra hvers um sig, eftir því sem unnt er, og hvort kaupandi skuli þau greiða og þá hvenær. Heildarfjárhæð slíkra gjalda skal greina, svo sem næst verður komizt.

☐ Nú ganga bönd þau á eign, er í 2. málsgr. getur, fyrir öllum kröfum, sem greiðast eiga af uppboðsandvirði, og skal þá selja eign með þeim áhvílandi, enda ber kaupanda þá að svara til þeirra að fullu. Annars kostar skal fyrst bjóða eign upp með böndunum áhvílandi eftir söluna. Ef eigi fæst þá nægilegt boð til greiðslu krafna, er framar þeim standa, þá skal færa þau til peningaverðs og bjóða eign síðan upp án þeirra, enda fái rétthafi þá greiðslu af uppboðsandvirði, ef því er að skipta, eftir þann, er næst stendur fyrir framan hann.

■ **17. gr.** Nú er maður skuldbundinn samkvæmt samningi til þess að láta veðskuld standa, enda þótt veð fyrir skuldinni sé selt, og getur hann þá krafizt þess eins, að rétti hans sé ekki raskað, sbr. þó 36. gr.

☐ Eigi þarf sá, er krafa hans er ekki í gjalddaga komin, að taka við greiðslu, enda skal uppboðshaldari þá geyma það, er honum skal greiða af uppboðsandvirði, til gjalddaga.

☐ Nú skal greiða skilyrtar eða að öðru óvissar kröfur af uppboðsandvirði, og skal þá með sama hætti geyma það, unz skilyrði rætist eða ljóst er, að það rætist ekki, eða þar til er krafa verður ákveðin.

☐ Kaupandi greiðir samningsbundna vöxtu af veðskuldum þeim, er áfram kunna að standa eftir uppboðsafsal eða hann annars kann að fá gjaldfrest á, nema öðruvísi semji.

■ **18. gr.** Í uppboðsskilmálum má setja ákvæði um tryggingu, er kaupandi skuli setja, fyrir efndum á uppboðsskilmálum. Getur uppboðshaldari jafnan sett það skilyrði fyrir því, að boð sé tekið til greina eða eign sé slegin aðila, að hann setji þá þegar tryggingu fyrir greiðslu uppboðsandvirðis, uppboðskostnaðar þess, er honum ber að greiða, eða greiðslu þess taps, er verða mætti af því, ef setja þyrfti eign aftur á uppboð vegna vanefnda hans. Ákveður uppboðshaldari, hverja tryggingu setja skuli, enda leiti hann um það, eftir því sem við á, álits þeirra, er það mál varðar hverju sinni.

☐ Þá er strandfé eða vogrek skal selja, skal veita að minnsta kosti 14 daga gjaldfrest.

☐ Þá skal og svo mælt, að skip eða skipsleifar, sem ekki eru fluttar burt úr fjöru innan tveggja ára frá skipstrandi, verði eign ríkissjóðs eða fjörueiganda samkvæmt 29. gr. laga nr. 42/1926.

☐ Ef ekki er öðruvísi mælt í uppboðsskilmálum, skal svo líta á, að eign sé seld svo farin sem hún er, þegar hamar fellur, að kaupandi beri áhættu á henni frá því, er boð hans er samþykkt, að hann fái vörzlur hennar og arð frá afsalsdegi og að seljandi svari hvorki til vanheimildar né leynandi lasta, enda komi rifting eða afsláttur af kaup-

verði því aðeins til greina, að krafa þar um komi fyrir uppboðshaldara áður en úthlutunargerð samkvæmt 34. gr. er ráðin.

■ **19. gr.** [Ef eigi er öðruvísi mælt í uppboðsskilmálum er hver sá, er boð gerir á uppboði, bundinn við boð sitt þar til annað boð hefur verið samþykkt, þó ekki lengur en í þrjár vikur frá því síðasta uppboði er slitið.][1)]

☐ Geta skal þess í uppboðsskilmálum, ef frest skal taka til samþykkis eða synjunar á boði, og hversu langur sá frestur skuli vera.

☐ Nú gera fleiri en einn jafnhátt boð, sem eigi fæst hækkað, og ræður uppboðshaldari þá, hvorum eða hverjum eign er slegin, nema hann vilji láta hlutkesti ráða. Þó skal sá að jafnaði ganga fyrir, sem þegar sannar getu sína til fullnægingar uppboðsskilmálum.

[1)] *L. 12/1987, 3. gr.*

■ **20. gr.** Uppboðshaldari nefnir matsmenn eða skoðunar til þess að skoða og meta söluverðmæti, ef hann telur það nauðsynlegt eða heppilegt. Uppboðshaldari gerir það, sem nauðsynlegt er til þess, að mats- og skoðunarmenn geti framkvæmt starfa sinn, enda er skuldunaut og vörzlumönnum söluverðmætis skylt að veita til þess atbeina sinn eftir föngum.

■ **21. gr.** Nú tekur uppboðsbeiðandi beiðni sína aftur, áður en uppboðsauglýsing samkvæmt 22. gr. hefur verið gefin út, og er þá aðgerðum samkvæmt þeirri beiðni lokið. Ef beiðni er síðan aftur tekin eða fellur niður, t. d. vegna greiðslu, þá fer með sama hætti, nema einhver sá veðhafi eða aðfararhafi, sem á kröfu gjaldfallna vegna vanskila á henni eða annarra atriða, er hana sjálfa varða, svo sem rýrnunar á veði o. s. frv., krefjist uppboðs á grundvelli þess, er þegar hefur fram farið. Metur uppboðshaldari beiðni hans samkvæmt 13. gr.

☐ Nú fellur uppboðsbeiðni niður, og ber þá uppboðsbeiðanda samkvæmt 1. málsgr. að greiða allan löglegan kostnað, er beiðni hans hefur haft í för með sér, enda taki enginn beiðni upp samkvæmt sömu málsgrein.

■ **22. gr.** Þá er frumvarp að uppboðsskilmálum hefur verið gert, auglýsir uppboðshaldari þegar uppboð af sjálfsdáðum. Í auglýsingu skal nefna uppboð nauðungaruppboð, enda skal þar greina:

1. Heiti söluverðmætis eða aðra skilgreining þess, eftir því sem við á. Geta skal fylgifjár, ef því er að skipta, svo sem véla með verksmiðju, kúgilda með jörð o. s. frv., og annarra atriða í stuttu máli, er máli kunna að skipta um verðmæti og sölulíkur eignar.

2. Heiti, heimili og stöðu uppboðsbeiðanda og uppboðsþola, eftir því sem unnt er.

3. Uppboðsdag, stað og stund.

4. Að frumvarp að uppboðsskilmálum sé til sýnis á skrifstofu uppboðshaldara, og að athugasemdir við það skuli vera komnar til uppboðshaldara í síðasta lagi viku fyrir uppboð, enda megi aðili búast við því, að annars verði þeim eigi sinnt.

☐ Uppboðsauglýsingu skal birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði, þannig að eigi líði minna en 6 vikur milli fyrstu birtingar og uppboðs, og í einu öðru blaði einu sinni, ef uppboðshaldari telur það heppilegt, og með þeim fyrirvara, er hann ákveður. Þegar selja skal strönduð skip, nægir þó birting einu sinni, ef telja má skip lítilsvert, og 14 daga frestur. Rétt er, að uppboð sé birt í öðrum blöðum en áður var sagt, útvarpi eða með öðrum hætti eftir kröfu og á kostnað uppboðsbeiðanda eða uppboðsþolanda. Birting á uppboðum búa, sbr. 1. gr. 1 d, og strandskipa greiðist þó jafnan af fé búa og strandi, ef skiptaráðandi eða lögreglustjóri hafa ráðið birtingarháttum. Loks skal uppboðshaldari festa auglýsingu um uppboð upp á skrifstofu sinni með þeim hætti og þeim fyrirvara, er hann ákveður.

☐ [Uppboðshaldari skal senda eiganda eignar og skuldunaut, ef hann er ekki eigandi, uppboðsauglýsingu í ábyrgðarbréfi eða tilkynningu um uppboð með öðrum tryggum hætti, eigi síðar en 14 dögum fyrir uppboð eða þegar í stað ef hann hefur síðar fengið vitneskju um rétthafa eða verustað hans. Veðhafa eða öðrum þeim, sem samkvæmt þinglýsingabókum eða öðrum gögnum eiga eða ætla má að eigi réttindi í eign, skal uppboðshaldari einnig tilkynna um uppboðið. Nú er eigandi eða skuldunautur hérlendur ríkisborgari en vissa þykir fyrir að hann eigi ekki lengur heimili hér á landi eða uppboðsbeiðanda reynist ókleift að afla vitneskju um dvalarstað hans og getur þá uppboðshaldari ákveðið að fullnægt verði tilkynningarskyldu til hans með birtingu sérstakrar auglýsingar í Lögbirtingablaði hið minnsta 14 dögum áður en uppboð verður haldið.

☐ Nú skal selja hér fasteign, loftfar eða skip erlends ríkisborgara eða félags sem varnarþing á erlendis og skal þá uppboðshaldari senda utanríkisráðuneytinu uppboðsauglýsingu en það sendir hana svo fljótt sem kostur er utanríkisráðuneyti í heimalandi eigandans og er þá ekki þörf frekari tilkynninga frá uppboðshaldara til hans.][1)]

[1)] *L. 12/1987, 4. gr.*

■ **23. gr.** [Uppboð skal halda á skrifstofu uppboðshaldara, sbr. þó 3. mgr. 29. gr.][1)]

[1)] *L. 12/1987, 5. gr.*

■ **24. gr.** [Nú sækir uppboðsbeiðandi, sbr. 1. mgr. 21. gr., ekki uppboðsþing eða sinnir ekki kröfu uppboðshaldara um framvísun skjala skv. 1. mgr. 6. gr. og verður þá ekki af uppboði nema einhver sá, er uppboðs mátti krefjast eftir 1. mgr. 21. gr., beiðist þess.][1)]

[1)] *L. 12/1987, 6. gr.*

■ **25. gr.** Á uppboðsstað og áður en uppboðsþing er sett tekur uppboðshaldari til athugunar og úrlausnar þær athugasemdir við frumvarp að uppboðsskilmálum, sem honum kunna að hafa borizt, sbr. 22. gr., nema það hafi þegar verið gert. Ef þeim athugasemdum er ekki andmælt og uppboðshaldari telur sér ekki skylt að hrinda þeim samkvæmt 15. grein, þá breytir hann frumvarpi sínu samkvæmt þeim. Annars kostar reynir hann að jafna ágreining og veitir aðilum kost á að tala máli sínu eftir þörfum. Ef þörf krefur, þá kveður hann upp úrskurð og breytir síðan frumvarpi, ef því er að skipta, samkvæmt úrskurði, eða geymir, ef svo stendur á, aðila rétt sinn til úthlutunargerðar, sbr. 34. gr. Að því loknu eru uppboðsskilmálar ákveðnir.

☐ Á uppboðsþingi verða eigi hafðar uppi aðfinningar við uppboðsskilmála, er eigi hafa komið fram samkvæmt 22. gr., aðrar en þær, er fela í sér það, að uppboðshaldari hafi eigi gætt þeirra atriða einhverra, sem honum beri að gæta af sjálfsdáðum samkvæmt 15. gr. Með slíkar aðfinningar skal fara samkvæmt 1. málsgr.

☐ Um málskot fer eftir 27. gr., svo sem við á.

☐ Nú vill aðili veita væntanlegum kaupanda ívilnanir

1949 Nr. 57 25. maí

um greiðslu eða tryggingu o. s. frv., eða nauðsyn þykir að bæta við athugasemdum um söluverðmæti eða annað, og getur þá uppboðshaldari gert viðauka eða breytingar í þá átt á uppboðsskilmálum á uppboðsþingi, eftir því sem við þykir eiga, og skráð í uppboðsbók.

■ **26. gr.** Áður en tekið er til að bjóða eign upp, les uppboðshaldari uppboðsskilmála með breytingum og viðaukum, sbr. 25. gr., ef því er að skipta, veðbókarvottorð og þau skjöl önnur, er honum þykir hlýða, enda skulu uppboðsskilmálar og önnur skjöl, er söluna varða, vera til sýnis á uppboðsstað. Þegar svo er með farið, tjóar engum að bera fyrir sig ókunnugleika á uppboðsskilmálum eða nokkru því, er sölu varðar og skjöl þessi greina.

■ **27. gr.** Uppboðshaldari ákveður minnsta mun boða, nema svo hafi verið gert í uppboðsskilmálum. Hann kallar söluverðmæti upp með þeim hætti, sem honum þykir hlýða og samkvæmt uppboðsskilmálum, ef því er að skipta, enda skal rita boð í uppboðsbók jafnharðan sem þau eru gerð, og geta nafns bjóðanda við hvert boð. Þá er þrisvar sinnum hefur verið skorað á menn að gera yfirboð, en enginn gefur sig fram, lýkur sölutilraunum. Veita skal aðilum kost á að gera athugasemdir og kröfur um tryggingu, nýtt uppboð, útlagningu samkvæmt 32. gr. o. s. frv., eftir því sem efni standa til, enda úrskurðar uppboðshaldari þau atriði eftir þörfum. Til marks um það, að sölutilraun sé lokið að því sinni, lætur uppboðshaldari hamar sinn falla, og að boð aðila verði tekin til athugunar innan tiltekins tíma, enda verði eign ekki öðrum seld á því tímabili.

☐ Málskot á ákvörðun uppboðshaldara samkvæmt þessari grein eða yfirlýsing þar um frestar því aðeins uppboði, að ákvörðun varði atriði, sem uppboðshaldið sjálft veltur á, t. d. lögmæti greiðsluframboðs af hálfu skuldunautar, eignarrétt þriðja manns að söluverðmæti o. s. frv.

■ **28. gr.** Nú fæst ekkert boð í eign eða svo lágt boð, að enginn þeirra, er í 1. málsgr. 21. gr. segir, fær nokkuð af uppboðsandvirði, og hefur uppboðshaldari þá uppboðsþing.

☐ Rétt er hverjum þeim, er í 1. málsgr. getur og á í vonum að fá hluta af uppboðsandvirði, að krefjast þess, að eign verði slegin hæstbjóðanda, nema sýnilegt megi telja, að hann geti ekki fullnægt uppboðsskilmálum, enda sé þar ekki öðruvísi mælt. Ef engin slík krafa kemur fram, skal hefja uppboðsþing.

■ **29. gr.** [Uppboð skal haldið öðru sinni nema eigandi eignar og skuldunautur, ef hann er annar en eigandi, lýsi því yfir áður en uppboði er slitið að þeir telji annað uppboð þarflaust. Þrátt fyrir slíka yfirlýsingu getur réttindahafi í eign, sem missa mundi réttinda sinna í henni sakir þess hversu lágt boð hefur fengist, krafist annars uppboðs áður en fyrsta uppboði er slitið.

☐ Í auglýsingu um annað uppboð skal þess geta að það sé annað og síðara uppboð. Auglýsing um annað uppboð skal birt hið minnsta í einu dagblaði eða á annan hátt sem uppboðshaldara þykir til hlýða.

☐ Nú telur eigandi eignar, skuldunautur eða annar rétthafi sýnt að boð á öðru og síðara uppboði á fasteign hafi ekki orðið svo hátt sem skyldi og að það stafi af því að uppboð hafi ekki verið háð á eigninni sjálfri og getur hann þá krafist þess áður en öðru uppboði er slitið að fram fari þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni sem haldið verði á henni sjálfri. Skal uppboðið haldið innan fjögurra vikna frá öðru uppboði. Í auglýsingu skal þess geta að uppboðið sé þriðja og síðasta uppboð og fer um birtingu hennar eftir fyrirmælum 2. mgr.

☐ Nú fæst jafnhátt eða hærra boð á síðara uppboði og getur þá hver sá, er í 1. mgr. 21. gr. segir og væntanlega fær hluta af uppboðsandvirði, krafist þess að eign sé slegin hæstbjóðanda er fullnægir eða telja má að muni fullnægja uppboðsskilmálum. Hið sama á við ef jafnhátt boð eða hærra kemur fram á þriðja og síðasta uppboði á fasteign ef það er haldið.][1)]

[1)] *L. 12/1987, 7. gr.*

■ **30. gr.** Hæstbjóðandi á ekki heimtingu á því, að honum sé slegin eign, nema svo sé mælt í uppboðsskilmálum.

☐ Uppboðshaldara er rétt að setja ókunnum mönnum eða ógjaldfærum það skilyrði á uppboðsþingi, að trygging verði sett, ef boði þeirra eigi að sinna, enda þótt ekkert sé slíkt mælt í uppboðsskilmálum.

■ **31. gr.** Rétt er þeim, sem slegin hefur verið eign, að framselja rétt sinn, enda hafi þá uppboðsskilmálum verið eða þeim verði þá fullnægt. Telst slíkt framsal stimpilskylt sem framsal réttar samkvæmt kaupsamningi.

■ **32. gr.** Nú hefur veðhafi, þar á meðal handveðhafi að veðskuldabréfi, eða aðfararhafi orðið hæstbjóðandi á uppboði og fær samkvæmt boði sínu greiðslu að nokkru, en ekki að fullu, og er honum þá rétt að krefjast þess, að eign verði honum lögð út til eignar fyrir það verð, er hann hefur boðið, enda segi hann til, meðan þess er enn kostur að gera hærra boð. Nú býður enginn betur, og skal þá hætta uppboði.

☐ Aðili greiðir gjald í ríkissjóð sem fyrir árangurslaust uppboð.

☐ Nú krefur einhver þeirra, sem í 1. málsgr. 21. gr. segir og gerzt hefur kaupandi að eign, án þess að krafa þeirra hafi greiðzt að fullu, skuldunaut eða aðra um eftirstöðvar kröfunnar eða hluta af þeim, og getur dómur þá fært kröfu niður um það, er svarar mismun á sannvirði eignar á uppboðsdegi, svo sem það sannast með mati óvilhallra manna eða með öðrum hætti, og kaupverði.

☐ Rétt er og skuldunaut og öðrum, sem svara eiga til kröfu samkvæmt 1. málsgr., að höfða mál á hendur kröfuhafa til ákvörðunar á sannvirði eignar á uppboðsdegi, og getur dómur þá fært kröfur niður undir sama skilorði sem áður var mælt.

■ **33. gr.** Ef engin mótmæli hafa komið fram gegn uppboði, gefur uppboðshaldari út afsal að seldri eign, þegar aðili hefur fullnægt uppboðsskilmálum eða sýnir full skilríki hlutaðeigenda fyrir samþykki þeirra til þess, enda þótt uppboðsskilmálum hafi eigi verið fullnægt að þeirra leyti.

☐ Nú hafa mótmæli komið fram gegn uppboði sjálfu, og má þá eigi gefa út uppboðsafsal, fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn, nema aðili hafi afsalað sér áfrýjunarheimild, enda reyni uppboðshaldari eftir föngum að ganga úr skugga um það, hvort hennar verði neytt.

☐ Eigi getur sá, er veði sínu eða réttindum heldur óskertum áfram þrátt fyrir uppboð, varnað útgáfu afsals, enda taki aðili að sér skyldur þær, er á fyrra eiganda hvíldu í því sambandi.

■ **34. gr.** Þegar eign hefur verið slegin eða krafa um útlagningu eftir 32. gr. er fram komin, skal uppboðshald-

ari ganga úr skugga um það, hvort aðili fullnægir uppboðsskilmálum. Ef svo reynist, gerir hann skilagrein um kostnað af uppboði og semur frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis, ef þess er þörf, til þeirra, er fá eiga hluta af því, og í þeirri röð, er réttur hvers stendur til. Síðan kveður uppboðshaldari þá, er hluta eiga að fá af uppboðsandvirði samkvæmt þeirri vitneskju, sem þegar er fengin, á fund með þeim fyrirvara, er honum þykir hlýða, enda skal þeim þá skýrt frá því, að frumvarp að úthlutunargerð liggi til sýnis á skrifstofu hans.

☐ Nú koma engar kröfur um breytingar á frumvarpi fram, og greiðir uppboðshaldari þá hverjum það, er honum ber. Sama er um greiðslur til einstakra aðila, sem enginn mótmælir. Ágreining um atriði, sem krafizt er breytinga á, reynir uppboðshaldari að jafna, en ef það tekst ekki, þá ræður hann ágreiningi til lykta með úrskurði, eftir að aðilar hafa átt kost á að tala máli sínu. Greiðslur samkvæmt úrskurði mega ekki fara fram, fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn eða aðilar lýsa yfir eða sýna í verki, að áfrýjunarheimild verði ekki notuð.

☐ Nú hvíla skilyrtar eða að öðru óvissar kröfur á eign, og kröfuhafi ætti að fá greiðslu af uppboðsandvirði, og leggur uppboðshaldari þá féð til geymslu, þar til er sannreynt er, hvað hverjum ber. Ef ekkert skal greiða eða ef afgangur verður, þá skal greiða þeim, er það fé hefði borið, ef engin slík krafa hefði fram komið.

■ **35. gr.** Nú fullnægir kaupandi ekki uppboðsskilmálum, og getur þá uppboðsbeiðandi og hver sá, er í 1. málsgr. 21. gr. segir, krafizt þess, að eign sé boðin upp af nýju á kostnað og áhættu hans og samkvæmt þeim uppboðsskilmálum, sem áður voru ráðnir, svo sem við á. Um auglýsingu uppboðs fer þá samkvæmt 29. gr.

☐ Hinum upphaflega kaupanda er skylt að greiða það, er á þessu uppboði fæst minna fyrir eign en það, er áður var hæst boðið, auk uppboðskostnaðar.

☐ Rétt er og hverjum þeim, er greiðslu mundi hafa fengið af uppboðsandvirði, að lögsækja kaupanda fyrir sitt leyti á varnarþingi uppboðs til greiðslu þess, er honum hefði borið. Slíka heimild hefur og uppboðshaldari fyrir hönd einhvers eða allra þeirra, er svo er farið um, hvort sem ákvæðis 1. málsgr. hefur verið neytt eða ekki.

■ **36. gr.** Afmá skal í veðmálabókum þau veðbönd og höft á eign, sem uppboðsandvirði hefur ekki hrokkið til að greiða, aðila að kostnaðarlausu, þá er hann sýnir afsal samkvæmt 33. gr., enda skal þess geta í afsali, hver þau eru og að hve miklu leyti þau hafa ekki orðið greidd.

☐ Veðbönd og önnur höft á erlendu skipi, sem hér er selt nauðungarsölu samkvæmt lögum þessum, falla niður undir sama skilorði sem í 1. málsgr. segir.

**III. kafli. Um uppboð á öðrum verðmætum en þeim, er í II. kafla laga þessara greinir.**

■ **37. gr.** Uppboð fer fram þar, sem munir þeir eru, er selja skal, enda er rétt að safna saman á einn stað munum eins manns eða fleiri, eftir því sem á stendur, en greina skal þá glöggt í uppboðsbók, hver muni eigi og uppboðsheimild hvers um sig, og annað það, er nauðsynlegt kann að vera þeim til aðgreiningar.

☐ Útistandandi skuldir og önnur ólíkamleg verðmæti skal selja á heimili uppboðsþolanda, nema uppboðshaldari telji annan stað heppilegri.

☐ Rétt er uppboðsbeiðanda að flytja sölumuni innan hrepps, úr einum hreppi eða lögsagnarumdæmi í annan hrepp eða annað lögsagnarumdæmi, ef vonast má eftir betri sölu með þeim hætti, enda setji hann tryggingu fyrir greiðslu á spjöllum á sölumunum, er af vörzluskiptum, flutningi eða geymslu kunna að stafa, enda ákveður uppboðshaldari, þar sem munir eru fyrir flutninginn, um hann og tryggingu, ef ágreiningur verður.

■ **38. gr.** Uppboðshaldari (hreppstjóri) semur uppboðsskilmála, ef hann skal annast innheimtu uppboðsandvirðis. Annars kostar gerir uppboðsbeiðandi eða innheimtumaður frumvarp að uppboðsskilmálum, en leggja skal þó slíkt frumvarp fyrir uppboðshaldara nægum tíma fyrir uppboð, enda gæti hann þess, að ekkert sé í þeim lögum andstætt eða neitt það, er að nauðsynjalausu megi vera til tjóns skuldunaut, eiganda söluverðmæta eða öðrum. Gerir uppboðshaldari þá breytingar á uppboðsskilmálum eftir þörfum, enda hafi aðilum verið veittur kostur á að tala sínu máli.

☐ Nú annast hreppstjóri uppboð, og skal ágreining þá bera undir uppboðshaldara til úrlausnar.

☐ Nú eiga fleiri en uppboðsbeiðandi veðrétt eða önnur réttindi í söluverðmæti samkvæmt veðmálabók eða öðrum skýrslum, og ber uppboðshaldara þá að senda þeim uppboðsauglýsingu eða tilkynningu samkvæmt 22. gr., enda skal þá svo með fara sem í 25. gr. segir.

☐ Nú skal útistandandi skuld selja, og skal þá tilkynna með sama hætti skuldunaut og ábyrgðarmönnum, ef því er að skipta. Þetta gildir þó ekki, ef selja skal heildarsafn skulda, svo sem útistandandi skuldir verzlunar eða slíks fyrirtækis, nema einhver þeirra, er það skiptir máli, vilji á sinn kostnað tilkynna einstökum skuldunautum eða ábyrgðarmönnum sérstaklega uppboð.

■ **39. gr.** Svo skal líta á, nema öðruvísi sé mælt í uppboðsskilmálum eða með öðrum hætti, að:

1. Munir séu seldir svo farnir sem þeir eru, er hamar fellur.

2. Kaupandi beri áhættu á seldum hlut frá hamarshöggi.

3. Eigi sé ábyrgð tekin á vanheimild eða leynandi löstum, og að kaupi verði því aðeins rift eða afsláttur af kaupverði vegna slíkra annmarka geti því aðeins komið til mála, að krafa þar um sé gerð til uppboðshaldara (hreppstjóra), innan þess tíma, er í uppboðsskilmálum er mælt, er vera skal áður en reikningsskil eru gerð samkvæmt 46. gr.

4. Kaupanda sé rétt að taka sölumuni í vörzlur sínar, er honum hafa verið þeir slegnir, að hann verði þá eigandi þeirra og taki af þeim ókominn, áfallinn og óheimtan arð, svo sem vexti af skuld, lamb með á o. s. frv.

5. Greiða skuli við hamarshögg. Ef einhver sá, er það kann að skipta máli, krefst þess, skal setja í uppboðsskilmála fyrirmæli um hæfilegan gjaldfrest til handa kaupendum, sem innheimtumaður telur óhætta skuldunauta, með tryggingu eða án hennar.

6. Uppboðskostnaður, annar en innheimtulaun, sé kaupanda óviðkomandi.

■ **40. gr.** Uppboðshaldari (hreppstjóri) auglýsir uppboðið. Þar, sem blöð eru gefin út á staðnum, skal birta uppboð í einu þeirra eða fleirum einu sinni, eða tvisvar, ef þess er óskað, með að minnsta kosti viku fyrirvara. Þar, sem ekki er blaðakostur á staðnum eða ekki þykir

1949 Nr. 57 25. maí

heppilegt eða einhlítt að auglýsa í blaði, sem ekki er gefið út á staðnum, skal birta uppboð á opinberum mannfundum, ef þess er kostur, eða með auglýsingu, festri upp á þinghús eða á öðrum stöðum, þar sem fjölmenni kemur eða ætla má, að fjölmenni komi, eða með boðum um sveit eða nálægar sveitir, allt eftir því sem uppboðshaldari telur heppilegt og með hliðsjón til þess, hversu mikið og hversu verðmætt á að selja, og hvaðan kaupenda megi helzt vænta.

☐ Uppboðsfrest má stytta, ef söluverðmæti eru bráðum skemmdum undirorpin, varðveizla þeirra er sérstaklega kostnaðarsöm eða torveld o. s. frv.

☐ Í uppboðsauglýsingu skal greina glöggt stað og stund, er uppboð skal halda. Þar skal og vera almenn greinargerð um söluverðmæti, sérstaklega um þau, er verðmest má telja, svo sem bifreiðar, flugför og báta, listaverk, skrautgripi, úrvalsskepnur o. s. frv.

■ **41. gr.** Aðfararhafar, hvort sem þeir hafa gert aðför áður en eða eftir að uppboðsbeiðandi aflaði sér uppboðsheimildar, geta ekki varnað uppboði samkvæmt ákvæðum þessa kafla, en eigi skal kostnaður af uppboði samkvæmt kröfu þess, er að baki stendur, koma eldra aðfararhafa til gjalds, enda skal uppboðsandvirði varið til fullnustu hans, áður en nokkur sá, er að baki honum stendur, fái greiðslu.

☐ Rétt er aðfararhafa að krefjast uppboðs eftir birtingu uppboðs samkvæmt 40. gr., ef uppboðsbeiðandi fellur frá beiðni sinni.

☐ Nú á maður veð í söluverðmæti, og veð það skal víkja fyrir rétti uppboðsbeiðanda, og má þá sá veðhafi ekki varna uppboði. Nú skal uppboðsbeiðandi víkja fyrir veðhafa, og er uppboðsbeiðanda þá rétt að leysa veðrétt af söluverðmætum, hvort sem krafan er fallin í gjalddaga eða ekki, enda kemur hann þá í stað veðhafa.

■ **42. gr.** Rétt er uppboðshaldara (hreppstjóra) að láta gera skrá, er hann getur látið margfalda eftir þörfum, um verðmæti þau, er selja skal, ef hann telur, að það muni verða aðilum til hags, enda er hverjum þeim, er telur hag að því, rétt að láta gera slíka skrá á sinn kostnað og undir eftirliti uppboðshaldara innan þess tíma, er uppboð skal halda. Uppboðshaldari ákveður, hvernig kynna skuli almenningi slíka skrá.

☐ Í skrá skal setja uppboðsskilmála næst á eftir titilblaði.

■ **43. gr.** Að settu uppboðsþingi les uppboðshaldari (hreppstjóri) upp uppboðsskilmála í heyranda hljóði. Skal venjulega festa þá upp á áberandi stað til sýnis almenningi. Skrá um sölumuni, ef því er að skipta, skal og liggja frammi til sýnis þeim, er vilja kynna sér hana. Enginn getur borið fyrir sig ókunnugleika á uppboðsskilmálum, ef svo er með farið.

☐ Síðan býður uppboðshaldari (hreppstjóri) upp hvert einstakt verðmæti með stuttri lýsingu á því, eftir því sem á stendur, í þeirri röð, er hann ákveður, eftir atvikum í samráði við uppboðsbeiðanda, skuldunaut eða eiganda, ef hann er annar maður, enda sé þess gætt, að einskis manns hagsmunir séu skertir í því efni. Ef skrá um söluverðmæti hefur verið gerð samkvæmt 42. gr., skal venjulega bjóða muni upp í þeirri röð, er þar greinir. Rétt er að selja í einu númeri fleiri en einn samkynja muna, ef nauðsynlegt eða hentugt þykir, enda má jafnan auka munum við hvert númer, ef eigi fæst annars boð í það. Ef selja skal útistandandi skuldir, skal og venjulega reyna sölu á hverri skuld sér, en rétt er þó að selja í einu lagi safn slíkra skulda samkvæmt bókum lánardrottins, svo sem útistandandi skuldir atvinnufyrirtækis, enda hafi það áður verið athugað eftir föngum, hvers virði ætla megi þær, og væntanlegum kaupendum veittur kostur á slíkri athugun. Jafnan skal veita mönnum kost á að athuga söluverðmæti eftir föngum, áður en uppboði á því er lokið.

1949 Nr. 57 25. maí

■ **44. gr.** Uppboðshaldari (hreppstjóri) skal veita mönnum nægan kost á að gera boð og eigi láta hamar falla, fyrr en þrisvar sinnum hafi skýrt og glöggt verið skorað á menn að hækka boð, og enginn hafi sinnt þeirri áskorun, enda hafi mönnum verið veitt nægilegt ráðrúm til þess að hugleiða það, hvort gera skuli hærra boð. Nú gera tveir eða fleiri jafnhátt boð, og ræður uppboðshaldari (hreppstjóri) þá hverjum hann slær, en þó gengur sá fyrir, er leggur þegar fram greiðslu, þeim er gjaldfrest vilja fá. Ef boð þykir eigi tækt, er sá, er næst hæst bauð, bundinn við boð sitt, nema öðruvísi sé mælt í uppboðsskilmálum.

☐ Greina skal í uppboðsbók nægilega skýrt hvert verðmæti í framhaldandi töluröð, söluverð þess og kaupanda. Nú er greitt við hamarshögg, og þarf þá ekki að greina kaupanda, nema hann óski þess sérstaklega, en einungis geta þess, að þegar sé greitt.

☐ Enginn á heimtingu á því, að honum sé slegið söluverðmæti, þótt hann hafi boð gert í það, nema öðruvísi sé mælt í uppboðsskilmálum.

■ **45. gr.** Nú þykir það orka tvímælis, hvort nægilega hátt boð hafi fengizt í einstakt söluverðmæti, eða rétt þykir að veita kaupanda frest til þess að fullnægja uppboðsskilmálum, og getur uppboðshaldari (hreppstjóri) þá frestað ákvörðun um það, hvort boð skuli samþykkja, eða til að veita kaupanda færi á fullnægingu skilmála, enda eru hæstbjóðandi og næstbjóðandi þá bundnir við boð sitt næstu viku.

■ **46. gr.** Jafnskjótt sem uppboðsandvirði er komið í hendur uppboðshaldara (hreppstjóra), gerir hann reikning yfir kostnað, þar á meðal innheimtulaun, ef þau hafa eigi þegar verið frá dregin, og uppboðsandvirði og greiðir síðan til uppboðsbeiðanda það, er honum ber, og afganginn til fyrri eiganda, ef því er að skipta.

☐ Ef fleiri kröfuhafar en uppboðsbeiðandi gefa sig fram, skal svo með fara sem í 34. gr. segir, eftir því sem við á.

■ **47. gr.** Taka má uppboðsandvirði lögtaki næstu 12 mánuði eftir gjalddaga.

☐ Heimta má uppboðsandvirði með lögsókn á varnarþingi uppboðs.

☐ Ákvæði 35. og 36. gr. taka til uppboða samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.

■ **48. gr.** Ef innheimtumaður uppboðsandvirðis er ráðinn, fara innheimtulaun eftir samkomulagi, enda setur hann þá tryggingu, sem allir þeir, er hluta eiga að fá af uppboðsandvirði, verða á sáttir og um er kunnugt. Annars kostar ákveður uppboðshaldari (hreppstjóri) tryggingu.

☐ Sá, er innheimtir uppboðsandvirði, ábyrgist það sem sjálfs sín skuld, enda ræður hann, hvort og hverjum gjaldfrest skuli veita, og hverja tryggingu uppboðskaupandi skuli setja, ef því er að skipta.

**1949** Nr. 57 25. maí

□ Ráðnum innheimtumanni ber að standa skil á uppboðsandvirði til uppboðshaldara (hreppstjóra) með þessum hætti:

1. Því, sem greitt er við hamarshögg, viku eftir lok uppboðs.

2. Því, er síðar skal greiða, 2 vikum að gjaldfresti liðnum.

□ Uppboðshaldari getur þó veitt lengri frest, þegar sérstakar ástæður eru til, svo sem ef uppboð hefur verið mjög yfirgripsmikið, ef uppboðsskuld hefur ekki greiðzt á gjalddaga o. s. frv.

□ Ef brestur verður á greiðslum af hálfu ráðins innheimtumanns, ber honum að greiða 5% ársvöxtu af því fé, er greiðsludráttur verður á, enda má sækja hann til greiðslu á varnarþingi uppboðs. Dómari leitar sátta í því máli.

■ **49. gr.** Nú hafa verðbréf með skráðu gengi hér á landi eða erlendis, svo sem ríkisskuldabréf, veðdeildarbréf, hlutabréf o. s. frv., verið tekin fjárnámi, og er uppboðshaldara þá rétt að selja þau eða láta banka eða miðlara selja þau.

□ Kröfur, sem teknar hafa verið fjárnámi, er uppboðshaldara rétt að innheimta, eða láta innheimta, jafnskjótt sem þær falla í gjalddaga. Ef annar en uppboðshaldari annast innheimtu, þá kveður hann á um tryggingu af hendi innheimtumanns og semur um þóknun fyrir starfann, að því leyti sem hún greiðist ekki af skuldunaut, enda hafi fógeti eða skiptaráðandi ekki gert slíkar ráðstafanir áður. Eftirrit af fjárnámsgerð um innheimtukröfur og vottorð uppboðshaldara um innheimtuumboð er full sönnun innheimtuheimildar.

□ Ráðinn innheimtumaður greiðir innheimtufé til uppboðshaldara með þeim hætti, er uppboðshaldari ákveður. Hann fer síðan með það fé sem áður er mælt um uppboðsandvirði.

**IV. kafli. Niðurlagsákvæði.**

■ **50. gr.** ...

■ **51. gr.** Aðgerðir, sem fram fara vegna uppboðs eftir gildistöku laga þessara, fara eftir þeim. Þó skal uppboð, sem byrjað er áður en lög þessi koma til framkvæmdar, en heldur síðan áfram, fara eftir eldri lögum.

□ Nú hefur uppboð verið birt, áður en lög þessi komu til framkvæmdar, og skal þá, ef þess er kostur, tilkynna uppboð samkvæmt 22. eða 40. gr., svo og að birta uppboð framar en gert hefur verið samkvæmt ákvæðum téðra greina, ef því verður við komið og einhver aðila krefst þess.

**1966** Nr. 20 16. apríl

**Lög um viðauka við lög nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.**

■ **1. gr.** Auglýsingu um uppboð á loftfari skal birta fyrir fram þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði, þannig að eigi líði skemmri tími en 6 vikur milli fyrstu birtingar og uppboðs, og í einu öðru blaði einu sinni eða oftar, ef uppboðshaldari telur það heppilegt, og með þeim fyrirvara, er hann ákveður. Tilkynna skal uppboð með 6 vikna fyrirvara skrásetningaryfirvöldum þeim, sem í hlut eiga. Nú er um að tefla loftfar, sem skrásett er í erlendu ríki, og skal einnig birta uppboðið, a. m. k. einum mánuði áður en það fer fram, á þeim stað, þar sem loftfarið er skrásett, og samkvæmt reglum þeim, er þar gilda um opinbera birtingu á nauðungaruppboðum. Uppboðsbeiðandi skal láta uppboðskröfu sinni fylgja staðfest endurrit úr hinni íslenzku eða erlendu réttindaskrá, er veiti vitneskju um skrásett réttindi í loftfarinu. Samtímis auglýsingu um uppboðið í Lögbirtingablaði eða uppboðsauglýsingu erlendis, skal fógeti tilkynna uppboðið í ábyrgðarbréfi, ef unnt er í loftpósti, eiganda loftfars og handhöfum nefndra réttinda, enda sé heimilisfang þeirra tilgreint í réttindaskránni. Sams konar reglum skal beita um uppboð á varahlutabirgðum, sem veðsettar hafa verið ásamt loftfari.

**1966** Nr. 20 16. apríl

■ **2. gr.** Nú er uppboð haldið á loftfari, og ber að greiða kostnað, sem á hefur fallið í sameiginlega þágu lánardrottna við lögsóknina, af uppboðsandvirði á undan öllum öðrum kröfum, þar á meðal kröfum um bjarglaun og kröfum settum á bekk með þeim.

■ **3. gr.** Nú er uppboð haldið á skrásettu loftfari, og er rétt, að sala fari fram, svo fremi öll réttindi í loftfarinu, sem ganga fyrir kröfu fjárnámshafa og leiddar eru sönnur að fyrir fógeta, greiðast af uppboðsandvirðinu eða kaupandi tekur að sér greiðslu þeirra, að því leyti sem hann á rétt til þess.

□ Nú er fjárnám gert í skrásettu loftfari til tryggingar bótakröfu vegna tjóns, sem beðið hafa menn eða fémunir á jörðu niðri hér á landi, og tjóninu hefur valdið téð loftfar eða annað loftfar sama eiganda, sem á hvíla sömu veðréttindi eða tryggingarréttindi fyrir kröfum, sem stofnaðar eru með samningi og hljóða á ákveðna fjárhæð eða hámarksfjárhæð, og getur sala farið fram, enda þótt uppboðsandvirðið hrökkvi eigi til fullrar greiðslu á kröfu fjárnámshafa og kröfum þeirra, sem ofar honum standa í réttindastiga, enda ber þá að færa niður þá fjárhæð, sem kemur í hlut handhafa síðastnefndra réttinda, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er, til þess að fjárnámshafi hljóti fullnustu, en nema skal þó fjárhæð forgangsaðila a. m. k. 80% uppboðsandvirðis að frádregnum kostnaði.

□ Eigi skal beita ákvæðum þeim, er mælt eru í 2. mgr., ef sá, sem ber ábyrgð á tjóninu, eða einhver á hans vegum hefur tekið ábyrgðartryggingu, sem nægilega og virkt stendur undir skaðabótaskyldu hans.

□ Nú eru varahlutabirgðir veðbundnar ásamt loftfari, og háð er nauðungaruppboð samkvæmt fjárnámi, gerðu fyrir kröfu, sem eigi er tryggt á sama hátt, og má sala eigi fara fram, nema á uppboðinu komi fram boð, er nemi ⅔ af verðmæti birgðanna að mati tveggja sérfróðra matsmanna, sem fógeti kveður.

□ Nú hrekkur uppboðsandvirði eigi til greiðslu á kröfum, sem ganga fyrir kröfu fjárnámshafa, og svo fyrir kröfum fjárnámshafa, og má, ef nauðsyn ber til, færa þá fjárhæð, sem fer til greiðslu forgangskrafnanna, niður í ⅔ uppboðsandvirðis að frádregnum kostnaði.

■ **4. gr.** Að öðru leyti taka ákvæði II. kafla laga nr. 57 25. maí 1949 svo og önnur ákvæði laganna, eftir því sem við á, til uppboða á loftförum.

**1793** 21. júní

**Tilskipun um takmörkin milli lögsagna hinna einstöku uppboðshaldara og skiptaráðenda.**

■ **1)**[1] Skipti á dánar-, ... eða þrotabúum bera undir skiptaráðanda, þar er sá, er skiptin eru eftir, átti sjálfur varnarþing, er skiptin hófust.

[1] *Sbr. l. 3/1878, 95. gr.*

■ **2)** Þegar borgarar eiga heima utan lögsagnarumdæm-

**1793** 21. júní

is þeirra kaupstaða, þar sem þeir hafa borgararétt (en það á sér eigi sjaldan stað í Noregi), skulu þeir því heyra undir hinn almenna skiptarétt, þar sem þeir eiga heima, og skiptaráðandi þar því fara með skipti eftir þá, svo og skipa fjárhaldsmenn og gegna skyldum yfirfjárráðanda ...

**1911** Nr. 32 11. júlí

## Lög um úrskurðarvald sáttanefnda.[1]

[1] *Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 90/1989, 99. gr.*

■ **1. – 11. gr.** ...[1]

[1] *L. 85/1936, 224. gr.*

■ **12. gr.** Rétt er að hreppstjóri geri í umboði fógeta aðför ...[1] í skuldamálum, ef skuld fer eigi fram úr 100 kr., eftir þeim reglum, er þar eru um settar í lögum, og á hann fyrir gjald ...[2]

[1] *L. 57/1959, 50. gr.* [2] *L. 32/1965, 6. gr.*

**1878** Nr. 3 12. apríl

## Lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum, o. fl.

### Fyrsti þáttur. Um tilkynning andlátsins og hin almennu skilyrði fyrir því, að skiptaráðandi skipti dánarbúi.

### 1. kapituli.

■ **1. gr.** Þegar maður deyr, skal tafarlaust eða að minnsta kosti svo fljótt sem unnt er, tilkynna það skiptaráðanda eða hreppstjóra, en hann gefur ókeypis vottorð um tilkynninguna, þegar þess er krafizt. Hafi látið verið tilkynnt hreppstjóra, skal hann þegar skýra skiptaráðanda frá því.

□ Ef annað hjóna er eftir á lífi og viðstatt, er það skylda þess, að tilkynna látið, ella erfingja þeirra, sem komnir eru til lögaldurs, ef viðstaddir eru; en að öðrum kosti er það skylda þess, er hinn framliðni var til húsa hjá, eða heimilismanna hans, þeirra sem til lögaldurs eru komnir.

□ Eigi má prestur jarða lík fyrri, en honum hefir verið sýnt vottorð skiptaráðanda eða hreppstjóra um tilkynningu látsins.[1] Þó má út af þessu bregða, ef eigi hefir verið unnt að tilkynna látið; en þegar svo er, skal presturinn tafarlaust skýra hreppstjóra frá látinu og greftruninni.

[1] *Sbr. l. 64/1962.*

■ **2. gr.** Ef vanrækt er að tilkynna lát, svo sem mælt er fyrir í 1. gr., varðar það sekt, allt að 100 kr., er rennur í landssjóð, og skal sækja mál það sem opinbert lögreglumál. Hin sama sekt liggur við, ef prestur vanrækir skyldur þær, er honum ber að gæta eftir sömu grein.

■ **3. gr.** Lát má tilkynna bæði skriflega og munnlega, og skal þá, ef unnt er, tilgreina, hvar hinn framliðni hafi átt heimili eða dvöl, hverjir erfingjar hans séu, og hvar fjármunir hans séu niður komnir.

□ Það er skylda þess, sem skýrir frá látinu, og annarra, að hafa eigur hins dána í vörzlum sínum, að gæta þeirra vandlega þangað til skiptaráðandi ráðstafar þeim.

■ **4. gr.** Rétt er, að einn erfingja krefjist þess, að skiptaráðandi skipti búi, þótt allir hinir séu á það sáttir, að skipta sjálfir. Þar á móti geta hvorki þeir, er eiga gjafir, né þeir, er eiga skuldir að heimta í búinu, krafizt opinberra skipta.

■ **5. gr.** Skiptaráðandi tekur dánarbú til skipta, hvort sem erfingjar æskja þess eða ekki:

a. þegar einhver erfingjanna eigi er kominn til lögaldurs, þá er skipti byrja;

b. þegar einhver erfingjanna er sviptur fjárforræði, þá er skiptin byrja. En ef það er kvæntur maður, er býr saman við konu sína, og þau eiga félagsbú saman, þá má fjárhaldsmaður hans ásamt konunni taka þátt í erfingjaskiptum fyrir hönd þess, er sviptur hefir verið fjárforræði;

c. þegar einhver erfingjanna er erlendis, þá er skipti byrja, eða eigi er kunnugt, hvar hann er, og hann hefir eigi veitt öðrum manni umboð til að gæta hags síns við skiptin. Nú er eigi kunnugt, hvar erfingi er niður kominn, og engin vissa fyrir, að hann hafi lifað arfleifanda, og mega erfingjar samt sjálfir skipta með sér, ef fimm ár eru liðin frá því, er síðast spurðist til hans.

□ Skiptaráðandi skal og taka til skipta dánarbú eftir gjaldheimtumenn og reikningshaldara, þegar hið opinbera eða ómyndugir eiga forgöngurétt eða lögboðinn veðrétt í eigum þeirra, og má þá eigi selja erfingjunum búið í hendur fyrri, en séð hefur verið borgið kröfum hins opinbera eða hinna ómyndugu.

■ **6. gr.** Hvort sem erfingjar æskja þess eða ekki, skal skiptaráðandinn enn fremur taka til skipta dánarbú þau, er hinn látni hefir löglega ákveðið að þannig skuli skipta. Jafnvel þó arfleifandi láti eftir sig arfgengt afkvæmi, skal honum heimilt að ákveða með gerningi, í því formi sem fyrir skipað er um arfleiðsluskrár, að búinu skuli skipt af skiptaráðanda, eða tilnefndum skiptaforstjórum, er eigi hafi dómsvald. Sömu ákvörðun getur það hjóna, er eftir lifir og situr í óskiptu búi, gert um allt félagsbúið.

■ **7. gr.** Nú hafa erfingjar sjálfir tekið bú til skipta, og kemur ei til opinberra skipta, þó slík breyting verði á, meðan á skiptum stendur, að skiptaráðandi hefði átt að skipta búi, ef þannig hefði verið ástatt frá fyrstu.

■ **8. gr.** Ef erfingjar, er sjálfir skipta, verða missáttir, er hverjum þeirra heimilt að krefjast, að skiptaráðanda sé selt búið í hendur til skipta samkvæmt því, sem fyrir er mælt um dánarbú, þegar gengizt er við arfi og skuldum.

■ **9. gr.** Nú hefir skiptaráðandi byrjað á skiptum, en nauðsyn til opinberra skipta hefir horfið, áður en skiptum er lokið, og geta erfingjar þá krafizt, að búið sé fengið sér í hendur, ef þeir allir eru á eitt sáttir um það. Til þessa þarf þó samþykki skuldheimtumanna þeirra, er hafa gefið sig fram, nema skuldir þeirra séu þeim borgaðar, eða þeir fái fulla tryggingu fyrir greiðslu skuldanna á gjalddaga. Ef innköllun til skuldheimtumanna hefir verið út gefin, má eigi selja erfingjum bú í hendur fyrri, en innköllunarfresturinn er liðinn.

□ Sama er og um skilyrðin fyrir því, að það hjóna, sem eftir lifir og má sitja í óskiptu búi, geti heimtað búið sér fram selt til frjálsra umráða.

■ **10. gr.** Þegar ætla má eftir því, sem fram er komið, þegar látið er tilkynnt, að dánarfé sé eigi meira en fyrir útfararkostnaði, má skiptaráðandi þá þegar selja það þeim í hendur, sem kostar útförina.

□ Nú hyggur skiptaráðandi, eftir því sem honum er þannig kunnugt orðið, að dánarféð nemi eigi 200 kr., og hrökkvi þó fyrir skuldum, og fara þá eigi fram opinber skipti, þó annars bæri nauðsyn til þess eftir fyrirmælum 5. gr. a – c, ef einn eða fleiri af erfingjum eru myndugir, og bæði þeir og fjárhaldsmenn hinna ómyndugu lýsa því yfir þá þegar, að þeir gangist við arfi og skuldum.

□ Ákvarðanirnar í 76. – 79. gr. ná eigi til þessara búa.

■ **11. gr.** Að öðru leyti ber að fara eftir því, sem fyrir er mælt í 7. kapítula laga þessara, um það, hvers erfingjum ber að gæta, þá er þeir vilja neyta réttar síns til

að skipta sjálfir búi, og um það, hver skilríki þurfi af þeirra hálfu í þessu efni.

**Annar þáttur. Um opinber skipti.**

**2. kapítuli. Um byrjun og fyrstu aðgerðir á opinberum skiptum.**

■ **12. gr.** Þegar skilyrðin fyrir opinberum skiptum eiga sér stað, og lög þessi ákveða eigi öðruvísi, þá skal skiptaráðandi byrja skiptagerð eins fljótt og því verður við komið, eftir að látið hefir verið tilkynnt honum, eða honum á annan hátt hefir orðið það kunnugt, og tekur hann þá eigur búsins undir umsjón sína, annaðhvort með því að innsigla þær, eða á annan hagkvæman hátt; svo ber honum og að sjá um, að þeir munir búsins, sem eru í öðrum lögsagnarumdæmum, verði annaðhvort innsiglaðir, eða að skiptaráðandinn þar taki þá undir sína umsjón.

□ Að svo miklu leyti, sem því verður við komið, ber skiptaráðanda að sjá um, að bókað sé nafn eiganda og ritað á skuldabréf þau, er finnast í búinu, og bera með sér að vera handhafaeign. Verði skiptaráðandi þess vísari, að hinn framliðni hafi átt fé á skuldastöðum, ber honum að gera um það þá ráðstöfun, sem þörf er á.

□ Þessi gerð skiptaráðanda nær eigi til þeirra muna, sem ætla má að séu annarra eign, og þeir þegar geta heimtað sér selda í hendur.

■ **13. gr.** Nú eru skilyrðin fyrir því, að það hjóna, sem eftir lifir, megi sitja í óskiptu búi, eða að erfingjar megi taka bú til skipta án íhlutunar skiptaráðanda, að vísu eigi fyrir hendi, þá er látið er tilkynnt, en þó þykir mega sjá fyrir, að þeim verði fullnægt innan skamms tíma, og má skiptaráðandi þá fresta gerðinni um hríð, nema honum þyki hætt við, að eigum búsins sé spillt, eða að þær misfarist.

■ **14. gr.** Skiptaráðanda ber, sem fyrst eftir að hann hefir tekið við búinu, að rannsaka, hverjir eigi arf og gjafir að taka, svo og tilkynna þeim látið hverjum um sig, ef á þarf að halda; ber honum að gera það á þann hátt, sem honum þykir bezt við eiga eftir því sem á stendur, og má hann til þess hafa handfalið bréf. Sé einhver erfingja eða gjaftökumanna ómyndugur, á skiptaráðandi að sjá um, að honum sé skipaður fjárhaldsmaður sem fyrst, ef það ekki þegar hefir verið gert. Nú er erfingi fjarstaddur og ókunnugt um verustað hans, eða hann er í þeirri fjarlægð, að eigi þykir mega fresta skiptum þangað til ráðstöfun hans er fengin, enda mætir enginn með umboði af hans hálfu, og ber skiptaráðanda einnig að sjá um, að honum sé skipaður fjárhaldsmaður, og hefir hann í öllum greinum sömu réttindi og skyldur og er háður sama eftirliti, sem fjárhaldsmenn ómyndugra.

■ **15. gr.** Jafnsnemma þessu, eða svo fljótt, sem því verður við komið, ber skiptaráðanda að láta upp skrifa og virða dánarbúið; svo skal og tilgreina kröfur og skuldir búsins, eftir því sem þá er kunnugt, nema haganlegra þyki að fresta þessu, þangað til farið hefir verið yfir reikningsbækur búsins og skjöl þess, en það ber skiptaráðanda að gera sem fyrst, þó svo, að erfingjunum gefist kostur á að vera viðstaddir.

■ **16. gr.** Gerðir þær, sem nú hafa verið nefndar, framkvæmir skiptaráðandi eða hreppstjóri fyrir hans hönd með tveimur vottum, er virða skulu eignir búsins og leggja eið við; en ef sérstakrar þekkingar þarf við, tilnefnir skiptaráðandi virðingarmenn, sem til þess eru hæfir. Skiptaráðandi lætur vottana vinna eið að virðingunni á skiptafundi, ef þess er krafizt, áður en skiptum er lokið. Þegar hreppstjóri framkvæmir gerðir þessar, ritar hann þær í bók, er skiptaráðandi löggildir, og sendir honum eftirrit sem fyrst, eftir að gerðinni er lokið. [Hreppstjóra ber þóknun fyrir að annast gerðir þessar, og skal hún vera hálfu hærri en laun votta. Skiptaráðandi ákveður laun votta og sérstakra virðingarmanna. Ferðakostnað skulu þessir aðilar fá greiddan eftir reikningi, sem skiptaráðandi úrskurðar.][1)]

□ Þegar gerðir þessar eiga fram að fara, skal kalla til erfingja og þá, er til gjafa eiga að telja, ef því verður við komið, án þess að það valdi drætti. Annaðhvort við lok uppskriftarinnar, eða á skiptasamkomu, er haldin sé sem fyrst þar á eftir, ber skiptaráðanda að fá tillögur erfingjanna um ráðstafanir þær á búinu, sem eigi má fresta, og ráða síðan af, hvað gera skuli; svo skal hann og skora á þá að lýsa yfir, hvort þeir vilji taka á sig ábyrgð á skuldum hins framliðna eða ekki. Sama er og um hreppstjóra, þegar hann skrifar upp bú. Veita má erfingjum stuttan umhugsunarfrest til þessarar yfirlýsingar. Nú er erfingi ómyndugur eða fjarstaddur, og hefir honum verið skipaður fjárhaldsmaður eftir 14. gr., og lýsir fjárhaldsmaður því þá yfir fyrir hönd erfingja, hvort hann taki ábyrgð á skuldum. Rétt er að skiptaráðandi varni því, að fjárhaldsmaður gangist við arfi og skuldum, þótt hann vilji, ef skiptaráðandi álítur, að erfingi bíði tjón af því.

[1)] *L. 31/1965, 1. gr.*

■ **17. gr.** Nú hafa erfingjar, sem verið hafa viðstaddir gerð þá, sem um er getið í næstu grein á undan, lýst því yfir, að þeir takist á hendur ábyrgð á skuldum búsins, eða að minnsta kosti eigi skorazt undan slíkri ábyrgð, en sumir erfingja eru fjarstaddir og hafa eigi látið í ljós vilja sinn, og ber skiptaráðanda þá tafarlaust að kveðja á skiptafund alla þá, er til arfs og gjafa eiga að telja í búinu.

□ Þegar þeir, er arf eða gjafir eiga að taka, allir eru innanlands og skiptaráðanda er kunnugt um heimili þeirra eða verustaði, skal hann gera þeim aðvart hverjum fyrir sig, annaðhvort með handföldu bréfi, eða á annan hátt, er honum þykir við eiga.

□ Nú er eigi kunnugt um alla þá, er arf eða gjafir eiga að taka, eða hvort þeir séu innanlands, eða hvar þeir séu, og skal boða þá á skiptafund með auglýsingu, sem tvisvar sinnum sé birt í blöðum þeim, sem ætluð eru til almennra auglýsinga.

□ Skiptaráðandi tiltekur boðunarfrestinn eftir atvikum.

■ **18. gr.** Á skiptafundi þeim, sem um er rætt í 17. gr., ber skiptaráðanda að skýra erfingjum og gjaftökumönnum frá efnahag búsins, að því leyti kunnugt er; síðan skal hann skora á erfingja að lýsa yfir, hvort þeir vilji taka að sér ábyrgð á skuldum hins dána eða ekki.

□ Nú fæst eigi á fundum þeim, sem um er rætt í 16. og 17. grein, yfirlýsing af hálfu allra erfingja um, að þeir vilji taka að sér ábyrgð á skuldum búsins, og skal þá fara með búið svo sem segir í 3. kap. laga þessara, þannig, að ábyrgð á skuldum þess nái eigi lengra, en efni þess hrökkvi til.

**3. kapítuli. Um skipti á dánarbúum, þegar erfingjar taka eigi að sér ábyrgð á skuldum.**

**I. Almennar ákvarðanir.**

■ **19. gr.** Nú hafa erfingjar eigi gengizt við arfi og skuldum, og ber skiptaráðanda þá að fara sem mest eftir

tillögum skuldheimtumanna um meðferð á búinu, þangað til skuldir þeirra hafa verið þeim goldnar, eða þeir hafa fengið tryggingu fyrir greiðslu þeirra; en upp frá því ber að telja erfingjana rétta umráðamenn búsins.

□ Ef nauðsyn ber til að láta af hendi fjármuni úr búinu, eða gera aðra samninga í þarfir þess, áður en útgert er um það eftir fyrirmælum 16. og 17. greinar, hvort erfingjar gangist við arfi og skuldum eða ekki, þá er skiptaráðanda þetta heimilt; en gæta skal hann þess, að réttur skuldheimtumanna sé í engu skertur.

■ **20. gr.** Þegar erfingjar gangast eigi við arfi og skuldum, skal tafarlaust gefa út innköllun til skuldheimtumanna, og taka það með berum orðum fram í henni, að erfingjar hafi eigi tekið að sér ábyrgð á skuldum búsins, sbr. þó 42. gr.

□ Ákvæði[1] eldri laga um, að skiptaráðanda beri sérstaklega að skýra sumum skuldheimtumönnum eða öðrum frá skiptum, skulu standa óbreytt.

[1] *Op. br. 10. apríl 1795 og kansbr. 17. maí 1823.*

■ **21. gr.** Í innköllun til skuldheimtumanna skal og með sama fyrirvara skora á þá, er arf og gjafir eiga að taka, ef eigi er þegar kunnugt, hverjir þeir eru og hvar þeir eru, að gefa sig fram; en eigi hafa þeir misst réttar síns, þó þeir eigi gefi sig fram eftir innkölluninni. Annarrar eða frekari innköllunar til erfingja þarf eigi við, og þegar innköllun til skuldheimtumanna löglega hefir verið sleppt (sbr. 42. gr.), þarf skiptaráðandi eigi að bíða með skipti á búinu lengur, en annarra orsaka vegna er nauðsynlegt.

■ **22. gr.** ...[1]

[1] *L. 19/1924, 2. gr.*

■ **23. gr.** Halda skal skiptafundi í búum svo oft, sem þurfa þykir, og boðar skiptaráðandi til þeirra á þann hátt, sem bezt á við á hverjum stað. Svo ákveður hann og fyrirvara, stund og stað.

■ **24. gr.** Um málefni þau, sem til umræðu koma á skiptafundi, og um meðferð búsins, skal fara eftir tillögum fundarmanna þeirra, er atkvæðisrétt hafa (19. gr.); þó má skiptaráðandi hafna tillögum fjárhaldsmanns, ef hann ætlar, að þær séu skjólstæðing hans í óhag. Meðan innköllunarfresturinn eigi er liðinn, á skiptaráðandi eigi heldur að taka til greina ályktanir þær, er gætu komið í bága við hag skuldheimtumanna, er eigi hafa enn gefið sig fram, eða skerða réttindi nokkurs manns.

□ Nú greinir fundarmenn á, og sker skiptaráðandi úr ágreiningi þeirra, og ber honum, svo sem unnt er, að taka tillögur þeirra til greina, en þó má hann ráða ágreiningnum til lykta á annan hátt en tillögurnar hafa orðið, og fara eftir því, er hann ætlar haganlegast fyrir alla hlutaðeigendur, einkum þá, sem ómyndugir eru og fjarstaddir, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

■ **25. gr.** Nú sækir maður eigi skiptafund, er honum hefir verið löglega boðaður, og hefir hann þá fyrirgert rétti sínum til að mótmæla ályktunum þeim, er þar hafa gerðar verið um stjórn búsins; en eigi hefir hann fyrir þá sök afsalað sér neinum rétti eða kröfu.

■ **26. gr.** Nú kemur enginn þeirra á skiptafund, er atkvæðisrétt hafa um málefni búsins, og gerir skiptaráðandi út um málefni þau, er til umræðu áttu að koma á þeim fundi, á þann hátt, er hann ætlar bezt henta. Þó ber skiptaráðanda, ef um áríðandi málefni er að gera og því verður við komið, að kveðja til fundar af nýju, áður en því sé ráðið til lykta.



■ **27. gr.** Þegar selja á fjármuni bús, skal það gert á almennu uppboðsþingi, er fram fer samkvæmt fyrirmælum laganna um nauðungaruppboð. Selja má þó fjármuni án uppboðs, ef meiri hluti þeirra, er koma á fund og atkvæðisrétt hafa, samþykkir, og skiptaráðandi er á sama máli, og þess hefir þar að auki gætt verið, sem fyrir er mælt í fyrri kafla 24. gr., sbr. 25. gr. Sama er og, ef skiptaráðandi ræður af að selja muni, sem hætt er við að skemmist eða rýrni í verði, ef þeir eru geymdir.

■ **28. gr.** Ríkisskuldabréf, skuldabréf lánsfélaga, hlutabréf í bönkum og í járnbrautum og önnur slík ígildisskjöl, sem gangverð hafa innanríkis, skal selja eftir gangverði, nema skuldheimtumenn eða erfingjar vilji láta leggja sér þau út eftir gangverði.

□ Nú á bú skuldakröfur, sem eigi eru þess eðlis, að þær verði lagðar út skuldheimtumönnum eða erfingjum með fullri upphæð þeirra, en eigi þykir tiltækilegt að kosta málssókn fyrir þeirra sakir, annaðhvort af því að krafan sé óvís, eða vegna tafar þeirrar, er hlytist af málssókninni, eða annarra orsaka vegna, og skulu þær þá seldar á uppboðsþingi, nema erfingjar eða skuldheimtumenn vilji láta leggja sér þær út eftir tiltölu, eða einn þeirra eða fleiri bjóðist til að taka þær fyrir ákveðið verð, og hinir samþykki.

■ **29. gr.** Skiptaráðandi sér um, að fjármunir búsins séu seldir, jafnskjótt og haganlegt þykir; eiga skuldheimtumenn, meðan greiðslu á skuldum þeirra eigi er borgið, rétt á að heimta, að sem bráðast verði að því undið, og þarf eigi að bíða eftir því, að innköllunarfresturinn sé liðinn. Nú er greiðslu skulda lokið, og er þá komið undir erfingjum eða úrskurði skiptaráðanda, eftir grundvallarreglum 50. gr., sbr. 46., 48., 59. og 62. gr., hvort og hvenær skuli selja fjármunina.

■ **30. gr.** Skiptaráðandi framkvæmir öll þau störf, er lúta að meðferð búsins; en krefja má hann þess, að innheimtumaður sé fenginn, og skal hann kosinn með atkvæðafjölda á skiptafundi, sem kvatt hefir verið til, af þeim, er þar eiga atkvæðisrétt; en skiptaráðandi sér um, að sá, sem kosinn er, setji veð eða aðra ábyrgð, ef þurfa þykir.

■ **31. gr.** ...[1] Svo má skiptaráðandi og fela innheimtumanni á hendur að heimta inn skuldir búsins, og skal hann þá greiða skiptaráðanda það fé, jafnskjótt sem það heimtist.

□ Þóknun innheimtumanns fyrir starfa hans skal ákveða með samningi, eða með úrskurði skiptaráðanda, ef eigi hefir verið um samið.

[1] *L. 57/1945.*

■ **32. gr.** Meðan á skiptum stendur, er skiptaráðanda heimilt að neyta þeirrar aðstoðar, er hann kynni að þurfa til að gegna þeim störfum í búinu, sem hann eigi sjálfur að lögum er skyldur að gegna, svo sem er málflutningur, stjórn og umsjón á fasteignum, rannsókn á bókum og skjölum, svo og að ljúka við fyrirtæki, er hinn framliðni hefir byrjað á.

□ Þóknun þeirra, sem hafa störf á hendi í þarfir búsins, ákveður skiptaráðandi, ef ágreiningur verður um.

1878 Nr. 3 12. apríl

**II. Um stöðu skuldheimtumanna.**

■ **33. gr.** Upp frá því, er dánarbú er tekið til opinberra skipta, skal bera upp fyrir skiptaráðanda allar kröfur á hendur hinum framliðna og til eftirlátinna muna hans.

□ Nú hefir málssókn verið hafin gegn hinum framliðna og stefna verið honum löglega birt, og er þá rétt, að því máli sé haldið áfram gegn búinu til dóms á því varnarþingi, þar sem það var löglega höfðað.

■ **34. gr.** Þegar dánarbú er tekið til opinberra skipta, fellur kyrrsetning á munum þess úr gildi, og eigi má framar kyrrsetja muni þess né gera fjárnám í því og halda nauðungaruppboð til greiðslu skuldakröfum. En eigi breytist fyrir þá sök í neinu réttur þeirra, sem fyrir lát hins dána hafa gert fjárnám í eigum hans, eða fengið fjármuni setta í löggeymslu. Rétt er og, að menn selji muni, sem eru til tryggingar og selja má án undanfarandi lögsóknar, svo sem er um þá, er hafa handselt veð, eða veð samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr.[1] eða hið opinbera samkvæmt lögum 15. apríl 1854, 9. gr., og tsk. 26. febr. 1872, 7. gr.[2]

[1] *Sbr. l. 18/1887, 1. og 3. gr., sbr. og l. 68/1984, 39. gr.* [2] *Sjá nú l. 55/1987, XI. kafla.*

■ **35. gr.** Skiptaráðandi ákveður og úrskurðar, hvernig fara skuli með búið og úthluta því, hann sker úr, hvort kröfur gegn búinu verði teknar til greina eða ekki, sbr. þó 33. gr. Þar á móti getur hann eigi skyldað neinn til að greiða búinu fé, eða leysa verk af hendi fyrir það, eða að öðru leyti lagt dóm á kröfur búsins gegn öðrum. Nú hefir verið lýst til skuldar í búinu, en búið hefir skuldakröfu á móti, og úrskurðar skiptaráðandi þá, að hve miklu leyti hún megi koma upp í skuldina. Ef heimtað er, að fram seldir séu munir úr búinu eða afsalaðir, má skiptaráðandi binda það því skilyrði, að efndar séu við búið skuldbindingar þær, er þar af leiða. Nú hefir fé verið greitt úr búinu gegn ábyrgðarkvittun, og sker skiptaráðandi þá einnig úr, hvort það skuli aftur goldið að nokkru eða öllu sökum nýrra sannana eða atvika.

■ **36. gr.** Hver, sem á til skuldar eða annarrar kröfu að telja í búi, skýri frá því á skiptafundi eða í bréfi til skiptaráðanda, er lætur í té vottorð um það, ef þess er krafið, og getur þess í skiptabókinni eða annarri bók, sem til þess er ætluð.

□ Sá, er segir til skuldar á þennan hátt, verður aðnjótandi allra þeirra réttinda, sem kæra til sáttanefndar eða málshöfðun hefir í för með sér, að því er snertir borgun á vöxtum, riftingu á skuldafyrningu og fleira þess konar.

■ **37. gr.** Þegar innköllunarfrestur til skuldheimtumanna er liðinn, ber skiptaráðanda innan mánaðar að semja skrá um skuldir þær, sem sagt hefir verið til, og raða þeim niður, ef þess gerist þörf; síðan leggur hann fram skrána á skiptafundi, sem löglega hefir verið boðaður, ásamt skírteinum skuldheimtumanna. Á fundi þessum ber að yfirskoða skrána ásamt athugasemdum skiptaráðanda um hana, og skora á hlutaðeigendur að láta í ljós álit sitt um skuldakröfurnar. Nú vefengja þeir skuld eða halda því fram, að hún sé ekki á réttum stað í skuldaröðinni, og skulu þeir þá bera upp mótmæli sín á fundinum, eða í síðasta lagi áður fjórar vikur eru liðnar frá fundardegi, og þar eftir fram fylgja þeim tafarlaust. Skuld, sem eigi hefir verið mótmælt innan þess tíma, ber að telja samþykkta. Á fundi þeim, er hér er um rætt, skal einnig, ef verða má, leggja fram yfirlit yfir fjárhag búsins.

1878 Nr. 3 12. apríl

■ **38. gr.** Nú er skuldakröfu mótmælt, og skal þá skiptaráðandi leita um sættir, en ef sættum eigi verður á komið, leggur hann úrskurð á, hvort taka skuli kröfuna til greina að nokkru eða öllu leyti, og skal fara með það mál eftir réttarfarsreglum þeim, sem í gildi eru. Á sama hátt skal ráða til lykta ágreiningi um forgöngurétt skulda, og hverjum öðrum ágreiningi um úthlutun búsins. Skiptaráðandi útvegar búinu talsmann í slíkum málum, ef þurfa þykir.

■ **39. gr.** Eigi má leggja úrskurði skiptaráðanda til grundvallar fyrir meðferð búsins, fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn, án þess áfrýjað hafi verið (96. gr.), nema málspartar lýsi því yfir, að þeir uni úrskurðinum, eða honum eigi verði áfrýjað að lögum.

□ Nú er úrskurði áfrýjað, og honum breytt eða hann ónýttur, og skal þá taka það til greina við skiptin, og, ef þörf gerist, breyta því, sem gert hefir verið, ef skiptum eigi er lokið; en sé skiptum lokið, verður þeim í engu breytt, nema úthlutunargerðinni sé áfrýjað.

□ Sama er um yfirréttardóma, sem kveðnir hafa verið upp, er úrskurði skiptaráðanda hefir verið áfrýjað.

■ **40. gr.** Nú vill einhver þeirra, er atkvæðisrétt hafa í búinu, áfrýja skiptaúrskurði eða dómi, enda hafi hann ei í því máli verið mótpartur búsins, en búið vill una úrslitum málsins, og er honum það heimilt, nema málspartar hafi sín á milli gert samning um ágreiningsefnið, eða málskotið geti valdið missi réttinda, er úrskurðurinn eða dómurinn heimilar búinu.

■ **41. gr.** Hafi búinu grætt fé við málskotið, eiga áfrýjendurnir rétt á að krefja þess, að búið endurgjaldi þeim það, er þeir hafa til kostað, þó eigi fram yfir það, er búinu hefir grætt. Ef skiptum er lokið, þegar fullnaðardómur er uppkveðinn, fá áfrýjendur kostnað sinn borgaðan af því, er grætt hefir. Með það, sem umfram kann að verða, skal fara á þann hátt, er segir í 45. gr.

**III. Um lok skipta.**

■ **42. gr.** Ef eigur búsins nema ekki meiru en útfararkostnaði, má skiptaráðandi láta þær upp í útfararkostnaðinn og lúka þar með skiptunum. Nú verður eigi meira afgangs útfararkostnaði, en þarf til greiðslu á kröfum skuldheimtumanna, þeirra er forgöngurétt hafa, og má skiptaráðandi leggja þeim út fjármuni búsins eftir skuldaröð réttri, og lúka þar með skiptunum.

■ **43. gr.** Þegar liðnar eru þær 4 vikur, sem getið er um í 37. gr., frá því skuldayfirlit hefir verið fram lagt, ber skiptaráðanda, ef fé er fyrir hendi, að greiða skuldheimtumönnum skuldir þeirra.

■ **44. gr.** Nú er fé umfram, þá er skuldum er lokið, og ber skiptaráðandanum að skipta því meðal erfingja og gjaftökumanna, þá er eigur búsins eru saman komnar og innheimtar.

■ **45. gr.** Eigi þarf að fresta skiptalokum sökum skuldbindinga, sem bundnar eru óvísum skilyrðum, en þegar svo langt er komið, að búinu fyrir annarra hluta sakir má skipta, skal taka frá það, sem þurfa kann til að fullnægja þessum skuldbindingum. Ef síðar verður sú raun á, að eigi þarf alls þess, sem frá hefir verið tekið,

til að fullnægja skuldbindingunum, skal því, sem umfram er, skipt milli erfingja og gjaftökumanna.

□ Svo má og lúka skiptum, þótt hinn framliðni hafi átt arf í óskiptu búi, eða aðra kröfu, sem óvís er að upphæð og standa verður ógreidd um óákveðinn tíma, en þegar þar að kemur, skulu skiptin tekin fyrir af nýju.

■ **46. gr.** Hver erfingja á heimtingu á, að arfahluti hans sé lagður honum út eftir virðingu, og hið sama er um búshluta þeirra hjóna, er eftir lifir; en sé erfingi ófulltíða, og fjárhaldsmaður hans vilji neyta þess réttar fyrir hans hönd, þarf til þess samþykki skiptaráðanda. Ef fleiri en einn erfingja krefja þess, að hinn sami hlutur sé þeim út lagður, skal hlutkesti ráða, en það hjóna, sem eftir lifir, gengur ávallt fyrir.

□ Um rétt þess hjóna, sem eftir lifir, gagnvart erfingjum til að halda öllu búinu, eða meiru af búinu en nemur búshluta þess og erfðahluta, skal fara eftir því, sem fyrir er mælt í 59. og 62. gr. laga þessara.

□ [Nú eru í búi munir, sem hafa sérstakt minjagildi fyrir tiltekna fjölskyldu, og skulu þá erfingjar, sem teljast til þeirrar fjölskyldu, eiga forgangsrétt til muna þessara.][1)]

[1)] *L. 9/1962, 1. gr.*

■ **47. gr.** Þegar leggja á út eftir virðingu alla fjármuni búsins eða nokkra þeirra, og hlutaðeigendur ekki vilja una við virðinguna, er hverjum þeirra heimilt að heimta nýja virðingu á þeim hlutum, er hann eigi álítur rétt virta. Kveður þá skiptaráðandi menn til að virða af nýju, og gerir áður viðvart öllum hlutaðeigendum. Þegar virðingargerð er lokið, skal vinna eið að henni fyrir skiptaráðanda, ef krafið er.

■ **48. gr.** Eigi má, nema með samþykki landshöfðingja,[1)] leggja ófulltíða erfingja út erlend skuldabréf, sem eigi ganga kaupum og sölum innanríkis, eða eru þeim annmörkum bundin, að erfitt er að fá vitneskju um gjalddaga, er þeim er sagt upp, eða vextir af þeim eru greiddir utanríkis.

[1)] *Nú dómsmálaráðherra.*

■ **49. gr.** Skiptum ber að lúka á skiptafundi, ef því verður við komið, og ef allir hlutaðeigendur lýsa því yfir, að þeir uni við þau, á úthlutun þegar fram að fara.

□ Ef skiptum af einhverjum orsökum ekki verður lokið á skiptafundi, en allt að öðru leyti er undir búið, ber skiptaráðanda að taka búið til fullnaðarskipta, og, áður sex vikur eru liðnar, semja frumvarp til úthlutunargerðar. Að því búnu kveður hann hlutaðeigendur af nýju á fund, og ef þeir þá eigi allir lýsa yfir því, að þeir fallist á frumvarpið, eða eigi allir koma á fundinn, skal frumvarpið vera enn tvær vikur til sýnis hjá skiptaráðanda, og verða þeir, er mótmæli vilja hefja, að koma fram með þau áður sá tími er liðinn. Virðist skiptaráðanda aðfinning við frumvarpið til greina takandi, leiðréttir hann frumvarpið, en að öðrum kosti, eða hafi engin mótmæli fram komið í tækan tíma, verður frumvarpið óbreytt að fullnaðarskiptum, er eigi verður breytt, nema þeim sé áfrýjað. Ef allir hlutaðeigendur eigi hafa lýst því yfir, að þeir uni við skiptin, má úthlutun eigi fram fara, fyrr en áfrýjunarfrestur (96. gr.) er liðinn og hafi eigi verið áfrýjað.

**4. kapítuli. Um skipti á dánarbúum, þegar gengizt er við arfi og ábyrgð skulda.**

■ **50. gr.** Þegar gengizt er við arfi og ábyrgð skulda, ber að haga skiptum á búinu eftir því, sem fulltíða erfingjum og fjárhaldsmönnum þeirra, sem ófulltíða eru og fjarstaddir, um semur; þó má skiptaráðandi neita, að samþykkja tillögur fjárhaldsmanns, er hann hyggur, að þær séu skjólstæðing hans í óhag.

□ Nú eru erfingjar ósamþykkir, eða koma eigi á skiptafund, þegar gera skal út um eitthvert málefni, og skal þá skiptaráðandi gera út um málið, og meta tillögur þær, sem fram hafa komið, og líta á hag allra hlutaðeigenda, einkum þeirra, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir.

■ **51. gr.** Við skipti á þessum búum þarf eigi að gefa út innköllun til skuldheimtumanna, þegar allir erfingjar eru fulltíða og viðstaddir, nema einhver erfingja krefji þess; en sé einhver þeirra ófulltíða eða fjarstaddur, skal gefa út innköllun nema skiptaráðanda þyki þess eigi þörf.

□ Eigi má skipta búinu með erfingjum nema með samþykki skuldheimtumanna þeirra, er gefið hafa sig fram, eða ef skuldheimtumenn hafa fengið skuldir sínar goldnar eða tryggingu fyrir greiðslu þeirra á gjalddaga. Hafi innköllun verið útgefin, má eigi skipta, fyrri en innköllunarfresturinn er liðinn.

■ **52. gr.** Eftir að skiptum er lokið, ábyrgjast erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, skuldir þær, sem lýst hefir verið og búið krafið um, áður en skipti fóru fram. Skuldir þær, sem búið ekki hefir verið krafið um, en ekki eru fyrir þá sök gengnar úr gildi, ábyrgjast erfingjar að tiltölu við arftökurétt, nema þeir eftir samningi séu skuldbundnir einn sem allir og allir sem einn, eða hinn framliðni hafi átt að gera skil fyrir konungsfé, ómyndugrafé, fátækrafé eða kirknafé, en erfingjar hafi skipt með sér án þess að gera reikningsskil fyrir.

■ **53. gr.** Þegar gengizt er við arfi og ábyrgð skulda, má kyrrsetja eigur búsins, svo og taka þær fjárnámi og selja við nauðungaruppboð, ef lögboðin skilyrði eru fyrir því. Nú hafa eigur búsins verið kyrrsettar, áður en erfingjar tóku að sér skuldaábyrgð, og fer þá um kyrrsetninguna sem hún aldrei hefði misst gildi sitt.

■ **54. gr.** Nú vill skuldheimtumaður hins framliðna öðlast fjárnámsrétt fyrir skuld sinni, og má hann þá hefja málssókn á hendur erfingjunum á varnarþingi því, er skipti fara fram.

□ Rétt er að stefna til erfingjanna sé birt fyrir skiptaráðanda einum, og að stefnufresturinn sé ákveðinn eftir heimili hans, að viðbættum 4 vikum, en skylt er skiptaráðanda að gera erfingjum aðvart um stefnuna.

■ **55. gr.** Að öðru leyti skal fara með bú þessi á þann hátt, er segir í 3. kap., nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

**5. kapítuli. Um skipti á dánarbúum, þegar það hjóna, er eftir lifir, ábyrgist skuldir.**[1)]

[1)] *Sbr. l. 20/1923, VII. kafli.*

■ **56. gr.** Þegar það hjóna, sem eftir lifir, ábyrgist skuldir búsins, enda sé búinu eigi skipt sem þrotabúi, skal gæta þess, sem segir hér á eftir, hvort sem erfingjar eru útarfar eða afkvæmi hins látna; en ábyrgist það eigi skuldir, fer um skiptin, sem hér á undan segir.

■ **57. gr.** Þegar skipta á með erfingjum hins framliðna, og því hjóna, sem eftir lifir og ábyrgist skuldir, ber skiptaráðanda að sjá um, að því sé sem minnst tálmun ger í afnotum búsins.

□ Nú þykir mjög hætt við, að það hjóna, sem eftir lifir, muni fara illa með eigur búsins, meðan á skiptum stendur, og má skiptaráðandi annaðhvort ótilkvaddur,

eða eftir áskorun erfingja eða fjárhaldsmanna, svipta það forráðum búsins og fá þau í hendur vönduðum manni, sem á að gæta búsins sem fjárhaldsmaður þess, meðan á skiptum stendur.

□ Ráðstöfun þessa skal birta á þingum, og einnig auglýsa hana í blöðum eða á kirkjufundum, ef þurfa þykir.

■ **58. gr.** Hið eftirlifandi hjóna tilgreinir, hverjir erfingjar séu, en skiptaráðandi sér um, að þeim verði tilkynnt skiptin samkvæmt 14. og 23. gr. Ef erfingi eða gjaftökumaður er fjarstaddur, og ókunnugt um verustað hans, eða hann er í þeirri fjarlægð, að eigi þykir mega draga skiptin fyrir hans sakir, enda mætir enginn með umboði af hans hálfu, annast skiptaráðandi um, að fjárhaldsmaður verði kvaddur til að gæta hagsmuna hans við skiptin.

■ **59. gr.** Skiptin skal byggja á framtölu hins eftirlifanda á eigum og skuldum búsins, ef erfingjar og fjárhaldsmenn taka hana gilda, og skiptaráðanda eigi þykir ástæða til að rengja hana fyrir hönd ófulltíða eða fjarstaddra erfingja, og þótt framtalan þyki ekki í alla staði rétt, ber samt eigi að selja fjármuni búsins, heldur láta virða þá af óvilhöllum mönnum samkvæmt 47. gr. Eigi þarf heldur að rannsaka, hvort skuldir þær, sem fram hafa verið taldar, séu sannar, fremur en skiptaráðanda þykir nægja, svo sem að þær séu bornar undir skuldheimtumenn o. s. frv.

□ Hið eftirlifandi hjóna má halda öllu búinu eða nokkru af því, hvort sem eru fasteignir, skip eða aðrir munir, þó meira nemi en búshluta þess og arfi, enda skuldbindi það sig til, ef til kemur, að greiða samerfingjum sínum í peningum það, sem umfram er.[1)]

[1)] *Sbr. l. 20/1923, 58. og 59. gr.*

■ **60. gr.** Nú er fé umfram skuldir eftir framtölu hins eftirlifanda, og þarf eigi fyrir þá sök að gefa út innköllun til skuldheimtumanna, nema búið verði síðar tekið til skipta sem þrotabú.

□ Þótt erfingjar taki við arfi eða andvirði arfs eftir það hjóna, sem dáið er, lendir eigi á þeim nein ábyrgð á skuldum búsins. En hafi hið eftirlifandi úthlutað eða greitt erfingjum hins framliðna meira en þeim ber að réttu, og þannig gert á hluta skuldheimtumanna sinna, geta skuldheimtumennirnir krafið þess, að því sé aftur skilað, ef sú verður raun á, að bú hins eftirlifanda hrökkvi eigi fyrir skuldum. Ef skuldheimtumenn þá rengja framtölu hins eftirlifandi hjóna, sem farið hefir verið eftir við úthlutunina, geta þeir heimtað, að hið eftirlifandi vinni eið að henni.

■ **61. gr.** Þótt hið eftirlifandi hjóna skipti með erfingjum hins framliðna á þennan hátt, geta skuldheimtumenn félagsbúsins eins og fyrir það fylgt fram rétti sínum gagnvart hinu eftirlifanda.

□ Þegar hið eftirlifandi hjóna hefir verið svipt búsforráðum skv. 57. gr., annast fjárhaldsmaður um, að skuldir búsins verði greiddar, eins og þegar maður annars er sviptur búsforráðum.

■ **62. gr.** Nú skipta börn eða barnabörn hins framliðna með foreldri því, afa eða ömmu, sem eftir lifir, eða börn og barnabörn skipta eftir lát hins eftirlifandi með stjúpforeldri, eða með stjúpafa eða stjúpömmu, og mega þá erfðahlutir hinna ómyndugu standa inni hjá því hjóna, sem eftir lifir, gegn veði í gervöllu búinu eftir þinglýstu ágripi af skiptagerð, er arfur barna eða barnabarna eigi verður greiddur af hendi, án þess að selja verði það af lausafé eða fasteignum búsins, sem hið eftirlifandi með þarf til atvinnu sinnar eða til daglegra nauðsynja.



**6. kapituli.[1)] Um skipti á félagsbúi, þegar hjón skilja.**

[1)] *Sbr. l. 20/1923, VII. kafli, og l. 60/1972, VI. kafli.*

■ **63. gr.** Þegar hjón skipta félagsbúi í lifanda lífi með aðstoð skiptaráðanda, sér hann um, að búsafnot þess hjóna, er eftir býr, bíði eigi af því meiri tálmun, en brýn nauðsyn krefur til þess, að hag hins verði borgið. Ef mjög þykir uggvænt, að það hjóna, sem eftir býr, muni fara illa með fjármuni búsins, má skiptaráðandi annaðhvort ótilkvaddur eða eftir áskorun hins hjónanna svipta það hjóna, er eftir býr, búsforráðum samkvæmt 57. gr., þar til skiptum er lokið.

■ **64. gr.**[1)] Muni búsins skal skrifa upp og virða á vanalegan hátt, og ef málspartar eigi heimta hlut sinn úr búinu lagðan sér út eftir virðingu, hvort heldur í fasteign eða lausafé, skal selja fjármunina samkvæmt 27. og 28. gr. Nú verða málspartar eigi ásáttir um, hvernig úthluta skuli, og gengur sá fyrir, er fært hefir inn í búið þann hlut, sem ágreiningur er um, ella ræður hlutkesti.

[1)] *Sbr. l. 20/1923, 58. og 59. gr., l. 10/1962, 2. gr., og l. 60/1972, VI. kafli.*

■ **65. gr.** Ef kona rengir framtölu mannsins á skuldum búsins, leggur skiptaráðandi úrskurð á, hvort taka skuli til greina við skiptin þær kröfur, sem rengdar eru.

■ **66. gr.** Ef maðurinn fargar eigum búsins eða heimtir inn útistandandi skuldir þess, eftir að hann hefir skilið við konu sína að fullu og öllu eða að borði og sæng, ber honum að gera skiptaráðanda skil fyrir því, er honum hefir greitt verið.

■ **67. gr.** Eigi skal gefa út innköllun til skuldheimtumanna, nema maðurinn æski þess. Konan hefir eigi ábyrgð á skuldum búsins, þó hún taki við því, sem henni er lagt út í búshluta hennar. Um það, hvort henni sé skylt að láta það aftur af hendi við skuldheimtumenn, skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í 2. lið 60. gr.

■ **68. gr.** Þótt hjón skipti með sér búi, geta skuldheimtumenn engu að síður fylgt fram rétti sínum gagnvart manninum, eins og skipti ekki stæðu yfir. Ef það hjóna, sem eftir býr, hefir verið svipt búsforráðum eftir 57. og 63. gr., annast fjárhaldsmaður um, að skuldir búsins verði greiddar, eins og þegar maður annars er sviptur fjárforráðum.

■ **69. gr.** Nú hefir konan ábyrgð á nokkrum hluta af skuldum félagsbúsins, og skal þá fara eftir því, sem fyrir er mælt í 65., 67. og 68. gr., með þeim breytingum, sem þörf er á.

**Þriðji þáttur. Um erfingjaskipti.**

**7. kapituli.**

■ **70. gr.** Ef erfingjar vilja sjálfir skipta búi án íhlutunar skiptaráðanda, enda sé það leyfilegt eftir því, sem að framan segir, ber þeim að skýra skiptaráðanda frá því, og láta honum í té skilríki þau, er honum þykja nauðsynleg. Þó ber eigi að heimta af lögörfum sannanir fyrir skýrslu þeirra um skyldleika við arfleifanda, nema skiptaráðanda þyki ástæða til að rengja sögusögn þeirra, og getur hann þá krafið þess, að þeir útvegi skýrslur henni til styrkingar. Ef farið er fram á, að þau skilyrði séu fyrir hendi, er heimila að ganga fram hjá manni við skiptin, sem arf ætti að taka, ef hann hefði lifað arfleifanda, þá ber skiptaráðanda að prófa skírteinin fyrir því og leggja síðan úrskurð á; og ef erfingjum þá veitist leyfi til að

skipta sjálfir, býður hann þeim að gefa sem fyrst út innköllun til erfingja (22. gr.) með þeim fyrirvara, er hann sjálfur ákveður. Ef erfingjar vilja leiða vitni um málsatriði þau, er skýra þarf, áður en þeim verði veitt skiptaleyfi, má skiptaráðandi taka á móti framburði vitnanna og láta þau vinna eið að honum, ef þurfa þykir.

■ **71. gr.** Nú fara erfingjar þess eigi á leit, að skipta sjálfir, eða láta eigi í té skýrslur þær, er skiptaráðandi krefst, eða gefa eigi út innköllun til erfingja, innan þess tíma, er skiptaráðandi hefir ákveðið, sbr. 3. málsgr. í næstu grein á undan, og skal fara með búið, svo sem segir um opinber skipti. En ef skiptaráðanda þykja næg skilríki vera framkomin fyrir því, að selja megi erfingjunum búið í hendur, byrjar hann eigi á skiptum. Nú gefa sig síðar fram fleiri erfingjar, og geta þeir þá krafið þess, að búið sé tekið til opinberra skipta; þó ber þeim áður að sanna að fullu arftökurétt sinn, ef hinir erfingjarnir vilja eigi við hann kannast.

■ **72. gr.** Skiptaráðandi má eftir tilmælum erfingja þeirra, sem mætt hafa, skora á fulltíða erfingja, sem eigi hafa mætt, ef kunnugt er um bústað þeirra, að lýsa yfir, hvort þeir æski opinberra skipta, og skal með berum orðum taka fram í áskoruninni, að ef þeir lýsi eigi yfir vilja sínum um þetta, þá verði það skilið á þann hátt, að þeir vilji skipta búinu með hinum erfingjunum. Nú koma þeir eigi á skiptafund, og senda eigi annan með umboð sitt, og skipar skiptaráðandi vandaðan mann til að gæta hagsmuna þeirra við erfingjaskiptin, og skýrir þeim síðan frá. Nú kemur erfingi síðar sjálfur á skiptafund eða sendir mann með umboð sitt, og lýkur þá umboði þess, er skiptaráðandi skipaði.

■ **73. gr.** Þegar svo er ástatt, sem segir í þriðju málsgrein 70. gr., má eigi lúka skiptum, fyrr en innköllunarfresturinn er liðinn, nema erfingi sá, er gengið hefir verið fram hjá, hafi látið mæta fyrir sína hönd við skiptin. En ef út af því er brugðið, ábyrgist hinir erfingjarnir honum, allir sem einn og einn sem allir, tjón það og skaða, er hann bíður af því.

■ **74. gr.** Nú hefir bú verið skrifað upp og virt, eða framtala hins eftirlifandi hjóna á eigum og skuldum búsins hefir reynzt rétt samkvæmt 59. gr., og fulltíða erfingjar og fjárhaldsmenn ófulltíða og fjarstaddra erfingja allir samt beiðast þess, að búið verði selt sér í hendur til umráða og skipta, og má skiptaráðandi veita þeim það, hvort sem búið er stórt eða lítið, nema sérstök lög hamli eða lögmæt ráðstöfun hins framliðna, enda virðist skiptaráðanda, eftir efnahag búsins, högum erfingja og öðrum atvikum, að hag þeirra, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir, sé engin hætta búin af því. Ef skiptaráðanda þykir þörf á því, getur hann áður leitað álits sveitarstjórnar eða áreiðanlegra og kunnugra manna. Þó má því aðeins selja búið erfingjunum í hendur, að skuldheimtumenn þeir samþykki, er gefið hafa sig fram, nema skuldir þeirra séu þeim borgaðar eða þeir fái tryggingu fyrir greiðslu þeirra á gjalddaga, og hafi verið gefin út innköllun til skuldheimtumanna, verður innköllunarfresturinn að vera liðinn.

□ Þegar bú þannig er selt erfingjum í hendur, skulu fulltíða erfingjar ábyrgjast hinum, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir, að farið sé eftir fyrirmælum 77. gr., og að skilað verði aftur því, sem úthlutað hefir verið, ef skiptaráðandi ákveður svo samkvæmt 79. gr.

□ Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við, þar sem erfingjar allir eru ófulltíða eða fjarstaddir.



■ **75. gr.** Nú kemur erfingjum eigi saman um skiptin, og geta þeir, ef þeir verða ásáttir um það, borið ágreininginn undir skiptaráðanda þann, er búinu hefði átt að skipta, ef opinber skipti hefðu fram farið, og sker hann úr eftir réttarfarsreglum í skiptamálum, en leita skal hann fyrst um sættir.

■ **76. gr.** Nú er búi skipt án íhlutunar skiptaráðanda, þótt erfingjar ekki séu allir fulltíða eða séu ekki innanlands (sbr. 5. gr. b., 7. gr. og 74. gr.), og skal þá lúka skiptum, ef unnt er, áður en ár er liðið frá láti arfleifanda. Við erfingjaskipti er það undir erfingjum komið, hvort gefa skuli út innköllun til skuldheimtumanna; en í búum þeim, sem um er rætt í þessari grein, skal þó gefa út innköllun til skuldheimtumanna, ef líkindi eru til, að hinn framliðni hafi átt óvanaleg skuldaskipti út af verzlun eða öðru þesskonar.

■ **77. gr.** Í þeim búum, sem um er rætt í 76. gr., ber eigi að leggja út annað en peninga í erfðahlut ófulltíða erfingja og fjarstaddra, nema skiptaráðandi samþykki, eða þannig sé ástatt, sem um er getið í 62. gr. Þegar þeim er skipt, skal rita á eitt skjal skrá yfir eigur og skuldir búsins, útreikning á erfðahlutum, og hvað hverjum hafi verið lagt út í hans hluta. Skjali þessu skulu fylgja skírteini um, að fjárhaldsmenn hafi tekið við fjármunum þeim, er skjólstæðingum þeirra hafa hlotnazt; rita erfingjar og fjárhaldsmenn nöfn sín undir skjalið, og skal síðan senda skiptaráðanda það sem fyrst til endurskoðunar. Nú þykir skiptaráðanda ekkert athugavert við skiptin, að því snertir hagsmuni ófulltíða og fjarstaddra erfingja, og ritar hann þá samþykki sitt á skjalið, og færir það síðan inn í skiptabókina eða lætur eftirrit af því fylgja henni. Að öðrum kosti boðar hann alla erfingja og fjárhaldsmenn á fund með sér, á þann hátt sem segir í 17. gr., og skorar á þá að gera betur grein fyrir skiptunum, og ef til kemur, leiðrétta þau samkvæmt aðfinningum hans; en ef þeir skorast undan því, getur skiptaráðandi ónýtt skiptin með úrskurði sínum, og þá þegar tekið búið til skipta samkvæmt fyrirmælum laga þessara um skipti á dánarbúum, þegar tekið er við arfi og skuldum.

□ Þegar svo stendur á, sem um er getið í 62. gr., skal þinglýsa útdrætti úr skjali því, sem um er rætt í þessari grein, og skal hann þinglesinn á sama hátt og fyrir sama gjald, sem útdráttur úr skiptagerð.

■ **78. gr.** Ef erfingjar eigi lúka skiptum innan árs, og hafa eigi nægar afsakanir fyrir sig að bera, getur skiptaráðandi einnig tekið búið til skipta á þann hátt, er segir í 77. gr.

■ **79. gr.** Nú tekur skiptaráðandi bú til skipta, og úthlutar því samkvæmt fyrirmælum undanfarandi greina, og eru erfingjar þá skyldir að skila aftur fjármunum þeim, er þeim kunna að hafa verið úthlutaðir, ef skiptaráðanda þykir það nauðsynlegt til þess að skiptin verði leiðrétt.

■ **80. gr.**[1)] Um réttindi hjóna, erfingja, gjaftökumanna og skuldheimtumanna við skipti á búum þeim, sem skipt er án íhlutunar skiptaráðanda, fer að öðru leyti eftir ákvæðum eldri laga og fyrirmælum þessara laga, að því leyti sem þau eiga við.

[1)] *Sbr. l. 20/1923, VII. kafli.*

## Fjórði þáttur. Um skiptingu á dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum.

### 8. kapituli.

**A. Almenn ákvörðun.**

■ **81. gr.** Um skipti á dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, skal fara eftir því, sem fyrir er mælt í 2. og 3. kapítula laga þessara, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru, og þeim ákvörðunum, sem hér fara á eftir, um niðurröðun skulda.

**B. Um niðurröðun skulda.**

**I.** ...[1)]

[1)] *L. 32/1974, 1. gr.*

■ **82. gr.** [Á undan öllum öðrum skuldum búsins ganga, sbr. þó 83. gr., 3. mgr.:

1. Útfararkostnaður hins framliðna eftir reikningi, sem skiptaráðandi úrskurðar.

2. Skiptakostnaður, þó ekki skiptagjöld í ríkissjóð.

3. Kröfur stofnaðar eftir upphaf skipta með löglegum samningum, sem skiptaráðandi eða aðrir umráðamenn búsins gera fyrir þess hönd.][1)]

[1)] *L. 32/1974, 2. gr.*

■ **83. gr.** [Næstar kröfum skv. 82. gr. ganga veðtryggðar kröfur og kröfur tryggðar með öðrum tryggingarréttindum í búinu.

□ Fjármuni í búinu, sem aðrir eiga tryggingarréttindi í, skal selja á löglegan hátt eftir ráðstöfun skiptaráðanda og greiða rétthafa af andvirði eignarinnar, að frádregnum kröfum skv. 3. mgr. þessarar greinar, en afgangurinn rennur saman við aðrar eignir í búinu. Um forgang einstakra rétthafa fer að lögum, en kröfur tryggðar með sjálfsvörsluveði í lausafé og almennu lögveði koma í kröfuröð eftir þinglýsingarreglum með sama hætti og aðrar veðkröfur, sem þær reglur skipa í röð. Óþinglýstar kröfur tryggðar með almennu lögveði ganga á eftir öðrum kröfum eftir þessari grein.

□ Kröfur skv. 82. gr., 2. og 3. liðum, ganga fyrir kröfum skv. þessari grein að því leyti, sem þær að öllu eða nokkru snerta hin óbeinu eignarréttindi.][1)]

[1)] *L. 32/1974, 3. gr.*

■ **84. gr.** [Næstar kröfum skv. 82. og 83. gr. ganga að réttri tiltölu við fjárhæð hverrar kröfu:

1. Kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu hins látna, sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir andlátið.

2. Bótakröfur vegna slita á vinnusamningi eftir upphaf skipta eða á síðustu 18 mánuðum fyrir upphaf skipta.

3. Kröfur til orlofsfjár vegna launa, sem unnið hefur verið fyrir á orlofsárinu fyrir upphaf skipta og á yfirstandandi orlofsári.

4. Gjöld til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða, orlofsheimilasjóða og annarra slíkra styrktarsjóða, sem vinnuveitendum ber að greiða skv. kjarasamningum eða lögum og reiknuð eru sem hlutfallstala af kaupi launþega, fyrir sama tíma og í 1. tl. greinir.

5. Bætur til launþega eða maka þeirra og barna sem atvinnurekanda ber að greiða vegna örorku eða dauðsfalls af völdum vinnuslysa sem orðið hafa á síðustu 18 mánuðum fyrir upphaf skipta.

6. Kröfur skv. 1. til 5. tl. frá fyrri tíma en þar greinir, ef mál hefur verið höfðað til heimtu þeirra innan 18 mánaða frá gjalddaga og dómur gengur á síðustu sex mánuðum fyrir upphaf skipta eða síðar.

7. Kröfur í bú þeirra, sem hafa sem opinberir sýslunarmenn með sjálfstæða fégæslu fengið í sínar vörslur fé annarra, enda sé um kröfu til slíks fjár að ræða.

8. Kröfur maka, fyrrverandi maka og barna til lífeyris og meðlags síðasta árið fyrir upphaf skipta, enda séu greiðslur þessar ákveðnar með yfirvaldsúrskurði, þar á meðal staðfestum skilnaðarsamningi, þær fáist ekki greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins og séu ekki ósanngjarnar miðað við aðstæður, þegar þær voru ákveðnar.

9. Sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir.][1)]

[1)] *L. 23/1979, 1. gr.*

■ **85. gr.** [Þegar lokið er öllum skuldum skv. 82. – 84. gr., skal verja því, sem eftir er af fé búsins, til að greiða allar aðrar skuldir þess að réttri tiltölu við upphæð hverrar skuldar, sbr. þó 86. gr.][1)]

[1)] *L. 32/1974, 5. gr.*

**II.** ...[1)]

[1)] *L. 32/1974, 1. gr.*

■ **86. gr.** [Þegar lokið er öllum skuldum skv. 82. – 85. gr., skal greiða í neðantalinni röð:

1. Kröfur um vexti, sem á hafa fallið eftir upphaf skipta, nema vexti af kröfum skv. 82. gr.

2. Kröfur um refsingar eða refsikennd viðurlög, þ. á m. skattsektir, ef slíkar kröfur verða heimtar úr búinu, svo og kröfur um févíti einkaréttarlegs eðlis, nema í þeim mæli, sem í þeim felast skaðabætur.

3. Gjafakröfur.][1)]

[1)] *L. 32/1974, 6. gr.*

■ **87. gr.** [Við framsal eða önnur aðilaskipti að kröfu fylgja réttindi í búinu skv. 82. – 86. gr., nema um sé að ræða kröfu skv. 84. gr., 6. tölul., sem opinber aðili hefur eignast. Nú greiðir samskuldari bús kröfu, og fer þá um framkröfu hans á hendur búinu með sama hætti og kröfuna, sem greidd var, en þó rýrir það ekki sjálfstæð tryggingarréttindi, sem samskuldari á.][1)]

[1)] *L. 32/1974, 7. gr.*

■ **88. – 89. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 32/1974, 8. gr.*

## Fimmti þáttur. Viðaukagreinir.

### 9. kapituli.

■ **90. gr.** [Um skipti á öðrum búum en dánarbúum, t. a. m. samlagsbúum, er hrökkva fyrir skuldum, og búum sambýlisfólks við slit á óvígðri sambúð eða við andlát annars aðilans, fer sem um opinber skipti á dánarbúum með þeim breytingum sem leiðir af eðli þeirra. Svo skal einnig við skipti á þrotabúum, sem ekki eru dánarbú, fara eftir fyrirmælum 8. kap. sem og öðrum ákvörðunum í lögum þessum með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru.

□ Það telst óvígð sambúð skv. 1. mgr. ef karl og kona stofna til sambúðar og hafa átt barn saman eða kona er þunguð af hans völdum eða ef sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár.][1)]

[1)] *L. 13/1986, 1. gr.*

■ **91. gr.**[1)] Eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, má

**1878** Nr. 3 12. apríl

eigi skipa skiptanefndarmenn né veita skiptastjórum, sem tilnefndir eru í erfðaskrá, dómsvald.

☐ Til þess að skiptaforstjórar án dómsvalds geti tekið bú til skipta, þurfa þeir að hafa löggilding yfirvalds.

☐ Amtmaður veitir umboðið, þegar skiptaforstjórarnir eru tilnefndir í löglegri erfðaskrá, enda sé því að öðru leyti ekkert til fyrirstöðu, og menn þeir, er tilnefndir hafa verið, áreiðanlegir og fullveðja. Þar á móti veitir landshöfðingi umboðið, þegar beðið er um að skipa skiptaforstjóra, sem eigi eru tilnefndir í löglegri erfðaskrá, og þegar skiptaforstjóri, sem tilnefndur er í löglegri erfðaskrá, er fallinn frá, eða getur eða vill eigi skipta búinu, og enginn annar hefir verið tilnefndur í erfðaskránni til að ganga í hans stað. Skiptaforstjórum ber að haga sér eftir lögum þessum, en að öðru leyti fer um skyldur þeirra og störf eftir þeim reglum, sem nú eru í gildi.

[1] *L. 46/1937, 36. gr., og l. 32/1978, XIV. kafli.*

■ **92. gr.** Nú er hafin lögsókn til arfs eða gjafar úr dánarbúi eða mál höfðað gegn erfingjum til greiðslu skulda hins framliðna, og má höfða slík mál á því varnarþingi, er hinn framliðni átti á dánardægri.

■ **93. gr.** Þegar lögsókn er hafin til þess að erfingi eða skuldheimtumaður skili aftur því, er honum hefir verið úthlutað við opinber skipti, af því að sú úthlutun síðar reynist röng, þá má höfða það mál í þeirri þinghá, er skiptin fara fram.

■ **94. gr.** Mál þau, sem um er rætt í 54., 92. og 93. gr., má kæra fyrir sáttanefnd í þeirri þinghá, þar sem hefja má lögsókn eftir fyrirmælum nefndra greina; þó skal veita þeim, er búa utan sáttaumdæmisins, að minnsta kosti fjögra vikna frest á undan sáttaumleitun.

■ **95. gr.** Um það, hver sé réttur skiptaráðandi, fer eftir gildandi lögum.[1] En ef íslenzkur maður, sem eigi á fast heimili á Íslandi, deyr erlendis, og búi hans eigi er skipt þar, ákveður landshöfðingi, hver skiptaráðandi á Íslandi skuli skipta búinu.

[1] *Sbr. einkum l. 74/1972, svo og tilsk. 21. júní 1793.*

■ **96. gr.** Skiptagerð verður að áfrýja innan 12 vikna, frá því skiptum er lokið (49. gr.).[1]

☐ Úrskurðum, sem upp eru kveðnir, meðan á skiptunum stendur, má áfrýja út af fyrir sig, og skal það þá gert innan 12 vikna, frá því úrskurðurinn var kveðinn upp. Hið sama er um aðrar ályktanir skiptaráðanda. Þó skal eigi að síður halda skiptunum áfram, en skiptaráðanda ber að sjá um, að þau raski eigi rétti áfrýjanda, meðan á áfrýjuninni stendur.

☐ Eigi skal veita uppreist, úr því ár og dagur er liðinn, frá því áfrýjunarfrestur var á enda.

[1] *Sbr. l. 75/1973, 20. gr., og l. 19/1895.*

■ **97. gr.**[1] Nú heldur skiptaráðandi eigi tilhlýðilega áfram skiptum á búi, og skal þá amtmaður áminna hann, en ef sú áminning verður árangurslaus, má landshöfðingi skipa annan mann til að skipta búinu í hans stað. Skal skiptaráðandi þá tafarlaust selja búið í hendur þeim, er skipaður hefir verið; ella skal víkja honum frá embætti um stundarsakir og lögsækja hann til að hafa fyrirgert embætti sínu; þar að auki skal hann sæta sektum og bæta skuldheimtumönnum og erfingjum skaða þann, er þeir hafa beðið af vanhirðingu hans. Skiptaráðandi greiðir þeim, er skipaður hefir verið, þóknun fyrir starfa hans, en landshöfðingi tiltekur upphæð hennar.

☐ Nú er búi skipt af skiptaforstjórum, er tilnefndir hafa verið í erfðaskrá, og það kært, að skipti dragist um of, og skal þá fyrst gefa skiptaforstjórum kost á að svara kærunni; en reynist hún síðan á rökum byggð má landshöfðingi skipa svo fyrir, að búið verði selt í hendur skiptaráðanda þeim, er skiptin bera undir.

[1] *Sbr. nú l. 73/1969 og augl. A 96/1969.*

**1878** Nr. 3 12. apríl

■ **98. gr.** Að því leyti er skiptaráðendur hafa undir höndum fjármuni dánarbúa og þrotabúa, ber þeim að gera reikningsskil á sama hátt og hingað til;[1] svo skulu og haldast óbreytt ákvæði laganna um eftirlit með því, að skipti séu eigi dregin um skör fram, um endurskoðun skipta, og um eftirlit með fjárforráðum ómyndugra.

☐ Með konunglegri tilskipun má setja nákvæmari ákvæði um þessi atriði, svo og um það, hverri þvingun skuli beita, ef eigi er hlýtt.

[1] *Rg. 82/1929.*

■ **99. gr.**[1] Skiptaráðandi veitir leyfi til, að sitja í óskiptu búi; þó á sá, er um leyfið biður, kost á, að skjóta úrskurði skiptaráðanda undir háyfirvaldið.

[1] *Sjá nú l. 8/1962, II. kafla, sbr. l. 48/1989.*

■ **100. gr.** Ef embættismaður er skyldaður til að greiða skaðabætur fyrir aðgerðir sínar við skipti, eða fyrir skort á eftirliti með þeim, hvort sem er í dánarbúum, þrotabúum eða öðrum búum, ábyrgist landssjóðurinn greiðslu skaðabótanna, ef þær fást eigi hjá embættismanninum eða úr búi hans.

■ **101. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúarmán. 1879, og ná þau ekki einungis til þeirra búa, sem eftir það verða tekin til skipta, heldur ber skiptaráðendum einnig upp frá því að hegða sér eftir þeim við skipti á eldri búum, sem þá eigi eru leidd til lykta, að því leyti, sem því eftir atvikum verður við komið.

## Opið bréf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857 um innkallanir í búum.

**1861** 4. jan.

■ **1. gr.** ...[1]

[1] *L. 19/1924, 2. gr.*

■ **2. gr.** Þær innkallanir, sem samkvæmt 1. gr. mega fara fram með 6 mánaða fresti, skal birta á Íslandi í blaði því, sem ákveðið er til að birta í almennar auglýsingar.[1] ... Frestinn ber að reikna frá seinasta birtingardegi. ...

[1] *Sbr. l. 64/1943, 3. gr.*

■ **3. gr.** ...

■ **4. gr.**[1] Við skipti á dánarbúum eftir þá menn, sem engin líkindi eru til að eftir lífsstöðu sinni hafi átt í neinum sérstaklegum viðskiptum út af verzlun eður öðru slíku, má sleppa hvers konar innköllun, hvort sem hinn dáni lætur mikið eða lítið eftir sig, ef erfingjar hans eður þeir, sem búið er í hendur selt, lýsa því yfir, að þeir vilji taka að sér lögmætar skuldir búsins, ef einhver skuldakrafa seinna kynni að koma fram.

[1] *Sbr. l. 3/1878, 51. gr.*

■ **5. gr.** Framangreindar ákvarðanir eiga einnig við þegar ekkja, sem situr í óskiptu búi, vill gefa út innköllun til skuldheimtumanna manns hennar, eður þegar erfingjar, sem skipta sjálfir sín á milli, vilja gefa út innköllun til skuldheimtumanna arfleifanda.

1935 Nr. 108 8. maí

## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur um erfðir og skipti á dánarbúum, sem undirritaður var í Kaupmannahöfn þann 19. nóvember 1934 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, skuli koma í gildi. Ennfremur er ráðherra heimilt að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.[1)]

[1)] *Samningnum var breytt með samkomulagi 9. des. 1975, sbr. augl. C 13/1976.*

**Fylgiskjal I.**

**Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum.**

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur, Forseti lýðveldisins Finnlands, Hans hátign konungur Noregs og Hans hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa orðið ásáttir um að gera samning um erfðir og skipti á dánarbúum, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína: ...

**I. Arfur og óskipt bú.**

■ **1. gr.** Nú er ríkisborgari í einhverju samningsríkjanna við lát sitt búsettur í einhverju hinna ríkjanna, og skal þá rétturinn til lögerfða ákveðinn samkvæmt lögunum í því ríki, þar sem hann átti heimilisfang. Hafi hinn látni ekki átt heimilisfang í þessu ríki síðustu fimm árin, skal þó farið eftir lögunum í því ríki, sem hlutaðeigandi átti ríkisfesti í, ef einhver erfingi eða dánargjafaþegi, sem þetta hefir réttarlega þýðingu fyrir, óskar þess. Hafi arfurinn samkvæmt lögum ríkisfestislandsins átt að ganga til ríkisins, er ekki hægt að gera slíka kröfu.

□ Beiðni um að farið skuli eftir lögum ríkisfestislandsins skal borin fram innan sex mánaða frá látinu, eða sé skiptum ekki lokið innan þess tíma, áður en skiptunum er lokið. Eftir að skiptum er lokið, getur sá, sem hefir tekið þátt í skiptunum, ekki borið fram slíka beiðni.

□ Ákvæðin í þessari grein um réttinn til arfs ná einnig til lögákveðins réttar eftirlifandi maka til setu í óskiptu búi, ef hinn látni lætur ekki eftir sig lögerfingja, og ennfremur til slíks réttar til meðlags af eignum dánarbús, sem erfingi á kröfu til umfram erfðahluta sinn samkvæmt lögunum í því ríki, sem hinn látni átti ríkisfesti í.

■ **2. gr.** Nú var hinn látni búsettur í ríki, þar sem lögin heimila eftirlifandi maka setu í óskiptu búi með lögerfingjum, og skal þá farið eftir þessum lögum, einnig þótt hinn látni hafi verið ríkisborgari í einhverju hinna ríkjanna. Nú hefir hinn látni ekki átt heimilisfang í ríkinu síðustu fimm árin, þá getur lögerfingi þó strax eða seinna krafizt skipta, ef það er heimilað í lögum þess ríkis, sem hinn látni átti ríkisfesti í. Þennan rétt hefir lögerfingi þó ekki, ef eftirlifandi maki var við stofnun hjúskapar ríkisborgari í því ríki, sem hinn látni var búsettur í.

□ Nú á að framkvæma skipti eftir sænskan ríkisborgara samkvæmt slíkri kröfu, sem ræðir um í fyrstu málsgrein, og hefir þá eftirlifandi maki þann rétt til þess að taka handa sjálfum sér við skiptin fjármuni að ákveðinni verðupphæð, sem sænsk lög mæla fyrir um.

■ **3. gr.** Nú var hinn látni búsettur í ríki, þar sem lögin veita ekki eftirlifandi maka rétt til setu í óskiptu búi með lögerfingjum, og skal þá makinn samt hafa þann rétt til setu í óskiptu búi, sem lögin í því ríki, sem hinn látni átti ríkisfesti í, kynnu að heimila, ef hann hefir ekki átt heimilisfang í landinu síðustu fimm árin. Þeir gerningar, sem lög ríkisfestislandsins fela skiptarétti eða öðru opinberu yfirvaldi að framkvæma, framkvæmast þá af hinum venjulega undirrétti í því ríki, sem hinn látni átti heimilisfang í. Nú er eftirlifandi maki einnig búsettur þar, þá skal, ef lög ríkisfestislandsins fyrirskipa eftirlit með stjórn búsins, eftirlitið framkvæmt af eftirlitsmanni (god man), sem til þess er skipaður af réttinum. Ef rétturinn hefir gert skrá yfir eignir búsins og skuldir (boupptecknig), þá skal ekki farið eftir lagafyrirmælum ríkisfestislandsins um hvernig slíkar skrár skulu færðar.

1935 Nr. 108 8. maí

■ **4. gr.** Nú er í dönskum lögum sett ákvæði um, að skipaður skuli forráðamaður með ekkju, sem vill sitja í óskiptu búi, þá skal því aðeins farið eftir þessu ákvæði, að ekkjan hafi, við lát manns síns, verið búsett í Danmörku. Nú búsetur ekkjan sig síðar í einhverju hinna ríkjanna, og fellur forráðamennskan þá niður.

■ **5. gr.** Ákvæðin í 2., 3. og 4. gr. um heimildina til setu í óskiptu búi með lögerfingjum gilda á hliðstæðan hátt um heimildina til setu í óskiptu búi með kjörbarni eða lögerfingjum þess.

■ **6. gr.** Sá sem samkvæmt 1., 2. eða 3. gr. krefst þess, að farið verði eftir lögum ríkisfestislandsins, skal, ef það er nauðsynlegt, sanna, að umrædd skilyrði séu fyrir hendi, og gefa upplýsingar um efni laga ríkisfestislandsins.

■ **7. gr.** Við skipti á félagsbúi hjóna við lát annars eða beggja þeirra, skal, ef ekki leiðir annað af ákvæði 2. málsgr. 2. gr., farið eftir þeim reglum, sem settar eru um fjármál hjóna í 3. og 6. gr. í samningnum frá 6. febrúar 1931.

■ **8. gr.** Arfleiðsluskrá gerð af arfleiðanda sem við lát sitt var ríkisborgari í einhverju samningsríkjanna, og búsettur er í einhverju þeirra, skal, að því er formsatriðin snertir, álítast gild, ef við arfleiðslugerninginn er farið eftir lögunum í því ríki, sem arfleiðsluskráin er gerð í, eða sem arfleiðandi átti heimilisfang í, eða ríkisfesti, við arfleiðslugerninginn. Ógilding arfleiðsluskrár telst gild, ef arfleiðandi hefir farið eftir lögunum í því ríki, sem hann átti heimilisfang eða ríkisfesti í við ógildinguna.

■ **9. gr.** Um aldur og lögræði, sem krafizt er til þess að geta gert arfleiðsluskrána, eða ógilt hana, skal farið eftir lögunum í því ríkjanna, sem arfleiðandi átti heimilisfang í við arfleiðslugerninginn eða við afturköllunina. Hafi arfleiðandi þá ekki átt heimilisfang í því ríki síðustu fimm árin, er arfleiðsluskráin, eða afturköllunin, einnig gild, ef uppfyllt eru þau skilyrði, sem sett eru í lögum ríkisfestislandsins.

■ **10. gr.** Um það, hvort arfleiðsluskrá eða ógilding arfleiðsluskrár sé gild vegna sálarástands arfleiðanda, eða vegna svika, blekkinga, þvingunar eða annarra óleyfilegra áhrifa, skal dæmt eftir lögum þess ríkjanna, sem arfleiðandi átti heimilisfang í við arfleiðslugerninginn eða ógildingu hans.

■ **11. gr.** Ákvæði í finnskum eða sænskum lögum um að arfleiðsluskrá skuli, eftir lát arfleiðanda afhent til réttarins innan ákveðins tíma (testamentsbevakning), gilda einnig um arfleiðsluskrá eftir ríkisborgara í ein-

hverju hinna samningsríkjanna, ef arfleiðandi var búsettur í Finnlandi eða Svíþjóð við lát sitt. Sama gildir um ákvæði í finnskum eða sænskum lögum um að erfingi, sem vill mótmæla gildi arfleiðsluskrár, skuli hefja málssókn innan ákveðins tíma frá því að arfleiðsluskráin hafði verið birt honum (testamentsklander).

■ **12. gr.** Um það, hvort dánargjafir, erfðasamningar og erfðaafsöl hafa gildi gagnvart arfleiðanda, skal, ef arfleiðandi var ríkisborgari í einhverju ríkjanna við lát sitt, dæmt eftir lögunum í því ríkjanna, sem hann átti heimilisfang í þegar gerningurinn var gerður.

□ Á sama hátt skal dæma um það, hvort fjármunir, sem erfingi hefir þegið af arfleiðanda meðan hann var enn á lífi, skuli taldir fyrirframgreiðsla upp í arf.

■ **13. gr.** Þær sérstöku reglur, sem gilda í einhverju ríkjanna um rétt einhvers erfingja til fasteignar með öllu tilheyrandi, eða um heimild arfleiðanda til þess að ráðstafa slíkri eign með ákvæði í arfleiðsluskrá til handa einstökum erfingjum, gilda um eignir í því ríki.

□ Um réttinn til þess að gera ráðstafanir í arfleiðsluskrá varðandi óðalsrétt yfir fasteign (fideikommissariske Bestemmelser) eða aðrar ráðstafanir um slíka eign vegna ófæddra, skal einnig dæmt eftir lögunum í því ríki, sem eignin er í. Um réttinn til þess að gera slíkar ráðstafanir um annað en fasteignir gildir þessi samningur ekki.

■ **14. gr.** Nú hefir ríkisborgari í einhverju ríkjanna eignazt kjörbarn, en ættleiðingarleyfið er veitt í einhverju þessara ríkja með fyrirvara um rétt kjörforeldra til þess að ráða yfir eftirlátnum munum sínum án tillits til ættleiðingarinnar, og skal þá þessi fyrirvari einnig hafa gildi í hinum ríkjunum.

■ **15. gr.** Um það, hvort einhver hafi fyrirgert rétti sínum til arfs, eða dánargjafar, og um heimild til þess að svipta erfingja arfi, skal, hafi arfleiðandi verið ríkisborgari í einhverju ríkjanna, dæmt eftir lögum í því ríkjanna, sem hann var búsettur í við látið.

■ **16. gr.** Um fyrningu réttar til arfs eða dánargjafar eftir ríkisborgara í einhverju ríkjanna skal dæmt eftir lögunum í því ríkjanna, sem hann var búsettur í við látið.

**II. Skuldir arfleiðanda.**

■ **17. gr.** Um ábyrgð erfingja á skuldum ríkisborgara í einhverju samningsríkjanna, og um ábyrgð þeirra á, að dánargjöf verði innt af hendi, eða fyrirmæli arfleiðsluskrár uppfyllt, skal farið eftir lögunum í því ríkjanna, sem arfleiðandi var búsettur í við lát sitt. Sama gildir um ábyrgðina á fullnægju meðlagsskyldu, sem hvílir á hinum látna gagnvart óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns.

■ **18. gr.** Áskorun (proklama) til lánardrottna að viðlagðri ógildingu kröfu, ef henni er ekki lýst í tækan tíma, sem gefin hefir verið út í búi eftir ríkisborgara í einhverju ríkjanna, gildir ekki að því er snertir kröfur, sem kunnugt er um, ef kröfuhafi er búsettur í einhverju hinna ríkjanna, og hann hefir ekki í tæka tíð fengið sérstaka tilkynningu um áskorunina og afleiðingar hennar, eða hefir á annan hátt fengið vitneskju um hana.

**III. Skiptameðferð.**

■ **19. gr.** Um skiptameðferð á dánarbúi, og um skipti milli erfingja hins látna og eftirlifandi maka, skal, ef hinn látni var ríkisborgari í einhverju ríkjanna, og var búsettur í einhverju þeirra, farið eftir lögunum í því ríki, sem hann var búsettur í við lát sitt, og slík mál heyra undir dómstólana í sama ríki, ef búsmeðferðin heyrir undir dómstólana samkvæmt þargildandi lögum.

□ Nú hefir eftirlifandi maki, sem er ríkisborgari í einhverju ríkjanna, setið í óskiptu búi, og skal nú skipta búinu, þá fer um búskiptin samkvæmt lögum þess ríkjanna, sem eftirlifandi maki er búsettur í, eða var búsettur í við lát sitt, og búskiptin skulu heyra undir dómstóla þess ríkis að svo miklu leyti, sem svo er fyrir mælt í lögum sama ríkis. Skiptameðferð búsins skal einnig ná til eigna, sem eru í einhverju hinna ríkjanna.

■ **20. gr.** Um rétt eftirlifandi maka til þess að velja sér sérstaka muni við búskipti, gegn greiðslu eða endurgjaldslaust, skal farið eftir þeim lögum, sem gilda samkvæmt 19. gr. um skiptameðferð búsins. Sama gildir um heimild maka til þess að fá við búskiptin frest til greiðslu arfshluta gegn því að erfinginn fái veð fyrir kröfu sinni, þó þannig, að veðrétti í eignum, sem eru í hinum ríkjunum, er aðeins hægt að skipta samkvæmt þargildandi reglum.

■ **21. gr.** Ágreiningur um réttinn til arfs eða dánargjafar eftir einhvern, sem var ríkisborgari í einhverju ríkjanna og búsettur í einhverju þeirra, um réttindi eftirlifandi maka, og um kröfur, sem gerðar eru á hendur dánarbúinu, en ekki á hendur arfþegum persónulega, heyrir undir dómstólana í því ríki, sem hefir í gildi lög þau, sem farið er eftir við búskiptin samkvæmt 19. gr.

□ Með samþykki aðiljanna er þó hægt að höfða málið í einhverju hinna ríkjanna, nema skiptaréttur annist um búskiptin, skiptaforstjóri, eða skiptaráðandi (boutredningsman eða skifteman), tilnefndur af réttinum, eða málið varði sjálf skiptin á slíku búi. Dómstólamál um gildi arfleiðsluskrár, sem gerð hefir verið af einhverjum búsettum í Finnlandi eða Svíþjóð (testamentsklander), verður ekki höfðað í hinum ríkjunum. Sama gildir um mál, sem höfðað er til þess að reyna að ógilda skipti eftir einhvern, sem búsettur var í Finnlandi (klander).

■ **22. gr.** Nú eru eignir búinu tilheyrandi í einhverju öðru ríkjanna en því, sem hefir í gildi lög þau, sem farið er eftir við búskiptin, og skulu þá dómstólarnir í því ríki, sem eignirnar eru í, ef þess er farið á leit, annast um uppskrift þeirra og geymslu til bráðabirgða, og um sölu þeirra eigna, sem ekki er ráðlegt að séu geymdar. Að öðru leyti skulu yfirvöldin í síðarnefndu ríki veita aðstoð við búskiptin, ef um er beðið, í þeim efnum, sem heimilt er samkvæmt lögum sama ríkis.

□ Beiðnina má senda beint til hlutaðeigandi yfirvalds. Krefjast má fyrirframgreiðslu kostnaðar vegna aðstoðarinnar, ef það telst nauðsynlegt. Skjölum, sem rituð eru á íslenzku eða finnsku, skal fylgja löggilt þýðing á dönsku, norsku eða sænsku.

□ Nú hefir látið orðið í öðru ríki en búseturíki hins látna, og skulu þá þar eftirlátnar eignir, jafnvel þó engin beiðni komi fram um það, teknar til geymslu samkvæmt þeim fyrirmælum, sem gilda á staðnum.

■ **23. gr.** Nú er dánarbú, sem um ræðir í 19. gr., undir opinberum skiptum í Danmörku, á Íslandi eða í Noregi, og skulu þá lagaákvæði, sem takmarka heimild kröfuhafa til þess að leita fullnægju í búinu með málssókn, einnig gilda að því er snertir eignir, sem eru í einhverju öðru ríkjanna en því, þar sem skiptin fara fram. Þetta gildir þó ekki um heimildina til þess að innheimta skatta og önnur opinber gjöld, sem eru lögð á í því ríki, þar sem

1935 Nr. 108 8. maí

eignirnar eru, eða um heimildina til þess að leita fullnægju í eignum, sem kröfuhafi hefir veðrétt eða haldsrétt í.

■ **24. gr.** Nú er dánarbú, sem ræðir í 19. gr., undir opinberum skiptum í Danmörku, á Íslandi eða í Noregi, og skal þá farið, á hliðstæðan hátt, eftir 7. gr. í samningi um gjaldþrotaskipti, frá 7. nóvember 1933, við ákvörðun á spurningum um forgangsrétt krafna.

■ **25. gr.** Lagaákvæði í einhverju ríkjanna um, að þinglýsing sé nauðsynleg til þess að varðveita gagnvart dánarbúi réttindi, sem aflað hefir verið með réttargerningi eða með fjárnámi eða lögtaki, skulu ekki gilda um eignir, sem eru í hinum ríkjunum við látið.

■ **26. gr.** Að svo miklu leyti sem framkvæmd undanfarandi ákvæða er því háð, hvar fjármunur er, skal krafa, sem tilheyrir arfleiðanda, álítast vera í því ríki, sem hefir í gildi lög þau, sem farið er eftir samkvæmt 19. gr. um skipti á dánarbúinu. Sé krafan bundin við skuldabréf eða annað skjal sem framvísa þarf til þess að koma fram kröfunni, þá skal hún álítast vera í því ríki, þar sem skjalið er.

□ Skrásett skip, eða flugvél, telst vera í því ríki, þar sem það á heimilisfang.

**IV. Almenn ákvæði.**

■ **27. gr.** Nú hefir dómstóll í einhverju samningsríkjanna fellt úrskurð um, að búi, sem um ræðir í 19. gr., skuli skipt af skiptaréttinum, af skiptaforstjóra, eða af skiptaráðanda (boutredningsman), eða að búinu skuli skipt með aðstoð skiptamanns (skifteman), eða að það skuli afhent til einkaskipta, og skal þá sá úrskurður einnig vera bindandi í hinum ríkjunum.

□ Sama gildir um úrskurð um réttindi eftirlifandi maka til setu í óskiptu búi.

■ **28. gr.** Ákvæðin um viðurkenningu dóma og sátta og um fullnægju þeirra í samningi frá 16. marz 1932, gilda einnig um dóma og sættir um rétt til arfs eða dánargjafir, um réttindi eftirlifandi maka, og um ábyrgð á skuldum arfleiðanda, ef hinn látni átti ríkisfesti í einhverju ríkjanna og var búsettur í einhverju þeirra.

□ Hin sérstöku ákvæði í 3. gr. og í 6. gr., 3. lið, í sama samningi um útivistardóma yfir stefndum, sem ekki mætti, gilda aðeins ef dómurinn varðar ábyrgð eftirlifandi maka, eða hinna einstöku erfingja, á skuldum hins látna.

■ **29. gr.** Ekki skal farið eftir ákvæðunum í samningi þessum, ef arfleiðandi hefir látizt áður en samningurinn gekk í gildi, og heldur ekki, ef eftirlifandi maki hefir setið í óskiptu búi, og hið fyrrlátna hjóna hefir látizt áður en samningurinn öðlaðist gildi.

■ **30. gr.** Samning þennan skal fullgilda, og fullgildingarskjölin skulu sett til vörzlu í skjalasafni utanríkismálaráðuneytisins danska, eins fljótt og auðið er.

□ Samningurinn gengur í gildi milli þeirra ríkja, er þá hafa fullgilt hann, 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að minnst þrjú samningsríkjanna hafa afhent fullgildingarskjöl sín að samningnum. Með tilliti til þeirra ríkja, er seinna fullgilda samninginn, gengur hann í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að fullgildingarskjalið var afhent.

□ Sérhvert samningsríki getur, gagnvart sérhverju hinna ríkjanna, sagt upp samningnum til þess að ganga úr gildi 1. janúar eða 1. júlí eftir að eitt ár er liðið frá uppsögninni.

1935 Nr. 108 8. maí

**Fylgiskjal II.**

Í sambandi við undirskriftina í dag undir samninginn milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um erfðir og skipti á dánarbúum hafa umboðsmenn samningsríkjanna gert eftirfarandi yfirlýsingu:

Samningsríkin eru ásátt um, að beiðnir um upplýsingar um efni laga, sem í gildi eru í einhverju ríkjanna, skuli sendar af hlutaðeigandi dóms- eða utanríkismálaráðuneyti, og ef spurt er um dönsk, finnsk, íslenzk eða norsk lög, þær sendar til dómsmálaráðuneytisins, en ef spurt er um sænsk lög, til réttardeildar utanríkismálaráðuneytisins (Utrikesdepartementets Rättsavdeling). Upplýsingar skal alltaf gefa að svo miklu leyti sem skýr lagafyrirmæli eru fyrir hendi, og að öðru leyti eftir því, sem ástæður leyfa.

**Tilskipun um forgöngurétt ómyndugra o. fl.** 1821 19. des.

■ **1)** Að bæði póstkassinn og allir aðrir konunglegir fjársjóðir, eins þeir, sem í kammerréttarorðunni frá 18. marz 1720 ekki útþrykkilega nafngreinast, skuli hjá þeim, hverra skylda er að veita viðtöku konungs tekjum, hvort sem þessir eru þeir eiginlegu svonefndu gjaldkerar, ellegar þeim er einungis fyrir þeim vörzlum trúað sem verki sameinuðu öðru embætti, njóta fyrir kröfur sínar sama forgangsréttar og vissu, sem nefnd fyrirskipan, ásamt tilskipun frá 30. jan. 1793 í § 40 áskilur konungs fjársjóðum hjá þar til nefndum embættismönnum.

■ **2)** Að sá forgangsréttur, sem póstkassanum ber til gjaldkera eigna, einninn gilda skuli um peningabréf og dýrgripi, sem afhendast póstmeisturum til burtsendingar með bögglapóstum, fyrir hverjum póstkassinn standa skal í ábyrgð, ef tapast við póstþjóna ótrúmennsku ellegar hirðuleysi.[1)]

[1)] *Sjá l. 33/1986.*

■ **3)** Að ómyndugir og aðrir, hverra eigur eða fjársjóðir, að laga og tilskipana boðum, setjast undir konunglega skipaðra yfirvalda ellegar réttarþjóna stjórn og vörzlur, sömuleiðis njóta skuli þess forgangs- og pantréttar hjá þessum, sem § 1 ákveður. ...

■ **4)** Að vort danska kansellí vera skuli það stjórnarráð hvar, samkvæmt tilskipun frá 30. janúar 1793 § 40, leyfis til afhendingar ellegar veðsetningar beiðast á af þeim í nr. 3 nefndu embættismönnum, og skal því þess vegna skýrslu senda, þegar einhver þeirra embættismanna verður um skuldir lögsóttur. Allt eins ber samþykki þessa stjórnarráðs að öðlast, áður en hjá þvílíkum embættismanni verði útlag eftir sætt framkvæmt. Þó má og nauðsyn verða, að því leyti sömu embættismenn undir eins veita vörð vorum tekjum, einnig að halda sér til þess stjórnarráðs, undir hvers umsjón þvílíkar tekjur lagðar eru. ...

**Kansellíumburðarbréf um aðför eftir sátt hjá gjaldheimtumönnum konungs.**[1)] 1819 16. nóv.

[1)] *Fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 90/1989, 99. gr.*

(Ákveðið, að ef gjaldheimtumaður konungssjóða geri sátt við skuldheimtumann sinn fyrir sáttanefnd, þá skuli tekið berum orðum fram í sáttinni, að fullnæging hennar með fjárnámi skuli eigi vera til tálmunar rétti þeim, er sjóður konungs hafi á hendur gjaldheimtumanninum,

**1819** 16. nóv. samkv. tsk. um kammerréttinn 18. marz 1720 og tsk. 30. jan. 1793, og að aðför eftir slíkum sáttum megi eigi fara fram, fyrr en hlutaðeigandi stjórnarráði hefir verið skýrt frá henni, og það leyft aðförina.)

**1823** 17. maí **Kansellíbréf um tilkynningu um andlát eða gjaldþrot skuldunauta hins opinbera o. fl.**

... Hans Hátign konungurinn hefir því 30. f. m. ... með allrahæstum úrskurði fallizt á:

■ **1)** Að ... öllum reglulegum skiptaráðendum skuli fyrir lagt, þegar er innköllun er út gefin í búi, að leita upplýsingar í veðbókinni um það, hvort konungssjóður yfir höfuð, ríkisskuldasjóðurinn ... eða nokkur önnur undir lok liðin konungleg stofnun, er fjármunir hennar hafa runnið í ríkisskuldasjóðinn, eða, að lokum, nokkur opinber stofnun, eigi nokkurt tilkall til eigna búsins, og ef svo er, skuli hann, ... tilkynna það hlutaðeigandi háyfirvaldi, er aftur skýrir ríkisskuldastjórninni eða stjórn hlutaðeigandi opinberrar stofnunar frá því. ...

■ **2)** Að öllum skiptaráðendum skuli sömuleiðis boðið, ef þeir fá vitneskju um það, af skuldalýsingum í bú eða á annan hátt, að veðskuldabréf, er veð er fyrir í fasteign, er búið á, er veðsett aftur opinberri stofnun, að gefa skýrslu um það á sama hátt og áður er sagt, ef stofnunin hefir ekki þá þegar sagt til skuldar sinnar í búinu. ...

■ **3)** Að öllum uppboðshöldurum skuli boðið, þegar fasteignir á að selja á uppboði, að undangengnu fjárnámi, og fyrrnefndir konungssjóðir eða einhver opinber stofnun á síðri veðrétt í þeim en uppboðskrefjandinn, að leita, þegar er beiðzt er uppboðsins, áðurnefndra upplýsinga í veðbókunum, og gefa síðan tafarlaust skýrslu á fyrrgreindan hátt.

■ **4)** Að sama skylda skuli hvíla á öllum uppboðshöldurum, þegar er beiðzt er uppboðssölu á fasteignum, sem bú það á, er executores testamenti ... skipta.

■ **5)** Að vottorð þau úr veðbókunum, er skiptaráðendur, uppboðshaldarar og skiptanefndarmenn (en um skyldu þeirra í ofangreindu efni mun það sem þarf verða tekið fram í skipunarbréfum þeirra) beiðast sökum ofangreindra fyrirmæla og aðeins til að fullnægja þeim, skuli veitt ókeypis.

**1869** 11. des. **Opið bréf handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsréttindi hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafé sínu.**[1]

[1] *Fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 90/1989, 99. gr.*

Forréttindi þau, sem opið bréf 23. júlímán. 1819 veitir forgangskröfum þeim, sem þar er um rætt, fyrir sjálfsvörzluveði því í lausafé, sem fengið er eftir auglýsingu téðs opins bréfs, skulu einnig koma til greina, þegar gerð er aðför eða fjárnám til lúkningar slíkrar forgangskröfu, án þess nauðsynlegt sé til framkvæmdar greindra forréttinda að heimta, að öllu búi skuldunautsins sé skipt sem gjaldþrota. Þó leiðir það af N. L. 1. – 22. – 28.[1] (D. L. 1. – 24. – 26.), að ekki má með slíkri gerð taka til veðsetts lausafjár, ef að og að svo miklu leyti sem til eru óveðsettir fjármunir, er taka má lögtaki til lúkningar forgangskröfunni. Eigi skal heldur, þá er heimt eru inn opinber gjöld, sem hvíla á fasteignum, byrja lögtakið á lausum aurum, ef engir eru til óveðsettir, þegar svo er ástatt, skal þegar taka fasteignina lögtaki; en aftur skulu hin önnur gjöld til ríkis og sveitar, sem ekki hvíla á fasteignum, heldur aðeins á gjaldendum sjálfum, talin með þeim kröfum, sem, eins og að ofan er sagt, má leita lúkningar á ferð með lögtaki í lausafé, þó veðsett sé. Annars er það vitaskuld, að hvorki framangreind ákvörðun, né heldur opið bréf 23. júlímán. 1819, gerir neina breytingu á hlutfalli því, sem ákveðið er í lögunum eða seinni tilskipunum, meðal ýmissa flokka af forgangskröfum, hvers til annars, og skal þess sér í lagi gætt, að gjöld til ríkissjóðsins gangi fyrir sveitargjöldum.

[1] *Sjá l. 19/1887, 24. gr.*

**1869** 11. des.

## Gjaldþrotalög.

**1978** Nr. 6 5. maí

### I. kafli. Orðskýringar og almenn atriði.

■ **1. gr.** 1. Í lögum þessum merkir orðið frestdagur:

a. Daginn, þegar skiptaráðandi fær ósk eða kröfu um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti.

b. Dánardag skuldara, ef með dánarbúið er farið eftir þessum lögum.

c. Daginn þegar skiptaráðandi samkvæmt þessum lögum kveður upp úrskurð um, að hann skuli fara með skipti vegna félagsslita eða uppgjörs á eignum stofnunar.

Ef fleiri dagar en einn geta skv. framanskráðu verið frestdagar, skal hinn fyrsti þeirra vera það.

2. Frestdagur telst sá dagur, þegar óskað er greiðslustöðvunar skv. 2. kafla, þó að lögverkanir greiðslustöðvunar falli brott skv. 12. gr., ef krafist er nauðasamninga eða gjaldþrotaskipta innan 3 vikna eftir brottfall lögverkananna.

3. Frestdagur telst sá dagur, þegar skiptaráðandi fær nauðasamningakröfu, þó að nauðasamningar nái ekki staðfestingu, ef krafist er gjaldþrotaskipta innan 3 vikna, eftir að krafa um nauðasamninga var afturkölluð eða henni hafnað eða eftir að hætt var tilraunum til að ná slíkum samningum.

4. Frestdagur telst sá dagur, þegar gjaldþrotaskipta er krafist, þótt krafan sé afturkölluð eða henni hafnað, ef skiptaráðandi fær innan 3 vikna nýja ósk eða kröfu um greiðslustöðvun, gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga.

■ **2. gr.** Í lögum þessum merkir orðið nákomnir:

a. Hjón, skyldmenni í beinan legg, systkini, mann og maka skyldmenna í beinan legg og systkina og aðra menn, sem sérstaklega náið persónulegt samband hefur verið á milli.

b. Mann og félag eða stofnun, ef maðurinn eða fólk nákomið honum á verulegan hluta félagsins eða stofnunarinnar.

c. Tvö félög eða stofnanir, ef annað þeirra eða fólk nákomið því á verulegan hluta af hinu félaginu eða hinni stofnuninni.

d. Annað fólk, félög eða stofnanir, sem hafa sambærilegt hagsmunasamband og nefnt er í b- og c-lið.

■ **3. gr.** 1. Ósk um greiðslustöðvun eða krafa um gjaldþrotaskipti skal send skiptaráðanda þar sem skuldari á heimili.

2. Sá sem krefst gjaldþrotaskipta, getur þó óskað þess við skiptaráðanda, þar sem hann telur meginhluta atvinnurekstrar skuldara fara fram, að hann fari með skiptin. Í beiðninni skal skýra þessa ósk. Skiptaráðandi skal þegar senda hana dómsmálaráðuneyti ásamt umsögn sinni. Ráðuneytið ákveður, hvort við henni skuli orðið. Ef úrskurður um gjaldþrotaskipti skv. 1. mgr. er

kveðinn upp, áður en ákvörðun ráðuneytis hefur leitt til úrskurðar með heimild í þessari mgr., fara skiptin fram þar sem skuldari á heimili. Ef dánarbú er til opinberra skipta, fara gjaldþrotaskipti þess fram í sama lögsagnarumdæmi.

3. Ef ósk um greiðslustöðvun eða krafa um gjaldþrotaskipti berst skiptaráðanda, sem ekki má með hana fara, skal hann senda hana þeim skiptaráðanda, sem með hana skal fara.

■ **4. gr.** 1. Ósk um greiðslustöðvun og krafa um gjaldþrotaskipti skal vera skrifleg. Geta skal þess, hver ber hana fram, svo og nafns skuldara, nafnnúmers hans eða auðkennisnúmers í fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands, heimilisfangs og eftir atvikum atvinnu. Gögn, sem vitnað er til, skulu að jafnaði fylgja.

2. Skiptaráðandi skal halda skrá yfir framkomnar óskir um greiðslustöðvun og kröfur um gjaldþrotaskipti. Tilgreina skal í skránni, hvaða dag óskin eða krafan berst.

■ **5. gr.** Skiptaráðandi getur gefið þeim, sem ber fram ósk eða kröfu skv. 4. gr., stuttan frest, sem að jafnaði skal ekki vera lengri en ein vika, til að leggja fram upplýsingar eða gögn, sem vantar, eða senda tilskildar tilkynningar.

■ **6. gr.** 1. Ekki skal auglýsa opinberlega, að fram sé komin ósk um greiðslustöðvun eða krafa um gjaldþrotaskipti.

2. Hver sá, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, getur fengið upplýsingar hjá skiptaráðanda, hvort og hvenær slík ósk eða krafa sé fram komin, hver sé skuldara til aðstoðar, ef einhver er, og hvaða meðferð óskin eða krafan hafi fengið.

3. Ef ósk eða krafa skv. 1. mgr. hefur verið lögð fram á dómþingi, fer um endurrit eftir almennum reglum réttarfarslaga um þau.

**II. kafli. Greiðslustöðvun.**

■ **7. gr.** Sá sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum, en vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín með aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda, sem hann hefur til þess ráðið, getur óskað þess að skiptaráðandi heimili honum greiðslustöðvun í allt að 3 mánuði með þeim réttarverkunum, sem í 8. gr. segir. Ekki má heimila greiðslustöðvun, ef þeim, sem hennar beiðist, hefur áður verið heimiluð greiðslustöðvun á síðustu 3 árum fyrir frestdag.

■ **8. gr.** 1. Meðan á greiðslustöðvun stendur, er skuldara óskylt og óheimilt að greiða gjaldfallnar skuldir, sbr. þó 9. gr. Ekki má hann heldur stofna til verulegra skuldbindinga, umfram það sem þarf til að halda áfram starfsemi sinni, til að gæta með sanngjörnum hætti hagsmuna lánardrottna sinna, til að forða verulegu tjóni eða til að afla sér og fjölskyldu sinni daglegra nauðsynja.

2. Meðan á greiðslustöðvun stendur er óheimilt að taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta, gera fógetagerð í eignum hans eða selja eigur hans á nauðungaruppboði. Fógeti skal þó framkvæma vörslusviptingu vegna fógetagerðar fyrir upphaf greiðslustöðvunar, nema skiptaráðandi telji, að hún torveldi með ósanngjörnum hætti, að tilgangi greiðslustöðvunarinnar verði náð.

3. Ákvæði í samningum eða réttarreglum um afleiðingar vanefnda taka ekki gildi á þeim tíma, sem greiðslustöðvun er. Þannig er óheimilt að gjaldfella skuld vegna vanefnda á greiðslu afborgunar og vaxta, rýrnunar veðs eða slíks.



■ **9. gr.** Ákvæði 39. – 41. gr. laga nr. 39 1922 um lausafjárkaup skulu gilda um greiðslustöðvun eftir því, sem við getur átt.

■ **10. gr.** 1. Skiptaráðandi skal svo fljótt sem við verður komið kveða upp úrskurð um greiðslustöðvunarbeiðni. Ef greiðslustöðvun er heimiluð, skal skuldari þegar senda endurrit úrskurðarins öllum þeim lánardrottnum sínum, sem honum er kunnugt um. Synjunarúrskurði verður ekki skotið til æðra dóms, en sá, sem hagsmuna hefur að gæta, getur kært úrskurð um, að greiðslustöðvun sé heimil, til Hæstaréttar innan viku eftir að honum barst vitneskja um úrskurðinn.

2. Skuldari skal veita skiptaráðanda og þeim manni, sem skuldara er til aðstoðar, sbr. 7. gr., allar þær upplýsingar, sem þeir krefjast, og stuðla eftir mætti að því, að greiðslustöðvunin leiði til sanngjarnrar niðurstöðu.

■ **11. gr.** 1. Sá, sem er skuldara til aðstoðar, skal strax tilkynna skiptaráðanda, ef hann telur ekki horfur á, að samningar takist um greiðslu skulda skuldarans, eða skuldarinn starfi ekki af trúmennsku með honum eða hann hættir að sinna málum skuldara.

2. Ef skiptaráðandi fær tilkynningu skv. 1. mgr. eða verður þess með öðrum hætti áskynja, að ekki er á viðunandi hátt unnið að því að ná samningum um skuldir skuldara, tekur hann ákvörðun um, hvort fella skuli niður réttaráhrif greiðslustöðvunarinnar. Áður en svo er ákveðið, skal ef unnt er án verulegra erfiðleika gefa skuldaranum, aðstoðarmanninum og þeim lánardrottnum sem kunna að hafa gefið sig fram við skiptaráðanda, tækifæri til að tjá sig. Gefa má skuldara stuttan frest til að taka upp nýja starfshætti. Ákvörðun skiptaráðanda eftir þessari mgr. skal tekin með úrskurði. Úrskurðinum verður ekki skotið til æðra dóms.

■ **12. gr.** 1. Reglum þessa kafla skal beita, uns hið fyrsta þessa gerist:

a. Skuldarinn afturkallar ósk sína um greiðslustöðvun.

b. Tilraunir til nauðasamninga hefjast.

c. Skiptaráðandi ákveður, að réttaráhrif greiðslustöðvunarinnar skuli niður falla.

d. 3 mánuðir eru frá upphafi greiðslustöðvunar.

2. Ef mjög sérstaklega stendur á, getur skiptaráðandi lengt 3 mánaða frestinn skv. 1. mgr. d í alls 5 mánuði, ef skuldari ber fram ósk um það, áður en hinn fyrsti frestur er úti.

3. Ef réttaráhrif greiðslustöðvunar falla niður skv. 1. mgr. a – c eða lengi skiptaráðandi frestinn skv. 2. mgr., skal öllum lánardrottnum, sem vitað er um, tilkynnt um þetta á þann hátt, sem skiptaráðandi mælir fyrir um. Getur hann lagt fyrir skuldara eða þann, sem honum er til aðstoðar, að senda tilkynninguna.

**III. kafli. Upphaf gjaldþrotaskipta.**

■ **13. gr.** 1. Bú einstaklings, félags eða stofnunar skal taka til gjaldþrotaskipta:

a. Ef þess er krafist af þeim, sem telur sig ekki geta staðið að fullu í skilum við lánardrottna sína, þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga.

b. Eftir kröfu lánardrottins um bú manns, sem strokið hefur af landi brott eða felur sig, að því er ætla má sökum

skulda, enda sé hætta á því, að dráttur á gjaldþrotaskiptum baki lánardrottnum tjón.

c. Eftir kröfu lánardrottins, ef á síðustu 3 mánuðum fyrir móttöku kröfu hans um gjaldþrotaskipti hefur farið fram hjá skuldara árangurslaus aðför eða kyrrsetning. Þó getur skiptaráðandi hafnað kröfunni, ef fógetagerðin gefur ekki að hans áliti ótvíræða vísbendingu um eignir og skuldir skuldara. Í stað árangurslausrar fógetagerðar getur komið yfirlýsing skuldara frá síðustu 3 mánuðum um, að hann geti ekki staðið að fullu í skilum við lánardrottna sína, þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga, eða ef yfirlýsingar, sem skiptaráðandi telur réttar, liggja fyrir um þetta frá löggiltum endurskoðanda, sem kannað hefur hag skuldara, eða frá skattyfirvöldum eða öðrum opinberum stofnunum, sem slíkt hafa gert.

2. Bú opinberra stofnana verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta, ef ríkissjóður ábyrgist skuldir þeirra. Um fjárþröng sveitarfélags og stofnana þess fer eftir sveitarstjórnarlögum.

3. Bú sameignarfélaga verða aðeins tekin til gjaldþrotaskipta ásamt búum eigenda. Bú einstaklinga, félaga og stofnana, sem ekki eru skattskyldar, verða tekin til gjaldþrotaskipta, þó ekki bú forseta Íslands eða maka hans.

4. Dánarbú skal taka til gjaldþrotaskipta, ef það er skuldafrágöngubú og lánardrottinn krefst. Hafi verið gefin út innköllun til skuldheimtumanna dánarbúsins og sé kröfulýsingarfrestur liðinn, þegar krafa berst skiptaráðanda um gjaldþrotaskipti eða slík krafa er bókuð í skiptabók, kemur slík kröfulýsing í stað kröfulýsingar skv. 19. gr. 3. mgr. laga þessara. Ella skal gefa út innköllun á ný eftir því ákvæði. Hið sama gildir að þessu leyti, þegar skiptaráðandi skiptir eignum hjóna, sem bæði eru á lífi.

■ **14. gr.** Bókhaldsskyldir aðilar skulu gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta, ef þeir sjá fram á, að þeir muni ekki geta staðið að fullu í skilum við lánardrottna sína, þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga, og ef fjárhagur þeirra hefur versnað síðasta reikningsár, enda verði búið tekið til gjaldþrotaskipta skv. 13. gr.

■ **15. gr.** 1. Lánardrottinn getur ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi skuldunauts síns, ef

a. krafa hans er nægilega tryggð í eignum skuldara,

b. krafa hans er nægilega tryggð í eignum þriðjamanns og gjaldþrotaskipti myndu leiða til breytinga á réttarstöðu veðhafa skv. veðbréfinu,

c. krafa hans er ekki fallin í gjalddaga og nægilega tryggð í eignum þriðjamanns eða þriðjimaður býður nægilegt veð.

2. Aðrar nægilegar tryggingar geta komið í stað veðs í þessu sambandi.

3. Að öðru leyti er það ekki skilyrði fyrir því, að lánardrottinn krefjist gjaldþrotaskipta, að krafa hans sé fallin í gjalddaga.

■ **16. gr.** 1. Komi fram fleiri kröfur en ein um gjaldþrotaskipti, ákveður skiptaráðandi, í hvaða röð hann fjallar um þær.

2. Frestdagur er móttökudagur þeirrar kröfu, sem fyrst barst.

3. Kröfu um gjaldþrotaskipti má afturkalla, þar til úrskurður um hana hefur gengið.

■ **17. gr.** 1. Skuldari, sem krefst gjaldþrotaskipta á búi sínu, skal senda skiptaráðanda yfirlit yfir eignir sínar og skuldir og skrá yfir lánardrottna.



2. Skiptaráðandi skal kalla skuldara á sinn fund án tafar og krefja hann um þær upplýsingar og gögn, sem hann telur þurfa.

3. Komi skuldari ekki á fund skiptaráðanda, skal telja kröfu hans afturkallaða.

■ **18. gr.** 1. Krafa lánardrottins um gjaldþrotaskipti skal rökstudd.

2. Skiptaráðandi lætur þegar birta skuldara tilkynningu um kröfuna. Jafnframt boðar hann lánardrottin og skuldara á sinn fund með a. m. k. sólarhrings fresti.

3. Birting skv. 2. mgr. þarf ekki að fara fram, ef skiptaráðandi hefur með öðrum hætti samband við skuldunaut eða hann finnst ekki.

4. Komi lánardrottinn ekki á fund skiptaráðanda, skal telja kröfu hans um gjaldþrotaskipti afturkallaða.

5. Komi skuldari ekki á fund skiptaráðanda, skal eftir atvikum líta svo á, að fullyrðingar lánardrottins séu réttar, eða láta lögreglu færa skuldara á fund skiptaráðanda.

■ **19. gr.** 1. Skiptaráðandi skal kveða upp úrskurð um það, hvort orðið skuli við kröfu um gjaldþrotaskipti.

2. Ekki frestar málskot skiptunum, en ekki skal selja eða ráðstafa munum búsins nema með samþykki þrotamanns, fyrr en fullnaðardómur er genginn. Þó skal skiptaráðandi ráðstafa þeim eignum búsins, sem liggja undir skemmdum.

[3. Þegar úrskurður er genginn skal skiptaráðandi auglýsa gjaldþrotaskiptin í Lögbirtingablaði, sbr. og 86. gr. Þar skal birta auglýsinguna tvívegis. Að auki getur skiptaráðandi, ef sérstaklega stendur á, auglýst skiptin með öðrum hætti eða tilkynnt þau. Í auglýsingu skal vera innköllun til skuldheimtumanna og þeirra, sem gera vilja tilkall til eigna úr búinu (proclama), og tilgreindur kröfulýsingarfrestur, 2 mánuðir frá fyrri birtingu í Lögbirtingablaði. Skiptaráðandi getur þó ákveðið, ef sérstaklega stendur á, að kröfulýsingarfrestur verði allt að 6 mánuðir. Að jafnaði skal einnig tilgreint með auglýsingu innköllunar hvenær og hvar fyrsti skiptafundur verður haldinn.][1)]

4. Ákvæði 3. mgr. gilda ekki, þegar skiptin fara eftir 120. gr. laga þessara.

[1)] *L. 98/1985, 1. gr.*

■ **20. gr.** 1. Ef kröfu um gjaldþrotaskipti er hafnað eða síðar kemur fram, að hún var ástæðulaus, skulu þeir, sem krafist hafa skiptanna, greiða kostnað þann, sem búið á að greiða skv. lögum þessum. Sé um fleiri aðila en einn að ræða, er ábyrgð þeirra solidarisk.

2. Ef lánardrottinn hefur krafist gjaldþrotaskipta, en skilyrði til þeirra reynast eigi vera fyrir hendi, skal hann bæta skuldara fjártjón hans og miska, ef lánardrottni mátti vera ljóst, að skilyrði skorti eða hann átti ekki þá kröfu á skuldunaut, sem hann byggði á. Bætur má dæma, þó að krafa um gjaldþrotaskipti hafi verið tekin til greina. Skiptaráðandi úrskurðar bótakröfuna.

■ **21. gr.** Skiptaráðandinn getur krafið lánardrottin um tryggingu vegna kostnaðar eða bóta, áður en hann kveður upp úrskurð um gjaldþrotaskipti. Sé trygging ekki sett, skal líta svo á, að krafa um gjaldþrotaskiptin hafi verið afturkölluð.

**IV. kafli. Þýðing gjaldþrotaskipta.**

■ **22. gr.** Við uppsögu gjaldþrotaúrskurðar missir þrotamaður rétt til að framselja eignir sínar, til að gefa eftir réttindi sín, til að taka við greiðslum og öðrum framsölum, taka við uppsögnum, mótmælum og þess háttar löggerningum, stofna til skuldbindinga og til að ráða með öðrum hætti yfir eignum sínum þannig, að það hafi þýðingu fyrir þrotabúið.

■ **23. gr.** 1. Gjaldþrotið hefur þýðingu gagnvart öllum næsta dag eftir útgáfudag þess Lögbirtingablaðs, þar sem auglýsing um úrskurðinn birtist í fyrsta skipti. Frá uppkvaðningu úrskurðarins og fram til áðurnefnds dags, hefur gjaldþrotið þýðingu gagnvart þeim, sem vissi eða mátti um það vita.

2. Ákvæði 1. málsgr. gilda ekki, ef reglur um viðskiptabréf og þinglýsingu eða aðra skráningu leiða til annars.

■ **24. gr.** 1. Ekki verður gerð gild fógetagerð í eignum, sem heyra þrotabúinu til, eftir uppsögu gjaldþrotaúrskurðar, nema til fullnustu dóms um afhendingu tiltekins hlutar eða fasteignar. Slík fógetagerð má fara fram, ef meðferð eigna búsins er falin bústjóra til bráðabirgða eða skiptastjóra.

2. Gjaldþrot breytir ekki rétti þeirra, sem fyrir upphaf þess hafa látið fara fram fullnustugerð fógeta í eignum skuldara eða eiga haldsrétt í þeim, handveð eða handveðsígildi eða megi láta selja af eignum skuldara á nauðungaruppboði án undanfarandi réttargerða.

3. Kyrrsetning gerð fyrir upphaf gjaldþrotaskipta fellur brott.

**V. kafli. Eignir þrotabús.**

■ **25. gr.** Til skipta skal taka eignir þrotamanns á frestdegi svo og það, sem hann eignast meðan á skiptunum stendur, sbr. þó 26. gr.

■ **26. gr.** Það, sem þrotamaður vinnur sér inn, meðan á skiptum stendur, rennur ekki til búsins.

■ **27. gr.** 1. Arfur, sem þrotamanni tæmist, meðan á skiptum stendur, rennur til búsins. Sama er um dánargjafir og aðrar gjafir, sem þrotamanni hlotnast á því tímabili. Þetta gildir ekki ef lögmætar ákvarðanir gefanda eða arfleiðanda eru því til fyrirstöðu.

2. Þrotabúið getur ekki vefengt ákvæði erfðaskrár um brottfall, skerðingu eða kvaðir á arfi þrotamanns.

3. Þrotamaður getur samþykkt, að maki arfláta sitji í óskiptu búi.

■ **28. gr.** 1. Ef þrotamanni tæmist arfur, meðan á skiptum stendur, getur skiptaráðandi, sem fer með skipti þrotabúsins, heimilað einkaskipti eða látið þrotabúið gangast við skuldum dánarbúsins, ef aðrir erfingjar skuldbinda sig skriflega til að bæta þrotabúinu in solidum tjón, sem af þessu kann að hljótast.

2. Kröfur á þrotabúið vegna ábyrgðar á skuldum dánarbús skv. 1. mgr. skal greiða sem forgangskröfur skv. 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

■ **29. gr.** Eignir þrotamanns, sem ekki má gera fjárnám í, renna ekki til þrotabús hans, nema svo sé sérstaklega ákveðið í lögum.

**VI. kafli. Kröfur á búið.**

■ **30. gr.** 1. Eignum þrotabús skal varið til að greiða þeim, sem kröfur áttu á þrotamann, þegar úrskurður var kveðinn upp um töku bús hans til gjaldþrotaskipta, og þeim, sem síðar eignast kröfur á búið með lögmætum hætti.

2. Endurgreiðslukrafa vegna greiðslu á skuldbindingu, sem hvíldi á þrotamanni, telst stofnuð við upphaf þeirrar skuldbindingar.

■ **31. gr.** 1. Allar lögmætar kröfur, sem lánardrottnar hafa á hendur þrotamanni og fullnægja á af eignum búsins, skal meta til peningaverðs, og sé miðað við, hve miklu það varði lánardrottna að fá kröfurnar greiddar.

2. Allar kröfur á hendur þrotamanni, sem búinu ber að greiða, eru í gjalddaga fallnar, þegar upp er kveðinn úrskurður skv. 19. gr., og getur búið greitt þær þegar í stað án tillits til þess gjalddaga, sem áður var.

3. Kröfum í erlendum gjaldeyri skal breyta í kröfur í íslenskum krónum samkvæmt gengi á þeim degi, þegar lánardrottinn fékk vitneskju um, að hann gæti fengið greiðsluna.

■ **32. gr.** 1. Hver sá, er skuldar þrotabúi, getur dregið frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er farið. Þó þarf lánardrottinn eða sá, sem hann erfði kröfuna eftir, að hafa eignast hana áður en 3 mánuðir voru til frestdags. Ekki verður krafa heldur notuð til skuldajafnaðar, ef lánardrottinn, þegar hann eignaðist hana, sá eða mátti sjá, að þrotamaður átti ekki fyrir skuldum, eða hann fékk kröfuna til að skuldajafna.

2. Ekki má framselja viðskiptabréf búsins, áður en innköllunarfrestur er liðinn og ekki síðar, ef mótkröfu er lýst þannig, að fyrirgert sé með því gagnkröfurétti. Sé þetta gert, skal búið greiða bætur og fer um rétt eigenda þeirrar bótakröfu eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

3. Kröfur þær, sem taldar eru í 86. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 6. gr. laga nr. 32/1974, verða ekki notaðar til skuldajafnaðar gagnvart þrotabúi, nema eignir búsins nægi til að greiða þær, þegar að úthlutun kemur.

■ **33. gr.** Skuldajafna má skilyrtri kröfu við kröfu, sem búið á, ef skilyrðið er uppfyllt. Ef svo er ekki og krafa búsins er greidd, en skilyrðið síðar uppfyllt, skal greiða kröfuna á búið eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974. Ef óvíst er, þegar úthlutun fer fram, hvort skilyrðið verður uppfyllt, skal taka frá fé til greiðslu kröfunnar, sbr. 124. gr.

■ **34. gr.** Ef hluti kröfu er greiddur úr búi vegna veðs eða annarra tryggingarréttinda, skal reikna hlutfallstölu þá, sem greidd er við úthlutun, af afgangi kröfunnar en ekki heildarupphæð hennar.

■ **35. gr.** 1. Ef fleiri en þrotamaður ábyrgjast kröfu og sú ábyrgð er óskipt (solidarisk), skal reikna hlutfallstölu þá, sem greidd er við úthlutun, af heildarupphæð kröfunnar, þó að

a. annar skuldari hafi greitt hluta kröfunnar og hann hafi mátt endurkrefja þrotamann,

b. hluti kröfunnar hafi verið greiddur úr búi annars skuldara,

c. annar skuldari hafi greitt hluta kröfunnar á síðustu 3 mánuðum fyrir frestdag.

2. Ef annar skuldari hefur þegar fengið endurgreiðslu frá þrotamanni vegna greiðslu hins fyrrnefnda

1978 Nr. 6 5. maí

á hluta kröfunnar, og þrotabúið riftar ekki þeirri endurgreiðslu, skal þó reikna hlutfallstöluna, sem greidd er við úthlutun, af afgangi kröfunnar.

■ **36. gr.** Kröfuhafa, er fengið hefur greiðslur frá fleirum en þrotabúinu, skal ekki greiða meira samtals en kröfu hans með vöxtum og málskostnaði. Ef greiðsla, sem hann átti að fá úr þrotabúinu, myndi leiða til, að hann fengi hærri greiðslu, skal skiptaréttur skipta mismuninum milli samskuldara kröfunnar eftir réttarsambandi þeirra. Sé samskuldari þrotabú, er ekki um frekari kröfu í það að ræða.

■ **37. gr.** Ef lýst er kröfu í bú (aðalkröfu) og einnig endurgreiðslukröfu vegna sömu aðalkröfu, skal reikna hlutfallstöluna, sem greidd er við úthlutun, af samanlögðum fjárhæðum þessara krafna. Upp í endurgreiðslukröfuna skal það aðeins greitt, sem er umfram fjárhæð aðalkröfunnar. Ef fleiri en einn gera réttar endurgreiðslukröfur, skal skipta fé milli þeirra eftir reglu 36. gr.

■ **38. gr.** 1. Ef kröfu (aðalkröfu) er lýst í bú og endurgreiðslukrafa samskuldara er tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum í eignum þrotamanns, skal lækka þá fjárhæð, sem samskuldari getur krafið á grundvelli tryggingarréttarins, um þá upphæð, sem kemur upp í aðalkröfuna vegna þeirrar upphæðar sem tryggingarrétturinn er fyrir.

2. Beita skal reglum 1. mgr., ef samskuldari getur fengið greiðslu með skuldajöfnuði.

■ **39. gr.** 1. Samskuldari, sem á endurkröfurétt á þrotamann og hefur greitt skuld þeirra á síðustu 3 mánuðum fyrir frestdag, á sama rétt til greiðslu úr þrotabúinu og lánardrottinn þeirra hefði átt, ef hann hefði ekki fengið þessa greiðslu frá samskuldaranum. Samskuldarinn á þó ekki kröfu til að fá hærri fjárhæð úr þrotabúinu en hann hefði getað krafið þrotamann um, ef ekki hefði til gjaldþrotsins komið.

2. Ef fleiri samskuldarar en einn hafa greitt skuldina, skal því fé, sem þeir fá úr þrotabúi, skipt á milli þeirra eftir reglum 36. gr.

■ **40. gr.** Beita skal reglum 35. – 39. gr. er krafa á búið er tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum í eignum þriðja manns.

**VII. kafli. Gagnkvæmir samningar.**

■ **41. gr.** Ákvæðum í þessum kafla skal ekki beita, ef annað leiðir af öðrum lagaákvæðum eða af eðli réttarsambandsins.

■ **42. gr.** Ef þrotamaður hefur gert gagnkvæman samning fyrir upphaf skipta, en ekki innt sína greiðslu af hendi, þá getur viðsemjandi hans haldið sinni greiðslu eða, sé greiðslan farin frá honum, varnað því, að hún sé afhent búinu, uns nægileg trygging er sett fyrir greiðslu frá búinu á gjalddaga. Þetta gildir, þó að kominn sé gjalddagi greiðslu viðsemjandans.

■ **43. gr.** 1. Búið getur tekið við réttindum og skyldum þrotamanns eftir gagnkvæmum samningi.

2. Viðsemjandinn getur krafist þess, að búið taki afstöðu til þess innan hæfilegs frests, hvort það noti rétt sinn skv. 1. mgr. Í samningnum má kveða á um lengd þessa frests.

3. Ef samningurinn mælir fyrir um greiðslur úr búinu smátt og smátt, á viðsemjandi rétt til að fá greiðslu, sem búið skyldi inna af hendi síðar en við upphaf skiptanna, greidda sem forgangskröfu eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.



■ **44. gr.** 1. Ef sá tími er kominn, er viðsemjandinn má greiða, og búið notar rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr., skal búið að kröfu viðsemjanda inna sínar greiðslur af hendi eða setja tryggingu, ef það á rétt á greiðslufresti. Sama rétt á viðsemjandinn, ef hann hefur greitt og gæti fengið greiðslunni skilað, ef búið hefði ekki notað rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr.

2. Ef samningurinn mælir fyrir um greiðslur smátt og smátt af beggja hálfu, skal trygging, sem búið setur, jafnan vera fyrir elstu kröfum á það, þeirra sem til urðu eftir upphaf skipta.

3. Skiptarétturinn getur vikið frá ákvæðum 1. og 2. mgr., ef talið er, að sanngjarnt sé vegna hagsmuna viðsemjandans. Einnig getur skiptaréttur fellt úr gildi eða breytt samningsákvæðum um tryggingar, ef talið er, að þau séu ósanngjörn í garð þrotabúsins.

■ **45. gr.** 1. Ef búið notar ekki rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr. eða setji það ekki tryggingu skv. 44. gr., getur viðsemjandinn rift samningnum.

2. Hið sama er, er rifta hefði mátt, ef ekki hefði komið til gjaldþrotaskiptanna.

3. Ef viðsemjandinn hefur greitt að nokkru eða öllu, getur hann rift og krafist skila þess, er hann hefur greitt, ef reglur um samninga eins og þann, sem um er að ræða, heimila slíkt.

■ **46. gr.** Ef búið notar ekki rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr., getur viðsemjandinn krafið það um bætur, sbr. þó 48. gr.

■ **47. gr.** Ef búið notar ekki rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr., en því barst greiðsla frá viðsemjandanum eftir upphaf skiptanna, skal það skila henni.

■ **48. gr.** 1. Búið getur sagt upp samningi um leigu eða annað varanlegt réttarsamband með venjulegum eða sanngjörnum fresti. Þetta gildir, þó að þrotamaður hafi samið um lengri frest eða að réttarsambandið skuli vera óuppsegjanlegt, nema samningi um lengri frest hafi verið þinglýst eða hann skráður hjá opinberum aðila með hliðstæðum hætti.

2. Viðsemjandinn getur einnig gagnvart búinu sagt samningnum upp með venjulegum eða sanngjörnum fresti, nema þrotamaður hafi mátt framselja sinn rétt.

3. Þegar sérstaklega stendur á, má úrskurða í skiptarétti, að sá, sem notar uppsagnarrétt skv. 1. eða 2. mgr., skuli greiða hinum aðilanum bætur fyrir tjón vegna hins stytta uppsagnarfrests. Krafan í þrotabúið er almenn krafa.

■ **49. gr.** Ef þrotamaður hefur tekið fasteign á leigu til atvinnurekstrar síns og geti búið ekki strax gefið yfirlýsingu skv. 43. gr. 1. mgr., á viðsemjandinn rétt á að fá leigu frá upphafi skipta og þar til yfirlýsingin er gefin greidda skv. 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

■ **50. gr.** 1. Án tafar skal ákveða, hvort búið taki við réttindum og skyldum skv. vinnusamningum við starfsmenn við atvinnurekstur þrotamanns.

2. Jafnan má krefja búið um laun frá upphafi skiptanna og þar til gefin er yfirlýsing skv. 1. mgr. eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

3. Ef gjaldþrotaskiptin leiða til breyttra aðstæðna og brýnir hagsmunir launþega krefjast þess, getur hann rift

vinnusamningi án tillits til annarra ákvæða í þessari grein.

**VIII. kafli. Riftun ráðstafana þrotamanns o. fl.**

■ **51. gr.** 1. Krefjast má riftunar gjafagernings, ef gjöfin var afhent á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag.

2. Krefjast má riftunar gjafagernings, ef gjöfin var afhent 6 – 12 mánuðum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir afhendinguna. Þetta gildir og um gjafir til nákominna, ef gjöfin var afhent 6 – 24 mánuðum fyrir frestdag.

3. Ekki verður krafist riftunar venjulegra tækifærisgjafa eða svipaðra gjafa eða styrkveitinga, ef gerningar þessir voru ekki kostnaðarsamari en svaraði til aðstöðu þrotamanns.

■ **52. gr.** 1. Ef þrotamaður hefur afsalað sér arfi á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag, má krefjast riftunar þeirrar ráðstöfunar. Hafi arfsúthlutun farið fram, skal kröfu beint að þeim, sem vegna arfsafsalsins hefur fengið arf eða aukinn arf.

2. Krefjast má riftunar á arfsafsali, sem fram fór 6 – 24 mánuðum fyrir upphaf skipta, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir arfsafsalið.

■ **53. gr.** 1. Krefjast má riftunar á greiðslum á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag frá þrotamanni til nákominna á launum, annarri þóknun fyrir vinnu og/eða eftirlaunum, ef greiðslan er bersýnilega hærri en sanngjarnt var miðað við vinnuna, tekjur af atvinnurekstrinum og önnur atvik. Aðeins verður rift að því leyti, sem greiðslan er hærri en sanngjarnt var.

2. Sama gildir um greiðslu 6 – 24 mánuðum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir greiðsluna.

■ **54. gr.** 1. Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag, ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð, sem úrslitum réð um gjaldfærni þrotamanns, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.

2. Krefjast má riftunar slíkrar greiðslu til nákominna á síðustu 2 árum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir greiðsluna.

■ **55. gr.** Ef þrotamaður hefur greitt víxil eða tékka, verður ekki rift gagnvart þeim, sem varð að taka við greiðslu, ef hann vildi halda víxil- eða tékkarétti á hendur öðrum. Þó má rifta, ef búið sannar að ekki var unnt að fá greiðslu hjá þeim. Hins vegar ber þeim að greiða fjárhæðina, sem að lokum hefði beðið tjón, ef þrotamaður hefði ekki greitt, enda hefðu verið skilyrði til að rifta, ef þrotamaður hefði greitt honum.

■ **56. gr.** Ákvæði um riftun greiðslu gilda einnig um skuldajöfnuð, ef ekki má lýsa honum skv. 32. gr.

■ **57. gr.** 1. Krefjast má riftunar á veðrétti eða öðrum tryggingarréttindum, sem kröfuhafinn fékk á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag, en ekki um leið og til skuldarinnar var stofnað. Hið sama er, ef slíkum réttindum er ekki þinglýst eða þau eru ekki á annan hátt tryggð gegn réttargerðum án ástæðulausrar tafar eftir að skuldin stofnaðist og ekki fyrr en á síðustu 3 mánuðum fyrir frestdag.

2. Sé veð sett til hagsbóta aðila nákomnum þrotamanni, má rifta, ef þinglýsing eða önnur tryggingarráðstöfun er gerð með þeim hætti, sem segir í 1. mgr., á síðustu 2 árum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir stofnun tryggingarréttindanna.



■ **58. gr.** 1. Fullnustugerð fógeta í eignum þrotamanns á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag bindur búið á engan hátt, og ekki heldur, þótt rétturinn hafi verið framseldur þriðjamanni.

2. Sama gildir um fullnustugerð á síðustu 2 árum fyrir frestdag, sem gerð var að kröfu aðila, sem er nákominn þrotamanni, nema gerðarbeiðandi leiði í ljós með málssókn, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir fullnustugerðina.

3. Ekki skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. um fullnustugerð til innheimtu á lífeyri til maka eða fyrrverandi maka eða á barnsmeðlagi nema annað leiði til sérstöðu, sem er óhæfileg eftir atvikum.

■ **59. gr.** 1. Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar, ef greitt er eftir frestdag, nema reglur um skuldaröð leiði til að skuldin fengist greidd eða nauðsynlegt hafi verið að greiða til að komast hjá tjóni eða sá, sem greiðslu naut, hafi hvorki vitað né mátt vita, að óskað hafði verið greiðslustöðvunar eða fram var komin krafa um gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga.

2. Krefjast má riftunar annarra ráðstafana, sem gerðar eru eftir frestdag, nema ráðstöfunin hafi verið nauðsynleg vegna framhalds á starfsemi þrotamanns, eðlilegs tillits til sameiginlegra hagsmuna kröfuhafanna eða til að fullnægja daglegum þörfum. Ekki verður rift gagnvart þeim, sem mátti líta svo á, að ráðstöfunin væri nauðsynleg samkvæmt framansögðu eða hvorki vissi né mátti vita um ósk um greiðslustöðvun eða kröfu um gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga.

3. Ef sá sem er skuldara til aðstoðar skv. 7. gr., hefur samþykkt greiðsluna eða ráðstöfunina, verður ekki rift nema samþykkið hafi augsýnilega verið gefið án heimildar.

■ **60. gr.** Ef það er skilyrði riftunar, að ráðstöfun eða fullnustugerð fari fram á tilteknum tíma, telst það skilyrði uppfyllt, ef þinglýsing eða önnur tryggingarráðstöfun, sem nauðsynleg er til að betri réttur fáist ekki með réttargerð, fer fram á hinum tiltekna tíma.

■ **61. gr.** Krefjast má riftunar ráðstafana, sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra eða sem leiða til þess, að eignir þrotamanns verða ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, eða sem leiða til skuldaaukningar þeim til tjóns, ef þrotamaður var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og ef sá, sem hafði hag af ráðstöfuninni, vissi eða mátti vita um ógjaldfærni skuldara og þær aðstæður, sem leiddu til þess, að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

■ **62. gr.** 1. Ef riftun fer fram skv. 51. – 58. gr. á ráðstöfun eða á réttargerð, skal sá, er hag hafði af ráðstöfuninni eða réttargerðinni, greiða búinu fé, sem svarar til þess, er greiðsla búsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en nemur tjóni búsins. Hafi hann fengið peninga greidda eða hafi greiðsla búsins verið seld og greidd í peningum, skiptir notkun peninganna engu um kröfu búsins. Ef ljóst er, að viðsemjanda var kunnugt um riftanleika ráðstöfunar, skal þó dæma hann til greiðslu tjónbóta.

2. Hagnað, sem fæst, eftir að riftunarmál er höfðað, skal greiða búinu.

■ **63. gr.** Ef riftun fer fram skv. 59. gr. eða 61. gr., skal sá, er hag hafði af ráðstöfuninni, greiða bætur eftir almennum reglum.

■ **64. gr.** Ef annar hvor aðila krefst þess, skal skila greiðslum í þeim mæli, sem þær eru enn til, enda verði það gert án óhæfilegrar rýrnunar verðmæta. Jafna skal greiðslur eftir því sem þarf með peningagreiðslu.

■ **65. gr.** Ef sérstaklega stendur á, má lækka eða fella niður kröfu á þann, sem hag hafði af ráðstöfun eða réttargerð, ef greiðsla kröfunnar væri svo miklum erfiðleikum bundin, að ósanngjarnt má teljast, og önnur atvik leiða til hins sama.

■ **66. gr.** 1. Ef sá, sem fékk verðmæti, hefur framselt þau þriðjamanni, á búið kröfu á þriðjamann eftir reglum 62. – 65. gr., ef hann vissi eða mátti vita um þær aðstæður, sem leiða til kröfu um riftun.

2. Ef þriðjimaður var nákominn þrotamanni, á búið kröfu á hann í þeim mæli, sem segir í 62. gr., sbr. 64. og 65. gr., þó að hann hafi verið í góðri trú.

■ **67. gr.** 1. Ef þriðjimaður hefur sett tryggingu eða gengið í ábyrgð fyrir skuldum þrotamanns, en losnað frá skuldbindingu sinni vegna riftanlegrar greiðslu eða réttargerðar, á búið kröfu á þriðjamann eftir reglunum í 62. og 63. gr., sbr. 65. gr., ef þriðjimaður vissi eða mátti vita um aðstæðurnar, sem leiða til kröfu um riftun, þegar hann losnaði frá skuldbindingu sinni. Búið getur krafist veðtryggingar á ný, ef unnt er að setja hana.

2. Ef þriðjimaður er nákominn þrotamanni, á búið kröfu á hann skv. 62. gr., sbr. 65. gr., þó að hann hafi verið í góðri trú.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. koma ekki í veg fyrir riftun gagnvart þriðjamanni eftir 54. gr. 2. mgr., 57. gr. 2. mgr., 59. gr. eða 61. gr.

■ **68. gr.** 1. Ef höfða þarf dómsmál til að koma fram riftun, skal það gert áður en liðnir eru 6 mánuðir frá því að sá, sem með skipti fer, átti þess kost að gera riftunarkröfuna.

2. Þessi frestur gildir ekki um mótmæli gegn kröfum sem lýst er í búið.

**IX. kafli. Fullnusta sérstakra réttinda.**

■ **69. gr.** Eignir þriðjamanns, sem komast í vörslur búsins, skal afhenda honum. Öðrum rétthöfum skal með sama hætti afhenda eignir, sem ekki verða dregnar undir skiptin. Eftir því sem við verður komið, skal sá, sem með skiptin fer, kanna réttindi annarra í eignum í búinu og tilkynna þeim skiptin.

■ **70. gr.** 1. Ef hlutur, sem var í vörslum búsins, er seldur eftir lok kröfulýsingarfrests, á sá, sem rétt átti til hlutarins, en lýsti honum ekki áður en salan fór fram, enga kröfu á kaupanda, sem keypti í góðri trú.

2. Sá, sem rétt átti til hlutarins, getur aðeins krafið búið um þá fjárhæð, sem til þess var greidd, nema sá, sem með skiptin fer, hafi vitað eða mátt vita um rétt þriðjamanns eða selt hafi verið á ótilhlýðilegan hátt. Krafan skal greidd eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

■ **71. gr.** Selja má hlut í vörslum búsins, ef réttur til hans er óviss eða ef eigandi hlutarins sinnir ekki innan eðlilegs tíma áskorun um að hirða hann eða ef búið hefur ekki þrátt fyrir nægilegar tilraunir komist í samband við eigandann. Þó má ekki selja, ef búið getur haldið áfram að annast hlutinn án verulegs kostnaðar eða óþæginda. Ef hlutnum eru búnar bráðar skemmdir, skal selja hann. Sé sala ógerleg, má fleygja hlutnum. Áður en selt er eða fleygt, skal af hálfu búsins tilkynna það þeim, sem kunna að eiga rétt til hlutarins, ef það er unnt.



■ **72. gr.** Komi fram eða sé það viðurkennt af búinu, að það átti ekki rétt til hins selda hlutar, á sá, sem réttinn átti, heimtingu á að fá greidda úr búinu þá fjárhæð, sem í það rann vegna sölunnar. Krafan skal greidd eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

■ **73. gr.** 1. Meðan á gjaldþrotaskiptum stendur, verða eignir þrotamanns ekki seldar á nauðungaruppboði nema eftir kröfu búsins eða með samþykki þess.

2. Ef eign þrotamanns er seld á nauðungaruppboði andstætt ákvæði 1. mgr., fer um rétt uppboðskaupanda eftir 23. gr. Falli réttur hans niður, skal, ef þarf, kveða upp um það úrskurð í uppboðsrétti.

■ **74. gr.** 1. Ef búið hefur ekki krafist nauðungaruppboðs innan 6 mánaða frá upphafi skipta, getur veðhafi krafist þess, að búið láti uppboðið fara fram þegar í stað, enda væri krafa hans komin í gjalddaga án tillits til ákvæðis 31. gr. 2. mgr.

2. Á nauðungaruppboði getur búið krafist þess, að tekið sé framkomnu boði, ef telja má, að hluti söluverðsins renni til búsins.

■ **75. gr.** Nauðungaruppboð vegna gjaldþrotaskipta fara eftir lögum nr. 57/1949.

■ **76. gr.** 1. Ef fullnustugerð stendur þrátt fyrir ákvæði 58. gr., skal beita reglum 74. gr.

2. Þegar fullnustugerð hefur farið fram í kröfu, getur búið innheimt hana.

■ **77. gr.** Áður en sala á nauðungaruppboði fer fram skv. 24. gr., 2. eða 3. mgr., skal beina greiðsluáskorun til búsins, og er búinu heimilt að láta meta veðið.

**X. kafli. Skuldaröðin.**

■ **78. gr.** Um gjaldþrotaskipti gilda ákvæði 8. kapítula skiptalaga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 32/1974.

**XI. kafli. Staða þrotamanns.**

■ **79. gr.** 1. Þrotamanni ber að veita skiptarétti og öðrum, sem með skipti fara, upplýsingar, sem þeir krefjast vegna meðferðar búsins. Honum ber, ef krafist er, að mæta í skiptarétti og vera við uppskrift á eignum búsins.

[2. Skiptaráðandi getur krafið lánardrottna þrotamanns, svo og þá, sem hann hefur átt viðskipti við, um hverjar þær upplýsingar sem máli skipta við meðferð búsins. Getur hann einnig krafið þá um skjöl eða önnur gögn sem samskipti þeirra varða.

3. Skylt er stjórnvöldum, þ. m. t. skattyfirvöldum og bankastofnunum, að láta skiptaráðanda í té gögn sem hann telur ástæðu til að krefjast vegna athugana á fjárreiðum þrotamanns og orsökum gjaldþrotsins.

4. Réttur skiptaráðanda til að krefjast upplýsinga samkvæmt þessari grein er háður sams konar takmörkunum og greinir í XII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.][1)]

[1)] *L. 98/1985, 2. gr.*

■ **80. gr.** Ekki má þrotamaður fara úr landi án leyfis skiptaráðanda.

■ **81. gr.** Ef þrotamaður hyggst skipta um heimili eða dvalarstað, skal hann tilkynna það skiptaráðanda með

hæfilegum fyrirvara. Er skiptaráðanda heimilt að banna þrotamanni bústaðaskiptin, ef nauðsyn krefur vegna búskiptanna. Af sömu ástæðu er skiptaráðanda heimilt að banna þrotamanni á tilteknum tíma brottför úr lögsagnarumdæminu. Þrotamaður getur krafist um þessi atriði úrskurðar, sem kæra má til Hæstaréttar.

■ **82. gr.** 1. Að kröfu skiptaráðanda er lögreglumönnum skylt að sækja þrotamann og færa hann á fund skiptaráðanda eða annarra, sem með skiptin fara, meðan á þeim stendur. Lögreglumönnum er einnig skylt að kröfu skiptaráðanda að ljá atbeina sinn til að halda uppi banni hans, sem sett er skv. 80. gr. og 81. gr. Lögreglumönnum er heimilt að beita valdi, ef með þarf, við framkvæmd þessara skyldustarfa.

2. Skiptaráðandi getur án kröfu eða eftir kröfu lánardrottins eða þess, sem krefst eignar úr búinu eða úr vörslum skuldara, kveðið svo á í úrskurði, að þrotamaður skuli sæta sekt í ríkissjóð fyrir brot á 79., 80., 81. eða 84. gr. Í úrskurði má ákveða varðhald sem vararefsingu.

■ **83. gr.** Þrotamanni er heimilt að vera á skiptafundum í búi sínu.

■ **84. gr.** [Reglur fyrri greina þessa kafla um þrotamann gilda um stjórnarmenn, endurskoðendur, framkvæmdastjóra og deildarstjóra félaga og stofnana, svo og um menn sem áður gegndu störfum þeirra. Skiptaráðandi getur ákveðið að þeim skuli beita um þá sem eru nákomnir félagi eða stofnun, svo og þá sem skyldir eru til að veita upplýsingar skv. 2. og 3. mgr. 79. gr.][1)]

[1)] *L. 98/1985, 3. gr.*

■ **85. gr.** Heimilt er skiptaráðanda að veita þrotamanni ókeypis afnot húsgagna, húsnæðis, jarðnæðis, búsmuna og búsmala, ef ætla má, að þrotamanni eða fjölskyldu hans sé örðugt án þess að vera í bili. Einnig má veita þrotamanni styrk af fé búsins, sér og sínum til framfæris, ef ætla má, að yfir honum vofi neyð. Styrk og afnot eigna búsins má ekki veita lengur en eitt ár, nema skiptafundur leyfi, og þó aldrei eftir skiptalok.

**XII. kafli. Upphafsráðstafanir.**

■ **86. gr.** Þegar kveðinn hefur verið upp gjaldþrotaúrskurður, skal þrotamaður tafarlaust sviptur umráðum yfir öllu því, sem talið verður til eigna hans. Skiptaráðandi tekur ákvörðun um ráðningu bústjóra til bráðabirgða, eftir að hafa ráðfært sig við þá kröfuhafa, sem þegar næst til. Álíti hann ekki nauðsynlegt að ráða bústjóra til bráðabirgða, t. d. vegna þess, að búið er lítið eða litlar líkur á, að eignir þess hrökkvi fyrir kostnaði, tekur hann sjálfur að sér bráðabirgðabústjórn.

■ **87. gr.** 1. Skiptaráðandi skal tafarlaust auglýsa gjaldþrotaskiptin, sbr. 19. gr., 3. mgr. Þar skal og boðað til skiptafundar, sem haldinn skal á tilteknum stað og stundu innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.

2. Þegar skal senda afrit auglýsingarinnar í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt þeim kröfuhöfum, sem um er vitað eða upplýsingar fást um, meðan frestur er til kröfulýsingar.

3. Ef skráð félag eða stofnun er tekið til gjaldþrotaskipta, skal tilkynna það skráningarmanni.

■ **88. gr.** 1. Skiptaráðandi eða bústjóri, sem ráðinn er skv. 86. gr., tekur strax í sínar vörslur bókhaldsgögn þrotamanns og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að hann fari með eignir sínar á óheimilan hátt og ráðstafi þeim.

2. Skiptaráðandi ákveður, hvort búið skuli halda áfram um sinn atvinnurekstri þrotamanns. Skiptaráðandi gerir mikilvægar ráðstafanir varðandi búið, sem ekki þola bið, m. a. getur hann ráðið þrotamann til starfa við búið til bráðabirgða gegn þóknun fyrir þá vinnu, sem þrotamanni er óskylt að sinna. Ákvarðanir þessar skulu teknar að höfðu samráði við bústjóra, ef hann hefur verið ráðinn skv. 86. gr.

3. Skiptaráðandi eða bústjóri, sem ráðinn er skv. 86. gr., skal taka til nánari athugunar gögn þau, sem fram eru komin, og afla viðbótargagna, ef þurfa þykir. Skal aflað upplýsinga um eignir og skuldir þrotamanns, fjárreiður hans fyrir gjaldþrotið og hvort líkur séu til, að um refsivert athæfi sé að ræða í sambandi við það.

4. Telji skiptaráðandi, að þrotamaður eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi, skal hann tilkynna það ríkissaksóknara, sem kveður á um rannsókn málsins. Sú rannsókn skal fara fram að hætti opinberra mála.

5. Skiptaráðandi eða bústjóri, sem ráðinn er skv. 86. gr., skal skýra skiptafundi, sem haldinn er skv. 86. gr., frá meðferð búsins og niðurstöðum könnunar skv. 3. mgr.

**XIII. kafli. Bústjórn.**

■ **89. gr.** Meðferð eigna búsins skal falin skiptastjórum, einum eða fleiri, nema skiptaráðandi telji þess ekki þörf vegna þess, að búið er lítið, eða af öðrum sérstökum ástæðum, sbr. og 86. gr. um bústjóra til bráðabirgða og 94. gr. um aðstoðarmann skiptaráðanda.

■ **90. gr.** 1. Á fyrsta skiptafundi eftir lok kröfulýsingarfrests, sbr. 87. gr., skal skiptaráðandi bera fram tillögu um tiltekinn skiptastjóra og skal greiða um hana atkvæði eftir kröfufjárhæðum. Skiptaráðandi úrskurðar hvaða kröfum atkvæðisréttur fylgi. Ef meirihluti greiddra atkvæða, sem jafnframt er að minnsta kosti þriðjungur atkvæða, er fram gat komið, hafnar tillögu skiptaráðanda, er hún fallin, en ella samþykkt. Ef tillagan er felld, skal gefa fundarmönnum kost á að gera tillögur. Fái tillaga meirihluta allra atkvæða á fundinum og meira en þriðjung atkvæða sem fram geta komið, er það gild kosning. Ella getur skiptaráðandi ákveðið, að aftur skuli kosið á þessum eða síðari skiptafundi, eða ákveðið að fara sjálfur með búið. Ef ekki fást lögmæt úrslit skv. framansögðu í enn einni atkvæðagreiðslu, getur skiptaráðandi skipað skiptastjóra.

2. Skiptafundur getur ákveðið, að skiptastjórar skuli vera tveir eða fleiri. Skiptaráðandi mælir fyrir um tilhögun atkvæðagreiðslna í því sambandi.

3. Ef sérstakar ástæður eru til að dómi skiptaráðanda, getur hann ógilt kosningu skiptastjóra eftir 1. eða 2. mgr. eða vikið honum frá síðar. Gefa skal þá kröfuhöfum kost á að kjósa á ný, og skal, ef með þarf, kjósa allt að þrisvar, sbr. 1. mgr.

■ **91. gr.** 1. Skiptastjóri skal gæta hagsmuna búsins, vera umboðsmaður þess gagnvart öðrum og fyrir dómstólum og gera svo fljótt sem verða má ráðstafanir varðandi meðferð þess. Í því skyni skal hann gera ráðstafanir til að allar eignir þrotamanns komi fram og séu afhentar búinu eins og lög mæla, að eignirnar séu tryggilega varðveittar og að þeim sé ráðstafað á sem hagkvæmastan hátt. Þá skal skiptastjóri stjórna atvinnurekstri búsins, ef einhver er. Hann skal innheimta kröfur

búsins á aðra. Þar sem því verður við komið og máli skiptir skal hann ávaxta í banka eða sparisjóði peninga búsins því til hags. Þá skal skiptastjóri afla þeirra upplýsinga, sem þarf til að afstaða verði tekin til krafna í búið og krafna þess á aðra.

2. Ef kröfuhafanefnd er kosin, sbr. 92. gr., skal skiptastjóri skýra henni frá mikilvægum ráðstöfunum, sem búið varða.

3. Telji skiptastjóri, að þrotamaður eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi, skal hann tilkynna það ríkissaksóknara, sem kveður á um rannsókn málsins. Sú rannsókn skal fara fram að hætti opinberra mála.

■ **92. gr.** 1. Ef fram kemur um það krafa frá þeim, sem eiga a. m. k. fimmtung krafna, er atkvæðisréttur fylgir á skiptafundum, skal stofnuð kröfuhafanefnd.

2. Í nefndinni skulu eigi vera fleiri en þrír menn. Þeir skulu kosnir á skiptafundi á þann hátt, sem skiptaráðandi ákveður. Skal hann stefna að því, að þeir séu fulltrúar sem flestra kröfuhafa. Ef tiltekinn maður fær meira en helming greiddra atkvæða á fundinum, er hann þó kjörinn.

3. Skiptafundur getur hvenær sem er ákveðið, að kröfuhafanefndin skuli hætta störfum.

■ **93. gr.** 1. Innan mánaðar eftir skiptafund skv. 87. gr. skal skiptastjóri semja yfirlit um hag búsins. Ef skiptaráðandi telur ástæðu til, skal skiptastjóri innan sama frests semja skýrslu um helstu orsakir gjaldþrotsins og gera tillögur um, hvort freista skuli riftunar eftir VIII. kafla. Ef skiptaráðandi telur greinargerðir skiptastjóra ófullnægjandi, getur hann veitt stuttan viðbótarfrest til úrbóta.

2. Skiptastjóri skal innan frests, sem skiptaráðandi ákveður, gera eða láta gera uppgjör um hag búsins byggt á þeim gögnum, sem fyrir liggja. Ef ástæða er til, getur skiptaráðandi mælt fyrir um sérstaka athugun á bókhaldi þrotamanns eða færslu þess.

3. Gögn, sem samin eru skv. þessari grein, skulu lögð fram til sýnis í skrifstofu skiptaráðanda.

■ **94. gr.** 1. Ef skiptaráðandi telur þess ekki þörf, að skiptastjóri fari með bú, sbr. 89. gr., skal hann gera það sjálfur, en tekið getur hann sér aðstoðarmann.

2. Aðstoðarmaður má eftir nánari ákvörðun skiptaráðanda og undir eftirliti hans framkvæma það, sem ella er í verkahring skiptastjóra.

3. Ef kröfuhafanefnd starfar, skal gefa henni upplýsingar um störf skiptaráðanda og aðstoðarmanns hans.

■ **95. gr.** Skiptaráðandi ákveður, hvort bústjóri til bráðabirgða, skiptastjóri og aðstoðarmaður skiptaráðanda skuli setja tryggingu vegna starfa sinna við meðferð búsins, og hve há hún skuli vera.

**XIV. kafli. Skiptafundir.**

■ **96. gr.** 1. Skiptaráðandi getur boðað til skiptafunda, þegar hann telur þess þörf. Hann skal boða skiptafund, ef skiptastjóri eða maður í kröfuhafanefnd krefst þess.

2. Fundarboð skal birta í Lögbirtingablaði og tilgreina fundartíma, fundarstað og dagskrá í aðalatriðum. Sérstök tilkynning skal send í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt til þeirra, sem verulegra hagsmuna hafa að gæta.

3. Skiptaráðandi stjórnar skiptafundum.

4. Skiptafundir hafa ákvörðunarvald um málefni þrotabús innan þeirra marka, sem lög ákveða, sbr. 105. gr.

1978 Nr. 6 5. maí

■ **97. gr.** 1. Atkvæðisréttur á skiptafundum fer eftir fjárhæð krafna nema annað segi í lögum. Atkvæði má greiða eftir umboði.

2. Ályktanir skiptafundar eru bindandi, ef hann sækja fulltrúar þriðjungs kröfuhafa, talið eftir kröfufjárhæðum.

3. Ef fundur er ekki ályktunarfær skv. 2. mgr. og boði skiptaráðandi ekki annan fund, skal skiptastjóri ráða málefni til lykta, eða skiptaráðandi, ef skiptastjóri fer ekki með búið.

■ **98. gr.** 1. Ef skiptaráðandi telur ljóst, að krafa fáist að fullu greidd eða að engu greidd, hvernig sem atkvæðagreiðsla fer á skiptafundi, skal eigandi kröfunnar ekki eiga atkvæðisrétt á fundinum á grundvelli hennar.

2. Kröfuhafi á atkvæðisrétt á skiptafundi á grundvelli hluta kröfu, sem að öðru leyti er að mati skiptaráðanda tryggð með veði eða á annan hátt.

■ **99. gr.** Skilyrt krafa veitir atkvæðisrétt, þó að skilyrðið sé enn ekki uppfyllt. Ef fleiri en einn eiga kröfu, en réttindi eins standa réttindum annars að baki, á sá atkvæðisrétt, sem fyrst getur neytt réttindanna.

■ **100. gr.** Ef krafa er umdeild, ákveður skiptaráðandi, ef þörf krefur, hvort og fyrir hvaða upphæð atkvæðisréttur fylgir kröfunni. Ekki bindur sú ákvörðun, þegar síðar er fjallað um kröfuna.

■ **101. gr.** 1. Ef svo er fyrir mælt, að atkvæði skuli greiða eftir fjölda kröfuhafa, hefur hver þeirra eitt atkvæði, þó að kröfur hans séu fleiri en ein. Framsal kröfu eftir frestdag leiðir ekki til að hinn nýi eigandi fái atkvæðisrétt.

2. Ef fleiri en einn eiga kröfu, geta þeir aðeins greitt eitt atkvæði.

**XV. kafli. Eftirlit.**

■ **102. gr.** 1. Bústjóri til bráðabirgða, skiptastjóri eða aðstoðarmaður skiptaráðanda skal semja og leggja reikningsyfirlit fyrir skiptaráðanda og kröfuhafanefndina, að jafnaði á 3 mánaða fresti.

2. Sá, sem fer með bú, skal sjá um reikningshald búsins. Skiptaráðandi getur kveðið nánar á um reikningsgerðina.

3. Skiptaráðandi og kröfuhafanefndin geta krafið skiptastjóra upplýsinga um málefni búsins.

4. Dómsmálaráðherra getur sett reglugerð um, hvernig haga skuli varðveislu þrotabúa.

■ **103. gr.** 1. Skiptaráðandi endurskoðar eða lætur endurskoða eftir þörfum reikninga þá, sem skiptastjóri semur skv. lögum þessum.

2. Þegar eignir bús eru verulegar eða málefni þess flókin getur skiptaráðandi ráðið löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga búsins í þeim mæli, sem skiptaráðandi ákveður fyrir fram. Til þess má og fá aðra, sem haft hafa afskipti af málum þrotamanns fyrir gjaldþrotið. Kostnað við þessa endurskoðun skal greiða úr búinu.

■ **104. gr.** Þegar liðið er eitt ár frá upphafi skipta, skal skiptastjóri gefa skiptaréttinum skýrslu um ástæður þess, að skiptum er ólokið, og skýra frá, hvenær vænta megi skiptaloka. Síðan skal gefa slíka skýrslu misserislega eða oftar, ef skiptaráðandi mælir svo fyrir.

■ **105. gr.** Ef skiptastjóri eða skiptafundur hefst eitthvað að, sem er til tjóns fyrir búið, eða sé brotinn réttur veðhafa, þrotamanns eða annarra, getur skiptaráðandi ógilt ákvarðanirnar, gefið skiptastjóra fyrirmæli og gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir. Bústjóri til bráðabirgða skal auk þess hlíta fyrirmælum skiptaráðanda og fá samþykki hans til mikilvægra ráðstafana.

**XVI. kafli. Meðferð krafna.**

■ **106. gr.** 1. Gjaldþrot skal auglýsa skv. 19. gr. og 86. gr.

2. Tilkynninguna í Lögbirtingablaði skal skiptaráðandi sjá um, en hann getur falið það bústjóra til bráðabirgða. Í tilkynningunni má geta annarra atriða en nefnd eru í fyrrgreindum ákvæðum.

3. Ef kröfu hefur verið lýst vegna nauðasamninga og gjaldþrotaskiptin eru í beinu framhaldi tilraunar til að ná slíkum samningum, má ákveða í tilkynningunni í Lögbirtingablaði, að frekari kröfulýsing vegna þessara krafna sé óþörf.

■ **107. gr.** 1. Dómsmálaráðherra getur sett reglugerð um skrásetningu lýstra krafna.

2. Ef kröfulýsing berst í tvíriti, skal annað endursent með áritun um móttökutíma.

3. Krafa um gjaldþrotaskipti er jafnframt lýsing þeirra krafna, sem þar eru nefndar og sá, sem skiptanna krefst, á eða innheimtir.

■ **108. gr.** 1. Sá, sem með bú fer, gerir skrá um lýstar kröfur og um þær kröfur, sem tryggðar eru með veði eða öðrum slíkum rétti, og getur þess við hverja kröfu, hvort hann telur, að hana skuli viðurkenna. Ef kröfu er lýst sem forgangskröfu eða kröfu, sem á annan hátt komi á tiltekinn stað í skuldaröð, skal þess og getið á skránni. Ef krafa er gerð í erlendri mynt, skal þess og getið, sbr. 31. gr., 3. mgr.

2. Skráin, sem gerð er skv. 1. mgr., skal liggja frammi til sýnis fyrir kröfuhafa, þrotamann og aðra, sem skiptaráðandi telur hafa af því lögmæta hagsmuni, í a. m. k. eina viku fyrir skiptafund þann, sem um getur í 87. gr., 1. mgr. Skriflegar athugasemdir má senda skiptaráðanda fyrir fundinn.

3. Ef sá, sem með búið fer, telur, að ekki skuli viðurkenna kröfu að fullu, eins og henni er lýst, skal hann tilkynna það þeim, sem kröfunni lýsti, með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt með hæfilegum fyrirvara og geta þess, hvenær skiptafundur verður haldinn til að taka afstöðu til kröfunnar.

■ **109. gr.** 1. Boða skal þrotamann á skiptafund, þar sem afstöðu skal taka til krafna,og skal hann eiga þess kost að tjá sig um kröfurnar.

2. Ef ljóst er, að ekkert komi upp í kröfu, kemur hún ekki til álita á skiptafundi.

■ **110. gr.** 1. Sé engum andmælum hreyft fyrir eða á skiptafundi við álitsgerð skv. 1. mgr. 108. gr., er hún endanlega samþykkt.

2. Ef andmæli við álitsgerðina koma fram og ekki er frá þeim fallið á skiptafundinum, skal boða til nýs fundar innan 2 vikna. Ef sá, sem umþráttaðri kröfu lýsti eða mótmælti henni skriflega fyrir fundinn, er ekki á honum boðaður á hinn síðari skiptafund, skal það gert með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt án tafar.

3. Ef ekki er á síðari skiptafundinum fallið frá andmælum við álitsgerð þess, sem skiptin annast, kveður skiptaráðandi upp úrskurð um ágreininginn.



■ **111. gr.** 1. Ef kröfu er ekki lýst innan kröfulýsingarfrests og hún er ekki tryggð með veði eða öðrum slíkum rétti, kemur hún ekki til greina við úthlutun úr búinu, nema eigendur 75% krafna á lista skiptaráðanda, sem atkvæðisréttur fylgir, samþykki á skiptafundi, sem haldinn er til að taka afstöðu til lýstra krafna, eða skiptaráðandi telji, að afsakanlegt sé vegna búsetu kröfuhafa í öðru landi eða af svipuðum ástæðum, að kröfulýsing dróst. Skiptaráðanda er heimilt en ekki skylt að halda eða leyfa skiptastjóra að halda sérstakan fund til að taka afstöðu til þess, hvort krafa, sem of seint var lýst, komi til greina skv. framansögðu.

**XVII. kafli. Dómsmál við hina almennu dómstóla.**

■ **112. gr.** Sá, sem með búið fer, höfðar dómsmál fyrir þess hönd fyrir hinum almennu dómstólum nema aðilar málsins semji um, að það skuli rekið fyrir skiptarétti.

■ **113. gr.** 1. Búið tekur við máli, sem þrotamaður hefur höfðað fyrir upphaf skipta, ef krafan rennur til búsins, sbr. 53. gr. 2. mgr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

2. Ef fram kemur í dómi, að bú sækjanda er til gjaldþrotaskipta, skal fresta máli og tilkynna um það þeim, sem með málið fer.

■ **114. gr.** 1. Ef kröfu þrotabús er ekki haldið til dóms eða gerð um hana dómssátt, getur hver sá, sem á kröfu á skrá þeirri, sem getur í 108. gr., höfðað mál í eigin nafni vegna þrotabúsins eða tekið við máli, sem höfðað hefur verið. Búið skal taka frest til að gera þetta kleift, þar sem það á við, og gefa kröfuhöfum frest til að taka ákvörðun um að höfða eða ganga inn í mál í hæfilegan tíma eftir að ákveðið er á skiptafundi að búið skuli ekki gera það. Búið skal greiða eðlilegan kostnað kröfuhafa af máli, þó aldrei meira en eignir þess aukast vegna málsins.

2. Reglum 1. mgr. skal beita um áfrýjun eftir því sem við á.

■ **115. gr.** Ef enginn kröfuhafi gengur inn í mál, höfðar mál eða áfrýjar eftir 114. gr., getur þrotamaður gert þessar ráðstafanir vegna búsins, en á sinn kostnað. Búið getur tekið við málinu hvenær sem er.

■ **116. gr.** Í málum skv. þessum kafla má koma að gagnkröfum á búið, enda sé ekki krafist sjálfstæðs dóms um þær eða hluta þeirra. Gagnkröfu til sjálfstæðs dóms, sem þingfest er fyrir uppsögu gjaldþrotaúrskurðar, skal þó dæma í málinu.

■ **117. gr.** Ef bú eignast ekki réttindi þrotamanns, getur hann sjálfur rekið dómsmál um þau. Verjandi getur þá stefnt búi inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

■ **118. gr.** 1. Ef dómsmál er höfðað gegn þrotamanni, áður en gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp, kemur búið í stað þrotamanns, sbr. 54. gr. 2. mgr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, nema sækjandi lýsi því yfir, að hann krefjist aðeins dóms yfir skuldaranum persónulega eða að hann óski dóms, sem bæði bindi búið og skuldarann persónulega.

2. Ef sækjandi krefst dóms yfir búinu, skal hann tilkynna það þeim, sem með það fer.

3. Ef þrotamaður sækir ekki dómþing í máli, sem

hann er aðili að, þann dag, sem gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp, eða síðar, getur búið fengið málið endurupptekið eftir reglum um lögmæt forföll.

4. Ef gjaldþrotabú er aðili máls fyrir almennum dómstóli, geta aðilar samið um, að málinu sé vísað til meðferðar þess skiptaráðanda, sem um búið fjallar.

■ **119. gr.** Ef bú eignast ekki tiltekin réttindi þrotamanns, verður mál um þau höfðað gegn honum persónulega. Hið sama er, ef einungis er krafist dóms, sem bindur hann. Sækjandi getur þá stefnt búinu inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

**XVIII. kafli. Úthlutun og skiptalok.**

■ **120. gr.** 1. Ef fram kemur, að búið á ekki eignir umfram kostnað við skiptin, skal þegar ljúka skiptunum.

2. Hrökkvi eignir búsins ekki fyrir kostnaði við skiptin, ber sá, sem krafist hefur gjaldþrotaskipta, ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar. Kröfuhafi, sem þannig ábyrgð ber, getur krafist loka búskipta hvenær sem er, enda krefjist ekki annar gjaldfær kröfuhafi þess, að skiptum sé fram haldið á sína ábyrgð.

■ **121. gr.** Ef þrotamaður nær nauðasamningum og ef þeir kröfuhafar fá fullnustu eða fullnægjandi tryggingu, sem ekki eru aðilar að samningunum, skal þegar ljúka skiptunum. Hið sama er, ef þrotamaður leggur að loknum kröfulýsingarfresti fram yfirlýsingu allra, sem lýst hafa kröfum, um, að þeir afturkalli kröfur sínar eða ef þrotamaður sannar, að þær séu niður fallnar. Eignir búsins skulu fengnar þrotamanni, eftir að lokið er greiðslu kostnaðar við skiptin.

■ **122. gr.** 1. Forgangskröfur skv. 82. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974, skal greiða svo fljótt sem unnt er.

2. Aðrar forgangskröfur skal greiða að hluta eða að fullu, þegar fram er komið, að þeim er ekki mótmælt, eða þegar endanlegur úrskurður vegna mótmæla er genginn.

3. Þegar greiddar hafa verið kröfur skv. 1. og 2. mgr., eða trygging hefur verið sett fyrir greiðslu þeirra, má sá, sem fer með skiptin, greiða öðrum kröfuhöfum að hluta.

4. Þegar greitt er skv. þessari grein, skal gæta þess, að ekki sé skertur réttur þeirra, sem í skuldaröð eru jafnsettir þeim, sem greiðslu fá.

■ **123. gr.** 1. Ef krafa er tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum og hún er greidd að öllu eða nokkru skv. 122. gr., skal greiðslan koma til frádráttar, ef síðar er gengið að tryggingunni. Veðhafar, er standa þeim að baki, sem greiðslu fékk, njóta ekki uppfærsluréttar á grundvelli greiðslunnar.

2. Ef kröfuhafi er utan skuldaraðar, skal til bráðabirgða taka frá fé til greiðslu allrar kröfu hans af eignum búsins, en aðeins greiða honum af þessu fé þann hluta kröfunnar, sem ekki er greiddur án afskipta búsins.

■ **124. gr.** Við úthlutun úr búinu skal taka frá fé til greiðslu umdeildra krafna og skilyrtra krafna, ef skilyrðið er ekki fram komið.

■ **125. gr.** Þegar eignum þrotabús hefur verið komið í peninga, útistandandi skuldir innheimtar og ágreiningsmálum til lykta ráðið, semur sá, sem með búið fer, reikninga um búið og frumvarp að endanlegri úthlutunargerð svo og stutta greinargerð um meðferð búsins. Af reikningunum skal mega sjá tekjur búsins og gjöld eftir að skiptaúrskurður var kveðinn upp. Skiptaráðandi skal að jafnaði fá og bóka í skiptarétti yfirlýsingu annarra, sem með bú hafa farið, og þrotamanns um, að allar þær eignir búsins, sem þeim sé um kunnugt, hafi komið fram.

■ **126. gr.** Skiptaráðandi getur ákveðið að ljúka skiptum, þótt enn séu ekki til ráðstöfunar allar eignir búsins eða þótt fé hafi verið tekið frá vegna umdeildra og skilyrtra krafna eða þótt afmarkaður hluti búsins sé með öðrum hætti óuppgerður. Búsmeðferð skal þá endurupptaka, ef tilefni verður til.

■ **127. gr.** Með auglýsingu í Lögbirtingablaði skal skiptaráðandi boða skiptafund til að fjalla um reikninga búsins og frumvarp að úthlutunargerð. Frumvarpið, reikningarnir og fylgiskjöl skulu liggja frammi á auglýstum stað og tíma í a. m. k. 2 vikur til athugunar fyrir þrotamann, kröfuhafa og aðra, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta.

■ **128. gr.** 1. Á skiptafundi þeim, sem haldinn er skv. 127. gr., skal gefa þrotamanni og kröfuhöfum kost á að tjá sig um reikninga búsins og frumvarpið að úthlutunargerð. Ágreining úrskurðar skiptaráðandi.

2. Skiptaráðandi staðfestir frumvarpið nema á því séu slíkir gallar, að því beri að breyta.

■ **129. gr.** Þegar skiptaráðandi hefur staðfest frumvarp að úthlutunargerð og áfrýjunarfrestur er liðinn án þess að áfrýjað sé eða allir kröfuhafar hafa lýst yfir, að þeir muni ekki áfrýja, skal úthlutun fara fram.

■ **130. gr.** 1. Skiptaráðandi getur ákveðið, að við uppgjör og úthlutun skuli ekki tekið tillit til krafna, sem mjög lítið myndi fást greitt af.

2. Skiptaráðandi getur ákveðið að greiðslur, sem ekki verða inntar af hendi nema með tiltölulega miklum kostnaði, renni í ríkissjóð.

3. Ef ekki er vitjað greiðslu úr þrotabúi innan árs, skal greiðslan renna í ríkissjóð.

4. Fjármálaráðherra getur ákveðið, að fé sé síðar greitt kröfuhafa, ef það hefur runnið í ríkissjóð skv. 2. eða 3. mgr. eða 131. gr. 2. mgr.

■ **131. gr.** 1. Ef eignir koma til skipta eftir skiptalok, skulu þær renna til kröfuhafa í hlutfalli við það, sem þeir fengu skv. úthlutunargerðinni. Skiptaráðandi getur falið skiptastjóra að annast meðferð búsins eftir endurupptöku af þessu tilefni. Skiptafundi skal halda, ef skiptaráðandi telur þörf á því.

2. Ef eignir, sem um ræðir í 1. mgr., hrökkva ekki til greiðslu kostnaðar við úthlutun þeirra, getur skiptaráðandi ákveðið, að þær renni í ríkissjóð.

3. Dómsmálaráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um það, sem um ræðir í 2. mgr. og í 130. gr.

■ **132. gr.** 1. Þegar úthlutunargerð hefur verið staðfest og greiðslur til kröfuhafa geta farið fram skv. henni, skal skiptaráðandi auglýsa skiptalok í Lögbirtingablaði.[1)] Geta skal hvenær bú var tekið til gjaldþrotaskipta, fjárhæðar lýstra krafna, sem viðurkenndar voru að lokum, hundraðstölu greiðslna upp í forgangskröfur og aðrar kröfur og heildarfjárhæðar krafna, sem fé var ekki til að greiða.

2. Ef þrotamaður er skráð félag, skal tilkynna skiptalokin til skráningarmanns.

[1)] *Rg. 58/1930.*

1978 Nr. 6 5. maí

■ **133. gr.** Þrotamaður ber ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiptin, 10 ár eftir að skiptum lýkur.

**XIX. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **134. gr.** Skiptaráðandi heldur dómþing til að úrskurða þau atriði, sem hann skal um fjalla samkvæmt þessum lögum, ef úrskurðar er þörf, þar á meðal um kröfur, sem búið gerir, ef um það er samið, sbr. 112. gr.

■ **135. gr.** Málsmeðferð skal fara eftir reglum um meðferð einkamála í héraði eftir því sem við getur átt sé ekki annað ákveðið.

■ **136. gr.** Ef krafa er gerð í þrotabú og krafist úrskurðar um hana, má jafnframt krefjast þess, að úrskurðurinn bindi þrotamann persónulega. Ef skiptaráðandi telur, að meðferð kröfunnar á þrotamann persónulega valdi verulegum töfum á meðferð skiptanna, getur hann vísað henni frá.

■ **137. gr.** 1. Enginn má vera bústjóri til bráðabirgða, skiptastjóri, aðstoðarmaður skiptaráðanda, í kröfuhafanefnd, endurskoðandi, umsjónarmaður eða matsmaður við skiptameðferðina, ef hann væri óhæfur dómari skv. reglum um meðferð einkamála. Sé félag eða stofnun undir gjaldþrotaskiptum, má enginn gegna þeim störfum, sem fyrr eru talin, ef hann væri óhæfur dómari í málum stjórnarmanna, forstjóra, framkvæmdastjóra eða manna, sem haft hafa sjálfstæða ábyrgð sem bókhaldarar eða gjaldkerar hjá félaginu eða stofnuninni.

2. Ef maður hefur tekið við einhverju því starfi, sem nefnt er í 1. mgr., skal hann því aðeins víkja sæti, að sá krefjist þess, sem hagsmuna hefur að gæta. Skiptaráðandi getur þá ákveðið, að hann sjálfur eða maður, sem hann tilnefnir, skuli taka að sér störfin að hluta, en falið þeim, sem vikið hefur, að sinna búskiptunum áfram að öðru leyti. Um þetta skal, ef ágreiningur verður, kveða upp úrskurð, sem kæra má til Hæstaréttar.

■ **138. gr.** Skiptaráðandi ákveður þóknun bústjóra til bráðabirgða, skiptastjóra, aðstoðarmanns skiptaráðanda, endurskoðenda, umsjónarmanns, svo og matsmanna og vitna, og tekur þá tillit til þess, hve mikið starfið var, og eðlis búsins. Ef sérstaklega stendur á getur skiptaráðandi ákveðið, að þeir, sem í kröfuhafanefnd hafa starfað, skuli fá þóknun. Þóknun skv. þessari grein skal greidd af fé búsins.

■ **139. gr.** Ef kröfu er lýst í þrotabú, er fyrningu slitið gagnvart búinu og þrotamanni persónulega. Ef krafa er viðurkennd, hefst nýr 10 ára fyrningarfrestur, þegar skiptum er lokið. Ef kröfu er hafnað, hefst nýr fyrningarfrestur á þeim degi, og fer lengd hans eftir almennum reglum.

■ [**139. gr. a.** Samkvæmt ákvörðun forstöðumanns dómaraembættis, sbr. lög nr. 74 27. apríl 1972, geta tveir eða fleiri dómarar farið sameiginlega með skipti þrotabús. Skal forstöðumaður ákveða hvernig þeir skipta með sér verkum, bæði hvað varðar framkvæmd búskipta og dómstörf.][1)]

[1)] *L. 98/1985, 4. gr.*

■ **140. gr.** 1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

2. Þá falla úr gildi lög nr. 25 frá 14. júní 1929 með síðari breytingum.

3. Ef krafa um gjaldþrotaskipti berst skiptaráðanda fyrir 1. janúar 1979, skal beita núgildandi reglum.

4. Um skuldajöfnuð krafna, sem báðar eru til orðnar fyrir 1. janúar 1979, gilda núgildandi reglur. 1978 Nr. 6 5. maí

5. Ef fleiri en einn skuldari eru að kröfu og ábyrgð þeirra óskipt, og sé búið að greiða kröfuna að einhverju eða öllu fyrir 1. janúar 1979, gilda núgildandi reglur um þýðingu þess.

6. Um riftun ráðstafana og réttargerða sem gerðar eru fyrir 1. janúar 1979 fer eftir núgildandi lögum, og gildir þetta einnig, þó að gjaldþrotaskipti hefjist eftir þann dag.

**Lög um ríkisábyrgð á launum.** 1985 Nr. 23 28. maí

**I. kafli.**

■ **1. gr.** Ríkissjóður ábyrgist samkvæmt fyrirmælum laga þessara greiðslu vinnulaunakröfu launþega á hendur vinnuveitanda ef bú vinnuveitandans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða með dánarbú hans er farið sem skuldafrágöngubú.

■ **2. gr.** Með framkvæmd laga þessara fer félagsmálaráðherra.

■ **3. gr.** Með hugtakinu vinnulaun er í lögum þessum átt við endurgjald fyrir starf hjá vinnuveitanda sem stoð á í gildandi kjarasamningi eða vinnusamningi milli aðila er rýmri rétt veitir launþega. Til vinnulauna teljast samkvæmt lögum þessum hvorki greiðslur, sem vinnuveitandi hefur haldið eftir við útborgun launa, né greiðslur sem reiknast sem ákveðið hlutfall launa eða eru ákveðnar sem tiltekin fjárhæð og vinnuveitanda ber að lögum eða samkvæmt kjarasamningi að standa skil á til þriðja manns.

□ Með hugtakinu launþegi er í lögum þessum átt við hvern þann sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.

**II. kafli.**

■ **4. gr.** [Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búið skv. 84. gr. laga nr. 3/1878 (sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979), sbr. þó 9. gr.:

a. kröfu launþega um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búi, þar með talinn hluti launa sem haldið hefur verið eftir af vinnuveitanda skv. IX. kafla[1)] laga nr. 86/1988,

b. kröfu launþega um orlofslaun sem fallið hafa til vegna launa hans á yfirstandandi orlofsári og á næstliðnu orlofsári ef þau áttu að koma til útborgunar á síðustu sex starfsmánuðum launþegans hjá hlutaðeigandi vinnuveitanda, enda falli þessi tímabil innan þeirra tímamarka sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búi,

c. kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda, launþega og vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búi, enda hafi tilraunir til innheimtu verið reyndar af hálfu hlutaðeigandi lífeyrissjóðs þar eð krafan hefði mátt vera honum kunn,

d. bóta vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings. Sá sem krefst bóta samkvæmt þessum lið skal sýna fram á að hann hafi leitað eftir annarri atvinnu, t. d. með vottorði vinnumiðlunar,

e. bóta til launþega, sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss, eða til þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launþega, enda fylgi bótakröfunni forgangsréttur í búi vinnuveitandans,

f. dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kröfum samkvæmt stafliðum a – e frá gjalddaga þeirra til þess dags sem félagsmálaráðherra ákveður að kröfuna skuli greiða úr ríkissjóði,

g. kostnaðar sem launþegi eða sá er krefst bóta samkvæmt e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar.

☐ Ábyrgð ríkissjóðs á greiðslum skv. a- og d-liðum þessarar greinar skal þó ekki nema hærri fjárhæð, miðað við einn mánuð, en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum eins og þær eru ákveðnar hæstar á hverjum mánuði, án tillits til barnafjölda.

☐ Ábyrgð ríkissjóðs nær til greiðslna skv. f- og g-liðum 1. mgr. þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búi vinnuveitanda.][2]

[1] *Nú VIII. kafla, sbr. l. 70/1990, 3. gr.* [2] *L. 7/1990, 10. gr.*

■ **5. gr.** [Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafið ríkissjóð um greiðslu krafna skv. a- til d-liðum 1. mgr. 4. gr.:

a. Þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla. Þetta á þó ekki við um þá sem sæti eiga í varastjórn félags nema þeir hafi gegnt stjórnarstörfum á umræddu tímabili.

b. Þeir sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.

c. Forstjóri, framkvæmdastjóri og þeir aðrir, sem vegna starfa sinna hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda, áttu að hafa þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot þess væri yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaununum.

d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í a – c-liðum, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg. Leiði ákvæði þetta til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu að mati félagsmálaráðherra getur hann ákveðið að heimila greiðslu til þessara launþega úr ríkissjóði á grundvelli laganna.][1]

[1] *L. 7/1990, 11. gr.*

**III. kafli.**

■ **6. gr.** Ef innköllun hefur verið gefin út í bú vinnuveitanda verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði því aðeins tekin til greina að hún berist félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búið. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

■ **7. gr.** Greiðslukrafa á hendur ríkissjóði skal vera skrifleg. Í henni skal greina eftirfarandi svo glöggt sem við verður komið:

a. nafn, [kennitölu][1] og heimilisfang þess sem kröfu gerir,

b. nafn, [kennitölu][1] og heimilisfang vinnuveitanda og hvenær bú hans var tekið til skipta,

c. hverjum störfum launþegi gegndi, upphaf og lok starfstíma hans, hver launakjör hans hafi verið og eftir hverjum samningum þau fóru,

[d. sundurliðun kröfu, svo sem í vinnulaun, orlof, bætur, vexti, kostnað og til hvaða tímabils krafan nær,][1]

[e.][1] yfirlýsingu þess er kröfuna gerir sem gefin er að viðlögðum drengskap um að atvik þau, er í 5. gr. getur, séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

☐ Kröfubréfi til félagsmálaráðherra skulu fylgja afrit kröfulýsingar í bú vinnuveitandans og gögn sem varða meðferð kröfunnar við búskiptin.

☐ Nú brestur á að fullnægt sé framangreindum atriðum og skal þeim, er kröfuna gerir á sannanlegan hátt, vera gefinn kostur á úrbótum innan tiltekins frests, að því viðlögðu að krafa hans á hendur ríkissjóði teljist ella afturkölluð.

☐ [Sá sem gerir greiðslukröfu á hendur ríkissjóði á grundvelli laga þessara má ekki aðhafast neitt það sem rýrt gæti endurkröfurétt ríkissjóðs á hendur þrotabúi. Er honum óheimilt, án sérstaks leyfis félagsmálaráðherra, að samþykkja að kröfur fái komist að við gjaldþrotaskipti sem ekki hefur verið lýst fyrir lok kröfulýsingarfrests. Brjóti launþegi eða umboðsmaður hans gegn þessu ákvæði hefur það í för með sér að ábyrgð ríkissjóðs á kröfu hans fellur niður.][1]

[1] *L. 7/1990, 12. gr.*

■ **8. gr.** [Sá sem fer með skipti á þrotabúi skal svo fljótt sem auðið er láta félagsmálaráðherra í té skriflega umsögn um hverja þá kröfu í þrotabúið sem til álita kemur að njóti ábyrgðar ríkissjóðs eftir lögum þessum. Í umsögninni skulu eftirfarandi atriði tilgreind:

a. hvenær bú hafi verið tekið til skipta og hver fari með málefni þess,

b. hvenær kröfulýsingarfresti í búið hafi lokið,

c. hvaða kröfum hafi verið lýst í búið sem ríkisábyrgð kunni að fylgja samkvæmt lögum þessum,

d. hvort eða að hverju marki viðurkenndur hafi verið forgangsréttur kröfunnar í búið,

e. hvort skilað hafi verið til innheimtuaðila ríkissjóðs þeim hluta launa sem vinnuveitanda bar að halda eftir samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ef það hefur ekki verið gert skal enn fremur eftir föngum gerð grein fyrir þeim fjárhæðum sem vinnuveitanda bar að halda eftir af launum launþega,

f. hvort ákvæði 5. gr. eigi við um kröfuna eða ekki.][1]

☐ Nú hefur skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitandans til þess að taka afstöðu til viðurkenningar lýstra krafna en skiptaráðandi í búinu lýsir því yfir í umsögn sinni að í skrá um lýstar kröfur í búið hafi hann tekið eða muni fyrirsjáanlega taka þá afstöðu til viðurkenningar forgangsréttar greiðslukröfunnar í búið að hann sé samþykkur henni að einhverju leyti eða öllu og er þá félagsmálaráðherra heimilt að fara með greiðslukröfu á hendur ríkissjóði eins og fullnægt væri skilyrði aliðar 1. mgr. Hafi krafa verið greidd úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra á grundvelli slíkrar yfirlýsingar skiptaráðanda en síðar kemur fram að hafnað sé viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búið verður sú fjárhæð, sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum, ekki endurkrafin.

[1] *L. 7/1990, 13. gr.*

■ **9. gr.** Nú hefur skiptameðferð á búi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis þess án þess að innköllun hafi verið gefin út í búið og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok í Lögbirtingablaði. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka

til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu [auglýsingar um skiptalok][1] ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

□ Í greiðslukröfunni skal greina þau atriði er í 1. mgr. 7. gr. getur. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til að staðreynt verði réttmæti hennar og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, þar á meðal launaseðlar eða uppgjör til launþega, kjarasamningur viðkomandi stéttarfélags, vinnusamningur og vottorð vinnuveitandans, eftir því sem við verður komið. Getur félagsmálaráðherra lagt fyrir launþega að afla þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg í þessu skyni.

□ Leita skal félagsmálaráðherra umsagnar skiptaráðanda, er með bú vinnuveitandans fór, um þau atriði varðandi kröfuna sem hann getur vottað um á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

[1] *L. 7/1990, 14. gr.*

■ **10. gr.** [Ef launþegi hefur framselt launakröfu sína á hendur vinnuveitanda áður en bú vinnuveitandans var tekið til gjaldþrotaskipta nýtur krafan ekki ríkisábyrgðar eftir lögum þessum. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans, né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta framseld Atvinnuleysistryggingasjóði.][1]

[1] *L. 7/1990, 15. gr.*

■ **11. gr.** Innan fjögurra vikna, frá því að fengin hefur verið umsögn skiptaráðanda um kröfuna, ber félagsmálaráðherra að taka ákvörðun um hvort hún verði greidd úr ríkissjóði. [Þegar félagsmálaráðherra ákveður greiðslu kröfu samkvæmt lögum þessum skal hann jafnframt tilkynna viðkomandi innheimtuaðila ríkissjóðs hvaða fjárhæð hefur verið dregin frá kröfu launþega vegna ákvæða laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.][1] Komi fram í umsögn skiptaráðanda að ágreiningur sé um kröfuna í bú vinnuveitandans hefst frestur þessi þann dag sem ráðherra verður kunnugt um lyktir ágreiningsins.

□ Telji félagsmálaráðherra að skilyrðum laga þessara sé ekki fullnægt til þess að krafa verði greidd úr ríkissjóði skal ákvörðun hans um synjun á greiðsluskyldu vera rökstudd. Er þeim, er kröfuna gerir, heimilt að leita úrlausnar dómstóla um greiðsluskylduna og má veita honum gjafsóknarleyfi þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 172. gr. laga nr. 85 frá 1936 til þess.

[1] *L. 7/1990, 16. gr.*

■ **12. gr.** Áður en greiðsla á kröfu verður innt af hendi úr ríkissjóði skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr búi vinnuveitandans og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr ríkissjóði.

■ **13. gr.** Félagsmálaráðherra skal tilkynna bréflega þeim er kröfu gerir og skiptaráðanda í búi vinnuveitandans um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu ríkissjóðs. Í tilkynningu ráðherra skal sundurliða þá fjárhæð sem greiða á.

□ Frá því að skiptaráðanda í búi vinnuveitandans berst tilkynning félagsmálaráðherra um fyrirhugaða greiðslu kröfunnar úr ríkissjóði fer fjármálaráðherra með fyrirsvar fyrir kröfunni, að því leyti sem ríkissjóður leysir hana til sín. Nýtur krafa ríkissjóðs sömu stöðu í skuldaröð í búinu og krafa sú, er hann hefur leyst til sín, hefði ella notið.

■ **14. gr.** Hafi greiðslu samkvæmt lögum þessum verið aflað úr ríkissjóði með því að gefnar hafi verið rangar upplýsingar um atriði eða leynt hafi verið atriðum sem leitt hefðu til að synjað hefði verið um greiðslu úr ríkissjóði ef ljós hefðu verið ber þeim, er greiðslu fékk, að endurgreiða ríkissjóði þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið.

□ Telji fjármálaráðherra að sá, er greiðslu fékk, hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum og þannig fengið greiðslu úr ríkissjóði skal hann tilkynna það ríkissaksóknara og skal um slíkt brot fjalla í opinberu máli. Varða slík brot sektum til ríkissjóðs er numið geta allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ranglega hefur fengist greidd nema þyngri refsing liggi við að lögum.

**IV. kafli.**

■ **15. gr.** Við gildistöku laga þessara falla niður lög nr. 31 28. mars 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, með breytingum gerðum með lögum nr. 8 15. mars 1979, svo og þær reglugerðir sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum.

■ [**15. gr. a.** Félagsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig framkvæmd laganna skuli háttað.][1]

[1] *L. 7/1990, 17. gr.*

■ **16. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.[1]

□ Beita skal þó ákvæðum eldri laga um hverjar greiðslur njóta ríkisábyrgðar og um fresti til kröfugerðar á hendur ríkissjóði varðandi þær kröfur sem fallið hafa í gjalddaga fyrir gildistöku laga þessara nema reglur laga þessara séu þeim, er kröfu gerir, til hagsbóta.

[1] *Gildistökuákvæði l. 7/1990: „Lög þessi öðlast þegar gildi." Breytingar á þessum lögum taka til krafna í bú, sem tekin eru til gjaldþrotaskipta eftir gildistökuna, sbr. l. 7/1990, 18. gr.*



## Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti.



■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur um gjaldþrotaskipti, sem undirritaður var í Kaupmannahöfn þann 7. nóvember 1933, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, skuli koma í gildi. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.

**Fylgiskjal.**

**Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti.**

■ **1. gr.** Gjaldþrot, sem úrskurðað hefir verið í einhverju samningsríkjanna, nær einnig til eigna skuldunauts í hinum ríkjunum.

□ Um meðferðina á slíkum eignum gilda, sé ekki öðruvísi ákveðið í eftirfarandi greinum, lagaákvæði þess ríkis, sem gjaldþrotaskiptin eru úrskurðuð í, um þær takmarkanir, sem gjaldþrotið hefir í för með sér á umráðarétti skuldunauts yfir eignum sínum, svo og um það, hvaða eignir tilheyri búinu, eða sem hægt er að draga undir það með riftun gerninga, um réttindi og

skyldur skuldunauts meðan stendur á gjaldþrotaskiptum, um stjórn og meðferð búsins, um rétt kröfuhafa og annarra rétthafa til þess að leita fullnægju í gjaldþrotabúinu, og um úthlutun, nauðasamninga, og önnur lok gjaldþrotaskipta.

□ Eignir, sem ekki verða yfirleitt notaðar til fullnægju kröfuhafa samkvæmt lögum þess lands, þar sem þær eru, verða ekki dregnar inn í búið.

■ **2. gr.** Verði í einhverju samningsríkjanna úrskurðað gjaldþrot, sem nær til eigna í einhverju hinna ríkjanna, skal skiptaráðandi auglýsa úrskurðinn um gjaldþrotaskipti þegar í stað í hinu síðartalda ríki, í blaði því, er flytur opinberar tilkynningar. Skiptaráðandi skal, samkvæmt þargildandi lögum, einnig annast um þinglýsingu, innfærslu í fasteignaskrá, í skipaskrá eða aðra opinbera skrá.

□ Öllum þeim kröfuhöfum í hinum ríkjunum, sem kunnugt er um, skal send sérstök tilkynning um gjaldþrotið, nema því aðeins, að krafan verði tekin til greina án þess að henni sé lýst í búið. Kröfuhöfum í hinum ríkjunum skal einnig gefin tilkynning um mótmæli, sem eru sett fram gegn kröfum þeirra.

■ **3. gr.** Dómstólar samningsríkjanna skulu, samkvæmt beiðni skiptaráðanda í einhverju hinna ríkjanna, annast um uppskrift eigna, sem í ríkinu eru, og geymslu þeirra til bráðabirgða; þeir skulu einnig annast um sölu eigna, sem ekki er ráðlegt að geyma.

□ Að öðru leyti geta skiptaráðendur, að því er snertir eignir, sem eru í öðru ríki en því, sem gjaldþrotin eru úrskurðuð í, óskað aðstoðar yfirvaldanna, á sama hátt og þarlendir skiptaráðendur.

□ Slíka beiðni má senda beint til hlutaðeigandi yfirvalds. Krefjast má fyrirframgreiðslu kostnaðar vegna aðstoðarinnar, ef það telst nauðsynlegt.

□ Skjölum, sem rituð eru á íslenzku eða á finnsku, skal fylgja löggilt þýðing á dönsku, norsku eða sænsku.

■ **4. gr.** Um það, hvort þinglýsing eða innfærsla í fasteignaskrá sé skilyrði fyrir því, að löggerningar, sem skuldunautur hefir gert fyrir gjaldþrotið um fasteign og það, sem henni tilheyrir, hafi gildi gagnvart gjaldþrotabúi, svo og um riftun slíkra gerninga, fer eftir lögum þess lands, þar sem fasteignin er. Sama gildir um það, hvort þinglýsing gjaldþrotsins sé nauðsynleg til þess að hindra, að löggerningar, sem skuldunautur gerir, meðan á gjaldþrotaskiptum stendur, um slíka eign, séu bindandi fyrir búið. Hliðstæðar spurningar um skrásett skip eða flugvél, eða um hluta í skipi eða flugvél, skulu leystar samkvæmt lögum heimalands skipsins eða flugvélarinnar.

□ Sé svo ákveðið í lögum einhvers samningsríkjanna, að þinglýsing, skrásetning eða önnur birting sé skilyrði fyrir því, að afhending eða sjálfsvörzluveð í öðrum lausafjármunum en þeim, sem nefndir eru í fyrstu málsgrein, hafi gildi gagnvart þrotabúi, þá skal farið eftir lögum þessa ríkis, að því er snertir gildi slíks gernings og um riftun hans, ef fjármunirnir eru þar við byrjun gjaldþrotaskipta.

□ Um áhrif gjaldþrots á rétt, sem orðið hefir til við fjárnám eða lögtak, fer eftir lögum þess lands, þar sem gerðin hefir verið framkvæmd.

■ **5. gr.** Um rétt veðhafa til þess, meðan á gjaldþrotaskiptum stendur, að leita fullnægju í veðinu, skal farið eftir lögum þess ríkis, þar sem veðið er við byrjun gjaldþrotaskipta. Þetta ákvæði gildir á sama hátt þegar um er að ræða fullnægju vegna haldsrétts.

□ Um áhrif gjaldþrotsins á heimildina til þess að halda áfram fullnægjugerð samkvæmt fjárnámi eða lögtaki, skal farið eftir lögunum í því ríki, þar sem gerðin er framkvæmd.

■ **6. gr.** Reglurnar um sölu fjármuna, er tilheyra gjaldþrotabúi, ákvarðast af lögum þess ríkis, sem fjármunirnir eru í.

■ **7. gr.** Um forgangsrétt kröfu fyrir öðrum kröfum til fullnægju í ákveðnum munum, sem við byrjun gjaldþrotaskipta eru í einhverju hinna ríkjanna, svo og um röð sérstakra forgangsréttinda, veðréttinda, og tryggðra réttinda í slíkum munum, fer eftir lögunum í því ríki, þar sem fjármunirnir eru við byrjun gjaldþrotaskipta. Þessi sérstöku réttindi ganga á undan almennum forgangskröfum.

□ Um forgangsrétt fyrir sköttum og öðrum opinberum gjöldum, sem jafnað hefir verið niður í öðru samningsríki en því, þar sem gjaldþrot hefir verið úrskurðað, fer eftir lögunum í því ríki, þar sem sköttunum eða gjöldunum hefir verið jafnað niður. Um forgangsrétt fyrir húsaleigu fer, ef húseignin er í öðru ríki en því, þar sem gjaldþrotið var úrskurðað, eftir lögunum í því ríki, þar sem húseignin er. Forgangsrétturinn nær aðeins til eigna í því ríki, þar sem sköttunum eða gjöldunum er jafnað niður, eða húseignin er í. Sé um sérstakan forgangsrétt að ræða, fer um skuldaröðina samkvæmt fyrstu málsgrein. Sé forgangskrafan hinsvegar venjuleg, gengur hún á undan öðrum almennum forgangskröfum. Um röð milli venjulegra forgangsréttinda fyrir sköttum og sérstakra forgangsréttinda, sem getur um í 1. málsgr., fer, þrátt fyrir ákvæðin í nefndri málsgrein, eftir lögunum í því ríki, þar sem skatturinn er lagður á. Að öðru leyti er ekkert ákveðið í samningi þessum um það, hvort fullnægju verði leitað í gjaldþrotabúi fyrir sköttum og gjöldum, sem er jafnað niður í öðru af ríkjunum en því, þar sem gjaldþrotin hafa verið úrskurðuð.

■ **8. gr.** Að svo miklu leyti sem framkvæmd undanfarandi ákvæða er því háð, hvar fjármunirnir eru, skal krafa, er tilheyrir þrotamanni, álítast vera í því ríki, þar sem gjaldþrotaskiptin eru úrskurðuð. Sé krafan bundin við skuldabréf eða annað skjal, sem framvísa þarf til þess að koma fram kröfunni, þá skal hún þó álítast vera í því ríki, þar sem skjalið er.

□ Skrásett skip eða flugvél telst vera í því ríki, þar sem það á heimilisfang, nema við framkvæmd 6. gr.

■ **9. gr.** Ákvæði samnings þessa gilda ekki um rétt eða skyldu þrotabús til þess að ganga inn í samning, gerðan af skuldunaut, sem ekki er alveg fullnægt af beggja hálfu við byrjun gjaldþrotaskipta.

■ **10. gr.** Ákvæðin í samningi, er undirritaður var þann 16. marz 1932, um viðurkenningu og fullnægju dóma og sátta, skulu einnig gilda um dóma og sættir um riftanir og aðra ónýtingu réttargerninga vegna gjaldþrota, sem hefir verið úrskurðað í einhverju samningsríkjanna.

□ Endanlegur úrskurður réttar í einhverju samningsríkjanna, er staðfestir skuldasamninga í gjaldþrotabúi, skal hafa gildi einnig í hinum ríkjunum.

□ Ákvæði þessi gilda enda þótt gjaldþrotið nái til eigna í einu eða fleirum ríkjanna.

**1934** Nr. 21 24. marz

■ **11. gr.** Samningur þessi gildir því aðeins um dánarbú, sem tekin eru til gjaldþrotaskipta, að ríkin hafi gert með sér samning um meðferð dánarbúa að öðru leyti.

■ **12. gr.** Samningur þessi nær einnig til opinberrar skiptameðferðar (Likvidation) á bönkum, svo framarlega sem skiptameðferðin, samkvæmt lögum þess lands, þar sem bankinn hefir aðsetur sitt, útilokar gjaldþrotameðferð.

□ Í tilkynningu þeirri, sem um ræðir í 2. grein, skal tekið fram, að skiptameðferðin sé þess eðlis, að samningurinn nái til hennar.

■ **13. gr.** Hafi rétturinn, sem úrskurðaði gjaldþrotið, byggt heimild sína til þess á öðru en því, að skuldunautur eigi eða hafi við dauða sinn átt heimilisfang í ríkinu, eða félag eða stofnun, sem tekin er til gjaldþrotaskipta, eigi heimilisfang í landinu, þá skal þetta tekið fram í úrskurðinum um gjaldþrotaskipti. Ef það er gert, gildir samningurinn ekki um gjaldþrotaskiptin. Gjaldþrotaskiptunum er hægt að halda áfram, enda þótt gjaldþrot verði seinna úrskurðað í einhverju hinna samningsríkjanna.

■ **14. gr.** Hugtakið „skiptaráðendur" í þessum samningi nær einnig til skiptaréttar og skiptadómara (Konkursdommeren).

■ **15. gr.** Tilraun til nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar, sem byrjað hefir verið á í einhverju samningsríkjanna, útilokar, að byrjað sé á gjaldþrotameðferð eða tilraun til nauðasamninga í hinum ríkjunum, og hafa þar í för með sér sömu takmarkanir í heimildinni til þess að leita fullnægju með þvingunarráðstöfun eins og tilraun til nauðasamninga í heimalandinu.

□ Ef tilraun til nauðasamninga leiðir til þess, að slíkur samningur verður staðfestur, þá skal hann einnig verða bindandi í hinum ríkjunum.

□ Ákvæðin í 13. gr. gilda á tilsvarandi hátt.

■ **16. gr.** Ef beiðni um gjaldþrotameðferð eða um tilraun til nauðasamninga hefir verið send rétti áður en samningurinn gengur í gildi, þá nær hann ekki til þeirra skipta.

■ **17. gr.** Samningur þessi skal fullgiltur, og fullgildingarskjölin skulu sett til vörzlu í skjalasafni utanríkismálaráðuneytisins danska, eins fljótt og auðið er.

□ Samningurinn gengur í gildi milli þeirra ríkja, er þá hafa fullgilt hann 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að minnst þrjú samningsríkjanna hafa afhent fullgildingarskjöl sín að samningnum. Með tilliti til þeirra ríkja, er seinna fullgilda samninginn, gengur hann í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að fullgildingarskjalið var afhent.

□ Sérhvert samningsríkjanna getur, gagnvart sérhverju hinna ríkjanna, sagt upp samningnum til þess að ganga úr gildi næsta 1. janúar eða 1. júlí eftir að eitt ár er liðið frá uppsögninni.

**1924** Nr. 19 4. júní

## Lög um nauðasamninga.

### I. kafli. Orðaskýringar o. fl.

■ **1. gr.** Nauðasamningur er í lögum þessum samningur gerður með atbeina skiptaréttar milli skuldunauts og lögmæts meiri hluta lánardrottna hans um skuldagreiðslur, og bindur samningurinn einnig minni hluta lánardrottnanna eftir að skiptaréttur hefir staðfest hann.

□ Samningsmenn eru þeir lánardrottnar nefndir, er nauðasamningur bindur.

□ Samningskröfur eru þær kröfur nefndar, er nauðasamningur tekur til.

□ Atkvæðismenn eru þeir lánardrottnar nefndir, sem eiga kröfur, er atkvæðisréttur um nauðasamning fylgir.

□ Atkvæðiskröfur eru þær kröfur, er atkvæðisréttur um nauðasamning fylgir.

■ **2. gr.** Hvarvetna þess, er lögheimilt er að gefa út áskorun (proklama) til lánardrottna að viðlögðum missi kröfu, ef henni er ekki lýst í tækan tíma, skal kröfulýsingarfrestur vera 4 almanaksmánuðir frá síðustu birtingu áskorunar talið.

### II. kafli. Um nauðasamninga í sambandi við gjaldþrotameðferð á búi skuldunauts.

■ **3. gr.** Nú er bú manns tekið til gjaldþrotaskipta að honum lifanda, og er honum þá rétt að bera upp frumvarp til nauðasamninga. Skal hann skila frumvarpinu með nafni sínu undir til skiptaréttar í síðasta lagi viku eftir að kröfulýsingarfrestur er liðinn. Frumvarp, er síðar kemur fram, en áður en úthlutun fer fram, má þó taka til meðferðar, ef fullur helmingur atkvæðismanna, bæði að tölu og kröfumagni, veitir til þess samþykki sitt, enda fylgi frumvarpinu skrifleg yfirlýsing þeirra um það atriði.

□ Í frumvarpi skal greina:

1. Hvern hundraðshluta af samningskröfum skuldunautur ætli að greiða.
2. Hvenær þær greiðslur skuli fara fram.
3. Hvort trygging verði sett fyrir skilvísri greiðslu, og, ef svo er, þá hver.
4. Önnur atriði, er skuldunautur vill taka fram og hann ætlar máli skipta.

■ **4. gr.** Skuldunautur hefir ekki rétt til að leita nauðasamninga samkvæmt 3. gr., ef hann

1. hefir á síðustu 2 árum fyrir gjaldþrotaskiptin orðið sannur um brot þau, er í 262. og 263. gr. alm. hegningarlaga segir,[1)]
2. hefir ekki, þegar bú hans var síðast tekið til gjaldþrotameðferðar, haldið þær bækur, sem honum var lögskylt að halda, eða ef bækur þær, sem hann hefir haldið, hvort sem honum var lögskylt að halda þær eða ekki, eru sviksamlega haldnar eða bókhaldið var í verulegri óreiðu að dómi skiptaréttar,
3. hefir farið burt úr lögsagnarumdæminu án leyfis skiptaréttar eða þverskallast við að láta skiptarétti í té alla þá fræðslu um hag sinn, er hann má veita og honum er lögskylt.

□ Nú er hafin opinber rannsókn um atriði þau, er í 1. tölulið greinir, og skal þá fresta meðferð frumvarps að nauðasamningum, þar til aðili er sýknaður með dómi eða ákæruvaldið hefir fallið frá málshöfðun.

[1)] *Sjá nú l. 19/1940, 250. gr.*

■ **5. gr.** Ekki má taka frumvarp að nauðasamningi til meðferðar, nema fullur helmingur atkvæðismanna, bæði að tölu og kröfumagni, samþykki, ef skuldunautur hefir eftir skiptaupphaf eða 3 mánuðum eða síðar fyrir þann tíma komið fram með frumvarp að nauðasamningi, er annaðhvort hefir fallið við atkvæðagreiðslu eða því hefir verið synjað staðfestingar.

□ Skrifleg yfirlýsing lánardrottna um samþykki þeirra skal fylgja frumvarpinu.

■ **6. gr.** Rétt er skuldunaut að breyta frumvarpi sínu

**1924** Nr. 19 4. júní

eða auka við það, þar til það er borið upp á skiptafundi til umræðu. Eftir það getur skuldunautur ekki breytt eða aukið við frumvarpið, nema eftir áskorun eins eða fleiri atkvæðismanna eða samkvæmt leiðbeiningum skiptaréttar.

■ **7. gr.** Skiptaráðandi leggur frumvarp að nauðasamningi þegar fram í skrifstofu sinni er hann hefir úrskurðað það tækt, og skal það liggja frammi viku að minnsta kosti til sýnis lánardrottnum. Framlagning frumvarps skal birta með þeim hætti, er skiptarétti þykir hlýða. Framlagningartíminn telst frá auglýsingardegi.

□ Nú þykir skiptarétti frumvarp að nauðasamningi ekki tækt, sbr. 4. og 5. gr., og skal hann þá kveða upp rökstuddan úrskurð um það, enda hafi skuldunautur átt kost á að tala máli sínu áður.

□ Úrslit eftir 1. og 2. málsgr. tilkynnir skiptaréttur skuldunaut þegar í stað.

■ **8. gr.** Skiptaréttur auglýsir með þeim hætti, er honum þykir hlýða, að frumvarp að nauðasamningi verði lagt fram á skiptafundi nánar tilteknum. Ef þess er kostur, þá skal leggja frumvarpið fyrir fund þann, er rannsakar framkomnar kröfur (37. gr. skiptalaganna). Ella skal halda fund til að ræða frumvarpið svo fljótt sem kostur er.

□ Skiptaréttur getur frestað umræðum eða atkvæðagreiðslu um frumvarp frá einum fundi til annars, ef honum þykir það nauðsynlegt eða hentugt. Til þeirra funda skal boða sem til skiptafunda (23. gr. skiptalaganna).

■ **9. gr.** Meðan meðferð nauðasamnings stendur yfir má ekki selja eignir búsins framar en nauðsynlegt kann að vera til greiðslu þeirra skulda, sem nauðasamningur tekur ekki til, og yfir höfuð skal búinu haldið í því horfi á meðan, að hagur skuldunauts raskist sem minnst vegna skiptameðferðarinnar á búi hans.

■ **10. gr.** Allir lánardrottnar skuldunauts, þeir er lýst hafa í tækan tíma kröfum sínum, eða kröfur þeirra eru án þess teknar til greina, og greiðslu eiga að fá af eignum búsins (13. gr. laga nr. 7 13. apríl 1894),[1)] hafa atkvæðisrétt um frumvarp að nauðasamningi, nema einhverjar þær takmarkanir eða undantekningar, sem hér fara á eftir, taki til þeirra.

[1)] *Sjá nú l. 6/1978, V. kafla.*

■ **11. gr.** Nú á lánardrottinn fleiri en eina atkvæðiskröfu, og hefir hann þó að eins eitt atkvæði, þegar atkvæðismenn eru taldir, en kröfur hans eru samanlagðar, þegar reikna á kröfumagn með samningi og móti.

□ Nú fer sami maður með umboð fleiri atkvæðismanna, og skulu þá hverjum þeirra talin atkvæði eins og þeir hefðu sjálfir farið með atkvæðisrétt sinn.

□ Ef fleiri en einn eiga kröfu saman, þá fara þeir allir (báðir) með eitt atkvæði.

■ **12. gr.** Þessir lánardrottnar eiga ekki atkvæði um frumvarp að nauðasamningi:

1. Þeir, sem hlutbundinn rétt hafa yfir eignum búsins til tryggingar kröfu sinni, að því leyti sem tryggingin telst nægileg til að greiða kröfuna. Um þann hlutann, sem eigi telst tryggður, hafa þeir atkvæðisrétt.
2. Þeir, er forgangskröfur eiga á hendur búinu (82. og 83. gr. skiptalaganna).
3. Þeir, er kröfu gera til gjafa úr búinu.
4. Maki skuldunauts, frændur hans að feðgatali eða niðja, tengdaforeldri og tengdabörn eða unnusti eða unnusta hans.
5. Þeir, er nota kröfu til skuldajafnaðar (20. gr. laga nr. 7 13. apríl 1894).[1)] Ef krafa er ekki öll höfð til skuldajafnaðar, fylgir henni atkvæðisréttur að því leyti.
6. Þeir, er eignazt hafa fyrir framsal kröfu á hendur skuldunaut eftir upphaf gjaldþrotaskipta (8. gr. laga nr. 7 13. apríl 1894)[1)] eða eftir að skuldunautur hefir skilað skiptarétti árangurslaust frumvarpi að nauðasamningi til þess að afstýra gjaldþrotaskiptunum, nema aðili hafi eignazt kröfuna vegna skuldbindingar, er hann hefir tekið á sig fyrir þann tíma, svo sem ábyrgð, sem hann hefir undirgengizt fyrir skuldunaut og eigi greitt fyrr en eftir upphaf skipta.

Vextir áfallnir eftir upphaf gjaldþrotaskipta teljast ekki með, þegar reikna skal kröfumagn.

7. Þeir, er hafa afsalað sér hlutbundnum tryggingarrétti, skuldajafnaðarheimild eða forgangsrétti eftir þann tíma, sem í 6. tölul. segir, nema að því leyti, sem þeir kynnu ella að hafa átt atkvæðisrétt, sbr. 1. og 5. tölul.
8. Þeir, er eiga skildagaðar kröfur, en skildaginn er ekki fram kominn.

[1)] *Sjá nú l. 6/1978, VI. kafla.*

■ **13. gr.** Nú skilur menn á um kröfu, hvort sem ágreiningurinn er um sæti kröfu í skuldaröð, tilvist hennar, tryggingu eða annað, og hefir lánardrottinn þá ekki atkvæðisrétt að sinni. En ef svo reynist, að úrslit kynnu að verða önnur, ef þeir tækju þátt í atkvæðagreiðslu, er deilukröfur eiga, þá skal skiptaréttur rannsaka lögmæti þeirra krafna og að lokinni rannsókn skera úr því, hverjar þeirra og með hvaða fjárhæð skuli verða atkvæðakröfur. En ekki bindur sá úrskurður, ef síðar verður leitað dómsúrlausnar um þær kröfur.

■ **14. gr.** Atkvæðisrétt hefir lánardrottinn um frumvarp að nauðasamningi, þó að krafa hans hafi ekki verið viðurkennd. En ekki missir skuldunautur þar fyrir réttinn til að mótmæla kröfunni.

□ Atkvæðisréttur fylgir kröfu, þó að hún sé ekki fallin í gjalddaga.

■ **15. gr.** Frumvarp skal telja samþykkt með þeim hætti, sem hér segir:

1. Ef skuldunautur býðst til að greiða 50% eða meira af samningskröfum – og þar með talin full greiðsla, en greiðslufrestur er áskilinn –, þá þarf samþykki ⅔ atkvæðismanna, er fari með að minnsta kosti ⅔ af atkvæðiskröfum.
2. Ef skuldunautur býður minna en 50% af samningskröfum, en þó meira en 29%, þá þarf samþykki ¾ í báðar áttir.
3. Ef skuldunautur býður 20% eða minna, þá þarf samþykki ⅝ í báðar áttir.

■ **16. gr.** Nú fæst einungis nægur meiri hluti með frumvarpi í aðra áttina, og skal skiptaréttur þá ákveða fund af nýju, er haldinn sé ekki síðar en 14 dögum eftir. Ef þá fæst ekki nægur meiri hluti í báðar áttir, þá er frumvarpið fallið.

□ Þeir, sem greiddu atkvæði með frumvarpi á fyrra fundinum, teljast og gera það á síðara fundinum, enda þótt þeir sæki hann ekki, nema þeir hafi tjáð skiptarétti, að þeir hafi vikið frá atkvæði sínu.

■ **17. gr.** Nú er frumvarp samþykkt á fundi, og skal skiptaréttur, eftir því sem honum þykir þurfa, rannsaka

öll þau atriði, er máli skipta að lögum um gildi og staðfestingu samningsins. Rétt er skiptarétti að stefna fyrir sig í því skyni og að viðlögðum þingvítisbótum með gestaréttarfyrirvara þeim mönnum, er telja má líklegt, að upplýsingar geti gefið, enda hefir skiptaréttur vald til að spyrja og eiðfesta vitni um öll þessi atriði. Ef vitni á varnarþing í öðru lögsagnarumdæmi, skal héraðsdómari þar spyrja það eftir tilmælum skiptaréttar.

■ **18. gr.** Ef allir atkvæðismenn hafa sótt fund, þar sem frumvarp að nauðasamningi hefir hlotið samþykki (15. gr.), þá getur skiptaréttur þegar staðfest samninginn, eftir atvikum að lokinni rannsókn samkvæmt 17. gr. Nú hafa ekki allir atkvæðismenn sótt fund, og á skiptaréttur þá að skora á þá með auglýsingu í Lögbirtingablaði að bera upp fyrir honum rökstudd mótmæli gegn frumvarpinu innan 14 daga frá birtingu auglýsingarinnar. Ef engin mótmæli koma, þá getur skiptaréttur þegar staðfest samninginn með þeim hætti, sem sagt var. Annars kostar boðar skiptaréttur til fundar af nýju með viku fyrirvara, nema sjálfur þurfi hann lengri frest til rannsóknar samkvæmt 17. gr., og á þeim fundi tekur hann svo ákvörðun um það, hvort staðfesta skuli samning eða ekki, enda hafi atkvæðismenn fengið kost á að lýsa áliti sínu á framkomnum mótmælum.

□ Birta skal einu sinni í Lögbirtingablaði, ef samningur hefir fallið, eða hefir ekki fengið staðfesting.

□ Skiptaréttur kveður upp rökstuddan úrskurð um staðfestingu nauðasamnings og synjun staðfestingar.

■ **19. gr.** Skiptarétti er skylt að leiðbeina aðiljum eftir grundvallarreglum um meðferð almennra einkamála í héraði.

■ **20. gr.** Synja skal skiptaréttur um staðfestingu á nauðasamningi, ef

1. það kemur í ljós eftir samþykkt hans, að fyrirmæli 4. gr. standa staðfestingu í vegi,

2. í samningi eru fyrirmæli í óhag einhverra þeirra lánardrottna, er samningur bindur ekki, enda hafi samþykki þeirra ekki komið til,

3. einhverjum samningsmanna eða öðrum er eða hefir verið ívilnað í samningnum eða í sambandi við samningsgerðina án samþykkis allra atkvæðismanna, eða ef réttur einhvers samningsmanns er fyrir borð borinn án samþykkis hans,

4. skiptaráðanda þykir víst, að skuldunautur eða aðrir hafi gefið rangar skýrslur um veruleg atriði og ætla megi, að þær skýrslur hafi skipt máli um ákvörðun lánardrottnanna, er þeir samþykktu frumvarpið,

5. ekki þykja sæmilegar líkur fyrir efndum nauðasamnings,

6. einhver samningsmanna krefst þess og sýnt er, að samningurinn brýtur verulega bág við sameiginlega hagsmuni samningsmanna, svo sem ef skuldauppgjöfin er að mun meiri eða gjaldfrestur að mun lengri en skuldunautur hefði þurft að fá, eða trygging er stórum minni en honum hefði verið unnt að veita.

■ **21. gr.** Þegar nauðasamningur hefir hlotið staðfestingu skiptaréttar, bindur hann alla þá, er atkvæðisrétt eiga um frumvarp að honum, og ennfremur þá skuldheimtumenn, sem eigi hafa atkvæðisrétt og í 3., 4., 6., 7. og 8. tölul. 12. gr. segir, og þá, sem í 13. gr. getur, þótt þeir hafi verið úrskurðaðir frá atkvæðisrétti.

■ **22. gr.** Nauðasamningur hefir sömu verkanir sem dómssátt væri milli skuldunauts og samningsmanna, ef kröfur þeirra hafa verið viðurkenndar í samningnum (sbr. 13. og 14. gr.).

1924 Nr. 19 4. júní

■ **23. gr.** Nauðasamningur haggar ekki heimild lánardrottins til þess að ganga að veði, sem þriðji maður kann að hafa sett til tryggingar samningskröfu, né til að krefjast fullrar greiðslu af ábyrgðarmanni eða öðrum, sem ábyrgjast slíka skuld jafnframt skuldunaut.

■ **24. gr.** Nauðasamningur leysir skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem frá er skilinn í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

□ Nú greiðir þriðji maður, ábyrgðarmaður, samskuldari o. s. frv. þann hluta skuldar, sem skuldunautur tók á sig með nauðasamningi, og er honum þá skylt að greiða þriðja manni hundraðshlutann samkvæmt nauðasamningi að réttri tiltölu við það, sem hinn hefir greitt.

■ **25. gr.** Nú er krafa deilukrafa eða skildöguð, en skildagi ekki fram kominn, eða krafa hefir ekki verið viðurkennd, og er skiptarétti þá skylt, ef aðili krefst þess, að binda staðfestingu því skilyrði, að lagt verði fé til hliðar fyrir svo miklu af hverri slíkri kröfu, er svarar til þess, sem greitt er þegar eða greiða á á næstu 6 mánuðum af öðrum samningskröfum, þó þannig, að aldrei verði kostur þessara samningsmanna betri en kostur annarra um greiðslur samkvæmt nauðasamningi.

□ Ef krafa er deilukrafa, verður lánardrottinn þó að höfða mál til greiðslu eða viðurkenningar hennar áður en 6 mánuðir eru liðnir frá staðfestingu nauðasamnings. Ef krafa er skildöguð, getur skuldunautur krafizt tryggingar aftur, ef skildagi er eigi fram kominn áður ár er liðið frá sama tíma.

■ **26. gr.** Ekki eru samningsmenn leystir undan ákvæðum nauðasamnings framar en í lögum þessum segir, þótt hann verði ekki efndur.

□ Nú býður skuldunautur til nauðasamninga af nýju eða bú hans verður tekið til skiptameðferðar sem þrotabú eða skuldfrágöngudánarbú áður en hann hefir að fullu efnt nauðasamning, og er þá samningsmönnum rétt að heimta samningskröfur sínar með fullri upphæð, að því frádregnu, sem þegar kann að vera greitt, eins og ef enginn nauðasamningur hefði verið gerður. Samsvarandi gildir um ábyrgðarmenn og aðra, er greitt kunna að hafa skuldir fyrir skuldunaut, sbr. 24. gr.

■ **27. gr.** Staðfestan nauðasamning skal skrásetja í skiptabók, enda skulu allir þeir, er greitt hafa atkvæði með honum, undirrita hann í skiptabókinni.

□ Áður en bú er afhent skuldunaut skal þess gætt, að allir skuldheimtumenn, sem nauðasamningur tekur ekki til, hafi fengið sitt eða fulla tryggingu, nema þeir samþykki framsal búsins með öðrum kostum. Ef skuldunautur skyldi greiða samningsmönnum að einhverju leyti eða öllu þegar í stað eða setja tryggingu, þá ber skiptarétti og að afhenda ekki búið fyrr en það hefir verið gert, nema samþykki aðilja komi til.

□ Loks getur skiptaréttur haldið búinu í umsjá sinni, þar til greiddur hefir verið allur kostnaður af samningagerð og skiptum.

□ Skiptaréttur gerir skuldunaut skil fyrir meðferð sinni á búinu.

■ **28. gr.** Ef nauðasamningur hlýtur staðfestingu, þá skal þegar birta tilkynningu um það í Lögbirtingablaði.[1)] Einnig skal birta þá eða síðar, sbr. 3. mgr. 27. gr., með sama hætti tilkynningu um framsal búsins í hendur skuldunaut. Svo skal og tilkynna til firmaskrár og hlutafélaga- og samvinnufélagaskrár, ef þau félög eiga hlut að máli, staðfestingu og aðalefni nauðasamnings og framsal bús í hendur skuldunaut. Tilkynningu skal fylgja eftirrit af nauðasamningi og staðfestingarúrskurði, eða dómi um staðfestingu, ef staðfesting hefir fengizt fyrir áfrýjun.

[1)] *Sjá l. 6/1978, 132. gr.*

■ **29. gr.** Nú sannast það innan 3 ára frá staðfestingu nauðasamnings,

1. að skuldunautur hefir sjálfur, eða þriðji maður með vitund hans, ívilnað samningsmanni eða heitið honum ívilnun fram yfir aðra áður en samningagerðin hófst eða meðan hún stóð yfir, enda megi telja ívilnun hafa haft áhrif á samningagerðina,

2. að nauðasamningur hafi komizt á fyrir óráðvandlegt atferli af hálfu skuldunauts, svo sem vísvitandi rangar skýrslur hans um hag hans, undanskot fjár o. s. frv., eða

3. að skuldunautur hefir í sambandi við gjaldþrotaskiptin gert sig sekan um atferli, sem varðar refsingu eftir 262. eða 263. gr. almennra hegningarlaga,[1)] eða hefir greint vísvitandi rangt frá um atriði, sem máli skipta, í bókum þeim, er hann hefir haldið, – og er honum þá skylt að greiða samningsmönnum, sem ekki hafa tekið þátt í því atferli, sem nú var talið, kröfur þeirra með fullri upphæð eigi síðar en á upphaflegum gjalddaga, svo og ábyrgðarmönnum og samskuldurum sínum það allt, er þeir kunna að greiða eða hafa greitt og skuldunaut hefði verið skylt að endurgreiða, ef nauðasamningur hefði enginn verið gerður. Samningsmenn halda og óskertum rétti sínum gagnvart þriðja manni, er ábyrgist samningskröfu eða sett hefir veð til að tryggja hana.

[1)] *Sjá nú l. 19/1940, 250. gr.*

■ **30. gr.** Nú líða 3 ár og 6 mánuðir svo, að samningsmaður hefir ekki fengið viðurkenningu skuldunauts um ónýting nauðasamnings vegna fyrirmæla 29. greinar, eða hann hefir ekki höfðað mál til ónýtingar nauðasamningi, og er hann þá bundinn við samninginn.

**III. kafli. Um nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi skuldunauts.**

■ **31. gr.** Nú vill skuldunautur, er eigi hyggst geta staðið í skilum við lánardrottna sína, gera nauðasamning, og skal hann þá afhenda skiptarétti þeim, er fara skyldi með skipti á búi hans, skriflega beiðni um það, að hann geri ráðstafanir til samningatilrauna.

□ Beiðni skal fylgja:

1. Greinargerð um orsakir til þess, að skuldunautur leitar nauðasamninga.

2. Efnahagsreikningur skuldunauts, gerður á þeim tíma, að engin veruleg breyting geti hafa orðið á efnahag hans síðan.

3. Sundurliðuð skrá yfir eignir skuldunauts, gerð á sama tíma og efnahagsreikningur hans, og sé í skránni nákvæm skýrsla um fasteignir hans, skip, lausafé, kröfur, er hann á hjá öðrum o. s. frv.

4. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna skuldunauts, nafn hvers lánardrottins, skuldarupphæð, gjalddagi, trygging fyrir skuld o. s. frv.

5. Skrá um bækur þær, er skuldunautur heldur, hvort sem hann er bókhaldsskyldur eða ekki.

6. Drengskaparyfirlýsing um það, að skýrslur hans samkvæmt 1. – 5. tölulið séu gefnar eftir beztu vitund.

7. Frumvarp að nauðasamningi, og sé þar tekið til, hvern hundraðshluta af skuldum sínum aðili hyggst að greiða, hvenær greiðslur eigi að fara fram, hverja tryggingu hann ætli að setja, ef því er að skipta, og annað, er hann vill hafa í nauðasamningi.

8. Meðmæli frá að minnsta kosti ¼ væntanlegra samningsmanna, bæði að tölu og kröfumagni.

9. Fjárhæð, 50 – 200 kr., eftir ákvörðun skiptaréttar, til greiðslu kostnaðar af samningatilraunum.

■ **32. gr.** Þeim, sem ekki hafa rétt til að leita nauðasamninga meðan bú þeirra sætir gjaldþrotameðferð (4. gr.), er og meinað að leita nauðasamninga samkvæmt 31. gr.

□ Nú hefir skuldunautur borið fram frumvarp að nauðasamningi á síðustu 12 mánuðum, er annaðhvort hefir fallið eða verið synjað staðfestingar, og má skiptaráðandi þá ekki taka frumvarp hans til meðferðar, ef ætla má, eftir efni frumvarpsins að dæma, að úrslitin hljóti að verða hin sömu sem síðast.

□ Nú hefir gjaldþrotameðferð á búi skuldunauts lokið svo fyrir misseri eða skemmri tíma, að skuldunaut hefir eigi verið fengið bú sitt til frjáls forræðis eða hann hefir gert nauðasamning fyrir 12 mánuðum og eigi efnt hann, og má þá eigi leita nauðasamninga fyrir hann, nema samþykki og yfirlýsing lánardrottna samkvæmt 5. gr. komi til.

■ **33. gr.** Skiptaráðandi skal þegar skrá í skiptabók athugasemd um, að beiðni samkvæmt 31. gr. sé til hans komin, og nefna fylgiskjöl með henni, enda skal nákvæmlega greina dag og stund, er beiðnin kom í skrifstofu skiptaréttar. Ef þörf þykir, rannsakar skiptaréttur málavöxtu, eftir atvikum með þeim hætti, sem í 17. gr. segir, áður en hann úrskurðar, hvort beiðni skuli taka til greina eða ekki. Einnig kveður skiptaréttur skuldunaut á fund sinn, ef þörf þykir, enda er skiptarétti skylt að leiðbeina skuldunaut og veita honum kost á að lagfæra það, er ábótavant þykir vera um beiðnina eða fylgiskjöl með henni eða annað.

□ Jafnskjótt sem unnt er leysir skiptaréttur úr því, með rökstuddum úrskurði, hvort beiðni skuli taka til greina eða ekki.

□ Ekki skal taka beiðni til meðferðar og niður fella samningatilraunir, ef þær eru byrjaðar, ef

1. svo reynist ástatt sem í 32. gr. segir,

2. skuldunautur veitir skiptarétti ekki þá fræðslu um efnahag sinn, sem hann er krafinn um og máli skiptir, að áliti skiptaréttar, svo og ef skuldunautur þverskallast við fyrirmælum skiptaréttar um meðferð á búi sínu (36. gr.),

3. ekki verður komizt að sæmilega áreiðanlegri niðurstöðu um hag skuldunauts,

4. skuldunautur fer svo úr lögsagnarumdæminu, að ekki verði náð nógu skjótlega til hans, þegar þörf er, að dómi skiptaréttar,

5. víst þykir, að óhjákvæmilegt verði að synja samningi staðfestingar, enda breyti skuldunautur honum ekki í það horf, sem skiptaréttur telur nauðsyn til bera,

6. skuldunautur ívilnar einstökum samningsmönnum meðan á samningatilraunum stendur.

■ **34. gr.** Nú synjar skiptaréttur að taka til greina beiðni samkvæmt 31. gr., og skal hann þegar skýra skuldunaut frá því.

□ Ef beiðnin er tekin til greina, hvort sem það er gert eftir úrskurði skiptaréttar eða úrlausn æðra dóms, þá skal telja samningaráðstafanir byrjaðar frá þeirri stundu, er beiðni um þær kom til skiptaréttar.

■ **35. gr.** Frá því er samningatilraunir byrja (34. gr.) og þar til þeim er lokið má enginn væntanlegra samningsmanna kyrrsetja fjármuni skuldunauts né gera aðför í þeim.

□ Frá upphafi samningstilrauna og þar til atkvæðagreiðslu lánardrottna um nauðasamning er lokið getur enginn samningsmanna látið taka bú skuldunauts til gjaldþrotameðferðar, sbr. þó 36. gr., nema hann hafi til þess samþykki atkvæðismanna, er fari með nægilegt atkvæðamagn til þess að fella nauðasamning. Eftir að samningur er samþykktur og þar til skiptaréttur hefir úrskurðað um staðfestingu hans getur enginn samningsmanna fengið bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskipta.

□ Nú verður bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt kröfu lánardrottins eftir þessari málsgrein, og skal þá telja riftingarfresti (22., 23., 25., 26. og 28. gr. laga nr. 7 13. apr. 1894)[1] til upphafs nauðasamninga (34. gr.).

□ Lánardrottnar þeir, sem nauðasamningur bindur ekki, geta gengið að skuldunaut lögum samkvæmt þrátt fyrir samningatilraunirnar.

[1] *Sjá nú l. 6/1978, VIII. kafla.*

■ **36. gr.** Frá því að beiðni samkvæmt 31. gr. er komin til skiptaréttar og þar til samningagerð er lokið má skuldunautur ekki greiða neinum af væntanlegum samningsmönnum skuldir hans, eindagaðar eða óeindagaðar, né veita neinum samningsmanni ívilnanir fram yfir hina.

□ Skuldunautur fer með bú sitt og heldur áfram atvinnurekstri sínum meðan á samningatilraunum stendur, undir umsjá skiptaréttar eða annars umsjármanns, er skiptaréttur setur, ef honum þykir þess þörf.

□ Skuldunautur má ekki veðsetja eignir sínar frá því að samningatilraunir hófust (34. gr.) og þar til þeim er lokið. Ekki er honum heldur heimilt að selja, leigja eða láta af hendi með öðrum hætti fasteignir sínar né skrásett skip sín. Aðrar eignir getur hann af hendi látið, ef afhendingin verður talin til venjulegra ráðstafana í atvinnurekstri hans. Ekki má skuldunautur heldur taka lán né stofna nýjar skuldir fram yfir það, sem nauðsynlegt er til atvinnurekstrar hans eða heimilisframfærslu að áliti skiptaréttar.

□ Ógildar eru ráðstafanir skuldunauts þær, sem honum eru bannaðar samkvæmt 3. málsgr., nema ákvörðun um samningagerð hafi ekki verið birt (37. gr.) og kaupunaut hafi verið ókunnugt um hana, enda verði honum ekki á þeim ókunnugleika sök gefin. Ef skuldunautur brýtur fyrirmæli þessarar greinar verulega, þá skal skiptaréttur taka bú hans til gjaldþrotaskipta, ef einhver lánardrottna hans krefst þess.

■ **37. gr.** Jafnskjótt sem ákveðið hefir verið, að beiðni samkvæmt 31. gr. skuli til greina tekin, skal skiptaréttur birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði áskorun til allra þeirra lánardrottna skuldunauts, er væntanlegur nauðasamningur bindur og kröfur áttu á hendur honum við upphaf samningatilrauna (34. gr.), um að lýsa fyrir skiptarétti kröfum sínum innan 4 vikna frá síðustu birtingu auglýsingar. [Yfirlýsing skiptaréttar um upphaf nauðasamninga skal einnig þinglýsa á varnarþingi fasteignar eða skrásetts skips, og hennar skal getið á verslanaskrá, ef beiðandi á þessi verðmæti eða rekur atvinnu, sem getið er eða geta ber í verslanaskrá.][1] Fyrir þinglýsingar þessar greiðist ekkert gjald.

□ Eigi missir lánardrottinn kröfu sinnar, þótt hann lýsi henni ekki samkvæmt 1. málsgr., en ekki hefir hann rétt til að taka þátt í meðferð frumvarps að nauðasamningi, nema kröfulýsing hans sé komin til skiptaréttar að minnsta kosti viku fyrir þann fund, er atkvæðagreiðslan um frumvarpið skal byrja. Og ekki skal fresta meðferð frumvarps vegna lánardrottna, er eigi hafa lýst kröfum sínum samkvæmt 1. málsgr.

□ Í auglýsingu þeirri, sem í 1. málsgr. getur, skal einnig boðað til fundar til þess að ræða frumvarp að nauðasamningi, og ef til vill greiða atkvæði um það, og skal ekki hafa þann fund síðar en 14 dögum eftir lok kröfulýsingarfrests.

□ Loks skal skiptaréttur tilkynna öllum væntanlegum samningsmönnum í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti, ef bréf mundu ekki berast nægilega fljótt, að nauðasamninga verði leitað fyrir skuldunaut, að kröfum skuli lýst innan ákveðins tíma (sbr. 1. málsgr.) og að fundur verði haldinn til að ræða og ef til vill greiða atkvæði um frumvarpið (sbr. 3. málsgr.). Ekki raskar það þó gildi nauðasamnings, þó að lánardrottni hafi ekki borizt tilkynning samkvæmt þessari málsgr.

□ Jafnskjótt sem ákveðið hefir verið að taka beiðni skuldunauts til greina skal leggja hana með fylgiskjölum (31. gr.) fram í skrifstofu skiptaréttar til sýnis lánardrottnum, enda eiga þeir rétt á að fá eftirrit af frumvarpi að nauðasamningi fyrir lögmælt ritlaun.

[1] *L. 79/1978, 1. gr.*

■ **38. gr.** Skuldunautur getur afturkallað frumvarp sitt þangað til skiptaréttur hefir lýst því yfir, að atkvæðagreiðsla um það skuli fara fram. Afturköllun skal auglýsa í Lögbirtingablaði og þinglýsa samkvæmt 1. málsgr. 37. gr.

□ Breytingar getur skuldunautur gert á frumvarpi sínu og viðauka við það með sama hætti sem í 6. gr. segir. Sker skiptaréttur svo úr því, hvort frumvarp, þannig breytt, fullnægi lögmæltum skilyrðum til þess að samningatilraunir megi halda áfram.

■ **39. gr.** Að liðnum kröfulýsingarfresti semur skiptaréttur skrá yfir allar framkomnar kröfur, bæði nöfn og heimili lánardrottna, skuldarupphæð eða efni kröfu að öðru leyti, gjalddaga ásamt athugasemd um það, hvort skuldunautur viðurkenni kröfu eða mótmæli henni, hvort krafa sé skildöguð o. s. frv. Einnig gerir skiptaréttur skrá um eignir og skuldir skuldunauts, ef ekki hefir reynzt unnt að fara eftir skrá þeirri, er skuldunautur hefir sjálfur afhent (31. gr.). Skjöl þessi, svo og breytingartillögur og viðaukatillögur skuldunauts við frumvarpið skal leggja fram í skrifstofu skiptaréttar.

■ **40. gr.** Ef nauðsyn ber til, þá getur skiptaréttur tekið sér aðstoð við rannsókn á búinu og eftirlit á kostnað skuldunauts. Skiptaréttur ákveður þóknun til handa aðstoðarmönnum sínum.

■ **41. gr.** Á fundi þeim, sem í 3. málsgr. 37. gr. segir, leggur skiptaréttur fram skjöl þau öll, sem í 31. og 40. gr. getur.

1924 Nr. 19 4. júní

□ Sækja skal skuldunautur þann fund, nema sjúkdómur, veður eða vötn banni. Skal hann senda einhvern góðan mann í stað sinn, ef þess er kostur. Nú telur skiptaréttur víst eða líklegt, að skuldunautur hafi hvorugt mátt gera, og frestar hann þá fundi hæfilegan tíma. Ef skuldunautur sækir ekki fund að forfallalausu, þá falla samningatilraunir niður samkvæmt úrskurði skiptaréttar. Úrskurð skal birta eins og mælt er í fyrri málsgr. 38. gr.

□ Skuldunaut er skylt að veita lánardrottnum sínum á fundi allar þær skýringar og upplýsingar, sem hann má og máli skipta. Einnig er einstökum lánardrottnum skylt að svara spurningum skiptaréttar og annarra lánardrottna um skipti hans við skuldunaut. Ef lánardrottinn svarar ekki, enda þótt telja megi hann munu geta það, eða svarar vísvitandi rangt um veruleg atriði, þá getur skiptaréttur úrskurðað, að hann skuli hafa fyrirgert atkvæðisrétti sínum um frumvarpið. Og auk þess varðar atferli lánardrottins refsingu eftir 147. og 149. gr. alm. hegningarlaga.[1)]

□ Ef fundi er frestað, boðar skiptaréttur til fundar af nýju með þeim hætti, sem honum þykir hlýða.

[1)] *Sjá nú l. 19/1940, 142., 144. og 146. gr.*

■ **42. gr.** Hver sem skuldar þeim, er nauðasamninga leitar, getur, ef nauðasamningur kemst á, dregið frá það, sem hann kann að eiga hjá honum, hvernig sem kröfu og gagnkröfu er varið, enda hafi gagnkröfuhafi eða sá, sem hann hefir erft kröfu eftir, öðlazt hana áður en auglýsing um nauðasamninga var birt (37. gr.), án þess að honum væri þá kunnugt um, að skuldunautur undirbyggi þá eða leitaði nauðasamninga, eða gagnkrafan stafar af skuldbindingu, sem gagnkröfuhafi hefir undirgengizt fyrir þennan tíma, og svo var ástatt um skuldunaut og vitneskju hins, sem fyrr var sagt. Nú leikur vafi á um það, hvenær gagnkrafa er til orðin, og getur gagnkröfuhafi þá staðfest skýrslu sína þar um með eiði fyrir skiptarétti.

□ Meðan samningagerð stendur yfir má skuldunautur ekki framselja viðskiptabréfskröfur sínar með þeim hætti, að skuldajafnaðarheimild glatist, nema aðilja sé sett trygging fyrir því tjóni, er hann kann að bíða þar af.

□ Ef gagnkröfuhafi krefst þess, þá skal skiptaréttur skrá á viðskiptabréf skuldunauts, þegar nauðasamningur er staðfestur, að aðilja sé áskilin skuldajafnaðarheimild samkvæmt þessari grein, þó að bréfið verði framselt, nema gagnkröfuhafa sé sett trygging við tjóni, er hann kynni að bíða, ef skuldajafnaðarheimild hans glatast vegna framsals, og skal þá aðferð hafa, ef bréfið er víxill.

□ Ákvarðanir skiptaréttar um gagnkröfur samkvæmt þessari grein eru ekki bindandi, ef ágreiningur verður síðar um þær.

■ **43. gr.** Þeir, sem öðlazt hafa kröfur á hendur skuldunaut fyrir upphaf nauðasamninga (34. gr.), hafa atkvæðisrétt um þá eftir þeim reglum, sem í 11. – 14. gr. segir.

□ Nauðasamningur tekur yfir óeindagaðar kröfur, en rétt er að draga frá sparisjóðsvexti frá greiðsludegi og til gjalddaga, ef fyrr er greitt.

□ Rétt er að meta til peningaverðs allar kröfur á hendur skuldunaut, er nauðasamningur tekur til, ef það er nauðsynlegt til að koma jöfnuði á milli allra samningsmanna og til að reikna atkvæðamagn með nauðasamningi og móti.

□ Um atkvæðamagn og samþykkt nauðasamninga fer annars eftir 15. og 16. gr.

■ **44. gr.** Nauðasamningur er gildur, þegar skiptaréttur hefir staðfest hann. Fara skal skiptaréttur eftir 17. – 18. gr.

□ Skiptaréttur synjar staðfestingar:

1. Ef það kemur í ljós eftir samþykkt nauðasamnings, að fyrirmæli 32. gr. standa staðfestingu í vegi.

2. Ef svo stendur á sem í 2. – 6. tölul. 20. gr. segir.

■ **45. gr.** Svo fer um skrásetningu nauðasamnings í skiptabók og undirskrift lánardrottna sem í 27. gr. er mælt.

□ Auglýsing og tilkynning um synjun og staðfesting nauðasamnings skal fara eftir 28. gr.

■ **46. gr.** Um verkanir nauðasamnings fer eftir 21. – 26. gr., sbr. 43. gr.

□ Sá er forgangskröfu á á hendur skuldunaut, heldur forgangsrétti sínum þar til mánuði eftir lok nauðasamninga, enda þótt krafan sé þá orðin það gömul, að forgangsréttur á búi skuldunauts væri þá annars glataður.

■ **47. gr.** Skuldunautur, sem hefir í frammi nokkra þá athöfn, sem í 262. og 263. gr. almennra hegningarlaga segir[1)] meðan á nauðasamningatilraunum stendur eða eftir að hann var tekinn að hyggja á slíka samninga, sæti refsingu eftir þeim greinum.

[1)] *Sjá nú l. 19/1940, 250. gr.*

■ **48. gr.** Nú sannast það innan 3 ára frá staðfestingu nauðasamnings:

1. að svo hefir verið farið að sem í 1. og 2. tölul. 29. gr. segir, eða

2. að skuldunautur hefir gerzt sekur samkvæmt 47. gr., eða hefir greint vísvitandi rangt frá í bókum sínum um atriði, sem máli hafa skipt um samþykkt eða staðfestingu nauðasamnings, og fer þá um gildi hans samkvæmt 1. og 2. málsgr. 29. gr.

**IV. kafli. Áfrýjun.**

■ **49. gr.** Ákvörðunum skiptaréttar samkvæmt II. og III. kafla laga þessara má skjóta til hæstaréttar eftir þeim reglum, sem hér segir.

■ **50. gr.** Úrskurði, þar sem beiðni eftir 3. og 31. gr. er tekin til greina, verður ekki áfrýjað.

□ Úrskurði, þar sem synjað er að taka beiðni samkvæmt 3. og 31. gr. til greina, úrskurði, þar sem ákveðið er, að samningatilraunir skuli falla niður eða þar sem nauðasamningi er synjað staðfestingar, getur skuldunautur einn áfrýjað.

□ Öðrum ályktunum skiptaréttar getur hver sá áfrýjað, er ályktun varðar hag hans að lögum.

□ Áfrýjunarfrestur er vika frá uppkvaðning úrskurðar eða frá lokum þeirrar dómsathafnar, er áfrýja skal. Úrskurði um staðfestingu á nauðasamningi má þó áfrýja innan 14 daga.

□ Úrskurði hæstaréttar um þóknun aðstoðarmanna skiptaréttar eftir 40. gr. má fullnægja með aðför í búi skuldunauts, ef á þarf að halda.

■ **51. gr.** Áfrýja má þegar ákvörðunum skiptaréttar, en ekki stöðvar áfrýjun samningatilraunir.

□ Nú er úrskurðað, að samningatilraunir skuli niður falla, eða nauðasamningi er synjað staðfestingar, og

**1924** Nr. 19 4. júní

skal þá ekki telja samningatilraunum lokið fyrr en liðinn er áfrýjunarfrestur, enda sé áfrýjunarbeiðni þá ekki fram komin, eða hæstiréttur hefir staðfest úrskurðinn.

☐ Ef úrskurðað er, að nauðasamning skuli staðfesta, má ekki framselja skuldunaut bú hans né hætta eftirliti fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn, enda hafi ekki verið áfrýjað, eða hæstiréttur hefir staðfest úrskurð skiptaréttar.

■ **52. gr.** ...[1]

☐ Nú þykir hæstarétti málið ekki nægilega skýrt, og leggur hann þá fyrir skiptarétt að afla upplýsinga þeirra, sem vantar. Skal skiptaréttur gera það svo fljótt sem kostur er á, og fer um þá rannsókn eftir 17. og 41. gr. Eftirrit rannsóknar sendir skiptaréttur hæstarétti jafnskjótt sem kostur er ...[1]

[1] *Sbr. l. 85/1936, 224. gr.*

**V. kafli. Um gjöld o. fl.**

■ **53. gr.** Fyrir starfsemi skiptaréttar samkvæmt III. kafla þessara laga skal greiða gjald í ríkissjóð, sem reiknast þannig, í hlutfalli við eignir skuldunauts samkvæmt skýrslu hans eftir 31. gr.: ⅓% af fyrstu 20 000 kr., ⅓% af næstu 80 000 kr., ⅛% af því, sem þar er fram yfir. Þó verður lægsta gjald aldrei minna en 20 kr., og hæsta gjald aldrei meira en 500 kr. Gjaldið reiknast af heilum hundruðum, og tala, sem endar á 50 eða hærri tölu, verður hækkuð í 100, en tala, sem endar á lægri tölu, verður færð niður í 100.

☐ Ef beiðni samkvæmt 31. gr. er synjað, skal gjalda einar 10 kr. Ef samningatilraunir falla niður áður en frumvarp að nauðasamningum er borið upp til atkvæðagreiðslu eða ef samningi er synjað staðfestingar, skal gjalda hálft gjald.

☐ Nú verður bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskipta 4 mánuðum eða fyrr eftir lok samningaumleitana eða eftir staðfestingu nauðasamnings, og skal þá draga það frá skiptagjaldi, sem greitt hefir verið í ríkissjóð vegna samningagerðarinnar. Þegar gjaldþrotameðferð bús lýkur með nauðasamningi, skal aldrei greiða nema ¼ skiptagjalds í ríkissjóð.

■ **54. gr.** Áfrýjandi greiði 20 kr. í ríkissjóð fyrir fyrirtöku máls í hæstarétti, og skal senda skiptarétti gjaldið ásamt áfrýjunarbeiðni, og vottar skiptaréttur um greiðslu þess um leið og hann sendir hæstarétti skjölin. Að öðru leyti greiðast engin gjöld fyrir meðferð máls í hæstarétti.

☐ Hæstiréttur getur gert þeim, er áfrýjað hefir án þess að hann verði talinn hafa haft sæmilega ástæðu til þess, eða fyrir ósæmileg ummæli eða vísvitandi ósannindi í málflutningi, að greiða 20 – 200 kr. sekt til ríkissjóðs.

☐ Að öðru leyti dæmir hæstiréttur engan málskostnað.

■ **55. gr.** Ef skiptaréttur dregur óhæfilega störf þau, sem á honum hvíla samkvæmt lögum þessum, má beita 1. málsgr. 97. gr. skiptalaganna. 100. gr. sömu laga á hér og við.

**1974** Nr. 74 21. ágúst

## Lög um meðferð opinberra mála.

**I. kafli. Um það, til hvaða mála lögin taka.**

■ **1. gr.** Þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara, nema þau sæti meðferð sérdómstóla, er lög þessi taka ekki til.

■ **2. gr.** Einnig skulu eftirfarandi mál sæta rannsókn og meðferð samkvæmt lögum þessum:

1. Mál, sem höfðað er af hálfu ríkisvaldsins til félagsslita samkvæmt ákvæðum stjórnskipulaga um félög.

2. Rannsókn út af brotum barna og unglinga, sbr. lög um vernd barna og ungmenna.

3. ...[1]

4. ...[2]

5. Mál til sviptingar erfðarétti sakir brota erfingja gagnvart arfleifanda eða samerfingja.

6. Mál til upptöku eigna vegna brota á landslögum.

7. Mál til staðfestingar lögbanni við útbreiðslu rita, mynda eða annars slíks, er ríkisvaldið hefur látið banna.

8. Mál vegna heitinga.

9. Mál til ógildingar hjúskap.

10. Mál til ákvörðunar atriða samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga.

11. Mál til brottnáms ólögmæts ástands eða til að koma fram viðurlögum fyrir það, öðrum en refsingu, enda eigi fyrirsvarsmaður almenningshagsmuna aðild.

12. Rannsókn slysa og annarra ófara eða atriða lögum eða venju samkvæmt eða eftir sérstöku boði dómsmálaráðherra.

[1] *L. 44/1981, 23. gr.* [2] *L. 68/1984, 41. gr.*

■ **3. gr.** Kröfur borgararéttar eðlis, er af refsiverðri háttsemi rísa, má hafa uppi, rannsaka og dæma í opinberu máli samkvæmt ákvæðum laga þessara.

**II. kafli. Um dómendur í héraði.**

■ **4. gr.**[1] Sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur og þeir dómarar aðrir, er skipaðir eru til þess að starfa við þessi embætti, svo og sakadómarar í Reykjavík, rannsaka og fara með opinber mál fyrir dómi og kveða upp dóm í þeim.

☐ Í umdæmum utan kaupstaða, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, innir hann af hendi sömu störf í opinberum málum.

[1] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 22. gr.*

■ **5. gr.** [Ríkissaksóknari getur kveðið svo á að rannsókn máls og meðferð, annað hvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík eða annars staðar á landinu þar sem honum þykir best við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lögsagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið. Mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skulu að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík.][1]

☐ Dómsmálaráðherra getur skipað sérstakan dóm, einum eða fleiri dómurum, er halda megi dómþing, hvar sem vera skal á landinu, ef málið þykir ofvaxið hinum reglulega dómanda vegna embættisanna eða af öðrum ástæðum.[2]

☐ Í Reykjavík geta þrír sakadómarar annað hvort eftir ákvörðun yfirsakadómara eða eftir boði dómsmálaráðherra farið með mál eftir rannsókn þess og dæmt það í sameiningu, enda þyki vafi vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði.[3]

☐ [Dómur getur kvatt einn eða tvo kunnáttumenn til dómsstarfa með sér í málum þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf. Sitji tveir menn í dómi og ágreiningur verður á milli þeirra ræður atkvæði dómsformanns.][1]

[1] *L. 27/1985, 1. gr.* [2] *1. júlí 1992 fellur 2. mgr. 5. gr. brott, sbr. l. 92/1989, 22. gr.* [3] *3. mgr. 5. gr. breytist 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 22. gr.*

■ **6. gr.** ...[1]

[1] *L. 28/1981, 44. gr.*

■ **7. gr.**[1] Kirkjudómur fer með refsimál vegna afbrota

biskups og presta þjóðkirkjunnar út af hneykslanlegu framferði þeirra í embættisathöfnum eða einkalífi, enda sé ekki um almenn refsiverð brot að tefla. Forsæti í kirkjudómi skipar viðkomandi héraðsdómari (í Reykjavík sakadómari), en til meðdómenda kveður hann tvo þjónandi þjóðkirkjupresta.

□ Ákvæði 2. og 3. málsgr. 6. gr. eiga með samsvarandi hætti við mál samkvæmt 1. málsgrein.

[1] *1. júlí 1992 breytist 7. gr. Sjá l. 92/1989, 22. gr.*

■ **8. gr.** Skylt er hverjum manni, karli sem konu, er fullnægir lögmæltum skilyrðum, að taka við kvaðningu héraðsdómara til meðdómendastarfa.

□ Undan kvaðningu eru skildir:

1. Dómarar og ritari hæstaréttar, aðrir embættisdómarar og fulltrúar þeirra.
2. Ráðherrar og ráðuneytisstjórar.
3. Biskup og prestar þjóðkirkjunnar, nema í kirkjudómi.
4. Löggiltir málflutningsmenn og fulltrúar þeirra.
5. Embættislæknar og ljósmæður.
6. Ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknarar, sbr. 5. mgr. 20. gr., og fulltrúar ríkissaksóknara.

[7. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, lögreglustjórinn í Reykjavík og fulltrúar þeirra.][1]

[1] *L. 107/1976, 1. gr.*

■ **9. gr.** Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægilegur andlegur þroski og andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25 – 70 ára.
5. Sérþekking á sakarefnum.

■ **10. gr.** Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði.

■ **11. gr.** Um skyldu og skilyrði meðdómenda samkvæmt 8. – 10. gr. dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til hæstaréttar eftir reglum um kæru til æðra dóms. Sama er um forföll meðdómenda.

■ **12. gr.** Áður en meðdómandi tekur til starfa fyrsta sinni, skal hann undirrita í þingbók heit að viðlögðum heiðri sínum og drengskap um það, að hann skuli leysa starfann af hendi, svo sem hann hyggur sannast og réttast og helst að lögum.

□ Um greiðslu til meðdómenda fer samkvæmt 2. málsgr. 203. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.[1]

[1] *1. júlí 1992 breytist 2. mgr. 12. gr. Sjá l. 92/1989, 22. gr.*

■ **13. gr.** Í málum samkvæmt 4. málsgr. 5. gr., kveður héraðsdómari meðdómendur til að frumprófi loknu eða síðar, ef þá reynist ástæða til. Taka meðdómendur þátt í rannsókn, málsmeðferð og dómsuppsögn. Héraðsdómari stýrir dómi og kveður einn upp úrskurði, þá er efni verða til, skipar verjanda, ákveður málshöfðun, gefur út stefnur, nefnir skoðunar- og matsmenn, spyr sökunaut, heitfestir vitni og spyr þau, sér um samningu dóms og afgreiðslu dómsgerða og kemur yfir höfuð fram út á við fyrir hönd dómsins. Í fjölskipuðum dómi löglærðra manna framkvæma þeir allir þessar athafnir.

■ **14. gr.** Nú missir meðdómanda við, og kveður héraðsdómari þá annan til, er taki við máli, þar sem hinn þraut, nema héraðsdómara þyki sérstök ástæða til að endurtaka það, sem áður hefur farið fram í málinu. Annars fer sem í 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði segir.



■ **15. gr.**[1] Dómari getur látið löggiltan fulltrúa sinn framkvæma rannsókn fyrir dómi og kveða upp dóma og úrskurði, enda fullnægi hann skilyrðum 1. málsgr. 33. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

□ Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við á.

[1] *1. mgr. 15. gr. fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 22. gr.*

■ **16. gr.** Málsmeðferð fyrir dómi er opinber, nema dómara þyki ástæður þær, er í 2. mgr. segir, standa því í vegi.

□ Rannsókn fer fram fyrir luktum dyrum:

a. ef dómari telur þess þörf til að leiða sannleikann í ljós, t. d. á frumstigi rannsóknar;
b. til hlífðar sökunaut, þegar sérstaklega stendur á, eða nánustu vandamönnum hans, vitnum eða öðrum;
c. ef sökunautur er undir 18 ára aldri;
d. af velsæmisástæðum eða
e. annars vegna hagsmuna ríkis eða almennings.

□ Dómari getur bannað að skýra opinberlega frá atriðum í opinberri rannsókn eða að gera uppdrætti eða myndir af mönnum í þinghaldi eða öðru, sem þar fer fram eða er til sýnis.

■ **17. gr.**[1] Rannsókn opinberra mála og dómsmeðferð að öðru leyti fer fram fyrir sakadómi og á þeim stað og tíma, sem dómari eða dómsformaður ákveður hverju sinni. Dómsmálaráðherra getur þó, að fengnum tillögum viðkomandi dómara, ákveðið, að sakadóm í kaupstöðum eða kauptúnum, sbr. 2. málsgr. 4. gr., til meðferðar opinberra mála skuli halda ákveðna vikudaga og á ákveðinni klukkustund, ef mál eru fyrir hendi.

[1] *Grein þessi fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 22. gr.*

■ **18. gr.** Hverju héraðsdómaraembætti utan Reykjavíkur og embætti sakadómara í Reykjavík skal fylgja sakadómsbók, ein eða fleiri, þar sem skrá skal að efni til það, sem fram fer í opinberum málum, nema ræður málflytjenda, og sérstök dómabók, þar sem skrá skal dóma í opinberum málum.[1]

□ Nú er rannsókn framkvæmd á hendur sökunaut vegna margra sakaratriða eða á hendur fleiri sökunautum, og skal þá, ef kostur er, skráð þannig í þingbók, að síðar megi, þegar eftirrit er tekið úr bókinni, hafa samfellt eftir föngum það, sem varðar eitt og sama sakaratriði. Dómsmálaráðherra getur sett nánari fyrirmæli um þetta.

□ Rétt er að hraðrita eða taka á talvél skýrslur í opinberu máli.

□ Ríkissaksóknari skal halda sakaskrá fyrir land allt. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli um sakaskrá og sakavottorð.[2]

[1] *1. mgr. 18. gr. breytist 1. júlí 1992. Sjá l. 92/1989, 22. gr.* [2] *Fyrirmæli 69/1971, sbr. augl. 151/1979.*

■ **19. gr.** Ritlaun greiðast ekki fyrir eftirrit úr bókum þeim, er í 18. gr. getur, eða fyrir eftirrit af skjölum, er til opinbers máls heyra, ef eftirritið er nauðsynlegt til sóknar þess eða varnar eða í sambandi við rannsókn þess eða málskot, eða það er veitt til þess að koma fram skaðabótakröfu í opinberu máli eða í þágu handhafa ríkisvaldsins. Eftirrit þessi skal í té láta, svo fljótt sem framast er unnt.

□ Að öðru leyti gilda ákvæði III. kafla laga um meðferð

einkamála í héraði um opinber mál, eftir því sem við getur átt.

**III. kafli. Um ákæruvaldið.**

■ **20. gr.** Ríkissaksóknari fer með ákæruvaldið.

□ Forseti skipar ríkissaksóknara. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í hæstarétti. Ríkissaksóknari nýtur sömu launa og annarra lögkjara sem hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

□ Ríkissaksóknara til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, fulltrúar ríkissaksóknara, svo og saksóknarar, sbr. 5. mgr. þessarar greinar. Allir skulu þeir hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara í störfum sínum.

□ Vararíkissaksóknari skal fullnægja sömu skilyrðum og ríkissaksóknari til skipunar í embætti. Forseti skipar vararíkissaksóknara. Vararíkissaksóknari fer með vald ríkissaksóknara í fjarveru eða forföllum ríkissaksóknara eftir nánari ákvörðun hans.

□ Ef ríkissaksóknari og vararíkissaksóknari anna eigi flutningi mála fyrir dómi auk annarra embættisstarfa, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að við embætti ríkissaksóknara skuli starfa einn eða tveir saksóknarar.

□ Saksóknarar skulu fullnægja sömu skilyrðum og ríkissaksóknari til skipunar í embætti. Forseti skipar saksóknara.

□ Annað starfslið til aðstoðar ríkissaksóknara, þ. á m. fulltrúa með lögfræðiprófi, skipar dómsmálaráðherra með samþykki ríkissaksóknara.

□ Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík.

■ **21. gr.** Ríkissaksóknari skal hafa gætur á afbrotum, sem framin eru. Hann kveður á um rannsókn opinberra mála og hefur yfirstjórn hennar og eftirlit. Getur hann gefið lögreglumönnum fyrirmæli og leiðbeiningar um framkvæmd rannsóknar og verið við hana staddur eða látið fulltrúa sinn vera það. Hann höfðar opinber mál, sbr. þó 112. – 114. gr., tekur ákvörðun um áfrýjun þeirra og gegnir að öðru leyti þeim störfum, sem honum eru falin í lögum.

□ Áður en ríkissaksóknari ákveður málshöfðun á hendur opinberum starfsmanni fyrir brot í starfi, skal hann jafnan leita umsagnar ráðuneytis þess, sem í hlut á. Ráðuneytinu ber að láta ríkissaksóknara í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

□ Haldast skulu sérákvæði í lögum, þar sem svo er mælt, að dómsmálaráðherra kveði á um rannsókn, höfðun og áfrýjun opinberra mála. Þegar svo stendur á, gefur dómsmálaráðherra ríkissaksóknara fyrirmæli um rannsókn og aðrar framkvæmdir og leggur samþykki sitt á ákæruskjal og áfrýjunarstefnu.

□ Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds og getur krafið ríkissaksóknara skýrslna um einstök mál.

■ **22. gr.** Þegar ríkissaksóknari er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Nú berst ráðherra slík tilkynning eða hann fær vitneskju um það með öðrum hætti, og skipar hann þá vararíkissaksóknara eða annan löghæfan mann, sbr. 2. mgr. 20. gr., til meðferðar þess máls.

□ Nú er ríkissaksóknari settur samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og ákveður dómsmálaráðherra honum þá þóknun fyrir starf hans.

■ **23. gr.** Nú skal mál því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við, og skal handhafi ákæruvalds og dómari rannsaka það af sjálfsdáðum, hvort sá, er málshöfðunar krefst, er réttur málsaðili. Ef svo þykir ekki vera, skal málshöfðunar synja og vísa máli frá dómi, ef það hefur farið til dóms.

□ Ef verknaður felur bæði í sér brot, er opinberri málshöfðun skal sæta, og brot, er sætir málshöfðun einstaks aðila, getur ríkissaksóknari höfðað mál fyrir bæði brotin, ef sá aðili óskar þess, enda ber þá að dæma þau og ákveða refsingu í einu lagi. En láta skal þó mál falla niður fyrir það brot, er einstakur aðili átti sök að, ef hann krefst þess, uns dómur er upp kveðinn í héraði.

■ **24. gr.** [Nú þykir verknaður að vísu refsiverður að landslögum, en þó þykir mega telja, að hvorki almenningshagsmunir né almenningsálit krefjist málshöfðunar né refsidóms, svo sem ef langt er liðið síðan brot var framið, án þess þó að refsikrafa sé fyrnd, og sökunautur hefur síðan hegðað sér óaðfinnanlega, ef telja má álit manna á verki hafa breyst sökunaut í hag síðan refsiákvæði var sett, ef telja má brot mjög lítilsvert eða miklar eru málsbætur, brot hefur valdið sökunaut sjálfum sérstaklega óvenjulegum þjáningum o. s. frv., og getur þá héraðsdómari, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins eða lögreglustjóri sent ríkissaksóknara tillögur um niðurfellingu saksóknar. Ríkissaksóknari getur bæði að tillögu framangreindra aðila og af sjálfsdáðum lagt til, að saksókn verði felld niður. Dómsmálaráðherra ákveður síðan eða gerir tillögu um, hvort neyta skuli heimildar stjórnarskrár, eða annarra laga, er þar um kynnu að vera sett, um niðurfellingu saksóknar.][1]

□ Binda má niðurfelling saksóknar skilyrðum, svo sem að sökunautur sæti eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar, að honum verði komið í vist á góðu heimili tiltekinn tíma, að hann fremji ekki refsiverðan verknað tiltekinn tíma, allt að fimm árum, neyti ekki áfengra drykkja eða deyfilyfja tiltekinn tíma, greiði tiltekna sekt eða bætur, ef því er að skipta o. s. frv.

[1] *L. 107/1976, 2. gr.*

**IV. kafli. Um varnarþing.**

■ **25. gr.** Aðalrannsókn opinbers máls fyrir dómi skal þar fara fram, sem varnarþing þess er samkvæmt ákvæðum þessa kafla, að svo miklu leyti sem því verður við komið. En auk þess skal rannsaka mál þessi fyrir dómi eða utan dóms eftir þörfum, þar sem hentugt og nauðsynlegt þykir.

□ Dómara opinbers máls er rétt að sækja eða láta sækja sökunaut í annað lögsagnarumdæmi og láta birta þar stefnur og aðrar tilkynningar án atbeina héraðsdómara þar.

□ Nú leikur vafi á því, hvaða héraðsdómari eigi að rannsaka opinbert mál eða hvar hagfelldast sé, að rannsókn þess fari fram, og má þá bera þessi atriði undir ríkissaksóknara, sem sker úr því til fullnaðar. Með sama hætti getur ríkissaksóknari af sjálfsdáðum kveðið á um það, fyrir hvaða dómi rannsókn skuli fara fram.

■ **26. gr.** Nú er einn maður fyrir sök hafður, og má mál þá höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem brot var framið (brotavarnarþing). Nú er vafasamt, í hvaða lögsagnarumdæmi telja skal brot framið eða eitt eða fleiri brot eru framin í fleirum en einu lögsagnarumdæmi, og má þá höfða mál í hvoru eða hverju þeirra, sem hagfelldast þykir.

□ Nú verður því ekki komið við eða óhagfellt þykir að höfða mál á brotavarnarþingi, og má þá mál höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem sökunautur kann að hafa verið handtekinn, eða þar sem brotið kemst upp eða á heimilis- eða dvalarvarnarþingi hans hér á landi, eftir því sem við verður komið eða hagfelldast þykir.

■ **27. gr.** [Nú er brot framið hér á landi utan allra lögsagnarumdæma og ákvæðum 26. gr. verður ekki við komið, og ákveður ríkissaksóknari þá, hvar mál skuli höfðað.][1)]

□ Ef brot er framið á íslensku skipi eða flugfari utan íslenskrar hafnar, má höfða mál út af því í lögsagnarumdæmi, þar sem skipið eða flugfarið tekur fyrst höfn þar eftir hér á landi, nema ríkissaksóknara þyki hagfelldara að reka það annars staðar. Ef ekki hefur þá verið ger reki að málinu, skal fara eftir fyrirmælum 1. málsgreinar.

□ Nú er brot framið erlendis og sótt verður hér á landi sök út af því, og má þá sækja hana þar, sem sökunautur stígur hér fyrst þar eftir á land, nema ríkissaksóknara þyki hentara að reka það annars staðar. Nú hefur þá ekki verið ger reki að málinu, og fer þá eftir 1. mgr.

[1)] *L. 107/1976, 3. gr.*

■ **28. gr.** Nú eru fleiri menn en einn á refsiverðan hátt riðnir við brot, eitt eða fleiri, og skal þá að jafnaði sök sækja í einu lagi á hendur þeim báðum eða öllum, enda þótt þeir eigi ekki sama varnarþing samkvæmt ákvæðum undanfarandi greina, þar sem sækja má einn þeirra eða fleiri samkvæmt ákvæðum hér að framan. Ef mál hefur verið höfðað gegn einum eða fleirum sér í lagi eða sitt í hvoru eða hverju lögsagnarumdæmi, getur ríkissaksóknari ákveðið, að það eða þau skuli niður falla og sökunautar sóttir í einu máli á sama varnarþingi. Með sama hætti getur hann kveðið svo á, að aðgreina skuli mál, er höfðuð hafa verið saman á hendur fleiri en einum manni, ef hann telur málin ekki saman eiga eða óhentugra að sækja þau í einu lagi.

□ Nú hafa fleiri menn en einn framið brot saman, en sumir þeirra eða allir hafa einnig framið önnur brot, og skal þá að jafnaði höfða mál út af öllum brotunum í einu lagi.

■ **29. gr.** ...[1)]

□ Ríkissaksóknari getur, eftir því sem honum virðist henta, valið á milli brotavarnarþings, handtökuvarnarþings og heimilis- og dvalarvarnarþings eða annars varnarþings, ef það þykir hentugra til þess að afla sakargagna, til að hraða máli eða vegna ráðstafana, sem gera þarf gagnvart sökunaut. Ákvörðunum ríkissaksóknara um þessi efni verður ekki haggað í dómi, enda verður málsmeðferð í héraði ekki ómerkt af því einu, að mál hafi verið sótt á röngu varnarþingi.

[1)] *L. 107/1976, 4. gr.*

■ **30. gr.** Mál samkvæmt 2. gr. laga þessara skal höfða á varnarþingi, sem ríkissaksóknari ákveður.

■ **31. gr.** Ákvæði þessa kafla taka og til þeirra mála, er því aðeins skal höfða, að sá krefjist þess, er misgert er við, eftir því sem við getur átt.

**V. kafli. Um lögreglumenn og upphaf rannsóknar.**

■ **32. gr.** [Sýslumenn eru lögreglustjórar utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Þar sem sérstakir lögreglustjórar eru skipaðir fara þeir með lögreglustjórn. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir lögreglumenn, aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra.[1)]

□ Lögreglustjórar, þar með talinn rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, halda uppi löggæslu hver í sínu umdæmi. Skulu þeir, er þeir telja heppilegt eða nauðsynlegt, hefja rannsókn vegna gruns um, að refsivert verk hafi verið unnið, hvort sem þeim hefur borist kæra eða ekki. Háðir eru þeir fyrirmælum ríkissaksóknara í þessum efnum.

□ Lögreglan (rannsóknarlögregla ríkisins) fer með frumrannsókn opinberra mála, að því leyti sem slík rannsókn er ekki falin öðrum stjórnvöldum (landhelgisgæslu, rannsóknardeild ríkisskattstjóra, rannsóknardeild tollgæslu o. s. frv.) eða dómstólum lögum eða venju samkvæmt. Markmið frumrannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að handhafa ákæruvalds sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað, og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar, sbr. þó 73. gr.

□ Rannsóknarlögregla ríkisins annast frumrannsókn brota samkvæmt þeim reglum, sem greinir í lögum um hana.

□ Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota að fengnum tillögum ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og lögreglustjóra í Reykjavík.[2)]][3)]

[1)] *1. mgr. 32. gr. breytist 1. júlí 1992. Sjá l. 92/1989, 22. gr.* [2)] *Rg. 152/1979 (um töku, meðferð og geymslu fingrafara og ljósmynda hjá lögreglu).* [3)] *L. 107/1976, 5. gr.*

■ **33. gr.** Hver, sem skipaður er lögreglumaður, skal hafa lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfans. Skulu þeir einir valdir til starfans, sem telja má valinkunna og vandaða. Allir lögreglumenn, bæði þeir, sem nú eru, og þeir, er síðar verða skipaðir, skulu vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður, að lögreglumannsstarfa minn skal ég rækja með kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og öðrum lögum þess.

□ [Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu lögreglumanna, prófkröfur og önnur hæfisskilyrði að fengnum tillögum ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og lögreglustjóra í Reykjavík. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur umsjón með kennslu og prófun lögreglumanna í öllu, er lýtur að rannsókn brota.[1)]][2)]

□ Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum erindisbréf.

[1)] *Rg. 660/1981 (um veitingu lögreglustarfs, lögregluskóla o. fl.), sbr. rg. 459/1988.* [2)] *L. 107/1976, 6. gr.*

■ **34. gr.** Lögreglumönnum ber að sýna árvekni í starfa sínum og kunna glögg skil á ábyrgð þeirri, sem starfa þeirra fylgir. Hlutverk þeirra er að halda uppi lögum og reglu, greiða götu manna, þar sem það á við, stemma stigu við ólögmætri hegðun og vinna að upplýstran brota, sem framin eru, og vera rannsóknardómara til aðstoðar í hvívetna. Þeir skulu kynna sér þau lög og reglur, sem þeir eru settir til að viðhalda, svo sem refsilöggjöf, umferðarlöggjöf, áfengislöggjöf, lögreglusamþykktir o. s. frv. Þeir skulu vera kunnugir staðháttum á starfssvæði sínu, svo sem föng eru á, og vita skil á brotamönnum og háttum þeirra. Þeim ber að afla sérstakrar þekkingar og æfingar í rannsókn vettvangs, þannig að sakargögn fari ekki forgörðum. Kunna skulu þeir að taka skýrslur af mönnum, færa þær skilmerkilega í letur og rita greinargóðar frásagnir um atburði í starfa sínum.

■ **35. gr.** Nú fá lögreglumenn vitneskju eða rökstuddan grun um, að refsiverð háttsemi, er beri undir opinbera ákæruvaldið, hafi drýgð verið í umdæmi þeirra, hvort sem það er fyrir kæru eða skýrslu annarra manna eða með öðrum hætti, og ber þeim þá að hefja af sjálfsdáðum rannsókn málsins og gera þær ráðstafanir, sem löglegar, nauðsynlegar og heppilegar eru til að afla sakargagna og gæta þess, að þau spillist ekki, svo og framkvæma hvað eina, er horfir til glöggvunar á málavöxtum og lög leyfa, svo sem:

1. Leita þeirra, sem brot hafa framið eða grunaðir eru um brot, prófa þá m. a. um háttsemi og dvalarstaði á þeim tíma, sem brot var framið.

2. Finna sjónarvotta og heyrnar og aðra, sem skýrslu kunna að geta gefið til skýringar sakaratriðum, og prófa þá, svo fljótt sem kostur er, þ. á m. afla sem nákvæmastrar frásagnar um orð, útlit og háttsemi grunaðs manns, og þess, sem kveðst hafa orðið fyrir broti, þegar eftir að það tjáist hafa verið framið, athuga fjármeðferð og efnahag grunaðs manns, bæði fyrir brot og eftir, er því er að skipta.

Þegar sannreyna skal, hvort maður endurþekki annan mann, skal hann látinn benda á þann mann í hópi manna, ef þess er kostur.

3. Rannsaka vettvang, gera af honum glöggvan uppdrátt, framkvæma þar mælingar, afgirða hann eða teppa umferð um hann í bili og varna þar við röskun á ummerkjum, uns vettvangsrannsókn hefur farið fram.

4. Hafa uppi á munum, sem brot hefur verið framið með eða ætla má til þess ákveðna, svo og munum, sem brot hefur komið niður á eða gerðir hafa verið með refsiverðum verknaði, og athuga, hvort grunaður maður hefur nokkra þá muni í vörslum sínum, er benda til vistar hans á vettvangi.

5. Athuga, hvort verknaður hefur látið eftir sig merki á mönnum eða munum, svo sem á líkama manna, klæðum, hjólför á vegi, merki eftir verkfæri, fingraför og fóta, og rannsaka eða láta rannsaka þau.

6. Hlutast til um sérfræðilega rannsókn á mönnum, munum og vettvangi, eftir því sem ástæða er til, svo sem blóðrannsókn og aðra læknisrannsókn, efna- og eðlisfræðilega rannsókn, leturrannsókn o. s. frv.

7. Annast töku ljósmynda af vettvangi, mönnum og munum eftir þörfum.

□ [Gefa skulu lögreglumenn yfirmanni sínum eða dómara skýrslu um aðgerðir sínar, svo fljótt sem unnt er.][1)]

□ Nú er svo mælt í lögum, að einstakur maður eigi ákæruvald eða skuli taka þátt í því, og skulu lögreglumenn þá tilkynna yfirboðara sínum málavöxtu og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda það ástand sem er, eða til þess, að síðari rannsókn megi fara sem heppilegast fram, ef reki verður gerður að málinu samkvæmt kröfu aðila.

[1)] *L. 107/1976, 7. gr.*

■ **36. gr.** Nú fer maður með starfa og brýtur öryggisreglur, sem um hann eru settar, og skal lögreglumaður þá til bráðabirgða varna honum að rækja starfann, m. a. með því að taka af honum atvinnuskírteini, stöðva farartæki hans, loka starfhýsi hans eða með öðrum viðeigandi hætti, ef það er nauðsynlegt til að afstýra hættu eða brot er stórfellt.

■ **37. gr.** Við yfirheyrslu, leit, kyrrsetningu muna og aðra rannsókn skal lögreglumaður hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott hið fæsta, sé þess kostur.



■ **38. gr.** Lögreglumenn skulu gæta þess í störfum sínum, að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er, eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann neins konar harðræði fram yfir það, sem nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum, né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum o. s. frv.

□ Nú telur maður sig sæta ólögmætum harðræðum af hendi lögreglumanns, og á hann þá rétt á því að koma fyrir yfirmann lögreglumannsins, svo fljótt sem kostur er, og bera fram kvörtun fyrir honum.

■ **39. gr.** Lögreglumenn skulu stöðugt miða alla rannsókn sína við það, að leiða hið sanna og rétta í ljós í hverju máli, sem þeir hafa til meðferðar, og rannsaka jöfnum höndum þau atriði, sem benda til sektar sakaðs manns og sýknu. Þeir taka skýrslur af grunuðum mönnum og vitnum, ...[1)] Lögreglumaður lætur þann, sem hann prófar, fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir honum að gefa sönn og rétt svör við spurningum og draga ekkert undan, er máli kann að skipta, og ganga skal úr skugga um það, ef ástæða er til, hvort skýrsla prófaðs manns er reist á sjálfs hans skynjan eða sögusögn annarra. Þess skal jafnan gætt vandlega, að svör manna við spurningum séu skilmerkileg og rétt færð í letur og sem orðréttast, einkum ef um svör grunaðra manna er að tefla.

[1)] *L. 107/1976, 8. gr.*

■ **40. gr.** Sökuðum manni, sem lögreglumaður yfirheyrir, skal á það bent, að honum sé óskylt að svara spurningum, er beinlínis varða brot það, sem hann er grunaður um, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag.

□ Spurningar lögreglumanna skulu vera skýrar, stuttar og ótvíræðar. Ekki mega þeir reyna með nokkrum hætti að rugla mann með ósannindum eða á annan hátt, þannig að verða kynni til þess, að hann vissi miður en ella, hverju hann svaraði, eða til þess, að hann svaraði röngu. Þá mega þeir ekki gefa sökuðum manni fyrirheit um ívilnanir eða friðindi, ef hann meðgangi, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða það sé ekki á valdi þeirra að veita þau.

□ Ekki má prófa mann lengur en 6 klukkustundir í einu, enda fái hann að öðru leyti nægilegan svefn og hvíld. Skal hverju sinni bókað, hvenær prófun hefst og hvenær henni lýkur.

□ Lögreglumenn skulu spyrja hvern mann sér án viðurvistar annarra sakaðra eða vitna, uns ástæða kann að verða til samprófunar á síðara stigi rannsóknar.

□ Nú skal spyrja barn yngra en 16 ára, og skal þá tilkynna það barnaverndarnefnd, ef þess er kostur, og getur nefndin þá sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrslurnar.

□ Nú kann prófaður maður ekki íslensku eða skjali þarf að snúa af íslensku á erlent mál eða af erlendu máli á íslensku, og skal þá, ef kostur er og þurfa þykir, kveðja löggiltan dómtúlk og skjalþýðanda til aðstoðar. Annars kostar skal fá þann, er færastan má telja.

□ Lögreglumenn gera skriflegar og nákvæmar skýrslur

um rannsókn sína og staðfesta þær fyrir dómi samkvæmt ákvörðun dómara.

□ [Að lokinni frumrannsókn sendir sá, sem henni hefur stjórnað, ríkissaksóknara endurrit af rannsókninni. Ríkissaksóknari getur mælt fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir, ef hann telur nauðsyn á. Mál, sem ætla má að afgreiða megi án málshöfðunar samkvæmt ákvæðum 112. gr., sendir lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri ríkisins) til viðkomandi dómara. Telji dómari mál, sem honum eru þannig send, ekki falla undir ákvæði 112. gr., sendir hann þau áfram til ríkissaksóknara til frekari ákvörðunar.][1]

[1] *L. 107/1976, 9. gr.*

■ **41. gr.** Skylt er mönnum að viðlögðum sektum, ef þeir eru til þess kvaddir og ef þeir mega án hættu fyrir líf eða heilsu sína eða vandamanna eða annarra, sem þeir eiga að annast, eða án tilfinnanlegs atvinnutjóns, að veita rannsóknardómara og lögreglumönnum lið í þarfir opinberrar rannsóknar. Svo er manni og undir sama skilorði skylt að láta lögreglumönnum í té muni, er hann ræður yfir, í þarfir opinberrar rannsóknar, svo sem hús og flutningatæki, en hafa skal hann endurgjald fyrir verk og annað, er hann lætur lögreglumönnum í té samkvæmt þessari grein, og fer um það sem um annan sakarkostnað.

□ Undanþegnir skyldunni eru nánustu vandamenn sökunauts.

■ **42. gr.** Nú telur [lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri ríkisins)][1] ekki ástæðu til þess að sinna framkominni kæru eða til að halda áfram rannsókn út af henni, og er honum þá skylt að láta kæranda í té skriflega ályktun sína þar um ásamt skjölum eða eftirriti af skjölum þeim, er málið varða. Og getur kærandi þá borið málið undir ríkissaksóknara, sem tekur ákvörðun um, hvort kæru skuli sinnt eða rannsókn haldið áfram.

□ Nú hafa lögreglumenn framkvæmt rannsókn á hendur tilteknum sökuðum manni, en ekki hafa sakaratriði eða sakargögn þótt nægileg til ákæru, og á þá eigi að halda rannsókn áfram eða taka hana upp af nýju gegn þeim manni, nema ný sakargögn séu fram komin eða þau séu líkleg til að koma fram, enda sé refsikrafa þá eigi fyrnd að lögum eða saksókn niður felld samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þó gildir áðurgreint ákvæði ekki, ef rannsókn má telja líklega til styrktar skaðabótakröfu vegna brots, ef það þykir standa aðila á nægilega miklu að koma fram skaðabótakröfu sinni.

□ Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni verið felld niður, og á hann þá rétt á vottorði [lögreglustjóra (rannsóknarlögreglustjóra ríkisins)][1] um það.

[1] *L. 107/1976, 10. gr.*

**VI. kafli. Um hald á munum.**

■ **43. gr.** Leggja skal hald á muni, sem ætla má, að hafi sönnunargildi í opinberu máli, þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ætla má, að þeir verði gerðir upptækir.

□ Til muna í þessu sambandi teljast einnig skjöl.

■ **44. gr.** Hald má leggja á bréf, símskeyti og aðrar sendingar og muni, sem eru í vörslum pósts og síma, enda sé það gert til rannsóknar á ætluðu broti, er varðað getur 100 000 króna[1] sekt, og heimilt væri að kyrrsetja og athuga slík skjöl og muni, ef komin væri í hendur viðtakanda. Tilkynna skal sendanda og viðtakanda tökuna, ef þeir hafa ekki verið viðstaddir. Dómari kveður á með úrskurði um rannsókn á efni slíkra skjala og sendinga.

[1] *Gamlar krónur.*



■ **45. gr.** Hverjum, sem löglega handtekur sakaðan mann, framkvæmir rannsókn á vettvangi, gerir leit í húsum eða annars staðar eða leit á mönnum, er rétt að leggja hald á muni, sem þá finnast og telja má til sakargagna. En tilkynna skal þetta dómara, svo fljótt sem verða má.

■ **46. gr.** Í þarfir rannsóknar brots má loka herbergjum eða húsum, afgirða ákveðin svæði eða varna mönnum för um þau, gefa út bann við að taka muni úr ákveðnu takmarki o. s. frv.

■ **47. gr.** Dómari getur, þegar öryggi ríkisins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, úrskurðað hlustanir í síma, sem sökunautur hefur eða ætla má hann nota.

**VII. kafli. Um leit.**

■ **48. gr.** Nú er rannsókn háð vegna brots, er varðað getur annað hvort 100 000 króna[1] sekt eða sekt og upptöku eignar, og er þá rétt að gera leit í húsum sakaðra manna, geymslustöðum, hirslum, skipum og öðrum farartækjum að munum, sem hald skal á leggja, eða annars til öflunar sakargagna.

□ Leit má gera hjá öðrum mönnum en sökuðum, þegar slíkt brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn eða gildar ástæður eru til að ætla, að þar finnist munir, sem hald ber að leggja á, eða önnur sakargögn, þar á meðal bækur, bréf og önnur skjöl.

[1] *Gamlar krónur.*

■ **49. gr.** Leit að manni, sem handtaka skal eða leiða á fyrir rannsóknara eða dómara, má gera í húsi hans og húsum annarra manna, ef gild ástæða er til að ætla, að sá, sem leitað er, haldi sig þar.

■ **50. gr.** Í húsakynnum, sem opin eru almenningi, og í húsum, þar sem lausungarlýður og brotamenn venja komur sínar, má leit gera, er þörf þykir, þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 48. og 49. greinar.

■ **51. gr.** Leit samkvæmt 48. og 49. gr. skal ákveðin í úrskurði dómara. Þó er lögreglumönnum jafnan rétt að framkvæma leit af sjálfsdáðum, ef bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

■ **52. gr.** Húsráðanda eða staðar, þar sem leit er gerð, skal veittur kostur á að vera viðstaddur leitina, ef unnt er. En ef hann er fjarverandi, skulu heimilisfastir venslamenn hans, þjónar eða aðrir til þess kvaddir.

■ **53. gr.** Leit má framkvæma á hvaða degi, sem vera skal, og á öllum tímum sólarhrings, ef hún þolir ekki bið.

■ **54. gr.** Leit á manni og líkamsskoðun má gera, ef hann er sakaður um brot, er varðað getur 100 000 króna[1] sekt eða sektum og upptöku eigna. Má m. a. taka honum blóð og framkvæma á honum aðra þá rannsókn, er gerð verður á honum heilsu hans að meinalausu.

[1] *Gamlar krónur.*

■ **55. gr.** Á öðrum en sökuðum manni má leit gera, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi á sér muni, er hald skal á leggja, eða vitneskja fáist við leitina um sakaratriði, enda geti brot það, sem rannsakað er, varðað 100 000 króna[1] sekt eða sekt og upptöku eigna.

[1] *Gamlar krónur.*

■ **56. gr.** Um leit og líkamsrannsókn samkvæmt 54. og 55. gr. skal kveðið á með úrskurði dómara. Þó er lögreglumanni rétt að ákveða slíka rannsókn, ef henni má eigi fresta, uns úrskurður dómara er fenginn.

□ Leit og líkamsrannsókn á konum skal framkvæmd af konum eða lækni, ef því er að skipta.

■ **57. gr.** Af mönnum má taka myndir og fingraför í þarfir opinberrar rannsóknar.

■ **58. gr.** Haldast skulu sérákvæði í lögum um leit í húsum og á mönnum, svo og um líkamsrannsóknir.

**VIII. kafli. Um handtöku.**

■ **59. gr.** Rétt er dómara jafnan að gefa skipun um handtöku grunaðs manns, er það má telja nauðsynlegt vegna rannsóknar máls. Slíka skipun getur dómari þó ávallt gefið, ef maður sinnir ekki að nauðsynjalausu kvaðningu um að koma fyrir lögreglumann eða dómara.

□ Rétt er dómara að gefa út handtökuskipan, birta hana opinberlega og skora á hvern sem er að framkvæma hana:

1. Ef handtekinn maður víkur úr gæslu eða refsivist eða maður brýtur bann dómara við för úr ákveðnu marki eða firrir sig eftirliti, sem dómari hefur sett honum.

2. Ef ókunnugt er um dvalarstað manns, sem sakaður er um brot, sem varðað getur 100 000 króna[1] sekt eða 6 mánaða refsivist.

[1] *Gamlar krónur.*

■ **60. gr.** Heimilt er einstökum manni að handtaka mann:

1. Ef dómari hefur skipað handtöku samkvæmt 59. gr., 2. mgr.

2. Ef hann stendur mann að háttsemi, sem varðað getur refsivist og sætir opinberri ákæru.

3. Ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli.

□ Handtekinn mann skal tafarlaust leiða fyrir lögreglumann eða dómara.

■ **61. gr.** Skylt er lögreglumönnum að handtaka mann eftir skipun dómara. Þeim er og rétt að taka mann fastan án dómsúrskurðar:

1. Ef þeir standa hann að refsiverðri hegðun, enda sæti brotið opinberri ákæru.

2. Ef maður er grunaður um brot og gefur ekki lögreglumanni skýrslu um nafn sitt og heimilisfang eða reikar um heimilislaus.

3. Ef það þykir nauðsynlegt grunuðum manni eða öðrum til varnar.

4. Ef það þykir nauðsynlegt til þess að aftra grunuðum manni frá því að spilla sakargögnum eða fara úr lögsagnarumdæmi eða torvelda rannsókn máls að öðru leyti, enda megi telja varhugavert að bíða skipunar dómara.

5. Ef maður hefur leyfislaust farið úr gæslu eða firrt sig eftirliti, sem honum hefur löglega verið sett.

6. Ef maður hefur ekki forfallalaust gegnt kvaðningu lögreglumanns til að gefa skýrslu í opinberu máli.

7. Ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli, eða hefur hér ekki landvistarleyfi.

□ Lögreglumaður skal hverju sinni meta, hvort nauðsyn sé handtöku þegar í stað, t. d. vegna hættu á undanskoti sakargagna, flótta sakaðs manns, framhaldi refisverðrar háttsemi o. s. frv.

□ Alþingismenn má ekki taka fasta, meðan Alþingi stendur, nema þeir séu staðnir að glæp.

□ [Handtekinn maður á rétt á skipuðum réttargæslumanni þegar eftir handtöku og ber þeim, er handtöku framkvæmir, að skýra honum frá þessum rétti. Réttargæslumaður ber skyldur og réttindi sem verjandi eftir 86. gr. Handteknum manni er heimilt eftir handtöku að hafa samband við ættingja eða aðra vandamenn, nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins.][1]

[1] *L. 53/1979, 1. gr.*

■ **62. gr.** Rétt er lögreglumönnum án dómsúrskurðar að leita manns, sem handtaka skal, á heimili hans, í sjálfs hans húsi eða skipi, eða í húsi, sem stendur opið almenningi, svo og í öðrum húsum eða skipum, ef honum er veitt þangað eftirför, eða hætta er á því, að hann spilli sakargögnum eða komi sér undan, ef beðið er dómsúrskurðar.

■ **63. gr.** Mann, sem tekinn hefur verið fastur, skal leiða fyrir dómara án undandráttar, enda sé hann ekki þegar látinn laus eða fluttur aftur í gæslu, sem hann hefur sætt samkvæmt dómsúrskurði. Nú verður handtekinn maður, sem sakaður er um refsivert athæfi, ekki þegar í stað leiddur fyrir dómara, og er þá heimilt að hafa hann í haldi, uns til dómara næst, enda sé kyrrsetning hans og einangrun nauðsynleg vegna rannsóknar málsins, svo sem vegna hættu á því, að hann beri sig saman við samseka menn eða vitni, spilli sakargögnum, skjóti þeim undan eða komi sjálfum sér undan.

□ Nú hafa lögreglumenn handtekið mann, án þess að hann sé sakaður um refsiverða hegðun, sbr. 7. tl. 61. gr., og skal þá tilkynna dómara handtökuna tafarlaust, enda geri hann þá viðeigandi ráðstafanir, svo fljótt sem verða má.

■ **64. gr.** Þess ber lögreglumönnum að gæta eftir föngum, þar á meðal með leit á manni án dómsúrskurðar, að maður, sem tekinn hefur verið fastur, geti ekki unnið tjón á sjálfum sér, og að hann hafi þá aðbúð, að ekki verði heilsu hans eða lífi hætta búin, meðan hann er í gæslu. Sjúka menn, þungaðar konur eða konu, sem hefur barn á brjósti, skal ekki láta í venjulega fangaklefa, heldur veita þeim þá aðbúð, sem þeim hæfir. Sömu meðferð skal að jafnaði hafa á börnum undir 16 ára aldri.

□ Ákvæði 2. mgr. 38. gr. eiga hér við.

■ **65. gr.** Lögreglumönnum er rétt að taka grunaða menn undir gæslu án handtöku, þar á meðal banna þeim för úr ákveðnu takmarki um stund eða fela öðrum eftirlit með þeim.

**IX. kafli. Um gæsluvarðhald og aðra gæslu á sökunaut.**

■ **66. gr.** Þá er handtekinn maður hefur verið leiddur fyrir dómara, skal hann, nema sökunautur hafi þegar verið látinn laus, innan sólarhrings leggja rökstuddan úrskurð á það, hvort sökunautur skuli settur í varðhald eða ekki. Nú hefur sökunautur ekki verið tekinn fastur, og getur þá dómari þegar í frumprófi ákveðið, að hann skuli setja í varðhald. Svo getur dómari, á hvaða stigi rannsóknar sem er, ákveðið, að varðhaldi skuli beita, og sömuleiðis látið sökunaut lausan úr varðhaldi, jafnskjótt sem honum þykir ástæðulaust að beita því lengur. Gæsluvarðhaldi skal jafnan markaður ákveðinn

tími, sem dómari getur þá stytt eða lengt með úrskurði annan ákveðinn tíma, ef ekki þykir fært að láta sökunaut lausan.

■ **67. gr.** Mann má því aðeins setja í gæsluvarðhald, að ástæða þyki til þess að ætla, að hann hafi gerst sekur um refsiverða hegðun. Gæsluvarðhaldi skal að jafnaði beita:

1. Ef ætla má, að sökunautur muni torvelda rannsókn málsins, ef hann hefur óskert frelsi sitt, svo sem með því að afmá merki eftir brotið eða merki, er í sambandi við það standa, skjóta undan munum eða öðrum gögnum, er brotið varða, hafa áhrif á vitni eða samseka.

2. Ef sökunautur hefur strokið, falið sig eða farið út úr ákveðnu marki eða gert tilraun í þá átt, eða líklegt þykir, að hann muni gera það, eða hann hefur ekki sinnt kvaðningu dómara.

3. Ef sökunautur reikar um án þess að hafa fast heimili eða dvalarstað, svo að vitað sé, ef telja má, að hann hafi ekki möguleika til þess að hafa löglega ofan af fyrir sér, eða ef hann er útlendingur og sennilegar skýrslur vantar um hann sjálfan eða heimilisfang hans.

4. Ef ætla má, að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.

5. Ef ætla má, að hann haldi áfram brotum, ef hann er látinn vera laus, meðan máli hans er ekki lokið.

6. Ef varðhald má telja nauðsynlegt til þess að verja aðra fyrir árásum sökunauts eða hann fyrir árásum eða áhrifum annarra manna.

□ Enn fremur má setja þann í varðhald, er heitast hefur við annan mann, ef það telst nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum þess, er fyrir þeim sökum er hafður.

■ **68. gr.** Ef sökunautur er fyrir dómi, þegar úrskurður um gæsluvarðhald er kveðinn upp, þá skal honum þegar birtur þar úrskurðurinn. Annars kostar skal láta lögreglumann þegar birta honum úrskurðinn, og ef því er að skipta, taka hann fastan og setja hann í varðhald. Eftirrit af úrskurði skal, þegar þess er krafist, láta í té, svo fljótt sem unnt er, og ekki síðar en sólarhring þar frá.

■ **69. gr.** Gæsluvarðhaldi má ekki beita:

1. Ef brot það, sem um er að tefla, getur ekki að lögum varðað þyngri refsingu en sektum eða varðhaldi.

2. Ef sökunautur er alþingismaður, meðan Alþingi er háð eða meðan fundafrestun stendur, enda hafi hún ekki verið ákveðin í senn lengur en 14 daga. Þetta gildir þó ekki, ef þingdeild hans leyfir gæsluvarðhald eða alþingismaður hefur verið staðinn að glæp.

3. Ef sökunautur er innan 16 ára aldurs. Í stað varðhalds skal hann með úrskurði falinn forsjá barnaverndarnefndar (skólanefndar), er komi honum fyrir á góðu heimili, eða fái honum aðra viðunandi gæslu eftir þörfum.

4. Sjúklinga og vanfærar konur eða konur með barn á brjósti skal úrskurða til geymslu eftir læknisráði á spítala eða öðrum viðeigandi stað með þeim hætti, að heilsu þeirra sé borgið.

■ **70. gr.** Gæslufangar sæta þeirri meðferð, sem nauðsynleg er til þess að gæslan komi að gagni og góð regla haldist í varðhaldinu, en varast skal, svo sem kostur er, að beita þá hörku eða harðýðgi.

□ Um gæsluna gilda annars þessar reglur:

1. Gæslufangar skulu ekki hafa lakara viðurværi en refsifangar. Þeim er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði og öðrum persónulegum nauðsynjum, þ. á m. fatnaði, að svo miklu leyti, sem það fer ekki í bága við öryggi og góða reglu í varðhaldinu.

2. Gæslufangar skulu að öllum jafnaði látnir vera í einrúmi, og ekki skulu þeir gegn vilja sínum hafðir með refsifongum. Eigi skulu gæslufangar yngri en 18 ára hafðir með eldri föngum.

3. Dómari ákveður, hvort og að hve miklu leyti gæslufangi megi hafa samband við aðra menn en fangaverði og hvernig eftirliti skuli haga, ef slíkt samband er leyft, enda sé þess jafnan gætt, að leyfa gæslufanga ekki samband við menn, ef ætla má það varhugavert vegna rannsóknarinnar. Rétt er að verða við óskum gæslufanga um að hafa samband við lækni og prest, ef þess er kostur.

4. Bréf, skeyti eða önnur skjöl frá gæslufanga eða til hans lætur dómari athuga og kyrrsetja, ef nauðsyn þykir vegna rannsóknar eða ef efni þeirra er ósæmilegt, en gera skal sendanda viðvart um kyrrsetningu, ef því er að skipta.

5. Gæslufanga má skylda til að ræsta og hirða klefa sinn eftir fyrirmælum dómara.

6. Gæslufongum er heimilt að útvega sér vinnu, sem samrýmist öryggi og góðri reglu. Bóka mega þeir afla sér með samþykki fangavarðar.

□ Dómari getur svipt gæslufanga fríðindum, er honum hafa leyfð verið samkvæmt ákvæðum greinar þessarar, ef hann misnotar þau eða verður sekur um agabrot.

□ Gæslufangi getur borið fram kvörtun fyrir dómara undan meðferð fangavarðar á sér.

■ **71. gr.** Nú hefur dómari ákveðið að setja sökunaut í gæsluvarðhald, og getur sökunautur þá, ef dómari telur það nægilega tryggt, fengið að halda frelsi sínu að einhverju leyti eða öllu gegn tryggingu, er hann eða aðrir setja, eða gegn ábyrgð annarra manna, venjulega búsettra á landi hér, er dómari tekur gilda. Yfirlýsingu um tryggingu eða ábyrgð bókar dómari í þingbók og lætur viðkomendur undirrita þá bókun eða hann lætur þá gefa út sérstakar skriflegar yfirlýsingar. Ef trygging er sett, þá ber dómara að gera nauðsynlegar ráðstafanir lögum samkvæmt til verndar hennar gagnvart sökunaut og öðrum mönnum. Ef munir eru settir að handveði, ber dómara að geyma þá á tryggum stað.

□ Trygging eða ábyrgð skal miða við ákveðna fjárhæð, og skal vera tilskilið, að þeirri fjárhæð skuli vera fyrirgert til ríkissjóðs, ef sökunautur fer úr marki því, er dómari setur honum, án leyfis dómara.

□ Nú brýtur sökunautur boð dómara um dvöl í ákveðnu takmarki, og skal þá af tryggingarfé eða ábyrgðarfé greiddur skaði sá, er sökunautur hefur verið dæmdur til að greiða, ef með þarf. Ef sökunautur kemur af sjálfs sín vilja fyrir dómara innan mánaðar frá því, er hann braut boð dómara, getur dómari ákveðið, að tryggingu eða ábyrgð sé þó ekki fyrirgert, nema að því leyti sem það brot hans hefur valdið sérstökum kostnaði.

□ Sökunautur skal fá tryggingu leysta, ef hann kýs heldur að fara í gæsluvarðhald. Trygging eða ábyrgð, er annar maður setur, skal leyst, ef hann krefst þess og sökunautur hefur ekki brotið boð dómara um vistarmark hans. Svo fellur trygging eða ábyrgð niður, ef dómari ákveður allt að einu að setja sökunaut í varðhald eða sökunautur andast, rannsókn lýkur án málshöfðunar og þegar úrslitadómur er um málið genginn.

□ Ágreining vegna tryggingar eða ábyrgðar úrskurðar

1974 Nr. 74 21. ágúst

dómari, og má skjóta þeim úrskurði með kæru til æðra dóms eða með áfrýjun opinbera málsins sjálfs.

■ **72. gr.** Hvort sem trygging eða ábyrgð er sett eða ekki, getur dómari lagt fyrir sökunaut að halda sér í ákveðnu takmarki (hreppi, kaupstað, lögsagnarumdæmi o. s. frv.) eða komið honum til dvalar og gæslu á ákveðnu heimili með meiri eða minni takmörkunum á frelsi hans. Þar sem fangahúss er ekki kostur, er hverjum, sem er þess megnugur að áliti dómara, skylt að takast á hendur vist og gæslu fanga, nema hann megi teljast hættulegur lífi manna eða heilbrigði. Ef því er að skipta, ber dómara að gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til geymslu fangans, svo sem varðveislu á honum í aðgreindum, nægilega traustum klefa, ef ekki er fangahús til ráðstöfunar o. s. frv.

□ Ákvörðun sinni um gæslu sökunauts samkvæmt þessari grein getur dómari breytt, hvenær sem honum þykir ástæða til.

**X. kafli. Almennar reglur um rannsókn opinberra mála fyrir dómi.**

■ **73. gr.** [Nú þykir þörf á aðgerðum, sem að lögum þarf til atbeina dómara, eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls, meðan frumrannsókn stendur yfir, og getur lögreglustjóri eða rannsóknarlögreglustjóri þá snúið sér til dómara með beiðni um slíkar aðgerðir. Beiðnin skal vera skrifleg eða borin fram munnlega á dómþingi, og fylgi nauðsynleg gögn. Dómari getur krafið lögreglustjóra eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins um þau gögn eða þær aðgerðir, sem hann telur nauðsynlegar, áður en hann tekur beiðni til úrlausnar.

□ Nú telur dómari ekki efni til þess að verða við beiðni um dómsaðgerðir samkvæmt 1. mgr. og getur lögreglustjóri eða rannsóknarlögreglustjóri ríkisins þá krafist úrskurðar dómara um synjunina. Slíkum úrskurði getur ríkissaksóknari skotið til æðri dóms samkvæmt reglum um kæru.

□ Lögreglustjóri, sem jafnframt er sakadómari, getur hafið frumrannsókn máls fyrir dómi, þegar hann telur það heppilegt.[1)]][2)]

[1)] *3. mgr. 73. gr. fellur úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 22. gr.* [2)] *L. 107/1976, 11. gr.*

■ **74. gr.** [Nú telur ríkissaksóknari að lokinni frumrannsókn rannsóknarlögreglu, lögreglustjóra eða annarra aðila (sbr. 32. gr.) ekki fært að taka ákvörðun um það, hvort höfða skuli opinbert mál eða ekki, eða hvernig máli skuli ljúka, og getur hann þá beiðst rannsóknar fyrir dómi, til þess að nauðsynleg atriði verði í ljós leidd í þessu skyni.

□ Í beiðni um dómsrannsókn skal greina:

1. Nafn og heimili sökunauts og önnur deili á honum.
2. Það eða þau brot, sem honum eru gefin að sök og rannsókninni er ætlað að beinast að.
3. Skrá um þau gögn, sem ætlast er til, að fram verði færð við rannsóknina.

□ Beiðni um dómsrannsókn skulu fylgja gögn um frumrannsókn í nægilega mörgum eintökum.

□ Er dómsrannsókn fer fram, á dómari rétt á aðstoð lögreglu (rannsóknarlögreglu ríkisins) við rannsóknina og getur krafist tiltekinna rannsóknaraðgerða lögreglu eftir því sem nauðsyn ber til.

□ Nú telur dómari ekki efni til þess að verða við beiðni ríkissaksóknara um dómsrannsókn og getur ríkissaksóknari þá krafist úrskurðar dómara um synjunina. Slíkum úrskurði getur ríkissaksóknari skotið til æðri dóms samkvæmt reglum um kæru.

□ Eftir að dómari tekur mál til rannsóknar skal hann framkvæma ráðstafanir þær, sem í 36. gr. getur, ef skilyrði eru til, svo og kveða á um framhald þeirra, ef lögreglumenn hafa gert þær. Haldast skulu þessar ráðstafanir uns dómur gengur, ef því er að skipta, en felldar skulu þær niður, jafnskjótt sem úr er bætt, þar sem það á við, eða rannsókn eða málshöfðun er látin falla niður.

□ Að lokinni dómsrannsókn lætur dómari svo fljótt sem unnt er gera endurrit af rannsókninni og senda ríkissaksóknara hana ásamt gögnum máls.][1)]

[1)] *L. 107/1976, 12. gr.*

■ **75. gr.** [Dómara ber að rannsaka af sjálfsdáðum og sjálfstætt öll sakaratriði, enda þótt lögreglumenn hafi áður rannsakað og gert skýrslu um þau atriði. Nú hefur sökunautur játað á sig brot, og skal dómari þá allt að einu prófa það, hvort sú játning er sannleikanum samkvæm.][1)]

□ Dómara ber að rannsaka öll atriði, er varða sekt sökunauts eða sýknu eða honum kynni að verða til málsbóta eða refsiauka, svo sem:

1. Verknaðinn sjálfan, er framinn hefur verið eða ætla má, að framinn hafi verið, stað og stund, og öll nánari atvik, er ætla má, að máli skipti, svo sem það, á hverjum eða hverju brot hefur niður komið, með hvaða hætti það hefur verið framið, hvort um fullframið brot eða tilraun sé að tefla, hversu langt tilraun hafi verið komin o. s. frv., sbr. 35. gr.
2. Það allt, er sökunaut sjálfan varðar, svo sem:

a. Hugarfar hans (ásetning, gáleysi), er hann framdi brotið, hvatir hans og tilgang, ef þau atriði skipta máli, o. s. frv.

b. Aldur hans. Og skal hann venjulega sanna með fæðingarvottorði sökunauts, ef þess er kostur málinu án verulegrar tafar. Annars kostar má láta skýrslu sökunauts nægja, enda lýsi þá dómendur og þingvottar áliti sínu á því, hvort sú skýrsla samrýmist útliti hans og öðrum kunnum staðreyndum, ef dómara þykir þess þörf.

c. Hegðun undanfarið. Og skal það atriði sanna með sakavottorði og öðrum gögnum, sem fyrir hendi kunna að vera.

d. Þroski, andlegur og líkamlegur, heilbrigðisástand hans, andlegt og líkamlegt, fyrr og síðar, menntun, uppeldi, efnahagur og aðrar ástæður o. s. frv., eftir því sem þörf virðist krefja. Ef ástæða þykir til, skal leggja sökunaut undir viðeigandi læknisrannsókn í þessu skyni.

e. Hegðun og hugarfar sökunauts, eftir að hann framdi brotið eða brotin, svo sem það, hvort hann hefur séð eftir því, boðið fram bætur eða á annan hátt leitast við að gera yfirbót, eða hvort hann hefur reynt að dylja brotið, neytt hagnaðar af því, reynt að torvelda rannsókn þess o. s. frv.

f. Ef um tilraun er að tefla, hvort hann hafi horfið sjálfkrafa frá henni, eða hvort brot hefur ekki orðið fullframið af öðrum ástæðum.

g. Ef fleiri menn en einn eru við brot riðnir, þá ber eftir föngum að rannsaka, hvern þátt hver (hvor) um sig hafi átt í því, svo sem það, hver (hvor) hafi átt upptökin og hvaða ráðum hafi verið beitt í því efni.

[1)] *L. 107/1976, 13. gr.*

1974 Nr. 74 21. ágúst

■ **76. gr.** Dómari lætur lögreglumann eða einn stefnuvott tilkynna sökunaut og öðrum þinghöld með hæfilegum fyrirvara, enda nægir, að næsta þinghald sé tilkynnt í þinghaldi þeim, sem þar eru viðstaddir. Nú er sökunautur í gæslu, og skal honum þá gert kleift að koma fyrir dóm.

■ **77. gr.** Dómari kynnir sér rannsókn lögreglumanna eftir föngum, áður en hann hefur prófun á sökunaut eða öðrum, enda lesi hann ekki fyrir þeim skýrslur lögreglumanna, fyrr en hann hefur spurt þá um þau sakaratriði, er hann telur á því stigi rannsóknar ástæðu til að spyrja um. Ef skýrslu fyrir lögreglumönnum og skýrslu fyrir dómi ber á milli, bendir dómari aðilum á ósamræmið, þegar hann telur það henta.

□ Þeir menn, sem spurðir eru fyrir dómi í rannsókn opinbers máls, eiga rétt á að fá vitneskju um það af dómara, þegar mál er orðið svo skýrt, að honum er þess kostur, hvort þeir eru spurðir vegna grunar þeim á hendur um brot eða kvaddir vitnisburðar. Ef dómari kveður mann yfirheyrðan vegna grunar á honum um refsiverða hegðun, þá er honum óskylt að svara spurningum dómarans, er þá hegðun varða, enda ber dómara að benda sökunaut á þetta, þegar er efni standa til, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag.

□ Nú kýs sökunautur að svara spurningum dómara, og skal þá bóka svörin nákvæmlega og orðrétt eða taka þau á talvél, ef ætla má, að orðalag sökunauts skipti máli. Bókanir skal bera undir sökunaut, skrá síðan breytingar og athugasemdir, sem sökunautur vill gera við bókun á svörum sínum, lesa þær bókanir upp fyrir honum og geta þess að lokum, hvort hann hafi viðurkennt bókanir réttar eða ekki.

□ Ákvæði 38. og 40. gr. gilda um rannsókn fyrir dómi að breyttu breytanda. Þó er dómara rétt að láta sökunaut hlýða á prófun vitnis eða matsmanns og gæta þar réttar síns, enda sé ekki ástæða til að ætla, að sökunautur kunni að hafa þau áhrif á vitni eða matsmann, að það eða hann segi ekki afdráttarlaust sannleikann, eða návist hans kunni að torvelda rannsókn málsins, svo sem vegna færis sökunauts til undanskots sakargagna eða til þess að dylja sannleikann með öðrum hætti.

□ Dómari samprófar sökunauta, er honum þykir hættulaust, að rannsókn torveldist þess vegna, til þess að fá samræmi milli skýrslna þeirra, ef þess er kostur, eða staðfestingu á þeim. Ef með mál er farið samkvæmt 130. gr., er rétt að fresta samprófun, nema hætta sé á, að sakargögn fari annars forgörðum.

■ **78. gr.** Dómari kynnir sökunaut efni þeirra skjala, er varða gögn í opinberu máli, þegar er honum þykir það mega verða án hættu á því, að vitneskja sökunauts þar um verði notuð til þess að torvelda eða seinka rannsókn máls, og ávallt eigi síðar en í lok rannsóknar.

### XI. kafli. Um sækjanda og verjanda.

■ **79. gr.** Nú sætir mál sókn og vörn fyrir héraðsdómi eftir málshöfðun, sbr. 130. gr., og sækir þá ríkissaksóknari málið, en falið getur hann þó sókn þess vararíkissaksóknara, saksóknara eða fulltrúa sínum, er fengið hefur til þess löggildingu dómsmálaráðherra. Heimilt er einungis að löggilda fulltrúa, er fullnægja skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti, hafa fengið leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi eða fullnægja skilyrðum til þess að fá slík leyfi. Heimilt er og ríkissaksóknara að skipa sækjanda máls einhvern hæstaréttarlögmann eða héraðsdómslögmann, enda hafi sá fengið löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði. Ekki má sækjandi vera nokkur sá, er gerði dómara óhæfan til að fara með mál, né heldur sá, er vegna afstöðu sinnar til máls eða aðila væri óhæfur dómari í því máli.



□ Hlutverk sækjanda er að stuðla að því, að hið sanna og rétta komi í ljós og yfir höfuð að létta dómara starfið með málflutningi sínum. Honum ber, þegar er hann hefur fengið skjöl málsins, að athuga gaumgæfilega, hvort rannsókn um einstök atriði kunni að vera áfátt, og benda dómara tafarlaust á það til þess að úr því verði bætt. Í flutningi málsins skal hann lýsa staðreyndum skilmerkilega og án allra óþarfa málalenginga og draga fram öll atriði, sem máli skipta, sbr. 75. gr. Lagaatriði ber honum að greina stutt, ljóslega og hlutlægt. Loks skal hann leiða ályktanir sínar af því, sem hann hefur með greindum hætti fram flutt.

□ Skipuðum sækjanda ber þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun dómara.

■ **80. gr.** Nú er farið með mál samkvæmt 79. gr., og skal þá jafnan skipa verjanda.

□ Eftir ósk sökunauts skal skipa honum verjanda:

1. Meðan hann sætir gæsluvarðhaldi.

2. Ef hann er sakaður um brot, er að lögum getur valdið honum missi þjóðfélagsréttinda, svo sem missi stöðu, kosningarréttar eða kjörgengis, atvinnuréttinda o. s. frv.

3. Ef brot getur varðað 50 000 króna[1] sekt eða tveggja mánaða refsivist eða hefur í för með sér upptöku eigna, er verulegum verðmætum nema, miðað við efnahag og ástæður sökunauts. Þó getur dómari skipað sökunaut verjanda, þótt þessum skilyrðum sé ekki fullnægt, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef vafaatriði eru í máli um lög eða staðreyndir, sbr. 2. málsgr.

□ Án óskar sökunauts skipar dómari honum réttargæslumann:

1. Hvarvetna þess, er matsmenn eiga að staðfesta framburð eða matsgerð að sökunaut fjarstöddum. Dómari veitir réttargæslumanni kost á að kynna sér það allt, er staðfesta skal, og annað, sem nauðsynlegt kann að vera til skilnings á því, áður en staðfesting fer fram. Ber réttargæslumanni að gæta hagsmuna sökunauts við staðfestingu.

2. Dómari getur skipað sökunaut réttargæslumann í rannsókn máls, ef sökunautur er að áliti dómara sérstaklega sljór eða skilningslítill eða haldinn annmörkum, er torvelda skynjun hans, svo sem sjóndepru, málleysi eða heyrnarleysi, sökunautur er undir 18 ára aldri eða annars er honum svo farið eða framkoma hans fyrir dómi slík, að dómari telji skipun réttargæslumanns heppilega.

□ Nú játar sökunautur á sig afdráttarlaust brot, og eigi er vafi um staðreyndir, svo sem þær, er varða hækkun eða lækkun refsingar, refsileysi eða niðurfall refsingar, sakhæfi o. s. frv., eða lagaatriði, og skal þá eigi skipa verjanda.

□ [Heimilt er dómara að skipa sökunaut réttargæslumann við rannsókn máls hjá rannsóknarlögreglu samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. eftir því sem þau eiga við.][2]

[1] *Gamlar krónur.* [2] *L. 107/1976, 14. gr.*

■ **81. gr.** Dómari skal jafnan, þegar lögskylt er eða ástæða þykir til að skipa sökunaut verjanda eða réttargæslumann, vekja athygli hans á því atriði og veita honum kost á að benda á einhvern þann mann, er rétt hefur að lögum til þess að fara með það starf fyrir dómi almennt og sérstaklega í því máli. Dómari ákveður svo, hvern skipa skuli.

□ Nú eru fleiri en einn maður fyrir sökum hafðir, og skal þá vera sami maður verjandi þeirra beggja eða allra, ef telja má, að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

□ Nú vill sökunautur ekki, að honum verði verjandi skipaður, og skal það þá ekki gert, nema dómara þyki allt að einu ástæða til þess. Sjálfum er sökunaut rétt að halda uppi vörn fyrir sig. Svo er honum og rétt að ráða á sinn kostnað hvern þann löghæfan mann, sem dómari samþykkir, til að halda uppi vörn fyrir sig, hvort sem skylt er að skipa verjanda eða ekki.

■ **82. gr.** Í Reykjavík og annars staðar, þar sem kostur er löggiltra málflutningsmanna, skal verjandi tekinn úr hópi þeirra. Þó getur dómari eftir ósk sökunauts skipað honum einhvern annan mann, er fara má með mál annarra manna, þar sem eigi eru löggiltir málflutningsmenn, ef hann telur hag sökunauts borgið í höndum slíks manns og engar sérstakar ástæður mæla því annars í gegn.

■ **83. gr.** Dómari sá, er með aðalrannsókn máls fer, skipar verjanda í því máli. Nú skal staðfesting vitnisburðar, mats- eða skoðunargerðar fara fram í öðru lögsagnarumdæmi, og skipar þá dómari þar verjanda til þess að vera við staðfestingu, nema verjandi í aðalmálinu sé þar við staddur.

■ **84. gr.** Hæstaréttarlögmönnum og þeim héraðsdómslögmönnum, er fengið hafa löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði, er skylt samkvæmt skipun ríkissaksóknara að sækja opinbert mál í lögsagnarumdæmi, þar sem þeir hafa skrifstofu, og þar í grennd. Nú reynist skipaður sækjandi óhæfur að áliti dómara eða honum verða forföll, og skipar þá ríkissaksóknari annan löghæfan mann í hans stað.

□ Það er borgaraleg skylda hverjum heilum lögráða manni að taka að sér starf verjanda í opinberu máli innan lögsagnarumdæmis, þar sem hann er búsettur. Nú telur dómari verjanda rækja starfann óviðunandi eða verjanda verða forföll, og skipar dómari þá annan löghæfan mann í hans stað.

■ **85. gr.** Ekki má skipa þann mann verjanda, sem hefur borið vitni eða verið mats- eða skoðunarmaður í því máli, eða þann, er vera mundi óhæfur dómari í því sökunaut í óhag, eða þann, er riðinn kann að vera við málið eða hefur að öðru leyti hag eða óhag af úrslitum þess, né heldur þann, er skipun hans gerði dómara óhæfan til að fara með málið.

■ **86. gr.** Verjandi er háður sömu skyldum sem sækjandi, eftir því sem við getur átt, sbr. 79. gr. Honum ber að leiðrétta atvikalýsingu sækjanda, þar er efni þykja standa til, draga fram allt það, er verða má sökunaut til sýknu eða hagsbóta, og gæta réttar hans, er hann sætir varðhaldi eða annarri gæslu að því leyti. [Verjanda er heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæslu, nema dómari hafi sérstakt tilefni til að telja hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það.][1] Ef verjandi er skipaður, áður en rannsókn er lokið, er honum rétt að vera við prófun sökunauts, ...[1] Þagnarskylda hvílir á verjanda um það, er sökunautur kann að hafa trúað honum fyrir um afstöðu sína til brots eða brota þeirra, sem um er að tefla, og um þau önnur atriði, er hann hefur komist að í starfa sínum og eigi eru almenningi þegar kunn.

□ [Grunaður maður, sem fengið hefur skipaðan réttargæslumann, á rétt á því að réttargæslumaður sé viðstaddur yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu, enda þyki það hættulaust vegna rannsóknar málsins. Dómari úrskurðar um þetta atriði, ef ágreiningur verður.][2]

□ Skipuðum verjanda ber þóknun fyrir starfa sinn eftir ákvörðun dómara, nema hann hafi berum orðum afsalað sér henni.

[1] *L. 53/1979, 2. gr.* [2] *L. 107/1976, 15. gr.*

■ **87. gr.** Dómara er skylt að láta sækjanda og verjanda í té skjöl þau, er mál varða, eða eftirrit þeirra, að svo miklu leyti sem þau eru nauðsynleg til sóknar eða varnar þess, en skylt er þeim að skila þeim aftur til dómara, þegar starfa þeirra er lokið, ef þess er krafist.

□ Þóknun sækjanda, sem ríkissaksóknari hefur skipað, og skipaðs verjanda skal ákveða í dómi, ef það lýkst með þeim hætti, nema viðkomandi hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi, getur dómari ákveðið þóknun og hver hana greiði með úrskurði, er bóka skal í þingbók, og er sú ákvörðun bindandi og aðfararhæf sem dómur væri. Dómari getur og með sama hætti ákveðið verjanda eða réttargæslumanni samkvæmt 80. gr., 2. mgr., 1. tölul., og 3. mgr., þóknun.

□ Þóknun sækjanda og verjanda greiðist sem annar sakarkostnaður.

■ **88. gr.** Ef sækjandi eða verjandi torveldar rannsókn eða misbeitir stöðu sinni með öðrum hætti eða rýfur þagnarskyldu sína samkvæmt 86. gr., varðar það refsingu eftir ákvæðum hegningarlaganna um brot í embætti og sýslan.

**XII. kafli. Um vitni, mat, skoðun og skjöl.**

■ **89. gr.** Öllum er skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli og bera þar vitni. Skorast geta þó þeir, sem hér segir, undan vitnisburði:

1. Maki sökunauts, meðan hjúskap þeirra er ekki slitið að lögum.

2. Unnusti eða unnusta sökunauts, enda varði vitnisburður ekki atvik, sem gerðust, áður en þau heitbundust.

3. Skyldmenni sökunauts að feðgatali eða niðja.

4. Kjörforeldri sökunauts eða kjörbarn undir samsvarandi skilorði sem í 2. tölul. segir.

5. Tengdaforeldri sökunauts og tengdabarn, systkin hans og jafnmægðir honum.

■ **90. gr.** Dómari getur leyst fósturforeldri sökunauts eða fósturbarn undan vitnaskyldu, ef honum virðist samband þeirra mjög náið.

□ Sama gildir um vitnisburð unnusta eða unnustu, að því er varðar atvik, er gerðust, áður en þau heitbundust.

■ **91. gr.** Aðila er ekki skylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð, ef ætla má, að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um það, að hann eða venslamenn hans samkvæmt 89. gr. hafi framið refsiverðan verknað eða það gæti orðið þeim til mannorðsspjalla.

■ **92. gr.** Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að

1974 Nr. 74 21. ágúst

koma fyrir dóm til að vitna um atvik, er gerst hafa í embætti þeirra eða sýslan og leiða má í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

■ **93. gr.** Án leyfis viðkomandi ráðherra skal vitni ekki krafið skýrslu um leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir handhafa ríkisvaldsins um málefni, sem öryggi ríkisins, réttindi eða heill að öðru leyti varða eða hafa mjög mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipti fyrir íslensku þjóðina.

□ Embættismenn og sýslunar verða ekki krafðir vitnisburðar um það, sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara, nema viðkomandi ráðherra leyfi eða forseti sameinaðs Alþingis, ef taka skal skýrslu af alþingismanni eða öðrum starfsmanni Alþingis.

■ **94. gr.** Vitnum þeim, sem hér segir, er óheimilt að svara spurningum án leyfis þess, sem með á:

1. Verjanda um það, er sökunautur hefur trúað honum fyrir um málsatvik, eftir að hann hefur tekið vörnina að sér.

2. Prestum, læknum, ljósmæðrum og lyfsölum um atriði, er varða einkahagi manna og þeim hefur verið trúað fyrir í starfa sínum, nema brot varði minnst tveggja ára refsivist.

□ Nú má telja vitnisburð nauðsynlegan til varnar sökunaut, og getur dómari þá ákveðið vitnaleiðslu með úrskurði.

■ **95. gr.** Heimilt er dómara, nema leyfi aðila komi til, að undanþiggja vitni að svara spurningum, er varða leyndarmál um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík verk, hvort sem vitnið á sjálft í hlut eða það hefur komist að vitneskju sinni í þjónustu einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar, enda telji dómari hagsmuni aðila til leyndar ríkari en hagsmuni ákæruvaldsins um skýrslu.

■ **96. gr.** Dómari skal leiðbeina aðilum um þau atriði, er varða vitnisburð og í 89. – 95. gr. getur.

■ **97. gr.** Dómari metur það hverju sinni, hvort barn hafi náð þeim þroska, að það beri það skynbragð á sakaratvik, að vitnisburður þess um það skipti máli.

□ Samsvarandi hátt hefur dómari á um vanþroska menn eða geðbilaða.

■ **98. gr.** Skylt er vitni að koma fyrir dóm utan varnarþings síns, hvar sem er á landinu, ef nauðsynlegt þykir til samprófunar vitnis við sökunaut eða önnur vitni, enda sé því séð fyrir farkosti og því sem minnstur bagi gerður.

□ Vitni, sem eigi má koma fyrir dóm á þingstað vegna sjúkleika síns eða heimamanna sinna, má prófa annars staðar, þar sem kostur er að taka af því skýrslu.

□ Dómari getur úrskurðað vitni skylt að hafa með sér sakargögn til sýningar eða framlagningar í dómi eða athuga bækur sínar, skjöl og aðra muni og gera útdrátt úr tilteknum atriðum í þeim til skýringar málsatvikum.

■ **99. gr.** Dómari getur látið lögreglumann (hreppstjóra) eða einn stefnuvott kveðja vitni til þess að koma fyrir dóm og gefa skýrslu í opinberu máli, að viðlagðri refsingu. Ef vitni sinnir eigi kvaðningu að forfallalausu, getur dómari fært eða látið færa það fyrir dóm með valdi. Beita má ákvæðum 131. gr. laga nr. 85/1936, eftir því sem við á.

■ **100. gr.** Dómari lætur vitni fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir því skyldu þess til að gefa sönn og rétt svör við spurningum sínum og draga ekkert undan, er máli skiptir, hvort sem það varðar málsatvik, hæfi þess, sönnunargildi vitnisburðar eða annað. Loks minnir dómari vitni á þýðingu vitnisburðar um málsúrslit og skýrir fyrir vitninu með tilvísun til viðeigandi ákvæða hegningarlaga þá refsiábyrgð, er vitni kann að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði, og þá siðferðislegu ábyrgð, sem röngum framburði er samfara.

□ Að þessu loknu lætur dómari vitni festa með þeim hætti, er nú greinir, heit um sannan framburð sinn:

1. Ef vitni lýsir sig, að gefnu tilefni frá dómara, trúa á guð, og heit samkvæmt því samræmist trúarsannfæring þess, þá skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga. Svo hjálpi mér guð, sem ég satt segi.

2. Nú má ekki svo með fara, sem í 1. tölul. segir, og festir vitni þá heit sitt með þeim hætti, að það lyftir upp hægri hendi sinni og hefur upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi yfir því og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga.

3. Nú er annar háttur hafður á heitfestingu en sá, er í 1. og 2. tölulið segir, í landi, þar sem vitni hefur dvalist, svo sem hönd lögð á helga bók, og er þá dómara rétt að hafa þann hátt á, ef hann telur vitni munu fyrir það leggja ríkari helgi og virðingu á heitfestingu.

□ Dómari getur frestað heitfestingu þar til á síðara stigi málsmeðferðar, og auk þess getur hann látið heitfestingu niður falla, ef sönnunaratriði máls má telja vafalaus. Nú fer heitfesting fram eftir á samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, og breytir dómari þá heitstaf til samræmis við það.

■ **101. gr.** Eigi skal heitfesta:

1. Barn undir 15 ára aldri.

2. Þann, sem svo er vitsmunavant eða svo geðbilaður, að hann ber ekki skyn á eða er ófær til að meta helgi eða þýðingu heitfestingar.

3. Sakaðan mann eða mann, sem dómari veit eða má ætla, að síðar verði sakaður í því máli.

■ **102. gr.** Að heitfestingu lokinni hefst vitnaleiðsla um sakaratriði. Gæta skal dómari þess, að spurningar hans séu ákveðnar, ekki tvíræðar eða veiðandi, ekki særandi eða móðgandi, framar en efni standa til, og ekki sýnilega þýðingarlausar. Ganga skal úr skugga um það, hvort skýrsla manns er reist á sjálfs hans skynjan eða sögusögn annarra.

□ Nú hefur vitni eða aðrir gefið skýrslur fyrir lögreglumanni eða aðrir en það fyrir dómi, og kynnir dómari þá slíkar skýrslur eða önnur sakargögn eigi fyrir vitni, fyrr en honum þykir þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess. Utanréttarvottorðum þess, er vitni skyldi bera, um sakaratriði, má dómari ekki veita viðtöku, nema skýrslan sé gerð að tilhlutun hans eða lögreglumanns eða dómara þyki standa sérstaklega á, svo sem ef eigi er kostur annarrar skýrslu frá þeim aðila.

□ Vitni hvert skal prófa sér og eigi láta önnur vitni hlýða á. Um návist sökunauts fer samkvæmt 77. gr. Samprófa skal vitni við sökunaut og aðra, ef á greinir, þegar dómara þykir hentugt.

□ Ef með mál er farið samkvæmt 130. gr., er rétt að fresta samprófun, nema hætta sé á, að sakargögn fari annars forgörðum.

☐ Nú er dómþing háð fyrir opnum dyrum og spurning er svo löguð, að svar við henni varðar einkahagi vitnis sjálfs eða annarra, og getur dómari þá lagt spurningu skriflega fyrir vitni og leyft því að svara skriflega og bókað svarið, enda eigi vitnið kost á að sannfæra sig um rétta bókun, án þess að svarið sé lesið upp.

☐ Þar sem verjandi er við rannsókn annars staðar, er honum rétt að beina því til dómara, að hann leggi spurningar um tiltekin atriði fyrir þá, sem prófaðir eru.

☐ Bóka skal svörin svo, að ótvírætt og tæmandi komi fram efnið í svörum, og orðrétt jafnan, ef ástæða er til að ætla, að orðrétt bókun geti skipt máli um mál almennt eða einstök sakaratriði.

■ **103. gr.** Dómari rannsakar af sjálfsdáðum öll atriði, er varða skyldu vitnis eða heimild til að gefa skýrslu og hæfi til þess að staðfesta hana. Dómari getur látið vitni eða aðra staðfesta skýrslu sína um þessi efni.

☐ Dómari vitnamáls úrskurðar þau atriði, er í grein þessari segir, og annað, er varðar vitnamálið sjálft. Yfirlýsing vitnis fyrir vitnadómara um það, að úrskurður verði borinn undir æðra dóm, frestar framkvæmd úrskurðar.

■ **104. gr.** Vitni skal greiða eftir kröfu þess og samkvæmt úrskurði dómara útlagðan kostnað þess vegna rækslu vitnaskyldunnar og þóknun fyrir atvinnumissi, sem telja má vitni skipta nokkru máli, miðað við efnahag þess og ástæður.

■ **105. gr.** Ákvæði 136. – 144. gr. laga nr. 85/1936 gilda og um opinber mál, eftir því sem við á, og með þeim breytingum og viðaukum, sem hér segir:

1. Dómari rannsakar sjálfur vettvang, muni og verksummerki, eftir því sem við verður komið og hann hefur þekkingu til, bæði á þingstað og annars staðar með kunnáttumönnum og án þeirra, sbr. 35. gr.

2. Dómari framkvæmir eða lætur framkvæma mat og skoðun af sjálfsdáðum svo og samkvæmt tilmælum ákæruvaldsins, sökunauts eða verjanda hans, eftir því sem efni standa til.

3. Dómari gerir sökunaut, sækjanda og verjanda viðvart um dómkvaðningu mats- og skoðunarmanna, ef ástæða er til, en dómkvaðning, matsgerð og staðfesting hennar fer fram, þótt þeir komi ekki.

4. Dómari veitir mats- og skoðunarmönnum leiðbeiningar og úrskurðar, að hverju leyti athugasemdir áðurnefndra aðila, sbr. 2. tl., skuli til greina teknar. Mats- eða skoðunargerð skal fá dómara í hendur, og ákveður hann staðfestingu samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hafa tíðkast.

■ **106. gr.** [Líkskoðun skal fram fara, ef lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri ríkisins), dómari eða ríkissaksóknari telur nauðsynlegt.][1)]

☐ Krufning líka má einungis framkvæma samkvæmt úrskurði dómara, nema nánasti venslamaður eða nánustu venslamenn leyfi, þegar ástæða þykir til vegna öflunar sakargagna.

☐ Um framkvæmd líkskoðunar og krufningar fer samkvæmt gildandi reglum, þó svo, að dómari ákveður hverju sinni í samráði við hlutaðeigandi kunnáttumann, hvað gera skuli.

[1)] *L. 107/1976, 16. gr.*

■ **107. gr.** Ákvæði 149. gr. laga nr. 85/1936, gildir og í opinberum málum, svo sem við á.

**XIII. kafli. Um sönnunarbyrði og mat sakargagna.**



■ **108. gr.** Sönnunarbyrði um sekt sökunauts og atvik, sem telja má honum til óhags, hvílir á ákæruvaldinu. Dómari metur það hverju sinni, hvort nægileg sönnun, er eigi verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert atriði, er varðar sekt og ákvörðun refsingar og aðrar afleiðingar brots, þar á meðal, hverja þýðingu skýrslur sökunauts hafi.

■ **109. gr.** Dómari metur það eftir atvikum, hvert sönnunargildi þær staðreyndir hafi, er eigi varða beinlínis þá staðreynd, sem sanna skal, en leiða kann að mega af ályktanir um hana, svo sem atriði, er í 2. – 6. tölul. 35. gr. getur, uppeldi sökunauts, þekking hans og menntunarástand, framkomu í rannsókn málsins o. s. frv.

■ **110. gr.** Dómari metur öll atriði varðandi sönnunargildi vitnisburðar, matsgerðar, skoðunar og skjala, með hliðsjón af ákvæðum 129., 144., 153., 154., 158. og 159. gr. laga nr. 85/1936.

**XIV. kafli. Um mál ungmenna, sektavald lögreglustjóra og lögreglumanna, dómsáttir og ákæru.**

■ **111. gr.** Mál ungmenna á aldrinum 15 – 18 ára fara samkv. lögum þessum, sbr. og lög um vernd barna og ungmenna.

■ **112. gr.** Dómara er heimilt, enda sé það ekki bannað sérstaklega í lögum, að afgreiða opinbert mál án málshöfðunar:

1. Ef brot er mjög smávægilegt, getur dómari lokið máli með áminningu, er hann skráir í þingbók, enda láti sökunautur við það sitja.

2. Ef brot er skýlaust sannað og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr sektum, ef dómur gengur um málið, getur dómari ákveðið hæfilega sekt, er greiðist innan tiltekins tíma, að viðlagðri viðeigandi refsivist ásamt sakarkostnaði, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun dómara með undirskrift sinni í þingbók. Ef skýlaust sannað brot varðar sviptingu leyfis til að stýra vélknúnu ökutæki eða réttar til að öðlast slíkt leyfi, er heimilt að ákveða á sama hátt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar slíka réttindasviptingu í [3 ár][1)] eða skemmri tíma. Greina skal í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot upptöku eignar í för með sér, og getur dómari undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku. Ákvörðun um eignaupptöku getur dómari og tekið með bókun í þingbók, ef sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur, og verðmæti fer ekki fram úr [90 000 krónum].[2)]

☐ Nú berst lögreglustjóra kæra um brot gegn umferðarlögum, áfengislögum, lögum um tilkynningar aðsetursskipta eða lögreglusamþykkt og hann telur viðurlög við brotinu eigi fara fram úr [54 000 króna][2)] sekt, og getur hann þá bréflega innan mánaðar, frá því honum barst kæran, gefið sökunaut kost á að ljúka málinu innan ákveðins tíma með greiðslu hæfilegrar sektar, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglustjóra með undirskrift sinni. Synji sökunautur þessum málalokum eða sinni þeim ekki, vísar lögreglustjóri málinu til dómara. [Nú hefur slíkt brot upptöku eignar í för með sér og má þá með sama hætti ákveða eignaupptöku, enda fari verðmæti ekki fram úr [18 000 krónum].[2)]][3)]

☐ Nú stendur lögreglumaður vegfaranda að broti á

**1974** Nr. 74 21. ágúst

umferðarlögum eða lögreglusamþykkt og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr [5400 króna][2] sekt, og getur lögreglumaður þá gert sökunaut hæfilega sekt, er greiðist þegar í stað eða innan tiltekins tíma, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglumanns með undirskrift sinni í sektabók. Nú greiðist sekt eigi innan tiltekins tíma, og skal þá kæra send til dómara með venjulegum hætti. Dómari fellir þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi og lýkur máli lögum samkvæmt. Nú þykir ákvörðun lögreglumanns fjarstæð og ákveður þá dómari, ríkissaksóknari eða lögreglustjóri, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju, enda er þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi felld.

☐ Ríkissaksóknari lætur lögreglustjóra í té skrá yfir brot þau, sem sektaheimild samkv. 2. og 3. mgr. nær til. Í skránni skal veita leiðbeiningar um sektarupphæð fyrir hverja tegund brota. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um bókhald og meðferð þessara mála að öðru leyti.[4]

☐ Senda skal ríkissaksóknara skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar eftir þeim reglum, er hann ákveður.

☐ Nú telur ríkissaksóknari, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar, eða maður hafi ranglega verið látinn sæta sviptingu leyfis til að stýra vélknúnu ökutæki eða sviptingu réttar til að öðlast slíkt leyfi eða sæta upptöku eignar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti, eða að mál, sem lokið er samkv. sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá kært málið til hæstaréttar til ónýtingar á ákvörðun dómara. Ef um sektargerð lögreglustjóra er að ræða, getur ríkissaksóknari borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun lögreglustjóra.

[1] *L. 32/1988, 1. gr.* [2] *L. 32/1988, 2. gr.* [3] *L. 32/1980, 1. gr.* [4] *Rg. 47/1982 (um sektargerðir lögreglustjóra); rg. 816/1983 (um sektargerðir lögreglumanna).*

■ **113. gr.** ...[1]

[1] *L. 107/1976, 17. gr.*

■ **114. gr.** ...[1]

[1] *L. 107/1976, 18. gr.*

■ **115. gr.** [Er ríkissaksóknari hefur fengið í hendur rannsóknargögn máls og telur ekki ástæðu til að krefjast frekari rannsóknar, annaðhvort skv. 8. mgr. 40. gr. eða 74. gr. (dómsrannsóknar), athugar hann, hvort mál skuli höfða eða ekki. Ef hann telur það, sem fram er komið, eigi nægjanlegt eða líklegt til sakfellis, lætur hann við svo búið standa, en ella getur hann:

a. neytt heimildar 24. gr., ef svo stendur á sem þar greinir,

b. frestað, ef við á, ákæru skv. 56. gr. alm. hegningarlaga,

c. óskað eftir því að dómari ljúki máli með dómsátt, ef svo stendur á sem í 2. tölulið 1. mgr. 112. gr. segir,

d. gefið út ákæru á hendur sökunaut eða sökunautum.

☐ Í ákæruskjali skal greina svo ekki sé um villst:

1. Dómstól þann, sem mál er höfðað fyrir.

2. Nafn sökunauts, heimilisfang og önnur deili á honum.

3. Hvert það brot, sem sök er gefin á, stað og stund eftir föngum, er það er talið framið, það heiti, sem það hefur í lögum, og aðra skilgreiningu, og loks það eða þau lagaákvæði, sem brot er talið varða við.

4. Þær kröfur sem gerðar eru, svo sem kröfur um refsingu, réttindamissi, eignartöku, skaðabætur, greiðslu sakarkostnaðar o. s. frv.

☐ Í ákæruskjali skal ekki skírskota til fram kominna sannana né setja þar lögfræðilegar athugasemdir framar en sagt er.

☐ Dómari ritar ákvörðun sína um stað og stund til þingfestingar máls á ákæruskjal og lætur birta það fyrir sökunaut með venjulegum hætti eða fyrir dómi. Um leið og ákæra er birt sökunaut skal hann spurður um það, hvort hann vilji halda uppi vörnum eða fá verjanda, og hvern, ef því er að skipta.][1]

[1] *L. 107/1976, 19. gr.*

■ **116. gr.** Fresti til þinghalds í opinberum málum má stytta eftir þörfum frá því, sem mælt er í einkamálum. Tilkynningar má birta á sömu stöðum sem í lögum um meðferð einkamála í héraði greinir, svo og í varðhaldi eða á gæslustað, ef því er að skipta. Rétt er, að lögreglumaður eða einn stefnuvottur birti. [Ákærða skal afhenda eftirrit af ákæruskjali.][1]

[1] *L. 107/1976, 20. gr.*

■ **117. gr.** Nú er óvíst um þann mann, er kröfu skal á hendur gera, eða dvalarstað hans, en mál hans sætir þó lögsögu íslenskra dómstóla, og skal þá birta ákæru eða kröfur í Lögbirtingablaði með ákvörðun um stund og stað til þinghalds og með hæfilegum fyrirvara.

■ **118. gr.** Ríkissaksóknari getur ávallt, ...[1] gefið út framhaldsákæru, enda sé mál ekki þegar dæmt í héraði:

1. Ef leitt er í ljós, eftir birtingu ákæru, að ákærði hafi eða kunni að hafa drýgt önnur eða frekari brot en í ákæru segir.

2. Ef sýnt er, að ákæru er ábótavant, svo sem háttsemi ákærða ranglega lýst eða saksótt eftir öðrum refsiákvæðum en brot á undir.

☐ Framhaldsákæru skal jafnan gefa út eigi síðar en 3 vikum eftir að þörfin á henni varð kunn, enda skal veita ákærða kost á að koma að vörn eftir þörfum.

☐ Aldrei má dæma sökunaut fyrir aðra hegðun en þá, sem í ákæruskjali greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Rétt er þó dómara að dæma áfall á hendur sökunaut, þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari, að vörn verði ekki áfátt þess vegna. Dómari getur gefið sökunaut, verjanda og sækjanda færi á því að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Dómara er og rétt undir sama skilorði að dæma eftir öðrum refsiákvæðum en segir í ákæru, en gefa skal hann þá nefndum aðilum kost á því að reifa málið að því leyti og af nýju, ef því er að skipta.

[1] *L. 107/1976, 21. gr.*

■ **119. gr.** Nú hefur rannsókn dómara á hendur tilteknum sökuðum manni eigi leitt í ljós sakaratriði eða sakargögn, sem nægileg hafa þótt til ákæru, og má þá eigi taka það mál upp af nýju, nema skilyrðum 2. málsgreinar 42. gr. sé fullnægt, enda fer um rannsókn skaðabótakröfu sem þar segir.

☐ Ákvæði 3. mgr. 42. gr. gildir hér að breyttu breytanda.

■ **120. gr.** [Þegar ákæra hefur verið birt sökunaut, nefnist hann ákærði og málið er nefnt: Ákæruvaldið gegn N. N.][1]

[1] *L. 107/1976, 22. gr.*

**1974** Nr. 74 21. ágúst

## XV. kafli. Um flutning og meðferð opinberra mála fyrir héraðsdómi.

■ **121. gr.** [Að liðnum þeim fresti, sem til var tekinn samkvæmt síðustu málsgrein 115. gr. eða 117. gr., setur dómari dómþing og þingfestir mál.][1] Leggur hann þá fram eftirrit af dómprófum máls og önnur gögn, er fram hafa komið og unnt er að leggja fram á dómþingi. Kynna skal sökunaut, ef þess er kostur, efni þeirra gagna, er honum hafa ekki áður kynnt verið, að fá viðurkenningu hans um það, að þau varði hann eða málið, ef unnt er. Ef verjanda skal skipa, þá skal gera það í þessu þinghaldi, nema það hafi verið áður gert. Verjanda eða ákærða, ef hann ætlar sjálfur að verja sig, skal fá í hendur málsskjöl og setja frest til varnar, enda skal þá ákveða næsta þinghald.

☐ Frumrit skjals, þar sem eftirrit má eigi að sama gagni koma, eða muni, sem úrslit máls varða, lætur dómari venjulega ekki aðilum í hendur, nema til athugunar í þinghaldi, enda er rétt að gera ljósmyndir af slíkum gögnum aðilum til afnota.

[1] *L. 107/1976, 23. gr.*

■ **122. gr.** [Mál skal taka til dóms í þinghaldi samkvæmt 121. gr., ef sökunautur kemur fyrir dóm og játar skýlaust háttsemi þá, sem honum er gefin að sök, og þarf þá ekki að færa fram önnur sönnunargögn. Ávallt skal þó dómari gæta ákvæða 1. mgr. 75. gr. laga þessara.

☐ Ef ákærði neitar sakarefni að nokkru leyti eða öllu, skal fram færa sönnunargögn svo og ef dómari annars telur slíkt nauðsynlegt eða þess er krafist af hálfu ákæruvaldsins eða sökunautar.][1]

[1] *L. 107/1976, 24. gr.*

■ **123. gr.** Dómari ákveður hverju sinni, hvort vörn skuli flutt munnlega eða skriflega.

■ **124. gr.** Ákærða eða verjanda hans er rétt, áður en vörn er flutt, ef því er að skipta, að bera sérstaklega undir dómara hvert það atriði, er hann telur varða því, að ekki verði réttilega lagður dómur á mál að efni til, eins og þá stendur á, svo sem að máli beri að vísa frá dómi, að því beri að fresta til frekari rannsóknar eða varnar, að dómari sé óhæfur o. s. frv., og krefjast úrlausnar dómara þar um. Tekur dómari ákvörðun um það, hvort kröfur skuli taka til greina eða ekki, með rökstuddum úrskurði, ef hann telur ekki eiga að gera það, og dómi, ef frávísunarkrafa er tekin til greina.

☐ Nú er krafist frávísunar máls, og skal þá ríkissaksóknara veittur kostur á því að tjá sig um málið áður en dómari tekur ákvörðun um þá kröfu.

☐ Synjunarúrlausn dómara má kæra til æðra dóms, ef ríkissaksóknari samþykkir.

■ **125. gr.** [Nú eru öll gögn fram komin og vörn hefur verið flutt eða lögð fram, og tekur dómari málið þá til dóms.][1]

☐ Nú verður dómara það ljóst eftir dómtöku, að rannsaka þurfi betur einhver atriði, og gerir hann þá ákærða og verjanda svo og sækjanda, ef því er að skipta, viðvart um það, enda fer um slíka rannsókn með sama hætti sem ella. Rétt er dómara að veita aðilum kost á því að flytja framhaldsvörn í máli, að rannsókn lokinni, eftir því sem efni standa til. Að svo búnu tekur dómari mál til dóms af nýju.

[1] *L. 107/1976, 25. gr.*

■ **126. gr.** ...[1]

[1] *L. 107/1976, 26. gr.*

■ **127. gr.** ...[1]

[1] *L. 107/1976, 27. gr.*

■ **128. gr.** Nú skilar skipaður verjandi ekki vörn innan tiltekins tíma, og getur dómari þá sett honum nýjan frest, enda getur dómari falið öðrum löghæfum manni vörn, ef dómari telur mál hafa dregist eða munu dragast óhæfilega lengi fyrir aðgerðaleysi skipaðs verjanda.

■ **129. gr.** [Nú kemur ákærði ekki fyrir dóm, er mál skal fyrir taka, þótt honum hafi verið birt ákæra með löglegum hætti skv. síðustu mgr. 115. gr. eða 117. gr., og er ekki kunnugt um forföll hans, og má þá fara með mál og leggja á það dóm, ef fullnægt er skilyrðum 1. eða 2. tl. hér á eftir.

1. Sökunautur hefur komið fyrir dóm, áður en ákæra var út gefin, og játað þar skýlaust alla þá háttsemi, sem honum er gefin að sök og máli skiptir, ekkert veikir þá játningu og vafalaust má þykja um aðrar staðreyndir, svo sem þær er orka kunna refsihækkun eða refsilækkun, refsileysi eða niðurfelling refsingar, sakhæfisskorti eða notkun lagaákvæða.

2. Ætla má að brot varði eigi yfir 100 000 króna[1] sekt og eignaupptöku og þess hefur verið getið í ákæru, að fjarvist ákærða kunni að verða metin til jafns við viðurkenningu hans og að dómur gangi um málið, þótt hann komi ekki.][2]

[1] *Gamlar krónur.* [2] *L. 107/1976, 28. gr.*

■ **130. gr.** Sókn og vörn samkvæmt ákvæðum 131. – 136. gr. fer fram í:

1. Málum, þar sem refsing fyrir brot getur varðað yfir 8 ára fangelsi samkvæmt hegningarlögum nr. 19/1940.

2. Málum, sem sæta ákæru ríkissaksóknara samkvæmt 115. gr., sbr. 2. málsgr. 21. gr., ef:

a. brot getur varðað yfir 5 ára fangelsi samkvæmt lögum nr. 19/1940 og lagaatriði eða sönnunar veita efni til slíkrar meðferðar, t. d. úrslit máls velta á líkum, mál er mjög umfangsmikið eða margbrotið;

b. sérstaklega þýðingarmikil vafaatriði eru í máli eða úrslit þess hafa annars mikla almenna þýðingu, hvort sem brot varðar við almenn hegningarlög eða önnur lög.

☐ Ríkissaksóknari rannsakar og ákveður hverju sinni, hvort mál er þess eðlis, að það skuli sæta meðferð samkvæmt 2. tölul. þessarar greinar. Dómari skal í lok rannsóknar leita þess, hvort ákærði æski þess, að sókn og vörn verði flutt í máli hans, ef dómara þykir vera mega heimild til að kveða svo á.

■ **131. gr.** Þegar er ríkissaksóknari hefur ákveðið meðferð máls samkvæmt 130. gr., sendir hann dómara eða formanni dóms samkvæmt 5. gr. tilkynningu um ákvörðun sína. Ríkissaksóknari skipar því næst sækjanda og dómari (formaður) verjanda og sendir þeim skjöl málsins ásamt tilkynningu um stað og stund til næsta þinghalds, sbr. 115. og 116. gr.

■ **132. gr.** Dómari (formaður dóms) veitir sækjanda og verjanda sameiginlegan frest til að undirbúa sókn og vörn. Þeir skulu kynna sér rækilega alla málavöxtu og rannsaka, hvaða sakaratriði sé rétt að leiða betur í ljós en þegar er gert, sbr. 79. og 86. gr. Gera skulu þeir skrá um sakargögn, er athuga þarf, og þau vitni, sem þeir

1974 Nr. 74 21. ágúst

vilja leiða, hvort sem þau hafa verið leidd áður eða ekki. Skulu þeir kynna hvor öðrum efni skrárinnar og fá dómurum hana í hendur fyrir dómþing svo tímanlega, að þeir geti yfirfarið efni hennar.

■ **133. gr.** Á næsta dómþingi skal þingfesta mál með þeim hætti, sem í 121. gr. segir. Þá er máli hefur verið lýst og sækjandi og verjandi hafa gefið sig fram og ákæra hefur verið lesin upp, ber þeim að tjá sig um atriði þau, er því kynnu að varða, að ekki verði réttilega lagður dómur á mál að efni til, og fer þá svo sem í 124. gr. er mælt.

■ **134. gr.** Frekari rannsókn máls fer fram fyrir dómi, ef þess er þörf og kostur, og taka sækjandi og verjandi þátt í henni.

□ Dómur kveður ákærða og aðra fyrir sig, nefnir skoðunar- og matsmenn, tekur við staðfestingu þeirra og segir fyrir um öflun annarra gagna, eftir því sem efni standa til.

□ Sækjandi gerir fyrst stuttlega grein fyrir sakaratriðum og ákæru svo og þeim sakargögnum, sem hann ætlar að styðja ákæru við. Þá skal ákærði spurður um sakaratriði og honum veittur kostur á því að tjá sig um þau. Ef frásögn hans fer í atriðum, sem máli skipta, í bága við fyrri skýrslu hans, skal honum bent á ósamræmið og þau atriði prófuð af nýju. Ef ákærði játar brot á sig, ákveður dómur, að hverju leyti þörf er frekari sakargagna.

□ Því næst flytur sækjandi fram sakargögn og spyr vitni. Verjandi tekur þá við, flytur fram sakargögn af sinni hendi og leiðir vitni. Sækjandi og verjandi gagnspyrja vitni jafnóðum og þau eru spurð. Um vitnaleiðsluna gilda ákvæði 102. gr. Dómendur spyrja ákærða, vitni og aðra eftir þörfum, stjórna prófun sækjanda og verjanda og skera úr öllum vafa- og ágreiningsefnum.

□ Nú verður ekki hjá því komist, að rannsókn einstakra atriða fari fram fyrir dómi annars staðar, og er þá rétt, að sækjandi og verjandi komi þar fyrir dóm með sömu skyldum og réttindum sem mælt var, ef dómendum aðalmáls þykir nauðsynlegt.

■ **135. gr.** Þá er gögn öll eru fengin, skal dómur kveða á um það, hvort flytja skuli mál munnlega eða skriflega. Mál skal flytja munnlega, nema bæði sækjandi og verjandi óski skriflegs málflutnings, enda telji dómur skriflegan flutning máls heppilegri, svo sem vegna þess, hve mál er umfangsmikið.

□ Nú er mál munnlega flutt, og skal málflutningur þá fara fram þegar í fyrsta þinghaldi, sbr. 133. gr., eða þegar gögn öll eru fram komin, sbr. 134. gr. Sækjandi talar fyrst, en verjandi síðan, enda má hvor flytja tvær ræður, en rétt er ákærða að taka einu sinni til máls að loknum ræðum sækjanda og verjanda. Um munnlegan málflutning fer annars eftir 112. gr. laga nr. 85/1936.

□ Nú er mál skriflega flutt, og leggur sækjandi þá fyrst fram sókn sína, en verjandi síðan vörn. Framhaldssókn og framhaldsvörn má síðan flytja einu sinni af hvors hálfu.

□ Að lokinni sókn og vörn skal mál taka til dóms.

■ **136. gr.** Nú þykir dómi eftir dómtöku máls svo áfátt um rannsókn einhvers atriðis, að ekki megi við hlíta, og skal þá hafa framhaldsrannsókn þar um, enda megi ætla, að hún kunni að bera árangur. Ákveður dómari (formaður) í samráði við sækjanda og verjanda stund og stað til rannsóknar eða gerir ráðstafanir til þess, að rannsókn fari fram utan síns lögsagnarumdæmis, ef því er að skipta. Um rannsókn samkvæmt þessari grein fer annars samkvæmt 134. gr. Dómur getur, að rannsókn lokinni og eftir að sækjandi og verjandi hafa kynnt sér árangur hennar, veitt þeim kost á að gera athugasemdir til viðbótar málflutningi sínum, ef honum þykir nauðsynlegt eða heppilegt.

□ Að loknum aðgerðum samkvæmt þessari grein skal taka mál til dóms af nýju.

■ **137. gr.** Fresta skal meðferð máls:

1. Ef nauðsynjar banna dómara, málflytjanda eða öðrum, sem leysa ber af hendi starf í þarfir máls, að inna af hendi störf sín á tilsettum tíma.

2. Ef þeir koma ekki fyrir dóm, er gefa skulu skýrslu í opinberu máli eða staðfesta hana, enda megi ætla hana skipta nokkru máli.

3. Ef óviðráðanleg atvik tálma annars framkvæmdum, svo sem veður eða vötn, sóttkvíun o. s. frv.

4. Ef framhaldsrannsókn er ákveðin, sem eigi er unnt að hafa þá þegar, eða bíða verður annarra aðgerða til framkvæmdar máli, svo sem skipunar dómara eða málflytjanda o. s. frv.

□ Dómari getur frestað máli:

1. Vegna uppkvaðningar úrskurða og annarra ráðstafana sakir máls.

2. Til sóknar eða varnar máls.

■ **138. gr.** Hraða skal meðferð opinberra mála eftir föngum, enda verði þess jafnan gætt að afla allra fáanlegra skýringa um málavöxtu. Dómari (dómur) ræður gangi máls, enda er hann óbundinn af yfirlýsingum málflytjenda eða kröfum, nema þær séu borgararéttar eðlis. Eigi skiptir það máli, hvenær yfirlýsingar koma fram í rannsókn eða flutningi máls.

□ [Brot, sem falla undir XXI. og XXII. kafla hegningarlaga, um sifskaparbrot og skírlífisbrot, skulu hafa forgang fram yfir önnur refsilagabrot hvað varðar rannsókn, ákæru og dómsmeðferð.][1)]

[1)] *L. 31/1988, 1. gr.*

## XVI. kafli. Um sakarkostnað.

■ **139. gr.** Til sakarkostnaðar í opinberum málum telst:

1. Ferðakostnaður dómara og sækjanda og skipaðs verjanda, ef því er að skipta, enda skal greiða þeim óhjákvæmilegan kostnað af ferðalagi vegna rannsóknar og meðferðar málsins.

2. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda.

3. Þóknun fyrir aðstoð vegna málsins, svo sem skjalþýðingar, dómtúlkun, afnot muna annarra manna o. s. frv.

4. Gæslu-, varðhalds- og flutningskostnaður ákærða, þar til framkvæmd refsingar hefst samkvæmt ákvæðum dómsins.

5. Þóknun til vitna, mats- og skoðunarmanna.

6. Þingvotta- og birtingargjöld.

7. Kostnaður af kyrrsetningu samkvæmt 144. gr. og fullnustu dóms með aðför.

8. Annar óhjákvæmilegur kostnaður.

□ Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit beinlínis í þágu málsins, stimplun dómsgerða eða staðfestingu skal eigi greiða.

■ **140. gr.** Nú er ákærði sýkn dæmdur af refsikröfum, af hvaða ástæðu sem er, eða refsimál gegn honum fellur niður, án þess að svo sé ástatt sem í 112. gr. segir, og skal

þá einnig sýkna hann af málskostnaðarkröfu. Þó skal dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur ákærða að einhverju leyti eða öllu, ef hann hefur orðið kostnaðar valdur með vísvitandi eða stórkostlegu ólögmætu framferði í rannsókn máls eða í sambandi við hana.

□ Nú eru tveir menn eða fleiri hafðir fyrir sökum, og eru sumir sýknaðir og sumir sakfelldir, og skal þá frá draga þann hluta kostnaðar, er telja má aðeins koma hinum sýknaða eða sýknuðu við, nema telja megi hinn dómfellda eða hina dómfelldu einnig beinlínis valda að honum. Ef slíkur frádráttur verður ekki gerður nákvæmlega, metur dómari það, í hvaða hlutföllum hinn sakfelldi skuli bera sakarkostnað á móti ríkissjóði.

■ **141. gr.** Nú er ákærði sakfelldur fyrir það brot eða þau brot, sem honum er sök á gefin, og skal þá dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur honum.

□ Nú er ákærði sakfelldur fyrir sum þau brot, er honum er sök á gefin, en sýkn dæmdur af öðrum, og getur dómari þá ákveðið, að hann skuli greiða nokkurn hluta kostnaðar, en að hinn hlutinn skuli greiddur úr ríkissjóði, með þeim hætti, er í 140. gr. segir.

□ Kostnað, sem sækjandi eða verjandi eða lögreglumenn eru valdir að vegna vanrækslu eða skeytingarleysis í starfi sínu, skal ekki dæma sökunaut til að greiða. Getur dómari ákveðið í dómi refsimálsins eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skyldu þeirra til að greiða slíkan kostnað, en veita skal hann þeim áður kost á að láta uppi álit sitt.

■ **142. gr.** Nú eru tveir menn eða fleiri sóttir til refsingar í sama máli og sekir dæmdir, og skal þá hvorum (hverjum) þeirra gert að greiða gæslu- eða varðhaldskostnað sinn og þóknun til skipaðs verjanda síns einum sér, ef hann hefur fengið sér skipaðan annan verjanda en hinn eða hinir. Þá hina sakfelldu, sem eru saman um verjanda, skal dæma in solidum til að greiða þóknun hans.

□ Nú hafa ákærðu allir eða báðir tekið þátt í broti með vitund og vilja hvor (hver) annars og eru dæmdir til refsingar fyrir það í sama máli, og skal þá venjulega dæma þá til að greiða sakarkostnað in solidum (sbr. þó 1. málsgr.). Ef samband þeirra einhverra eða allra um brot hefur ekki verið slíkt, skiptir dómari sakarkostnaði milli þeirra í þeim hlutföllum, er honum þykir sanngjarnt vera.

■ **143. gr.** Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda skal þó ákveða tiltekinni fjárhæð, sbr. 2. málsgr. 87. gr. Þegar mál er sótt af ríkissaksóknara, vararíkissaksóknara, saksóknara eða fulltrúa ríkissaksóknara, sbr. 1. málsgr. 79. gr. og 1. málsgr. 181. gr., skal það gert án sérstaks endurgjalds bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Verði ákærða í slíku máli dæmt að greiða sakarkostnað, skal honum þá gert að greiða tiltekna fjárhæð málssóknarlauna, er renni í ríkissjóð. Þóknun verjanda, sem kemur fyrir dóm utan lögsagnarumdæmis, þar sem með aðalmál er farið, svo og annan kostnað þar ákveður dómari aukamálsins.

□ Dómari gerir heildarreikning yfir sakarkostnað og sendir hann ásamt fylgiskjölum til dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninginn og greiðir dómara það, sem hann kann að hafa lagt út eða greiða á síðar. Refsidómur ásamt úrskurðuðum reikningi verður þá lögleg heimild til aðfarar í fé ákærða eða ákærðu.



■ **144. gr.** Til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eða til undirbúnings eignartöku, ef því er að skipta, skal dómari, ef hann hefur jafnframt fógetavald, kyrrsetja eða láta fógeta annars kyrrsetja eignir sökunauts eða sökunauta, ef hættu má telja á því, að þeim verði ella undan skotið eða að þær glatist eða rýrni að mun, svo að ekki verði nægilegt til greiðslu sakarkostnaðar eða bóta á sínum tíma, og fer það eftir álitum dómara, hversu mikið skuli kyrrsetja. Um framkvæmd og þýðingu kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, en þó með þeim afbrigðum, er hér segir:

1. Tryggingu þarf enga að setja.
2. Ábyrgð á kyrrsetningu þessari fer eftir almennum skaðabótareglum.
3. Mál til réttlætingar kyrrsetningu þarf ekki að höfða.

□ Dómari kveður á um varðveislu kyrrsettra muna og sér um, að þær ráðstafanir verði gerðar, er með þarf að lögum til verndar kyrrsetningu. Eigi skal stimpilgjald eða þinglýsingar greiða fyrir þessar ráðstafanir.

□ Kyrrsetning fellur niður, jafnskjótt sem ákærði hefur verið sýknaður með úrslitadómi eða úrskurði af greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eða málsókn hefur verið undan felld eða látin niður falla og eigi koma ákvæði 112. gr. til greina, og á hann þá heimtingu á því, að honum verði honum að kostnaðarlausu fengin umráð yfir hinum kyrrsettu verðmætum og úr gildi felldar þær ráðstafanir aðrar, sem gerðar kunna að hafa verið til verndar kyrrsetningunni. Ef ákærði hefur greitt sakarkostnað eða dæmdar skaðabætur, á hann og heimtingu til hins sama, en greiða verður hann þá kostnað þar af.

## XVII. kafli. Um bætur til handa þriðja manni.

■ **145. gr.** [Nú kemur það í ljós í rannsókn opinbers máls, að þriðji maður hefur beðið tjón af háttsemi þeirri, sem sökunautur er borinn, og skal þá lögreglumaður sá eða dómari, sem rannsókn málsins annast, þegar er efni standa til, benda þriðja manni á það, að hann eigi þess kost að koma bótakröfu sinni að í væntanlegu refsimáli, og að þar megi dæma hana, ef hún verði nægilega skýrð án verulegra tafa eða óhagræðis í því máli.][1] Ef aðili eða umboðsmaður hans gerir slíka kröfu nægilega ákveðið og nægilega snemma, enda leiðbeinir dómari í því efni eftir þörfum, þá skal dómari leita sannana um hana, þar á meðal með matsgerð eða skoðunar fyrir dómtöku, ef því er að skipta. Bera skal slíka kröfu undir ákærða, enda er sækjanda og verjanda skylt að gera athugasemdir um hana, ef ákærði hefur ekki samþykkt hana, eftir því sem ástæður verða til.

[1] *L. 107/1976, 29. gr.*

■ **146. gr.** Ef máli er til lykta ráðið samkvæmt 112. gr. og sökunautur samþykkir bótakröfu og samkomulag verður um greiðslu hennar, skal dómari bóka það, og er þann gerning að meta sem sátt fyrir dómi.

□ Um lyktir bótakröfu í refsimáli fer annars sem hér segir:

Ef dómur gengur ekki um efni refsikröfu fyrir þá háttsemi, sem bótakrafa er sprottin af, þá verður ekki heldur dæmt um hana. Sama er, ef ákærði er sýknaður af þeirri háttsemi vegna þess, að eigi þykir sannað, að

hann hafi framið hana. Ef hann er sýkn dæmdur af öðrum rökum, svo sem vegna sakhæfisskorts, eða refsing er látin niður falla, en skilyrðum skaðabótaskyldu er þó talið vera fullnægt, má dæma kröfuna. Ef sannanir þykir skorta um tjón aðila að öllu leyti, skal vísa kröfu frá dómi. Dómari ákveður annars bætur með venjulegum hætti.

■ **147. gr.** Í æðra dómi skal taka skaðabótakröfu, sem dæmd hefur verið að efni til í héraði, til meðferðar með venjulegum hætti, ef annar hvor aðila æskir þess, enda gilda þar ákvæði 145. gr. um skyldu sækjanda og verjanda.

□ Skjóta má sérstaklega til hæstaréttar ákvæði héraðsdóms, þar sem bótakrafa hefur verið dæmd að efni til, ef dóminum er ekki áfrýjað að öðru leyti, enda fer það málskot að lögum um meðferð einkamála fyrir æðra dómi.

■ **148. gr.** Aðrar kröfur borgararéttareðlis, sem rót sína eiga að rekja til refsiverðrar háttsemi, má og leggja fyrir dómara í refsimáli, svo sem missi erfðaréttar, ógildi hjúskapar o. s. frv., og skal þar dæma þær að efni til, að fullnægðum framangreindum skilyrðum, eftir því sem við á.

■ **149. gr.** Nú hefur leit verið gerð hjá þriðja manni eða hald verið lagt á muni hans í rannsókn opinbers máls, og á hann þá kröfu til bóta fyrir miska, ef aðgerðir þessar hafa fram farið á óþarflega móðgandi eða særandi hátt, og fyrir fjártjón, er aðgerðin hefur valdið honum, enda verði honum eigi gefin sök á því, að hún fór fram eða hvernig hún fór fram. Í stað bótakröfu má láta aðila í té yfirlýsingu samkvæmt 158. gr., eftir því sem við á.

**XVIII. kafli. Um bætur til handa sökuðum mönnum o. fl.**

■ **150. gr.** Kröfu um bætur samkvæmt þessum kafla má, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt, því aðeins taka til greina, að:

1. sökunautur hafi ekki með vísvitandi eða stórvægilega gáleysislegu ólögmætu framferði valdið þeim aðgerðum, er hann reisir kröfu sína á, svo sem með stroki, ósannindum, tilraunum annars til að torvelda rannsókn o. s. frv., og

2. rannsókn hafi verið hætt eða ákæra ekki hafin vegna þess, að sú háttsemi, sem hann var borinn, hafi talist ósaknæm, eða sönnun hafi ekki fengist um hana eða hann hafi verið sýkn dæmdur með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera sýknan af henni en sekan.

□ Bæta skal fjártjón og miska, ef því er að skipta.

■ **151. gr.** Dæma má bætur fyrir handtöku, leit á manni, rannsókn á heilsu manns og aðrar aðgerðir, sem hafa frelsisskerðing í för með sér, aðrar en gæsluvarðhald og refsivist, sbr. 152. og 153. gr., svo og fyrir leit í húsum og hald á munum:

1. Ef lögmælt skilyrði hefur brostið til slíkra aðgerða.

2. Ef ekki hefur verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til nefndra aðgerða eða þær hafa verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

■ **152. gr.** Bætur skal að jafnaði dæma fyrir gæsluvarðhald, sem óleyfilegt er samkvæmt 1. – 3. tölul. 69. gr., án tillits til ákvæða 1. eða 2. tölul. 150. gr. Sama er um bætur til þeirra, er í 4. tölul. sömu greinar segir, enda hafi mátt sjá, að svo var ástatt um þá, sem þar greinir, eða þeir hafi vakið athygli viðkomenda á því.

□ Um bætur fyrir gæsluvarðhald annars fer eftir 150. gr.

□ Taka skal sérstaklega til greina, ef sannað er eða ætla má, að sökunautur hafi liðið tjón á heilsu sinni vegna frelsisskerðingar.

■ **153. gr.** Nú verður það ljóst, að maður hefur saklaus hlotið refsidóm, þolað refsingu eða upptöku eigna, og ber þá að dæma honum bætur fyrir miska og fjártjón, þar á meðal fyrir stöðu- og atvinnumissi, enda þótt skilyrðum 1. tölul. 150. gr. sé ekki fullnægt, en lækka má þó bætur eftir sök aðila á því, að hann var ranglega dæmdur.

■ **154. gr.** Bótakröfu má hafa uppi sem hér segir:

1. Ef rannsókn hefur ekki leitt til ákæru, getur aðili krafist úrskurðar rannsóknardómara um rétt sinn á hendur ríkissjóði til bóta. Kveður dómari þá upp úrskurð um kröfuna, að fengnu áliti ríkissaksóknara. Úrskurði má áfrýja til æðra dóms.

2. Ef mál gengur til dóms, getur aðili krafist úrlausnar héraðsdóms um bótakröfu á hendur ríkissjóði, enda ber þá sækjanda og verjanda að tjá sig um hana í flutningi máls þar. Ákvæðum dóms um bótakröfu má áfrýja til æðra dóms ásamt málinu eða sérstaklega, ef máli er ekki áfrýjað.

3. Nú eru þær leiðir ekki farnar, sem í 1. og 2. tölul. getur, og er aðila þá rétt að höfða mál í héraði, þar sem sú aðgerð fór fram, er krafa er á reist, með venjulegum hætti, enda sé ríkissaksóknara stefnt fyrir hönd ríkisvaldsins til að gæta réttar þess og lögreglumanni og héraðsdómara, ef krafa er gerð á hendur þeim. Fer þá mál eftir reglum um meðferð einkamála, enda skal veita aðila gjafsókn fyrir báðum dómum. En dæma má hann til greiðslu sakarkostnaðar, ef hann tapar máli, eftir almennum reglum.

■ **155. gr.** Ríkissjóður ábyrgist jafnan greiðslu bóta, en kröfu á hann á hendur dómara eða öðrum, ef telja má þá hafa með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi valdið aðgerðum þeim, sem krafa var reist á, eða framkvæmt þær með sama hætti.

□ Nú er rannsókn á hendur manni, sem hlotið hefur bætur samkvæmt 150. – 152. gr., tekin upp af nýju og það kemur í ljós, að grundvöllur sá, sem bótakröfu mátti reisa á, var ekki fyrir hendi, og ber þá að dæma hann til endurgreiðslu bótanna.

■ **156. gr.** Um aðilaskipti að bótakröfu samkvæmt þessum kafla fer samkvæmt 3. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

■ **157. gr.** Bótakrafa fyrnist á 6 mánuðum frá vitneskju aðila um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu sýknudóms eða frá því, er aðili var laus látinn úr refsivist. Ef refsimál hefur farið til hæstaréttar, telst fyrningarfrestur frá uppkvaðningu dóms þar.

■ **158. gr.** Sökunautur, er orðið hefur fyrir þeim aðgerðum, sem taldar eru í 151. – 153. gr., getur í stað bóta krafist vottorðs þess opinbers starfsmanns, sem máli hans hefur ráðið til lykta, um það, að komið hafi í ljós, að sökunautur hafi ekki verðskuldað aðgerðina. Ef viðkomandi opinber starfsmaður telur, að sökunautur eigi rétt á slíku vottorði, ber honum að láta það í té.

## XIX. kafli. Um sektir.

■ **159. gr.** Ef skipaður sækjandi eða verjandi gerir sig sekan í vanrækslu eða skeytingarleysi í starfa sínum, getur dómari dæmt honum sekt fyrir í dómi eða úrskurði.

■ **160. gr.** Sá, er viðhefur ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, skal sæta sektum.

■ **161. gr.** Sá skal sæta sektum eða varðhaldi, sem brýtur bann dómara samkvæmt 3. málsgr. 16. gr. eða í ræðu eða riti gefur opinberlega vísvitandi eða gálauslega ranga eða villandi skýrslu í verulegum atriðum eða óþarflega særandi um opinbert mál eða rannsókn þess, meðan því máli er ekki að fullu lokið, eða tálmar eða reynir að tálma á ólögmætan hátt rannsókn slíks máls eða hafa að öðru leyti ólöglega áhrif á hana eða málsúrslit.

□ Ef sækjandi eða verjandi brýtur ákvæði 1. málsgr. og brot þeirra þykja eigi varða nema sektum, enda liggi full vitneskja fyrir um það, má svo með fara sem í 159. gr. segir.

□ Mál út af þessum brotum fara annars sem opinber mál almennt.

■ **162. gr.** Ef brot þau, er í 159., 160. og 161. gr. segir, varða þyngri refsingu að lögum en þar segir, skal sækja þá sök í almennu opinberu máli.

■ **163. gr.** Sektir samkvæmt 159. – 161. gr. og 41. gr. renna í ríkissjóð.

□ Kæra má sérstaklega refsiákvæði samkvæmt 159., 160. og 161. gr., en ella fer um áfrýjun eftir 175. gr.

## XX. kafli. Um dóma og úrskurði.

■ **164. gr.** Úrskurði, er kveða þarf upp í sambandi við rannsókn eða flutning opinbers máls, skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, eftir að atriði er tekið til úrskurðar. Úrskurðir skulu vera byggðir á forsendum og nægilega skýrir og glöggir.

■ **165. gr.** Ákvæði 191. og 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði skulu og taka til opinberra mála.

■ **166. gr.** Dómar í opinberum málum skulu vera glöggir og skýrir svo sem kostur er á. Ekki má skírskota til sannana eða atvika, er síðar kunna að koma fram.

□ Í dómi skal greina nafn, stöðu og heimili ákærða, svo að ekki verði um villst, númer málsins, þing, stað og stund, er dómur er upp kveðinn, hvenær mál var tekið til dóms, nafn dómanda eða nöfn, ef fleiri eru en einn, málsatvik og málsástæður þær, er máli þykja skipta, hugleiðingar dómara um niðurstöðu, skilorð, ef skilorðsbundið er dæmt, réttarfarssektir, ef því er að skipta, um skaðabótakröfu, eignartöku, sakarkostnað og annað, er máli kann að skipta. Niðurstöðu dóms skal síðan saman draga í niðurlag hans, eins og tíska hefur verið, að því leyti sem honum á að fullnægja með aðför, og svo ef ákærði er alsýknaður.

□ Dómi eða úrskurði má fullnægja með aðför eftir efni sínu, enda þótt eigi sé sett í þá aðfararákvæði sérstaklega.

□ Ef sektir eru dæmdar eða úrskurðaðar, skal ákveða í dómi eða úrskurði vararefsingu lögum samkvæmt tiltekinn tíma, er ákærði skuli þola, ef sekt greiðist ekki innan ákveðins tíma frá birtingu eða uppsögu dóms eða úrskurðar, sbr. 3. málsgr. 167. gr.

□ Ákvæði um aðfararfrest skal annars ekki setja í dóma eða úrskurði í opinberum málum, hvorki um refsingu né annað.

■ **167. gr.** Dómari tilkynnir ákærða eða verjanda hans, ef þess er kostur, hvar og hvenær dómur eða úrskurður, ef með þarf og það á við, verði kveðinn upp, og með þeim fyrirvara, er honum þykir hlýða.

□ Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp á dómþingi í heyranda hljóði. Eftirrit af dómi eða úrskurði skal veita sækjanda og verjanda eða ákærða svo fljótt sem unnt er, ef þess er krafist.

□ Ef ákærði er viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar, þarf ekki að birta honum dóm eða úrskurð. Ella skal birting dóms fram fara með venjulegum hætti, og úrskurðar, er það á við.

□ Ef ákærði er við dómsuppsögu eða úrskurðar staddur, telst frestur samkvæmt 4. málsgr. 166. gr. frá uppsögudegi, en ella frá birtingardegi.

□ Dómari gerir nauðsynlegar ráðstafanir til birtingar dóma og úrskurða.

□ Geta skal þess í þingbók, hvort ákærði hafi verið viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar. Í eftirriti af dómsathöfnum þessum skal þess og geta.

■ **168. gr.** Dómur bindur ákærða, handhafa ríkisvalds og aðra aðila um atriði þau, sem þar eru dæmd, svo sem refsingu, skaðabætur, réttindamissi, réttarfarssektir, eignatöku, sakarkostnað o. s. frv.

□ Ákvæði 2. málsgr. 195. gr. og 196. gr. laga nr. 85/1936 gilda og um opinber mál.

■ **169. gr.** Refsiákvæðum, ákvæði um eignatöku, málskostnað eða skaðabætur í dómi í opinberu máli eða úrskurði má ekki fullnægja með aðför fyrr en afráðið er, að því verði ekki skotið til æðra dóms, en þá má því þegar fullnægja, nema sekt skuli greiða og greiðslufrestur hennar sé ekki liðinn.

## XXI. kafli. Um kæru til æðra dóms.

■ **170. gr.** Ekki verður skotið til æðra dóms:

1. Ákvörðun um, að meðdómendur skuli til kvaddir.
2. Ákvörðun um, að rannsókn eða meðferð máls skuli fara fram fyrir luktum dyrum.
3. Ákvörðun um brottvísun af dómþingi.
4. Synjun um skoðun skjala og kynningu annarra sakargagna.
5. Ákvörðun um, að verjanda skuli skipa.
6. Ákvörðun um fresti, sbr. þó 172. gr., 9. tölul.
7. Ákvörðun um skriflegan eða munnlegan málflutning.
8. Ákvörðun um að veita verjanda leyfi til viðtals við sökunaut.
9. Ákvörðun um, að rannsókn eða málsmeðferð skuli tekin upp af nýju.

■ **171. gr.** Ríkissaksóknari einn getur kært til æðra dóms eða leyft aðila að kæra:

1. Úrskurði dómara, að hann eða meðdómandi skuli eða skuli ekki fara með mál.
2. Synjun á kvaðningu meðdómenda.
3. Frávísunardóm og úrskurð dómara samkvæmt 74. gr.
4. Ákvæði um sakarkostnað, sbr. þó 172. gr., 11. tölul.

■ **172. gr.** Aðili getur kært til æðra dóms:

1. Úrskurð um handtöku og rannsókn á sökunaut eða öðrum, leit, hald á munum, kyrrsetningu og rannsókn skjala og bréfa.
2. Ákvörðun um skyldu manna til aðstoðar og um að láta í té muni í þarfir opinbers máls.

1974 Nr. 74 21. ágúst

3. Úrskurð um varðhald og aðra gæslu á sökunaut og tryggingu.

4. Synjun um skipun verjanda og ákvörðun um það, hvern skuli skipa.

5. Ákvörðun um þóknun sækjanda og verjanda, ef hún er ekki ákveðin í dómi.

6. Úrskurð um vitnaskyldu, vitnaheimild, þóknun vitnis, viðurlög við brotum á vitnaskyldu og önnur atriði, sem vitni varða.

7. Úrskurð um sams konar efni um mats- og skoðunarmenn.

8. Úrskurð um líkrannsókn.

9. Úrskurð, þar sem synjað er um rannsókn um einstök atriði eða endurupptöku málflutnings.

10. Ákvörðun um önnur efni, er varða rannsókn máls eða meðferð fyrir dómtöku þess og líkt er farið.

11. Ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar á hendur ákærða, sem að öðru leyti hefur verið sýkn dæmdur að nokkru eða öllu.

■ **173. gr.** Kæra samkvæmt 172. gr., 1. – 4. tölul., frestar ekki framkvæmdum í máli. Kæra samkvæmt 6. og 7. tölul. frestar ekki aðgerðum, ef hún varðar þóknun vitna eða mats- og skoðunarmanna.

☐ Þegar öðruvísi stendur á, frestar kæra samkvæmt 172. gr. þeim framkvæmdum í rannsókn opinbers máls og meðferð, sem fara mundu í bága við niðurstöðu æðra dóms, ef hún yrði andstæð hinni kærðu dómsathöfn, nema slík framkvæmd verði talin brýnt nauðsynleg til þess að rannsókn málsins komi að fullu gagni, enda verður ákvörðun dómara um það efni eigi haggað. Þetta gildir þó ekki um vitnaheimild eða vitnaskyldu né um samsvarandi skyldu matsmanna eða skoðunarmanna.

■ **174. gr.** Þar sem kæra frestar framkvæmdum, skal dómari, eftir því sem unnt er, ganga þegar úr skugga um það, hvort kært verði.

☐ Kærandi skal lýsa kæru sinni innan sólarhrings frá því, er honum var birt ákvörðun sú, er hann vill kæra, bréflega til dómara eða með bókun í þingbók, og gera kröfur sínar ásamt þeim athugasemdum, er honum þykir hlýða, enda mega ný gögn og ný málsatvik koma fyrir æðra dóm. Jafnskjótt sem kæru hefur verið lýst, skal dómari gera eftirrit af því, er kærumálið varðar. Sendir hann þegar æðra dómi fimm eintök þar af með athugasemdum sínum, ef hann vill, en ríkissaksóknara, sökunaut eða verjanda hans eitt eintak hverjum, svo og þeim öðrum, er kæran varðar (sækjanda, vitni o. s. frv.). Innan 3 sólarhringa eftir móttöku skjalanna getur æðri dómur lagt dóm á kærumálið, enda getur hver aðila sent honum athugasemdir sínar á þeim fresti.

☐ Athugasemdir, er síðar koma, skal þó taka til greina, ef þær koma, áður en dómur er upp kveðinn.

☐ Ef kæra frestar framkvæmdum rannsóknar eða málsmeðferðar, skal æðri dómur hafa lokið dómsorði á kærumál innan 10 daga frá móttöku skjalanna, nema mál sé sérstaklega margbrotið eða dómurinn telji óhjákvæmilegt, að nýrra gagna sé aflað. Að þeim fengnum fer um dómsuppsögu sem áður segir.

☐ Aldrei má dómsuppsaga dragast lengur en 2 vikur, eftir að skjöl öll, þar á meðal ný sakargögn, hafa til æðra dóms komið, hvort sem kæra frestar framkvæmdum eða ekki.

☐ Sekta skal kæranda fyrir tilefnislausa kæru. Sekt rennur í ríkissjóð.

## XXII. kafli. Um áfrýjun.



■ **175. gr.** Skylt er ríkissaksóknara að áfrýja dómi án kröfu ákærða:

1. Ef ákærða er dæmd 5 ára refsivist eða meira.

2. Ef sérstakar ástæður eru til, svo sem ef telja má mann ranglega sýknaðan eða sakfelldan, refsingu að mun of háa eða of lága, réttindi eða eign ranglega dæmda af manni, mann ranglega mæltan undan þessum viðurlögum, eða ranglega hallað á hann í forsendum dóms, þótt hann sé sýknaður, ef það hefur almenna þýðingu að fá úrlausn æðra dóms eða töluverð vafaatriði þykja annars vera í máli, hvort sem þau varða lög eða staðreyndir.

☐ Skylt er ríkissaksóknara að áfrýja eftir kröfu ákærða:

1. Ef ákærða er dæmd refsing eða upptaka eignar fyrir fyrsta sinni framið brot.

2. Ef dæmd refsing nemur 50 000 króna[1] sekt eða þriggja mánaða refsivist.

3. Ef ákærði er sviptur réttindum eða réttindamissi leiðir af sakfellingu hans.

4. Ef ákærða er mælt upptaka eignar, er nemur 50 000 krónum.[1] Jafnan er þriðja manni, sem með dómi skal sæta upptöku eignar, rétt að áfrýja að hætti einkamála, ef ríkissaksóknari vill láta við dóminn sitja.

☐ Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun, sbr. 177. gr., ef ákærði er yngri en 18 ára eða sviptur sjálfræði.

☐ Að ákærða önduðum, koma maki hans, foreldri, barn, kjörbarn og systkin í stað hans um áfrýjun. Rétt er ríkissaksóknara að áfrýja ákærða til hagsbóta eftir andlát hans.

[1] *Gamlar krónur.*

■ **176. gr.** Nú er máli áfrýjað að kröfu ákærða, og verður þá refsing eða önnur viðurlög á hendur honum ekki þyngd, nema ákæruvaldið áfrýji málinu í þessu skyni af sinni hálfu.

■ **177. gr.** Nú hefur ákærða verið dæmt áfall og svo er ekki farið sem í 1. tölul. fyrri málsgreinar 175. gr. segir, og skal héraðsdómari þá spyrja ákærða, ef hann er við dómsuppsögu staddur, hvort hann æski áfrýjunar, en ella skulu stefnuvottar gera það eftir fyrirlagi dómara, þegar þeir birta sakfellda dóminn.

☐ Nú er ríkissaksóknara skylt að áfrýja eftir kröfu ákærða, og skal ákærði þá hafa að forfallalausu tilkynnt dómara kröfu sína um áfrýjun innan 2 vikna frá áðurnefndum tíma. Annars kostar má svo meta sem hann uni við dóminn.

☐ Héraðsdómari skal jafnan afgreiða dómsgerðir til ríkissaksóknara svo fljótt sem unnt er.

■ **178. gr.** Ákvörðun um áfrýjun samkvæmt 175., sbr. 179. gr., frestar fullnustu ákvæða um refsingu, eignartöku, sakarkostnað, svo og skaðabætur, enda hafi ákærði ekki berum orðum samþykkt skaðabótakröfu að öllu leyti. Ákvörðun um áfrýjun frestar og ákvæðum dóms um réttindamissi, nema þau verði talin sett til verndar lífi, heilsu eða eignum einstakra manna eða almennings, eða óviðurkvæmilegt megi telja, að dómfelldi haldi réttindum þrátt fyrir áfrýjun. Dómari getur þess í dómi, ef ákvörðun um áfrýjun frestar ekki ákvæðum dóms að þessu leyti.

■ **179. gr.** Þegar ríkissaksóknari hefur fengið dómsgerðir, rannsakar hann, hvort skylt sé eða rétt að áfrýja

máli af hálfu ákæruvalds eða eftir ósk ákærða. Ef fleiri en einn eru fyrir sökum hafðir, tekur hann ákvörðun um áfrýjun að því er varðar mál hvers þeirra.

□ Ríkissaksóknari skal hafa tekið ákvörðun um áfrýjun eigi síðar en 3 mánuðum eftir að dómsgerðir hafa komið honum í hendur. Nú verður dómi eigi áfrýjað, og sendir ríkissaksóknari þá [fangelsismálastofnun][1] endurrit dómsins með áritun þar um. Nú verður dómi áfrýjað að því er varðar einn aðila eða fleiri, en eigi alla, og sendir ríkissaksóknari þá [fangelsismálastofnun][1] endurrit dóms á sama hátt.

□ Nú er áfrýjun ráðin, og ritar ríkissaksóknari þá fyrirkall á dómsgerðir til ákærða eða ákærðu og annarra aðila þess efnis, að málinu sé stefnt til hæstaréttar, að það verði þar þingfest, svo fljótt sem kostur er, og aðili eða aðilar megi ekki vænta annars fyrirkalls. Síðan sendir ríkissaksóknari dómara dómsgerðir til birtingar á fyrirkalli fyrir aðilum. Að lokinni birtingu endursendir dómari dómsgerðir til ríkissaksóknara, er svo afgreiðir þær til hæstaréttar. Skipar þá forseti dómsins verjanda eða verjendur með áritun á dómsgerðir og sendir þær því næst ríkissaksóknara.

[1] *L. 41/1988, 1. gr.*

■ **180. gr.** Ríkissaksóknari undirbýr ágrip dómsgerða með þeim hætti, sem tíðkast hefur, og lætur síðan, er hann hefur veitt verjanda kost á athugun frumvarps síns, fjölrita ágrip.

□ Nú telja ríkissaksóknari og verjandi sakaratriði miður rannsökuð en skyldi, og gera þeir þá, um leið og þeir undirbúa ágrip dómsgerða, skrá um þau atriði og kynna þau hvor öðrum. Ríkissaksóknari ákveður því næst, hverra frekari gagna skuli leita með prófun máls í héraði. Að því loknu annast ríkissaksóknari gerð viðbótarágrips.

□ Ríkissaksóknari endursendir hæstarétti síðan dómsgerðir héraðsdóms ásamt framhaldsprófum, ef því er að skipta, og ágrip dómsgerða. Ákveður forseti hæstaréttar svo þingfestingardag máls og tilkynnir ríkissaksóknara og verjanda það með hæfilegum fyrirvara.

■ **181. gr.** Ríkissaksóknari sækir öll opinber mál í hæstarétti, og hvíla á honum sömu skyldur, sem hvílt hafa á sækjanda fyrir þeim dómi, og samkvæmt þeim fyrirmælum, er í lögum þessum segir.

□ Ríkissaksóknari getur falið vararíkissaksóknara eða saksóknara að flytja tiltekin opinber mál í hæstarétti.

■ **182. gr.** Nú ákveður hæstiréttur framhaldsrannsókn máls þar fyrir dómi, og kveður hann þá fyrir sig sækjanda og verjanda og þá, er prófa skal, enda fer um skyldu manns til að gefa skýrslu þar og veita fræðslu um hvert atriði, er dómur telur máli skipta, um prófun þeirra og um viðurlög með sama hætti, sem segir í lögum þessum um rannsókn og meðferð fyrir héraðsdómi.

■ **183. gr.** Um öll þau atriði, er varða galla á málatilbúnaði í héraði eða hæstarétti eða málsmeðferð í héraði eða undirbúning málsmeðferðar eða hana sjálfa í hæstarétti, getur hæstiréttur kveðið upp úrskurð eða dóm, áður en málflutningur þar hefst, eða á hverju stigi hans sem vera skal, svo sem um frávísun sakar frá dómi, hvort ómerkja skuli héraðsdóm, um fresti, um ágrip dómsgerða, um öflun frekari gagna o. s. frv.

■ **184. gr.** Nú verður það bert í flutningi máls eða við athugun dómenda síðar, að leita þurfi frekari gagna en þegar hefur verið gert, og ætla má, að framhaldsrannsókn kunni að bera árangur, og getur hæstiréttur þá kveðið upp úrskurð, þar sem héraðsdómari, sækjandi og verjandi eru skyldaðir til að afla fræðslu um þau atriði, sem til eru tekin í úrskurði, og um það annað, sem framhaldsprófun veitir efni til.

1974 Nr. 74 21. ágúst

■ **185. gr.** Hæstiréttur vísar máli frá dómi vegna galla á málatilbúnaði, svo sem ef ákæra hefur ekki verið birt aðilum eða fyrirkall til hæstaréttar. Ómerkt getur hæstiréttur héraðsdóm, ef verulegir gallar þykja á meðferð hans annars í rannsókn eða málsmeðferð, enda þyki eigi hentara að bæta úr því með þeim hætti, sem í 182. og 183. gr. segir.

■ **186. gr.** Í dómi opinbers máls getur hæstiréttur dæmt héraðsdómara í sekt, er renni til ríkissjóðs, fyrir drátt á opinberum málum og önnur glöp í rannsókn þeirra og meðferð, enda þótt dómara hafi ekki verið stefnt í því skyni, ef sök hans virðist ljós. Einnig er ákærða rétt að krefjast þess, að dómara verði stefnt til ábyrgðar fyrir rannsókn opinbers máls og meðferð, og ber þá ríkissaksóknara að setja í fyrirkallið kröfu hans í því efni. Svo getur ríkissaksóknari af sjálfsdáðum gert slíka kröfu í fyrirkalli.

□ Ríkissaksóknara ber að gæta hagsmuna ríkisvaldsins gagnvart dómara, ef hann er krafinn ábyrgðar, en verjanda hagsmuna ákærða að því leyti. Nú kemur héraðsdómari fyrir hæstarétt vegna ábyrgðarkröfu og er sýkn dæmdur, og getur dómurinn þá dæmt ákærða, ef hann hefur gert kröfuna, eða ríkissjóð, ef ríkissaksóknari hefur gert hana, til þess að greiða dómara málskostnað.

■ **187. gr.** Nú þykir verjandi hafa gerst sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir hæstarétti, og getur dómurinn þá gert honum sekt, er renni til ríkissjóðs.

■ **188. gr.** Nú þykir hæstarétti að vísu vera gallar á verki héraðsdómara, skipaðs sækjanda í héraði, verjanda eða annarra, en ekki slíkir sem sektum eigi að varða, og getur dómurinn þá vítt viðkomendur fyrir þá, eftir því sem honum þykir ástæða til.

■ **189. gr.** Dómar hæstaréttar skulu afgreiddir til [fangelsismálastofnunar][1] með þeim hætti, sem nú tíðkast.

[1] *L. 41/1988, 2. gr.*

## XXIII. kafli. Um endurupptöku dæmdra opinberra mála.

■ **190. gr.** Nú hefur óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur gengið í opinberu máli, og verður það mál þá ekki síðan tekið upp af nýju, nema til þess séu þau skilyrði, er í þessum kafla segir.

■ **191. gr.** Eftir kröfu ríkissaksóknara skal taka mál, þar sem ákærði hefur verið sýknaður eða dæmdur fyrir miklu minna brot en það, er hann var borinn, upp af nýju:

1. Ef ákærði hefur, síðan dómur gekk, játað sig hafa framið brot það, sem hann var borinn, eða önnur gögn hafa komið fram, er ótvírætt benda til sektar hans.

2. Ef ákærði eða aðrir hafa haft í frammi refsiverða hegðun í því skyni að fá þau málalok, sem orðin eru, svo sem ef falsvitna er aflað, fölsuð skjöl eru látin fram koma, vitni, mats- eða skoðunarmenn gefa vísvitandi rangar skýrslur, enda megi ætla, að slík skjöl eða hegðun hafi orkað málalokum að öllu eða nokkru leyti.

**1974** Nr. 74 21. ágúst

■ **192. gr.** Eftir kröfu dómfellds manns, sem telur sig sýknan sakfelldan eða sakfelldan fyrir að mun meira brot en það, er hann hefur framið, skal taka mál upp af nýju:

1. Ef fram eru komin ný gögn, sem ljóst eða líklegt gera, að dómfelldi hefði verið sýkn dæmdur eða dæmdur fyrir að mun minna brot, ef þau gögn hefðu komið fyrir dómendur, áður en dómur gekk.

2. Ef ætla má, að falsgögn eða athæfi, sem í 2. tölul. 191. greinar getur, hafi valdið refsidómi að einhverju leyti eða öllu.

□ Ef nokkur þeirra aðila, er að lögum eiga að vinna að rannsókn eða meðferð opinberra mála, fá vitneskju eða rökstuddan grun um nokkur þeirra atriða, er í 1. og 2. tölul. segir, þá ber þeim að veita dómfellda vitneskju um það.

□ Ákvæði 3. og 4. málsgr. 175. gr. taka og til endurupptöku eftir þessari grein.

■ **193. gr.** Hæstiréttur tekur ákvörðun um endurupptöku máls, og skal beiðni um hana stíluð til hæstaréttar og send ríkissaksóknara. Greina skal í beiðni þau atriði, er vefengd eru í dómi, og þær ástæður, sem til vefengingar eru taldar liggja, sbr. 191. og 192. gr. Skjöl, er beiðni kunna að vera til styrktar, skulu fylgja henni, eftir því sem unnt er.

□ Nú er beiðandi sviptur frelsi, og skal yfirmaður fangelsis þá taka við og bóka beiðni um endurupptöku eftir ósk aðila og koma henni á framfæri, enda er dómara skylt að skipa honum þegar réttargæslumann, ef þess er óskað. Ef gallar þykja vera á beiðni, skal aðila jafnan veittur kostur á að lagfæra þá, áður en ráðið er, hvort hún skuli tekin til greina eða ekki.

■ **194. gr.** Ríkissaksóknari sendir beiðnina til hæstaréttar ásamt skjölum málsins og tillögum sínum, svo og umsögn héraðsdómara, ef um héraðsdóm er að tefla.

□ Hæstiréttur lætur héraðsdómara framkvæma nauðsynlega rannsókn, áður en hann tekur ákvörðun um endurupptöku.

□ Nú leiðir rannsókn í ljós, að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt, og skal þá veita beiðanda kost á að lagfæra beiðni sína í samræmi þar við.

■ **195. gr.** Nú ákveður hæstiréttur endurupptöku máls, sem dæmt var lokadómi í héraði, og gerir ríkissaksóknari þá ráðstafanir til áfrýjunar málsins, og fer um meðferð þess fyrir hæstarétti samkvæmt ákvæðum laga þessara.

■ **196. gr.** Nú ákveður hæstiréttur endurupptöku hæstaréttarmáls, og fer þá um rannsókn samkvæmt 181. eða 182. gr.

□ Um undirbúning málsmeðferðar og flutning fyrir hæstarétti fer samkvæmt ákvæðum laga þessara.

□ Nú telur hæstiréttur ekki rök hníga til breytingar á dómi, og vísar hann endurupptökumáli þá frá sér. Annars kostar dæmir hæstiréttur málið að efni til.

■ **197. gr.** Nú er mál endurupptekið samkvæmt beiðni dómfellds manns, og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi.

■ **198. gr.** Nú er mál endurupptekið samkvæmt kröfu ríkissaksóknara, og fer þá um málskostnað eftir ákvæðum 141. gr.

□ Kostnaður af endurupptöku máls samkvæmt beiðni dómfellda greiðist úr ríkissjóði, nema aðili hafi aflað úrskurðar til hennar með skýrslum, er hann vissi ósannar vera. Skal þá dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur honum.

■ **199. gr.** Ákvörðun um endurupptöku máls frestar ekki framkvæmd dóms, nema hæstiréttur mæli svo.

□ Heimil er endurupptaka máls, þótt aðili hafi að fullu þolað refsingu samkvæmt dómi í því máli.

**1974** Nr. 74 21. ágúst

## Lög um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.[1]

**1986** Nr. 29 2. maí

[1] *Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. nr. 92/1989, 20. gr.*

■ **1. gr.** Opinber mál vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 13/1985, og reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim og vegna brota á 173. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, skulu rekin og dæmd fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, sjá þó 5. gr.

■ **2. gr.** Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum skal hafa aðsetur í Reykjavík.

□ Ráðherra skipar sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum og skal hann fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa þekkingu á rannsókn og meðferð ávana- og fíkniefnamála. Hann nýtur réttinda og ber skyldur sem aðrir héraðsdómarar. Hann getur haldið dómþing hvar á landinu sem er.

□ [Ef vafi þykir vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði getur dómarinn að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins kvatt til setu í dómi með sér tvo dómendur. Sá sem kvaddur er til setu í dómi skal vera embættisdómari.][1]

[1] *L. 105/1989, 1. gr.*

■ **3. gr.** Við embætti sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum skulu starfa svo margir fulltrúar er fullnægi skilyrðum 33. gr., sbr. 6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, sem þörf er á að mati dómsmálaráðherra.

□ Dómsmálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa skv. 1. mgr. og fullnægja ákvæðum laga til að hljóta skipun í fast dómarastarf, heimild til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómstörfum sem þeim eru falin.

■ **4. gr.** Nú þykir þörf á aðgerðum sem að lögum þarf atbeina dómara til, eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls varðandi ávana- og fíkniefni, meðan frumrannsókn stendur yfir og getur lögreglustjóri þá snúið sér til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum. Þó er lögreglustjóra heimilt að leita til almenns sakadómara ef það þykir betur henta. Þegar þörf er slíkra aðgerða vegna rannsóknar máls sem getur varðað bæði ávana- og fíkniefni og önnur sakarefni getur lögreglustjóri snúið sér hvort heldur til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum eða almenns sakadómara.

■ **5. gr.** Þegar höfða skal mál til refsingar þar sem um er að ræða brot á ákvæðum þeim sem talin eru í 1. gr. og jafnframt öðrum lagaákvæðum ákveður ríkissaksóknari hvort málið skuli höfðað fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum eða almennum sakadómi.

■ **6. gr.** Um málsmeðferð alla fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 74 21. ágúst 1974, eftir því sem við á.

■ **7. gr.** Dómsmálaráðherra úrskurðar að öðru leyti en lög þessi ákveða hver störf skuli lögð undir embætti sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum.

□ Dómsmálaráðherra ræður sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum starfsmenn.

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1986.

**1986** Nr. 29 2. maí

□ Jafnframt eru felld úr gildi lög um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 52/1973, og lög nr. 66/1974, um breyting á þeim lögum.

**1989** Nr. 86 1. júní

## Lög um lögbókandagerðir.

■ **1. gr.** Lögbókandagerðir (notarialgerðir) eru valdsmannsathafnir sem sýslumenn framkvæma hver í sínu umdæmi. Nefnist sýslumaður lögbókandi (notarius publicus) við þær gerðir.

□ Starfsmenn utanríkisþjónustu Íslands, sem veita sendiráðum erlendis forstöðu, og sendiræðismenn eru hver í sínu umdæmi lögbókendur varðandi athafnir og löggerninga sem íslenskir ríkisborgarar standa að einhverju eða öllu leyti að. Utanríkisráðherra getur veitt kjörræðismönnum Íslands erlendis sömu heimild.

□ Um hæfi lögbókanda til að annast lögbókandagerð fer eftir almennum reglum um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við á.

□ Ekki er þörf votta við lögbókandagerðir, nema þar sem slíkt er sérstaklega áskilið í lögum.

■ **2. gr.** Lögbókandagerð telst opinber staðfesting á því sem efni hennar kveður á um. Jafngildir hún vottun tveggja manna um þá athöfn eða staðreynd sem hún tekur til.

□ Að því leyti, sem reglur annarra laga kveða á um sérstakar gerðir lögbókanda eða framkvæmd þeirra, halda þær gildi sínu, en beita skal ákvæðum þessara laga að öðru leyti um þær gerðir, eftir því sem við verður komið.

■ **3. gr.** Lögbókandagerð fer fram á starfsstöð lögbókanda, nema nauðsyn beri til annars vegna aðstæðna eða eðlis málefnisins.

□ Þeim, sem fara með lögbókandagerðir, skulu lagðar til á kostnað ríkissjóðs tölusettar, gegnumdregnar og innsiglaðar gerðabækur. Slíkar bækur skulu löggiltar af því ráðuneyti sem hlutaðeigandi embættismaður heyrir undir.

■ **4. gr.** Óski maður eftir að lögbókandi staðfesti undirskrift hans á skjali skal hann sanna á sér deili og undirrita skjalið eða kannast við undirskrift sína að lögbókanda viðstöddum.

□ Nú er ástæða til að ætla að endurtekið verði óskað staðfestingar lögbókanda á undirskrift sama manns. Getur sá, sem svo er ástatt um, á eigin ábyrgð látið lögbókanda í té í eitt skipti fyrir öll sýnishorn undirskriftar sinnar. Áður skal hann sanna á sér deili og rita undir yfirlýsingu í gerðabók lögbókanda um að framvegis megi í skjóli hennar staðfesta samkvæmt bréflegri beiðni undirskrift hans undir skjöl sem lögbókanda berast í því skyni.

■ **5. gr.** Nú lýsir maður því yfir í viðurvist lögbókanda að efni skjals sé í samræmi við ætlun sína, en hann sé ófær vegna líkamlegs heilsubrests um að undirrita það. Getur þá lögbókandi ritað vottorð um þetta á skjalið. Telst það vottorð hafa sömu þýðingu og ef sá, sem skjalið stafar frá, hefði sjálfur undirritað skjalið að lögbókanda viðstöddum.

■ **6. gr.** Ef maður óskar eftir staðfestingu lögbókanda á hæfi sínu eða heimild til að standa að efni skjals skulu lögbókanda látin í té þau sönnunargögn um málefnið sem hann telur þörf. Lögbókandi verður að öðru leyti ekki krafinn um að meta hæfi eða heimild útgefanda skjals eða að afla gagna um þau efni, nema lög mæli á annan veg.

■ **7. gr.** Lögbókandi ritar vottorð á skjöl sem hann staðfestir skv. 4., 5. eða 6. gr. Í vottorði hans skal tekið nákvæmlega fram til hvers eða hverra atriða staðfestingin tekur. Eftir því sem lögbókanda þykir ástæða til má hann geta í vottorði sínu með hverjum hætti þau atriði hafa verið sönnuð sem vottorðið fjallar um. Þá skal hann einnig geta annarra atriða, ef hann telur þau geta haft þýðingu við mat á hæfi þess, sem stendur að löggerningnum, eða við mat á gildi löggerningsins að öðru leyti. Við undirskrift sína undir vottorð skal lögbókandi tiltaka nákvæmlega hvar og hvenær staðfesting á sér stað.

■ **8. gr.** Nú er þess beiðst að lögbókandi staðfesti undirskrift undir skjal á erlendu tungumáli eða efni þess. Má lögbókandi þá krefja þann, sem um gerðina biður, um þýðingu löggilts skjalaþýðanda á skjalinu, nema lögbókandi telji sjálfum sér fært að þýða það. Ef óskað er eftir að vottorð lögbókanda á skjali verði á erlendu tungumáli skal sá, sem um það biður, leggja til þýðingu löggilts skjalaþýðanda á þeim texta vottorðs sem lögbókandi mælir fyrir um.

■ **9. gr.** Nú er skjal, sem óskað er staðfestingar lögbókanda á, ætlað til afnota erlendis, og reglur eða venjur í viðkomandi ríki leiða til að efni þess hafi ekki tilætlaða þýðingu nema það sé staðfest með eiði eða drengskaparheiti. Lögbókanda er þá heimilt að færa upplýsingar um meginefni skjalsins til bókar í gerðabók. Má sá, sem um staðfestingu lögbókanda biður, vinna eið eða drengskaparheit að sannleiksgildi efnis skjalsins, og skal það sérstaklega bókað.

□ Um framkvæmd og skilyrði heitfestingar skv. 1. mgr. skal farið eftir réttarfarsreglum um eiðvinning vitnis í einkamáli, eftir því sem við á.

■ **10. gr.** Ef óskað er eftir að lögbókandi staðfesti að atburður hafi átt sér stað eða að athöfn hafi farið fram með tilteknum hætti skal hann kvaddur með hæfilegum fyrirvara til að vera viðstaddur.

□ Lögbókandi færir í gerðabók frásögn sína af þeim atburðum eða athöfnum sem hann staðfestir. Um efni bókunar skal eftir atvikum gæta ákvæða 7. gr. Bókun sína undirritar lögbókandi ásamt þeim sem hlut eiga að máli.

□ Ef sérstakar aðstæður krefjast þess getur lögbókandi fært efni löggernings jafnharðan í gerðabók eftir fyrirsögn þess sem hann stafar frá. Um staðfestingu lögbókanda á undirritun og efnisatriðum slíkra löggerninga gilda fyrirmæli 4. til 9. gr., eftir því sem við á.

■ **11. gr.** Lögbókanda skulu afhent skjöl, sem honum er ætlað að staðfesta, í nægilegum fjölda samhljóða eintaka til að hann fái haldið einu eftir. Á því eintaki skulu vera undirritanir þeirra, sem hlut eiga að máli, auk vottorðs lögbókanda.

□ Með samritum skjala skv. 1. mgr. skulu geymd eintök þeirra sönnunargagna, sem lögbókanda hafa verið afhent skv. 6. gr., auk þýðinga skjala á erlendum tungumálum ef þær hafa verið fengnar. Dómsmálaráðherra er heimilt að kveða á í reglugerð um varðveislu og umbúnað þessara skjala og sönnunargagna.

■ **12. gr.** Staðfest endurrit eða myndrit af öðrum skjölum en viðskiptabréfum, sem lögbókandi varðveitir skv. 11. gr., teljast jafngild frumriti þeirra að lögum.

**1989** Nr. 86 1. júní

□ Að því leyti, sem bókun lögbókanda í gerðabók felur í sér löggerning manns, telst staðfest endurrit úr gerðabókinni samsvara skjalfestu eintaki löggerningsins.

■ **13. gr.** Lögbókanda er óheimilt að láta af hendi endurrit eða myndrit skjala, sem hann varðveitir, eða endurrit úr gerðabók nema með samþykki þess sem um gerð hans hefur beðið. Nú er sá maður látinn og má lögbókandi þá láta af hendi endurrit eða myndrit til þeirra sem telja sig geta byggt rétt á efni skjalsins.

□ Nú hefur staðfestingar lögbókanda verið leitað til að sanna atburð eða athöfn sem varðar réttindi annars manns en þess, er um gerðina hefur beðið, eða ótiltekins fjölda manna. Er þá lögbókanda heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að afhenda þeim, er telur málefnið sig varða, endurrit úr gerðabók varðandi viðkomandi atburð eða athöfn.

□ Lögbókanda ber að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Honum er óheimilt nema með samþykki þess, sem um gerð hans hefur beðið, að veita upplýsingar um hvort hún hafi farið fram eða um efni hennar, nema svo standi á að þeim, sem um upplýsingar biður, megi afhenda samrit eða endurrit löggernings eða gerðar samkvæmt reglum 1. eða 2. mgr.

■ **14. gr.** Nú er óskað lögbókandagerðar, en lögbókandi telur að gerðin muni engum tilgangi þjóna eða að skilyrðum þessara eða annarra laga fyrir gerð með því efni, sem um er beðið, sé ófullnægt, og má hann þá hafna beiðni um gerðina. Lögbókanda er skylt að afhenda þeim, sem hann synjar um gerð, skriflegan rökstuðning fyrir afstöðu sinni ef krafist er.

□ Þótt svo standi á sem í 1. mgr. segir má lögbókandi framkvæma gerð ef hann telur eftir atvikum ekki ástæðu til að synja um hana, en í bókun sinni eða rituðu vottorði á skjali skal hann geta þeirra atriða sem hann telur áfátt.

■ **15. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

□ Meðan lög nr. 74 27. apríl 1972,[1] um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., eru enn í gildi skulu þeir embættismenn, sem þar er mælt fyrir, eftir sem áður fara með lögbókandagerðir (notarialgerðir) auk þeirra sem taldir eru í 1. og 2. mgr. 1. gr. laga þessara.

[1] *L. 74/1972 falla úr gildi 1. júlí 1992, sbr. l. 92/1989, 20. gr.*

■ **16. gr.** Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Opið bréf um testamenti og notarialgerðir 8. janúar 1823.
2. Í 1. málsl. 2. mgr. 33. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, orðin „auk nótaríalgerða".
3. 3. mgr. 41. gr. og 2. mgr. 43. gr. erfðalaga, nr. 8 14. mars 1962.
4. 15. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39 16. apríl 1971.

**1973** Nr. 75 21. júní

## Lög um Hæstarétt Íslands.

### I. kafli.

■ **1. gr.** Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll lýðveldisins.

□ Hæstiréttur hefur aðsetur í Reykjavík. Þó má halda dómþing annars staðar, ef sérstaklega stendur á.

■ **2. gr.** [[Hæstarétt skipa átta dómarar. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.][1]

□ Dómarar Hæstaréttar kjósa sér forseta til tveggja ára og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta, þegar hann er forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipar forsæti, þegar forseti situr eigi dóm. Ef hvorki forseti né varaforseti situr dóm, skal sá hæstaréttardómari, sem lengst hefur átt sæti í dóminum, skipa forsæti, en hafi tveir hæstaréttardómarar setið jafnlengi í dóminum, skal sá þeirra skipa forsæti, sem lengri hefur embættisaldur í heild.][2]

[1] *L. 67/1982, 1. gr.* [2] *L. 24/1979, 1. gr.*

■ [**2. gr. a.** Fimm dómarar skipa dóm, nema annan veg sé fyrir mælt. Í sérlega mikilvægum málum getur dómurinn ákveðið, að sjö dómarar sitji í dómi.

□ Í kærumálum sitja þrír dómarar, nema alveg sérstaklega standi á. Þrír dómarar geta enn fremur skipað dóm í einkamáli, ef úrslit máls varða eigi mikilvæga hagsmuni aðila að mati dómsins. [Þrír dómarar geta skipað dóm í opinberu máli, ef hin almenna refsing, sem við broti liggur, er eigi þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að sex árum.][1]

□ [Dómurinn ákveður jafnan, hve margir dómarar skipi dóm. Dómarar skulu taka sæti í dómum eftir röð sem ákveðin er með almennri reglu.][2]

□ Ef mál er umfangsmikið, er dóminum heimilt að ákveða að hæstaréttardómari, sem eigi dæmir í því máli, hlýði á málflutning og taki sæti í dóminum, ef dómari forfallast.][3]

[1] *L. 67/1982, 2. gr.* [2] *L. 67/1982, 3. gr.* [3] *L. 24/1979, 2. gr.*

■ **3. gr.** Synódalréttur er æðsti dómstóll í málum, sem að lögum liggja undir kirkjudóm í héraði.

□ Synódalrétt skipa fimm dómarar, forseti Hæstaréttar, sem formaður, tveir hæstaréttardómarar, hinir elztu að embættisaldri, og tveir guðfræðingar, er Hæstiréttur kveður til.

■ **4. gr.** [Nú forfallast hæstaréttardómari frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum, og setur dómsmálaráðherra þá, að fengnum tillögum dómsins, dómara í hans stað, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, héraðsdómara eða hæstaréttarlögmann, sem fullnægi skilyrðum til að vera skipaður dómari í Hæstarétti. Er rétt, að setningin gildi, hvort heldur er um einstakt mál eða tiltekið tímabil. Skylt er nefndum aðilum að taka við setningu.

□ Nú er dómari settur til að gegna störfum í Hæstarétti í mánuð eða lengur, og skulu laun hans þá vera hin sömu og hinna reglulegu hæstaréttardómara. Ella ákveður Hæstiréttur þóknun fyrir hvert mál, er hann tekur þátt í dómi eða úrskurði.][1]

[1] *L. 67/1982, 4. gr.*

■ **5. gr.** Þann einn er rétt að skipa hæstaréttardómara, sem:

1. Fullnægir almennum dómaraskilyrðum.
2. Hefur lokið embættisprófi í lögum með fyrstu einkunn.
3. Hefur náð 30 ára aldri.
4. Hefur verið þrjú ár hið skemmsta prófessor í lögum við Háskóla Íslands, hæstaréttarlögmaður, hæstaréttarritari, héraðsdómari, ráðuneytisstjóri, lögreglustjóri í Reykjavík eða fimm ár fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, fulltrúi saksóknara ríkisins eða fulltrúi héraðsdómara í kaupstöðum landsins og starfað sjálfstætt að dómsmálum.

□ Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða

hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar mega ekki samtímis eiga dómarasæti í Hæstarétti.

□ Áður en dómaraembætti er veitt, skal leita umsagnar dómsins um dómaraefni.

■ **6. gr.** Hæstaréttardómari víkur úr dómarasæti, ef:

1. Hann er aðili máls eða mál varðar hann að mun fjárhagslega eða siðferðislega.
2. Hann er fyrirsvarsmaður aðila, hefur flutt málið eða leiðbeint aðila í því.
3. Hann er skyldur eða mægður aðila eða í kjörsifjum við hann að feðgatali eða niðja eða að öðrum lið til hliðar, maki eða fyrrverandi maki, niðji systkinis aðila eða gagnkvæmt eða mægður með sama hætti, unnusti eða unnusta, fósturforeldri eða fósturbarn. Telja skal mægðir haldast, þótt sifjum þeim, sem þær helgast af, sé lokið.
4. Hann hefur borið vitni um málsatvik eða verið skoðunar- eða matsmaður í máli.
5. Hann hefur verið héraðsdómari, gerðardómsmaður um sakarefni eða látið í ljós álit sitt um það sem opinber sýslunarmaður.
6. Hann er svo venzlaður vitni sem í 3. tölulið segir, enda sé krafizt úrskurðar um skyldu vitnis eða heimild til að bera vitni eða heitfesta skýrslu. Sama gildir, ef úrskurða skal um skyldu eða heimild jafnvenzlaðs mats- eða skoðunarmanns til að framkvæma gerð eða staðfesta hana og um skyldu jafnvenzlaðs manns til að láta í té sakargögn.
7. Mál varðar venzlamenn samkvæmt 3. tölulið að mun siðferðislega eða fjárhagslega.
8. Hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða niðja eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
9. Horf hans við aðila eða sakarefni er slíkt, að hætta er á því, að hann fái eigi litið óhlutdrægt á málavexti.

■ **7. gr.** Aðilar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í Hæstarétti geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki sæti í einstöku máli af ástæðum þeim, er í 6. gr. segir.

□ Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni.

■ **8. gr.** [Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður sérfróða aðstoðarmenn og annað starfslið.

□ Hæstaréttarritari skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.][1)]

[1)] *L. 67/1982, 5. gr.*

■ **9. gr.** Hæstaréttarritari hefur þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til Hæstaréttar.
2. Heldur bækur Hæstaréttar.
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit af bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómskjölum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau önnur störf af hendi, er lög mæla, í þarfir dómsins.

□ Samsvarandi störf vinnur hæstaréttarritari fyrir Synódalrétt.

■ **10. gr.** Hæstiréttur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal skrá í hana dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hafi verið gefin út í hverju máli, hvaða dag það skuli þingfesta, hvort ný gögn o. s. frv. hafi verið fram lögð, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.



■ **11. gr.** Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum Hæstaréttar, hvaða dag og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hvenær þingleyfi skuli vera.

**II. kafli.**

■ **12. gr.** Rétt er að skjóta til Hæstaréttar málum samkvæmt því, er í lögum segir.

■ **13. gr.** Haldast skulu ákvæði um málsskot í lögum um meðferð opinberra mála.

□ Rétt er að skjóta til Hæstaréttar úrlausn héraðsdóms í einkamáli, enda banni sérákvæði í lögum það eigi. Nú varðar mál fjárkröfu einkaréttareðlis, og er það áfrýjunarskilyrði, að fjárhæð hennar nemi verðmæti, metið til peninga [7000 krónur].[1)]

□ Ákvæði héraðsdóms um kostnað af máli verður eigi skotið til Hæstaréttar, nema í sambandi við áfrýjun dóms eða dómsathafnar.

[1)] *L. 67/1982, 6. gr.*

■ **14. gr.** Áfrýjunarfjárhæð skal ákveða eftir kröfugerð í áfrýjunarstefnu. Nú eru réttilega sóttar saman í máli fleiri kröfur en ein, og skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar. Nú er krafa höfð uppi, en gagngreiðsla jafnframt boðin, og skal eigi litið til gagngreiðslunnar við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar.

■ **15. gr.** Nú varðar krafa innstæðuréttindi, greiðslur, er inna skal af hendi með vissu millibili, kvaðir, afnotaréttindi, ógildingu á skjölum, eignarréttindi yfir fasteign, gildi réttinda o. s. frv., og ákveður Hæstiréttur, að fenginni umsögn aðila, hvort verðmæti hagsmuna, sem í húfi eru, skuli í því máli teljast nema áfrýjunarfjárhæð.

■ **16. gr.** Rétt er ráðherra að leyfa áfrýjun máls, þó að sakarefni nemi eigi áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 13. gr., enda séu úrslit málsins mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila og Hæstiréttur mæli með því. Áður en ákvörðun er tekin um, hvort slíkt leyfi skuli veita, skal gefa aðilum kost á að tjá sig um málið.

■ **17. gr.** Hvarvetna þess sem heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 13. – 16. gr., eftir því sem við á.

■ **18. gr.** Skjóta má dómsathöfn til Hæstaréttar í því skyni, að mál verði ómerkt, því verði vísað frá héraðs-

dómi, því verði vísað heim til löglegrar meðferðar, dómsathöfn verði breytt að efni til eða hún staðfest.

■ **19. gr.** Rétt er, að máli sé áfrýjað af hendi beggja eða allra aðila, en áfrýjunarmálin ber að sameina og flytja í einu lagi fyrir Hæstarétti.

□ Afsal á rétti til áfrýjunar, hvort heldur er berum orðum eða þegjandi, verður eigi gefið, fyrr en genginn er dómur sá eða úrskurður, sem afsalið á að taka til.

■ **20. gr.** Dómsathöfnum þeim, sem eigi sæta kæru til Hæstaréttar samkvæmt 21. gr., má áfrýja innan þriggja mánaða frá dómsuppsögn eða lokum dómsathafnar. Haldast skulu þó ákvæði 96. gr. skiptalaga nr. 3 12. apríl 1878, lögtakslaga nr. 29 16. desember 1885, 11. gr., uppboðslaga nr. 57 25. maí 1949, 4. gr., laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 60 29. maí 1972, 78. gr., og önnur sérákvæði í lögum um áfrýjunarfrest.

□ Áfrýjunarleyfi í málum þeim, er í 1. mgr. 1. málslið segir, getur dómsmálaráðherra veitt næstu 6 mánuði til viðbótar, enda sé slíks leyfis getið í áfrýjunarstefnu, er taka skal út á næstu fjórum vikum eftir útgáfu leyfis, sem annars kostar er fyrirgert.

□ Nú áfrýjar aðili máli, og er gagnaðila rétt að gagnáfrýja á næstu fjórum vikum, þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn.

□ Rétt er dómsmálaráðherra, þótt frestur samkvæmt 2. mgr. sé liðinn, að veita leyfi til áfrýjunar máls allt að tvö ár frá lokum dómsathafnar, ef ríkar ástæður eru til og Hæstiréttur mælir með því.

□ [Forseti Hæstaréttar kveður til þrjá dómendur, er taka ákvörðun um slík meðmæli, svo og meðmæli samkvæmt 16. gr.][1)]

[1)] *L. 67/1982, 7. gr.*

■ **21. gr.** Kæru til Hæstaréttar sæta:

1. Úrskurðir héraðsdómara um:

a. Að víkja eigi sæti.

b. Að mál skuli falla niður eða því vísað frá dómi.

c. Skyldu vitnis til vættisburðar, staðfestingu vættis, viðurlög á hendur vitni, vitnaþóknun og önnur atriði varðandi vitnaleiðslu.

d. Hæfi matsmanna og skoðunar, skyldu þeirra til starfans, viðurlög á hendur þeim fyrir vanrækslu í starfi, þóknun þeim til handa og önnur atriði, er varða matsstarfann.

e. Skyldu gagnaðila eða þriðja manns til að leggja fram skjöl eða aðra hluti og viðurlög vegna tregðu til þess.

f. Synjun að afla gagna fyrir dómi til tryggingar á sönnun og synjun um öflun gagna erlendis.

g. Ákvörðun um tryggingu fyrir málskostnaði.

h. Synjun að taka stefnu gilda vegna ónógrar málsreifunar.

i. Synjun að heimila meðalgöngu.

j. Að frestur skuli veittur.

k. Réttarfarssektir.

2. Úrskurðir skiptaréttar, þar á meðal úrskurðir í sambandi við nauðasamninga, nema úrskurðir um:

a. Töku bús til gjaldþrotaskipta, meðan skuldunautur lifir.

b. Réttmæti kröfu til greiðslu eða eigna í bú og sæti kröfu í kröfuflokki.

c. Hvaða eignir draga skuli undir skipti.

d. Riftingu ráðstafana, að svo miklu leyti sem þau atriði kunna að koma undir úrlausn skiptaréttar.

e. Skiptagerðin sjálf.

3. Úrskurðir fógetaréttar, nema:

a. Um það, hvort fógetagerð skuli yfirleitt fara fram eða ekki.

b. Til hvaða verðmæta hún skuli ná.

c. Fógetagerðin sjálf.

4. Úrskurðir uppboðsréttar, nema:

a. Um það, hvort uppboð skuli yfirleitt fara fram eða ekki.

b. Hvaða verðmæti skuli selja.

c. Uppboðsgerðin sjálf.

d. Hverjir skuli fá uppboðsandvirði greitt og hversu mikið hver.

e. Útgáfa uppboðsafsals á fasteign eða skipi.

□ Einnig er hverjum þeim, sem telur héraðsdómara hafa gert á hluta sinn í dómarastarfi, rétt að kæra hann fyrir Hæstarétti, og getur Hæstiréttur veitt dómara áminningu eða dæmt honum að greiða [allt að 2000 króna sekt][1)] til ríkissjóðs.

[1)] *L. 67/1982, 8. gr.*

■ **22. gr.** Nú vill maður kæra dómsathöfn, og afhendir hann héraðsdómara kæru, áður en tvær vikur eru liðnar frá uppsögu dómsathafnar, ef hann eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim tíma, er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um hana.

□ Vitni og matsmenn, sem staddir eru við dómsathöfn þá, er þeir vilja kæra, mega bera fram kæru með bókun í þingbók.

■ **23. gr.** Í kæru skal kærandi greina:

1. Dómsathöfn þá, sem kærð er.

2. Kröfu um breytingar á henni.

3. Ástæður, sem hann reisir kæruna á.

□ Kæru má styðja með tilvísun til málsatvika, sem hafa eigi áður verið borin fyrir, svo og með nýjum sönnunargögnum.

□ Nú vill kærandi bera fyrir sig nýja sönnun, og skal hann í kæru greina sönnunargögnin og hvað hann hyggst sanna með þeim.

□ Skriflegt sönnunargagn skal fylgja kæru í frumriti eða staðfestu endurriti.

□ Kærandi eða umboðsmaður hans skal undirrita kæru.

■ **24. gr.** Með beiðni leggur kærandi lögmælt dómgjöld fyrir Hæstarétti, og sendir dómari vottorð um þá greiðslu með skjölum málsins.

■ **25. gr.** Nú kemur kæra of seint fram, og beinir héraðsdómari því til kæranda að taka kæruna aftur. Ef kæra fullnægir eigi ákvæðum 23. gr., brýnir héraðsdómari fyrir kæranda að ganga frá henni lögum samkvæmt.

■ **26. gr.** Nú virðist héraðsdómara kæra á engum rökum reist, og getur hann ákveðið, að kærandi skuli, ef gagnaðili krefst þess, setja tryggingu fyrir tjóni og óhagræði, er kæra kann að baka gagnaðila, svo framarlega sem hún veldur frestun málsins. Tryggingu skal setja innan tveggja daga, frá því er kæru er lýst. Ella afgreiðir dómari eigi skjölin, og mál fer leiðar sinnar.

■ **27. gr.** Dómari gefur út, svo fljótt sem kostur er,

endurrit í þrennu lagi af öllu því, sem skjöl málsins og þingbækur greina um kæruefnið. Jafnframt er honum rétt, ef því er að skipta, að láta fylgja hverju eintaki athugasemdir sínar. Síðan sendir dómari eitt eintakið til Hæstaréttar, en tilkynnir aðilum eða umboðsmönnum þeirra, að þeirra eintök séu tilbúin til afhendingar.

■ **28. gr.** Þá er kæra er fram komin, krefur héraðsdómari kærða þegar um greinargerð, er geymi kröfur hans og atvik þau, er hann reisir kröfur sínar á. Rétt er honum að bera fram ný málsatvik og sönnunargögn.

□ Ef kærði vill bera fyrir sig ný sönnunargögn, skal hann í greinargerð nefna þau og hvað hann hyggst sanna með þeim.

□ Skriflegt sönnunargagn skal fylgja kæru í frumriti eða staðfestu endurriti.

□ Kærði eða umboðsmaður hans skal undirrita greinargerð.

■ **29. gr.** Eigi síðar en viku eftir að skjölin komu til Hæstaréttar, geta aðilar sent honum athugasemdir sínar, og getur hann þá þegar lokið dómsorði á kæruatriði. Jafnan skal þó athuga skjöl þau, sem aðilar senda, svo framarlega sem málinu er þá eigi lokið í Hæstarétti.

■ **30. gr.** Nú er kæra eigi svo úr garði gerð sem í 23. gr. segir eða annars ófullkomin, og leggur Hæstiréttur fyrir kæranda að bæta úr því, sem ábótavant er, á tilteknum fresti. Ef kærandi fer eigi eftir leiðbeiningum Hæstaréttar, getur hann vísað kærumáli frá sér.

■ **31. gr.** Hæstiréttur getur lagt fyrir héraðsdómara að leita frekari skýrslna um einstök atriði.

□ Hæstiréttur getur með þeim fyrirvara, sem hann telur hæfilegan, veitt aðilum kost á að koma fyrir sig og flytja mál munnlega.

■ **32. gr.** Hæstiréttur kveður á um greiðslu kostnaðar af kæru.

■ **33. gr.** Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu samkvæmt skjölum þess eða munnlegum flutningi, ef því er að skipta. Skal dómur upp kveðinn svo fljótt sem kostur er. Hæstiréttur skal þegar í stað senda héraðsdómara dóminn.

■ **34. gr.** Áfrýjanda ber að afhenda hæstaréttarritara áfrýjunarstefnu fyrir lok áfrýjunarfrests eða áður en fjórar vikur eru liðnar frá veitingu áfrýjunarleyfis samkvæmt 2. og 4. mgr. 20. gr.

□ Í stefnu skal greina:

1. Þann dóm eða dómsathöfn, sem skotið er til Hæstaréttar, og skal dómsorð eða ályktarorð tekið orðrétt í stefnu.
2. Nöfn áfrýjanda og stefnda, stöðu þeirra og heimili.
3. Í hvaða skyni áfrýjað er og hverjar dómkröfur áfrýjandi gerir.
4. Í hvaða starfsmánuði Hæstaréttar þingfestingar máls er óskað.

□ Nú er farið fram á óhæfilega langan frest til þingfestingar, og leggur hæstaréttarritari málið fyrir forseta Hæstaréttar, er ákveður frestinn.

□ Þingfesta skal mál fyrsta þingdag þess mánaðar, sem stefnt er til, en rétt er forseta Hæstaréttar að ákveða annan þingfestingardag, þegar sérstaklega stendur á.

□ Hæstaréttarritari gefur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins og áritar hana um þingfestingardag.

■ **35. gr.** Stefnufrest til Hæstaréttar skal miða við þingfestingardag samkvæmt 34. gr. Frestur skal fara eftir lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði. Hæstaréttarritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum.



■ **36. gr.** Ef mál, sem skotið hefur verið til Hæstaréttar innan lögmælts áfrýjunarfrests, fellur þar niður, er fellt niður eða því er vísað þar frá dómi, er aðila rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 20. gr. sé liðinn, enda sé áfrýjunarstefna gefin út að nýju innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms um niðurfellingu máls eða frávísun. Heimild þessari verður eigi beitt oftar en einu sinni.

■ **37. gr.** Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

■ **38. gr.** Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

□ Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, eftir að liðnir eru frestir þeir, er í 1. og 2. mgr. 20. gr. segir.

**III. kafli.**

■ **39. gr.** Áfrýjanda ber að koma fyrir Hæstarétt á hinum tiltekna þingfestingardegi og leggja fram áfrýjunarstefnu. Nú lætur áfrýjandi það undir höfuð leggjast, og ber að fella mál niður og dæma stefnda, sem fyrir dóm hefur komið, málskostnað eftir kröfu hans. Sömu meðferð skal hafa, er áfrýjandi mætir eigi á síðari dómþingum eða lætur þá farast fyrir að fylgja málinu fram.

■ **40. gr.** Nú kemur stefndi eigi fyrir dóm við þingfestingu, þótt honum hafi verið birt lögleg stefna, en áfrýjandi leggur fram stefnu og skjöl og flytur mál sitt, og kveður Hæstiréttur upp dóm í málinu. Þessum ákvæðum skal einnig beita, ef stefndi kemur eigi fyrir dóm, er þing skal heyja síðar um mál hans.

□ Hæstarétti er rétt að leyfa stefnda, sem eigi hefur sótt fyrra dómþing, að taka til varnar í máli með samþykki áfrýjanda eða án þess, ef miklir hagsmunir stefnda eru í húfi.

■ **41. gr.** Veita skal aðilum frá þingfestingu fjögurra mánaða frest, enda telji Hæstiréttur eigi ástæðu til lengri frests eða skemmri, til að afla gagna og gera ágrip dómskjala. Gagnáfrýjun skapar eigi rétt til sjálfstæðs frests í máli, að því er gagnsökina varðar.

■ **42. gr.** Málsaðilar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip dómsgerða héraðsdóms og dómskjala, sem fram koma eftir áfrýjun máls, og leggja það ásamt dómsgerðum héraðsdóms fram á skrifstofu Hæstaréttar fyrir lok þess frests, er 41. gr. segir, í svo mörgum eintökum sem dóminum nægir, enda þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

□ Nú er máli einungis áfrýjað til staðfestingar, og er nægilegt að leggja fram staðfest endurrit héraðsdóms, nema Hæstiréttur ákveði, að dómsgerðir skuli lagðar fram.

■ **43. gr.** Nú er ástæða til að telja, að formgallar séu á máli, og er rétt að veita aðilum sérstakan styttan frest frá því, sem í 41. gr. segir, til stuttrar greinargerðar um það efni, þar sem greindar séu málsástæður og rök þeirra um formhlið málsins.

■ **44. gr.** Ágripi samkvæmt 42. gr. skal fylgja samandregin og gagnorð greinargerð hvors eða hvers málsaðila, er geymi:

1. Kröfugerð hans í málinu, og sé gerð grein fyrir breytingum, er kunna að hafa orðið frá kröfugerð í héraði.

2. Sérstaka tilvísun til þeirra atvika, er eigi hafa áður verið nægilega rakin í málinu og héraðsdómi og aðili hyggst bera fyrir sig.

3. Nákvæma reikningsgerð, ef um hana er að tefla.

4. Upptalningu á sönnunargögnum og einkum þeim, er aflað hefur verið eftir uppsögu héraðsdóms.

■ **45. gr.** Nú vill aðili bera fram kröfur og málsástæður umfram það, sem hann bar fram í héraði, og er Hæstarétti rétt að leyfa honum það, enda hafi hann áskilið sér það í stefnu, grundvelli máls sé eigi raskað, afsakanlegt sé, að þær voru eigi hafðar uppi í héraði, og það ylli aðila réttarspjöllum, ef eigi væri tekið tillit til þeirra.

■ **46. gr.** Rétt er Hæstarétti, ef sérstaklega stendur á, að leyfa vitnaleiðslur þar fyrir dómi svo og yfirheyrslu aðila og matsmanna.

■ **47. gr.** Er Hæstarétti hefur borizt ágrip máls samkvæmt 42. gr. og greinargerðir aðila samkvæmt 43. og 44. gr., ákveður forseti, hvenær mál skuli flytja, og tilkynnir hæstaréttarritari það aðilum eða umboðsmönnum þeirra með hæfilegum fyrirvara.

□ Málflutningur fyrir Hæstarétti skal vera munnlegur. Hæstarétti er þó rétt að ákveða skriflegan málflutning.

■ **48. gr.** Flytja skal mál um formhlið máls, áður en efnishlið þess er tekin til meðferðar, nema Hæstiréttur ákveði, að málflutningur um formsatriði og efnis fari fram samtímis.

■ **49. gr.** Málsmeðferð hefur á því, að stefna er lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi eða umboðsmaður hans frumræðu sína og les upp úr ágripi það, sem máli skiptir. Því næst talar stefndi eða gagnáfrýjandi, eða umboðsmenn þeirra, og les á sama hátt úr ágripi. Eigi skal aðili oftar tala en tvisvar. Er aðili flytur eigi mál sjálfur, er Hæstarétti rétt að leyfa honum að koma fram stuttum athugasemdum, eftir að umboðsmaður hans hefur lokið málflutningi.

□ Hæstiréttur getur ákveðið, að stefndi eða gagnáfrýjandi eða umboðsmenn þeirra hefji málflutning, enda sé aðilum með hæfilegum fyrirvara gert viðvart um þá skipan.

■ **50. gr.** Forseti stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

**IV. kafli.**

■ **51. gr.** Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið.

■ **52. gr.** Áður en dómur eða úrskurður er upp kveðinn í máli, skulu dómendur ræða með sér fyrir luktum dyrum ástæður og niðurstöðu dóms eða úrskurðar, nema útivistardómur sé, og fer þá atkvæðagreiðsla fram. Atkvæði semur sá dómenda, sem forseti kveður til þess hverju sinni. Nú greinast dómendur í meiri og minni hluta, og ákveður meiri hlutinn þá þann dómara, er frumvarp að dómi semur, en minni hlutinn semur þá sératkvæði. Síðan gengur dómurinn í heild eða þeir, er sammála verða, ef ágreiningur verður, frá dómi eða úrskurði.

□ Forseti stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

■ **53. gr.** Sá dómari, sem greitt hefur atkvæði með heimvísun máls, ómerkingu eða frávísun, en orðið í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni máls, eftir því, sem við á, og gildir það jafnt, hvort sem mál er flutt munnlega eða skriflega.

□ Öll atkvæði skal rita á sams konar arkir, er dómurinn leggur til, og skulu þær geymdar og innbundnar að lokum með sama hætti sem tíðkazt hefur.

■ **54. gr.** Í dómi skal greina:

1. Nöfn aðila, heimili og stöðu, ef unnt er.

2. Greinargerð um kröfur aðila í einkamálum. Að því leyti sem greinargerð um málsatvik í hinni áfrýjuðu dómsathöfn þykir ábótavant, skal úr því bætt í forsendum hæstaréttardóms. Ef og að því leyti, sem niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar er breytt í Hæstarétti, skal hann rökstyðja breytinguna. Nú fellst Hæstiréttur á niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar, en eigi á forsendur hennar, og greinir hann þá rök sín í forsendum.

■ **55. gr.** Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp í dómi í heyranda hljóði. Að því loknu skal þess getið, ef ágreiningur hefur verið um niðurstöðu, og lesa þá upp á sama hátt niðurlag ágreiningsatkvæðis.

□ [Alla dóma Hæstaréttar og öll ágreiningsatkvæði skal birta orðrétt í dómasafni hans. Dóma og úrskurði héraðsdóms í sömu málum skal og birta orðrétta eða úrdrátt úr þeim, þar sem slíkt er talið nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Rækileg efnisskrá skal fylgja hverju bindi hæstaréttardóma. Hæstiréttur felur einhverjum hæstaréttardómara eða öðrum hæfum manni að annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá fyrir þóknun, sem dómurinn ákveður.][1)]

[1)] *L. 67/1982, 9. gr.*

■ **56. gr.** Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefur komið í máli og sannað er eða viðurkennt.

■ **57. gr.** Aðfararfrest skal engan setja í hæstaréttardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk eða þola athöfn eða ástand. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

□ Dómsgerðir Hæstaréttar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni forseta.

□ Hæstaréttarritari undirritar dómsendurrit og önnur endurrit úr bókum eða skjölum dómsins.

**V. kafli.**

■ **58. gr.** Meginreglum laga um meðferð mála í héraði skal beita í Hæstarétti, eftir því sem við á, enda sé eigi á annan veg mælt í lögum.

**VI. kafli.**

■ **59. gr.** Rétt er Hæstarétti að leyfa samkvæmt umsókn aðila, að mál, sem dæmt hefur verið í Hæstarétti, sé tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu að nýju, þá er sterkar líkur eru að því leiddar, að atvik málsins hafi eigi verið réttilega í ljós leidd í Hæstarétti, er málið var þar til meðferðar hið fyrra skipti, án þess að aðila sé um að kenna, og að hin nýju gögn muni leiða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum og svo að öll atvik annars liggi til þess, að slíkt leyfi sé veitt, þ. á m. að stórfelldir hagsmunir aðila séu í húfi.

□ Áður en leyfi samkvæmt 1. mgr. er veitt, skal veita gagnaðila færi á að láta uppi álit sitt.

□ Hæstarétti er rétt, meðan slíkt mál er þar til meðferðar, að fella niður verkanir dóms þess, sem um er að tefla, að nokkru leyti eða öllu, þó þannig, að trygging sé sett, ef þurfa þykir.

□ Eigi fær aðili afsalað sér réttarleið þeirri, er getur í grein þessari.

**1973** Nr. 75 21. júní

**VII. kafli.**

■ **60. gr.** Nú er landsyfirrétti eða einstökum yfirdómara falið í lögum, sem enn eru í gildi, að framkvæma einhverja ráðstöfun, og kemur Hæstiréttur eða hæstaréttardómari í staðinn.

■ **61. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1973. Ákvæði 13. gr., 16. gr., 3. og 4. mgr. 20. gr. og 36. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

■ [**Ákvæði til bráðabirgða.** Árin 1982 og 1983 getur dómsmálaráðherra samkvæmt tillögum Hæstaréttar sett tvo til þrjá dómara úr hópi þeirra manna, sem greindir eru í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973, til viðbótar hinum reglulegu dómurum allt að sex mánuðum hvort ár.][1]

[1] *L. 67/1982.*

**1687** 15. apríl

**Norsku lög Kristjáns V.**

**I. bók.**

**6. kap. Um málskot.**

■ **1.** ...[1]

[1] *L. 53/1989, 16. gr.*

■ **11.** Ef maður áfrýjar dómi undirdómara fyrir yfirdómara til ónýtingar, og sá dómur verður í öllum greinum staðfestur af yfirdómaranum, þá ber honum að greiða andstæðingi sínum hæfileg ómakslaun og undirdómaranum það, sem sanngjarnt er eftir málavöxtum.

■ **15.** Svo er og, ef maður vill stefna andstæðingi sínum og kærir eigi yfir málsmeðferð eða dómi, heldur yfir því, að andstæðingur hans hafi annað hvort krafizt þess, er síðar sést, að áður hafi verið greitt, eða hann hafi á annan hátt beitt rangindum í málinu, þá má hann stefna andstæðingi sínum fyrir ... hæstarétt fyrir það tjón, er hann hefir þannig bakað honum með ólöglegu móti eða fyrir fals, eftir því sem málavextir eru til og hann treystir sér til að halda fram og verja með réttu.

■ **18.** Nú kemur maður með mál fyrir ... hæstarétt konungs, er hefir þegar verið eða átti að hafa verið dæmt í undir- og yfirdómi, og hann hefir þó eigi með sér dómrit í málinu, þá skal honum vísað frá dómi, og gjaldi andstæðingi sínum ómaksbætur.

**I. bók.**

**9. kap. Hverjir megi sækja dómþing fyrir sjálfa sig og aðra.**

■ **13.** Nú fer málflutningsmaður út fyrir umboð sitt, umbjóðanda sínum til tjóns, þá ber honum að svara umbjóðanda fyrir það.

**1831** 21. des.

**Tilskipun um lögleiðing nokkurra lagaboða á Íslandi, sem út komu fyrir Danmörku árið 1827.**

**I.**

■ **1)** ... Einnig á stiftamtmaðurinn yfir Íslandi[1] ... að geta meðdeilt:

f. Leyfisbréf til að leiða ný vitni og framleggja ný skjöl, í þeim málum, er kærð verða fyrir nefndum yfirrétti.[2]

[1] *Nú dómsmálaráðuneyti.* [2] *Nú Hæstiréttur.*

■ **2)** Bónarbréf um þau í 1. gr. nefndu leyfisbréf eiga að vera löguð eftir því, sem fyrirskrifað er um þau bónarbréf, er fyrir oss fram leggjast ... þau undir bókstafsmerkinu f tilgreindu leyfisbréf meðdeilast án borgunar, þegar hlutaðeigandi hefir beneficium paupertatis eða processus gratuiti til þess málaferlis, en annars ekki.

**Lög um stefnur til æðri dóms í skiptamálum.**

**1895** Nr. 19 2. okt.

■ **1. gr.** Þá er skotið er til yfirdóms skiptagerð, úrskurði, uppkveðnum meðan á skiptunum stendur, eða öðrum gerðum skiptaráðanda, er áfrýja má, skal stefna aðeins birt skiptaráðanda þeim fyrir hönd búsins, er þá ályktan hefir gert, sem áfrýjað er, og hlutaðeigendum þeim, er komið hafa fram sem málsaðilar við meðferð þess málsatriðis, sem skotið er til æðri dóms, enda séu þeir heimilisfastir á Íslandi eða hafi þar umboðsmenn og sé það tilkynnt og skráð í skiptabókinni og hafi þeir umboð til að taka á móti stefnu fyrir hinna hönd.

□ Nú hafa skiptaforstjórar, er tilnefndir eru í erfðaskrá, haft bú til skipta, og skal þá einnig stefna þeim, nema þeir séu dánir, áður áfrýjað er, og aðrir eigi tilnefndir í þeirra stað, eða sé þeim á annan hátt varnað að taka á móti stefnunni.

□ Við birting stefnunnar fyrir skiptaráðanda skal veita honum 6 vikum lengri fyrirvara en almennt er fyrirskipað.

■ **2. gr.** Þegar áfrýjunarstefna hefir verið birt skiptaráðanda, skal hann annast um, að kvatt sé til skiptafundar og boðað til hans eftir reglum þeim, er fyrirskipaðar eru í 23. gr. laga 12. apríl 1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., og skal þess með skýlausum orðum getið, að áfrýjun hafi farið fram; á skiptafundi þessum skal gera ályktun um, hvað gera skuli út af áfrýjuninni.

■ **3. gr.** ...[1]

[1] *L. 22/1919, 57. gr.*

**Opið bréf (frá kansellíinu) um birting á stefnum fyrir stroknum föngum.**

**1820** 15. des.

Hans Hátign konunginum hefir 6. þ. m. ... allramildilegast þóknazt að úrskurða á þá leið: Að þegar sakamálum er stefnt fyrir æðra rétt, skuli sú fyrirkallsauglýsing gild álítast, sem fram fer í fangelsinu, þó fanginn kynni þaðan að vera strokinn.

**Lög um norræna vitnaskyldu.**

**1976** Nr. 82 31. maí

■ **1. gr.** Hinir almennu dómstólar geta kvatt menn, sem orðnir eru 18 ára og búsettir eru eða dveljast í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, til vitnisburðar fyrir dómi hér á landi.

□ Við yfirheyrslur skal fara eftir ákvæðum X. kafla laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, eða XII. kafla laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála, nema annað leiði af 2. – 8. gr. þessara laga.

■ **2. gr.** Vitnastefnu má því aðeins gefa út, að telja verði, að vitnisburður kunni að hafa verulega þýðingu fyrir úrslit máls, og það hafi verulega þýðingu, að vitni beri vætti fyrir dómi hér á landi.

□ Við mat á þessu ber að taka tillit til þess, hversu mikilvægt málið er og hvort þingsókn muni hafa veruleg óþægindi í för með sér fyrir vitni.

□ Einungis í undantekningartilvikum verður vitni stefnt til að bera vætti fyrir öðrum dómstóli en þeim, er dæma skal málið.

■ **3. gr.** Hlutaðeigandi dómstóll gefur út vitnastefnur.

□ Í stefnu skal geta stefnufrests og hvaða viðurlögum megi beita, ef vitni mætir ekki. Dómstóllinn ákveður stefnufrest.

■ **4. gr.** Í einkamálum getur dómstóll, skv. 124. gr. 3.

**1976** Nr. 82 31. maí

mgr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, skyldað vitni til að hafa með sér og sýna eða leggja fram skjöl, sem vitnið hefur ráð yfir.

☐ Í refsimálum getur dómstóll, sbr. 98. gr. 3. mgr. laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála, skyldað vitni, svo og þann, sem brotið er gegn í refsimáli, til að hafa með sér til sýningar eða framlagningar sakargögn, sem vitnið hefur ráð yfir.

☐ Ef unnt er, skal gefa vitni tækifæri til að tjá sig, áður en úrskurðað er um skyldu þess til að leggja fram skjal.

☐ Nú lætur vitni undir höfuð leggjast, án lögmætra ástæðna, að hafa með sér skjal, og verður þá einungis beitt þeim viðurlögum, sem nefnd eru í 148. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

☐ Beita skal ákvæðum 1. mgr. 5. gr. þessara laga eftir því sem við á.

■ **5. gr.** Eigi verður vitni krafið vættis, ef það bryti í bága við ákvæði 125. gr. – 128. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, eða ákvæði 89. gr. – 101. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála, eða sams konar ákvæði í því landi, þar sem vitni er búsett.

☐ Í opinberum málum (refsimálum) má kveðja þann, sem brotið hefur verið gegn, fyrir rétt til yfirheyrslu skv. ákvæðum þessara laga. Ef þeir, sem brotið er gegn, eru búsettir í Finnlandi eða Svíþjóð, verða þeir ekki beittir viðurlögum, þótt þeir neiti að bera vitni, og eigi verður þeim heldur refsað fyrir rangan framburð.

■ **6. gr.** Ef vitni sem ekki dvelst hér á landi, mætir ekki án lögmætra forfalla, eða boðar ekki forföll í tæka tíð, getur dómstóll aðeins dæmt það í sektarrefsingu og til að greiða þann kostnað, sem útivist þess hefur haft í för með sér.

■ **7. gr.** Meðan vitni dvelst hér á landi til að fullnægja vitnaskyldu samkvæmt ákvæðum þessara laga, verður það ekki látið sæta ábyrgð fyrir refsiverðan verknað, sem það hefur framið fyrir för sína hingað til lands. Eigi verður það heldur framselt til þriðja lands í þessu skyni.

☐ Þessi regla gildir þó ekki, ef vitni gefur í réttarhaldi samþykki sitt til ákæru, afplánunar refsingar eða til framsals, eða ef vitni dvelst meira en 15 daga hér á landi eftir að hafa fullnægt vitnaskyldu, enda hafi það óhindrað getað farið úr landi.

■ **8. gr.** Dómsmálaráðherra setur reglur um greiðslur til vitna, sem stefnt er til vitnisburðar samkvæmt ákvæðum þessara laga.

☐ Um leið og vitnastefna er birt, ber að bjóða vitni þær greiðslur, sem það á rétt á til að standa straum af ferða- og dvalarkostnaði, eða hæfilega fyrirframgreiðslu í þessu skyni.

☐ Greiðslur þessar skulu inntar af hendi fyrir fram af almannafé.

■ **9. gr.** Ákvæðum 1. gr. – 7. gr. þessara laga skal beita eftir því sem við á gagnvart aðiljum í barnsfaðernismálum og í hjúskaparmálum, ef dómur telur brýna nauðsyn til þess að yfirheyra aðilja til þess að ákveða hvoru foreldri beri forræði barns.

☐ Dómur getur ákveðið, að aðiljum þessum sé greitt í samræmi við ákvæði 8. greinar.

■ **10. gr.** Beita skal ákvæðum 4. gr., 5. gr. og 7. gr. gagnvart þeim, er mæta óstefndir sem vitni eða aðiljar í þeim málum, sem getið er í 9. grein.

■ **11. gr.** Þeir, sem orðnir eru 18 ára gamlir og hafa búsetu hér á landi eða dveljast hér eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, eru skyldugir til að gefa skýrslu fyrir rétti í þessum löndum í samræmi við þær reglur, sem um þetta gilda í hlutaðeigandi landi. **1976** Nr. 82 31. maí

☐ Sama regla gildir um þá, sem dveljast hér á landi, en hafa búsetu í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

■ **12. gr.** Sé þess krafist, má hér á landi fullnægja dómi, sem gerir manni að greiða skaðabætur vegna útivistar eða annarrar vanrækslu, enda sé dómurinn kveðinn upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð samkvæmt lögum hlutaðeigandi lands um norræna vitnaskyldu.

☐ Við fullnustu á dómum þessum eða úrskurðum skal fara eftir ákvæðum í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra frá 16. mars 1932, sbr. lög nr. 30 23. júní 1932.

■ **13. gr.** Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi taka gildi. Ákveða má, að lög þessi taki einungis gildi gagnvart einu eða fleirum þeirra landa, sem upp eru talin í 1. grein.

## Lög um samningsbundna gerðardóma. **1989** Nr. 53 24. maí

■ **1. gr.** Lög þessi taka til samningsbundinna gerðardóma.

☐ Aðilar geta með samningi ákveðið að leggja réttarágreining sín á milli í gerð ef þeir hafa forræði á sakarefninu. Slíkan samning má gera hvort heldur er um ágreining sem upp er kominn eða síðar kann að koma upp í tilteknum lögskiptum aðila.

■ **2. gr.** Hafi mál verið höfðað fyrir almennum dómstólum um ágreiningsefni sem á undir gerðardóm samkvæmt gildum gerðarsamningi skal ekki vísa því frá dómi nema krafa komi fram um það.

■ **3. gr.** Gerðarsamningur skal vera skriflegur. Þar skal koma skýrt fram að um gerðarsamning sé að ræða, hverjir séu aðilar samningsins og úr hvaða réttarágreiningi skuli leyst.

☐ Gerðarsamningur skuldbindur ekki aðila ef í verulegum atriðum er vikið frá ákvæðum 1. mgr., ef úrlausnarefni má ekki leggja í gerð eða ef ákvæði um skipun gerðarmanna, málsmeðferð eða önnur atriði þykja ekki veita fullnægjandi réttarvernd.

☐ Gerðardómurinn kýs sér formann nema annað sé ákveðið í gerðarsamningi. Sé frestur til að útnefna gerðarmenn ekki tiltekinn í gerðarsamningi skulu aðilar tilnefna þá innan hæfilegs tíma.

■ **4. gr.** Rísi ágreiningur um skipun í gerðardóminn getur aðili leitað til þess héraðsdómara sem hefði dómsvald um sakarefnið ef gerðarsamningur lægi ekki fyrir og leysir hann úr ágreiningnum með úrskurði.

☐ Aðili getur með sama hætti snúið sér til héraðsdómara ef gagnaðili fullnægir ekki skyldum sínum samkvæmt gerðarsamningi um skipun gerðarmanns eða ef aðilar ná ekki samkomulagi um skipun gerðarmanns. Getur dómari þá skipað þann eða þá gerðarmenn. Sama gildir ef gerðardómur verður óstarfhæfur sakir þess að gerðarmaður tekur ekki þátt í störfum gerðardóms vegna veikinda eða annarra atvika.

☐ Sé ákvæði um skipun og fjölda gerðarmanna ekki til að dreifa í gerðarsamningi og ekki næst samkomulag um

aðra tilhögun skal dómari, eftir kröfu aðila, tilnefna þrjá menn í gerðardóm, þar af einn sem skal vera formaður.

■ **5. gr.** Beiðni skv. 4. gr. skal vera skrifleg og koma fram strax og tilefni er til. Í henni skal m. a. tilgreina aðila málsins, ágreining þann sem gerðarmál snýst um, tildrög þess að leitað er til héraðsdómara og hverra aðgerða er óskað. Gerðarsamningur eða afrit hans skal fylgja beiðni.

□ Dómari gerir aðilum viðvart hvenær mál verði tekið fyrir. Sé þess óskað getur gagnaðili fengið stuttan frest til að semja greinargerð, en að því loknu tekur dómari ágreiningsefnið til úrskurðar eftir að aðilar hafa tjáð sig um það munnlega. Dómari er óbundinn af áliti því er liggur til grundvallar úrskurði ef á það reynir í dómsmáli síðar. Úrskurði verður ekki skotið til Hæstaréttar. Þó má kæra til Hæstaréttar úrskurði þar sem synjað er tilnefningu gerðarmanns.

■ **6. gr.** Gerðarmenn skulu vera nægjanlega líkamlega og andlega hraustir til að fara með gerðarmál. Þeir skulu vera lögráða og hafa forræði fjár síns. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð.

□ Gerðarmenn skulu fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls.

□ Formaður gerðardóms sker úr ágreiningi um hæfisskilyrði gerðarmanna. Þá úrlausn getur aðili borið undir héraðsdómara með þeim hætti og með þeim áhrifum sem um getur í 5. gr. Héraðsdómari kveður upp úrskurð um ágreiningsefnið og verður honum ekki skotið til Hæstaréttar.

■ **7. gr.** Kröfur aðila fyrir gerðardómi skulu vera skýrar. Gerðarmenn skulu ávallt gefa aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefnið. Gæta skal jafnræðisreglu.

□ Að öðru leyti fer um málsmeðferð fyrir gerðardómi eftir gerðarsamningi. Þar sem slíkar reglur er ekki að finna ákveður gerðardómur sjálfur málsmeðferð og skal hraða gerðarmáli svo sem kostur er.

□ Gerðarmenn skulu allir taka þátt í störfum dómsins. Formaður gerðardóms getur þó einn tekið við skjölum og sinnt öðrum minni háttar framkvæmdaratriðum. Í gerðarsamningi má einnig fela formanni gerðardóms einum að taka ákvarðanir um atriði sem varða rekstur gerðarmáls.

□ Afl atkvæða í gerðardómi ræður úrslitum.

■ **8. gr.** Gerðardómur skal vera skriflegur, skýr, rökstuddur í meginatriðum og undirritaður af þeim gerðarmönnum sem að dómi standa. Sátt fyrir gerðardómi skal vera skrifleg og undirrituð af aðilum og gerðarmönnum.

■ **9. gr.** Verði verulegur dráttur á meðferð gerðarmáls sem aðili telur að rekja megi til vanrækslu gerðarmanna á starfsskyldum sínum getur hann snúið sér til héraðsdómara með þeim hætti sem segir í 4. og 5. gr. með kröfu á hendur gagnaðila og gerðarmönnum um að gerðarmenn, einn eða fleiri, verði leystir frá störfum og aðrir skipaðir í þeirra stað.

□ Héraðsdómari tekur ákvörðun um þetta með úrskurði sem kæra má til Hæstaréttar.

■ **10. gr.** Gerðarmenn eiga rétt á endurgjaldi fyrir verk sitt, svo og ferðakostnaði eftir reikningi. Verði ágreiningur getur aðili borið hann undir héraðsdómara með þeim hætti sem 5. gr. áskilur. Héraðsdómari leysir úr ágreiningsefninu með úrskurði sem kæra má til Hæstaréttar.

■ **11. gr.** Gerðardómur kveður á um greiðslu málskostnaðar milli aðila eftir kröfu þeirra, þar á meðal kostnaðar sem leiðir af starfsemi gerðardómsins. Frá þessu má víkja með ákvæði í gerðarsamningi.

■ **12. gr.** Gerðardóm má ógilda að nokkru leyti eða öllu með málsókn í héraði:

1. ef gerðarsamningur var ógildur,
2. ef gerðarmenn voru vanhæfir,
3. ef málsmeðferð var áfátt í verulegum atriðum,
4. ef gerðarmenn hafa farið út fyrir valdsvið sitt,
5. ef gerðardómur er ekki í lögmætu formi,
6. ef gerðardómur er bersýnilega reistur á ólögmætum sjónarmiðum eða fer í bága við allsherjarreglu.

□ Hafi mál verið höfðað skv. 1. mgr., en mótmæli ekki áður komið fram um þau atriði sem málsókn er reist á, verður gerðardómur ekki ógiltur nema mótmælin skipti ekki máli eða afsakanlegt var að slík mótmæli kæmu ekki fram. Sátt fyrir gerðardómi má ógilda með sama hætti og réttarsátt með málsókn í héraði.

■ **13. gr.** Sé annað ekki ákveðið í gerðarsamningi skal gerðardómur eða sátt, sem gerð er fyrir honum, vera aðfararhæf. Um skilyrði aðfarar, aðfararfrest og framkvæmd aðfarar fer eftir reglum aðfararlaga.

□ Ef aðili byggir rétt fyrir dómi á gerðardómi eða sátt sem gerð er fyrir gerðardómi getur gagnaðili vefengt gildi hans vegna þeirra atriða sem greind eru í 12. gr. og sker dómurinn þá úr.

■ **14. gr.** Gerðardómar, sem kveðnir eru upp í samræmi við þjóðréttarsamninga sem Ísland er aðili að, skulu öðlast viðurkenningu og aðfararhæfi hér á landi eftir því sem efni þeirra stendur til.

□ Aðrir alþjóðlegir gerðardómar skulu öðlast viðurkenningu og aðfararhæfi ef þeir fullnægja fyrirmælum íslenskra laga um gerðardóma.

■ **15. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

■ **16. gr.** Við gildistöku þessara laga fellur úr gildi 1. gr. I. bókar 6. kap. Norsku laga Kristjáns V., 15. apríl 1687.

1989 Nr. 53 24. maí